33. Og ad utreknum Diofunum, talade hinn Mællanse, og Folked undradest þad, og sagde, Alldrei hefur slijkt sied vered j Jsrael.

34. Enn Phariseí sogdu, Hann rekur Diofla ut fyrer Diofla hofdingiann.

35. Og JEsus gieck umkring j ollum Borgum og Kauptunum, kiennde j þeirra Samkundu hvsum, og Predikade Evangelium Rijkesins, og læknade allskonar Sotter, og allskins Krankdæme hia Folkenu.

36. Og er hann leit Folked, sa hann aumur a þvi, þviad þeir vorn vanmegna ordner, og tvistrader, sem þeir Sauder er ongvann Hirder hafa.

37. Þa sagde hann til sinna Læresveina, Kornskierann er mikel, enn Verkmennerner faer, fyrer þvi bidied Herrann Kornskierunnar, ad hann sende Verkmenn j sijna Kornskieru.

X. Capitule.

(I) Þeir tolf Læresveinar eru utsender: (II) þeirra kior: (III) leyfeleaur flotte: (IV) Medkienning um JEsum: (V) Elska til JEsu.

I. Og

I. Og hann kallade tolf sijna Læresveina til sijn, og gaf peim Magt yfer ohreina Anda ad peir ræke þa ut, og ad lækna allskins Sotter og allra handa Meinlæte.

2. Enn þeirra tolf Postula Nofn eru þesse, sa fyrste Simon, sa er kallast Petur, og Andreas Broder hans, Jacob Son Zebedei, og Johannes Broder hans.

3. Philippus, og Bartholomeus, Thomas, og Mattheus Tollheimtare, Jacob Alphei Son, (a) Lebbæus, ad vidurnefne Thaddæus.

(a) (Lebbæus) Þad er sa gode Judas.

4. Simon af Cana, og Judas Iscarioth, sa ed forried hann.

5. Þessa tolf utsende JEsus, biodande peim, og sagde, farid ei a gotu Heidennar Piodar, og ganged eige jnn j Borger Samverskra Manna.

6. Helldur gangid til þeirra fortapadra Sauda af Husi Israels.

7. Farid ut, predikid, og seigid þad Himnarijke er nalægt.

8. Lækned Siuka, hreinsed Lijkþroa, uppvekied Dauda, utreked Diofla. Fyrer eckert hafed þier þad feingid, giefid þad og ut fyrer eckert.

9. Þier skulud eige (b) hafa Gull, ei Silfur, nie Kopar j Lindum ydar.

(b) (hafa) Þad kallast hier, ad hafa so sem Agiarner

hafa Mammon, og feſta þar vid Hiarta ſitt, og hafa Bukſorg, hvad ad hindrar Predikunar embættid; heldur til naudþurftar og nautnar. So hafde Chriſtur ſialfur Peninga, Pung og Braudkarfer.

10. Og ei heldur Teſku til vegferdar, ei tvo Kyrtla, eige Skoo, ongvann Staf, þviad verdur er Verkamadurinn ſinnar Fædu.

11. Þa þier jnngangid i nockra Borg, edur Kauptun, þa ſpyrid ad, hvort þar ſie nockur j henne ſem þeſs ſie verdur, og þar hia þeim ſama blijfid, þar til þier farid burt þadann.

12. Nær þier jnnganged j nockurt Hus, þa heilſid þvi.

13. Og ef þad ſama Hus er þeſs verdugt, mun ydar Fridur koma yfer þad, enn ef þad er eige verdugt, þa mun ydar Fridur til ydar aptur hverfa.

14. Og hvor hann medtekur ydur eige, og eige heyrer ydvarre Rædu, gangid utaf þvi Huſi eda Borg, og (c) hriſtid Duptid af ydrum Fotum.

(c) (Hriſted) ſo ollbungis eckert ſkulud þier medtaka af þeim, ad þier ſkulud einneigenn hriſta þeirra dupt af ſkom ydar, ſo ad þeir meiga vita, ad þier hafed ecke leitad ydur abata edur nytſemdar, heldur þeirra Saluhialpar.

15. Sannlega ſeige eg ydur, Ad bærelegra mun verda Landinu Sodome og Gomorre a Doms Deige, heldur enn þeirre ſomu Borg.

II 16. Siaed. Eg ſende ydur ſo ſem Saude a mil-

a millum Varga, fyrer þvi verid forsialer, so sem Hoggormar, og einfallder sem Dufur.

17. Enn vaktid ydur fyrer Monnum, þviad þeir munu ofurselia ydur fyrer sijn Raadhus, og j sijnum Samkunduhusum munu þeir ydur strykia.

18. Og þier munud leidder verda fyrer Lands Hefdingia og Konga, minna vegna, til Vitnisburdar yfer þa og yfer Heidenn Lyd.

19. Enn nær þeir framselia ydur nu, þa verid ei hugsiuker, hvorninn eda hvad þier skulud tala, þviad þad mun ydur a þeirre stundu giefid vera, hvad þier eiged ad tala.

20. Þviad þier erud eige þeir sem tala, heldur er þad Ande ydvars Fodurs, sa er talar fyrer ydur.

III. 21. Sá eine Broder mun selia annann j Dauda, og Fader Sonenn, og Nidiarner munu uppriisa a mote Forelldrunum, og þeim Fiorrœde veita.

22. Og þier verdid ad hatre hafder af ollum Monnum fyrer mijns Nafns Saker. Enn hvor hann er stadfastur allt til Enda, sa mun holpenn verda.

23. Enn nær þeir ofsœkia ydur j einne Borg, þa flyed j adra, Sannlega seige eg ydur, ad þier munud eige (d) fullkonnad gieta Borgernar j Israel, þar til ad Mannsins Sonur kiemur.

(d) full-

(d) (fullkomnad) sem hann villde seigia, eg veit vel ad þeir munu ossækia ydur, þvi Folk þetta mun ossækia Evangelium, og ecke snuast allt til Heimsins Enda.

24. Eige er Læresveinnenn yfer sijnum Meistara, og ecke þionenn yfer Herranum.

25. Nægest Læresveinenum ad hann sie so sem hans Meistare, og þionenn sem hans Herra. Ef þeir hafa Husfodurenn Beelzebub kallad, hvad miklu meir munu þeir þa hans Heimamenn so kalla?

26. Af þvi ottist þa ecke, þvi eckert er so hulid, ad eige verde angliost, og eckert er so leyndt ad ecke faest ad vita.

27. Hvad eg seige ydur j Mirkre, þad talid j Liose, og hvad þier heyred j Eyra, þad prediked a Ræfrum.

28. Og hrædest eige þa sem Lijkamann afliva, og Saalena gieta ei lifnætid, helldur hræddist þann framar sem Saalu og Lijfe gietur tortijnt i Helvijti.

29 Kaupast eige Tveir Titlingar fyrer einn Pening? þo fellur eige einn af þeim a Jord, utan ydars Fodurs (Vilia).

30. So eru og eirnenn oll ydar Hofudhaar talenn.

31. Fyrer þvi ottest eige, þier erud morgum Titlingum betre.

IV. 32. Fyrer þvi, hvor hann medkienner mig fyrer Monnunum, þann vil eg medkienna fyrer mijnum Himneska Fodur.

33. Enn

33. Enn hvor hann afneytar mier fyrer Monnunum, þeim vil eg afneyta fyrer mijnum Himneska Fodur.

34. Þier skulud eige þeinkia, ad eg sie komenn Frid ad senda a Jordena, eige kom eg Frid ad senda, helldur Sverd.

35. Þviad eg er komenn til ad yfa Mannenn a mote Fodur sijnum, og Dotturena i giegn Modur sinne, og Sonarkonuna i giegn Modur Manns sijns.

36. Og Mannsins Hiu munu vera hans Oviner.

V. 37. Hvor hann elskar Fodur og Modur meir enn mig, sa er mijn eige verdugur. Og hvor hann elskar Son edur Dottur yfer mig, sa er mijn ei verdugur.

38. Og hvor hann tekur eige sinn Kross a sig og filger mier epter, sa er mijn ei verdugur.

39. Hvor ed finnur sitt Lijf, sa mun tijna þvi, og hvor sijnu Lijfe tijner minna vegna, hann mun þad finna.

40. Hvor hann medtekur ydur sa medtekur mig, og hvor mig medtekur, hann medtekur þann sem mig sende.

41. Hvor hann medtekur Spaamann j Spaamanns Nafne, sa fær Spaamanns laun, hvor hann medtekur Riettlaatann j Riettlaats Nafne, sa fær Riettlaats Laun.

42. Og hver hann giefur einum af þessum Vesælingum eirn Bikar af kolldu Vatne ad

drecka

drecka j Læreſveins Nafne, ſannlega ſeige eg ydur, ad ßad mun eige honum olaunad vera.

XI. Capitule.

(I) Læreſveinar Joh. Skijrara eru ſender til JEſum; hver ed (II) avijtar nockra, og (III) huggar adra.

I. Og ßad ſkiede er JEſus hafde lyckstad ßeſſar Bodaner, til ſinna tolf Læreſveina, gieck hann leingra fram ad kienna og predika j ßeirra Borgum.

Gudſpialled ßridia Sunnud. i Adventu.

2. Enn ßa Johannes heyrde j Bondunum Verkenn Christi, ſende hann Tvo af ſijnum Læreſveinum og liet ſeigia honum.

3. Ertu ßa ſem koma ßal, eda eigum vier ad vænta nockurs annars?

4. JEſus ſvarade og ſagde til ßeirra, fared ßid og kunngiorid Johanni aptur hvad ßid ſiaed og heyred.

5. Blinder fa Syn, Hallter ganga, Liſkßraer hreinſaſt, og Daufer heyra, Dauder upprijſa, og Fatækum verdur Evangelium bodad.

6. Og ſæll er ſa sem ecke hneikſlar ſig a mier.

7. Enn ad ßeim burtgeingnum, hof JEſus ad ſeigia til Folkſins af Johanne, Hvad forud ßier a Eydemorku ad ſia? Villdud ßier ſia Reyr ſem Vindurenn blæs til og fra?

8. Eda hvad forud ßier ut at ſia? Villdud ßier ſia Mann miuk-klæddann? Siaed, ßeir

ed

ed miukann Klædnad hafa erut j Konganna Husum.

9. Eda hvad forud þier ut ad sia, villdud þier sioa Spaamann? Eg seige ydur, hann er meire enn eirn Spaamann.

10. Þviad hann er sa, af hverium skrifad er, sia, *Eg sende minn Engel fyrer þier, sa er þinn Veg skal tilreida fyrer þier.]

*Malach. 3, 1.

II. 11. Sannlega seige eg ydur, a medal allra þeirra sem af Konu eru fædder, er eige annar upkomenn sa meire sie enn Johannes Skijrare, enn hann sem (a) minne er j Himerijke, er honum meire.

(a) (minne) þad er Christur.

12. Enn j fra Dogum Johannis Skijrara og allt til þess nu er komid, þoler Himnarijke (b) Ofurefle, og þeir sem ofurefled giora hremma þad til sijn.

(b) (Ofurefle) þa Mannsins Samvitska fornemur Evangelium, þa þreinger hun sier fram, so ad einginn kann henne ad aztra.

13. Þviad aller Spaamenn og Logmaalid spaadu til Johannem.

14. Og ef þier vilied þad medtaka, þa er hann Elias, sa er koma skal.

15. Hver eyru hefur ad heyra, hann heyre.

16. Enn vid hvad skal eg þessare Kinslod jafna? Lijk er hun þeim Bornum sem soatra torge, hver ed kolludu til sinna Stallbrædra.

17. Og

17. Og sogdu, vier hofum fyrer ydur j Pijpur blasid, og þier villdud eige dansa, vær þuldum ydur vorar Rauner, og þier villdud eige graata.

18. Johannes er komenn, at ei og dræck ei, og þeir seigia, hann hafe Diofful.

19. Mannsins Son er komenn, etur og dreckur, og þeir seigia, sioa, hvilijkur Ofaatsmadur, og Vijnsvelgiare, Vinur Tollheimtumanna og Syndugra, og Spekenn hlytur ad riettlæta sig af sinum Bornum.

20. Þa tok hann ad avijta þær Borger j horium giord voru flest hans Kraptaverk, þad þær hofdu ei betrad sig.

21. Vei þier Chorazin, vei þier Bethsaida, þviad ef j Tyro og Sidon hefde giorst soddan Kraptaverk, sem hia ydur hafa giorst, hefdu þeir fyrer laungu i Seck og Osku jdran giort.

22. Enn þo seige eg ydur, ad Tyro og Sidon mun bærelegra vera a Deige Domsins, helldur enn ydur.

23. Og þu Capernaum! sem allt til Himens ert uphafinn, munt nidur prickiast allt til Helvijtis. Þviad ef j Sodoma hefdu þau Kraptaverk giorst, sem hia þier hafa giord verid, þa stæde hun enn j Dag.

24. Enn þo seige eg ydur þad, ad bærelegra mun vera Lande Sodoma a Domadeige, enn þier.

Gudsp.

Gudsp. VI. Sunnud. epter Þrettanda, edur XXVI. Sunnudag epter Trinitatis.

III. 25. Á þeim sama tijma andsvarade JEsus og sagde, Eg prijsa þig Fader og Herra Himens og Jardar, ad þu (c) dulder þetta fyrer Spekingum og Forvitringum, og opinnberader þad Ungbornum.

(c) (Þetta) þad er Evangelium og Truna.

26. Ad sonnu Fader, þviad so var þad þeckt fyrer þier.

27. Aller hluter eru mier j Valld giefner, af mijnum Fødur, og eingenn kiennir Sonenn nema Fadereun, og eingenn kiennir Fodurenn nema Sonurenn, og hvorium ad Sonurenn vill þad openbera.

28. Komed til mijn aller þier sem ervidid, og þunga erud hladner, eg vil endurnæra ydur.

29. Takid a ydur mitt (d) Ok, og lærid af mier, þvi eg em hogvær og af Hiarta Lijtelæatur, og munud þier Hvijld finna Sœlum ydrum.

(d) (Ok) Krossenn er þeim harla liett Byrde, sem smacka Evangelium, og til þess finna.

30. Þviad mitt Ok er sætt, og mijn Byrde er liett.]

XII. Capitule.

JEsus forsvarar (I) sina Læresveina, og (II) sialfann sig, i gegn Pharisæunum, sem (III) Syndgudu i møte Heilsgum Anda, og (IV) beidduſt Teikns.

I. Á þeim tijma gieck JEsus um Kornsæde a Sabbathsdeige, og hans Læresveinar

sveinar voru hungrader, og toku ad tijna Axenn af, og ad eta.

2. Enn er Pharisei sau pad, sogdu peir til hans, sia, pijner Læresveinar giora hvad eige somer, a Sabbathsdogum ad giora.

3. Enn hann sagde til peirra, hafed pier ei lesid *hvad David giorde, nær hann, og pa er med honum voru, hungrade? *1Sam.21, 6.

4. Hvornenn ed hann gieck jnn j Guds Hus, og æt par Skodunarbraudenn, hver honum leyfdest ei ad eta, nie helldur peim sem med honum voru, nema einumsaman *Prestonum. *2B.Mos.29, 33. 3B.Mos.24,9.

5. Eda hafed pier eige lesid j Logmælenu *hversu ad Prestarner a Sabbathsdogum j Musterenu briota Sabbathsdagenn, og eru po æn sakar? *3B.Mos.24,8. 4B.M.28,9.

6. Enn eg seige ydur, ad sa er hier sem Musterenu er meire.

7. Enn ef pier vissud hvad pad være (*a Miskunn hefe eg pocknan og eige a Offre) hefdud pier ecke Saklausa fordæmt.

*Os.6, 12.

8. Pvi Mannsins Son er Herra, eirnenn (a) Sabbathsdagsins.

(a) (Sabbaths Dagsins) hvor hann truer a Christium, hann er yfer ollum Logum, og skal ecke æsakast af Logmælenu.

II. 9. Og hann gieck burt padann leingra framm, og kom j peirra Samkunduhus.

10. Og

10. Og sia, ad einn Madur var þar, sa hafde visnada Hond. Og þeir spurdu hann ad og sogdu, Er þad nockud riett ad lækna a Sabbathsdogum? so ad þeir giæte aklagad hann.

11. Enn hann sagde til þeirra, Hvor er sa af ydur sem hefur eirn Saud, og ef hann fellur a Sabbathsdogum j Gryfiu, sem ecke grijpe hann og uppdrage?

12. Hvad miklu er Madurenn Saudnum betre? Fyrer þvi leyfist a Sabbathsdogum gott ad giora.

13. Þa sagde hann til Mannsins, Riettu vt Hond þijna, og hann riette hana ut, og hun vard heil, sem hin onnur.

14. Þa geingu Pharisei ut, og hielldu Raad yfer honum, hvornenn þeir mætte honum fyrerfara.

15. Enn er JEsus fornam þad, veik hann þadann, honum filgde og margt Folk epter, og þa alla læknade hann.

16. Og bannade þeim ad þeir giordu hann openskarann.

17. So þad uppfylltest hvad sagt er fyrer Esaiam Spaamann, er so seiger.

18. *Siaed, þad er minn Pion, hvern eg utvalde, og minn Elskulegur, a hvorium Saala mijn hefur þocknan, Yfer hann mun eg Anda minn leggia, og sa skal Heidnum Domenn kunngiora. *Esa. 42, 1. &c.

19. Eige

19. Eige mun hann kijfa nie kalla, og eige mun nockur heyra hans kall a Strætum.

20. Marenn Reyr mun hann eige sundurmylia, og riukanda Hor eige utslockva, þar til hann utfærer Domenn til Sigurs.

21. Og Heidner munu a hans Nafn vona.

22. Þa var til hans hafdur Diofulodur Madur, sa er Blindur var og Moallaus, og hann lækknade hann, so ad hinn blinde og Dumbe talade, og sa.

23. Og allt Folkid ottadest og sagde, Er þesse ei Sonur Davids?

24. Enn er Phariſei heyrdu þad, sogdu þeir. Eige rekur þesse Diofla odruvijs ut, nema fyrer Beelzebub Diofla hofdingia.

25. Enn JEsus fornam þeirra Hugsaner, og sagde til þeirra, Hvert Rijke j sialfu sier sundurþyckt, mun eidast, og hvor su Borg eda Hus sem j sialfu sier er sundurþyck, fær ei staded.

26. Og ef eirn Sathan rekur annann ut, þa er hann sundurþyckur a mote sialfum sier, Hvornenn fær hans Rijke þa stadid?

27. Og ef eg utrek Diofla fyrer Beelzebub, Fyrer hvorn verda þeir þa af ydrum Bornum utrekner? Af þvi verda þeir og ydrer Domendur.

28. Enn

28. Enn ef eg utrek Diofla med Guds Anda, þa er Guds Rijke til ydar komid.

29. Eda hvernenn fær nockur jnngeingid j hins Ofluga Hus, og hans Bvvshlutum j burt rænt, utan so fie hann binde oadur hinn Ofluga, og ræne sijdann hans Hvvs?

30. Hvor hann er eige med mier, sa er a mote mier, Og hvor eige med mier safnar, sa sundurdreifer.

III. 31. Fyrer þvi seige eg ydur, Allar Synder og Lastaner verda fyrergiefnar Mennunum, Enn Lostun j mote Andanum mun ei fyrergiefast.

32. Og hvor hann talar nockud j mote Mannsins Syne, honum mun fyrergiefast, enn hvor ed talar nockud a mote Heilsgum Anda, honum mun hvorke (b) fyrergiefast j þessum Heime nie odrum.

(b) (Hvorke) þad sem Mattheus seiger hier, (hvorke j þessare nie hinne Verolldu) þad seiger Marcus so: Hann er um eilijfa Skuld skylldugur, ellegar til þess eylijfa Doms. Marc. 3, 29.

33. Annadhvort setied gott Trie, og mun Avoxturenn godur, ellegar setied vondt Trie og mun Avoxturenn voudur, þviad af Avextenum þeckiest Tried.

34. Þier Nedrukin, hvornenn meiged þier gott mæla, a medan þier erud Vonder? þad sem Hiartad er fullt af, þad flytur ut af Munneuum.

35. Godur Madur frammflytur gott af

godum Siod sijns Hiarta, enn vondur Madur af vondum Siod sijns Hiarta framflytur Vondt.

36. Enn eg seige ydur, af hverju thvi Faseingu Orde, sem Mennerner tala munu their Reikningskap giora a ytsta Dome.

37. Af thijnum Ordum muntu riettlætast, og af thijnum Ordum muntu fordæmast.

IV. 38. Pa svorudu nockrer ut af Skriftlærdum og Phariseis og sogdu, Meistare! vier villdum Teikn af thier sia.

39. Hann svarade og sagde til theirra, Petta vonda og Horunarsama Slekte leitar Teikns, og thvi mun ei Teikn giefast, nema Teikn Jonæ Spæmans.

40. Thviad so sem * Jonas var j Kvide Hvalsins thria Daga og thriar Nætur, so mun Mannsins Son vera midt j Jordu, thria Daga og thriar Nætur. *Jon. 2, 1.

41. Menn Ninive Borgar munu upprijsa a efsta Dome med thessare Kinslod, og munu hana fordæma, thviad their giordu Idran epter Predikun Jonæ, Og sia, hier er meire enn Jonas.

42. Drottningenn af Sudre mun upprijsa a efsta Dome med thessare Kinslod, og mun hana fordæma, Thviad hun kom af Endemorkum Jardar ad heyra Speke Salomonis, Og sia, hier er meire enn Salomon.

43. Nær ohreinn Ande er farenn ut af Mannenum, reikar hann um thurra stade leitande Hvijldar og finnur eige. 44.

44. Þa seiger hann, Aptur vil eg snua j mitt Hvs, þadann eg utfor, Og nær hann kiemur, finnur hann þad tomt, sopad og fagad.

45. Þa fer hann burt, og tekur sier adra Anda med sier, þeir ed verre eru enn sialfur hann, og nær þeir eru jnnkommer, byggia þeir þar, Og verdur þa þess Manns sijdara verra þvi hinu fyrra, So mun og skie þessa vonda Kinslod.

46. Sem hann var enn þetta ad tala til Folksins, Sia, Þa stod Moder hans og Brædur þar fyrer utan, og villdu tala vid hann.

47. Þa sagde eirn til hans, sia, ad Moder þijn og Brædur þijner standa ute, og vilia tala vid þig.

48. Hann svarade og sagde, til þess sem honum þetta kunngiorde, Hvor er mijn Moder, og hvorier eru mijner Brædur?

49. Og hann riette ut sijna Hond yfer sijna Læresveina, og sagde, Siaed! þar er mijn Moder og mijner Brædur.

50. Þviad hvor hann giorer vilia mijns Fodurs þess sem a Himnum er, sa er minn Broder, Syster og Moder.

XIII. Capitule.

JEsus framsetur Jmeslegar Epterlijkingar um Himna Rijke.

Á þeim sama Deige gieck JEsus utaf Husinu, og sette sig nidur vid Sioenn.

2. Og margt Folk safnadest ad honum, so hann stie a Skip, og sat, og allt folkid stod j Fiorunne.

3. Og hann talade margt til þeirra j Eptirlikingum og sagde: Sia, Sa er sæde gieck ut ad sæa.

4. Og þa hann sæde fiell sumt vid Veigenn, og Fuglar komu og ætu þad.

5. Enn sumt fiell i grytta Jord, hvar þad hafde ei mikla Jord, og rann fliotlega upp, þviad þad hafde eige Jardar dypt.

6. Enn sem Solenn rann upp skrældest þad, og af þvi ad þad hafde eige Rot þa visnade þad.

7. Enn sumt fiell a millum Þyrna, og Þyrnarner spruttu upp og kiæfdu þad.

8. Enn sumt fiell j goda Jord, og færde Avoxt, sumt hundradfalldann, sumt sextugfalldann, sumt þritugfalldann.

9. Hver Eyru (a) hefur ad heyra, sa heyre.

(a) (hefur) þar sem menn skilia Guds Ord, þar Avaxtar þad sig, enn þar sem menn þad ecke skilia, þar fer mønnum aptur, og Menn hneixlast a þvi.

10. Og Læreſveinarner geingu til hans og sogdu: Fyrer hvi talar þu til þeirra j Eptirlikingum?

11. Hann svarade og sagde, ydur er giefid ad

ad understanda Leynda doma Himnarijkis, enn peim er pad eige giefid.

12. Pvi hvor hann hefur, honum mun giefast so hann gnog hafe, Enn sa sem ei hefur, af honum mun og takast pad hann hefur.

13. Fyrer pvi pa tala eg til peirra j Epterlijkingum, pviad med siaande Augum sia peir eige, og med heyrande Eyrum pa heyra peir eige, pviad peir skilia pad ei.

14. Og a peim mun uppfyllast Spaadomur Esaiæ, er seiger: *Med Eyrunum munud pier heyra, og munud pier pad ei skilia, og med siaande Augum munud pier sia, og ei skinia.

*Esa.6, 9.10.

15. Pviad pessa Folks Hiarta er forhardnad, og peirra Eyru eru pungheyrd, og peirra Augu saman-lykiast so ad peir eige einusinne med Augunum siae, og med Eyrunum heyre, nie med Hiartanu skilie, til ad leidrietta sig so ad eg hialpe peim.

16. Enn Sæl eru ydar Augu, pad paug sia, og ydar Eyru, pad pau heyra.

17. Sannlega seige eg ydur ad marger Spaamenn og Riettlaater fystust ad sia hvad pier siaed, og hafa pad ecke sied, og ad heyra hvad pier heyred, og hafa pad eige heyrt.

18. Af pvi heyred Epterlijkingena um Saadmannenn.

19. Pa er nockur heyrer Orded Rijkesins, og understendur pad ei, kiemur hinn Vonde, og

hrifsar burt hvad sáad er j hans Hiarta, Pad er sa vid Veigenn er sáadur.

20. Enn Pad sem j grijtta Jord fiell, er sa, Pegar nockur heyrer Orded, og fliotlega med fagnade medtekur Pad.

21. Enn hann hafde eige Rot j sier, helldur er hann vid um stundarsaker, nær ed Hrellingar og Offokner heßast fyrer Ordsinssaker, hneixlast hann jafnskiott.

22. Enn Pad sem a millum Pyrna er sáad, er sa Pegar nockur heyrer Ordid, og Alhyggia Pessarar Veralldar og Svikseme Rijkedæmesins kiefur Ordid, og færer ecke Avoxt.

23. Enn Pad sem j goda Jord er sáad, er sa nær nockur heyrer Ordid og understendur Pad, og færer Avoxt, og sumt ber Hundradfalldane, sumt sextugfalldann, sumt Priatijgerfalldann.

Gudspialled V. Sunnud. epter Prettanda.

24 Adra Epterlijking lagde hann Peim fyrer og sagde: Himnarijke er lijkt Peim Manne, sa er sáade godu Sæde j Akur sinn.

25. Enn Pa menn svafu, kom hans Ovinur og sáde Illgresi ibland Hveitesins, og for j burt.

26. Enn er Sæded spratt upp og bar Avoxt, Pa auglystest og Illgresid.

27 Pa geingu Pienararner til Husfodursins og sogdu: Herra, Sáader Pu ei godu sæde

sæde j Akur þinn, hvadann kiemur honum þa Illgresid?

28. Hann sagde til þeirra, þad hefur Fiandmadurenn giort. Þa sögdu Þienararner: Viltu ad vær forum og utlesum þad?

29. Hann sagde, Nei, so ad þier uppræti ecke Hveitid undereins, nær þier utlesid Illgresid.

30. Leatid hvertveggia vaxa asamt allt til Kornskurdar, og a Kornskieru Tijma, skal eg seigia til Kornskurdarmannanna: Lesid first Illgresid saman, og bindid þad j bindini til brennslu, enn Hveitenu samannsafnid j mijna Kornhlodu.]

31. Adra Epterlijking lagde hann framm fyrer þa og sagde: Himnarijke er lijkt einu (b) Mustards Korne, þad einn Madur tok og sæde j Akur sinn.

(b) (Mustardskorn) þar er eckert audvirdelegra Ord enn Evangelium, og er þo eckert kroptugra, þvi þad giorer Riettlæta þa sem trua a þad. Lesgmæli og Verkenn giora þad ecke.

32. Hvad ad minnst er allra Sæda, enn nær þad sprettur upp, er þad stærst allra Kaalgrasa, og verdur eitt Trie, so ad Fuglar Himensins koma og byggia under þess Kvistum.

33. Eina adra Epterlijking talade hann til þeirra: Lijkt er Himnarijke Swordeige, þad

ein Kona tok og blandade vid þria Mælera Miols, þar til þad syrdest allt j giegn.

34. Þetta allt talade JEsus j Epterlijkingum til Folksins, og fyrer utan Epterlijkingar talade hann ecke til þeirra.

35. So ad uppfylltest hvad sagt er fyrer Spæmannenn þann er seiger, *minn Munn vil eg uppliuka j Epterlijkingum, og heimuglega hlute mun eg utmæla fra upphafi Veralldar. *Psal. 78, 2.

36. Þa liet JEsus Folkid fra sier fara, og kom heim, og hans Læresveinar geingu til hans, og sogdu, uthyd þu oss þa Epterlijking um Illgresid a Akrenum.

37. Hann svarade og sagde til þeirra: Hann sem sæer godu Sæde er Mannsins Sonur.

38. Enn Akurinn er Heimurenn, goda Sædid eru Rijkesins Børn, enn Illgresid eru Børn þess Vonda.

39. Ovinurinn sa þeim sæde er Diofullenn, enn Kornskierutijmenn er Ending Veralldar, Kornskurdarmennerner eru Englarner.

40. Þvi lijka sem nu verdur Illgresid utlesid, og j Ellde brendt, so mun og skie j Enda þessarar Veralldar.

41. Mannsins Son mun utsenda sijna Engla, og þeir munu samann safna ur hans Rijke ollum Hneixlunum, og þeim er Ranginde giora.

42. Og

42. Og þeir munu kasta þeim j Elldsins Ofn, þar mun vera Grattur og Tannagnistran.

43. Enn þa munu Riettlæter lioma sem Sol j Rijke Fodurs þeirra. Hvor Eyru hefur ad heyra sa heyre.

44. Enn aptur þa er Himnarijke lijkt einum (c) folgnum Fiesiod a Akre, hvorn ed Madur fann og falde hann, og af þeim fagnade sem hann hafde yfer honum, gieck hann burt, og sellde allt hvad hann hafde, og keypte þann sama Akur.

(c) (Fiesiod) sa folgne Fiærsiodur er Evangelium, sem oss giefur Nad og Riettlæte ad vorrar Forskulldunar, þar fyrer gledur hann mann, þa hann verdur fundenn, þad er, giefur goda Samvitsku, hvoria Menn kunna ecke ad sa med nockrum til verknade, þetta Evangelium er og so su Perla.

45. Og en aptur er Himnarijke lijkt þeim Kaupmanne, er ad godum Perlum leitade.

46. Og þa hann fann eina forkostulega Perlu, for hann og sellde allt hvad hann hafde, og keypte þa somu.

47. Og enn aptur er Himnarijke lijkt Nete þvi sem j Sio var kastad, med hvorju af allu Fiskakini dreigid verdur.

48. Enn nær þad er fullt, draga þeir þad j fioruna, sitia sijdann og samannlesa hina godu j Kierolld, enn vondum kasta þeir ut.

49. So mun og skie j Enda Veralldar, ad

Einglar munu utfara, og hina Vondu fra Rietttlaatum skilia.

50. Og peim munu peir kasta j Elldsins Ofn, hvar vera mun Op og Tannagnistran.

51. Og JEsus sagde til peirra: Hafid pier allt petta understadid? peir sogdu, ja Herra. Pa sagde hann.

52. Fyrer pvi hver sa Skriftlærdur sem til Himnarijkis (d) mentadur er, hann lijkist peim Husfodur sem framm bar af sijnum Fiarsiod (e) Nytt og Gamallt.

(d) (Mentadur til himnarijkis) Er ad hialpa himnarijke til framm kvæmdar ad kienna odrum og koma peim til Himnarijkis.

(e) (Nytt) er Evangelium, pad gamla er Løgmaalid.

53. Og pad skiede pa JEsus hafde endad pessar Epterliikingar, ad hann gieck padan.

54. Og kom til sinnar Fosturjardar, og kiennde peim j peirra Samkunduhusum, so ad peim hnyckte vid, og sogdu: Hvadan kiemur pessum slijk Speke og Kraptar?

55. Er pesse ei Timbursmidsins Son? Heiter hans Moder ecke Maria? og Brædur hans Jacob og Joses, Simon og Judas.

56. Og hans Systur, eru pær ei allar hier hia os? Hvadan kiemur pessum pa allt petta?

57. Og peir hneixludust a honum. Enn JEsus sagde til peirra: eirn Spaamadur er hverge j minne Virdingu enn j sijnu Fodur Lande, og j sijnu eigenn Husi.

58. Og

58. Og ei giorde hann þar morg Teikn fyrer saker Vantruar þeirra.

XIV. Capitule.

(I) Johannes er halshoggvinn. (II) JEsus mettar Fimm þusund Manna. (III) Stiller Stormenn. (IV) Læknar marga.

1. Á þeim tijma heyrde Herodes (a) Fiordungs Hofdinge Riked af JEsu.

(a) (Fiordungs Hofdinge) Gydinga-lande med þvi sem þar til la, var skipt j 4. Hofdingiadome, þar fyrer kolludu menn þa Hofdingia, Tetrarchas, þad er Fiordungs Hofdingia.

2. Og hann sagde til sinna Þienara: þesse er Johannes Skijrare, hann er fra daudum uppriſinn, og þvi giorast þesse Kraptaverk af honum.

3 Þviad Herodes hafde fangad Johannem, bundid hann og j fangelsi sett, fyrer saker Herodias Husfru Philippi Brodur hans.

4. Þviad Johannes hafde til hans sagt: þad er ecke riett ad þu hafer hana.

5. Og hann hefde giarnann afliſad hann, enn hann ottadest Folked, þviad þad hiellt hann fyrer eirn Spamann.

6. Enn er Herodes hiellt sinn Fædingar Dag, dansade Dotter Herodias midt framm fyrer þeim, og þad lijkade Herodes vel.

7. Af þvi lofade hann henni med Eyde ad giefa henni hvors hun æfkte.

8. Og epter þvi hun var adur tilleggiud

af Modur sinni, sagde hun: Gief mier a Diske Hofud Johannis Skijrara.

9. Og Kongurinn vard hriggur, Enn fyrer Eidsins saker og peirra er med honum til Bordsins sœtu,

10. Baud hann ad pad giœfist henni, og hann sendi ut og afhofdadi Johannem i Mirkva-stofu.

11. Og var hofud hans borid a Diske og giefid Stulkunni, og hun fœrdi Modur sinne.

12. Pa komu Lœrisveinar hans og toku hans Lijkama og grofu, komu og kunngiordu pad JEsu.

II. 13. Pegar JEsus heyrde pad, for hann padann a einu Skipe alleina til Eydemerkur, og pa folkid heyrde pad, filgde pad honum a Fœti ur Stodunum.

14. Og JEsus gieck framm og leit pann mikla Mœg, og sa aumur a peim, og lœknade pa af pein sem Kranker voru.

15. Ad Kvollde geingu hans Lœresveinar til hans og sogdu: petta er ein Eydemork, og Nottenn fellur a, Laat folkid fra pier, ad pad gange j Kauptunenn, og kaupe sier Fœdu.

16. Enn JEsus sagde til peirra: Peir hafa pess ei porf, ad peir gange burt, giefid pier peim ad eta.

17. Peir sogdu: Vier hofum ecke hier nema fimm Braud, og tvo Fiska.

18. Hann sagde: Fœrid mier paug hingad.

19. Og

19. Og hann baud Folkinu ad setiast nidur a grasid, og tok þau fimm Braud og tvo Fiska, leit til Himens, þackade, og braut þaug, og gieck sijnum Læresveinum Braudenn, enn Læresveinarner gœfu þaug Folkenu.

20. Og þeir snæddu aller og urdu sadder, og þeir toku upp þær leifar er afgeingu, tolf Karfer fullar.

21. Enn þeir sem etid hofdu voru nær fimm þusund Manna, undann teknum Konum og Bornum.

III. 22. Og jafnsnart neydde JEsus sina Læresveina til ad þeir geinge a Skip, og fære fyrer honum yferum, þar til hann liete Folkid fra sier.

23. Og er hann hafde Folkid fra sier loatid gieck hann einsamall uppa Fiallid ad bidiast fyrer. Og um kvolldid var hann einn þar.

24. Enn Skipid var þa midt a Sionum, og hrakteſt j Bilgiunum, þviad Vinderenn var þvert j mote.

25. Enn um fiordu (b) vakt Næturinnar, kom JEsus til þeirra gangandi a Sionum.

(b) (vakt) fordum tijd var Nottunne skipt j Fiorar vakter, og voru þrijr tijmar j hverre Vakt.

26. Enn er Læresveinarner sau hann a Sionum ganga, hræddust þeir, og sogdu, þad væri Skrimsl, og kolludu upp af hrædslu.

27. Enn JEsus talade strax til þeirra og sagde: verid Hughrauster, eg em hann, ottist ei.

28. Enn Petur svarade honum og sagde:

ef þu ert þad, Herra! þa biod mier ad koma til þijn a Vatnenu.

29. Og hann sagde: kom hingad! Og Petur stie af Skipinu og gieck a Vatninu ad hann kiæme til JEsu.

30. Enn er hann leit megnann Vind, ognade honum og tok ad sockva, kallade og sagde: Herra hialpa þu mier.

31. Enn JEsus riette jafnsnart Hondina og greip hann, og sagde til hans: þu Lijtiltruadur, þvi efadest þu?

32. Og þeir stigu jnn j Skipid, og Vindinn stillte.

33. Enn þeir sem a Skipenu voru, komu og fiellu framm fyrer honum, og sogdu: sannlega ertu Guds Sonur.

IV. 34. Og þeir foru yfer um, og komu til Landsins Genesareth.

35. Og er Folkid j þeim sama Stad vard vart vid hann, sendu þeir ut um allt þad Land allt j kring, og færdu til hans alla Vanfæra Menn.

36. Og bœdu hann um, ad þeir mættu ad eins snerta Falld hans Fata. Og aller sem hann siiertu urdu heilbrigder.

XV. Capitule.

(I) JEsus virder einkis þau Guds Dijrdkun sem menn smijda sier sialfer: (II) Lœknar Dottur þeirrar Canversku Kvinnu, og marga adra: (III) Mettar fiogur þusund Manna.

I. þa

1. Þa komu til hans Skriftlærder og Phariſei af Jeruſalem, og ſogdu:

2. Þvi ofur-troda þijner Læreſveinar Olldunganna Uppſetninga, med þvi þeir þvo eige ſijnar Hendur er þeir Braud eta?

3. Hann ſvarade og ſagde til þeirra: fyrer hvi ofurtroded þier þa Guds Bodord fyrer ydvarn Uppſetning?

4 * Þvi Gud hefur ſkipad, heidra ſkalltu Fodur þinn og Modur, og hver hann bolvar Fodur eda Modur ſa ſkal Dauda deyia.

*2B.Moſ.20,12. 5B Moſ.5,16.

5. Enn þier kiennid, ad hver hann ſeiger til Fodur eda Modur, þad er ein (a) Gaafa, hver ef ad hun er af mier, þa kanntu holpenn verda.

(a) (Gaafa) Ordinn eru mieg oſkilinn, enn ſu rietta Meining er, ad Phariſei kiendu oriettilega ad Gudi være þeckara ad Offrad være, enn ad menn hialpudu forelldrum ſijnum j þeirra fatækt, ſo ad ef Børnenn offrudu fyrer Forelldrana, og gierdu þeim annars eckert til goda, þa hefdi þaug nuglega giort, hvad þeim bære Forelldrunum ad giora.

6. Af þvi ſkier þad, ad eingenn heidrar Fodur ſinn nie Modur framarmeir, og hafid ſo onytt giort Guds Bodord fyrer ydar Uppſetnings Saker.

7. Þier Hræsnarar, vel hefur Eſaias ſpaad af ydur, og ſagt:

8.* Þeſſe Lydur nalægeſt mig med ſijnum Munni, og heidrar mig med vorum ſijnum.

*Eſa.29,13.

9. Enn

9. Enn þeirra Hiortu eru langt fra mier, ad onytu þiona þeir mier, a medann þeir kienna þær Kienningar sem ecke eru annad enn Bodord Manna.

10. Og hann kallade Folkid til sijn, og sagde til þeirra: heyred þier og understanded þad.

11. Hvad er jnngeingur j Munnenn, þad saurgar ei Mannenn, helldur hvad er framm af Munnenum geingur þad saurgar Mannen.

12. Þa geingu hans Læresveinar ad honnum og sögdu: veitstu ad þa ed þeir Phariseí heyrdu þad Ord, hneixluduſt þeir?

13. Enn hann svarade og sagde: oll (b) Plantan hvoria minn himneskur Fader plantar eige, mun upprætaſt.

(b) (Plantan) allur Lærdomur og Verk sem Gud verkar ecke j Mannenum eru Synd, og hier sia Menn hvorsu sialfrædes Vilienn orkar einskis.

14. Lætid þa fara, þeir eru blinder og blindra Leidtogarar, ef Blindur leider annann Blindann, þa falla þeir bædder j Grofena.

15. Þa svarade Petur og sagde til hans: þyd oss þessa Epterlijking.

16. JEsus sagde til þeirra: erud þier enn so Skilningslauser?

17. Skynied þier eige enn nu, ad allt hvad j Munnenn jnngeingur, þad hverfur j Magann, og verdur fyrer edlelega ræas utskufad.

18. Enn

18. Enn hvad af Munnenum framgeingur, þad kiemur af Hiartanu, og þad saurgar Mannenn.

19. Þviad utaf Hiartanu koma vondar Hugsaner, Manndrap, Hordomur, Frillulijfe, Þiofnadur, Liugvitnan, Lastaner.

20. Þetta eru þeir hluter sem Mannenn saurga, enn med ohvegnum Hondum ad eta saurgar ecke Mannenn.

Gudspialled II. Sunnudag i Fostu.

II. 21. Enn JEsus gieck j burt þadann, og for j Landscalfur Tyri og Sidonis.

22. Og sia ad Canversk Kona gieck utaf þeim somu Takmorkum, kallade epter honum og sagde: O Herra Sonur Davids, miskuna þu mier, mijn Dotter kvelst jlla af Dioflinum!

23. Og hann svarade henne eige Orde, hans Læresveinar geingu til hans, bædu hann og sogdu, gior henne urlausn af þvi hun kallar epter oss.

24. Enn hann svarade og sagde, eg em ei sendur nema til fortapadra Sauda af Husi Israels.

25. Enn hun kom og fiell nidur fyrer honum og sagde: hialpa mier HErra.

26. Enn hann svarade og sagde: þad er eige tierlegt, ad taka Braudid fra Bornunum, og kasta þvi fyrer Hundana.

27. Enn

27. Enn hun sagde: ja HErra, enn þo eta Hundar af Molum þeim sem detta af Bordum Drottna þeirra.

28. Þa svarade JEsus og sagde til hennar: o þu Kona, mikel er þijn Trua, verde þier so sem þu villt, og a þeirre somu Stundu vard hennar Dotter heilbrigd.]

29. Og JEsus gieck þadann leingra afram, og kom til Siafarins j Galilea, og gieck uppa eitt Fiall og sette sig þar.

30. Og margt Folk dreif til hans, hafande med sier Hallta, Blinda, Mœllausa, Vanada, og marga adra, og snorudu þeim framm fyrer Fœtur JEsu, og hann lœknade þa.

31. So ad Folkid undradest er þad sa Mœllausa mœla, og Vanada heila, Hallta ganga, Blinda siaande, og vegsomudu Gud Israels.

III. 32. Og JEsus kallade sijna Lœresveina til sijn, og sagde: mig aumkar yfer Folkid, þviad þeir hafa nu þria Daga hia mier verid og hafa ecke til Matar, og fastande vil eg þa ecke fra mier fara lœta, so ad eige verde þeir hungurnorda a Veigenum.

33. Þa sogdu Lœresveinarner til hans: hvadann tokum vær so morg Braud j Eydemorku, ad vier sedium med jafnmargt Folk?

34. JEsus sagde til þeirra, hversu morg Braud

Braud hafed þier? þeir sögdu, sio, og sa Fiskakorn.

35. Og hann baud Folkenu ad þad settest nidur a Jordena.

36. Og tok þau sio Braud og Fiska, og er hann hafde þackad, braut hann þaug, og gaf Læresveinenum, og hans Læresveinar gæfu þaug Folkenu.

37. Og þeir æatu aller og urdu sadder, og toku upp þad sem yfer var af Leyfunum, sio Karfer fullar.

38. Enn þeir sem etid hofdu voru fiorar þusunder Manna fyrer utan Konur og Born.

39. Og er hann hafde Folkid fra sier lætid, stie hann a eitt Skip, og kom j Endemerkur Magdalalands.

XVI. Capitule.

JEsus talar (I) um Teikn og Surbeig Pharisæanna: (II) um Lykla Himnarijkes: (III) um Pijsl sijna.

I. Þa geingu Pharisei og Saducei til hans, freistandi hans, og bædu hann ad syna sier Teikn af Himne.

2. Enn hann svarade þeim og sagde, a Kvolldenn seiged þier, þad verdur godur Dagur, þviad Himen-rode er.

3. Og a Morgna seiged þier, j Dag verdur hreggvidre, þviad Himenenn er raudur og dimmur. Þier Hræsnarar, Himensins A-

sian

sian kunned þier ad dæma, kunned þier þa ecke og ad dæma (a) Teikn þessara Tijma?

(a) (Teikn) Christur meinar hier þaug Teikn sem eru hans Jardteikn og Furduverk, sem fyr var sagt ad skie skylde j Tijd Christi.

4. Þesse vonda og Horunarsama kinslod æsker Teikns, og henne skal eckert Teikn giefid verda, nema Teikn Jonæ Spæmanns. Og hann forliet þa, og gieck j burt.

5. Og er hans Læresveinar voru yfer um farner, hofdu þeir gleymt Braud med sier ad taka.

6. Enn JEsus sagde til þeirra: siaed til, og vakted ydur fyrer Swordeige þeirra Phariseara og Saduceara.

7. Þa þeinktu þeir med sier og sogdu: þad mun vera þad vær hofum ei Braud med oss tekid.

8. Enn er JEsus fornam þad, sagde hann til þeirra: þier Lijtiltrwader, hvar fyrer hugsed þier um þad þo ad þier hafed ei Braud med ydur haft?

9. Skilied þier enn ecke? minnest þier ecke a þau fimm Braud a medal fimm Þusunda, eda hversu margar Karfer ad þier tokud þa upp?

10. Og eige a þaug sio Braud a medal siogra Þusunda, og hversu margar Karfer ad þier tokud þa upp?

11. Hvar fyrer skilied þier þa eige, ad eg sagde ydur ei af Braudenu, þo eg segde, vaktid ydur fyrer Swordeigi þeirra Phariseis og Saduceis.

12. Þa understodu þeir ad hann hafde eige sagt

sagt þeim það þeir skylldu vara sig við Sworðeige Braudsins, heldur við Lærdome Phariseanna og Saduceanna.

II. 13. Þa kom JEsus j Landsealfur Borgarennar Cesarea Philippi, og spurde sijna Læresveina að og sagde: hvað seigia Menn til, hvor Mannsins Son sie?

14. Þeir sogdu, sumer seigia þu siert Johannes Skijrare, enn adrer, þu siert Elias, sumer að þu siert Jeremias, eidur eirn af Spaamonnonum.

15. Hann sagde til þeirra, hvern seiged þier mig þa að vera?

16. Þa svarade Simon Petrus, og sagde: þu ert Christur Sonur Guds lifanda.

17. Enn JEsus svarade og sagde til hans: Sæll ertu Simon Jonas Son, þviað Holld og Blod birte þier það eige, heldur minn Himneske Fader.

18. Og eg seige þier, þu ert (b) Petrus, og yfer þennann Hellustein mun eg uppbyggia mijna Christne, og (c) Port Helvijtanna skulu eige megn hafa j giegn henne.

(b) (Cepha a Syrlendsku) Petur a Griesku, a Islendsku Hellubiarg. Og aller Christner Menn eru Petri vegna þeirrar Jatningar sem Petur gisrer hier, þvi hun er það Hellubiargid uppa hvað að Petur og aller Petrar eru bygder, Jatningenn er almenneleg, so er og Nafnid.

(c) Port Helvijtis er all Makt a mote Christnenne, so sem er Daudenn, Helvijte, veralldlegur Vijsdomur og Makt.

19. Og

19. Og þier mun eg giefa Lykla Himnarijkis, og allt hvad þu bindur a Jordu, skal a Himnum bundid vera, og allt hvad þu leysir a Jordu, skal a Himnum leyst vera.

20. Þa fyrerbaud hann sijnum Læresveinum ad þeir segde þad nockrum, ad hann være JEsus sa Christus.

III. 21. Þadann j fra tok JEsus til ad auglysa fyrer sijnum Læresveinum, hvernenn honum byriade ad ganga til Jerusalem, og margt ad lijda af Øldungunum, þeim yppurstu Prestum, Skriftlærdum og Lijflaatenn verda, og a þridia Deige upp ad rijsa.

22. Enn Petur tok hann til sijn, atalde hann og sagde: HErra! þirm sialfum þier, þad hende þig ongvanneiginn.

23. Enn hann snerest vid og sagde til Peturs: far fra mier Satan, þu ert mier hneixlanlegur, þviad þu skilur eige hvad Guds er, helldur hvad Mannanna er.

24. JEsus sagdi þa til sinna Læriſveina: ef nockur vill mier epterfilgia, þa afneite hann sialfum sier, og take sinn Kross uppa sig og filge mier epter.

25. Þviad hver hann vill sitt Lijf forvara, sa mun þvi tijna, enn hver sijnu Lijfe tijner fyrer mijnar Saker, sa mun þad finna.

26. Þvi hvad stodar þad Mannenn þo hann vinne allann Heimenn, enn feinge tion a sinne Saalu? Edur hvad mun Madurenn fa giefed, þar hann Saalu sijna med endurleyse?

27. Þviad

27. Þviad þad mun skie, ad Mannsins Son mun koma j Dyrd sijns Fodurs, med sijnum Englum, og þa mun hann giallda hvorium sem einum epter sijnum Verkum.

28. Sannlega segie eg ydur, ad nockrer standa þeir hier, sem (d) Daudann munu eigi smacka, þar til ad þeir sia Mannsins Son komande j sijnu Rijke.

(d) Christur meinar til þeirrar Forklaringar sem skiede a Fiallenu Tabor a hvoria minnst verdur j epterfilgiande Capitula.

XVII. Capitule.

(I) JEsus forklærast a Fiallenu. (II) Læknar þann Disfuloda og Tunal-siuka; (III) talar um sinn Dauda; (IV) Lætur greida Skatt-gialld fyrer sig og Petur.

Gudspialled annadhvert VI. Sunnud. epter Prettanda. Ellegar XXVII. Sunnud. epter Trinitatis.

1. Og sex Dogum þar epter, tok JEsus med sier Petrum og Jacobum, og Johannem Brodur hans, og hafde þa afsijdis uppa eitt hatt Fiall.

2. Og Auglysteſt fyrer þeim, og hans Asiana skein sem Sol, enn hans Klæde urdu so biort sem Lios.

3. Og sia! ad honum birtust þeir Moyses og Elias, og toludu vid hann.

4. Enn Petur ansade og sagde til JEsu: HErra, hier er gott ad vera. Ef þu villt, þa vilium vier giora þriar Tialdbwder, þier eina, Moyse eina, og Elie eina.

5. Og

5. Og þa er hann var þetta ad tala, Sia ad biart Sky umskygde þa, og sia, ad ein Rodd ur Skyenu sagde: þesse er Sonur minn Elskulegur, ad hvorium mier vel þocknast, honum skulud þier heyra.

6. Og er Læresveinarner heyrdu þad, fiellu þeir framm a sijnar Asianer og urdu miog hrædder.

7. Enn JEsus gieck til þeirra, tok a þeim og sagde: standed upp og vered eige hrædder.

8. Enn er þeir ljtu upp sijnum Augum, sau þeir ongvann, nema JEsum alleina.

9. Og er þeir geingu ofann af Fiallenu, baud JEsus þeim og sagde: þier skulud ongvum þessa Sion seigia, þar til ad Mannsins Son er uppristinn af Dauda.]

10. Og hans Læresveinar spurdu hann ad og sogdu: hvad seigia hiner Skriftlærdu þa, þad Elias hlioti ædur ad koma?

11. JEsus svarade og sagde til þeirra: Elias a ad sonnu ædur ad koma, og alla Hlute ad lagfæra.

12. Enn eg seige ydur þad, Elias er alla reidu komenn, og þeir þecktu hann eige, helldur giordu þeir vid hann hvad hellst þeir villdu. So mun og Mannsins Son verda af þeim ad lijda.

13. Þa úndersstodu Læresveinarner, þad hann hafde sagt af Johanne Skijrara.

II. 14. Og er þeir komu til Folksins, gieck eirn Madur til hans og fiell til Fota honum.

15. Og sagde: HErra! miskuna þu Syne mijnum, þviad hann er Tunglsiukur, og er herfelega pijndur, opt fellur hann a Eld og þraattsinnis j Vatn.

16. Eg hafde hann og til þinna Læresveina, og þeir gaatu honum ecke hialpad.

17. Enn JEsus svarade og sagde: O þu vantruud og raangsnuinn Kinslod, Hvorsu leinge skal eg hia ydur vera? Hvorsu leinge a eg ydur ad lijda? Hafid hann hingad til mijn.

18. Og JEsus hastade a hann, og Diofullinn for utaf honum, og Sveinnenn vard heilbrigdur a samre Stundu.

19. Þa geingu Læresveinarner heimuglega til JEsu, og sogdu: Fyrer þvi gaatum vær eige rekid hann ut?

20. JEsus svarade og sagde til þeirra: Fyrer ydar Vantruar saker, Þvi eg seige ydur fyrer sann, Ef þier hefdud Tru so sem Mustards Korn, mættud þier seigia Fialle þessu: Far þu hiedan og þangad, Og munde þad fara, og eckert munde ydur omogulegt vera.

21. Enn þetta Kin rekst eige ut nema med Bæn og Fostu.

III. 22. Enn sem þeir sijsludu um j Galilea, sagde JEsus til þeirra: Epterkomande er, þad Mannsins Sonur mun ofurselldur verda j Manna Hendur.

23. Og þeir munu Lijflaata hann, og a þridia Deige mun hann upprijsa, Og þeir urdu nærsta hriggver.

IV. 24. Og er þeir komu til Capernaum, geingu þeir ad Petre sem Skatt-giallded uppbaaru, og sogdu: Ydar Meistare, plagar hanu eige ad giallda Skatt?

25. Hann sagde, ja. Og er hann kom heim, kom JEsus firr ad honum og sagde: Hvad lytst þier Simon, af hverium taka Jardleger Kongar Toll edur Skattpening? af sijnum Bornum, edur af annarlegum?

26. Petur sagde til hans: Af annarlegum, JEsus sagde þa til hans: þa eru Bornenn (a) frij.

(a) (Frij) þo ad Christur være frij, þa gaf hann samt Skatt, Naunganum til þocknunar, So er einn Christinn uppa sijn eigenn bijte j allastade frij, og giefur sig þo velviliuglega til ad þiena Naunganum.

27. Enn so ad vier sieum þeim ei ad Hneixlan, þa far til Siafar, og kastaþu Anglenum, og þann Fisk sem firstur kiemur upp tak hann, og er þu opnar hans Gin, muntu finna (b) Stater, þa somu tak þu og gief honum fyrer mig og þig.

(b) (Stater) er eitt Lod, þegar þad er Silfur, þa er þad so mikid sem halft Gylline.

XVIII. Capitule.

JEsus talar (I) um Audmykt og Hneixlaner (II) um

um sijna Miskunseme; (III) um Brodurlega aminning, Straff og Fyrergesning.

Gudspialled ea Michaelis Messu.

I. Á þeirre somu Stundu, geingu Læresveinarner til JEsum, og sogdu: Hvor er mestur j Himerijke?

2. JEsus kallade eitt Barn til sijn og sette þad midt a millum þeirra,

3. Og sagde: Sannlega sseige eg ydur, nema þier snuest og verdid so sem Smaborn munud þier eige koma j Himnarijke.

4. Hvor sialfur sig læckar so sem Barn þetta, sa er mestur j Himnarijke.

5. Og hvor sem medtekur eitt þvilijkt Barn j mijnu Nafne, sa medtekur mig.

6. Enn hvor hann hneixlar eirn af þessum enu Smaau, sem a mig trua, þarfara være honum ad Mylnusteirn heingest um Hals honum, og være j Sioo soktur þar hann er diupastur.

7. Vei sie Heimenum fyrer Hneixlaner. Þar hliota þo Hneixlaner ad koma, enn þo sie Vei þeim Manne fyrer hvorn ed Hneixlanenn kiemur.

8. Enn ef þijn Hond eda þinn Fotur hneixlar þig, þa snijd hann af og snara honum fra þier, Betra er þier jnn ad ganga til Lijfsins halltur og handarvane en þad þu hafer tvær

Hendur edur tvær Fætur, og verder j eylijfann Eld kastadur.

9. Og ef Auga þitt hneixlar þig, þa slijt þad ut og snara þvi fra þier, betra er þier eineygdum jnn ad ganga til Lijfsins, enn þad þu hafer tvo Augu og verder j helvijtskann Eld kastadur.

10. Siaed til ad þier forsmaed eige eirn af þessum Smælingium, Þviad eg seige ydur, ad þeirra Englar a Himnum sia alltijd mijns Fodurs Auglit a Himnum.]

II. 11. Þviad Mannsins Son er komenn, ad giora holpid hvad fortapad var.

12. Hvad virdest ydur? Ef einhver Madur hefur hundrad Sauda, og villist eirn af þeim? Skilst hann eige vid þa niju og Nijutyger a Fiollum uppe, og fer ad leita ad þeim sem villtist?

13. Og ef so skier, ad hann finnur hann, Sannlega seige eg ydur, ad hann fagnar meir yfer honum, enn yfer hinum niju og Niutijger sem eige villtust.

14. So er eige vilie Fodurs ydar, sem a Himnum er, ad eirn af þessum Smaau tapest.

III. 15. Enn ef Brodur þinn brytur vid þig, far þu, og straffa hann a millum þijn og hans eins samans, Ef hann heyrer þig, þa hefur þu þinn Brodur unned.

16. Enn ef hann heyrer þig ei, þa tak eirn

edur

edur tvo til þijn, so ad j Munne tveggia edur þriggia Votta standi øll Mealefne.

17. Nu ef hann heyrer eige þeim, þa seig þad Samkundunne. Enn ef hann heyrer ei Samkundunne, þa hallt hann sem annann Heidingia, og Tollheimtumann.

18. Sannlega seige eg ydur, Hvad hellst þier binded a Jordu, skal og a Himnum bundid vera, og hvad hellst þier leysed a Jordu, skal leyst vera a Himne.

19. Frammveigis seige eg ydur þad, ef tveir af ydur samtaka a Jordu um hvørn hlut sem þad er, ad þeir vilia bidia, skal þeim veitt vera af mijnum Fodur, sem a Himnum er.

20. Þviad, hvar tveir eda þrijr samansafnader eru j mijnu (a) Nafne, þar em eg midr a millum þeirra.

(a) (Nafne) epter minne skipan og mier til Vegsemdar, þa geingur þad alltsamann vel til.

21. Þa gieck Petur til hans og sagde: Herra, Hversu opt skal eg mijnum Brodur, þeim sem vid mig brytur, fyrergiefa? er þad nog Siosinnum?

22. JEsus sagde til hans: Eg seige þier, Eige siosinnum, helldur siotijgesinnum siosinnum.

Gudspialled XXII. Sunnud. epter Trinitat.

23. Fyrer þvi er Himnarijke lijkt þeim Konunge, sem reikna vilde vid Þiona sijna.

24. Og er hann tok til ad reikna, kom eirn fyrer hann, sa er honum var skyldugur um tiju þusund Punda.

25. En þa hann hafde eige til hvad hann skylde giallda, baud Herrann ad selia hann og hans Hvsfru og hans Born, og allt hvad hann atte, og borga med.

26. Þa fiell sa Þion framm, tilbad hann og sagde: Herra, haf Þolinnmæde vid mig, allt skal eg þier giallda.

27. Þa sa Herrann aumur a þeim Þion, og liet hann lausann, og gaf honum eirnenn upp skulldena.

28. Þa gieck sa same þion ut, og fann eirn af sijnum samlags-þionum, sa var honum hundrad Peninga skylldugur, og hann greip hann, og tok fyrer Kverkar hans og sagde: giallt mier hvad þu ert mier skylldugur.

29. Þa fiell hans samlags Þion framm, bad hann og sagde: haf þolinnmæde vid mig, þvi allt skal eg þier giallda.

30. Enn hann villde eige, helldur for hann til og liet hann j Dyplitsu, þar til hann hafde borgad þad hann var skylldugur.

31. Enn er hans Sam-þionar sau hvad skiede, urdu þeir miog hriggver vid, komu og undervijsudu sijnum Herra allt hvad giorst hafde.

32. Þa kallade hans Herra hann fyrer sig, og sagde til hans: Þu hinn vonde Þion, alla þessa Skuld gaf eg þier til, med þvi þu badst mig.

33. Skyll-

33. Skyllder þu þa eige miskunsamur vera vid þinn samlags þion, lijka sem eg var þier miskunsamur.

34. Og hans Herra vard reidur, og ofursellde hann Kvolorunum, þangad til hann borgade allt hvad hann var skylldugur.

35. So mun og minn Himneskur Fader giora vid ydur, ef þier fyrergiefid eige af ydrum Hiortum hvor eirn sijnum Brodur hans Misgiorder.]

XIX. Capitule.

JEsus (I) læknar marga: (II) talar um Hionaband: (III) leggur hendur yfer ung-Børn: talar um hina Rijku.

I. Og þad skiede, sem JEsus hafde lyktad þessar Rædur, ad hann for af Galilea og kom j Endemerkur Gydinga-lands odrumeiginn Jordanar.

2. Og margt Folk fylgde honum epter, og þar læknade hann þa.

II. 3. Þa geingu Pharisæi til hans, freistudu hans og sogdu til hans: er þad nockud riett, ad Madurinn skilie sig vid sijna Eigenkonu fyrer hvoria sem eina Sok?

4. Enn hann svarade og sagde til þeirra: Hafed þier ei lesid, * ad sa er j upphafe skapade Mannenn, hann giorde þad, ad vera skylde eirn Madur og Kona. *1B.Mos.1, 27.

5. Og sagde: * Fyrer þvi mun Madurenn

forlæta Fodur og Modur, og vera hia Eigenkonu sinne, og þaug tvo munu eitt hollt vera. *1B.Mos.2,24.

6. So eru þaug nu eige Tvo, helldur eitt Hollt, Þar fyrer, hvad GUd hefur samansteingt, þad skal Madurinn eige j sundurskilia.

7. Þa sogdu þeir: Fyrer hvi baud *Moyses þa, ad giefast skylde Skilnadarskra, og skilia sig vid hana? *5B.Mos.24,1.

8. Hann sagde til þeirra: Moyses hefur fyrer (a) Hardvod ydars Hiarta leyft ydur ad forlæta hvsfreyur ydar, enn af Upphafe var þad ecke so.

(a) (hardvod) Sum Log kienna, sum forbioda, þaug fyrre kienna þad besta, þau seirne forbioda þad vonda, so þar skule ecke verda verra af, þar fyrer leyfa þaug margt af þvi sem illt er, so sem þad veralldlega Soerd gierer.

9. Enn eg seige ydur þad, Hvor sijna Eigenkonu forlætur (nema þad sie fyrer Horunar sok) og gipteſt annare, sa drijger Hor. Og hvor fraskilinne gipteſt, sa drijger og so Hor.

10. Þa sogdu Læresveinarner til hans: Ef so er hattad Mannsins Maalefnum vid Eigenkonuna, þa er eige gott ad giptaſt.

11. Enn hann sagde til þeirra: Þetta Ord fa ei aller hondlad, helldur þeir, hvorium þad er giefid.

12. Þviad þa eru noekrer Gelldingar, sem

sem so verda af Modurkvide fædder, og þeir Gelldingar eru nockrer hvorier af Monnum eru gelldter, og þar eru og lijka þeir Gelldingar sem sig (b) sialfa hafa gelldt fyrer Himnarijkis saker. Sa gripid getur hann grijpe þad.

(b) (Sialfa) su þridiaslags Gelding hlytur ad vera andleg, sem er eitt sialfviliugt Skijrlife. Annars være þesse eitt og hid sama sem hin, er skiedur lijkamlega.

III. 13. Þa voru Smabørn til hans hofd, so ad hann legde Hendur yfer þau, og bædest fyrer, Enn Læresveinarner avijtudu þa.

14. Enn JEsus sagde til þeirra: Laated Bornenn kyrr, og forbioded þeim ei til mijn ad koma, þviad slijkra er Himnarijke.

15. Og er hann hafdi Hendur yfer þau lagt, geck hann þadan.

IV. 16. Og sia, ad eirn gieck ad honum og sagde: Gode Meistare, Hvad skal eg þess gott giora ad eg eignest Eylijft Lijf?

17. Enn hann sagde til hans: Hvad kallar þu mig (c) Godann, eingenn er godur utan alleina Gud. Enn ef þu villt til Lijfsins jnnganga, so hallt þu Bodordenn.

(c) (godann) þad er ad skilia. Med þvi þu helldur mig fyrer einungis Mann, þa mattu vita, ad ef eg være madur ad eins, og ecki þar jafnfraumt sannur Gud, þa mætte eg ecki riettelega godur kallast, þvi aller Menn eru vonder, og affallner.

18. Hann sagde þa til hans: Hvor hellst? JEsus sagde, *Ei skalltu Mann vega, Ei skalltu horast, Ei skalltu steta, Eige skalltu Liugvitne mæla. *2B.Mos.20,13.

19. Heidra skalltu Fodur þinn og Modur, og elska skalltu Naunga þinn so sem sialfann þig.

20. Hann sagde hinn unge Madur til hans: Þetta allt hef eg halldid i fra Barnæsku minne, Hvad brestur mig þa?

21. JEsus sagde til hans: Ef þu villt (d) algiordur vera, far burt og sel allt hvad þu hefur, og gief Fatækum, og muntu þa Siod hafa a Himne, og kom og filg mier epter.

(d) Algiorlegleike, er ad hallda Guds Bodord riettelega, þaraf er þad augljost, ad þesse unge Madur hafde ecke i Raun halldid Bodordinn, so sem hann meinte, og þad lætur Christur hann þar utaf vita, ad hann setur framm fyrer hanu þaug Bodordanna riettu verk, og dæmer, ad eingenn Rijkur, sa ed meir elskar Rijkdom sinn, enn Gud, verde saluholpenn, a medal hvorra ad þesse unge Madur var eirn, nu verda þeir þo saluholpner sem hallda Bodordenn.

22. Og er hinn unge Madur heyrde þad Ord, gieck hann hriggur fra honum, þviad hann hafdi miklar Eigur.

23. Enn JEsus sagde til sinna Læresveina: Sannlega seige eg ydur, ad eirn Rijkur Madur kiemur torvelldelega i Himnarijke.

24. Og enn seige eg ydur, þad audvelldara er Ulfballdanum ad smiuga i gegnum Naalar auga, enn Rijkum Manne ad koma i Guds-Rijke.

25. Og er hans Læresveinar heyrdu þad, urdu þeir miog ottaslegner, og sogdu: Hver fær þa hialpast?

26. Enn

26. Enn JEsus leit vid þeim, og sagde til þeirra: Hia Monnum er þad omogulegt, enn hia Gude er allt mogulegt.

27. Þa svarade Petur og sagde til hans: Siadu, vier forlietum allt, og filgdum þier epter, Hvad skulum vier hafa i stadenn?

28. Enn JEsus sagde til þeirra: Sannlega seige eg ydur, ad þier, hvorier mier hafid epterfilgt, þier skulud j Endurfædingunne, þa er Mannsins Son situr a Stole sinnar Tignar, sitia eirnenn a tolf Stolum, dæmande tolf Kinkvisler Israels.

29. Og hvor hann forlætur Hvs eda Brædur, Systur, Fodur eda Modur, eda Eiginnkonu eda Born, eda Akra fyrer mijns Nafns saker, sa mun hundradfalldt j stadinn taka, og erfa Eylijft Lijf.

30. Enn marger þeir sem eru firster, verda sijdaster, Og þeir sem sijdaster eru verda hiner firstu.

XX. Capitule.

JEsus talar (I) um Verka-Menn i Vijngardenum: (II) um sinn Dauda: (III) lastar Drambseme: (IV) læknar Tvo Blinda.

Gudspialled I. Sunnud. i Nijuvikna-Fostu.

I. Himnarijke er lijkt þeim Husfodur sem utgieck um Morgunenn, Verkamenn ad leigia j Vijngard sinn.

2. Enn ad giordum Samninge vid Verkamennena umm einn Pening til Daglauna, sende hann þa j sinn Vijngard.

3. Og nær þridiu Stund gieck hann ut, og leit adra Jdiulausa standa a Torgenu.

4. Og sagde til þeirra: Fared þier og so j Vijngardenn, og hvad riett er mun eg giefa ydur.

5. Þeir geingu og þangad. Og enn gieck hann ut aptur, um siottu og nijundu Stund, og giorde so lijka.

6. Enn um elleftu Stund gieck hann ut, og fann enn adra standa Jdiulausa, og sagde til þeirra: Hvar fyrer standed þier hier allann Dag Jdiulauser?

7. Þeir sogdu til hans: Þviad eingenn hefur leigt oss. Hann sagde til þeirra: Fared þier og j Vijngardenn, og hvad riett er skulud þier fa.

8. Enn þa Kvolld var komid, sagde Herrann Vijngardsins til sijns Raadsmanns, Kalludu Verkamennena og gialld þeim Verdkaupid. Og tak til a enum Seinasta og allt til hins Fyrsta.

9. Þa komu þeir sem um elleftu Stund leigder voru, og hvor fieck sinn Pening.

10. Enn er hiner fyrstu komu, meintu þeir þad þeir mundu fa meira, og hvor þeirra fieck sinn Pening.

11. Og

11. Og þa er þeir hefdu hann medtekid, mogludu þeir a mote Husfødurnum,

12. Og sogdu: Þesser seinustu hafa eina Stund Ervidad, og þu giorder þa oss jafna, vier sem borid hofum Byrde og Hita Dagsins.

13. Enn hann svarade og sagde til eins þeirra, Vinur, eige giore eg þier oriett. Ertu ei asattur ordenn vid mig um einn Pening?

14. Tak hvad þitt er, og far burt. Enn þessum seinasta vil eg gefa so sem þier.

15. Eda hef eg ecke Makt til ad giora af minu hvad eg vil? Ertu þar fyrer Roangeygdur þo ad eg sie godgiarn?

16. So munu sijdaster verda hiner firstu, og firster hiner sijdustu. Þviad marger eru kallader, enn faer utvalder.]

II. 17. Og hann ferdadist upp til Jerusalem, og tok þa tolf Læresveina sierilage til sijn a Veigenum, og sagde til þeirra:

18. Siaid, Vier reisum nu upp til Jerusalem, og Mannsins Son mun ofurseliast Prestahofdingium og Skriftlærdum, og þeir munu hann fordæma til dauda,

19. Og ofurselia hann Heidingium til ad spottast og hudstrykiast, og Krossfestast, Og a þridia Deige mun hann uppaptur risa.

III. 20. Þa gieck Moder Zebedei Barna til hans, med Sonu sijna, fallande fyrer hann framm, og bad nockurs af honum.

21. Og hann sagde til hennar: hvad vilt-

tu? hun sagde til hans: laat pessa mijna tvo Sonu sitia j Rijke pijnu, einn til pinnar hægre Handar, og annann til pinnar vinstre Handar.

22. Enn JEsus svarade og sagde: pier vited eige hvors pier bidied, gieted pid pann (a) Kaleik drucked hvorn eg mun drecka, og peirre Skijrn skijrst hvorre eg mun skijrast? Peir sogdu til hans: ja vel.

(a) (Kaleik) pad er Sorg og Motgang, enn holldid vill ætijd vera dyrdlegt ædur enn pad krossfesteſt, og upphafed ædur enn pad nidurlægeſt.

23. Og hann sagde til peirra, minn Kaleik munu pid ad Sonnu drecka, og peirre Skijrn, hvorre eg skijreſt, munud pid skijrast. Enn pad, ad sitia til minnar hægre og vinstre Handar, er eige mijn ydur ad giefa, helldur, peim, hvorium, pad er fyrerbuid af mijnum Fodur.

24. Og er peir tiju heyrdu pad, pycktust peir peim tveimur Brædrum.

25. Enn JEsus kallade pa til sijn og sagde: pier vitid ad veralldleger Hofdingiar Drottna, og peir ed volldugeſt eru hafa Makt.

26. So skal ei vera ydar a mille, helldur hvor hann vill ydar a mille Volldugur vera, sie sa ydar pienare.

27. Og hvor ydar sem fremstur vill vera, vere hann ydar pion.

28. Lijka so sem Mannsins Son kom eige

ad

ad hann liete sier þiona, helldur uppa þad hann þionade, og giæfe sitt Líf til Endurlausnar fyrer marga.

IV. 29. Og þa er þeir geingu utaf Jericho, fílgde honum margt Folk epter.

30. Og sia ad tveir Blinder sætu vid Veigenn, og þa þeir heyrdu þad, ad JEsus gieck þar framm hia, kolludu þeir og sögdu: o HErra Sonur Davids miskuna þu ockur!

31. Enn Folkid hastade a þa, ad þeir þegdu, enn þeir kolludu því meir og sögdu: o HErra Sonur Davids miskuna þu ockur!

32. Og JEsus stadnæmdest, kallade a þa og sagde: hvad vilied þid ad eg skule giora yckur?

33. Þeir sögdu til hans: Herra, þad, ad ockar Augu upplukest.

34. Enn JEsus sa þar aumur a, snart Augu þeirra, og jafnskiott urdu þeirra Augu siaande aptur, og þeir fílgdu honum epter.

XXI. Capitule.

JEsus ridur (I) in j Jerusalem: (II) Formælèr Fiskiu Trenu: (III) Vill ecke segia, hvert Vald hann hefde til at hreinsa Mustered: (IV) Kenner, ad stor-Syndarar gete og so orded Sæluholpner: (V) seger þad fyrer fram, ad Guds Rijke skylde takast burt fra Gydingum.

Gudspialled I. Sunnudag i Adventu, og a Pælma Sunnudag.

I. Þa er þeir nu komu nærre Jerusalem, og voru komner til Bethphage vid fialled Oliveti,

Oliveti, sende JESUS ut tvo sijna Læresveina.

2. Og sagde til peirra: fared þid j þad Kauptun sem fyrer yckur er, og strax munud þid finna Osnu bundna, og Fola hia henne, leysid þau og leidid til mijn.

3. Og ef einhvor seiger nockud til yckar þa seiged, ad Herrann hafe peirra þorf, og jafnsnart mun hann lœta þaug laus.

4. Enn allt þetta skiede so ad uppfylltest hvad sagt er fyrer Spœamannenn, er seiger:

5. *Seiged Dottirinne Zion: sia, þinn Kongur kiemur til þijn Hogvœr, sitiande a Osnu og a Fola klifbœrrar Osnu.

* Sach. 9, 9.

6. Enn Læresveinarner geingu burt og giordu so sem JEsus hafde bodid peim.

7. Og soktu Osnuna og Folann, og logdu yfer þaug sijn Klœde, og settu hann þar uppa.

8. Enn margt af Folkenu breidde sijn Klœde a Veigenn, og adrer hiuggu Kvistu af Trianum, og dreifdu peim a Veigenn.

9. Enn þad Folkid sem fyrer gieck og epter filgde, kallade og sagde: (a) * Hosianna Syne Davids, Lofadur sie sa sem kiemur j Nafne Drottins, Hosianna j Hœrstum Hœdum.] * Psalm. 118, 26.

(a) (Hosianna) þijdist a Norrœnu, œ hialpa þu, edur, œ gief þu Lucku og Velferd.

10. Og er hann for jnn j Jerusalem, var

all

oll Borgenn uppvægd, og sagde: hvor er þesse?

11. Enn Folkid sagde: þetta er JEsus Spæmadur af Nazareth ur Galilea.

12. Og JEsus gieck jnn j Guds Mustere, og rak ut alla Seliendur og Kaupendur j Musterenu, og Bordum Verdslunarmanna og Stolum þeirra er Dwfur selldu, hratt hann um.

13. Og sagde til þeirra: skrifad er, * Mitt Hus skal Bænahus kallast, enn þier hafid giort þad ad Spillvirkia bæle. *Es. 56, 7.

14. Og til hans geingu Blinder og Hallter j Musterid, og hann læknade þa.

15. Enn er Kiennemanna Hofdingiar og Skriftlærder sau þa dasamlega Giorninga sem hann giorde, og þad Bornenn kolludu j Musterunu og sogdu: Hosianna þeim Syne Davids! reiddust þeir.

16. Og sogdu til hans: heyrer þu nockud hvad þesser seigia? JEsus sagde til þeirra: hafed þier alldrei lesed þad: *af Munne Ungbarna og Briostmylkinga hefur þu Lofid tilreidt. *Ps. 8, 3.

17. Og hann forliet þa og gieck utaf Borgenne til Bethanien, og dvalde þar.

II. 18. Enn ad Morgne er hann gieck aptur til Borgarennar, hungrade hann.

19. Og hann sa eitt Fikiutrie vid Veigenn, og gieck þangad ad, og fann eckert a þvi, nema

ma einasta Blodenn, og sagde til þess: Hiedan j fra vaxe alldrei nockur Avoxtur af þier, og þad Fikiutrie visnade upp jafnsnart.

20. Og er Læresveinarner sau þad, undrudust þeir og sogdu: hvernenn er Fikiutried so snart visnad?

21. Enn JEsus svarade og sagde til þeirra: sannlega segie eg ydur, ef þier hafid Truna og efid eige, þa munud þier eige einasta giora slijkt vid Fikiutried, helldur, ef þier segdud þessu Fialle, tak þig upp og sleing þier j Sioenn, þa munde þad skie.

22. Og allt hvad þier bidied j Bænenne, ef þier trued þvi, þa munud þier þad odlast.

III. 23. Og sem hann kom j Musterid, geingu til hans, sem hann var ad kienna, Prestahofdingiar og Øldungar Lydsins, og sogdu: ut af hvada Makt giorer þu þetta, og hver gaf þier þessa Makt?

24. Enn JEsus svarade og sagde til þeirra: eg vil og spyria ydur ad einu Orde, ef þier seiged mier þad, vil eg segia ydur, ut af hvada Makt eg giore þetta.

25. Skijrn Johannis, hvadan var hun, hvort af Himne, edur af Monnum? Enn þeir huxudu med sier, og sogdu: ef vier segium, hun sie af Himne, þa seiger hann til vor, þvi trudud þier honum þa eige?

26. Enn ef vier segium hun hafe verid af Monnum, þa meigum vær ottast Folkid, þviad

þviad aller hielldu Johannem fyrer Spamann.

27. Og þeir svorudu JEsu og sogdu: vier vitum ei. Hann sagde þa til þeirra: So seige eg ydur ei helldur af hvorre Makt eg gisre þetta.

IV. 28. Enn hvad lijtst ydur? Madur nockur hasde tvo Sonu, og gieck til hins fyrsta og sagde: Sonn minn, far þu j Dag ad vinna j Wingarde mijnum.

29. Enn hann svarade og sagde: ei vil eg þad gisra: eptera idrade hann þessa, og gieck j burt.

30. Og hann gieck til hins annars, og sagde slijkt hid sama, enn hann svarade og sagde: ja Herra, og for ecke.

31. Hvor af þeim tveimur gisrde Fodursins Wilia? þeir sogdu til hans: hinn fyrste, JEsus sagde til þeirra: Sannlega seige eg ydur, ad Tollheimtarar og Putur meiga (b) fyrre komast j Himna Rijke enn þier.

(b) (fyrre komast) þad er miklu mogulegra, ad Skiækiur og Skaalkar verde saalnhalpner enn drambsamer helge-verkamenn, þviad hiner munu umsijder finna til sinna Synda, enn þessir deyia j sijnum eigenn Heilagleika, verde þeim ei surdannlega a rietta leid snuid.

32. Johannes kom til ydar og kiende ydur þann rietta Veg, og eige trudud þier honum, enn Tollheimtu-Menn og Putur trudu honum. Og þo ad þier sæud þetta vel, gisrdud

þier

þier ongva Yferbot, so ad eptira hefdud þier honum truad.

V. 33. Heyred enn adra Epterlijking. Hussader nockur var þar, sa ed plantade Vijngard, og girdte j krijngum hann, og grof j honum Vijnpressu, og uppbygde Turn, og leigde hann sijdann Vijngards Monnum, og ferdadest Utannlands.

34. Enn þegar Avaxtartijmenn kom, sende hann sijna Þiona til Vijngards Mannanna, ad þeir medtæke hans Avoxtu.

35. Þa toku Vijngardsmennerner hans Þiona; þann eina strijktu þeir, annann aflijfudu þeir, hinn þridia gryttu þeir.

36. Jannad sinn sende hann adra Þiona ut, sem fleyre voru hinum firre, og þeim giordu þeir slijkt hid sama.

37. Þar epter sende hann Son sinn til þeirra og sagde: þeir munu feila sier fyrer Syne mijnum.

38. Enn er Vijngardsmennerner sau Sonenn, sogdu þeir hvor til annars: þesse er Erfingenn, komed þier, og aflijfum vær hann, og leggium vier under oss hans Arfleyfd.

39. Og þeir gripu hann, og roku hann ut af Vijngardenum, og aflijfudu hann.

40. Enn nær HErrann Vijngardsins kiemur, hvad mun hann giora vid þessa Vijngardsmenn?

41. Þeir sogdu til hans: þeim vondum mun

mun hann vondslega fyrerfara, og finn Vijngaard byggia odrum Vijngardsmonnum, peir ed honum Avext giallda j riettann Tijma.

42. JEsus sagde til peirra: hafed pier aldrei lesid j Ritningunne, *pann Stein sem Byggendur hofdu utkastad, hann er ordenn ad Hyrningar Steine. Af Drottne er pad giort, og er undarlegt fyrer vorum Augum.

*Pſ.118, 22. Eſ.28, 16.

43. Fyrer pvi seige eg ydur, ad Guds Rijke mun fra ydur takast, og Heidingium giefid verda, peir sem paraf avext færa.

44. Enn hvor yfer pennann Stein (c) fellur, hann mun sundur mylias, enn yfer hvorn hann fellur, pann mun hann sundur meria.

(c) (Fellur) aller munu steyta sig a Christo, sumer til yferbotar, enn sumer til Hneixlunar.

45. Og pa peir yppurstu Prestar og Pharisei heyrdu hans Epterlijkingar, formerktu peir, pad hann talade um pa.

46. Og leitudu vid ad grijpa hann, enn ottudust po Folkid, pviad pad hiellt hann fyrer Spamann.

XXII. Capitule.

JEsus talar (I) um Utskufun Gydinganna, og ad Heidingiarner ættu ad medtakast: (II) kenner ad greida Skatt: (III) Predikar um Uprisuna: (IV) Spyr Pharisæana, hver hann se?

Gud-

Gudspialled XX. Sunnud. epter Trinitatis.

I. Og JEsus svarade og talade j annad sinn j Epterlijkingum til peirra, og sagde:

2. Himnarijke er lijkt peim Konge, sem Brudkaup giorde Syne sijnum.

3. Og sende ut sijna Piona ad kalla Bodsmennena til Brudkaupsins, og peir vilddu eige koma.

4. J annad sinn sende hann adra Piona ut, og sagde: seiged Bodsmonnunum, Siaed! Mijna Mœltijd hefe eg tilbuid, mijner Uxar og Alidfie eru slœtrader, og allt er til reidubuid, komid til Brudkaupsins.

5. Enn peir forsmœdu pad, og geingu j burt, eirn a sinn Akur, enn annar til sinnar Sijslunar.

6. Enn nockrer gripu hans Piona, dœrudu pa og dræpu.

7. Enn pa Kongurenn heyrde pad, vard hann reidur, og sende ut sinn Her, og fyrer for pessum Mordingium, og brennde Borg peirra.

8. Pa sagde hann til sinna Piona: Brudkaupid er ad Sonnu reidubuid, enn Giesterner peir voru pess eige verduger.

9. Fyrer pvi fared ut a Strœtinn, og bioded til Brudkaupsins hvorium sem pier finned.

10. Og Pionarner geingu ut a Strœtenn og

og samannsofnudu ollum heim peir fundu, Vondum og Godum, og Bordenn urdu alskipud.

11. Pa gieck Kongurinn inn ad sia Gestena, og hann sa par Mann, eige klæddann (a) Brudkaups Klædum.

(a) (Brudkaupsklæde) pad er Truenn, pviad Evangelium utskufar Verk-Heilsugum og medtekur pa sem trua.

12. Og sagde til hans: Vinur, hvornenn gieckstu inn hingad hafande ecke Brudkaups Klæde?

13. Enn hann pagde. Kongurinn sagde pa til sinna Pienara: bindid hans Hendur og Fætur, og varpid honum j ytstu Mirkur, par mun vera Oop og Tannagnistran.

14. Pviad marger eru kallader, enn faer utvalder.]

Gudsp. XXIII. Sunnud. epter Trinit.

II. 15. Pa geingu Pharisei burt, og hielldu raad, hvornenn peir skylldu veida hann j Ordum.

16. Og sendu til hans sijna Læresveina med Herodis Pienurum, og sogdu: Meistare, vier vitum ad pu ert sannsogull og kiennir Guds Veg riettelega, og skeytir eige nockrum, pviad pu fer ei ad Mannvirdingum.

17. Fyrer pvi seig ossh vad pier lytst, er pad riett ad giefa Keisaranum Skatt, edur ei?

18. Enn pa JEsus formerkte peirra flatskap,

skap, sagde hann: hvad freisted þier mijn Hræsnarar?

19. Syned mier Myntina Skattsins, og þeir feingu honum eirn Pening.

20. Og hann sagde til þeirra: hvors er þesse Mind og Yferskript?

21. Þeir sogdu honum: Keisarans. Þa sagde hann til þeirra: giefed þa Keisaranum hvad Keisarans er, og þad Gudi sem Gudz er.

22. Og er þeir heyrdu þad, undrudust þeir, forlietu hann og geingu j burt.]

III. 23. Á þeim sama Deige geingu Saducei til hans, hvorier ed hallda upprisuna ei vera, og spurdu hann ad,

24. Og sogdu: Meistare, Moyses hefur sagt, *þa nockur andadest, og hefde eige Barn epter, þa skyllde hans Broder eiga hans Eigennkonu, og uppvekia sijnum Brodur Sæde. *5B.Mos.25,5.

25. Enn hia oss voru sio Brædur, hinn fyrste fastnade sier Konu, og hann andadest, og af þvi hann hafde eckert Sæd, liet hann Brodur sijnum epter sijna Eigennkonu.

26. Lijka sa annar og hinn þridie, allt til siounda.

27. Enn sijdast epter alla þa andadest og Konann.

28. Hvors þeirra sio verdur hun nu eignarkona j Uppriſunne? þviad aller þeir hafa hana haft.

29. Enn

29. Enn JEsus svarade og sagde til peirra: þier villest, og vited ecke Ritningarnar, nie helldur Guds Krapt.

30. Þviad j Upprisunne munu þeir hvorki kvongast nie sig kvonga laata, helldur eru þeir sem Einglar Guds a Himne.

31. Enn hafed þier ei lesed af Upprisu framslidenna, hvad af GUde er ydur sagt, er hann seiger:

32. * Eg er GUd Abrahams, og GUd Jsaacs, og GUd Jacobs, enn GUd er ei GUd Daudra, helldur lifande Manna.

*2B. Mos. 3, 6.

33. Og er Folkid heyrde þetta, undradest þad hans Kienning.

Gudsp. XVIII. Sunnud. epter Trinit.

IV. 34. Enn þegar Pharisei heyrdu, þad hann hafde þaggad Saduceos, sofnudust þeir samann.

35. Og eirn Logvitringur medal þeirra, freistade hans og sagde.

36. Meistare, hvort er hid ædsta Bodord j Logmalenu? En JEsus sagde til hans:

37. * Elska skalltu DRottenn GUd þinn, af ollu Hiarta, af allre Sœlu, og af ollu Hugskote. *5B. Mos. 6, 5.

38. Þetta er hid hellsta og mesta Bodord.

39. Enn annad er þessu lijkt: * Elska skalltu Naunga þinn sem sialfann þig.

*3B. Mos. 19, 18.

40. J þessum tveimur Bodordum heinger allt Logmaal og Spaamennerner.

41. Enn þegar Phariſei voru nu til ſamans, spurde JEſus þa ad,

42. Og ſagde: Hvad virdeſt ydur um Chriſtum, hvors Son ed hann ſie? Þeir ſogdu Davids.

43. Hann ſagde til þeirra: Hvorninn kallar David hann þa j Anda eirn DRottenn? er hann ſeiger.

44. DRottenn ſagde mijnum DRottne: *Sit þu til minnar hægre Handar, þar til eg legg Ovine þijna til Skarar þinna fota.

*Pſalm. 110, 1.

45. Nu ef David kallar hann DRottenn, hvornenn er hann þa hans Sonur?

46. Og eingenn gat honum einu Orde ſvarad, og eige dyrfdeſt nockur uppfra þeim Deige, hann framar adſpyria.]

XXIII. Capitule.

JEſus Raadleagur (I) ad þeim ſe hlijdt er ſæte a Moſes Stole: (II) Hvopar Vej yfer Andlegum Hræſnurum: (III) Talar um Gudleyſe Jeruſalems Borgar lyds.

I. Þa talade JEſus til Folkſins, og til ſinna Læreſveina,

2. Og ſagde: A Moſis Stole ſitia Skriftlærder og Phariſei.

3. Allt hvad þeir ſeigia ydur þier ſkulud halida,

hallda, þad halldid og giorid, en epter þeirra Verkum skulud þier eige giora. Þviad þeir seigia þad, og giora ei.

4. Þeir samannbinda þungar Byrder og obærelegar, og leggia þær Mønnum a Herdar, enn sialfer vilia þeir ei ahræra þær fingre sijnum.

5. Þviad oll sijn Verk giora þeir, ad þeir siaest af Mønnum. Sijn (a) Minningarblød breidka þeir, og fallda sinna Klæda stæcka þeir.

(a) (Minningarblød) DRottenn hefur bodid Gydingum Num. 15, 38. 39. ad þeir skylldu giora Bremingar, framann a sijnum Klædum, og leggia þær med blaum Silke Snurum, og sumar Bremingar skylldu þiena þar til, Ad so opt sem þeir litu þær, Mal. 1, 6. þa skylldu þeir minnast Bodorda DRottins, og giora þaug. Nu so ad Phariseanner mættu synast sem idduglegast minnuger Bodorda DRottins, Þa stæckudu þeir miog þessar Bremingar.

6. Þeir sitia giarnann Efst til Bords, og j Samkunduhusum.

7. Og vilia giarnann Kvediur a Torgum, og af Mønnum Rabbi kallader verda.

8. Enn þier skulud ei lœta kalla ydur Rabbi, þviad eirn er ydar Meistare Christur, enn þier aller erud Brædur.

9. Og ongvann skulud þier Fodur kalla a Jordu, Þviad eirn er ydar Fader sa sem a Himnum er.

10. Og þier skulud ei lœta ydur Meistara kalla, þvi eirn er ydar Meistare Christur.

11. Sa sem ad mestur er ydar, sie hann ydar Pienare.

12. Pvi hvor sialfann sig upphefur, sa mun nidurlægast, og hvor sialfann sig nidurlæger, hann mun upphafenn verda.

II. 13. Vei ydur Skriftlærdum og Phariseis, pier Hræsnarar, hvorier (b) apturloked Himnarijke fyrer Monnum, ei ganged pier par jnn, og peim er par jnn vilia ganga, pa lofed pier ei par jnn.

(b) (Apturloked) Phariseí apturlokudu Himnarijke fyrer odrum j pann mæta, ad peir settu sig upp j mote sonnum Lærdome sem Gud hafde opennberad j sijnu Orde, og frammsettu eirn annan uppdiktadann Lærdom, fyrer hvorn ecke opnadest Himnarijke, helldur Helvijte Monnunum.

14. Vei ydur Skriftlærdum og Phariseis, pier Hræsnarar, Hvorier Eckna Hvs uppeted med yferhilmingu langra Bæna, Fyrer pad munud pier pess meire Fordæming odlast.

15. Vei ydur Skriftlærdum og Phariseis, pier Hræsnarar, hvorier um kringum fared Sio og Lond, so ad pier gisored eirn ad Gydingi, og nær hann er pad ordenn, gisored pier hann ad Barne Helvijtis, tvofalldt meir enn pier erud.

16. Vei ydur Blindum Leidtogurum, pier sem seiged, hvor hann sver vid Musterid, pad er eckert, enn hvor hann sver vid Gullid Musteresins, sa er sekur.

17. Pier

17. Þier Heimſker og Blinder, hvort er meira Gullid eda Muſterid, hvort ed helgar Gullid?

18. Og hvor ed ſver vid Alltarid, þad er eckert, Enn hvor hann ſver vid þad Offur ſem a þvi er, ſa er ſekur.

19. Þier Heimſker og blinder, hvort er meira Offrid edur Alltarid, þad ſem Offrid helgar?

20. Fyrer þvi, Hver hann ſver vid Alltared, ſa ſver vid þad ſama, og vid allt hvad þar er uppa.

21. Og hvor hann ſver vid Muſtered, ſa ſver vid þad og vid þann ſem þar bygger inne.

22. Og hvor hann ſver vid Himenenn, ſa ſver vid Guds Sæte, og vid þann ſem þar uppa ſitur.

23. Vei ydur Skriftlærdum og Phariſeis, þier Hræſnarar, hvorier tiundid Myntu, Aneth og Kumen, og yfergiefid þad hvad þynaſt er j Logmaalenu, einkum Domenn, Miſkunſemd, og Truna, þetta biriade ad giora, og hitt eige epter ad ſkilia.

24. Þier Blinder Leidtogarar, ſem (c) ſyed Mijfluguna, enn ſvelged Ulfvalldann.

(c) (Syed) þad er, þier gierid þrongva Samvitſku Monnum j þvi ſem lijtils verdt er, og aktid einſkis þad meſt er verdt.

25. Vei ydur Skriftlærdum og Phariſeis, þier Hræſnarar, ſem hreinum halded hid ytra

Bikurum og Diſkum, enn jnnann eru þeir fuller Rœans og (d) Ohoffsemi.

(d). (Ohoffsemi) meiningenn er, ad þeir hefde til ſijn hripſad alla hlute, og lifad j Oſdryckiu og ohofe, ecke aktande um Gud nie Salena, þeirra Fot og Bikarar eru vel fogur, enn Maturenn og Drickurenn þar j er rœn og ofneytſla.

26. Þu blindur Phariſeare, hreinſa firſt hid jnnra a Bikarum og Diſkum, ſo ad hid ytra verde og hreint.

27. Vei ydur Skriftlœrdum og Phariſeis, þier Hræſnarar, hvorier lijker erud forfœgudum Leidum Franmiidinna, hvor ed utann ſynaſt fogur, enn jnnann eru þaug full af Daudra manna Beinum, og allre oþeckt.

28. So erud og þier, hid ytra ſyneſt þier ad vera goder fyrer Monnunum, enn hid jnnra erud þier fuller Hræſne og Odygda.

29. Vei ydur Skriftlœrdum og Phariſeis, þier Hræſnarar, hvorier uppbygged Spœmanna Leidenn, og pryded Grafer Riettlœtra manna,

30. Og ſeiged: Ef vier hefdum verid a Dogum Fedra vorra, ſkylldum vœr eige verid hafa Hluttakande med þeim j Blode Spœmannanna?

31. So bered þier ſialfer ydur vitne, ad þier erud þeirra Born ſem Spœmennena afliſiudu.

32. Nu vel! Uppfylled mœling Fedra ydvara.

33. Þier

33. Þier Eiturormar, þier Nædrukin, hvornenn vilied þier umflyia Helvijtſka Fyrerdæming?

Gudſpialled ad Annann i Jolum.

III.34. Fyrer þvi ſiaed, Eg ſende til ydar Spaamenn, Spekinga, og Skriftlærda menn, og nockra af þeim munud þier aflijfa og Krosſfeſta, og ſuma munud þier hvdſtrykia j Samkunduhuſum ydar, og af annare Borg j adra munud þier þa ofſækia.

35. So ad yfer ydur kome allt Riettlaatt Blod, ſem a Jordena ut er hellt, j fra Blode Abels Riettlaata, allt til Blods Zachariæ Sonar (e) Barachia, hvorn þier draapud a mille Muſteris og Alltariſins.

(e) (Barachias) þeſſe Barachias hafde tvo Nafn, þviad 2 Paral. 42. heiter hann Jojada, ſo ſem tijdkanlegt er almennelega j Ritningunne og annarſta dar med tvo Nafn.

36. Sannlega ſeige eg ydur, ad allt þetta mun koma yfer þeſſa Kinſlod.

37. Jeruſalem, Jeruſalem, þu ſem aflijfar Spaamennena, og gryter þa ſem til þijn eru ſender; Hvorſu opt hef eg viliad ſamannſafna Bornum þijnum lijka ſem ad Hænann ſafnar Ungum ſijnum under Vænge ſier, og þier hafid eige viliad?

38. Siaed, Ydart Hvs ſkal ydur j eyde laatid verda.

39. Þviad eg ſeige ydur, þier munud eige

sia mig upp fra þessu, þar til þier seigid: Lofadur sie sa sem kiemur j Nafni DRottins.]

XXIV. Capitule.

JEsus talar (I) um Jerusalems Forey:slu, og (II) um Ender Heimsens.

1 Og JEsus gieck utaf Musterinu, og hans Læresveinar geingu til hans, ad þeir synde honum Bygging Musterisins.

2. Enn JEsus sagde til þeirra: siaed þier ecke allt þetta? Sannlega seige eg ydur, ad hier mun eige vera Steirn yfer Steine, sa er eige mun nidurbrotinn verda.

3. Enn sem hann sat a Fiallenu Oliveti, geingu hans Læresveinar til hans einslega, og sogdu; Seig oss Hvonær þetta mun skie, og hvort Teikn er þinnar Tilkomu, og Veralldarennar Enda?

4. Enn JEsus svarade og sagde til þeirra: siaed til ad eingenn ville ydur.

5. Þviad marger munu koma under minu Nafne, og seigia: Eg em Christur, og þeir munu marga villa.

6. Þier munud heyra Bardaga og Bardaga tijdende, siaed til, ad þier skielfest ecke, þviad allt þetta hlytur first ad skie, Þo er þa ei Enderenn komenn.

7. Þviad þar mun ein Þiod hefia sig upp j mote annare, og eitt Kongsrijke j mote odru, og þar munu vera Drepsotter og Dyrtijd, og Jardskialftar ollumeigenn.

8. Þa

8. Þa munu hid fyrsta Harmkvælingarnar byriast.

9. Þa munu þeir ofurselia ydur j Hardkvæle, og ydur munu þeir Lijfe firra, og þier verded hatader af ollum Þiodum fyrer mijns Nafns saker.

10. Og þa munu marger Hneixlast, og jnnbyrdis hvor annann svikia, og hvor annann jnnbyrdis hata.

11. Og marger Fals-spaamenn munu sig þa upphefia, og marga afvega leida.

12. Og af þvi ad Raanglæted mun yfergnæfa, mun Kiærleikur margra kolna.

13. Enn hvor ed stadfastur blijfur allt til Enda, sa mun holpenn verda.

14. Og Evangelium Rijkesins muu predikad verda um allann Heim, til Vitnisburdar yfer allar þioder, og þa mun Enderenn koma.

Gudspialled XXV. Sunnud. eyter Trinit.

15. Nær þier siaed nu (a) Svivirding eydeleggingarennar, af hvorre sagt er fyrer Spaamannenn Daniel, *ad hun stendur j þeim Heilaga Stad, Hvor þad les hann hygge þar ad. *Dan. 9, 27.

(a) (Svivirding) þesse Svivirding hlytur ad hafa fyrer Gude fagra utvortis Helgedoms asynd fyrer Veroldenne, med hvorre sa riette Helgedomur afmaest, so sem Pavans yfirdrottnan og Gydinga og Heidingia Afgudadyrdkun var fordumtijdis.

16. Hvor þa er a Gydingalande, flye sa uppa fioll.

17. Og hvor hann er a Ræfre, fare sa ei ofann, nockud ad taka ur sijnu Hwsi.

18. Og sa sem a Akre er, snue hann ei aptur ad sækia Klæde sijn.

19. Vei Pungudum og þeim sem hafa Born a brioste a þeim tijma.

20. Bidied ad ydar Flótte skie ei a (b) Vetur, edur a Sabbaths Deige.

(b) (Vetur) þad er Ordtæke, merkiande so mikid, Siaed til ad þier flyed a tilhlýdilegum tijma, þvi þad er ecke gott a Vetrartijma ad ferdast, og a Sabbathsdøgum var þad Gydingum forbodid.

21. Þviad þa mun verda so stor Hormung, hvilijk ad eige var j fra Upphafi Veralldar allt til þessa, og eige helldur verda mun.

22. Og nema þad ad þesser Dagar sieu stytter, verdur eingenn Madur holpenn, En fyrer Utvaldra saker þa skulu þeir Dagar styttast.

23. Enn ef nockur seiger þa til ydar, (c) Siaed, hier er Christur, þar, edur þar, þa skulud þier ei þvi trua.

(c) (Siaed þier) þetta eru þeir Flockar og Reglumenn, sem leitast vid ad lifa vel utvortis og i synelegum Verkum, sierdeilislega eru nu Herberge eda Svefnhus oll andleg Klaustur, enn Eydemerkenn er Pilagrijms Ferder, Heilagger Stader, og þaug Klaustur sem standa langt fra Bygdum.

24. Þviad upp munu rijsa Falschristar, og

og Falsspaamenn, og þeir munu giora stor Tækn og Undur, so ad j Villu munu leidast (ef skie mætte) eirnenn Utvalder.

25. Siaed, Eg seige ydur þad fyrer.

26. Þar fyrer, nær þeir seigia til ydar: Siaed, Hann er a Eydemsrku, þa ganged ei ut, Siaed hann er j Herberge, þa trued eige.

27. Þviad so sem Elding utgeingur af Austre, og skijn allt til Vesturs, lijka so mun vera Tilkoma Mannsins Sonar.

28. Þviad hvar hellst ad (d) Hræed er, þangad safnast Ernerner.]

(d) (Hræed) þetta er Ordtæke sem hefur slika Meining, vid vilium finnast; hvar eg er; þar skulud þier og so vera. Eins og Hræid og Aurnenn finnast vel, þeim þarf ecke ad vijsa til samans.

H. 29. Enn strax epter Hormung þessara Tijma, mun Sol, sem Tungl missa sitt Skin, og Stiornur munu af Himnum hrapa, og Kraptar Himnanna munu hræra sig.

30. Og þa mun Teikn Mannsins Sonar birtast a Himne. Og munu þa græta allar kinkvijsler Jardar, og þeir munu sia Mannsins Son komande j Skyum Himens, med Krapte miklum, og Dyrd.

31. Og sijna Engla mun hann utsenda, med Bason og storre Raust, og hans Utvoldum munu þeir saman safna af fiorum Vindum, fra einne Endingu Himens til annarar.

32. Af Fijkiutrienu læred eina Epterlijking.

Nær ed þess Kvistir gioraſt frioer, og Laufenn vot ſpretta, þa vited þier þad Sumared er j nánd.

33. Lijka so, nær ed þier ſiaed allt þetta, þa vited, ad þad er nærre fyrer Dyrum.

34. Sannlega ſeige eg ydur, ad þesſe Kinſlood inun eige forganga, þar til ad allt þetta (e) ſkier.

(e) (ſkier) þad er, allt þetta ſkal taka til ad ſkie, a þeſſum tijmum a medan þier lifid.

35. Himen og Jord munu forganga, enn mijn Ord munu ei forganga.

36. Enn af þeim Deige og Stundu veit eingenn, og ecke Einglar a Himnum, nema minn Fader eirn ſaman.

37. Enn lijka ſem var um Daga Noe, ſo mun og verda Tilkoma Mannſins Sonar.

38 Þvi ſo ſem þeir voru a þeim Dogum fyrer Flooded, ad þeir átu, þeir drucku, þeir * giptuſt og lietu gipta ſig, allt til þeſs Dags, a hvorium Noe gieck j Örkena.

1B.Moſ.6,2.

39. Og þeir ſættu þvi ei þar til ad Floded kom og tók þa alla burt. So mun og vera j Tilkomu Mannſins Sonar.

40. Þa munu tveir a Akre vera, og mun eirn upptekenn, enn annar forlátenn verda.

41. Tvær munu j einu Kvernhvose malande vera, og mun ein upptekenn, og onnur forlátenn verda.

42. Fyrer

42. Fyrer þvi vaked, þviad þier vited eige, a hvorre Stundu ydar HErra mune koma.

43. Enn þad skulud þier vita ad ef Hvssfaderenn visse a hvorre Stundu ed Þiofurinn kiæme, munde hann vaka, og læta ei sitt Hvs j sundurgrafa.

44. Fyrer þvi vered þier og reidubuner, þviad Mannsins Son mun koma, a þeirre Stundu þier meined ecke.

45. Enn hvor hann er trur Þion og forsiall, sem Herrann hefur sett yfer sijn Hiu, ad hann giefe þeim Fædu j riettann Tijma.

46. Sæll er sa Þion nær hans Herra kiemur, og finnur hann so gioranda.

47. Sannlega seige eg ydur, ad hann mun setia hann yfer oll sijn Audæfe.

48. Enn ef eirn af þeim vondu Þionum seiger j sijnu Hiarta: minn Herra dvelur enn nu leinge ad koma,

49. Og tekur ad sla sijna Samlagsþiona, etur og dreckur med Dryckiurvoturum.

50. Þa kiemur HErra þess Þions, a þeim Deige sem hann vonar eige, og a þeirre Stundu er hann meinar ei,

51. Og mun j sundurparta hann, og mun giefa honum Laun med Hræsnurum, þar mun vera Dop og Tannagnistran.

XXV. Capitule.

IEsus talar (I) um þær Tiju Jomfrur: (II) um

Pundeð sem Pionunum var fenged i hendur: (III) Um Doms-Dag.

I. Þa mun Himnarijke lijkt vera tiju Meyum, hvoriar ad toku sijna (a) Lampa, og geingu ut j mote Brudgumanum.

(a) (Lampa) Lampar sem ecke er Oleum j, eru Godverk ann Truar, þeir hliota aller ad slockna, þesse Olin Krus er Truinn j Samvitskunne til Guds Naadar. Hun giorer þau godverk sem dugangleg eru, enn so sem eingenn giefur hier annare af sijnu Oleo, so a og hver ad trua fyrer sig.

2. Enn fimm af þeim voru favijsar, og fimm forsialar.

3. Þær sem favijsar voru, toku sijna Lampa, enn toku þo ecke Vidsmior med sier.

4. Enn hinar Forsialu toku j sijnum kierum Vidsmior, med Lompunum.

5. Og er Brudgumenn giorde dvol a ad koma, syfiade þær allar, og sofnudu.

6. Enn um Midnætte kom Kall, siaed, Brudgumenn kiemur, ganged þier ut j mote honum!

7. Þa stodu upp allar þessar Meyar, og pryddu sijna Lampa.

8. Enn þær Favijsu sogdu til hinna Forsialu: giefid oss af Vidsmiore ydru, þviad vorer Lampar slockna ut.

9. Hinar Forsialu svorudu og sogdu: ecke, so ma vera ad ei sie nog fyrer oss og so ydur, farid þier helldur til Solumanna og kauped ydur sialfar.

10. Enn

10. Enn er þær geingu ad kaupa, kom Brwdgumenn, og þær sem reidubunar voru, geingu med honum inn so til Brudkaupsins, og Hurdenne var apturlokad.

11. Ad sijdustu komu og hinar adrar Meyar, og sogdu: Herra, Herra, lwk þu upp fyrer oss.

12. Enn hann svarade og sagde: sannlega seige eg ydur, ad eg þecke ydur eige.

13. Fyrer þvi vakid, þviad þier vitid eige þann Dag nie Stund, a hverre Mannsins Son mun koma.

II. 14. Lijka sem sa Madur, er ferdadest utanlands, kallade sijna Þiona, og fieck þeim sitt Gods.

15. Og einum fieck hann fimm (b) Pund, enn odrum tvo, hinum þridia eitt, hverium einum epter sijnum Mætte, og ferdadest strax af stad.

(b) (Pund) Pund er Guds Ord, sem oss er tiltruad, hvar þvi vel framfilger, hann abatast miog þar af, og kenner morgum odrum, enn hinn sem lætur þad nidre liggia, hann fær litinn Agoda þar af, þvi þad er j sialfu sier ad eins Ord, enn þad framm kœmer meir fyrer suma enn suma, þar fyrer kallast þad stundum fimm Pund, stundum tvo Pund.

16. Þa gieck sa til sem fimm Pund hafde medtekid, og kaupslagade med þeim somu, og vann þar med onnur fimm Pund.

17. Lijka eirnenn sa sem tvo Pund hafde medteked, vann og a tvo onnur.

18. Enn

18. Enn sa eitt Pund hafde medtekid, for burt, grof i Jordu, og falde par sijns Herra Fie.

19. Enn epter langann Tijma lidinn, kom Herrann pessara Piona, og hiellt Reikningskap vid pa.

20. Pa gieck sa til sem fimm Pund hafde medteked, og lagde ønnur fimm Pund par til, og sagde: Herra, fimm Pund fieckstu mier, sia, ønnur fimm hefe eg a-unned.

21. Hans Herra sagde honum: ey pu gode og trulynde Pion! pu hefur verid Trwr yfer litlu, eg vil setia pig yfer mikid, gack jnn j pijns Herra Fognud.

22. Pa gieck og sa ad sem tvo Pund hafde medtekid, og sagde: Herra, tvo Pund fieckstu mier, sia ønnur tvo Pund hefe eg med peim a-unnid.

23. Hans Herra sagde til hans: ey pu hinn gode Pion, og Trwlynde! pu varst trur yfer litlu, eg vil setia pig yfer mikid, gack jnn j pijns Herra Fognud.

24. Pa gieck sa ad sem eitt Pund hafde medteked, og sagde: Herra, eg veit ad pu ert hardur Mann, pu uppskier hvar pu soader eige, og samansafnar hvar pu dreifder eige.

25. Og ottasleigenn for eg burt og falde Pund pitt j Jordu. Sia! par hefur pu pad hvad pitt er.

26. Enn hans Herra svarade og sagde til hans:

haus: þu vondur Þion, og latur! visser þu ad eg skier upp hvar eg soade ei, og samanusafna hvar eg dreifde eige?

27. Þvi byriade þier ad fa minn Þening Veslunarmonnum, og nær eg kiæme, hefde eg hvad mitt er til mijn teked med okre.

28. Fyrer þvi taked af honum þad Þund, og giefed honum sem tiju Þund hefur.

29. Þviad hvor hann hefur, honum mun giefed verda, og mun hann nægd hafa, enn hvor ed eige hefur, fra þeim mun teked verda og þad hann hefur.

30. Og þeim onyta Þion kasted þier j hin ytstu Myrkur, þar mun vera Oop og Tannagnistran.

Gudspialled XXVI. Sunnudag eyter Trinitatis.

III. 31. Enn þa Mannsins Son mun koma j sinne Dyrd, og allir Helger Englar med honum. Hann mun þa sitia j Sæte sinnar Dyrdar.

32. Og allar Þioder munu samansafnast fyrer honum, og hann mun þa sundurskilia hvoria fra odrum, so sem Hirder sundurgreiner Saude fra Kidum.

33. Og Saudunum mun hann skipa til sinnar hægre Handar, enn Kidunum til vinstre.

34. Þa mun Kongurinn seigia til þeirra sem a hægre Hond eru: komed hier þier Blessader Fodur mijns, og eignist þad Rijke, sem ydur var tilbuid fra Upphafe Veralldar.

35. Þvi-

35. Þviad hungradur var eg, og þier gœfud mier ad eta, þyrstur var eg, og þier gœfud mier ad drecka. Giestur var eg, og þier hystud mig.

36. Nakenn var eg, og þier klæddud mig. Siukur var eg, og þier vitiudud mijn. Í Myrkvastofu var eg, og þier komud til mijn.

37. Þa munu hiner riettlœtu svara og seigia: Herra, hvenar saum vær þig hungradann, og mettudum þig? edur þyrstann og gœfum þier ad drecka?

38. Eda hvenar saum vær þig Giestkomenn og hystum þig? Eda Nakenn og klæddum þig?

39. Eda hvenar saum vær þig siukann, eda j Myrkvastofu, og komum til þijn?

40. Og Kongurenn mun svara og seigia til þeirra: Sannlega seige eg ydur, hvad þier giordud einum af þessum mijnum minnstu Brœdrum, þad giordud þier mier.

41. Þa mun hann og seigia til þeirra sem til vinstre Handar eru: farid burt fra mier þier Belvader, j eylijfann Elld, þann sem fyrerbuinn er Fiandanum og hans Arum.

42. Hungradur var eg, og þier gœfud mier eige ad eta, þyrstur var eg, og þier gœfud mier eige ad drecka.

43. Giestur var eg, og þier hystud mig eige. Nakenn var eg, og þier klæddud mig eige. Siukur

kur og i Mirkvastofu var eg, og þier vitiudud mijn eige.

44. Þa munu þeir svara honum og seigia: Herra, hvenær saum vær þig hungradann, þyrstann, eda Giest, edur nakenn, siukann edur i Mirkvastofu, og hofum þier ecke þionad?

45. Þa mun hann svara þeim og seigia: sannlega seige eg ydur, hvad þier giordud eige einum af þessum enum minnstu, þad giordud þier mier eige. Og munu þeir ganga i eylijfar Pijsler, enn Riettlæter j eylijft Lijf.]

XXVI. Capitule.

JEsus er (I) smurdur af einne Konu: (II) Er svikinn af Judas: (III) Afneitast af Petre.

I. Og þad skiede, þa JEsus hafde lyckstad alla þessa Rædu, sagde hann til sinna Læresveina.

2. Þier vitid, ad epter tvo Daga eru Paskar, og Mannsins Son mun ofurseliast, ad hann krossfestur verde.

3. Þa somnudust samann þeir ædstu Prestar, og Skriftlærder, og Øldungar Lydsins j Holl Kiennemannahofdingians, þess er Caiphas hiet.

4. Og hielldu Ræd hvernenn þeir giæte med slægd gripid JEsum, og lijflæatid hann.

5. Enn þeir sogdu: eige a Hæatijdardeigenum, so ad eige verde Upphlaup med Folkenu.

6. Enn

6. Enn þa JEsus var nu j Bethania, j Hvosi Simonis hins spitelska.

7. Gieck ein Kona ad honum, hafande eitt Glas dyrdligs Smyrslavatz, og hun hellti þvi yfer Hofud honum, þar hann sat vid Bordid.

8. Enn er þad sau hans Læresveinar, þyck-tust þeir vid, og sogdu: til hvors er þesse Spilling?

9. Þetta Vatn hefde matt seliast fyrer mi-ked, og giefast Fatækum.

10. Enn þa JEsus fornam þad, sagde hann til þeirra: hvad erud þier yfner vid þessa Konu? þvi (a) gott Verk giorde hun a mier.

(a) (Gott Verk) þar ma sia ad Truenn alleina giorer Verked gott, þviad hvors Manns Skinseme hefde fordæmt þetta Verk, so sem Postularner sialfer giordu, þvi þaug eru Verkenn best sem Madur veit ei hvad god ad eru.

11. Fatæka hafed þier jafnann hia ydur, enn mig hafed þier ei alla Tijma.

12. Þad hun hellte sijnu Smyrslavatne yfer minn Lijkama, þad giorde hun ad eg yrde (b) greftradur.

(b) (Greftradur) Iæatid þad so skie, þetta er þad sei-nasta sem hun giefur mier, þvi eg mun deya.

13. Sannlega seige eg ydur, hvar þetta Evangelium predikad verdur j ollum Heime, mun sagt verda, j hennar Minning, hvad hun hefur giort.

II. 14. Þa gieck burt eirn af þeim tolf, sa er Judas Iscarioth hiet, til Kiennemannahofdingianna,

15. Og sagde: hvad vilied þier giefa mier, eg vil selia ydur hann? Enn þeir budu honum þriatijge Silfurpeninga.

16. Þadann j fra leitade hann lags ad svijkia hann.

17. Enn a firsta Sætabrauds Deige geingu Læresveinarner til JEsum, og sogdu til hans: hvar villtu ad vier tilreidum þier Paskalambid ad eta?

18. Hann sagde: fared þier j Borgena til nockurs, og seiged honum: Meistarenn lætur seigia þier: Minn Tijme er j nœnd, hia þier vil eg Paska hallda, med Læresveinum mijnum.

19. Og Læresveinarner giordu so sem JEsus hafde þeim bodid, og reiddu til Paskalambid.

20. Enn ad Kvollde komnu sette hann sig til Bords med þeim tolf.

21. Og er þeir œtu, sagde hann: Sannlega seige eg ydur, ad eirn ydar mun svijkia mig.

22. Og þeir hriggdust miog vid, og hvor eirn þeirra sagde til hans: er eg þad nockud Herra?

23. Enn hann svarade og sagde: sa er Hendenne drepur j Fatid med mier, sa mun mig forrœda.

24. Mann-

24. Mannsins Son mun ad sonnu fara so sem skrifad * er af honum, enn þo vei þeim Manne fyrer hvorn Mannsins Son verdur svikinn, betra være þeim sama Manne hann hefde alldrei fæddur verid. *Psal.41,10.

25. Þa svarade Judas, sa er forried hann og sagde: er eg þad nockud Rabbi? Hann sagde til hans: þu sagder þad.

26. Og þa þeir neyttu, tok JEsus Brauded, gierde þacker og braut þad, gaf þad Læresveinunum og sagde: taked og eted, þad er minn Lijkame.

27. Og hann tok Kaleikenn, gierde þacker, gaf þeim hann og sagde: drecked aller þar af.

28. Þad er mitt Blod, þess Nya Testamentis, hvert ed uthelliſt fyrer marga til Syndanna Fyrergiefningar.

29. Enn eg seige ydur, ad eg mun eige hiedann j fra (c) drecka af þessum Vijnvidar Avexte, allt til þess Dags, er eg mun drecka þad nytt med ydur j mijns Fodurs Rijke.

(c) (Drecka) þad er, vier munum hier epter ongva lijkamlega Umgeingne hafa til samans, og þetta skal vera vort Valete.

30. Og ad Lofsaungnum sungnum, geingu þeir til Fiallsins Oliveti.

31. Þa sagde JEsus til þeirra: a þessare Nottu munud þier aller hneixlast a mier, þviad skrifad er: *Hirderenn mun eg sla, og Sau-

Sauder Hiardarennar munu j sundurtvijstraſt. *Sach.13,7.

32. Enn epter þad ad eg er upprisenn, mun eg ganga fyrer ydur j Galilea.

33. Petur svarade og sagde til hans: Og þo aller hneixlest a þier, þa skal eg þo alldrei hneixlast.

34. JEsus sagde til hans: Sannlega segie eg þier, ad a þessare Nottu adur enn Hanenn galar, muntu afneita mier þrisvar.

35. Petur sagde til hans, Eirnenn þo mier byriade med þier ad deyia, skylde eg eige neita þier. Slijkt hid sama sogdu og aller Læresveinarner.

36. JEsus kom þa med þeim, j þad Gerdistun, sem kalladest Gethsemane, og sagde til sinna Læresveina: Sitied hier a medann eg fer þangad og bidst fyrer.

37. Og hann tok med sier Petrum og þa tvo Sonu Zebedei, og tok þa til ad hriggiast, og titra.

38. JEsus sagde til þeirra: Hrigg er Sæla mijn allt til Dauda, blijfed hier og vakid med mier.

39. Og hann gieck litlu einu frammleingra, fiell framm a sijna Asionu, bidiande og sagde: Fader minn, ef mogulegt er, þa lijde af mier Kaleikur þessi, þo ei so sem eg vil, helldur so sem þu villt.

40. Og hann kom til sinna Læresveina, og fann

fann þa sofande, og sagde til Peturs: Hvort gaatud þier ecke eina Stund vakad med mier?

41. Vaked þier og bidied, so ad þier falled ei j Freistne, Andenn er fwss, enn Holldid er breiskt.

42. J annad sinn gieck hann aptur burt, bad og sagde: Fader minn, sie þad ecke mogulegt ad þesse Kaleikur lijde fra mier, utann eg drecke hann, þa verde þinn Vilie!

43. Og hann kom og fann þa aptur sofande, þvi þeirra Augu voru full af Svefne.

44. Og hann liet þa kirra, og gieck j burt aptur, og bad i þridia sinn, og talade þau sonu Ord.

45. Þa kom hann til sinna Læresveina, og sagde til þeirra. Æ! vilied þier nu sofa og hvijlast, siaed, su Stund tekur ad nalgast, ad Mannsins Son mun ofurseliast j Syndugra Hendur.

46. Standed upp, og forum vær. Siaed, þar er sa er mig forrædur.

47. Og sem hann var nu enn ad tala, sia, þa kom Judas, eirn af þeim tolf, og med honum Flockur mikell med Sverdum og Stongum, utsender af Kiennemanna Hofdingium, og Øldungum Lydsins.

48. Enn sa er hann forried gaf þeim Teikn og sagde: hvern hellst sem eg kysse, sa er þad, grijpid hann.

49. Og jafnsnart gieck hann ad JEsu og sagde: heill siertu Rabbi! og kysste hann.

50. Enn

50. Enn JEsus sagde til hans: Vinur! hvar til komstu hingad? Pa geingu peir pangad, og logdu Hendur a JEsum og gripu hann.

51. Og sia, ad eirn utaf peim sem med JEsu voru, riette ut Hondena, rickte sijnu Sverde, slo Pion Kiennemanna Hofdingians, og hio af hans Eyra.

52. Pa sagde JEsus til hans: sticktu pijnu Sverde aptur j sinn Stad. Pviad hvor sem Sverded tekur, hann mun fyrer (d) Sverde (e) faraſt.

(d) (Sverdid) peir taka Sverdid sem bruka pad fyrer utann Valldstiornar Embætte og Bifalning.

(e) (faraſt) pad er, hann er fallenn under Sverdsins Dom, po ad peir sem Valld hafa yfer Sverdenu framfilge stundum ei peim Domi, annad-hvort vegna bota edur annars, so stadfester Christur Sverdid.

53. Edur meinar pu, ad eg kunne ecke ad bidia minn Fodur, ad hann ſickade mier meir enn tolf Legion Eingla?

54. Eda hvornenn uppfyllaſt pa Ritningarnar? So biriar ad allt ſkule ſkie.

55. A peim tijma sagde JEsus til Flocksins: Pier erud utgeingner, lijka sem til annars Rœningia, med Sverdum og Stongum ad hondla mig. Daglega hefe eg po hia ydur setid, og kienndt j Musterenu, og pier hafid mig eige gripid.

56. Enn alt þetta er skied so ad uppfylldust Ritningar Spaamannanna. *Þa forlietu hann aller Læreſveinarner og flydu:

*Pſal. 88, 9.

57. Enn þeir sem JEſum hofdu gripid, leiddu hann til Caiphas þeſs yppersta Prests, hvared Skriftlærder og Øldungar voru samankomner.

58. Enn Petur filgde honum epter a-leingdar, allt j Salenn Kiennemannahofdingians, og gieck jnn, sette sig hia Þienurunum, so ad hann sæe hvor Ender þa a yrde.

59. Enn þeir ædstu Prestar, og Øldungar og allt Raaded, leitudu Lingvitna j giegn JEſu, so ad þeir giæte Deydt hann.

60. Og fundu eingenn. Og þo ad morg Falſvitne geinge framm ad, þa fundu þeir eckert. Enn ad sijdustu geingu tveir Fals-Vottar framm,

61. Og sogdu: Hann hefur sagt: Eg giet nidurbrotid Muſtere Guds, og epter þria Daga þad upp aptur byggt.

62. Sa ædste Prestur stod þa upp og sagde til hans: Svarar þu aungvu til þeſſa, sem þesſer vitna j mote þier?

63. Enn JEſus þagde; sa Ædste Prestur ansade og sagde til hans: Eg sære þig fyrer lifanda Gud, ad þu seiger oſs, Ef þu ert Christur Sonur Guds.

64. JEſus

64. JEsus sagde: Þu seiger þad, Þo seige eg ydur, Hier epter mun þad skie, ad þier munud sia Mannsins Son sitia til hægre Handar Kraptarins, og komande j Skyum Himens.

65. Þa reif Kiennemannahofdingenn sijn Klæde, og sagde: Hann Gudlastade, Hvad þurfum vær Vitnanna vid? Sia, Þier heyrdud nu sialfer hans Gudlastan.

66. Hvad Virdest ydur? Þeir svorudu og sogdu: Hann er Daudans sekur.

67. Þa spyttu þeir i hans Asian, og bordu hann med Knefum, En adrer sloou hann i hans Andlit,

68. Og sogdu: Spa þu oss Christe, hver er sa er þig slo?

III. 69. Enn Petur sat þar utann fyrer j Salnum, Og Ambatt ein gieck ad honum og sagde, Og þu varst med JEsu af Galilea.

70. Enn hann neitade fyrer ollum, og sagde: Eg veit eige hvad þu seiger.

71. Enn sem hann gieck ut um Dyrnar, leit hann ein annur, og sagde til þeirra sem þar voru: Þesse var og med JEsu af Nazareth.

72. Og j annad sinn neitade hann aptur med Eyde, og sagde: Ei þecke eg þann Mann.

73. Og innan skams geingu þeir ad sem þar stodu, og sogdu til Peturs: Ad sonnu ertu einn af þeim, þviad þitt Mæal openberar þig.

74. Þa tok hann til ad formæla sier og

sveria: eg þecke ei þann Mann. Og jafnsnart gol Hanenn.

75. Þa minntist Petur Orda JEsu, er hann sagdi til hans, adur enn Hanenn galar, muntu afneita mier þrisvar, Og hann gieck ut og griet beisklega.

XXVII. Capitule.

JEsus er (I) aklagadur: (II) Fordæmdur: (III) Hæddur: (IV.) Greftradur.

I. Enn ad Morgne hielldu aller ædstu Prestar og Øldungar Lydsins Raad mote JEsu, so ad þeir giætu hann lijflaatid.

2. Og þeir bundu hann og leiddu j burt, og af-hendtu hann Landshofdingianum Pontio Pilato.

3. Þa er Judas sa, er hann hafde forraadad, saa þad, ad hann var til Dauda dæmdur, Idradest hann þess, og færde aptur þeim ædstu Prestum og Øldungum þa Þriatijger Silfurpeninga,

4. Og sagde: Illa giordi eg ad eg forried saklaust Blod. Enn þeir sogdu: Hvad kiemur þad vid oss? Sia þu þar fyrer.

5. Og hann snarade þeim Silfurpeningum j Musterid, skundade þadann, gieck j burt, og heingde sialfann sig.

6. Enn þeir ædstu Prestar toku Silfurpeningana og sogdu: Eige hæfer ad vier laa-

tum

tum þa j Guds Kistuna, þviad þad er Blods Peningur.

7. Enn þeir hielldu eitt Raad, og keyptu med þeim eirn Leirsmids Akur, Vegfarendum til greftrunar.

8. Fyrer þad er sa Akur kalladur Blodsakur allt til þessa dags.

9. Þa er uppfyllt hvad sagt er fyrer Jeremiam Spamann, * segiande: Þeir toku þa þriatijgu Silfurpeninga, er hinn Sellde var med bitaladur, hvorn þeir keyptu af Israels Bornum.

* Jer.32,6.8. Sach.13,13.

10. Og hafa giefid þa fyrer Leirkierasmidsakur, epter þvi sem Drottenn hafde mier bodid.

11. Enn JEsus stod framme fyrer Landsdomaranum, Og Landsdomarenn spurde hann ad, og sagde: Ertu Kongur Gydinga? Enn JEsus sagde til hans: Þu seiger þad.

12. Og sem hann aaklagadest af þeim Edstu Prestum og Oldungum, svarade hann engvu.

13. Þa sagde Pilatus til hans: Heyrer þu ecke hvorsu hardlega þeir aasaka þig?

14. Og eige svarade hann honum til nockurs Ords, so ad Landsdomarenn undradest þad nærsta.

15. Enn a Hatijdardeigenum var Landsdomarenn vanur, Folkenu lausann ad laata eirn Bandingia, hvorn hellst þeir villdu.

16. Enn þa hafde hann eirn (a) Frabœrann Bandingia, framar odrum, sa er Barrabas hiet.

(a) (Frabœrann) Matthæus meinar so, ad Pilatus vilde framsetia hann argasta Mordingia, so Gydingar skylldu ecke kunna fyrer hann ad bidia, enn þeir hefde helldur sialfann Diofulenn gefid lausann, enn þeir hefde bedid fyrer Guds Son, so geingur þad til j Dag, og alltijd.

17. Sem þeir voru til samans komner, sagde Pilatus til þeirra: Hvorn vilied þier ad eg giefe ydur lausann, Barrabam eda JEsum, um hvorn ad sagt er, ad hann sie Christur?

18. Þviad hann visti vel, ad þeir hofdu fyrer Haturs saker ofurselt hann.

19. Og sem hann sat a Domstolnum, sende hans Hvsfru til hans, og liet seigia honum: Haf þu eckert ad giora med þennann Riettlata, þviad margt hefe eg lided j Dag j Draume fyrer hann.

II. 20. Enn þeir ædstu Prestar og Olldungar riedu Folkenu, ad þad skylde bidia um Barrabam, enn JEsum skylldu þeir deyda.

21. Landsdomarenn svarade þa og sagde til þeirra: Hvorn af þessum tveimur vilied þier ad eg læate ydur lausann? þeir sogdu: Barrabam.

22. Pilatus sagde til þeirra: Hvad skal eg þa giora vid JEsum, af hvorium sagt er ad hann sie (b) Christur? Þeir sogdu honum aller, læat hann krossfestast.

(b) Chri-

(b) (Christur) Pilatus talar uppa spie, til Gydinga, Pier seiged, þesse er Christur, þad er Kongur, sem þier kalled hann, enn mier lytst hann ein aum saklaus Mannskiepna. So talar og Marcus, hann er Christur. Johannes utleggur þ. sse Ord so, skal eg krossfesta yduarn Kong.

23. Enn Landsdomarenn sagde: Hvad hefur hann þa illt giort? Enn þeir kelludu þvi meir, seigiande: lœat krossfesta hann!

24. Þa er Pilatus sa þad hann gat ecke adgiort, helldur þad, ad þar yrde enn meira Upphlaup af, tok hann Vatn, og þvode Hendurnar fyrer Folkenu, og sagde: Saklaus em eg af Blode þess hins Riettlœta, siaed þier til.

25. Þa svarade allur Lydur og sagde: Hans Blod komie yfer oss og yfer Born vor.

26. Þa gaf hann þeim Barrabam lausann, enn JEsum liet hann hœdstrykia og afhendte þeim hann, ad hann Krossfestest.

III. 27. Þa toku Strijdsmenn Landsdomarans JEsum med sier inn j Pijnghœsid, og þeir sofnudu saman ad honum ollu Lidenu.

28. Og afklæddu hann, og logdu yfer hann eina Purpurakœpu.

29. Og flettudu Koronu af Þyrnum, og settu hana uppa hans Hofud, og Reyr j hans Hœgre Hond, og beigdu Knie fyrer honum, spiodu hann og sogdu: Heill siertu Konungur Gydinga!

30. Og hræktu a hann, toku Reyrenn og bordu um Hofud honum.

31. Og epter þad þeir hofdu spottad hann, færdu þeir hann ur Kaapunne, og færdu hann j sinn Klædnad, og leiddu hann ut, ad Krossfesta hann.

32. Enn j þvi þeir geingu ut, fundu þeir Mann af Cyrene, Simonem ad Nafne, honum þreingdu þeir til, ad hann bære hans Kross.

33. Og er þeir komu j þann Stad sem kallast Golgatha, hvad er þydest (c) Hausaskelia stadur.

(c) (Hausaskeliastadur) kallast þar sem afliifader verda Sakamenn, so sem aftokustadur, þvi þar plaga ad liggia margar hofudskeliar.

34. Gafu þeir honum Edik ad drecka Galle blandad, Og er hann smackade þad, villde hann eige drecka.

35. Enn sem þeir hofdu krossfest hann, skiptu þeir Klædum hans, kastande þar um Hlutkeste, so ad uppfylldest hvad sagt er fyrer Spaamannen: *Þeir skiptu med sier Klædum mijnum, og yfer mitt Fat kostudu þeir hlutkeste. *Psal. 22, 19.

36. Og þar soatu þeir og vardveittu hann.

37. Og uppyfer hans Hofdi festu þeir hans Daudasok skrifada a þennann hatt: Þesse er JEsus Kongur Gydinga.

38. Þar voru og krossfester med honum tveir

tveir Ræningiar, eirn til hægre Handar og eirn til hinnar Vinstre.

39. Enn þeir sem þar geingu hia, hæddu hann skakande Hofud sijn,

40. Og sogdu: Þu sem nidurbrytur Guds Mustere, og uppbygger þad aptur a þremur Dogum, hialpa þu sialfum þier, Ef þu ert Guds Sonur, þa stijg ofann hingad af Krossenum.

41. Lijka so spottudu hann þeir ædstu Prestar med Skriftlærdum og Olldungum og sogdu:

42. Odrum hefur hann hialpad, sier sialfum getur hann ei hialpad, Ef hann er Kongur Israels stijge hann nu ofann af Krossenum, þa vilium vier trua honum.

43. Hann treyste Gude, hann frelse hann nu ef hann hefur lyst til hans, Þviad hann sagde: Eg em Guds Son.

44. Lijka eirnenn hæddu hann Ræningiarner þeir med honum voru krossfester.

45. Og j fra siettu Stund gierdist Myrkur yfer allt Landid til nijundu Stundar.

46. Og nærre nijundu Stund kallade JEsus hærre Roddu og sagdi: Eli, Eli, Lama sabachthani, þad er Gud minn, Gud minn, Hvar fyrer forlietstu mig?

47. Enn nockrer af þeim sem stodu þar, þa þeir heyrdu þad, sogdu þeir: hann kallar a Eliam.

48. Og jafnſnart hliop einn af þeim til, og tok Niardarvott og fyllti af Ediki, og ſetti hann ofana Reyrlegg, og gaf honum ad dręcka.

49. Enn adrer ſogdu: bydid, lætid ſia til hvort Elias kemur ad hialpa honum.

50. JEſus kalladi up hatt i annad ſinn, og gaf up Andann.

IV. 51. Og ſia, ad Tialldid Muſteresins ſundurrifnade j tvo Parta fra ofanverdu allt nidur j giegnum, Og Jordenn ſkalf, og Biorgenn klofnudu.

52. Og Grafernar lukuſt upp, og marger Lijkamer Heilagra riſu upp, þeir ed ſvæfu.

53. Og geingu epter hans Uppriſu ur Grofunum, og komu j hinu heilogu Borg, og auglyſtuſt þar morgum.

54. Enn Hofudsmadurenn, og þeir ſem med honum voru, ad vardveita JEſum, þa þeir ſau Jardſkialftann og þad hvad þar ſkiede, urdu þeir mieg ottaſlegner, og ſogdu: Sannlega var þeſſe Guds Sonur.

55. Þar voru og margar Konur, ſem ſau þar uppa a-leingdar, hvoriar JEſu hofdu epter filgt af Galilæa, og honum hofdu þionad.

56. Medal hvorra var Maria Magdalena, og Maria Moder Jacobi og Joſes, og Moder þeirra Zebedei Sona.

57. Ad Kvollde kom nockur Madur riikur af Arimathia, Joſeph ad Nafne, hvor ed og ſo var eirn af Læreſveinum JEſu.

58. Hann

58. Hann gieck til Pilatum, og bad hann um Lijkamann JEsu. Þa skipade Pilatus ad honum skylldi faast hann.

59. Og Joseph tok vid Lijkamanum, sveipade hann j hreinu Lierepte.

60. Og lagde j sijna eigenn nyia Grof, hvoria hann hafde uthoggva lætid j Steine, og vellte ad Dyrunum Grafarennar storum Steine, og gieck j burt.

61. Enn þar var Maria Magdalena og onnur Maria, sitiande giegnt yfer fra Grofenne.

62. Og annann Dag þann sem epter Adfangadagenn er, sofnudust samann þeir yppurstu Prestar, og Pharisei ásamt til Pilatum,

63. Og sogdu: Herra, Vær minnunst a þad, ad þesse Svikare sagde þa er hann lifde: Epter þria Daga mun eg upprijsa.

64. Af því skipa þu ad forvara Grofena allt til hins þridia Dags, so ad eige kome hans Læresveinar a Nottu og stele honum j burt, og seige Folkenu ad hann sie uppristinn fra Dauda, og verde hin seirne Svikenn argare þeim fyrre.

65. Pilatus sagdi til þeirra: Þar hafed þier Vardmennenna, fared og forvared sem þier kunned.

66. Enn þeir geingu j burt og forvorudu Grofena med Vardmonnunum, og jnnsigludu Steinenn.

XXVIII. Capitule.

JEsus (I) Rijs upp fra Daudum: (II) Bijdur heim Ellefu Postulum ad Predika og Skijra.

I Nd (a) Kvollde Sabbathsdagsins, sa er hefst hinn firste Heilagur Dagur j Sabbathsdogunum, ad Morgne, kom Maria Magdalena, og hin onnur Maria ad sia Grofena.

(a) Ritningenn byriar Dagenn a fyrerfaranda Kvolde, og ender pess sama Kvolds er Morgunenn par epter: so seiger Mattheus hier, ad Christur hafe uppristd um Morgunenn, sem var pegar kvolldid hafde enda, og sa firste Helge-Dagur byriadest, pviad peir toldu pa fer Daga alla Helga, epter pann mikla Paska Dag, og uppbyrindu næst epter pa stærstu Paska Hatijd.

2. Og sia par vard jardskialfte mikell. Pviad Eingell Drottins kom nidur af Himne, gieck par ad, vellte Steinenum fra Dyrunum, og sette sig par uppa.

3. Og hans Asiana var sem Elding, og hans Klæde hvijt sem Snior.

4. Enn Vardhalldsmennerner skielfdust af Otta, og urdu lijka sem være peir dauder.

5. Enn Eingell Drottens svarade og sagde til Kvennanna: eige skulud pier ottast, pviad eg veit, ad pier leited ad JEsu sem krossfestur var.

6. Ei er hann hier, pvi hann er uppristinn, so sem hann sagde, komed hier, og siaed pann Stad hvar Herran lá.

7. Gan-

7. Ganged skyndelega og seiged þad hans Læresveinum, ad hann sie uppriſinn af Dauda, og siaed, ad hann mun ganga fyrer ydur j Galileam, þar munud þier sia hann, siaed, eg sagde ydur þad.

8. Og þær geingu skyndilega ut af Grafinne, med Otta og Fagnade miklum, og hlupu so ad þær undervijſudu þad hans Læresveinum; og þa þær geingu ad kunngiora þad hans Læresveinum,

9. Sia þu, þa mætte þeim JEſus og sagde: Heilar sieud þier! og þær geingu til hans og hielldu um hans Fætur, og tilbaadu hann.

10. Þa sagde JEſus til þeirra: eige skulud þier ottaſt, farid og kunngiorid mijnum Brædrum, ad þeir gange j Galileam, og þar skulu þeir mig sia.

11. Enn medann þær geingu burt, sia, þa komu nockrer af Vardhalldsmonnunum j Borgena, og undervijſudu þeim æduſtu Preſtum allt hvad til hafde bored.

12. Og þeir ſofnuduſt samann med Øldungunum halldande Raadſtefnu, og gaafu Strijdsmonnunumærna Peninga,

13. Og sogdu: seiged, hans Læresveinar komu um Nott og stalu honum á medann vær svafum.

14. Og ef þad kann ad heyraſt fyrer Landz-Domaranum, skulum vier stilla hann, og giora ad þier sieud trauſter.

15. Og þeir tóku Peningana, og gjörðu so sem þeim var kiennt. Og þesse Orðromur er vijdfrægur orðenn medal Gyðinga allt til þessa Dags.

II. 16. Enn þeir ellefu Læresveinar geingu j Galileam a eitt Fiall, þad er JEsus hafde þeim fyrer skipad.

17. Og er þeir sáu hann, tilbáðu þeir hann, enn nockrer efudu þad.

18. Og JEsus gieck til þeirra, talade vid þa og sagde: allt Vallð er mier gefid a Himnum og a Jordu.

19. Fyrer þvi ganged þier ut, og lærid allar Þiodir, og skijred þær j Nafne Fodur, Sonar, og Heilags Anda.

20. Og kiennid þeim ad halldа allt hvad eg baud ydur. Og sjáid, eg em med ydur alla Daga, allt til Enda Veralldar!

Ender S. Matthei Gudspialla.

S. Marci Evangelium.

I. Capitule.

JEsus er (I) Skijrdur af Johannes: (II) kallar Postula: (III) Giorer Kraptaverk.

I. Þetta

I. Þetta er Upphaf Evangelii um JEsum Christum Guds Son, so sem skrifad er j hia Spæmonnunum.

2. *, Sia! eg sende minn Eingel fyrer þier, sa ed tilreide þinn Veg fyrer þier.

* Mal. 3, 1.

3. * Þar er ein Predikara Rodd j Eydemorku, greided þier Veg Drottins, og giored hans Stigu rietta. * Esa 40, 3.

4. Johannes var j Eydemorku, skijrde og predikade um Idranar Skijrnena, til Syndanna Fyrergiefningar.

5. Og þar gieck ut til hans allt Juda Land, og þeir af Jerusalem, og þeir lietu aller skijra sig af honum i Jordan, jatande sijnar Synder.

6. Enn Johannes var klæddur med Ulfallds Hærum og eitt Olarbellte um hans Lendar, og hann æt Eingesprettur og Skogarhunang,

7. Og predikade og sagde: þar kiemur einn epter mig, sem er sterkare enn eg, hvors ad eg em eige verdugur, frammfallande upp ad leysa þveinge hans Skofata.

8. Eg skijre ydur med Vatne, enn hann mun skijra ydur med Heilogum Anda.

9. Og þad skiede a þeim Dogum, ad JEsus kom af Galilea fra Nazareth, og skijrdist af Johanne j Jordan.

10. Og

10. Og strax stie hann upp ur Vatnenu, og sa Himenenn opnast, og Andann j Dwfu lijke ofann komande yfer hann.

11. Þa vard og Rodd af Himnum: Þu ert Sonur minn Elskulegur, ad hvorium mier vel þocknast!

12. Og þa strax dreif Andenn hann a Eydemork.

13. Þar var hann j fiorutijgu Daga j Eydemorkunni, og freistadest af Satan, og hann var þar med Villudyrum, og Englar þionudu honum.

II. 14. Enn epter þad er Johannes var gripenn, kom JEsus j Galileam, og predikade Evangelium af Guds Rijke,

15. So seigiande: Sa Tijme er nu uppfylldur, og Guds Rijke nalægest, Idrest þier og trued Evangelio!

16. Enn er hann gieck med Sionum j Galilea, sa hann Simonem, og Andream Brodur hans, latande sijn Net j Sioenn, þviad þeir voru Fiskarar.

17. JEsus sagde til þeirra: filged mier epter, og eg mun giora þad, ad þier verded Fiskarar Manna.

18. Strax forlietu þeir sijn Net, og filgdu honum epter.

19. Og þa hann var skammt burt þadann gein-

geingenn, sa hann Jacob Son Zebedei og Johannem Brodur hans, og peir voru a Skipe, ad bæta ad Nete.

20. Og strax pa kallade hann a pa. Og peir forlietu sinn Fodur Zebedeum j Skipenu hia Leigulidunum, og filgdu honum epter.

21. Peir geingu j Capernaum, og strax um Sabbathsdagenn, gieck hann inn j Samkundu Hwsid, og kiennde.

22. Og peim ægde hans Kienning, pviad hann kiennde peim sem af (a) Vallde, enn eige sem hiner Skriftlærdu.

(a) (Vallde) pad er, hann predikade af Alvoru, og pad hann sagde pad hafde Myndugleika, og var lifande so sem pad hefde bæde Hendur og Fætur, ecke so sem peir slæmu Predikarar, sem sialfer ecke vita hvad peir segia.

III. 23. Og eirn Madur var par j peirra Samkundu Hwsi, halldenn af ohreinum Anda, sa kallade,

24. Og sagde: Hei! hvad hofum vær med pig ad giora, JEsus af Nazareth? Komstu ad glata oss? Eg veit hvor pu ert, hinn Heilage Guds.

25. JEsus straffade hann og sagde: Peige pu og far utaf honum.

26. Og sa ohreine Ande hreif hann, og kallade upp harre Roddu og for ut fra honum.

27. Og peir hræddust aller, so ad peir spurdu ad sijn a millum, og sogdu: hvad er petta? Eda hvor er pesse hin nya Kienning? Pviad af

Vallde

Vallde skipar hann ohreinum Öndum, og þeir hlijda honum.

28. Og hans Rikte gieck strax ut um Galileæ Hierød.

29. Þa geingu þeir strax ut af Samkunduhusinu, og komu til Husa Simonar og Andree med Jacobo og Johanne.

30. Enn Moder Hwsfreiu Simonar la þar krank j Koldu, og strax þa sogdu þeir honum til hennar.

31. Hann gieck þa til hennar, reiste hana upp og hiellt j Hond hennar, og strax þa miste hun Koldunnar, og þionade þeim.

32. Enn um Kwolled, þa Sol-sett var, fluttu þeir alls-kins siuka Menn og Diofulooda til hans.

33. Og allur Stadurenn safnadest fyrer Dyrunum.

34. Og hann hialpade morgum Siukum sem þiaader voru, af Imsum Sottum, hann rak og wt marga Diofla, og eige leyfde hann Diöflunum ad mæla, þviad þeir þecktu hann.

35. Og ad Morgne fyrer Dogun, stod hann up, gieck wt, og for burt j eirn Eydestad, og badst þar fyrer.

36. Enn Simon og þeir ed med honum voru, skundudu epter honum.

37. Og þa þeir fundu hann, sogdu þeir honum: hver Madur leitar ad þier.

38. Og hann sagde til þeirra: Gongum vær

vær j þessar nærstu Borger, so ad eg predike og þar, því til þess kom eg.

39. Hann predikade og j þeirra Samkunduhvsum, um alla Galileam, og rak vt Diofla.

40. Og eirn líkþrár Madur kom til hans, bidiande hann med hneigdum Kniam, og sagde til hans: ef þu vilt þa fær þu mig vel hreinsad.

41. Enn JEsus sa aumur a honum, riette vt sijna Hond, og hrærde hann, og sagde til hans: eg vil, vertu hreinn.

42. Og þa hann sagde so: hvarf strax Líkþraenn af honum, og hann vard hreinn.

43. JEsus hastade a hann, og rak hann strax fra sier.

44. Og sagde honum: sia þu, ad þu seiger þad ongvum, helldur * far þu og syn þig Prestunum, og forna fyrer þijna Hreinsun, því sem Moyses baud, til Vitnisburdar yfer þa.

* 3Bok.Mos.14,3.

45. Enn þa hann kom vt, hof hann upp, og kunngiorde margt þar vtaf, og vijdfrægde þennann Giorning, so ad hann maatte eige sijdan openberlega jnn ganga j Borgena, helldur var hann þar fyrer utann j Eydestodum, og þeir komu til hans vr ollum Endemorkum.

II. Capitule.

JEsus (I) læknar einn Limafalls Sinkann: (II) kallar Mattheum: (III) Forsvarar sina Læresveina.

I. Og

1. Og nockrum Dogum þar epter, gieck hann aptur til Capernaum, og það vard auglioſt ad hann var j Huſinu.

2. Strax ſafnudust marger ſamann, ſo ad þeir hofdu ecke Rum, og eirnenn fyrer utann Dyrnar, og hann talade Orded fyrer þeim.

3. Og þar komu nockrer til hans, færande eirn Iktſiukann, hvor ed borenn var af fiorum.

4. Og þa er þeir gatu ei komed til hans, fyrer Folkenu, opnudu þeir Þekiuna upyfer honum, og grofu þar j giegn, og lietu ſo Sængena nidur ſijga ſem hinn Iktſiuke laj.

5. Enn er JEſus ſa þeirra Tru, ſagde hann til hins Iktſiuka: Son minn, þijnar Synder eru þier fyrergiefnar.

6. Enn þar voru nockrer Skriftlærder, ſatu þar, og huxudu j ſijnum Hiortum.

7. Þvi talar þeſſe ſlijka Gudlaſtan? Hver ma Syndernar fyrergiefa nema GUd eirn?

8. Og JEſus fann ſtrax j ſijnum Anda, ad þeir þeinktu ſo med ſier, og ſagde til þeirra: þvi þeinked þier þetta j ydrum Hiortum?

9. Hvort er audvelldara ad ſeigia til hins Iktſiuka, þier eru þijnar Synder fyrerlatnar? Eda ad ſeigia, ſtattu upp og tak Sæng þijna, og gack hiedann?

10. Enn ad þier vitid ad Mannſins Sonur hefur Valld til a Jordu, ad fyrergiefa Syndernar, þa ſagde hann til hins Iktſiuka:

11. Eg

11. Eg seige þier, statt upp, tak Sæng þijna, og gack heim.

12. Og strax þa stod hann up, tok Sæng sijna og gieck vt þadann j allra Augsyn, so ad aller otrudust, og heidrudu GUd, seigiande: alldrei hofum vær slijkt sied.

II. 13. Og hann gieck enn ut aptur ad Sionum, og allt Folk kom til hans, og hann kiende þvi.

14. Enn þoa er JEsus gieck framm hia, leit hann Levi Son Alphei, sitiande hia Tollbvodenne, og sagde til hans: filg þu mier epter, hann stod upp og filgde honum epter.

15. Pad giordest, þa hann sat til Bords j hans Hvosi, ad marger Tollheimtumenn, og Bersyndugir, settu sig til Bords med JEsu og hans Læresveinum, þvi þeir voru marger sem honum filgdu epter.

16. Og er hiner Skriftlærdu og Pharisei sau þad, ad hann aat med Tollurum og Bersyndugum, sogdu þeir til hans Læresveina: Hvi etur og dreckur hann med Tollheimtumonnum og Syndugum?

17. Þa er JEsus heyrde þad, sagde hann til þeirra: þeir sem heilbrigder eru þurfa eige Læknarans, helldur þeir sem siuker eru. Eg er komenn ad kalla Synduga, enn ecke Riettlæta til Idranar.

III. 18. Og Johannis og Phariseanna Læresveinar fostudu miog. Og þar komu nockrer

og

og sögdu til hans. þvi fasta Johannis og Phariseanna Læresveinar, enn þijner Læresveinar fasta ecke?

19. JEsus sagde til þeirra: hvornenn kann Brullaups Folkid ad fasta, a medann Brudgumenn er hia þeim? So leinge meiga þeir ei fasta, sem þeir hafa Brudgumann hia sier.

20. Enn sa Tijme mun koma, ad Brudgumenn verdur fra þeim tekenn, og þa munu þeir fasta.

21. Eingenn saumar nija Klædisboot a gamallt Fat, þvi hin nya Bootenn glidnar fra hinu Forna, og verda Sliturinu þa verre.

22. Og eingenn lætur nytt Vijn j forna Leidurbelge, annars spreinger Vijned Belgena, so ad Vijned spillest, enn Belgerner skiemmast, helldur skal nytt Vijn lætast i nya Belge.

23. Enn þad skiede ad JEsus gieck um Sabbaths Dag yfer Korn-Akur, og hans Læresveinar toku til, j þvi þeir geingu, ad tijna Axenn.

24. Og Pharisei sögdu til hans: sia hvad þiner Læresveinar gisra a Sabbathsdeige, þad er eige hæfer!

25. Hann sagde þa til þeirra: hafed þier eige lesid *hvad David gisrde, þa hann þurfte vid, og hann hungrade og þa er med honum voru? *1 Sam. 21, 6.

26. Hver-

26. Hvernenn hann geck jnn j GUds Hus, j Tijd (a) Abiathars ypparsta Prests, og at þaug (b) Skodunarbraudenn, sem ongvum leisdest ad eta nema Prestunum, og hann gaf þau þeim sem med honum voru.

(a) (Abiathar) er Abimelechs Son, þar fyrer seiger Ritningenn ad þad hafe skied j Abimelechs Tijd, þvi þeir voru Prestar samtijdis.

(b) (Skodunarbraud) heita epter Ebreskunne, Panis facierum, þad er þad Braud sem alltijd skyllde vera fyrer Augunum, eins og Guds Ord a æ ad vera fyrer vorum Hiortum Dag og Nott, Psal. 23. Parasti in conspectu meo Mensam.

27. Og hann sagde til þeirra: Sabbathsdagurenn er fyrer Mannsins saker giordur, enn eige Madurenn fyrer Sabbathsdagsins saker.

28. So er Mannsins Sonur eirn HErra, og eirnenn Sabbathsdagsins.

III. Capitule.

JEsus (I) læknar marga: (II) Kallar til sijn þa Tolf Postula: (III) Talar um Synd a moti Heilsgum Anda: (IV) seger hver ad se hans Moder, og hverier ad seu hans Brædur.

I. Hann gieck og jnn j Samkundu-husid aptur. Og þar var eirn sa Madur sem hafde visnade Hond.

2. Og þeir gaadu ad, hvort hann læknade hann a Sabbathsdeige, so ad þeir mættu aklaga hann.

3. Og hann sagde til Mannsins, þess sem visna

visna hafde Hondena: Gack framm hingad.

4. Og hann sagde til peirra. Hvort skulu Menn a Sabbathsdogum giora gott edur illt? Lijfenu vid hallda, edur deyda? Enn peir pogdu.

5. Hann leit pa til peirra med Reidesvip, og angradest vid peirra Forherdtu Hiortu, og sagde so til Mannsins: Riettu ut pijna Hond. Og hann riette hana ut, og hans Hond vard heil, lijka sem hin onnur.

6. Enn Pharisei geingu ut, og hielldu strax sijn Raad med Herodis Pienurum, j mote honum, hvornenn hellst ad peir feinge tortijndt hønum.

7. Enn JEsus veik padann til Siafar, med sijna Læresveina. Og margt Folk af Galilea, og ur Judea, pa filgde honum epter.

8. Og peir sem voru af Jerusalem, og Idumea, og peir hinumeigenn Jordanar, og peir semm byggdu j kringum Tyrum, og Sidonem, mikell Mannfiolde, sem heyrdu hvad hann gierde, og komu til hans.

9. Og hann sagde til sinna Læresveina, ad peir skylldu lata honum Skip til reidu, fyrer Folksins saker, uppa pad peir preyngde honum eige.

10. Pviad hann læknade margann af peim. Enn peir troadust ad honum aller peir er plaagader voru, ad peir mættu fa ad snerta hann.

11. Og nær ed ohreiner Andar sau hann, fiellu

fiellu þeir nidur fyrer honum, og kolludu upp, og sogdu: Þu ert Guds Sonur.

12. Enn hann straffade þa hardlega ad eige openberudu þeir hann.

II. 13. Og hann gieck uppa eitt Fiall, og kallade til sijn þa hann villde, og þeir komu til hans.

14. Og hann skickade Tolf ad þeir være hia honum, og ad hann sende þa ut ad predika.

15. Og ad þeir hefde Vallld til Sotter ad lækna, og Diofla ut ad reka.

16. Og Simone gaf hann Peturs Nafn.

17. Og Jacobo Syne Zebedei og Johanni Brodur Jacobs, þeim gaf hann Nafned (a) Boanerges, hvad uthydest Reidarprumu Born.

(a) (Boanerges) Reidar þrumunnar Børn, og merker ad Johannes munde einkannlega skrifa þad rietta Evangelium, hvort ad er ein merkeleg Predikun sem hræder, sundurknosar, og umbreiter ollu, og gierer Jordena frioſama.

18. Og Andream, og Philippum, og Bartholomeum og Mattheum, og Thomam, og Jacobum Son Alphei, og Thaddeum, og Simon af Cana.

19. Og Judas Iscarioth, sa er sveik hann.

III. 20. Og þa er þeir komu til Herberges, kom Folkid enn samann aptur, so ad þeir gatu eige matast fyrer þvi.

21. Og þa er þeir heyrdu þad, sem med

honum voru, geingu þeir ut og villdu hamla honum, þviad þeir sogdu ad hann munde ganga af (b) Vitenu.

(b) (Vitenu) þeir ottuduſt hann munde taka uppa ſig ofmikla þraning, ſo ſem Menn plaga ad ſeigia, þa verdur af-ſinna.

22. Enn hiner Skriftlærdu sem ofan fra Jerusalem voru farner, sogdu: Hann hefur (c) Beelzebub, og fyrer Diosla Hofdingia þa rekur hann Diosla ut.

(c) (Beelzebub) er ſo mikid ſem ein Fluga, edur Flugna Kongur, þviad ſo lætur Diofullenn forakta ſig, af ſinum eigenn, ſem eru þeir ſtorheilogu.

23. Og ad þeim samankolludum, sagde hann j Epterlijkingum til þeirra: Hvornenn fær eirn Satan annann utrekid?

24. Þvi ef eitt Riki tvistrast j sialfu sier, þa fær þad ei staded.

25. Og ef eitt Hus osamþyckest j sialfu sier, þa fær þad Hus ei staded.

26. Og ef Satan rijs upp j mote sialfum sier og er vid sig sialfann osamþyckur, fær hann ei stadid, helldur er þa vt giort um hann.

27. Eingenn fær og jnnbroteſt j Hvos hins Øfluga, og burt gripid hans Hvosbunad, nema ad hann binde ædur hinn Øfluga, og ræne sijdann hans Hvos.

28. Sannlega seige eg ydur, allar Synder fyrer-

fyrergiefast Mannanna Bornum, og eirnenn Gudlastaner þar þeir lasta Gud med.

29. Enn sa er lastar Heilagann Anda, hann hefur aungva Fyrergefning ad Eylijfu, heldur verdur hann sekur eylijfs Doms.

30. Þviad þeir sogdu, hann hefur ohreinann Anda.

IV. 31. Og þa kom Moder hans og Brædur, og stodu uti fyrer, sendu til hans kallandi a hann (og Folkid sat kringum hann.)

32. Og þeir sogdu til hans: Sia, Moder þijn og Brædur þijner þar ute, spyria ad þier.

33. Hann svarade þeim og sagde: Hver er mijn Moder og mijner Brædur?

34. Þa leit hann og um sig til Læresveinanna er satu j kringum hann,

35. Og sagde: siaed, Þad er mijn Moder, og mijner Brædur.

36. Þviad hver ed gierer Guds Vilia, sa er minn Broder, mijn Syster og mijn Moder.

IV. Capitule.

JEsus (I) kenner med Epterlijkingum: (II) lætur Sioenn verda kirrann.

I. Og hann tok enn aptur ad kienna þeim vid Sioenn, þar safnadest samann margt Folk til hans, so ad hann vard ad stijga a Skip, og sat a Sionum, og allt Folked stod þar a lande, vid Sioenn.

2. Og hann predikade leinge fyrer þeim j

Epterlijkingum. Og j sinne Predikan, þa sagde hann til þeirra:

3. Heyred til. Sia, Eirn Saadmadur gieck ut ad saa.

4. Og þad vard j þvi hann saade, ad sumt fiell utann hia Veigenum, og þa komu Fuglar under Himnenum, og aatu þad upp.

5. Enn sumt fiell j grytt Akurlende, þar þad hafde ecke mikla Jord, og rann fliotlega upp, þviad þad hafde ongva Jardardypt.

6. Og þa er Solenn gieck upp, skrældest þad, og af þvi þad hafde ongva Root, þa þornade þad.

7. Og sumt fiell j bland Þyrna, og Þyrnerner voxu upp og kiæfdu þad, og þad færde ongvann Avoxt.

8. Og sumt fiell j goda Jord, og færde Avoxt, hvort ed upvox og friofgadest, Og sumt færde þritugfalldann, og annad Sextugfalldann, og sumt Hundradfalldann Avoxt:

9. Og hann sagde til þeirra: Hvor hann hefur Eyru til ad heyra, sa heyre!

10. Og þa hann var eirnsamann, spurdu þeir sem hia honum voru med þeim tolf, hann ad þessare epterlijkingu.

11. Og hann sagde til þeirra: Ydur er þad giefid ad vita Leyndardoma Guds Rijkes, enn til þeirra sem þar eru fyrer utan, þa skier þad allt j Epterlijkingum.

12. Ad

12. Ad þeir med siaande Augum siae þad, og skinie þo eige, og med heyrande Eyrum heyre og understande þo eige, so þeir snuest ecke, þad þeirra Synder eitt sinn mættu fyrergiefast.

13. Og hann sagde til þeirra: Kunned þier ecke ad skilia þessa Epterlijking? Hvornen munud þier þa kunna ad skilia hinar allar?

14. Saadmadurenn sæer Ordenu.

15. Enn þesser eru þeir sem utann hia Veigenum eru, hvar Orded verdur sæad, og þa þeir hafa heyrt þad, kiemur Andskotenn skiott, og nemur burt Ordid þad sæad var j þeirra Hiortu.

16. Lijka so eru þeir eirnenn sem sædust j grytta Jord, þvi nær þeir hafa heyrt Ordid, þa medtaka þeir þad strax med Fagnade.

17. Og hafa engva Root j sier, helldur hallda þeir vid um nockurn Tijma, enn nær sier hreifer Motgangur og Offokn fyrer Ordsins saker, þa hneixlast þeir strax.

18. Og þesser eru þeir sem j bland Þyrnanna sædust, þeir sem heyra Orded.

19. Og þa er þessarar Veralldar Ahyggia og svikfamlegur Rijkdomur, og adrar fleyre Gyrnder ganga jnn og kiefia Ordid, so þad blijfur ann Avaxtar.

20. Og þesser eru þeir sem j goda Jord eru sæader, er heyra Ordid og medtaka þad, og færa Avoxt, sumer þritugfalldann, sumer

Sextugfalldann, og sumer Hundradfalldann.

21. Og hann sagde til peirra: Kveikest nockud Lioſid til pess ad pad setiest under Mæleask edur Bord? Ongvanneigenn, helldur ad pad setiest uppa eirn Kiertahialm.

22. Pviad par er eckert hulid, ad pad openbereſt ei, og par er eckert leyndt, ad pad kunngioreſt eige.

23. Hvor hann hefur Eyru ad heyra, sa heyre!

24. Og hann sagde til peirra: Gieted ad, hvad pier heyred; Med peim Mæler er pier mæled ut, pa mæleſt ydur inn, og ydur sem petta heyred skal vidaukaſt.

25. Pviad hvor hann hefur, peim skal giefest, og hver hann hefur eige, fra honum muntakast og eirnenn pad hann hefur.

26. Og hann sagde: Guds Rijke er so vared, sem pa Madur kastar Fræe j Jordena.

27. Og sofnar, og hann stendur upp Nott og Dag.

28. Enn Fræed grær og vex upp, so ad hann veit eige (pviad Jordenn færer af sier sialfre, j firstu Grased, par næst Axed, og so par næst fullt Hveite j Axinu.)

29. Og er pad hefur frammleidt Avoxtenn, pa sender hann strax Kornsigdena, pviad Kornskurdartijmenn er pa.

30. Og hann sagde: Hvoriu skulum vier jafna

jafna Guds Rijke? Eda vid hvoriar Epterlijkingar vilium vier thvi samanlijkia?

31. So sem ad eitt Mustardskorn, tha thvi verdur j Jord sad, er thad allu Sæde minna, a Jordunne.

32. Og tha thvi er sad, ver thad upp og verdur allum Kaalgrosum meira, og fær mikla Kvistu, so ad Fuglar Himens kunna ad byggia under thess Skugga.

33. Og j slijkum morgum Epterlijkingum tha kiennde hann theim, epter thvi sem their thad heyrt gaatu.

34. Og aan Epterlijkinga tha talade hann ei til theirra. Enn sierdeilis tha lagde hann thad allt ut fyrer sijnum Læresveinum.

II. 35. Og sama Dags ad Kvolldi, tha sagde hann til theirra: Forum vær hier yferum.

36. Og their forlietu Folkid, enn toku hann til sijn, sem hann var a Skip komenn, voru thar og fleyre Skip hia honum.

37. Og thar giordest mikell Hvirfilvindur, so Bylgiurnar fiellu yfer Skipid, og thad fylltist upp.

38. Enn hann sialfur var j Skutnum og svaf a einum Kodda; Their voktu hann tha upp og sogdu til hans: Meistare! hirder thu ecke um thad ad vier tortijnunst?

39. Og hann reis upp og hastade a Vindenn og sagde til Siafarens: thagna thu, og vert

hliodur. Og Vindenn lægde, og þar vard Logn mikid.

40. Og hann sagde til þeirra, Hvi erud þier so hrædder? Eda hvorin giegner þad þier hafid engva Tru?

41. Og þeir ottuduſt nærſta miog, og ſogdu hver vid annann, hver er þeſſe? þviad Vindur og Sior hlijda honum.

V. Capitule.

JEſus rekur (I) Diefla ut: og giorer (II) annar Krapta-Verk.

I. Og þeir komu hinumeigenn Siafarens, j Bygder Gadarenorum.

2. Og er hann ſtie af Skipenu, þa hliop ſtrax i mote honum, ur Grofum Frammlidinna Manna, eirn beſetinn Madur af ohreinum Anda.

3. Sa er hafde ſitt Hijbyle i Grofum Daudra Manna, og eingenn fieck hann bunded, og ei med Vidium.

4. Þviad hann hafde opt bundenn vered med Fiotrum og Vidium, og hann hafde Vidiurnar af ſier ſlited, og Fioturenn j ſundur broted, og eingenn fieck hann tamed.

5. Og alltjafnt Nætur og Daga var hann a Fiollum, og j Daudra Manna Grofum kallande og leimiande ſig med Griote.

6. Enn þa er hann ſa langt til JEſum, hliop hann þangad, og fiell framm fyrer honum.

7. Kal-

7. Kallade hærre Roddu og sagde: hvad hefe eg med þig ad giora o JEsu Sonur Guds hins hærsta? Eg sære þig fyrer GUd, ad þu kvelier mig ecke!

8. Enn hann sagde til hans: far vt þu ahreinn Ande af þessum Manne.

9. Og hann spurde hann ad, hvad er þitt Heite? Hann svarade og sagde: Legio er mitt Heite, þviad vær erum marger.

10. Og hann bad hann mikelega ad hann ræke þa ei burt ur þeirri Bygd.

11. Og þar var j þeim Stad hia Fiollunum mikel Svinahiord a beit.

12. Og Diosfarner bædu hann aller, og sogdu: lofa oss þad, ad vær forum i Svinenn.

13. Og JEsus leyfde þeim þad strax. Þa foru þeir ohreinu Andar ut, og hlupu i Svinenn. Og Svinahiordenn fleigde sier med miklum þys j Sioenn, nær tveimur Þusundum, og drucknudu þar j Sionum.

14. Og Svinahyrdararner flydu, og kunngiordu þad j Stadnum og j Landenu. Og þeir geingu ut, ad sia hvad þar hafde giorst.

15. Og komu til JEsu, og sau þann sem af Diosflunum hafde setenn vered, sitiande klædann og heilvita, og þeir hræddust.

16. Enn þeir sem þad hofdu sied, sogdu þeim hvornenn giort hafde vered vid hann sem

af Dioflunum hafde ſetenn vered, og ſo fra Svinunum.

17. Og þeir hoofu upp ad bidia hann, ad hann fære j burt ur þeirra Landscalfum.

18. Og er hann ſtie a Skip, tok ſa til ad bidia hann ſem af Dioflunum hafde ſetenn vered, at hann mætte vera hia honum.

19. Enn JEſus lofade honum þad eige, helldur ſagde hann til hans: far þu j þitt Hus og til þinna, og kunngior þeim hvad mikinn Velgiorning Drottenn hefur giort þier, og vered þier Lijknſamur.

20. Hann for þadan og tok til ut ad hropa um þær tiju Borger, hvad mikenn Velgiorning ed JEſus hafde honum giort, og hvor Madur undradeſt þad.

II. 21. Og þa ed JEſus for hingad yfer aptur a Skipenu, kom ſamann margt Folk til hans, og hann var vid Sioenn.

22. Og ſia: þar kom og eirn af Foringium Samkunduhuſſins, Jairus ad Nafne, og þa er hann ſa hann, fiell hann nidur fyrer Fætur hans.

23. Og bad hann mikelega og ſagde: mijn Dotter er komenn ad framm, kom og legg þijna Hond yfer hana, ſo hun verde heil, og life.

24. Og hann for med honum. Margt Folk filgde og honum epter, og þad þreyngde ad honum.

25. Og

25. Og þar var ein su Kona, er haft hafde Blodfall j tolf Ar, hun hafde og miked þolad af morgum Læknurum.

26. Og hun hafde og kostad þar til ollu sijnu, og þad stodade henne þo eckert, helldur vesnade henne miklu meir.

27. Þa hun heyrde af JEsu, kom hun med Folkenu a bak til og snart hans Klæde, þviad hun sagde: ef eg fæ ad eins ad snerta hans Klæde, þa mun eg heilbrigd verda.

28. Og jafnsnart þa upphurkadest hennar Blodbrunnur, og hun fann a sijnum Lijkama, ad hun var heil ordenn af sinne Plœgu.

29. Og JEsus fann strax ca sialfum sier þann Kraft er utaf honum gieck, og snere sier vid til Folksins og sagde: hver snart mijn Klæde?

30. Hans Læresveinar sogdu til hans: þu sier ad Folked preynger ad þier, þo seiger þu: hver snart mig?

31. Og hann skygndest j kring epter henne er þad hafde giort.

32. Enn Konann var hrædd og skialfande (þviad hun visse hvad hana hafde skied) og kom og fiell fyrer honum nidur, og sagde honum allann Sannleik.

33 Enn hann sagde til hennar: mijn Dotter, þijn Trua giorde þig heila, gack i Fride og vert heil af þinne Plœgu.

34. Þa hann var enn þetta ad tala, komu nockrer af Þienurum Samkunduforingians og sogdu: þijn Dotter er ondud, þvi omakar þu Meistarann leingur?

35. Og JEsus heyrde strax hvad þar sagdest, og hann sagde til Samkunduforingians: ottast þu eige, tru þu ad eins.

36. Og hann liet engvann filgia sier, nema Petrum og Jacobum, og Johannem Brodur Jacobs.

37. Og hann kom j Samkunduhofdingians Hvs, og leit þar Bulldran, og þa er þar grietu miog og æptu.

38. Og hann gieck þangad jnnar, og sagde til þeirra: hvad bulldred þier og syted? Barned er eige dandt, helldur sefur þad.

39. Og þeir dærudu hann, enn hann rak þa alla ut, og tok med sier Fodur og Modur Barnsins, og þa er med honum voru, og gieck þangad jnn sem Barned lag.

40. Og hann tok j Hond Barnsins, og sagde til hennar: Talitha kumi, þad utlegst: Stulka! eg seige þier, rijs upp.

41. Og þa strax reis Stulkann upp og gieck, enn hun var tolf Ara gomul. Og þeir urdu omætanlega Felmsfuller.

42. Og hann fyrerbaud þeim hardlega, ad þad skylde eingenn vita, og sagde ad þeir skylldu giefa henne ad eta.

VI. Ca=

VI. Capitule.

JEsus er (I) Smæadur: hann (II) sender Postula ut: (III) Nockrer ætla ad hann se Johannes: (IV) sedur 5000 Manna: (V) Gengur a Sionum. (VI) Læknar marga.

I. Og hann gieck þadann, og kom j sitt Fosturland, og hans Læresveinar filgdu honum epter.

2. Og er Sabbathsdagurinn kom, þa tok hann til ad kienna j þeirra Samkundu Huse. Og marger af þeim, sem þad heyrdu, undrudust hans Kienning, og sogdu: hvadann kiemur honum slijkt? Eda hvor er su Speke sem honum er giefenn? og slijk Kraptaverk er giorast fyrer hans Hendur.

3. Er þetta ecke eirn Triesmidur, Sonur Mariu, og Broder Jacobs, Joses, Jude, og Simonar? Eru og hans Systur eige hier med oss? Og þeir hneixludust a honum.

4. Enn JEsus sagde til þeirra: ad Spaamadur være hvorgi i minna Gillde eirn a sijnu Fosturlande, og hia sijnum Ættmønnum og heima.

5. Hann fieck þar og ecke neitt Kraptaverk giort, nema yfer faeina siuka, þa lagde hann Hendur, og læknade þa.

6. Og hann undradest þeirra Vantru, hann gieck og allstadar i kring j Kauptunum er þar stodu j þorping og kiende.

II. 7. Og hann kallade a þa tolf, og tok ad senda þa tvo og tvo, gaf þeim og Vallð yfer ohreinum Öndum.

8. Og baud þeim ad bera eckert a veg med sier, nema eirn Staf, eige Pung, eige Braud, eige Þening a Linda.

9. Heldur klædder Skofotum, og þad þeir klæddust eige tveimur Kyrtlum.

10. Og sagde til þeirra: j hvort þad Hws þier ganged jnn, þa vered þar jnne til þess ad þier fared þadann.

11. Og hvorier ad eige medtaka ydur, eda heyra ydur eige, þa ganged ut þadann, og hristed Dupt af Fotum ydar, til Vitnisburdar yfer þa. Eg seige ydur fyrer sann, ad lijdanlegra mun verda a efsta Dome, Sodoma og Gomorra, enn þeim Stad.

12. Og þeir geingu ut og predikudu, þad Menn skylldu giora Jdran.

13. Og þeir reku ut marga Diofla, smurdu og marga Siuka med (a) Vidsmiore, og læknudu þa.

(a) (Vidsmiore) þetta Vidsmior giorde þa Siuku heilbrigda, hvar af sijdann uppd. kradest eitt Sacrament fyrer þa hinu daudvona, enn þad matte helldur kallast smyrsla Maru Magdalenu, med hverri hun smurde Christum til sinnar Greftrunar.

III. 14. Enn þad kom fyrer Kong Herodes, (þviad hans Nafn var nu kunnugt) og hann sagde: Johannes Skijrare er uppristinn af Dauda,

Dauda, og þvi gioraſt ſlijk Kraptaverk af honum.

15. Enn nockrer ſogdu þad hann være Elias: enn nockrer ad hann være Spæmadur, ellegar eirn af þeim Spæmonnum.

16. Og er Herodes heyrde þetta ſagde hann: þad er Johannes, ſem eg hefe halshoggved, hann er nu upprisenn fra Dauda.

17. Þviad Herodes hafde ſendt ut ad grijpa Johannem, og lukt hann j Mirkvaſtofu, fyrer Saker Herodias Konu Philippi, Brodurs hans, þviad hann hafde gipſt henne.

18. Enn Johannes ſagde til Herodem: ei er þad riett ad þu hafer Brodurkonu þijna.

19. Þvi veitte Herodias honum umſæt og villde laata aflijfa hann, enn gat þo eige.

20. Þvi Herodes ottadeſt Johannem, þvi hann viſſe hann vera godann og helgann Mann, og vardveitte hann og hlydde honum j morgum Greinum, og heyrde honum giarnann.

21. Og þar kom eirn hentugur Dagur, ad Herodes gierde a ſinne Artijd eina Kvolldmaltijd Hofdingium og Hofudsmonnum, og hinum fremſtu Monnum j Galilea.

22. Þa gieck Dotter Herodias þar jnn, og danſade, og þad þocknadeſt Herodi vel, og þeim er ſatu til Bordſins, þa ſagde Kongurenn til Stulkunnar: bid af mier hvers þu villt, eg vil veita þier þad.

23. Og

23. Og hann for henne eirn Eid, ad hvers þu beidest af mier, þa skal eg giefa þier, allt inntil Helmings af minu Kongs Rijke.

24. Hun gieck ut og sagde til Modur sinnar: hvers skal eg bidia? Enn hun sagde: um Hofud Johannis Skijrara.

25. Hun gieck þa strax med skunda til Kongsins, bad hann og sagde: eg vil ad þu giefer mier nu strax Hofud Johannis Skijrara a einum Diske.

26. Kongurinn hriggdest næsta mieg vid, og þo fyrer Eidsins Saker, og þeirra sem til Bordsins soatu, þa villde hann ecke sinia henne þess.

27. Og strax sende Kongurenn Bodulenn ut, og baud ad sækia hans Hofud: hann gieck af stad, og afhofdade hann i Fangelsinu.

28. Og bar hans Hofud framm a Diske, og gieck þad Stulkunne, enn Stulkann gieck þad Modur sinne.

29. Og er þad heyrdu hans Læresveinar, komu þeir, og toku hans Lijkama, og logdu hann j eina Grof.

IV. 30. Og Postularner komu tilsamans aptur til JEsu, og kunngiordu honum allt þetta, og hvad þeir hofdu giort, og kiennt.

31. Og hann sagde til þeirra: lootum oss ganga afsijdis j Eydemorku, og hvijlast þar litla stund, þviad margir voru þeir sem geingu fra og til, so þeir hofdu ei room til ad eta.

32. Hann

32. Hann stie þar a Skip og for afsídes j Eydemork.

33. Og er Folkid sa þa j burt fara, þecktu hann marger, og hlupu þangad hvor med ødrum a Fæte ur ollum Stodunum, og komu fyrr enn þeir, og komu til hans.

34. Enn JEsus gieck ut og sa þad mikla Folk, og hann aumkade sig yfer þad, þviad þeir voru sem adrer Sauder, er engvann Hirder hafa, og hann biriade eina langa Predikun.

35. Þa er Dagurenn var nu so sem lidenn, geingu hans Læresveinar til hans og sogdu: Hier er Obygd, og Dagurenn er umlidenn.

36. Læt þa fra þier, ad þeir fare burt um kringum liggiande Þorp, og kaupe sier þar Braud, þvi þeir hafa eckert ad eta.

37. Enn JEsus svarade og sagde til þeirra: Giefed þier þeim ad eta. Og þeir sogdu til hans: Skulum vier þa fara ut og kaupa fyrer tvo hundrud Peninga-Braud, og giefa þeim ad eta?

38. Enn hann sagde til þeirra: Hversu morg Braud hafed þier? Ganged til og skoded. Og þa ed þeir hofdu þad rannsakad, sogdu þeir: Fimm, og tvo Fiska.

39. Og hann baud þeim ad þeir settu sig aller nidur til ad eta, j adgreindum Hopum, a grænt Gras.

40 Og

40. Og þeir settuſt og ſkipuduſt nidur, Hundrad og hundrad ſamann, Fimmtijger og fimmtijger ſamann.

41. Og hann tok þaug fimm Braud og tvo Fiſka, leit upp til Himens, giorde þacker, og braut Braudenn, fieck ſijnum Læreſveinum þaug, ad þeir legde fyrer þa, og þeim tveimur Fiſkum ſkipte hann og ſo med þeim ollum.

42. Og aller þeir aatu og urdu ſadder.

43. Og þeir toku upp Molana, tolf Karfer fullar, og af Fiſkunum.

44. Enn þeir voru ſem etid hofdu fimm Þuſunder Manna.

V. 45. Og jafnſnart þa neydde hann ſijna Læreſveina til, ad þeir fære a Skip, og færu fyrer honum yfer um til Bethſaida, þar til hann ſkilde Folked vid ſig.

46. Og þa er hann hafde ſkilid þad vid ſig, for hann uppa eitt Fiall ad bidiaſt fyrer.

47. Og um Kvolded, var Skiped a midium Sionum, enn hann eirn a lande.

48. Og hann ſa ad þeir voru neydſtadder, j þvi þeir reru, þviad Vinduren var j mote þeim, Og nær um Fiordu Vakt Næturinnar, þa kom hann til þeirra gangande a Sionum, og hann villde ganga framm hia þeim.

49. Og er þeir ſau hann gangande a Sionum, ætludu þeir Vofa vera munde, og kolludu upp.

50. Þviad þeir ſau hann aller, og urdu otta-

ottaſlegner. Enn ſtrax þa talade hann vid þa, og ſagde til þeirra: verid ohræddder, eg em þad, ottest ecke.

51. Og hann ſtie a Skipid til þeirra, og Vindenn lygnde. Og þeir ottuduſt, og forundruduſt ur mata.

52. Þviad þeim (a) ſkilldest enn eige af Braudunum, og þeirra Hiortu voru forblindud.

(a) (Skildest eige) þad er, þeir hefdu ecki att af þessu Epterdæme ad vera stirkvaxe i Trunne, so ad þeir hefdu ecke att ad ottasi eina Vofu.

VI. 53. Og er þeir voru yfer um farner, komu þeir j Landid Geneſareth, og lendtu þar.

54. Enn er þeir ſtigu af Skipenu, þecktu þeir hann ſtrax.

55. Og hlupu ut j oll umliggiande Lond, toku til og fluttu ſaman þar um kring Siuka Menn a Sængum, hvar hellſt þeir heyrdu hann vera.

56. Og hvar ed hann gieck inn j Kauptun, Stade og Þorp, þa logdu þeir ſiuka Menn a Torgid, og bœdu hann, ad þeir mættu ſnerta ad eins Falld hans Fata, og aller þeir ed hann ſnertu, þa urdu heilbrigder.

VII. Capitule.

JEſus (I) forſvarar ſijna Læreſveina: (II) Rekur Diofsl ut: (III) Gefur Heyrn og Mæl.

I. Þar

1. Þar komu og til hans Phariſei, og nockrer af hinum Skriftlærdu, ſem komner voru fra Jeruſalem.

2. Og þa þeir ſau nockra af hans Læreſveinum, med (a) Almennilegum Honduni, þad er med oþvegnum hondum, eta Braud, avijtudu þeir þad.

(a) (Almennilegum) Logmæled kallar þad Heilagt ſem utvaled var til Guds Þionuſtu-giordar, og þar þvert a mote, þad allt almennelegt, ſem var ohreint, og obuganlegt til Gudsþionuſtugiordar.

3. Þviad Phariſei og aller Gydingar eta eige nema þeir þvoe optſinnis ſijnar Hendur, halldande ſo Øldunganna Setninga.

4. Og þa þeir koma af Torgum, þa eta þeir eige nema þeir þvoe ſig, Og marger adrer hluter eru þeir, ſem þeir hofdu undergeingeſt ad hallda, ſem var þvottur Dryckiar-Kiera, Kruſa, Kopar-Kiera og Borda.

5. Þa ſpurdu Phariſei og hiner Skriftlærdu hann ad: Þvi ganga þijner Læreſveinar ei epter Setningum Øldunganna, helldur eta þeir Braud med oþvegnum Hondum?

6. Hann ſvarade og ſagde til þeirra: Riett vel þa ſpaade Eſaias af ydur Hræſnurum, ſem ſkrifad er: * Folk þetta heidrar mig med Vorunum, enn þeirra Hiarta er langt fra mier.

*Eſ. 29, 13.

7. Enn til onytis þiena þeir mier, med þvi þeir kienna ſoddann Lærdom, ſem ecke er utann Mannanna Bodord.

8. Þier

8. Þier yfergiefed Guds Bodord og halded Mannanna Uppfærninga, sem er, Krwfer og Dryckiar-kier ad þvo, og margt soddann, þa giored þier.

9. Og hann sagde til þeirra: fijnlega þa hafed þier aflagt Guds Bodord, ad þier mættud so geyma ydvarn Uppasetning.

10. Þviad Moyses sagde: *heidra skalltu Fodur þinn og Modur, enn **hver hann bolvar Fodur eda Modur, sa skal Dauda deyia. *2 B. Mos. 20, 12.
5 B. Mos. 5, 16. **2 B. Mos. 21, 17.
3 B. Mos. 20, 9.

11. Enn þier kienned, þegar nockur seiger Fodur eda Modur (b) Corban, (þad er, ef eg offra þvi, þa kiemur þier þad meir til gagns) hann giorer vel.

(b) (Corban) kallast ein Forn, og er sluttlega so mikid sagt, kiære Fader! giarnan vil eg giefa þier þad, enn þad er Corban, þad er betur falled eg giefe þad Gude enn þier, og þad kiemur þier meir til gagns.

12. Og eige þa loated þier hann framar nockud giora Fodur sijnum nie Modur sinne.

13. Onyt giorande Guds Ord fyrer ydar Setninga, þa þier hafed sialfer uppasett, og margt annad þvilijkt þa giored þier.

14. Og hann kallade allt Folked til sijn og sagde til þeirra: heyred mig aller og understanded.

15. Þar er eckert fyrer utann Mannenn innsa-

innfarande j hann, þad hann fae saurgad, helldur þad sem ut af honum geingur, þad er sem Mannenn saurgar.

16. Hafe nockur Eyru ad heyra sa heyre!

17. Og er hann gieck jnn j Husid burt fra Folkenu, spurdu hans Læresveinar hann ad þessare Epterlijkingu.

18. Enn hann sagde til þeirra: erud þier þa og so (c) Skilningslausser? Og skilid þier enn eige, ad allt þad sem fyrer utan er, og jnnfer j Mannenn þad fær eige saurgad hann?

(c) (Skilningslausser) þad er, heimsker og ofuger vid ydar Naunga, ad þier forakted adra dærlega og drambsamlega.

19. Þviad þad fer ei jnn j hans Hiarta, helldur fer þad j Magann, og geingur so ut epter edlelegre rœs, hvor ed ut hreinsar allann Mat.

20. Og hann sagde, hvad ed utfer af Mannenum, þad saurgar Mannenn.

21. Þviad jnnann ad, ur Hiartanu Mannsins, þa framm ganga vondar Hugrenningar, Hordomar, Frillulijfe, Manndrap.

22. Þiofnadur, Agyrne, Hreckier, Underhyggia, Otuckt, Illt Tillit, Gudlastaner, Drambseme, Heimska.

23. Allt þetta vondt þa geingur ut jnnann ad, og saurgar Mannenn.

II. 24. Hann stod upp, og for þadann j Landsœmsur Tyri og Sidonjs, og gieck jnn j

eitt

eitt Hus, og villde þad ongvann vita laata, enn fiæck þo eige duliſt.

25. Þviad ein Kona hafde heyrt af honum, hvorrar lijtel Dotter hafde ohreinann Anda, og hun kom og fiell nidur fyrer hans Fotum.

26. (Enn þad var ein Griſk Kona, af Syrophœnice) og hun bad hann ad reka ut Diofullenn fra Dottur ſinne.

27. Enn JEſus ſagde til hennar: leyf þu ad Bornenn metteſt oadur, þviad þad er ei tilhyrelegt ad taka Brauded Barnanna og kaſta þvi fyrer Hundana.

28. Enn hun ſvarade og ſagde til hans: Ja HErra, þvi Smahundarner eta under Bordenu, af Molum Barnanna.

29. Og hann ſagde til hennar: fyrer Saker þeſs Ords, þa far hiedann, Diofullenn er utfarenn fra þinne Dottur.

30. Og hun gieck þadann i ſitt Hus, og fann ad Diofullenn var utfarenn, og Dotturena a eirnre Sæng liggiande.

Gudſpialled XII. Sunnud. epter Trinit.

III. 31. Og þa hann gieck burt aptur ur Bygdarlage Tyri og Sidonis, kom hann til Siafarins j Galilea, midt a medal þeirra Tiju Stadanna.

32. Og þeir leiddu til hans Daufann Mann, þann er var næſta Stamur, og baadu hann ad hann villde leggia Hond yfer hann.

33. Og

33. Og hann tok hann af sijdis frá Folkenu, og stack sijnum Fingrum j hans Eyru, hrækte ut og snart hans Tungu.

34. Leit upp til Himens, andvarpade og sagde til hans: Ephatha, þad er, opna þig!

35. Og strax þa opnudust hans Eyru, þa uppleystest og eirnenn hans Tungu hapt, og hann talade riett.

36. Og hann fyrerbaud ad segia þad neinum, enn þvi meir er hann fyrerbaud þad, þess meir þa vijdfrægdu þeir þad.

37. Og þeir undrudust þad nærsta miog og sogdu: Allt hefur hann vel giort, því Daufa lætur hann heyra, og Moallausa mæla.]

VIII. Capitule.

JEsus (I) mettar fiogur þusund Manna: (II) Talar um Surdeig Pharisæanna og Herodis: (III) Gefur Syn: (IV) Heyrer Medkiennning um sig: (V) Talar um Kross og Hærmungar.

Gudspialled VII. Sunnud. epter Trinitat.

I. Á þeim Tijma þa þar var margt Folk, og hafde eckert til Matar, kallade JEsus sijna Læresveina til sijn, og sagde til þeirra:

2. Mig aumkar yfer Folkid, þad þeir hafa nu þria Daga hia mier dvaled, og hafa eckert til Matar.

3. Og

3. Og ef eg læt þa fastande fra mier heim fara, verda þeir hungurmorda a leidenne, þviad sumer voru langt ad kominer.

4. Hans Læresveinar svorudu honum: Hvadan tokum vier Braud hier a Oræfum, ad vier sedium þa med?

5. Og hann spurde þa ad: Hversu morg Braud þa hafed þier? Þeir sogdu: Sio.

6. Og þa baud hann Folkenu ad setia sig nidur a Jordena. Og hann tok þaug sio Braudenn, þackade, og braut þaug, og fieck þaug sijnum Læresveinum ad þeir legde þaug framm, og þeir logdu þaug framm fyrer Folked.

7. Og þeir hofdu faeina Smafiska, og hann giorde þacker og baud þa framm ad leggia.

8. Enn þeir neyttu og urdu metter. Þeir toku og upp þad yfer var, sio Karfer med Afgangsleifar.

9. Og þeir sem etid hofdu voru nær fiorum þusundum. Og hann liet þa j burt fara fra sier.]

II. 10. Og strax þa stie hann a litt Skip med sijnum Læresveinum, og kom j þær Landsoalfur er heita Dalmanutha.

11. Og Phariseí geingu ut, og toku ad hafa spurningar vid hann, freistudu hans og gyrntust af honum eitt Teikn af Himne.

12. Enn hann var þrungenn j sijnum Anda, og sagde: Til hvors sæker þesse Kinslod

epter Teikne? Sannlega þa seige eg ydur, ad þessare Kinslod giefst eckert Teikn.

13. Og hann forliet þa og stie aptur a Skip, og for yferum.

14. Þeir hofdu og gleymt ad taka Braud med sier, og hofdu ei nema eitt Braud med sier j Skipenu. Enn hann baud þeim,

15. Og sagde: Siaed til, og vared ydur vid Surdeige þeirra Phariseorum, og vid Swrdeige Herodis.

16. Enn þeir huxudu allt annad, og sogdu hver vid annann, þad er þad, ad vier hofum einginn Braud.

17. Og er JEsus fornam þad, sagde hann til þeirra: Hvad huxed þier um þad, þo þier hafed ecke Braudenn? Skinied þier enn nu eckert, nie understanded? Hafed þier enn forherdt Hiortu j ydur?

18. Hafed þier Augu enn siaed ei, og hafed Eyru og heyred eige? Þier huxed og eige þar epter,

19. Ad eg braut fimm Braud j millum fimm Þusunda, hversu margar Karfer fullar med afgangs leifar tokud þier þa upp? Þeir sogdu: Tolf.

20. Enn þa eg braut þaug sio a millum siogra Þusunda, Hversu margar Karfer fullar med leifar tokud þier þa upp? þeir sogdu: sio.

21. Og hann sagde til þeirra: Hverninn skilied þier þad þa ecke?

III 22. Hann kom til Bethsaida, og þeir leiddu þa eirn blindann Mann til hans, og bœdu hann ad hann snerte hann.

23. Enn hann tok j Hond hins Blinda og leidde hann utaf fyrer utann Kauptunid, spytte j hans Augu, og lagde sijnar Hendur yfer hann, og spurde hann ad, hvort hann sæe nockud.

24. Enn hann leit upp og sagde: Eg sie Mennena ganga lijka sem eg sæe (a) Trie.

(a) (Trie) Hann sa enn nu nockud Oglsgt, eins og þa Monnum synest Madur vera Trie, œaleingdar; So er og Upphafed a Christi peckingu veiklegt, enn þad verdur alltjafnt sterkara og stadfastara.

25. Þa lagde hann enn aptur Hendur yfer hans Augu, og baud honum enn upp ad (b) lyta. Og honum batnade so aptur, ad hann sa allt klœrlega.

(b) (Baud honum enn) Þad er, hann sagde: Hvornenn sier þu nu?

26. Og hann sende hann til sijns Heimilis og sagde: gack eige jnn aptur j Kauptuned, seig þad og ecke neinum þar jnne.

IV. 27. JEsus gieck ut og hans Lœresveinar, til þeirra Kauptuna hia Stadnum Cesarea Philippi, og a leidinne þa spurde hann sijna Lœresveina ad og sagde til þeirra: Hvorn seigia Menn mig vera?

28. Þeir onsudu: þeir seigia þu siert Jo-

hannes Skijrare, enn adrer seigia þu siert Elias, enn sumer ad þu siert eirn af Spaamonnum.

29. Þa sagde hann til þeirra: Enn þier, Hvorn seiged þier mig vera? Þa svarade Petur og sagde til hans: Þu ert Christur.

30. Og hann þaggade þa, ad þeir segde þad ei neinum um hann.

31. Og hann tok til ad kienna þeim, þad Mannsins Sonur skyllde margt þola, og brakenn vera af Olldungum, Hofudprestum og Skriftlærdum, og lijflatenn vera, og a hinum þridia Deige upprijsa.

32. Hann talade og þetta Ord berlega ut, og Petur tok hann til sijn og tok ad atelia hann.

33. Enn hann snere sier vid, og leit til sinna Læresveina, hastade a Petrum og sagde: Vijk fra mier Satan, þviad þu skilur ei þad Gudlegt er, helldur þad sem Mannlegt er.

V. 34. Og ad samankolludu Folkenu, asamt hans Læresveinum, sagde hann til þeirra: Hvor hann vill filgia mier epter, afneite hann sialfum sier, og take sinn Kross a sig, og filge mier epter.

35. Þviad hvor hann vill behallda sijnu Lijfe, sa mun þvi tortijna, og hvor hann lætur sitt Lijf fyrer mijnar saker og Evangelii, sa mun behallda þvi.

36. Hvad

36. Hvad stodar pad Mannenn pott hann ynne allann Heimenn, og lijde skada a sinne Saalu?

37. Eda hvad ma Madurenn pad giefa ad hann leyse sijna Saal med.

38. Enn hvor hann skammast mijn edur minna Orda, hia pessare Horunar samre og syndugre Kinslod, vid pann mun Mannsins Sonur skammast, pa hann kiemur med Heilogum Einglum, j Dyrd sijns Fodurs.

39. Hann sagde og til peirra: Sannlega seige eg ydur, ad hier standa nockrer af peim, hvorier eige sinacka Daudann, par til peir sia Guds Rijke med Krapte komande.

IX. Capitule.

JEsus (I) um mindast a Fiallenn: (II) Rekur einn Malleysesk og Heyrnarleyses Anda ut fra Barne einu: (III) Talar um sinn Dauda: (IV) Straffar Metordagyrdi: (V) Bannar engum ad reka Diosla ut: (VI) Talar um Hneixle, Eld, og Sallt.

I. Og sex Dogum par epter, tok JEsus med sier Petrum, Jacobum og Johannem, og veik peim einumsomum uppa eitt hatt Fiall sierdeilis, og forklaradest fyrer peim.

2. Og Hans Klæde urdu skijnande, og næsta hvit sem Snior, so ad eingenn Litunarmadur a Jordu kann so hvitt ad giora.

3. Peim birtest og Elias med Moyse, og hielldu eitt Samtal vid JEsum.

4. Petur svarade og sagde til JEsu: Rabbi, gott er hier ad vera, og giorum hier þriar Tialldbwder, þier eina, og Moyse eina, og Elie eina.

5. Enn hann visse eige hvad hann sagde: af því þeir voru ottaslegner.

6. Þa kom eitt Sky sem þa yfirskygde, og einn Rodd kom ur Skyenu, seigiande: Þesse er minn Elskulegur Sonur, heyred þier honum.

7. Og strax þar epter litu þeir j kringum sig, og sau engvann, nema alleina JEsum hia sier.

8. Og er þeir geingu ofan af Fiallenu, fyrerbaud JEsus þeim, ad þeir segdu þad engvum, hvad þeir hofdu sied, þangad til ad Mannsins Sonur være upprisenn af Dauda.

9. Þeir hielldu og því Orde hia sier, spyriande sijn a mille, hvad það være ad upprijsa af Dauda?

10. Og þeir spurdu hann ad, og sogdu: hvad er það þa sem hiner Skriftlærdu seigia: ad * Elias skule fyrre koma?

* Malach 4,5.

11. Enn hann svarade og sagde til þeirra: Elias skal ad vijsu aodur koma, og allt til lags færa, Þar ad auk mun Mannsins Son margt lijda og forsmadur verda, so sem þar skrifad stendur. *Esa. 53,5. Pf. 22,7.8.

12. Enn

12. Enn eg seige ydur: Það Elias er kominn, og þeir hafa giort honum hvað hellst þeir villdu so sem skrifað er af honum.

II. 13 Og hann kom til sinna Læresveina, og sa þar margt Folk kringum þa, og hina Skriftlærdu er spurdust a vid þa.

14. Og strax er allt Folked leit hann, felmtrade því, hlupu ad og heilsudu honum.

15. Og hann spurde þa hina Skriftlærdu, ad hvoriu spyriest þier um vid þa?

16. Enn eirn af Folkenu svarade og sagde: Meistare, eg flutte Son minn hingad til þijn, hann hefur Maallausann Anda.

17. Og þegar hann nær honum, þa slijtur hann hann, og hann froduseller, og gnyster Tonnum, og þornar upp, Og eg talade til þinna Læresveina ad þeir ræke hann ut, og þeir gætu það eige.

18. Enn hann svarade honum og sagde: O þu vantruada Kinslod, hvorsu leinge þa skal eg hia ydur vera, eda hvorsu leinge a eg ad umlijda ydur? Færed hann hingad til mijn.

19. Og þeir færdu hann þangad til hans. Og strax er Andenn leit hann, sleit hann hann, og fiell a Jord og velltest um og froduselldе.

20. Hann spurde og hans Fodur ad: hvorsu langur tijme er fra því hann hrefte þetta? Enn hann sagde: fra Barnæsku.

21. Og optlega hefur hann fleygt honum i

Eld og Vatn, ad hann fyrerfære honum. Enn ef þu orkar nockru, þa sia aumur a ockur, og hialpa ockur.

22. Enn JEsus sagde til hans: Ef þu gietur truad; Trundum er allt mogulegt.

23. Og strax þa kallade Fader Barnsins upp med Tcarum, og sagde: eg true Herra, hialpa þu minne Vantru.

24. Og er JEsus sa ad Folkid hliop ad, hastade hann a hinn ohreina Anda, og sagde til hans: þu Mallause og Dause Ande, eg byd þier ad þu farer utaf honum, og farer ei framar j hann.

25. Þa kallade hann upp, og sleit hann miog, og for utaf honum. Og hann vard sem være hann Daudur, so ad marger eirnenn sogdu: hann er Daudur.

26. Enn JEsus took j hans Hond, og reiste hann upp, hann reis þa upp.

27. Og þa hann kom heim, spurdu hans Læresveinar hann sierdeilislega ad: Þvi gætum vær ei drifed hann ut?

28. Enn hann sagde: Þetta Kin fæst med engvu odru mote utreked, nema fyrer Bæner og Fostu.

III. 29. Og þeir geingu þadann, og ferdudust um Galileam, Hann villde og eige ad þad skylde nockur vita.

30. Hann kiende sijnum Læresveinum, og sagde þeim, þad Mannsins Sonur skylde seliast j Manna

j Manna Hendur, og þeir munde aflijfa hann, og þa hann være aflijfadur, munde hann a þridia Deige upp aptur rijfa.

31. Enn þeir understodu eige þad Ord, þordu þo eige ad spyria hann ad.

IV. 32. Og hann kom til Capernaum, og sem hann var heima, spurde hann þa ad, hvad handtierudud þier ydar a mille a Veigenum?

33. Enn þeir þogdu, þviad þeir hefdu handtierad um a Veigenum, hver þeirra Mestur være.

34. Og hann sette sig, og kallade þa tolf og sagde til þeirra: ef nockur vill firstur vera, sa skal ollum sijdastur vera og allra Pion.

35. Og hann tok eitt Barnkorn, og sette þad midt a millum þeirra, og hann fadmade þad, og sagde til þeirra:

36. Hver sa sem medtekur eitt þvilijkt Barnkorn j mijnu Nafne, hann medtekur mig, og hver hellst hann medtekur mig, sa medtekur ei mig, helldur hann, sem mig sende.

V. 37. Og Johannes svarade honum og sagde: Meistare, vier saum eirn þann sem rak ut Diofla j þijnu Nafne, hver ed ei filger oss epter, og vær fyrerbudum honum þad, af þvi hann filgde oss ei epter.

38. Enn JEsus sagde: eige skulud þier fyrerbioda honum þad, Þviad eingenn er sa,

ef hann giorer Kraptaverk j mijnu Nafne, ad hann kunne þa strax illa ad tala um mig.

39. Hver hann er eige a mote oss, hann er med oss.

40. Þvi hver sem ydur giefur ad drecka eirn Bikar Vatns j mijnu Nafne, af þvi þier erud Christi, sannlega þa seige eg ydur: ad þad skal honum ecke olaunad verda.

VI. 41. Og hver hann hneixlar eirn af þeim hinum litlu sem a mig trua, honum være betra ad Kvarnarsteirn byndest vid Hals honum, og være so j Sio kastadur.

42. Og ef þijn Hond hneixlar þig, þa hogg hana af, betra er þier Handarvana inn ad ganga til Lijfsins, enn hafande tvær Hendur og fara til Helvitis, j þann eylifa Eld.

43. Hvar ed þeirra Madkur deyr eige, og þar þeirra Elldur slocknar ecke.

44. Og ef þig hneixlar Fotur þinn, þa hogg hann af, betra er þier holltum inn ad ganga til Lijfsins, enn þad þu hafer tvo Fætur og kastest j Helvijte j þann eylifa Eld.

45. Hvar ed þeirra Ormur deyr eige, og þeirra Elldur slocknar eige.

46. Hneixle þig þitt Auga, þa kasta þvi fra þier, betra er þier eineygdum inn ad ganga j Guds Rijke, enn ad þu hafer tvo Augu og kastest j Helvijtis Eld.

47. Hvar ed þeirra Ormur deyr eige, og þar þeirra Elldur slocknar eige.

48. Allt

48. Allt hlyturmed Ellde ad (a) salltast, og hvort Offur skal med Sallte salltast.

(a) (Salltast) I Gamla Testamentenu var allt Offur salltad, og af ollu Offre var þar nockud j Ellde uppbrennudt, þad færer Christur hier jnn, og vtleggur þad andlega, a þann hatt, ad sa Gamle Madurenn verdur krossfestur, fortærdur og vel salltadur med Evangelio, so sem med Ellde og Sallte. Þvi Lijkamenn vor er þad rietta Offur, Rom. 12. Enn ef Salted misser sinn Krapt og Evangelium fordiarfast fyrer Mannlega Lærdoma, þa saltast hinn Gamle Madurenn ei, so vaxa þar þa Madkar, enn Sallted er beiskt, þar fyrer er þorf, ad hafa Þolenmæde og Frid i Salltenu.

49. Sallted er gott, enn ef Sallted dofnar, med hvoriu skulud þier þa sallta þad? hafid þier Sallted med ydur, og hafid þier Frid hvor vid annann.

X. Kapitule.

JEsus (I) talar um Hionaband: (II) Tekur Ungborn i Fadm: (III) Talar um hina Rijku: (IV) Predikar um sinn Dauda: (V) Raadleggur Lijtelæte: (VI) Gisrer einu Blindanu sioande.

I Og hann biost burt og kom þar fra til Landamerkia Judalands hinumeigenn Jordanar, þar kom og enn aptur Flockum saman Folkid til hans, og sem hann plagade, þa tok hann enn aptur ad kienna þeim.

2. Þharisei geingu til hans, spurdu hann ad: ef Mannenum leyfest ad forlata sijna Hwsfru? freistande hans so.

3. Enn hann svarade og sagde: hvad hefur Moyses bodid ydur?

4. Peir sogdu: Moyses * leyfde Skilnadarbrief ad skrifa, og vid ad skilia.

* 5B.Mos.24,1.

5. JEsus svarade og sagde til peirra: vegna hardleika ydvars Hiarta pa skrifade hann ydur petta Bodord.

6. Enn af Upphafe Skiepnunnar skapade Gud eirn Kallmann og Konu.

7. Par fyrer skal Madurenn forlata Fodur og Modur, og skal vera samann vid sijna Konu.

8. Og pau tvo skulu vera eitt Hold, af pvi eru pau nu eige tvo, helldur eitt Hold.

9. Hvad Gud hefur pa samteingt, pad skal Madurenn eige sundurskilja.

10. Og Heima spurdu hans Læresveinar aptur ad um hid sama.

11. Og hann sagde peim: hvor sem skilst vid sijna Eigennkonu, og giptest annare, sa dryger Hor med henne.

12. Og ef Konann forlætur sinn eigenn Mann, og giptest odrum, hun horast.

II. 13. Og peir færdu Ungbørn til hans, ad hann ahrærde pau. Enn Læresveinarner a toldu pa sem paug bæru.

14. Og er JEsus sa pad, reiddest hann, og

og sagde til peirra: leyfed Bornunum til mijn ad koma, og banned peim pad eige, pviad pvilijkra er Himnarijke.

15. Samnlega seige eg ydur: hvor hann medtekur seige Guds Rijke sem annad Ungbarn, sa mun eige jnnganga j pad.

16. Og hann tok paug j Fang, og lagde Hendur yfer paug og blessade paug.

III. 17. Og pa hann var utgeingenn uppa Veigenn, hliop par eirn framm, og fiell a Knie fyrer honum, og spurde hann ad: Gode Meistare, hvad skal eg giora so eg erfe eylifst Lijf?

18 Enn JEsus sagde til hans: pvi kallar pu mig godann? eingenn er godur nema GUd eirn.

19. Bodordenn muntu kunna? *Pu skallt eige Hordom drygia, eige Mann vega, eige stela, eige skalltu Liugvitne mæla, pu skallt ongvann svikia, heidra pinn Fodur og Modur.

* 2B. Mos. 20, 13. 5B. Mos. 5, 16. &c.

20. Enn hann svarade og sagde til hans: Meistare, allt petta hefe eg vardveitt j fra Barnæsku minne.

21. Enn JEsus horfde a hann, og elskade hann og sagde til hans: (a) eitt pa brestur pig, far, sel allt hvad pu hefur, og gief Fatækum, og pa muntu hafa eirn Fiesiod a Himnum, og kom, og filg pu mier epter, og tak Krossinn uppa pig.

(a) (Eitt) pad er, þig brestur pad allt saman, þvi þu villt heita godur, og þo ongvu sleppa af þijnu Gotse minna vegna, eda lijda nockud med mier, þar fyrer er vissulega Mammon þinn GUd, og þu elskar hann meir enn mig.

22. Enn hann vard hriggur vid þesse Ord, og gieck þadann syrgiande, þviad hann hafde miklar Eigner.

23. JEsus leit kringum sig, og sagde til sinna Læresveina: Hvorsu torvelldt er þeim Rijku jnn ad ganga j Guds Rijke.

24. Enn Læresveinarner hræddust haus Ord. Enn JEsus ansade enn aptur og sagde til þeirra: kiæru Born! hvorsu torvelldt er þeim sem treysta a Rijkdomenn jnn ad ganga j Guds Rijke.

25. Audvelldara er Ulfalldanum ad ganga j giegnum Naalar Augad, enn Rijkum jnn ad ganga j Guds Rijke.

26. Þeir ottudust þa enn meir og sogdu sijn a millum: hvor kann þa holpenn ad verda?

27. Enn JEsus leit til þeirra, og sagde: hia Monnum er þad omogulegt, enn eige hia Gude, þviad hia Gude er allt mogulegt.

28. Þa sagde Petur til hans: sia þu, vier forlietum allt og hofum þier epterfilgt.

29. JEsus svarade og sagde: sannlege seige eg ydur, ad eingenn er sa, hvor ad fyrerlætur Hws, edur Brædur, eda Systur, eda Fodur, eda Modur, eda Eigennkonu, eda Born,

Born, eda Akra fyrer mijnar Saker, og Evangelij,

30. Sa ed ei fær hundradfalldt aptur nu a þessare Tijd, Hvos, Brædur, og Systur, og Modur, og Born, og Akra, med (b) Ossoknum, og j epterkomande Heime eylijst Lijf, og marger munu verda seinaster sem eru firster.

(b) (Med Ossoknum) hvor hann truer, hann mun lijda Ossoku, og setia allt j Hættu þar fyrer, samt hefur hann gnog. þvi hvort hann kiemur, finnur hann Fodur og Modur, Brædur og Sots meir enn þad var, er hann kunne nockurn Tijma vid adskiliast.

31. Og þeir firster sem seinaster eru.

IV. 32. Enn þeir voru a Veigenum og foru upp til Jerusalem, og JEsus gieck fyrer þeim, og þa sette hlioda vid, filgiande honum þo epter, og ottudust. Og JEsus tok þa tolf aptur til sijn, og sagde þeim, hvad yfer hann munde koma.

33. Sia, vier forum nu upp til Jerusalem, og Mannsins Sonur mun seliast Kiennemannahofdingium og Skriftlærdum, og þeir munu fordæma hann j Dauda, og selia Heidingium.

34. Þeir munu og spotta hann, og sleingia, spyta a hann, og lijsloata, og a þridia Deige mun hann uppaptur rijsa.

V. 35. Þa geingu þeir Jacobus og Johannes Syner Zebedei til hans og sogdu: Meistare,

ſtare, vid Vilium ad þu giorer fyrer ockur þad ſem vid bidium þig?

36. Hann ſagde til þeirra: hvad vilied þid ad eg ſkule giora yckur?

37. Þeir ſøgdu til hans: gief ockur ad vid ſitium i þinne Dyrd eirn til hægre Hlidar þier, og annar til hinnar vinſtre.

38. Enn JEſus ſagde til þeirra: þid vited ei hvors þid bidied, kunned þid ad drecka þann Kaleik hvern eg mun drecka, og ſkijraſt þeirre Skijrn hvorre eg mun ſkijraſt?

39. Þeir ſøgdu honum: þad gietum vid. JEſus ſagde þa til þeirra ad: ſannu munud þid drecka þann Kaleik hvorn eg dreck, og medur þeirre Skijrn ſkijrder verda hvorre eg mun ſkijraſt.

40. Enn ad ſitia til minnar hægre og vinſtre Hlidar, er eige mijn ad giefa yckur, helldur þeim ſem þad er fyrerbuid.

41. Og þa er þeir tiju heyrdu þad, mispocknadeſt þeim vid Jacobum og Johannem.

42. Þa kallade JEſus þa og ſagde til þeirra: þier vited þad, ad veralldleiger Hofdingiar ſtiorna, og Vollduger a medal þeirra hafa Vallд.

43. Enn þad ſkal ei ſo vera ydar a mille, helldur hvor hann vill vera mikell ydar a mille, ſa ſkal ydar Þenare vera.

44. Og hvor hann vill ydar a mille Æðſtur vera, ſa ſkal allra ydar Þion vera.

45. Þviad

45. Þviad Mannsins Sonur er eige kominn til þess ad lata þiona sier, helldur þad ad hann þionade, og giæfe sitt Lijf ut, til Endurlausnar Bitalings fyrer marga.

VI. 46. Þeir komu og til Jericho, og ad honum burtfarande ur Jericho, og hans Læresveinum, og miklum Folksfiolda, sat einn Blindur, Bartimeus Son Timei, vid Veigenn, og þæa Ölmusu.

47. Og er hann heyrde ad þad var JEsus af Nazareth, tok hann til ad kalla og seigia: JEsus Sonur Davids, miskuna þu mier!

48. Og marger hostudu a hann, ad hann skylldi þeigia. Enn hann kallade þess miklu meir: Sonur Davids miskuna þu mier!

49. Og JEsus stod vid, og liet kalla a hann. Og þeir kolludu a hinn Blinda, seigiande til hans: vertu med godu giede, statt upp, hann kallar ad þig.

50. Og hann kastade sijnum Klædum af sier, stod upp og kom til JEsu.

51. JEsus svarade og sagde til hans: hvad villtu ad eg skule giora þier? Enn hinn Blinde sagde honum: Rabboni, þad eg yrde sied aande.

52. JEsus sagde til hanns: Gack hiedann, þijn Trua giorde þig holpenn, og strax þa sa hann, og filgde honum epter a Veigenn.

XI. Ca-

XI. Capitule.

JEsus (I) riidur jun j Jerusalem. (II) Formæler Fikiu-Trenu: (III) Hreinsar Jerusalems Mustere: (IV) Talar um Bænena. (V) Vill ecke segia hvada Vallð hann hafde til þess, ad hreinsa Mustered.

I. Og þa þeir komu nær Jerusalem til Bethphage og Bethania, vid Fialled Vidsniorsvidanna, sende hann tvo af sijnum Læresveinum ut.

2. Og sagde til þeirra: ganged j þad Kauptun sem giegnt ydur er, og strax er þid komed þarjnn, munud þid finna Fola bundinn, a hverium eingenn Madur hefur enn setid, leysed hann og leided hingad.

3. Og ef nockur seiger til ydar: þvi giored þier þad? þa seiged ad HErrann hefur þorf fyrer hann, og strax mun hann senda hann hingad.

4. Þeir geingu burt þadann, og fundu Folann bundenn hia Dyrunum ute a gatnamotenu, og leystu hann.

5. Og nockrir af þeim er þar stodu, sogdu til þeirra: hvad giored þid, leysande Folann?

6. Enn þeir sogdu til þeirra so sem JEsus hafde þeim bodid, og þeir leyfdu þeim þad.

7. Og þeir færdu Folann til JEsu, logdu þar a sijn Klæde, og hann settest þar uppa.

8. Enn marger breiddu sijn Fot a Veigenn, enn nockrer hiuggu Kviste af Trianum, og dreifdu a Veigenn, og þeir er fyrer geingu og hiner

hiner sem epter filgdu kelludu og sogdu: Hosanna,

9. Lofadur sie sa sem kiemur j Nafne Drottens.

10. Og lofad sie Rijke Fodurs vors Davids, pad ed kiemur j Nafne Drottens, Hosanna j Upphædum.

11. Og JEsus gieck inn j Jerusalem og inn j Mustered, og umskygnde alla hlute, og pa Kvolld var nu komed, gieck hann ut med peim tolf til Bethania.

II. 12. Og annars Dags pa hann gieck ut af Bethania, hungrade hann.

13. Og hann sa ædeingdar eitt Fikiutrie, pad er Laufblod hafde, pa gieck hann ad vita hvort hann fynde nockud a pvi. Og pa hann kom pangad ad, fann hann eckert nema Laufblodinn alleina, pviad pa var eige Fiknanna Tijmenn komenn.

14. JEsus svarade og sagde til pess: hier epter ete eingenn af pier avort ad eylifsu! Og hans Læresveinar heyrdu a pad.

III. 15. Peir komu og til Jerusalem, og JEsus gieck inn j Mustered, tok til ut ad reka pa sem selldu og keyptu j Musterenu, Bordum peirra er reidepeningum skiptu, og Stolum peirra er Dufur selldu, hratt hann um.

16. Og ei lofade hann ad nockur bære nockud kier um Mustered.

17. Og hann kiende og sagde til peirra:

stendur

stendur þad eige skrifad, ad * mitt Hus skule kallast Bænahus af ollum Þiodum, enn þier hafed giort þad ad ** Spillvirkia Bæle.

*Esa.56,7. ** Jer.7,11.

18. Og þetta kom fyrer þa Skriftlærdu og Kemmemannahsfdingia, og þeir þeinktu um hvornenn þeir mættu fyrerkoma honum, enn þeir ottudust hann, af því ad allur Lydur dadest ad hans Kienningu.

19. Og um Kvolldid gieck hann ut af Borgenne.

IV. 20. Og ad Morghe þa geingu þeir þar framm hia og sau Fikiutried þurt orded ad Rotum.

21. Og Petur minntest þar a og sagde vid hann: Rabbi, siadu Fikiutried, hvorium þu formællter, er uppvisnad.

22. JEsus svarade og sagde til þeirra: hafed Tru til Guds!

23. Sannlega seige eg ydur: hvor hellst hann segde til þessa Fialls, lypt þu þier upp, og fleyg þier j Sioenn, og efade eige j sijnu Hiarta, helldur tryde ad þad munde so skie, hvad hann seiger: þa mun þad og skie hann, hvad hann seiger.

24. Fyrer því seige eg ydur, allt hvad hellst þier bidied j ydvare Bæn, trued ad þier orlest þad, þa mun þad henda ydur.

25. Og nær þier standed og bidiest fyrer, þa fyrergefed, ef þier hafed nockurskonar odrum

odrum j giegn, so ad ydar Fader sem er a Himnum, fyrergiefe ydur ydar Brot.

26. Þviad ef þier fyrergiefed eige, þa fyrergiefur og eige ydar Fader ydur sem er a Himnum ydar Brot.

V. 27. Þeir komu og aptur til Jerusalem, og þa er hann gieck j Musterenu, j komu til hans Hofudprestar, Skriftlærder og Øldungar.

28. Og sogdu til hans: ut af hverju Vallde gierer þu þetta? og hver hefur giefed þier Vald til ad þu gierder þetta?

29. Enn JEsus svarade og sagde til þeirra, eg vil spyria ydur ad einu Orde, svared mier, þa mun eg segia ydur af hverju Vallde eg giore þetta.

30. Skirn Johannis, var hun af Himnum, eda af Monnum? svared mier.

31. Þeir hugsudu med sier og sogdu: ef vær seigium ad hun være af Himne, þa seiger hann: þvi trudud þier honum þa eige?

32. Enn ef vær seigium ad hun være: af Monnum, hrædunst vær Folkid, þviad aller hielldu ad Johannes være sannur Spæmadur.

33. Og þeir svorudu og sogdu til JEsu, vær vitum eige. JEsus svarade og sagde til þeirra: þa seige eg og ydur eige, af hverju Vallde ad eg giore þetta.

XII. Ca-

XII. Capitule.

JEsus (I) talar um einn Vijngard: (II) um Skatt: (III) um Uprisuna: (IV) um Løgmæled: (V.) um sijna Personu: (VI) Um tvo Skarsa einnar Eckiu.

I. Hann tok og til ad tala vid þa i Epterlijkingum. Madur plantade Vijngard og giorde Gard um, og grof þar Vijnpressu, og bygde þar upp Turn, og leigde hann Vijngardsmønnum, og ferdadest langt j burt.

2. Og er Tijme var komenn, sende hann Pion sinn til Vijngardsmannanna, ad hann tæke af Vijngardsmønnunum utaf Vijngardsins Avexte.

3. Enn þeir handtoku hann, og stryktu, og lietu tomhendtann j burt fara.

4. Og enn aptur sende hann annann Pion til þeirra, og hann hofudlestu þeir Griote, og slepptu spottudum j burt.

5. Og þá enn aptur sende ham annann, og þann aflijfudu þeir, og fleyre adra, suma Hvodstryktu þeir, enn suma draapu þeir.

6. Þa hafde hann enn epter eirn einka Son, sem hann hafde kiærann, og þann sende hann seinastann til þeirra, og sagde: þeir munu feila sier fyrer Syne mijnum.

7. Enn þeir hinu sømu Vijngardsmenn sogdu sijn a mille: þesse er Erfingenn, komed þier, vegum hann, so verdur Arfurinn vor.

8. Og þeir hondludu hann og aflijfudu, og kostudu honum ut fyrer Vijngardenn.

9. Hvad

9. Hvad mun nu Herrann Vijngardsins giora til? hann mun koma og tortijna Vijngardsmonnunum, og giefa Vijngardinn odrum.

10. Hafed þier og eige lesid þessa Skrift: * þann Stein er Byggendur burtkostudu, hann er ordenn Hyrningar Steirn.

*Psalm. 118, 22. Esa. 28, 16.

11. Af Drottine er þad giort, og er undarlegt fyrer vorum Augum.

12. Og þeir leitudu vid ad handtaka hann, enn þeir ottudust Lydenn, þviad þeir skildu vel þad hann sagde þessa Epterlijking uppa þa, og þeir forlietu hann og geingu j burt.

II. 13. Og þeir sendu til hans nockra af Phariseis, og Herodis Þienurum, ad þeir veidde hann j Ordum.

14. Og þeir komu og sogdu til hans: Meistare, vier vitum ad þu ert sannsegull og skeyter eige neinum; Þviad þu fer ecke epter Mannvirdingu, helldur kienner þu Guds Veg riettelega: er þad riett ad Menn skulu giefa Keisaranum Skatt edur eige? Skulum vier hann giefa edur ecke giefa?

15. Enn hann fornam þeirra Underhyggiu, og sagde til þeirra: þvi freisted þier mijn? Færed mier eirn Pening, ad eg siae hann.

16. Og þeir færdu honum hann, þa sagde hann: hvors er þesse Mind og Yferskrift? þeir sogdu honum: Keisarans.

17. Þa

17. Þa svarade JEsus og sagde til þeirra: giefid þa Keisaranum hvad Keisarans er, og þad Gude sem Guds er. Og þa furdade a honum.

III. 18. Þa geingu Saducei til hans, þeir ed hallda, ad þar sie eingenn Uppriſa, spurtu hann ad, og sogdu:

19. Meistare, Moses skrifade oss, * ad ef nockurs Manns Broder lieteſt, og hefde Eigennkonu epter, og liete eingen Born epter sig, þa a Broder hans ad medtaka þa sonu hans Eigennkonu, og uppvekia sijnum Brodur Sæde. *5 B. Mos. 25, 5.

20. Nu voru þar Sio Brædur, og hinn fyrste tok sier Eigennkonu, hann andadeſt, latande ecke neitt Sæde epter.

21. Og sa annar tok hana og andadeſt, liet og eige Sæde epter.

22. Og lijka hinn þridie, og eirnenn þeir sio toku hana aller, og lietu eige Sæde epter, seinaſt epter þa alla andadeſt og Konann.

23. Enn j Uppriſunne þa er þeir rijsa upp, hvors þeirra Eigennkona þa verdur hun, þviad þeir Sio hofdu hana til Eigennkonu?

24. Þa svarade JEsus og sagde til þeirra: er ei so ad þier villeſt, þar fyrer ad þier viteð ei Ritningarnar, og eige helldur Guds Krapt.

25. Þviad þa þeir rijsa upp af Dauda, kvongaſt þeir eige, nie giptaſt, helldur eru þeir sem Einglar a Himnum.

26. Enn

26. Enn um þa Daudu, ad þeir skulu upprijsa, hafed þier ecke lesed j Moysis Bok, hvornenn sagde Gud til hans hia Skogar-runnenum og sagde: *ég em Gud Abrahams, Gud Isaacs, og Gud Jacobs?

*2 B. Mos. 3, 6.

27. Eige er hann Gud Daudra, helldur Gud Lifendra, af því villest þier miog.

IV. 28. Og eirn af Skriftlærdum gieck til hans, sa er heyrt hafde þa spyriast a, og sea þad, ad hann hafde svarad þeim vel, og spurde hann ad: Hvort er þad ædsta Bodord af ollum?

29. Enn JEsus svarade honum: þad er þad ædsta Bodord af ollum: *Heyr þu Israel, DRottenn Gud vor er eirn Gud.

*5 B. Mos. 6, 4. 5.

30. Og elska skalltu DRottenn Gud þinn af ollu Hiarta þijnu, og af allre Sealu þinne, og af ollu þijnu Hugskote, og af ollum Kroptum þijnum. Þetta er hid ædsta Bodord.

31. Enn annad er og þessu-lijkt: *Elska skalltu Naunga þinn sem sialfann þig: Eige eru þar onnur Bodord þessum meire.

*3 B. Mos. 19, 18.

32. Og hinn Skriftlærde sagde til hans: Meistare! j sannleika sagder þu vel, þviad eirn er Gud, og eingenn er þar annar enn hann.

33. Og ad elska hann af ollu Hiarta, og af ollu Hugskote, af allre Sealu, og ollum

Kroptum, og ad elska Naunga sinn sem sialfann sig, pad er ollum Brenne-fornum meira, og ollu Offre.

34. Enn er JEsus sa ad hann svarade vijslega, sagde hann til hans: Eige ertu langt fra Guds Rijke. Og eingenn porde pa ad spyria hann framarmeir.

V. 35. JEsus svarade og sagde, er hann kiennde j Musterenu: Hvornen seigia Skriftlærder Christum vera Davids Son?

36. Enn David seiger sialfur fyrer Heilagann Anda: *DRottenn sagde minum DRottne: Sit pu til minnar hægre Handar, par til eg legg pijna Ovine til Skarar pinna Fota. *Psalm. 110, 1.

37. Par nefner David hann sinn DRottenn, hvornenn er hann pa Sonur hans? Og margt Folk heyrde honum giarnann.

38. Og hann kiende peim og sagde til peirra: Vared ydur vid Skriftlærdum peim sem ganga j sijdum Klædum, og lata giarnann heilsa sier a Torgum,

39. Og sitia giarnann efst j Samkundu husum og til Bords j Giestabodum.

40. Peir uppeta Eckna Hus, under Hylmingu langrar Bænar, peir munu og odlast pess stærre Fordæming.

VI. 41. Og JEsus settest hvert yfer fra Guds Kistunne, og sa hvornenn Folkid varpadi Peningum j Gudskistuna, og marger Rijker logdu par mikid j.

42.

42. Enn þa kom ein Eckia fatæk, liet tvo Skarfa jnn, þad er eirn Pening.

43. Hann kallade sijna Læresveina til sijn og sagde þeim: Sannlega seige eg ydur, ad þesse fatæka Eckia liet meir j Guds Kistuna, enn aller þeir sem lietu þar j.

44. Þviad aller lietu af þvi er þeim var afgangs; Enn þesse liet af Volæde sijnu allt hvad hun hafde, sijna Biorg alla.

XIII. Capitule.

JEsus talar (I) um Eydelegging Jerusalems Borgar: og (II) um Ender Veralldarennar.

I. Og þa hann gieck ut af Musterenu, sagde eirn af hans Læresveinum vid hann? Meistare: Sioa, hvilijker Steinar, og hvilijk Bygging þetta er!

2. JEsus svarade og sagde til hans: sier þu allar þessar stooru Byggingar; Hier mun eige epterlaatast Steirn yfer Steine, sa er eige verde sundurbrotenn.

3. Og þa hann sat a Fiallenu Oliveti gegnt Musterenu, spurdu hann ad sierilage, Petrus, og Jacobus, og Johannes, og Andreas.

4. Seig þu oss nær allt þetta skal skie og hvort Teikn skal verda, þa þetta skal allt fullkomnast?

5. JEsus svarade þeim og tok til ad seigia: Siaed til ad eige sae nockur villt ydur.

6. Þviad marger munu koma j mijnu Nafne, og seigia: Eg em Christur, og munu marga villa.

7. Enn þa þier heyred af Bardogum og hernadar Tijdendum, ottest eige, þviad þessu byriar ad skie, enn Endenn er þa þo enn ei.

8. Ein Þiod mun reisa sig upp j mote annare, og eitt Kongsrijke a mote odru, og Landskialftar munu vera hier og þar, Hungur og Hrellingar munu og verda, þetta er Upphaf Eymdanna.

9. Enn siaed þier ydur fyrer, þviad þeir munu frammselia ydur j Raadstefnur og Samkunduhus, og þier munud strykter verda, og fyrer Konga og Hofdingia munud þier leidder verda, minna vegna, til Vitnisburdar yfer þa.

10. Og Gudspiallum byriar audur ad predikast a medal allra Þioda.

11. Þa þeir nu leida ydur og frammselia, sorged eige fyrer hvad þier skulud tala, vered ecke helldur þar um forþeinkter audur, helldur hvad ydur giefst a þeirre somu Stundu þad taled. Þviad ei erud þier þeir sem tala, helldur Heilagur Ande.

12. Eirn Broder mun selia annann j Daudann, og Fader Sonenn, Bornenn munu setia sig j mote Forelldrunum, og stirkia til ad deyda þa.

13. Og þier munud ollum verda ad hatre fyrer mijns Nafns saker. Enn hver hann er stadfastur allt til Enda, hañ skal holpenn verda.

14. Enn

14. Enn þa þier siaed * Svivirding Foreydslunnar af hvorre Daniel Spaamadur seiger, ad hun stendur hvar eige byriade (hvor ed þad les, hann understande þad) hvor þa er a Gydinga Lande, flye hann a Fiell.

*Dan. 9, 27.

15. Og hvor hann er uppa Rœfrenu, hann fare eige nidur j Husid, og kome ecke þar jnn ad sœkia nockud j sitt Hvs.

16. Og sa sem er a Akre, hann snuest eige a bak sier aptur ad sœkia Fotsijn.

17. Enn vei þungudum Konum og Briostmylkiandi gum a þeim Tijmum!

18. Enn bidied ad Flotte ydar verde eige um Vetur.

19. Þviad a þessum Dogum verda slijkar Hormungar, sem eige hafa verid hier til fra Upphafe Skepnunnar, þa sem GUd skapade, og allt til þessa, og eige helldur mun verda.

20. Og ef DRottenn stytte ecke þessa Daga, yrde eingenn Madur holpenn, enn fyrer Utvaldra Saker hvoria hann utvalde, hefur hann stytt þessa Daga.

21. Og ef nockur seiger þa til ydar: sia, hier er Christur, eda sia, þar er hann, þa trued þvi ei.

22. Þviad upp munu rijsa marger Falschristar, og falsker Spaamenn, og munu giora Teikn og Stormerke, til ad villa, ef verda mœtte, eirnenn Utvalda.

23. Þvi siaed ydur fyrer, sie, eg sagde ydur allt þetta fyrer.

II. 24. Enn a þeim Tijma epter þessa Hormung, mun Solenn og Tunglid missa sitt Skin.

25. Og Stiornur munu hrapa af Himne, og Kraptar Himnanna munu hræra sig.

26. Og þa munu þeir sia Mannsins Son komande j Skyum med storum Krapte og Dyrd.

27. Og þa mun hann utsenda sijna Eingla ad samansafna sijnum Utvoldum af fiorum Vindum, allt af enda Jardar, og til Himens Enda.

28. Af Fikiutrienu þa læred eina Epterlijking: Þvi þa ed þess Kvistur gioreſt frior, og fær Lauf, þa vited þier ad Sumared er j nand. So og nær þier siaed þetta skie.

29. Vited ad þad sie þa nalægt fyrer Dyrum.

30. Sannlega seige eg ydur: þesse Kinslod forgeingur eige, þar til allt þetta skier.

31. Himen og Jord munu forganga, enn mijn Ord munu ei forganga.

32. Enn af þeim Deige og Stundu veit eingenn, eige Englar a Himnum, og eige Sonurenn, helldur Faderenn eirn.

33. Siaed til, vaked og bidied, þviad þier vited eige nær Tijd er.

34. So

34. So sem sa Madur er ferdadest langt burt, forliet sitt Hus, og gaf sijnum Pionum Yfervalld, sierhvorium sitt Verk, og baud Dyraverdenum ad hann vekte.

35. Þvi vaked nu, þviad þier viteð ei nær Herrann Hussins kiemur, hvort hann kiemur ad Kvollde, eda um Midnætte, edur þa Hanenn gelur, ellegar ad Morgne.

36. So ad ei kome hann skyndelega, og finne ydur sofande.

37. Enn hvad eg seige ydur, þad seige eg ollum: Vaked þier!

XIV. Capitule.

JEsus er (I) smurdur af einne Konu: (II) Innsetur Sacramentum Altaresins: (III) Er svikinn af Judas: (IV) Petur afneitar honum.

I. Enn epter tvo Daga þa voru Paskar, og Sætabraudsdagar. Og Hofudprestar og Skriftlærder leitudu epter, hvornenn þeir giætu handlad hann med vielum, og lijstated.

2. Enn þeir sogdu: Eige þo um Hatijdena, so ei verde Upphlaup med Folkenu.

3. Enn þa hann var j Bethania j Huss Simonar þess Spitelska, og sat vid Bord, kom ein Kona hafande Alabastrum, med omeingad og kostulegt Nardus Salve. Hun braut Glasid, og hellte þvi yfer Hofud honum.

4. Enn þar voru neckrer, sem stuggudust vid, og sogdu: til hvors skal þesse Sooun?

5. Þviad þetta Salve maatte seliast meir enn fyrer þriuhundrud (a) Peninga, og giefast Fatækum. Og þeir deilldu a hana.

(a) (Peninga) einn af þessum Peningum kostade nær þvi ad reikna hia oss, fimm Skilldinga Danska.

6. Enn JEsus sagde: Laated hana j fride, til hvors stygged þier hana? Gott Verk giorde hun vid mig.

7. Fatæka hafed þier jafnan hia ydur, og nær þier vilied, meiged þier giora þeim gott, enn mig þa hafed þier eige jafnann.

8. Hun giorde þad hun kunne. Hun kom fyrerfram ad smyria minn Lijkama til minnar Grefrunar.

9. Sannlega seige eg ydur, hvar hellst j Heime ollum er þetta Gudspiall verdur predikad, þa mun seigiast j hennar Minning, hvad hun nu giorde.

II. 10. Enn Judas Iscarioth, eirn af þeim Tolf, gieck burt til Hofudprestanna, ad hann forriede hann.

11. Og er þeir heyrdu þad, gloddust þeir, og þeir lofudu ad giefa honum Peninga. Og hann leitadest vid, hvornenn hann gæte forraaded hann sem hægast.

12. Og a hinum fyrsta Sætabrauds-deige, þa Paskalambed offradest, seigia hans Læresveinar til hans: Hvort villtu vier forum og reidum til ad þu neyter Paskalambsins?

13. Og

13. Og hann sende tvo af sijnum Læresveinum og sagde til peirra: ganged jnn j Stadenn, og Madur mun mæta ydur, berande Vatnskrvvs, filged honum epter.

14. Og hvar hellst hann geingur jnn, þa seiged Husherranum: Meistarenn lætur seigia þier: hvar er það Herberge, er eg kann ad neyta Paskalambsins, medur mijnum Læresveinum?

15. Og hann mun syna ydur eirn storann Sal, steinlagdann, og tilbuenn, reided þier þar til fyrer oss.

16. Og Læresveinarner geingu ut, og komu jnn j Stadenn, og fundu so sem hann hafde sagt peim, og biuggu til Paskalambed.

17. Og um Kvolded kom hann med þa Tolf.

18. Og er peir soatu til Bords, og æatu, sagde JEsus: sannlega seige eg ydur, ad eirn af ydur, sa er etur med mier, forrædur mig.

19. Enn peir urdu hriggver vid, og sogdu hver epter annann til hans:

20. Er eg það nockud, og hinn annar, er eg það nockud? enn hann svarade og sagde til peirra: eirn af peim Tolf, sa er dijfer i Fatid med mier.

21. Ad sonnu fer Mannsins Sonur hiedann, so sem skrifad er af honum, enn * vei

þeim Manne, af hverium Mannsins Sonur verdur forradenn, betra være þeim Manne ad alldrei hefde hann fæddur verid.

*Psal.41,10.

22. Og j þvi er þeir neyttu, tok JEsus Braudid, giorde þacker og braut þad, og gaf þeim þad og sagde: taked þier, eted, þetta er mit Holld.

23. Og hann tok Kaleikenn, og giorde þacker, og gaf þeim hann og þeir drucku aller af honum.

24. Og hann sagde til þeirra: þetta er mitt Blod, sem er þess Nija Testamentesins, sem fyrer marga uthellest.

25. Sannlega seige eg ydur, ad eg mun ei hiedan j fra drecka af þvi sem vex a Vijntrienu, allt til þess Dags, þa ed eg dreck þad nytt j Guds Rijke.

26. Og ad sungnum Lofsaungnum, geingu þeir ut til Fiallsins Oliveti.

27. JEsus sagde til þeirra; aller munud þier hneixlast a mier a þessare Nott, þviad skrifad stendur:* Eg mun sla Hirderenn, og Sauderner skulu tvistrast.

*Zachar.13,7.

28. Enn epter þad eg rijs upp, vil eg ganga fyrer ydur j Galilea.

29. Enn Petur sagde til hans: og þo aller hneixlest þeir, þa vil eg þo ei hneixlast.

30. Og JEsus sagde til hans: sannlega

seige

seige eg þier, ad j Dag, a þessare Nott, adur enn Hanenn galar tvisvar, muntu afneita mier þrisvar.

31. Enn hann talade enn framar: Þo ad mier byriade ad deya med þier, skyllde eg þo ei neita þier. Og slijkt hid sama sogdu þeir aller.

III. 32. Og þeir komu j þad Gierdis-Tun er hiet Gethsemane, og hann sagde til sinna Læresveina: setiest þier hier, a medan eg geing burt og bidst fyrer.

33. Og hann tok med sier Petrum, Jacobum, og Johannem, og tok til ad skialfa, og titra.

34. Og sagde til þeirra: Sæla mijn er nærsta hrigg allt til Dauda, blijfed hier og vaked.

35. Og þa gieck hann lijtt leingra framm, fell a Jord, og bad, ef þad være mogulegt, ad su Stund lide hia.

36. Og sagde: Abba Fader minn, allt er þier mogulegt, tak burt þennann Kaleik fra mier, þo ei sem eg vil, helldur sem þu villt!

37. Og hann kom og fann þa sofande, og sagde til Petrum: Simon! sefur þu? kunner þu ei ad vaka eina Stund?

38. Vaked og bidied, so þier falled ecke j

Freistne, Andenn er reidubuenn, enn Holldid er veikt.

39. Hann gieck og enn burt aptur, og bad, og talade hin somu Ord.

40. Hann kom aptur og fann þa aptur sofande, þviad þeirra Augu voru full af Svefne, og eige vissu þeir hvoriu þeir svorudu honum.

41. Og hann kom j þridia sinn og sagde til þeirra: Æ, vilied þier nu sofa og hvijlast, þad er noog, Stundenn er komenn, sioa, Mannsins Sonur mun seliast i Syndugra Hendur.

42. Standed upp, lœatum oss ganga, siaed, sa er mig forrœdur hann er j nand.

43. Og strax sem hann var enn ad tala, kom Judas eirn af þeim Tolf, og med honum mikel Sveit, medur Sverdum og Staungum, fra Hofudprestunum, Skriftlœrdum, og Oldungum.

44. Enn Svikarenn hafde giefed þeim eitt Teikn, og sagt: hvorn hellst eg kysse, sa er þad, grijped hann og leided vareygdarlega.

45. Og þa hann kom, gieck hann strax til hans og sagde til hans: Rabbi, Rabbi, og kyste hann.

46. Þa logdu þeir sijnar Hendur a hann, og gripu hann.

47. Enn einn af þeim sem þar hia stod, dro

vot

vot sitt Sverd, og slo Hofudpreſtsins Pion, og sneid af honum eitt Eyra.

48. JEsus svarade og sagde til peirra: þier erud vtgeingner, so sem til annars Rœningia, med Sverdum og Staungum, ad grijpa mig.

49. Hvorsdaglega var eg j Musterenu hia ydur, og kiende, og ei gripud þier mig, helldur þad Ritningenn uppfyldest.

50. Og Lœresveinarner forlietu hann aller og flydu.

51. Og þar var einn ungur Madur sem fylgde honum epter, hann var klœddur Lijnklœde yfer bert Horund. Og hann gripu onnur Ungmenne.

52. Enn hann sleppte Lijnklœdenu, og flyde nakenn j burt fra þeim.

53. Og þeir leiddu JEsum til Hofudpreſtsins, þar ed saman voru komner aller þeir yppurstu Prestar, Olldungar og Skriftlœrder.

54. Enn Petur fylgde honum ealeingdar epter inn j Hofudpreſtsins Sal, og hann var þar, og sat hia Þienurum, og vermde sig vid Liosed.

55. Enn Hofudprestarner og allt Raaded, leitudu Vitna i giegn JEsu, so ad þeir gietu sellt hann til Dauda, og fundu eingenn.

56. Marger bœru fals Vitne j mote honum, enn þeirra Vitnesburder voru eige samlœtande.

57. Og þar stodu nockrer upp, og bœru falsˀ Vitnej mote honum, og sogdu:

58. Vier hofum heyrt hann seigia: eg vil þetta Mustere nidurbriota, sem med Hondum er giort, og innann þriggia Daga uppbyggia eitt annad, þad ei er med Hondum giort.

59. Enn þeirra Vitnisburder komu enn þa eige saman.

60. Og Hofudpresturenn stod upp a medal þeirra, spurde JEsum ad, og sagde: svarar þu engvu til þess sem ad þesser vitna j mote þier?

61. Enn JEsus þagde og svarade engvu. Þa spurde Hofudpresturenn hann enn aptur ad, og sagde til hans: ertu Christur Sonur hins Blessada?

62. JEsus sagde honum: eg em, og þier munud sia Mannsins Son sitia a hœgre Hond Kraptarins, og komande med Skyum Himens.

63. Enn Hofudpresturenn reif þa sinn Kyrtel, og sagde: hvad þurfum vier meir Vitnisburda vid?

64. Þier heyrdud Gudlestunena, hvad synest ydur? enn þeir fordœmdu hann aller, ad hann vœre Dauda sekur.

65. Þa toku nockrer ad spyta a hann, og birgia hans Asionu, og ad slœa hann med Knefum, og seigia til hans: spœ þu oss, og Pionarner slou hann Pustra j Andlitid.

IV.66.

IV. 66. Og Petur var þar nidur j Salnum, þa kom ein af Ambœttum Hofudpreſtſins,

67. Og þa hun leit Petrum vernia ſig, horfde hun a hann og ſagde: og þu varſt og med JEſu af Nazareth.

68. Enn hann neitade og ſagde: eg þecke hann eige, og eige veit eg hvad þu ſeiger. Og hann gieck vt j Forgardenn, og Hanenn gool.

69. Og Ambœttenn ſœa hann, og tok aptur ad ſeigia þeim er þar hia ſtodu: þeſſe er einn af þeim.

70. Enn hann neitade enn aptur. Og litlum Tijma þar epter, ſogdu þeir aptur er hia ſtodu til Peturs: ſannlega ertu eirn af þeim, þviad þu ert einn Galileare, og þitt Mœal hliodar ſo.

71. Enn hann tok ad formœla ſier, og ſveria: eige þecke eg þann Mann um hvorn þier taled.

72. Og Hanenn gool j annad ſinn. Þa minntest Petur þeſs Ords, ſem JEſus hafde ſagt til hans: ædur enn Hanenn galar tviſvar, muntu afſveria mig þriſvar, og hann tok ad grœta.

XV. Capitule.

JEſus er (I) œklagadur: (II) dœmdur til Dauda: (III) ſmœnadur, og (IV) grefradur.

I. Og ſtrax um Morgunenn hielldu Hofudpreſtarner Radſtefnu med Öldun-

dungunum, og Skriftlærdum, og þar ad auk ollu Raadenu, og bundu JEsum, leiddu hann burt og frammselldu Pilato.

2. Og Pilatus spurde hann ad: ertu Kongur Gydinga? enn hann svarade og sagde til hans: þu seiger þad.

3. Og Hofudprestarner æklogudu hann hardlega.

4. Pilatus spurde hann aptur ad og sagde: svarar þu engvu? sia hvorsu hardlega þeir æklaga þig.

5. Enn JEsus svarade engvu framar. So ad Pilatus undradest.

6. Enn hann var vanur ad giefa þeim lausann um Paskahatijdena einn Bandingia, epter hvorium hellst þeir beiddust.

7. Enn þar var einn sa ed hiet Barrabas, med Upphlaupsmonnum bundenn, hvor j Upphlaupenu hafdi Vijg unned.

8. Og Folked gieck upp, og bad ad hann villde giora sem hann var vanur.

9. Enn Pilatus svarade þeim: vilied þier ad eg giefe ydur (a) Gydinga Kongenn lausann?

(a) (Kong) Pilatus talar uppa Spie, eins og hann villde seigia: Klaged þier þar uppa ad þesse auma Manneskia sie Kongur, þa meiged þier vera ofgalder Menn.

10. Þviad hann visse ad Hofudprestarner hofdu af Ofund afhendt hann.

11. Enn

11. Enn Hofudprestarner eggiudu Lijdenn, ad hann giæfe þeim miklu helldur Barrabam lausann.

12. Þa svarade aptur Pilatus og sagde til þeirra: hvad vilied þier þa ad eg skule giora honum, hvorn þier aklaged, ad hann sie Kongur Gydinga?

13. Enn þeir kolludu þa aptur: krossfestu hann.

14. Pilatus sagde til þeirra: hvad illt hefur hann giort? enn þeir kolludu þvi meir: krossfestu hann.

15. Enn Pilatus þeinkte Folkenu fullnægiu ad giora, gaf þeim lausann Barrabam, og framm sellde þeim JEsum, hvdstryktann, ad hann krossfestur yrde.

II. 16. Enn Strijds-Þienararner leiddu hann j Þinghused, og kolludu samann allann Hoopenn.

17. Og færdu hann j Purpuraklæde, og flettudu eina Þyrnekoronu, og settu a hann.

18. Og toku ad heilsa honum: heill siertu Konungur Gydinga!

19. Og slou haus Hofud med Reirnum, og hræktu a hann, fiellu a Knie og tilbǫdu hann.

20. Enn þa þeir hofdu spottad hann, færdu þeir hann ur Purpuranum, og færdu hann j sijn eigenn Klæde, og leiddu hann ut, ad þeir krossfestu hann.

21. Þeir

21. Þeir þreyngdu og einum sem framm hia gieck, Simone af Cirene, er komenn var af Akurlande (Fodur þeirra Alexandri og Ruffi) ad hann bære hans Kross.

22. Og þeir leiddu hann i þann Stad Golgatha, þad þydest Hausaskieliastadur.

23. Og þeir gæfu honum i Vijne Myrrham ad drecka, og hann tok þad eige til sijn.

24. Og þa þeir hofdu krossfest hann, skiptu þeir Klædum hans, og kostudu Hlutum, hvad hver skyllde hafa.

25. Enn þad var nær um (b) þridiu Stund, er þeir krossfestu hann.

(b) (Þridiu Stund) Gydingar skiptu sijnum Deige i fiora Parta, af hverium annar Parturenn var fra þridiu til siottu Stundar, þad er hia oss, fra niundu, til tolftu, og er Middags-Tijme, og þo ad Marcus seige ad Christs hafe vered krossfestur a þridiu Klucku-Stundu, og Johannes seiger (Cap. 19, 13.) ad Christur hafe vered krossfestur um siottu Kluckustund, þa eru þeir ecke hver a mote odrum, þviad Marcus a-vijsar, ad þeir hafe tekid til ad raadslaga um Christi Krossfestingu, nær þridiu Stundu, sem er hia oss su nijnnda Stund hins fyrra hluta Middeigis. Enn Johannes stingur upp a sialfann Tijmann, a hverium Christur var negldur a Krossenn, sem var siotta Kluckustund, þad er Middeiges Tijme.

26. Og þar var upp yfer honum skrifad, hver Sok honum var giefinn, sem var: Kongur Gydinga.

27. Og

27. Og med honum krossfestu þeir tvo Reifara, eirn til hægre Handar, enn annann til vinstre.

28. Þa vard su Ritning uppfyllt sem seigir: * medur Illvirkium er hann reiknadur.

* Esa. 53, 15.

III. 29. Og þeir sem geingu þar framm hia, hæddu hann, skoku Hofud sijn, og sogdu: svei, hvernenn nidur brytur þu Musterid, og byggir þad upp a þremur Dogum?

30. Hialpa þu nu sialfum þier, og stijg hier nidur af Krossenum.

31. Lijka eirnenn hæddu hann Hofudprestarner, sijn a medal, med Skriftlærdum, og sogdu: odrum hialpade hann, sialfum sier getur hann eige hialpad.

32. Sie hann Christur og Kongur Israels, þa stijge hann nidur af Krossenum, ad vier siaum, og meigum so trua. Og þeir ed med honum voru krossfester, forsmaadu hann eirnenn.

33. Og ad lidenne siottu Stundu, urdu Mirkur um allt Landid, allt nær til nijundu Stundar.

34. Og um nijundu Stundu kallade Jesus upphatt, og sagde: Eli Eli Lama Asabthani? hvad ed utleggst: Gud minn, Gud minn! þvi forlietstu mig?

35. Og nockrer af þeim er þar stodu hia, þa

þeir

þeir heyrdu þad, sogdu þeir: sia, hann kallar a Eliam.

36. Enn eirn hliop ad, og fyllte upp Niardarvott med Edik, loatande uppa eirn Reirlegg, gaf honum ad drecka, og sagde: loat vera, siaum hvort Elias kiemur ad taka hann ofann.

37. Enn JEsus kallade upp hærre Roddu, og uppgaf sinn Anda.

38. Og Tialded Musteresins rifnade sundur j tvennt, fra ofanverdu allt nidur j giegnum.

39. Enn er Hofudsmadurenn sa þad, hvor þar stod giegnt, ad hann kallade so, þa ed hann lietst, sagde hann: sannlega hefur þesse Madur verid Guds Sonur.

40. Og þar voru og so Kvinnur sem langt fra horfdu a þad, a medal hvorra ad var Maria Magdalena, og Maria hins litla Jacobs, og Joses Moder, og Salome.

41. Þær honum hofdu epterfilgt þa hann var j Galilea, og þionad honum, og margar adrar, hvoriar med honum hofdu uppfared til Jerusalem.

IV. 42. Og þa ed Kvolld var komed (af því þad var adfanga Dagur, hvor ad er fyrer Sabbathsdagenn.)

43. Kom Joseph af Arimathia, eirn erlegur Radherra, sa er og vonade epter Guds Rijke, hann dirfdest ad ganga jnn til Pilatum, og bad um Lijkamann JEsu.

44. Enn

44. Enn Pilatus undradest ad hann være þegar lœtenn.

45. Og kallade Hofudsmannenn, og spurde hann ad ef hann være fyrer laungu andadur? og er hann var þess vijs ordenn af Hofudsmannenum, gaf hann Joseph Lijkamann.

46. Og hann keypte einn Lijnduk, tok hann ofann, og sveipade hann j Lijndwknum, og lagde hann j eina Grof, hvor ed klεppud var j einn Stein, og vellte Steine ad Grafar-Dyrunum.

47. Enn Maria Magdalena og Maria Joses sau til hvar hann var lagdur.

XVI. Capitule,

(I) JEsu uprisa og (II) Himnafor.

Gudspialled a Paskedagenn.

1. Og er Sabbathsdagurenn var lidenn, keyptu þær Maria Magdalena og Maria Jacobi og Saloine dyrdleg Smyrsl, ad þær kiæme og smyrde hann.

2. Og mjog snemma, a fyrsta Dag Vikunnar, komu þær til Grafarennar, um Solar uppruna.

3. Og hvor þeirra sagde til annarar: hvor mun vellta fyrer oss Steinenum af Grafarmunnanum?

4. Og þær litu þangad, og urdu varar vid, ad Steirnenn var asvelltur, þviad hann var nærsta mikell.

5. Og

5. Og þær foru inn j Grøfena, og sau eitt Ungemenne sitia til hægre Handar, skryddann sijdu Klæde hvitu, og þær urdu hræddar.

6. Enn hann sagde til þeirra: eige skulud þier hrædast, þier leited ad hinum krossfesta JEsu af Nazareth, hann er uppriſenn og er eige hier, ſiaed þann Stad hvar þeir logdu hann.

7. Ganged helldur burt, og seiged hans Læresveinum og Petre, þad hann mun ganga fyrer ydur j Galileam, þar munud þier sia hann, epter þvi sem hann sagde ydur.]

8. Enn þær geingu ut skyndelega, og flydu fra Grøfinne, þviad komenn var yfer þær Skialfte og Hrædsla, og þær sögdu engvum neitt, þviad þær vorn hræddar.

9. Enn er JEsus hafde snemma Morguns uppriſid a firſta Deige Vikunnar, þa birte hann sig firſt Mariu Magdalenu, fra hverre hann hafde utrekid sio Diofla.

10. Hun for og kunngiorde þeim sem medur honum hofdu verid, sem hormudu og grietu.

11. Og er þeir heyrdu ad hann lifde, og hann være opennberadur fyrer henne, þa trudu þeir ei.

12. Epter þad, þa er tveir af þeim ferduduſt, opinnberade hann sig þeim j annare Lijkingu, þa er þeir geingu um Þorpagrundernar.

13. Og þeir sömu geingu burt, og kunngiordu hinum ödrum, þeim trudu þeir og eige.

Gud-

Gudspialled a Upsti ;mingard ag.

II. 14. Enn seinast er peir Ellefu sætu til Bords, birte hann sig, og avijtade peirra Vantru, og Hiartans Hardvød, pad peir hofdu eige truad peim, sem hann hofdu sied uppriſenn.

15. Og hann sagde til peirra: fared ut um allann Heimenn, og prediked Evangelium allre Skiepnu.

16. Hvor hann truer og verdur skijrdur, sa skal holpenn verda, enn hvor eige truer hann skal fordæmast.

17. Enn Teikneun er peim munu filgia sem trua, eru pesse: i mijnu Nafne munu peir Diofla utreka, nijar Tungur tala.

18. Hoggorma utreka, og ef peir drecka nockud banvænlegt, skal pad peim eige granda, yfer Siuka munu peir sijnar Hendur leggia, og pa mun peim batna.

19. Og epter pad Drottenn hafde petta talad vid pa, var hann uppnumenn til Himens, og situr til Guds hægre Handar.

20. Enn peir geingu ut og predikudu allstadar, og Drottenn var samverkande med peim, og stadfeste Orded fyrer medfilgiande Teikn.]

Ender Gudspialla hins Heilaga Marci.

S. Lucæ

S. Lucæ Evangelium.

I. Capitule.

(I) Um Getnad Johannis, og (II) JEsu: (III) Johannis Fæding.

1. Af þvi ad marger hafa sier fyrer Hendur tekid, ad framinseria og fra ad seigia þeim Hlutum, er a medal vor hafa tilborid.

2. So sem þeir hafa oss j Hendur feingid, sem fra Upphafe hafa þad sialfer sied, og Þiennarar Ordsins hafa verid.

3. Þa hefur mier synst gott, epter þvi eg hefe uppspurt þad alltsamann fra Upphafe, ad skrifa þad allt skickannlega þier til, minn gode Theophile, med Kostgiæfne.

4. So ad þu kunner ad hafa vissara Grundvoll a þeim Lærdome, j hvorium þu ert undervisadur.

5. J

5. I Tijd Herodis Juda Kongs, var eirn Prestur er Zacharias hiet, af Skipte Abia, og hans Hwsfru var af Dætrum Aarons, su er hiet Elisabeth.

6. Enn þaug voru bæde riettlat fyrer Gude, og geingu j ollum Bodordum og Setningum DRottins ostraffanlega.

7. Þau aattu eckert Barn, þviad Elisabeth var Obyria, og bæde þaug voru vel olldrud.

8. Enn so bar til, þa hann flutte prestlegt Embætte fyrer Gude, a Tijma hans Skiptes.

9. Epter Sidveniu Kiennemannsskaparins. Og er honum hlotnadest ad hann skylde veyfa Reykelsinu, gieck hann jnn j Mustere DRottins.

10. Og allur Folksfiolldenn var fyrer utann, og badst fyrer, um Reykelsis Vepfunartijmann.

11. Enn honum birtest Eingell DRottins, standande a hægra Veg Reykelsis Altaresins.

12. Og Zacharias vard hræddur er hann sa hann, og Otte kom yfer hann.

13. Enn Eingellenn sagde til hans: Ottast þu eige Zacharia, þviad þijn Bæn er heyrd, og Elisabeth Eigennkona þijn mun þier Son fæda, og hann skalltu Johannes ad Nafne kalla.

14. Og þu munt af honum Fognud og

Glede hafa, og marger munu fagna af haus Fædingu.

15. Þviad hann mun verda mikell fyrer DRottne. Vijn og afeingann Dryck mun hann ei drecka, og þegar j Modur Kvide mun hann upfyllttur verda af Heilogum Anda.

16. Og morgum Jsraels Bornum mun hann snua til Guds DRottens þeirra.

17. Og hann mun fyrer honum framm-ganga j *Anda og Krapte Eliæ, so ad hann snue Hiortum Fedranna til Barnanna, og Vantruudum til Kiænsku Rietttlœtra, ad tilbua so DRottne reidubuid Folk.

*Malach. 4, 5. 6.

18. Og Zacharias sagde til Eingelsins: Af hverju skal eg þad vita? þviad eg er gamall, og Hvsfru mijn er komenn til Ara sinna.

19. Eingellenn svarade og sagde til haus: Eg em Gabriel, sa er fraumme fyrer Gude stendur, og eg em sendur ad tala vid þig, ad eg bode þier þetta.

20. Og sia, ad þu munt mœallaus verda, og ei talad gieta, allt til þess Dags, þa þetta mun frammkoma, fyrer þvi ad þu truder eige mijnum Ordum, þaug er upp skulu fyllast a sijnum Tijma.

21. Og Folkid beid epter Zacharia, og undradest þad hann dvalde so leinge j Musterenu.

22. Enn er hann gieck ut, gat hann eige talad

talad vid þa. Og þeir formerktu, ad hann munde Syn sied hafa j Musterenu. Og hann bendte þeim og var Mœllaus.

23. Þad skiede og, þa er lidner voru Dagar hans Embættis, ad hann gieck heim j sitt Hvs.

24. Enn epter þa Daga vard hans Hvsfru Elisabeth þungud, og leynde sier fimm Manude, og sagd:

25. Þannenn gierde DRottenn vid mig, a þeim Dogum hann aleit mig, þa ed hann villde burt taka mitt Hneixle þad eg bar a nillum Manna.

Gudspialled a Bodunardag Mariu.

II. 26. Enn a himum sietta Manude var Gabriel Eingell sendur af GUde, j eina Borg j Galilea, sem heiter Nazareth.

27. Til eirnrar Meyar, er trvlofud var einum Manne er Joseph hiet, af Hvsi Davids, og Heite Meyarennar var Maria.

28. Og Eingellenn kom jnn til hennar og sagde: Heil siert þu (a) Nadarfulla, DRottenn er med þier, (b) Blessud ert þu a medal Kvenna!

(a) (Nadarfulla) Epter Griskre Mœliſku hlyder þad so: þu sem hefur funded Nad; Matth. 1,18.

(b) (Blessud) þad er a Norrænu: þu hœtt lofud.

29. Enn þa hun sa hann, vard hun hrædd af hans Ordum, og þeinkte, Hvilijk Kvedia er þetta?

30. Og Eingellenn sagde til hennar: Ottast þu eige Maria, þviad þu (c) Fannst Nad hia Gude.

(c) (Fannst) það er, þu hefur Nædugann Gud.

31. Sia, þu munt getnad fa i Kvide þijnum, og munt Son fæda, og hans Nafn skallt þu JEsus kalla.

32. Hann mun mikell verda, og kallast Sonur hins Hærsta. Og GUD DRotteinn mun giefa honum Stol sijns Fodurs Davids.

33. Og hann mun vera Kongur yfer Hwsi Jacobs ad eylifu, hans Kongs Rijkis mun og eingenn Ender verda.

34. Þa sagde Maria til Eingelsins: Hvorenenn skal það ganga til, med þvi eg veit af engvum Manne?

35. Eingellenn svarade og sagde til hennar: Heilagur Ande mun koma yfer þig, og Krapturs hins Hærsta mun yfirskyggia þig, af þvi, ad það hid Helga sem af þier mun fædast, skal nefnast Sonur Guds.

36. Og siadu: Ad Elisabeth Frændkona þijn geingur þungud ad einum Syne j hennar Elle, og þesse er hennar siette Manudur, sem halldenn var obiria.

37. Þviad hia Gude er eingenn Hlutur omœttugur.

38. Enn Maria sagde: Sia, eg em Ambœtt

bœtt DRottens, verde mier so sem þu hefur sagt, og Eingellenn skilde vid hana.]

Gudspialled a Vitiunardag Mariu.

39. Enn a þeim Dogum stod Maria upp, og gieck med Flyter uppa Fiallbygder til Juda Borgar.

40. Og kom j Hws Zacharie og heilsade Elisabeth.

41. Og þad skiede so, þa ed Elisabeth heyrde Heilsun Mariu, ad Barnid spratt upp j hennar Kvide. Og Elisabeth vard full af Heilsugum Anda.

42. Kallade upp hœrre Roddu og sagde: (d) Blessud ertu a medal Kvenna, og blessadur er Avextur Kvidar þijns.

(d) (Blessud) a Norrœnu: lofud ertu.

43. Og hvadann kiemur mier þetta, ad Moder DRottins mijns kiemur til mijn?

44. Siadu, þa ed Rodd þinnar Kvediu kom mier til Eyrna, spratt Barnid upp med Fagnade j mijnum Kvide.

45. Og sœl ert þu sem truder, þviad þad mun fullkomnast hvad þier var sagt af DRottne. Og Maria sagde:

46. Sal mijn upphefur DRottenn.

47. Og Ande minn gledst j Gude Frelsara mijnum.

48. Þviad hann leit a sijna aumu Ambœtt, sia, hiedann af munu mig sœla prijsa allar Etter.

49. Þviad hann giorde mikla Hlute vid mig, sa er volldugur er, og hans Nafn er heilagt.

50. Og hans Miskunsemd varer can Aflaats, æ og alla Tijma hia þeim sem hann ottast.

51. Hann fremur Makt med sijnum Armlegg, og sundurdreifer Drambloatum j þaunkum þeirra Hiarta.

52. Volldugum hrinder hann af Stole, og upphefur Lijteloata.

53. Hungrada fyller hann Giædum, og Rijka lætur hann safeinga.

54. Hann minnest Miskunar, og hialpar a fætur sijnum Pion Israel.

55. So sem hann talade til Fedra vorra, Abrahams og hans Sædis ad eylijfu.

56. Og Maria var hia henne so nær sem þria Manude, og for þar epter aptur til sijns Heimkynnis.]

Gudspialled ca Jons Messu.

III. 57. Og Elisabethar Tijd kom ad hun skyllde fæda, og hun fædde einn Son.

58. Og er Grannar hennar og Nafrændur heyrdu, ad DRottenn hafde giort mikla Miskun a henne, samgloddust þeir med henne.

59 Og þad skiede a attunda Deige þa þeir komu ad umskiera Barnid, og nefndu hann epter sijnum Fodur Zachariam.

60. Enn

60. Enn Moder hans svarade og sagde: Ongvanneigenn, helldur skal hann Johannes heita.

61. Peir sogdu til hennar: Par er þo eingenn i þinne Ætt sem so heiter.

62. Enn þeir bendtu Fodur hans, hvad hann villde ad hann hiete.

63. Og hann beiddest Hnefaspiallds, skrifade og sagde: Hann heiter Johannes. Og þeir undrudust aller.

64. Og jafnskiott laukst upp hans Munnur og Tunga, og hann talade, lofande Gud.

65. Og Otte kom yfer alla hans Nagranna, og allt þetta sem skied var, vijdfrægdest um allar Fiallbygder j Judea.

66. Og aller þeir er þad heyrdu, logdu þad uppa Hiartad, og sogdu: Hver grunar þig ad þetta Barn verde? þviad Hond DRottins var med honum.

67. Og Zacharias Fader hans fylltest af Heilogum Anda, spaade og sagde:

68. Lofadur sie Gud DRottenn Israels, þvi hann vitiade og frelsan giorde sijnu Folke.

69. Og hann uppreisti oss Saaluhialpar Horn, j Hvsi sijns Pions Davids.

70. So sem hann talade fordum, fyrer Munn sinna heilogu Spamanna.

71. Ad hann frelsade oss j fra vorum Ovinum, af Hende allra þeirra sem oss hata.

72. Og giorde Miskunsemd vid Fedur

vora, og minteſt a ſinn heilagann Sattmæla.

73. Og a þad Sære er hann ſor Fodur vorum Abraham, ad hann giæfi oſs þad.

74. Ad vier leyſter af Hende vorra Ovina, þionudum honum an Otta, alla vora Lifdaga,

75. I Heilagleika og Riettlæte, ſem honum þocknaſt.

76. Og þu Barnkorn munt kalladur vera Spæmadur hins Hærſta, þviad þu munt fyrerrenna Auglite DRottens, ad tilbua hans Vegu,

77. Og ad giefa hans Folke (e) Skilning Sæluhialparennar, ſem er j Fyrergiefningu Synda þeirra.

(e) (Skilning Sæluhialparennar) So ad þeir ſkulu vita, a hvorn hatt ad þeir verda ſæluholpner, ecke fyrer Logmæalſins Verk, helldur fyrer Syndanna Fyrergiefning.

78. Fyrer þa hiartgrona Miſkun Guds vors j hvorre hann vitiade vor, (f) Upprunnenn af Hædum.

(f) (Upprunnenn) Hier med ſkilſt Chriſtus Riettlætesins Sool, fyrer hvors Tilkomu, Hiortun ſkulu upplyſt verda, til ad ſkilia Guds Rijkis Leyndardoma. Mal.4,2. Eſa.60,1.2.

79. Ad lyſa þeim j Myrkrum og j Dauþans Skugga ſitia, til ad greida Fætur vorar a Veg Fridarens.]

80. Enn Barned vox upp, og ſtirkteſt j Anda, og var a Eydemorkum, allt til þeſs er hann

hann skyllde ganga framm fyrer Israels Folk.

II. Capitule.

(I) Hversu ad JEsus fæddest; (II) Var umskorenn: (III) Var laatenn koma i Mustered: (IV) Samtal hans vid hina Lærdu.

Gudspialled a firsta j Jolum.

I Enn pad bar til j pann Tijma, ad pad Bod gieck ut fra Keisaranum Augusto, pad Heimurenn allur skyllde (a) Skattskrifast.

(a) (Skattskrifast) er hier pad, ad hvor atte ad giefa Ort Gulls fyrer hvort Hofud.

2. Og pesse Skattskrift var hin allra firsta, og skiede j pann Tijma, pa Cyrenius var Landsstiornare j Syria.

3. Og aller foru ad laata skrifa sig nidur til Skatts, hvor til sinnar Borgar.

4. Pa for og Joseph af Galilea ur Borgenne Nazareth upp j Judeam, til Davids Borgar su er kallast Bethlehem, af pvi ad hann var af Hvse og Kine Davids.

5. Ad hann liete skattskrifa sig, med Mariu sinne trvolofadre Kvinnu, sem var oliett.

6. Og er paug voru par, pa kom Tijmenn ad hun skyllde fæda.

7. Og hun fædde sinn frumgetinn Son, og vafde hann j Reifum, og lagde hann nidur j Jotuna, pviad paug hofdu eckert Rvom j Giesta Herbergenu.

8. Og Fiærhirdarar voru þar j sama Lygdarlage, um Grandana vakande, sem voktudu Hierd sijna um Nottena.

9. Og sia, ad Engill Drottens gieck til þeirra, og Drottins Birte liomade j kringum þa, og þeir urdu nærsta mieg ottaslegner.

10. Og Engellenn sagde til þeirra: hrædest ecke, siaed, eg boda ydur mikenn Fognud, þann er skie skal ollu Folke.

11. Þviad j Dag er ydur Frelsarenn fæddur, sa ad er Christur Drottenn j Borg Davids.

12. Og hafed þad til Merkis, þier munud finna Barnid Reifum vafed, og lagt vera j Jotuna.

13 Og jafnskiott þa var þar hia Englenum margfioldr Himneskra Herfveita, sem lofudu Gud og sogdu:

14. Dyrd sie Gude j Upphædum, og Fridur a Jordu, og Monnum (b) goodur Vilie.]

(b) (Godur Vilie) ad Mennerner skulu hafa Lyst og Elsku þar af, bædi fyrer Gude, og innbyrdis hvor med odrum, og medtaka þetta med þacklæte, og þessvegna giora, og læta vgiort, og lijda allt med Glede.

15. Og þa er Englarner foru fra þeim til Himens, toludu Hirdararner hvor vid annann, gongum vær til Bethlehem, og siaum þad Verk er þar er skied, sem Drottenn hefur openberad oss.

16. Og

16. Og þeir komu med Skunda, og fundu bæde Mariam og Joseph, og þar ad auk Barnid liggia j Jotunne.

17. Enn þa þeir hofdu þad sied, vijdfrægdu þeir þad Ord ut, sem til þeirra var sagt af þessu Barne.

18. Og allir þeir er þad heyrdu, undrudust af þeim Ordum sem þeim var sagt af Hirdurunum.

19. Enn Maria vardveitte øll þesse Ord og yfervo þaug j sijnu Hiarta.

20. Og Fiærhirdararner sneru aptur, dyrdkande og lofande Gud, fyrer allt þad hvad þeir hofdu heyrt, og sied, epter þvi sem þad var sagt til þeirra.

Gudspialled a Nya-Aars Dag.

II. 21. Og þa aatta Dagar voru lidner, ad Barned skylde umskerast, var hans Nafn kallad JEsus, hvad er kallad var af Einglenum, adur enn hann var gietenn j Moodur Kvide.]

Gudspialled a Kindel-Messu.

III. 22. Og þa Dagar hennar *Hreinsunar komu, epter Moysis Logum, hofdu þau hann til Jerusalem, uppa þad þau liete hann koma fyrer Drottenn.

*3B.Mos.12,6.

23. So sem skrifad stendur j Logmaale Drottins, ad allt Karlkins, þad er *first

opnade sinnar Modurkvid, þa skylde kallast Drottne helgad.

*1B.Mos.13,2. 4B.Mos.8,17.

24. Og ad þaug gæfe Offrid epter því sem seigest j Logmæle Drottens, *tvær Turtil-Dvfur, eda tvær ungar Dvfur.

*3B.Mos.12,8.

25. Og sia, ad einn Madur var j Jerusalem, sa er Simeon hiet, og þesse same Madur var rietrlætur, og gudhræddur, væntande epter Huggun Israels, og Heilagur Ande var med honum.

26. Og hann hafde Andsvar feinged af Heilogum Anda, ad hann skylde eige Dauddann sia, nema hann sæe ædur fyrre Christ Drottins.

27. Og hann kom af Andans Tilladan j Musterid. Og þa er Forelldrarner hosdu Barnid JEsum j Mustered, ad þaug giordu fyrer honum epter Sidveniu Logmælsins.

28. Þa tok hann hann uppa sijna Armlegge, lofade GUd og sagde:

29. Nu lætttu Drottenn Þion-þinn epter Ordum þijnum j (c) Fride fara.

(c) (J Fride fara) nu vil ea gladur deya.

30. Þviad mijn Augu hafa sied þitt Hialpræd.

31. Þad þu tilreidder, fyrer ollum þiodum.

32. Lios til upphirtingar Heidnum Þiodum, og til Dyrdar þijns Folks Israels.]

Gudsp.

Gudsp. Sunnudagenn mille Jola og Nya-Aars dags.

33. Og Joseph og hans Moder undruduſt
þad hvad af honum sagdeſt.

34. Og Simeon bleſſade þau, og sagde til Mariu hans Modur: sia, þesse mun setiast til Falls og Uppriſu margra j Israel, og til Merkes hvorium j mote mun mælast.

35. Og eitt Sverd mun þreingia sier j giegnum þijna Sal, so ad auglioser verde Hugskotshankar margra:

36. Og þar var Anna Spaakona, Dotter Phanuels, af Kine Asser, hun var komenn til sinna Aara, og hafde lifad i sio Aar med sijnum eignar Manne, epter sinn Meydom.

37. Og hun var nu ein Eckia, hafande fiora Vetur um aattrædt, hvor ed eige gieck ur Musterenu, þionande Gude Nott og Dag, med Foſtum og Bænahalde.

38. Þesse gieck og samſtundes þar ad, og þrijsade Drottenn, og sagde af honum til allra þeirra, sem lausnarennar vonudu til Jerusalem.

39. Og er þau hofdu allt fullkomnad, epter Logmaale Drottins, sneru þaug aptur j Galileam til Borgar sinnar Nazareth.

40. Enn Barned voxr upp, og stirkteſt j Anda, fullur Vijsdoms, og Guds Naad var med honum.]

IV. 41. Og hans Forellrar geingu aarlega aars til Jerusalem a Paaskahatijdene.

Gudspialled I. Sunnud. epter Prettanda.

42. Og þa hann var tolf Aara gamall, foru þau upp til Jerusalem, epter Sidveniu Hatijdarennar.

43. Og er þeir Dagar voru lidner, og þaug foru heimledes aptur, bleif Barned JEsus j Jerusalem, og Joseph og hans Moder vissu þad eige.

44. Og meintu þad hann være hia Selskapnum. Og þaug voru komenn eina Dagferd, og leitudu hans a medal Frænda og Kunningia.

45. Og þa er þaug fundu hann ei, geingu þaug aptur til Jerusalem, og leitudu ad honum.

46. Og þad skiede so epter þria Daga, ad þaug fundu hann j Musterenu, sitiande midt a millum Lærefedranna, heyrande þeim, og adspyriande þa.

47. Enn aller þeir er hann heyrdu, undrudust yfer hans Skilninge og Audsvorum.

48. Og er þaug sæu hann, bra þeim vid. Og hans Moder talade til hans: Son minn, þvi breitter þu so vid ockur? sia þu, Fader þinn og eg leitudum harmþrungenn ad þier.

49. Og hann sagde til þeirra: hvad er þad, ad þid leited ad mier? vited þid eige ad mier byriar ad vera j þvi sem mins Fodurs er?

50. Og þaug understodu eige þad Ord, sem hann mællte til þeirra.

51. Og

51. Og hann for med peim ofann, og kom til Nazareth, og var peim undergiefenn. Og hans Moder geymde oll pesse Ord j sijnu Hiarta.

52. Og JEsu jokst Alldur og Vitska, og Nad hia Gude og Monnum.]

III. Capitule.

(I) Johannes predikar: (II) Talar um JEsum: (III) Ettar-Tala JEsu.

I. A fimtanda Aare Keisaradoms Tiberii Keisara, pa ed Pontius Pilatus var Landstiornare j Judea, enn Herodes Fiordungshofdinge j Galilea, og Broder hans Philippus Fiordungshofdinge j Iturea, og um Trachonitidis Hierod, og Lisanias Fiordungshofdinge til Abilene.

2. Pa peir Annas og Caiphas voru Hofudprestar, skiede Guds Bifalning til Johannem Son Zacharie j Eydemorku.

3. Og hann kom j allt Bygdarlag hia Jordan, og predikade Idrunarskijrn, til Syndanna Fyrergiefningar.

4. So sem skrifad stendur j Maalabok Esaie Spamanns, sem seiger:* par er eins Predikara Rodd j Eydemorku, tilbued pier Veg Drottens, og giored hans Stigu rietta.

*Esa. 40, 3.

5. Aller Daler munu fyllast, og oll Fioll og Haalsar munu lægiast, og pad boged er mun riettast,

riettast, og hvad osliett er mun snuast j slietta Vegu.

6. Og allt Holld mun sia Guds Hialpraad.

7. Enn hann sagde til Folksins, þess er utgieck ad skirast af honum: þier Nodrukin! hvor kiende ydur ad flyia undan tilkomande Reide?

8. Fyrer þvi giored Avoxtu sem Idranenn utkrefur, og taked eige ad seigia: vær hofum Abraham syrer Fodur, þviad eg seige ydur, ad Gud gietur uppvaked Abrahams Born af Steinum þessum.

9. Øxenn er allareidu logd vid Root Triesins. Hvort þad Trie sem eige færer godann Avoxt, mun upphoggvast og j Eld kastast.

10. Og Folked spurde hann ad og sagde: hvad skulum vær þa giora? enn hann svarade,

11. Og sagde til þeirra: hver sem hefur tvo Kyrtla, hann giefe þeim er engvann hefur, og sa er Vister hefur, giore hann slikt hid sama.

12. Tollheimtumenn komu og til hans ad lata skira sig, og sogdu til hans: Meistare, hvad skulum vær þa giora?

13. Enn hann sagde til þeirra: krefied ei meira enn ydur er fyrer sett.

14. Þa spurdu hann Strijdsmenn ad og sogdu: hvad skulum vær þa giora? hann sagde til þeirra: (a) kugied engvann nie giored oriett, og leated ydur nægia ydart Kaupgialld.

(a) (Kuged) Kugun er openber Oriettur, enn Oriettur

tur er þad, þegar nockur med Slægdum niður-þricker annars Riettindum, og umhverfer annars Sok.

II. 15. Enn þa Folked grunade, og aller þeinktu j sijnum Hiortum, ef verda mætte þad, ad Johannes være Christur,

16. Svarade Johannes og sagde till allra: eg skijre ydur med Vatne, enn sa kiemur sem stirkvare er enn eg, hvors eg em eige verdugur upp ad leysa hans Skoo-Þveinge, hann mun skijra ydur med Heilogum Anda og Ellde.

17. Hvors Vindskupla ad er j hans Hende, og hann mun hreinsa sinn Lafa, og samansafna Hveitenu j Kornhlodu, enn Agnernar brenna j eylijfum Ellde.

18. Og margt annad meira undervijsade hann og bodade Folkenu.

19. Enn er Herodes Fiordungshofdinge straffadest af honum fyrer Herodiadem Brodurkonu sijna, og fyrer allt annad jllt er Herodes gierde.

20. Þa lagde hann, ofana þetta allt, Johannem j Fangelse.

21. Og þad skiede þa ed allt Folk liet sig skijra, og er JEsus var og so skijrdur, og badst fyrer, ad Himenenn opnadest.

22. Og Heilagur Ande stie ofann j lijkamlegre Mind yfer hann, sem Dwfa, og ein Rodd kom af Himne er sagde: þu ert Sonur minn elskulegur, j þier þocknast mier!

III. 23.

III. 23. Og JEsus hof upp ad vera nær priatijger Aara, og var halldenn Sonur Josephs, sa ed var Sonur Eli.

24. Sa ed var Sonur Mathath, sa ed var Sonur Leri, sa ed var Sonur Melchi, sa ed var Sonur Janna, sa ed var Sonur Josephs.

25. Sa ed var Sonur Mathathias, sa ed var Sonur Amos, sa ed var Sonur Nahum, sa ed var Sonur Esli, sa ed var Sonur Nagge.

26. Sa ed var Sonur Maaths, sa ed var Sonur Mathathias, sa ed var Sonur Semei, sa ed var Sonur Joseph, sa ed var Sonur Juda.

27. Sa ed var Sonur Johanna, sa ed var Sonur Resa, sa ed var Sonur Zorobabel, sa ed var Sonur Salathiel, sa ed var Sonur Neri.

28. Sa ed var Sonur Melchi, sa ed var Sonur Addi, sa ed var Sonur Kosam, sa ed var Sonur Elmadam, sa ed var Sonur Her.

29. Sa ed var Sonur Jese, sa ed var Sonur Eliezer, sa ed var Sonur Jorem, sa ed var Sonur Mattha, sa ed var Sonur Levi.

30. Sa ed var Sonur Simeon, *sa ed var Sonur Juda, sa ed var Sonur Josephs, sa ed var Sonur Jonam, sa ed var Sonur Eliachim.

*Um

* Um þessa skrifar Philo og Josephus, af hvorium Matthæus hleypur yfer nockra.

31. Sa ed var Sonur Melea, sa ed var Sonur Menam, sa ed var Sonur Mathathan, sa ed var Sonur Nathan, sa ed var Sonur Davids.

32. Sa ed var Sonur Jesse, sa ed var Sonur Obed, sa ed var Sonur Boos, sa ed var Sonur Salmon, sa ed var Sonur Nahasson.

33. Sa ed var Sonur Aminadab, sa ed var Sonur Aram, sa ed var Sonur Esrom, sa ed var Sonur Phares, sa ed var Sonur Juda.

34. Sa ed var Sonur Jacobs, sa ed var Sonur Isaachs, sa ed var Sonur Abrahams, sa ed var Sonur Thara, sa ed var Sonur Nachor.

35. Sa ed var Sonur Saruch, sa ed var Sonur Ragahu, sa ed var Sonur Phaleg, sa ed var Sonur Eber, sa ed var Sonur Sala.

36. Sa ed var Sonur Cainan, sa ed var Sonur Arphaxad, sa ed var Sonur Sem, sa ed var Sonur Noe, sa ed var Sonur Lamech.

37. Sa ed var Sonur Mathusalah, sa ed var Sonur Enoch, sa ed var Sonur Jared, sa ed var Sonur Maleleel, sa ed var Sonur Cainan.

38. Sa ed var Sonur Enos, sa ed var Sonur

Sonur Seth, sa ed var Sonur Adams, sa ed var Guds.

IV. Capitule.

(I) JEsus freistast af Diofslenum: (II) Utleggur Ritningena: (III) Giorer Kraptaverk.

I. Og JEsus fullur af Heilogum Anda, kom aptur fra Jordan, og færdest af Anda a Eydemork.

2. Og freistadest af Diofslenum j fiorutijger Daga, og hann neytte einkes a peim Dogum, og ad peim lidnum, hungrade hann sijdan.

3. Diofullenn sagde pa til hans: ef pu ert Guds Sonur, seig Steine pessum ad hann verde ad Braude.

4. JEsus svarade og sagde til hans: skrifad stendur, pad * Madurenn lifer ei af Braude einu, helldur af sierhverju Guds Orde.

* 5B. Mos 8,3.

5. Og Diofullenn flutte hann uppa eitt hatt Fiall, og synde honum a Augabragde oll Rijke Veralldarennar,

6. Og sagde til hans: allt petta Vellde og peirra Dyrd mun eg giefa pier, pviad paug eru mier j Hendur feingenn, og hverium eg vil honum gief eg paug.

7. Ef pu villt tilbidia mig, skulu paug oll pijn vera.

8. JEsus svarade honum og sagde: far burt fra mier pu Satan, skrifad er, * Drottenn Gud

Gud þinn skalltu tilbidia, og honum einum þiona. *5 B. Mos. 6, 13.

9. Og hann færde hann þa til Jerusalem, og sette hann ofan a Burst Musterisins, og sagde til hans: ef þu ert Guds Sonur, fleyg þier hier ofan af.

10. Þviad skrifad stendur: *sijnum Einglum mun hann bijfala um þig,

*Psalm. 91, 11. 12,

11. Ad þeir vardveite þig, og ad a Høndum bere þeir þig, so ad þu dreper ei þijnum Fæte vid nockrum Steine.

12. JEsus svarade og sagde til hans: sagt er, *eige skalltu freista Drottins Guds þijns.

*1 B. Mos. 6, 16.

13. Og er Diofullenn hafde lyckstad allar þessar Freistingar, veik hann fra honum um stundarsaker.

14. Og JEsus kom aptur j Andakrapte til Galileam, og Riktid um hann gieck ut j alla kringum liggiande Stade.

15. Og hann kiende j þeirra Samkunduhusum, og af hverium Manne vard hann prijsadur.

II. 16. Og hann kom til Nazareth, þar hann var uppalenn, og gieck jnn epter Vana sijnum a Sabbathsdeige j Samkunduhusid, stod upp og villde lesa.

17. Þa var honum seingenn Bok Esaie Spa-

Spæmanns, og er hann flette um Bokenne, fann hann þann Stad hvar skrifad var:

18. *Ande Drottins er hia mier, og af því smurde hann mig, og sende mig ad boda Evangelium Voludum, og ad græda þau sundurknosudu Hiortu. *Es. 61, 1. 2.

19. Ad predika þeim Herteknu, ad þeir skulu verda lauser, og þeim Blindu Syn, og þeim Fongudu, ad þeir skulu vera frij og lauser, og ad predika þacknæmelegt Ar Drottins.

20. Og þa hann liet samann Bokena, fieck hann hana Þienaranum, og sette sig, og aller þeir sem j Samkunduhusinu voru horfdu a hann.

21. Enn hann hof ad seigia til þeirra: J dag er þesse Ritning upfylld fyrer ydrum Eyrum.

22. Og aller gæfu Vitnisburd af honum, og undrudust þaug noadarsamlegu Ord, sem geingu framm af hans Munne, og sogdu: Er þesse eige (a) Sonur Josephs?

(a) (Sonur Josephs) Hvornenn kiemur þad til, ad Sonur Josephs kann so ad kienna, og tala, sa fatæke Triesmijdis Lærare.

23. Hann sagde til þeirra: þier munud fullkomlega til mijn seigia þennann Ordskvid: Lækner! biarga sialfum þier, því hvad mikid hofum vier heyrt, ad giort var til Capernaum, gior þu og eins hier a þinne Fosturjordu.

24. Enn hann sagde: sannlega seige eg ydur, ad eingenn Spæmadur er þacknæmur a sinne Fosturjordu.

25. Enn

25. Enn j Sannleik seige eg ydur: *Margar Eckiur voru j Tijd Elie, j Israel, þa Himenenn var lucktur j þriu Aar, og sex Manude, þa ed giordest mikel Dyrtiid um allt Landid.

*1B.Kon.17, 9.

26. Og til engra þeirra var Elias sendur, nema j Sareptha þeirra Sidona til einnrar Eckiu.

27. Og marger Liikþraær voru j Israel j Tijd Elisei Spaamanns, og eingenn þeirra vard hreinsadur nema alleina *Naaman af Syria.

*2B.Kon.5, 14.

28. Og aller fylltust þeir Reide sem j Samkunduhusinu voru, er þeir heyrdu þad,

29. Stodu upp og hnepptu hann utaf Borgenne, og leiddu hann allt uppa Fiallsgnyppuna, þar ed þeirra Borg var yferbygd, ad þeir hrynde honum þar affram.

30. Enn hann gieck burt midt a millum þeirra.

31. Og hann kom til Capernaum Borgar j Galilea, og kiende þeim þar a Sabbathsdogum.

32. Og þeir undrudust hans Kienning, þvi hans Ræda var af miklum Mindugleika.

III. 33. J Samkunduhusinu var Madur settur af ohreinum Diofle, og kallade upp hærre Roddu,

34. Og sagde: Hei! Hvad hofum vær med þig ad giora, JEsu af Nazareth? ertu komenn

ad

ad fyrerfara oss? Eg veit hvor þu ert, sem er hinn Heilage Guds.

35. Og JEsus straffade hann og sagde: Þeige þu, og far utaf honum. Og Diofullenn fleygde honum midt framm j millum þeirra, og for utaf honum, og grandade honum ad ongvu.

36. Og Otta slo yfer þa alla,

37. Og toludust vid sijn a mille og sogdu: hvada Hlutur er þetta, ad hann bydur ohreinum Öndum af Valde og Krapte, og þeir fara ut? og hans Rikte barst allstadar ut j þvi umliggiande Lande.

38. Og hann stod upp af Samkundunne, og kom j Hvs Simonar, og Modur Kona Simonar var halldenn af mikille Kolldu, og þeir bǽdu hann fyrer henne.

39. Hann gieck til hennar, og hann baud Kolduſottenne, og hun forliet hana, og jafnſkiott reis hun upp og þionade þeim.

40. Enn þa Solenn var undergeingenn, fluttu aller þeir sem hofdu Siuka af allſkins Siukdoome þa til hans. Enn hann lagde Hendur yfer sierhvorn þeirra, og lǽknade þa.

41. Diofar foru og utaf morgum kallande upp og sogdu: þu ert Christus Sonur Guds. Og hann hastade a þa, og liet þa ecke mæla, þviad þeir visſu þad hann var Christur.

42. Enn

42. Enn þa Dagur var, for hann og gieck ut a eitt Eydeplaats, og Folked leitade ad honum, og kom til hans, og þeir hielldu honum, ad hann fære ei fra þeim.

43. Hvorium hann sagde: mier biriar og j odrum Borgum ad boda Evangelium, utaf Guds Rijke, þviad til þess er eg sendur.

44. Og hann predikade j Samkunduhusum i Galilea.

V. Capitule.

(I) Fiskedraattur Peturs: (II) Einn Lijkþraar hreinsast: (III) Einn Lamasalls-Sinkur verdur læknadur: (IV) Matthæus er kalladur: (V) JEsus tekur fyrir Læresveina-j Forsvar.

Gudsp. V. Sunnud. epter Trinitatis.

I. Enn þad skiede þa Folked þreyngdest framm til hans, ad heyra Guds Ord, og hann stod vid Sioenn Genezareth.

2. Og hann sa tvo Skip standa vid Sioenn, enn Fiskemennerner voru stignir af Skipe, og þvodu Net sijn.

3. Þa stie hann a eitt Skiped, sem Simonar var, og bad hann ad leggia lijtid fra Lande, og hann setteſt nidur, og kiende Folkenu af Skipenu.

4. Og sem hann gaf upp ad tala, sagde hann til Simonar: far þu ut a Diuped, og kasted Nete ydar ut, so ad þier draged eirn Drattt.

5. Simon svarade og sagde til hans: Meistare, j alla Nott hofum vær erfidad, og feingum eckert, enn uppa þitt Ord vil eg Netenu utkasta.

6. Og þa er þeir hofdu þad giort, jnnelucktu þeir mikla mergd Fiska, og þeirra Net rifnade.

7. Og þeir bendtu sijnum Fielogum, sem voru a odru Skipe, þad þeir kiæme og hialpudu þeim ad draga, og þeir komu og hlodu bæde Skipenn full, so þaug sucku ad mestu.

8. Þa Simon Petrus sa þad, fiell hann til Knianna JEsu, og sagde: gack fra mier HErra, þvi eg em Madur syndugur.

9. Af þvi ad Felmtur var yfer hann komenn, og yfer þa alla sem med honum voru, af þeim Fiskedrætte, er þeir feingu til samans,

10. Lijka yfer Jacobum og Johannem Sonu Zebedei, Lagsmenn Simonar: Og JEsus sagde til Simonar: ottast þu eige, þviad hiedan af skalltu Menn veida.

11. Og þeir drou sijn Skip ad Lande, og yfergaafu alla Hlute, og filgdu honum epter.

II. 12. Þad skiede, þa hann var j einne Borg, sia, ad þar var Madur fullur af Spitelsku. Og þa hann sa JEsum, fiell hann framm a sijna Asionu, bad hann og sagde: Drottenn, ef þu villt, þa kanntu ad hreinsa mig.

13. Og hann riette ut sijna Hond, og tok a honum.

honum, og sagde: eg vil, vertu hreinn. Og jafnskiott hvarf Spitelskann af honum.

14. Og hann baud honum ad seigia pad engvum, helldur gack og * syn þig Prestenum, og forna fyrer þinne Hreinsan, sem Moyses baud, til Vitnisburdar yfer þeim.

*3B. Mos 14,3.

15. Og Umrædann um hann kom æ leingra ut, og þar kom margt Folk saman honum ad heyra, og ad læknast fyrer hann af sinum Sottum.

16. Enn hann veik sier j burt j Eydemork, og badst fyrer.

III. 17. Og þad bar til a einum Deige er hann kiende og þar saatu Phariséi og Skriftlærder, sem kommer voru af ollum Kauptunum ur Galilea og Judea, og fra Jerusalem, og Kraptur Drottins gieck ut fra honum ad lækna þa.

18. Og sia, ad nockrer Menn boaru eirn Mann a Sæng er Iktsiukur var, og soktu til ad koma honum jnn og leggia hann framm fyrer hann.

19. Og er þeir gaatu ei funded fyrer Folkenu hvar þeir skylldu flytia hann jnn, foru þeir uppa Paked, og undu hann nidur j giegnum Paked med Sængenne midt a millum þeirra, framm fyrer JEsum.

20. Og er hann leit þeirra Tru, sagde hann

til hans: Madur, þijnar Synder eru þier fyrergiefnar.

21. Skriftlærder og Phariſei toku til ad huxa med ſier, og ſogdu: hvor er þesſe, sem mæler Gudlaſtan? hvor ma Synder fyrergiefa nema GUd eirn?

22. Enn er JEſus fornam þeirra Huxan, ſvarade hann og ſagde til þeirra: hvad huxed þier j ydrum Hiortum?

23. Hvort er audvelldara ad ſeigia: þier eru þijnar Synder fyrergiefnar, eda ad ſeigia: Statt upp og gack.

24. Enn ſo ad þier vited þad Mannſins Sonur hefur Makt til a Jordu ad fyrergiefa Syndernar, ſagde hann til hins Jckrſiuka: þier ſeige eg, ſtattu upp og tak Sæng þijna og gack heim.

25. Og jafnſkiott ſtod hann upp þeim aſiaande, og tok Sængena upp þa er hann hafde vaaleiged, og gieck heim lofande GUd.

26. Og þeir ottuduſt aller, og lofudu GUd, og fylltuſt af Otta, og ſogdu, j dag hofum vier ſied undarlega Hlute.

IV. 27. Epter þad gieck hann ut, og ſa eirn Tollheimtumann er Levi var ad Nafne, ſitiande hia Tollbvodenne, og ſagde til hans: fylg þu mier epter.

28. Og hann forliet allt, ſtod upp og filgde honum epter.

29. Og

29. Og Levi tilbio honum miked Giestabod i sijnu Husi, og marger Tollheimtu-Menn og adrer soatu med peim til Bords.

30. Og Skriftlærder og Pharisei mogludu vid hans Læresveina, og sogdu: Vvi etid pier og dreckid med Tollheimtumonnum og Bersyndugum?

31. Og JEsus svarade og sagde til peirra: Peir purfa eige Læknarans vid sem heilbrigder eru, helldur peir sem siuker eru.

32. Eg er komenn ad kalla Synduga til Idrunar, enn ecke Riettlaata.

V. 33. Pa sogdu peir til hans: Vvi fasta Læresveinar Johannis so opt, og bidiast fyrer so miog, og lijka Phariseanna Læresveinar, enn pijner Læresveinar eta og drecka?

34. Hann sagde pa til peirra: Pier meiged ecke neyda Brwodkaupsfolkid til ad fasta, a medann Brwodgumenn er hia peim.

35. Enn peir Tijmar munu koma ad Brwodgumanum mun fra peim kippt verda, og pa munu peir fasta.

36. Og hann sagde eina Epterlijking til peirra: eingenn setur Boot af nyu Klæde a gamallt Fat, annars rijfur pad Nija i sundur, og Bootenn af pvi hinu nya fellur ei vid hid gamla.

37. Og eingenn lætur nijtt Vijn i forna Belge, annars spreinger hid nija Vijnid Belgena, og pad spillest, enn Vijnbelgerner torrijnast.

38. Helldur skal nijtt Vijn latast j nija Belge, og mun þa hvortveggia forvaraſt.

39. So er og eingenn sem dreckur af hinu gamla og vilie strax hid nija, þviad hann seiger: hid Gamla er heilnæmara.

VI. Capitule.

JEsus (I) talar um Sabbatsdagenn: (II) Kallar Postulana til sijn: (III) Blessar, og formæler: (IV) Rædur ad stunda sannann Guds Otta.

I. Enn þad bar til a einum (a) Epter-Sabbaths-Deige, ad hann gieck j giegnum Kornid, og hans Læresveinar tijndu Axenn, og eatu, nuande þaug med Hondum sier.

(a) (Epter-Sabbaths-Deige) eins og vier kunnum ad kalla þridiudagenn epter Manudagenn, so kølludu Gydingar þann annann Dag epter þad stora Sabbath, Epter-Sabbath, so sem lesa ma Matth. 28, 1.

2. Enn nockrer af Phariseis sogdu til þeirra: fyrer hvi giored þier þad sem ei somer ad giora a Sabbathsdogum?

3. JEsus svarade og sagde til þeirra: hafid þier ei lesid, * hvad David gierde, nær hann hungrade og þa sem med honum voru?

* 1Sam. 21, 6.

4. Hvernenn ad hann gieck jnn j Guds Hvs, og tok Skodunarbraudenn og eat, gaf og þeim sem med honum voru, þau er

er ongvum bar ad eta, *nema Prestunum alleinasta. *2B.Mos.29,32.
3B.Mos.24,9.

5. Og hann sagde til peirra: Mannsins Sonur er Herra eirnenn Sabbathsdagsins.

6. Og pad skiede a odrum Sabbathsdeige, ad hann gieck jnn j Samkunduhusid og kiende. Og par var sa Madur sem hin hægre Hond var a visnud.

7. Enn Skriftlærder og Pharisei hugdu ad, hvort hann læknade a Sabbathsdeige, so ad peir fyndu eina Sok, hvar fyrer peir mættu hann aakiæra.

8. Pa formerkte hann peirra Huxan, og sagde til Mannsins pess sem Hondena hafde visnada: Rijs pu upp, og gack framm hingad. Hann reis upp og gieck framm.

9. Enn JEsus sagde til peirra: Eg spyr ydur ad: Hvort hæfer a Sabbathsdøgum ad giora gott edur illt? Lijfenu vid ad halda edur tortijna?

10. Og hann leit umkring uppa pa alla, og sagde til Mannsins: Riett pu ut pijna Hond, og hann giorde pad, pa vard hans Hond heil aptur, og heilbrigd, sem hin onnur.

11. Enn peir urdu alsendes galder, og toludu til hvor vid annann, hvad peir villdu giora til vid JEsum.

II. 12. Enn pad giordest a peim Tijma, ad

hann gieck a eitt Fiall ad bidiast fyrer, og hann var um þa Nott a Bænum til Guds.

13. Og þa ed Dagur var, kallade hann sijna Læresveina, og kiore tolf af þeim, hvoria ad hann nefnde Postula.

14. Simon, hvorn hann kallade Petrum, og Andream Brodur hans, Jacobum og Johannem, Philippum og Bartholomæum,

15. Mattheum og Thomam, Jacobum Son Alphei, og Simon sem kalladest Zelotes,

16. Judam Jacobs Son, og Judam Iscarioth þann Svikara.

17. Og hann for ofann med þeim, og gieck a eirn slettann Flot j Morkenne, og Flockur hans Læresveina, og mikell fiolde Folks af ollu Judalande og Jerusalem, og ur Tyro og Sidon, liggiande vid Hafid,

18. Hvorier komner voru honum ad heyra, og ad þeir læknudust af sijnum Sottum, og þeir sem hrakter voru af ohreinum Öndum, og þeir urdu heilbrigder.

19. Og allt Folked gyrnteſt ad snerta hann, þviad Kraptur gieck ut fra honum, og hann læknade þa alla.

III. 20. Og hann hoof upp sijn Augu yfer Læresveina sijna og sagde: Sæler erud þier Volader, þviad ydart er Guds Rijke.

21. Sæler erud þier sem hier hungrar, þviad þier skulud sadder verda. Sæler erud þier sem hier grætid, þviad þier munud hlæa.

22. Sæ-

22. Sæler erud þier ef Menn hata ydur, og fraskilia ydur, og hallmæla, og burt skwfa ydar Nafne so sem annars Illvirkia, vegna Mannsins Sonar.

23. Gledied ydur þa og dansed, þviad sia, ydvart Verdkaup er mikid a Himne, þviad þannenn giordu þeirra Fedur vid Spaamennena.

24. Enn þar j mot, ve ydur Audugum, þvi þier hafid ydra Huggun j burtu.

25. Ve ydur sem nu erud sadder, þviad ydur mun hungra. Ve ydur sem hlæed hier, þviad þier munud æpa og yla.

26. Ve ydur nær ed hvor Madur lofar ydur, þviad so giordu og þeirra Fedur vid hina falsku Spaamenn.

IV. 27. Enn eg seige ydur, sem aheyred: elsked þier Ovine ydra, giored þeim gott sem ydur hata.

28. Blessed þa er ydur bolva, og bidied fyrer þeim sem ydur eru þver-brotner.

29. Og hvor hann slær þig a eirn Kinnvangann, biod honum og annann þar til, og hvor hann tekur af þier þinn Mottul, þa ver honum eige þinn Kyrtil.

30. Og hvor þig bidur, þeim gief, og hvor hann tekur burt hvad þitt er, þad heimt eige aptur.

31. Og so sem þier vilied ad Menn giore vid ydur, gio.:d so lijka vid þa.

32. Og ef þier elsked þa sem ydur elska, hvoria hafed þier þar fyrer Þock? þviad Syndugir elska og so þa sem þa elska.

33. Og þo þier giored þeim gott er ydur giora vel til, hvada Þock hafed þier þar fyrer? þviad þetta sama giora eirnenn hiner Syndugu.

34. Og þo þier loanid þeim af hvorium þier væntid Launa, hyor verdur þa ydar Þock? þviad Syndugir loana og so Syndugum, so þeir take lijkt vid lijku.

35. Enn þo sem oadur, elsked þier ydar (a) Ovine, giored gott og loaned, einskis þar fyrer væntande, þa mun ydar Verdkaup mikid verda, og þier munud verda Born hins Hærsta, þviad hann er godfus vidur Þackloata og Vonda.

(a) (Ovine) hvor sem loanar Ovin sijnum, edur giorer honum til goda, hann kiennir sialfum sier, ad hann þarf einskis ad vona edur vænta sier þar fyrer, en þad giorer eingenn utann einn Christenn Madur.

Gudspialled IV. Sunnud. epter Trinit.

36. Þar fyrer vered og miskunsamer, lijka sem ydar Fader er miskunsamur.

37. Dæmed eige, so ad þier dæmest eige. Fordæmed eige, so ad þier fordæmest eige. Fyrergiefed, þa mun ydur og fyregiefast.

38. Giefid og skal-ydur giefast, fulla og sam-

samprikta, skiekna og yfersliotannlega Mæling munu menn giefa j ydvart Skaut. Þviad riett med þeirre somu Mælingu, hvorre þier mæled ut, mun ydur aptur mælast.

39. Og hann sagde þeim eina Epterlijking: fær Blindur vijsad Veg einum Blindum? falla þeir ei baader j Grofena?

40. Eige er Læresveirnenn yfer sijnum Meistara. Þvi nær (b) Læresveirnenn er so sem hans Meistare, þa er hann algiordur.

(b) (Læresveirnenn) þad er, þegar Læresveinenum geingur eins og Meistaranum, þa geingur riett til.

41. Enn hvad sier þu Ogn j þijns Brodurs Auga, enn ad þeim Bialka sem j þijnu Auga er gaaer þu ei.

42. Eda hvorninn mattu seigia Brodur þijnum: Broder, leyf ad eg dræge Ognena ur Auga þijnu, er þu sier eige sialfur Bialkann j þijnu Auga. Þu Hræsnare, drag þu fyrst ut Bialkann ur þijnu Auga, og sia þa til ad þu dræger ut Ognena ur þijns Brodurs Auga.]

43. Þvi eckert gott Trie þa ber fuinn Avoxt, og eckert fuid Trie ber godann Avoxt.

44. Hvort Trie þeckiest af sijnum eigenn Avexte, þviad ei lesa menn samann Fijkiur af Þyrnum, og ei helldur Vijnber af Þyslum.

45. Godur Madur af godum Siod sijns Hiarta frammber gott, og illur Madur af vondum Siod sijns Hiarta frammber illt, þviad þad sem Hiartad er fullt af, þad floer utaf Munnenum.

46. Til hvors kalled þier mig Herra, Herra, og gisred eige þad eg seige?

47. Hvor hann kiemur til mijn, og heyrer mijn Ord og gierer þau, þann mun eg syna ydur hvorium hann er lijkur.

48. Hann er lijkur þeim Manne er bygde upp Hws, og groof diupt, og sette þess Grundvoll a Hellubiarge, enn er Vatsgangur kom, dunde Straumurenn a Hwsenu, og maatte þad eige hræra ur stad, þviad þad var grundvallad a Hellubiarge.

49. Enn hvor hann heyrer og gierer eige, hann er lijkur þeim Manne er bygde eitt Hws a Jordu, aan Grundvallar, ad hveriu Straumurinn dunde og þad fiell jafnsnart, og Hrapan þess Hwss var miket.

VII. Capitule.

JEsus (I) læknar einn Siukann: (II) Veknr einn upp af Daudum: (III) Talar um Johannes: (IV) Fyrergefur Syndernar.

1. Enn þa hann hafde lyckstad sijna Rædu fyrer Folkenu, gieck hann til Capernaum.

2. Enn Pion eins Hundrads Hofdingia, lea daudsiukur, hvor ed honum var miog giedfelldur.

3. Og er hann heyrde af JEsu, sende hann þa Eldstu af Gydingum til hans og bad hann

hann ad koma og gisra sinn Pion heilbrigdann.

4. Enn er peir komu til JEsu, boadu peir hann kostgiæfelega, og sogdu: verdur er hann pess ad pu veiter honum pad.

5. Pviad hann elskar vora Piod, og hefur uppbygt fyrer oss vor Samkundu-Hus, pa gieck JEsus med peim padann.

6. Og pa er peir voru nu ei langt fra Husinu, sende Hofudsmadurenn Vine til hans og liet seigia honum: o HErra! pia pig ei, pviad eg em eige verdur ad pu ganger under mitt Pak.

7. Par fyrer hefe eg og eige reiknad sialfann mig verdugann til pijn ad koma, helldur mæl pu eitt Ord, og pa verdur minn Pion heill.

8. Pviad eg em Madur Valldenu undergiefinn, hafande under mier Strijdsmenn, og ef eg seige pessum: far, pa fer hann, og odrum: kom, pa kiemur hann, og Pione mijnum: gior petta, og pa giorer hann pad.

9. Enn er JEsus heyrde pad, furdade hann a honum, og snerest vid, og sagde til Folksins sem honum filgde epter: eg seige ydur, ad eg hefe eige funded pvilijka Tru j Israel.

10. Og er peir sem ut voru sender komu aptur til Husins, fundu peir pann Pion er siukur hafde vered, heilbrigdann.

Gudspialled XVI: Sunnudag. epter Trinitat.

II. 11. Og pad skiede epter pad, ad hann gieck j eina Borg sem hiet Nain,

og marger hans Læresveinar filgdu honum og fiolde Folks.

12. Enn er hann nalgadest Borgar hlidid, sia: þa var frammlidenn Madur borenn ut, einka Sonur sinnar Modur, og hun var Eckia. Og mikell Borgarmwgur gieck ut med henne.

13. Og er DRottenn leit hana, hrærdest hann miskunar þar yfer, og sagde til hennar: æptu ei.

14. Og hann gieck þar ad, og ahrærde Borurnar, enn þeir ed bæru stodu vid, og hann sagde: Ungmenne, eg seige þier: rijs upp.

15. Og sa reiste sig upp, er frammlidenn var, og tok ad mæla, og hann gaf hann hans Modur.

16. Enn yfer alla þa kom Otte, lofudu Gud og sogdu: Spamadur mikell er a medal vor upprisenn, og Gud hefur vitiad sijns Lijds.

17. Og þesse Saga barst utaf honum um allt Judaland, og um oll kringumliggiande Lond.]

III. 18. Og allt þetta kunngiordu Johanni hans Læresveinar, og hann kallade tvo af sijnum Læresveinum til sijn,

19. Og sende þa til JEsum, og liet seigia honum: ert þa sa ed koma mun, eda eigum vær annars ad bijda?

20. Enn er þeir Menn komu til hans, sogdu þeir: Johannes Skijrare sende ockur til þijn, og

og liet seigia þier; ertu sa er koma mun, eda eigum vær annars ad bijda?

21. Enn a þeirre somu Stundu læknade hann marga af Sottum sijnum og Meinum, og af illum Öndum, og morgum Blindum gaf hann Syn.

22. Og JEsus svarade og sagde til þeirra: ganged burt og kunngiored Johanni hvad þier hafed sied og heyrt, þad * Blinder sia, Hallter ganga, Líkþraer hreinsast, Daufer fa Heyrn, Dauder risa upp, Fatækum bodast Evangelium.

* Esa. 29, 18. og 35, 5. 6.

23. Og sæll er sa sem ei hneixlast a mier.

24. Enn er Sendebodar Johannis voru burtgeingner, hof JEsus ad seigia Folkenu af Johanne, hvad forud þier ut j Eydemerk ad sioa? eda villdud þier sia Reir af Vinde skiekenn?

25. Eda hvad erud þier vtgeingner ad sioa? villdud þier sia Mann j miukum Klædum? siaed: ad þeir sem j dijrmætum Klædum og j Vellystingum lifa, eru j Konga Gordum.

26. Eda hvad erud þier utfarner ad sia? villdud þier sia einn Spaamann? enn eg seige ydur: þann sem meire er enn Spaamann.

27. Þesse er sa af hvorium skrifad er: * sia, eg sende minn Eingel fyrer þijnu Anglite, sa er tilreida skal þinn Veg fyrer þier. * Mal. 3, 1.

28. Þviad eg seige ydur: ad a medal þeirra sem

sem af Kvinnum eru fædder, er eingenn Spæ-
madur meire enn Johannes Skijrare, enn sa
minne er j Guds Rijke, er honum meire.

29. Og allt þad Folk er tilheyrde, og lijka
Tollheimtumenn, riettlættu Gud, og lietu skij-
ra sig med Skijrn Johannis.

30. Enn Phariſei og Logspekingar for-
smæadu Guds-Rad j mote sialfum sier, sem
lietu eige skijrast af honum.

31. Enn Drottenn sagde: vid hvad skal eg
jafna Monnum þessarar Kinslodar? hverju
eru þeir lijker?

32. Bornum þeim eru þeir lijker, sem sitia
a Torge og hropar hver til annara, og seigia:
vær pijpudum fyrer ydur, og þier donsudud
eige, vær sungum fyrer ydur vor Harmakvæ-
de, og þier æptud eige.

33. Þviad Johannes Skijrare kom, eat
eige Braud, nie dracK Vijn, þo seiged þier,
hann hefur Dioful.

34. Mannsins Son er komenn, etur og
dreckur, og þier seiged: siaed, sa Madur er eirn
Etare, og Vijndryckiumadur, Vinur Toll-
heimtumanna og Bersyndugra.

35. Og Spekenn hlytur so ad riettlætast af
ollum sijnum Bornum.

IV. 36. Enn eirn af Phariseum bad hann
ad hann æte med honum, og hann gieck jnn j
Phariſearans Hvs, og setteſt til Bords.

37. Og

37. Og sia, ad Kona var su j Borgenne, ad Bersyndug var, og er hun visse ad JEsus sat til Bords j Pharisearans Huse, hasde hun þangad Alabastur med (a) Salve.

(a) (Salve) þad er med dyrmætt ilmande Vatn.

38. Og for a bake til Foota hans, og greit, og tok ad væta hans Fætur med Taarum, og ad þurka þau med sijnu Hofudhaare, og kysste a hans Fætur, og smurde þær med Salve.

39. Enn þa sa Phariseus sa þad sem honum baud inn, mælte hann med sier og sagde: ef ad þesse være Spaamadur, þa visse hann hver og hvilijk være su Kona er a honum tekur, þviad hun er ein Bersyndug Kona.

40. JEsus svarade og sagde til hans: Simon, eg hefe nockud ad seigia þier, enn hann sagde: seig þu Meistare.

41. Tveir Skuldameinn voru nockurs Okurskarls, eirn var honum skylldugur fimm hundrud Peninga, enn annar fimmtijger.

42. Og er þeir hefdu ei ad giallda, gaf hann þeim þad upp baadum, seig nu, hver þeirra mun elska hann meir?

43. Simon svarade og sagde: eg meina ad sa sem hann gaf meira upp; enn hann sagde til hans: þad utskurdader þu riett.

44. Og hann snere sier til Kvinnunnar, og sagde til Simonar: sier þu þessa Konu? eg gieck inn j þitt Hws, og þu gafst mier eige

Vatn

Vatn handa mijnum Fotum, enn þesse vætte mijnar Fætur med Tærum, og þurkade med sijnu Hofudhaare.

45. Kofs gafstu mier engvann, enn hesse sijdann hun gieck hier jnn, hefur hun eige linnt ad kyssa mijnar Fætur.

46. Mitt Hofud smurder þu eige Vidsmiss re, enn þesse smurde mijnar Fætur med Salve.

47. Fyrer þad seige eg þier, ad henne fyrergiefast margar Synder, þviad hun elskade miked, enn þeim sem minna fyrergiefst, hann elskar midur.

48. Og hann sagde til hennar: þier eru þijnar Synder fyrergiefnar.

49. Þá toku þeir til, sem vid Borded soatu hia honum, og sogdu med sialfum sier: hvor er þesse sa er fyrergiefur Syndernar?

50. Enn hann sagde til Konunnar: þijn Tru gierde þig holpna, far j Fride.

VIII. Capitule.

JEsus (I) talar um Guds Ord: (II) Lætur Hafed kirrast: (III) Rekur Diofsul ut: (IV) Giorer Kraptaverk.

I. Og þad skiede epter þad, ad hann ferdadest j giegnum Borger og Kauptun, predikande og bodande Evangelium af Guds Rijke, og þeir Tolf med honum.

2. Og nockrar þær Konur sem hann hafde grædt af ohreinum Öndum, og Sottarfelstum,

lum, sem var Maria su er hiet Magdalena, fra hvorre ad sis Diofiar hofdu ut fared.

3. Og Johanna Hvosfru Chusa, Forsionarmanns Herodis, og Susanna, og margar adrar pær hoimum veittu af sijnum Eigrum.

Gudspialled II. Sunnud. j Nijuvikna-Fostu.

4. Enn pa er margt Folk var nu samann komid, og peir skundudu til hans ur Stodunum, sagde hann j einne Epterlijkingu:

5. Par gieck ut eirn Sadmadur, ad soa sijnu Sæde, og pa hann soade, fiell sumt hia Veigenum, og vard fottroded, og Fuglar Himens ætu pad.

6. Og sumt fiell a Hellu, og pa er pad spratt upp, visnade pad, af pvi pad hafde eige Vokvan.

7. Og sumt fiell a medal Pyrna, og Pyrnenn spruttu upp med og kiæfdu pad.

8. Sumt fiell j goda Jord, og pad voox upp, og bar hundradfalldann Avext. Pa er hann sagde petta, kallade hann: hvor Eyru hefur ad heyra, hann heyre!

9. Enn hans Læresveinar spurdu hann ad, og sogdu: hvada Epterlijking a petta ad vera?

10. Hann sagde: ydur er giefid ad vita Leynda Doma Guds Rijkis, enn Odrum j Epterlijkingum, so ad siaande pa siae peir eige, og aheyrande skilie peir pad eige.

11. Enn pesse er Epterlijkingenn: Sæded er Guds Ord.

12. Enn

12. Enn hiner vid Veigenn, eru þeir sem heyra, enn eptera kiemur Diofullenn, og tekur Ordid ur þeirra Hiortum, so ad þeir true eige og verde holpner.

13. Enn hiner a Hellunne, eru þeir, sem medtaka Ordid med Fagnade, þa þeir heyra þad, og hafa eige Root, um stundarsáker trua þeir, og a Freistingar Tijma falla þeir fra.

14. Enn þad sem fiell j millum Þyrna, eru þeir sem þad heyra, og velkiast j Sorgum, Audæfnum og Vellystingum þessara Lijfdaga, og kiæfast, og færa engvann Avoxt.

15. Enn þad sem j goda Jord fiell, eru þeir sem Ordid heyra, og hallda því j godu og sidsomu Hiarta, og færa Avoxt j þolinmæde.]

16. Enn eingenn kveiker a Liosenu, og byrger þad med Kiere, eda setur þad under Beck, heldur setur hann þad j Kiertahalldenn, so ad þeir sem þar jnn ganga siae Liosid.

17. Þviad eckert er so hulid, ad eige verde opennbert, og eckert so leyndt, ad eige kunngiorest og kome j Lioos.

18. Fyrer því giæted ad, hvornenn þier heyred. Þviad þeim ed hefur, honum mun giefast, og hvor hellst eckert hefur, fra honum mun burt takast, eirnenn þad hann meinar sig hafa.

19. Enn Moder hans og Brædur geingu framm ad, og kunnu ecke ad komast til hans fyrer Folkenu.

20. Og

20. Og honum var þad undervijsad, Moder þijn og Brædur standa þar ute, og vilia sia þig.

21. Enn hann svarade og sagde til þeirra: mijn Moder og mijner Brædur ere þesser, sem Guds Ord heyra og giora.

II. 22. Og þad bar til a einum Deige, ad hann stie a Skip med sijnum Læresveinum, og hann sagde til þeirra: forum vær yfer um Sioenn, og þeir yttu fra Lande.

23. Enn er þeir foru yfer um, sofnade hann. Og þar kom Hvirfelvindur a Sioenn, og Bilgiurnar fiellu yfer þa, og þeir voru stadder j storum Voda.

24. Þa geingu þeir ad honum og voktu hann upp og sogdu: Meistare, Meistare, vær forgongum. Enn hann stod upp og hastade a Vindenn og a Vatnsbilgiurnar, og þær sefudust, og giorde Logn.

25. Hann sagde til þeirra: hvar er ydar Tru? enn þeir ottudust, og undrudust, seigande sijn a mille: hver er þesse? þviad hann bydur Vinde og Vatne, og þaug hlijda honum.

26. Og þeir sigldu þa til Bygdar Gadarenorum, hver ed liggur jafngiegnt Galilea.

III. 27. Og þa hann stie a Land, mætte honum Madur nockur ur Borgenne, sem haft hafde Diofla um langann Tijma, og klædest eige

eige fotum, var og eige j Husum, helldur i Daudra manna Grofum.

28. Enn er hann leit JEsum, hropade hann og fiell nidur fyrer honum, kallade upp hærre Roddu og sagde: hvad hefe eg med þig ad giora, JEsus Sonur Guds hins Hærsta? eg beide þig ad eige kvelier þu mig.

29. Þvi hann baud þeim ohreina Anda ad hann fære ut af Mannenum, þviad hann hafde um langann Tijma hann kvaled, hann var og bundenn med Vidium, og j Fiotrum vardveittur, enn ad slitnum Bondunum, var hann rekenn af Dioflenum j Eydemork.

30. JEsus spurde hann ad og sagde: hvort er Nafn þitt? hann sagde: Legion, þviad marger Dioflar voru j hann farner.

31. Og þeir bædu hann ad eige skipade hann þeim ad fara j Underdiuped.

32. Enn þar var mikel Svinahiord a bite um Fialled, og þeir bædu hann ad leyfa sier ad fara j þau, og hann lofade þeim þad.

33. Þa foru Dioflarner ut af Mannenum, og foru j Svinenn, og Hiordenn steypte sier hraparlega j Sioenn, og dreckteſt.

34. Enn er þeir sæu þad sem Hiordena geymdu, hvad skiede, flydu þeir og geingu burt, og kunngiordu þad j Borgena og uppa Landed.

35. Þa geingu þeir ut ad sia hvad skied hafde, og komu til JEsu, og fundu Mannenn af hverium

hvorium ad Diofiarner hofdu utfared, ſitiande klæddann og heilvita til Fota JEſu, og þeir urdu hrædder.

36. Enn þeir ſem þad hofdu ſied, kyntu þeim hvornenn ſa Diofulode var ordenn heilbrigdur.

37. Og allur Mvvgur Gadarenorum umliggiande Landa bædu hann, ad hann vike burt fra þeim, þviad þeir voru af miklum Otta halldner. Hann ſtie þa a Skip, og ſnere aptur.

38. Enn ſa Madur, ſem Diofiarner voru ut af farner bad hann, ad hann mætte vera hia honum, enn JEſus liet hann fra ſier, og ſagde:

39. Far heim aptur, og ſeig hvad mikid Gud veitte þier. Og hann for og predikade um alla Borgena hvad miked JEſus hafde honum giort.

IV. 40. Þad ſkiede og, er JEſus kom aptur, ad Folkid medtok hann, þviad aller bidu hans.

41. Og ſia, Madur kom þar ſa er Jairus var ad Nafne, og ſa var Samkundu Hussins Hofdinge, hann fiell til Fota JEſu og bad hann, ad hann kiæme j hans Hvs.

42. Þviad hann atte ſier einka Dottur nær tolf Aara gamla, og hun var ad Dauda komenn. Og er hann gieck burt, þa þreyngde Folked ad honum.

43. Ein Kona hafde haft Blodfall j tolf Aar, hvor ed ut hafde giefid Læknurum ſijna alla Aleigu, og vard þo af engvum grædd.

44. Hun

44. Hun gieck a bak til, og snart Fallð hans Klæda, og jafnsnart stemdest hennar Blodlæat.

45. JEsus sagde: hvor er sa er mig snerte? enn er þeir aller neitudu, sagde Petur og þeir ed med honum voru, Meistare, Folkid preynger og þiakar ad þier, og þu seiger: hvor snart mig?

46. JEsus sagde: einhver hefur snortid mig, þviad eg kenne Krapt ur af mier geingenn.

47. Enn er Konann sa, ad þad var eige hulid, kom hun skialfande, og fiell framm fyrer honum, og kunngiorde fyrer ollu Folke, fyrer hvoria Sok er hun hafde hann snortid, og hvorsu hun hafde jafnsnart heil ordid.

48. Þa sagde hann til hennar: vertu glod mijn Dotter, þijn Tru hialpade þier, far j Fride.

49. Og er hann talade enn þetta, kom eirn af Samkunduhofdingians Pienurum, seigiande honum: þijn Dotter er ordud, omaka Meistarann eige.

50. Enn er JEsus heyrde þad, svarade hann honum og sagde: hrædstu eige, tru ad eins, þa verdur hun heilbrigd.

51. Og er hann kom j Hvosid, lofade hann ei neinum jnn ad ganga, nema Petro, Jacobo og Johanne, og Fodur og Modur Barnsins.

52. Enn þeir grietu aller, og syrgdu hana, hann sagde þa: graetid eige, þviad hun er eige daud, helldur sefur hun.

53. Og

53. Og þeir hlæjandu hann, þviad þeir vissu ad hun var lætenn.

54. Enn hann rak þa alla ut, og tok i Hond hennar, kallade og sagde: Stulka stattu upp.

55. Og hennar Ande kom aptur, og hun stod jafnsnart upp. Hann skipade og ad giefa henne ad eta.

56. Og hennar Forelldrum felmtrade vid, enn hann baud þeim ad segia engvum hvad giorst hafde.

IX. Capitule.

(I) JEsus sender Læresveina ut: (II) Herodes vill sia JEsum: (III) Hver ed sidur 5000 Manna: (IV) Um-mindast a einu Fialle: (V) rekur Diofsul ut: og (VI) talar um sinn Dauda.

I. Og hann kallade samann þa tolf sijna Læresveina, og gaf þeim Vallde og Makt yfer ollum Diofslum, og þad þeir læknudu Sotter.

2. Og hann sende þa ut ad predika Guds Rijke, og ad græda Siuka,

3. Og sagde til þeirra: þier skulud eckert taka med ydur a Veigenn, hvorke Staf nie Teskju, eige Braud nie Peninga, og eingenn skal hafa tvo Kyrtla.

4. Og j hvort þad Hvs sem þier jnngangid, þa blijfed þar, þangad til þier farid j burt þadann.

5. Og sa hvor ed medtekur ydur eige, þa gangid ut ur þeim Stad, og hristed eirnenn

Duptid af Footum ydar, til Vitnisburdar yfer þa.

6. Og þeir geingu ut og ferduduſt j giegnum Kauptun, predikudu Evangelium, og læknudu allſtadar.

II. 7. Enn allt þad er ſkiede fyrer hann, kom fyrer Fiordungshofdingiann Herodem, og hann vard hræddur, af þvi ad af ſumum ſagdeſt þad Johannes være af Dauda riſinn.

8. Enn af ſumum þad Elias være auglyſtur, en af ſumum þad eirn af gomlu Spaamonnum være upp aptur riſinn.

9. Herodes ſagde: Johannem hef eg Hœlshoggved, enn hver er þeſſe, af hverium eg heyre þetta? og hann fyſteſt ad ſia hann.

III. 10. Poſtularner komu aptur og ſkijrdu honum fra hvad mikla hlute ad þeir hofdu giort, og hann tok þa til ſijn, og veik burt affijdes j Eydemork, hia Borgenne ſem hiet Berhſaida.

11. Og er Folked vard þeſs vart, ferdadeſt þad epter honum, og hann liet þa koma til ſijn, og ſagde þeim af Guds Rijke, læknade og þa ſem þeſs þurftu.

12. Enn er Deigenum tok ad halla, geingu þeir tolf til hans, og ſogdu honum: lœt Folked j fra þier, ad þad gange j þaug Porp og Kauptun er hier eru j kring, ad þeir kynne ad finna Herberge og Fœdu, þviad vier erum hier a Eydemorku.

13. Enn

13. Enn hann sagde til þeirra: giefed þier þeim ad eta, þeir sogdu: vær hofum ei neina sinnm Braud, og tvo Fiska, nema so sie ad vær forum og kaupum Fædu so morgu Folke;

14. Þvi þar var nær sinm þusund Manns. Hann sagde þa til sinna Læresveina: loated þa setiast j lag, simmtijger og simmtijger samann.

15. Þeir giordu so, og settu sig nidur aller.

16. Þa took hann þaug sinm Braud og tvo Fiska, leit til Himens, giorde Þacker þar yfer, og braut sundur, og sieck sijnum Læresveinum, ad þeir legde fyrer Folked.

17. Þeir neyttu og urdu aller sadder, þar var og uppteked er þeim hafde afgeinged af Leyfum, tolf Karfer.

18. Og þad giordest þa hann var eirn og badst fyrer, og hans Læresveinar hia honum, ad hann spurde þa ad og sagde: hvorn seiger Folked mig vera?

19. Þeir svorudu og sogdu: þeir seigia þu siert Johannes Skijrare, enn adrer þu siert Elias, enn sumer seigia, þad eirn af hinum gomlu Spaamonnum sie upprisinn.

20. Hann sagde til þeirra: hvorn seiged þier þa mig vera? Petrus svarade þa og sagde: þu ert Christur Guds.

21. Enn hann hastade a þa, og baud þeim ad þeir segde þad eige neinum.

22. Og sagde: þvi Mannsins Son mun

enn margt lijda, og forsmæadur verda af Öldungum og Skriftlærdum, og Hofudprestum, og lijflatenn verda, og a þridia Deige upprijsa.

23. Hann sagde til þeirra allra: hvor hann vill mier epterfilgia, hann afneite sialfum sier, og take a sig sinn Kross hvorsdaglega, og filge mier epter.

24. Þvi hvor ed sijnu Lijfe vill bihallda, hann mun tijna þvi, enn hvor sijnu Lijfe tijner minna vegna, hann skal bihallda þvi.

25. Þvi hvad gagnar þad Mannenum þo hann hreppe allann Heimenn, enn glate sialfum sier, eda skade sialfann sig?

26. Enn hvor hann feilar sier mijn og minna Orda, þess mun Mannsins Sonur feila sier, þa hann kiemur j Dyrd sinne og sijns Fodurs, og heilagra Engla.

27. Og eg seige ydur sannlega, ad nockrer eru af þeim hier standa, sem ecke skulu smacka Daudann, fyrre enn þeir sia Guds Rijke.

IV. 28. Og þad skiede epter þessa Ædu nær aatta Dogum, ad hann tok med sier Petrum, Johannem, og Jacobum, og gieck uppa eitt Fiall ad bidiast fyrer.

29. Og þa er hann badst fyrer, vard hans Andlits Mind odruvijs, og hans Klæde hvijt og skijnande.

30. Og

30. Og sia, ad tveir Menn toludu vid hann, hvorier ed voru Moyses og Elias.

31. Peir openberuduſt j birtunne, og toludu um hans (a) Utfor, hvoria hann mundi fullkomna til Jeruſalem.

(a) (Utfor) þad er, hvor Afdrif hann mundi fæa.

32. Enn Petur og peir ed voru med honum voru fuller af Svefne. Og er peir voknudu, sau peir hans Dyrd, og þa tvo Menn hia honum standa.

33. Þad vard og þa peir skildu vid hann, ad Petur sagde til JEſu: Meiſtare, gott er hier ad vera, og giorum hier upp þriar Tiall dbvøder, þier eina, Moysi eina, og Elie eina, og hann visse ei hvad hann sagde.

34. Enn þa hann talade þetta, kom eitt Sky og skygde yfer þa. Og peir ottuduſt er Skyed leid yfer þa.

35. Og Rodd kom ur Skyenu er sagde: þesse er Sonur minn elskulegur, honum skulud þier heyra.

36. Og j þvi ad soddann Rodd vard, fundu peir JEſum einsamann. Og peir þogdu og sogdu engvum neitt fra þvi, a þeim Dogum, hvad peir hofdu sied.

V. 37. Og þad skiede annars Dags, er peir foru ofann af Fiallenu, ad margt Folk rann j moti honum.

38. Og sia, einn Madur a medal Folksins, kallade upp og sagde: Meiſtare! eg bid þig, sia

til Sonar mijns, þviad hann er minn einka Son.

39. Sia, ad Andinn grijpur hann, þa emiar hann jafnsnart, og hann hrijfur hann so hann frodufeller, og varla skilst hann vid hann, þa hann hefur hrifed hann.

40. Og eg bad þijna Læresveina ad þeir ræke hann ut, og þeir gatu ei.

41. Þa svarade JEsus og sagde: o! þu hin vantruada og frahversa Kinslod, hversu leinge þa skal eg hia ydur vera og lijda ydur? fær þu hingad Son þinn.

42. Og þa hann kom til hans, hreif Diofullenn hann og sleit miog, enn JEsus straffade hinn ohreina Anda, og læknade Pilltinn, og fieck hann aptur Fodur sijnum, enn þeim ognade ollum Guds Dyrd.

VI. 43. Enn er aller þeir undrudust þad allt hvad hann giorde,

44. Sagde hann til sinna Læresveina: taked þessa Rædu j ydar Eyru, þviad Mannsins Son mun seliast j Manna Hendur.

45. Enn þad Ord understodu þeir eige, og þad var hulid fyrer þeim, so ad þeir skildu þad eige, og þeir ottudust ad spyria hann ad þvi sama Orde.

46. Enn sa Þanke kom þeirra a mille, hver þeirra munde Mestur vera.

47. Og þa er JEsus sa þeirra Hiartans Panka, tok hann eitt Barn og sette þad hia sier.

48. Og

48. Og hann sagde til þeirra: hvor hellst er medtekur þetta Barn j mijnu Nafne, sa medtekur mig, og hvor hann medtekur mig, sa medtekur hann er mig sende. Enn sa ydar sem minnstur er allra, hann mun mikell verda.

49. Johannes svarade þa og sagde: Meistare, vær saum eirn er rak Diofla ut j þijnu Nafne, og vær vornudum honum þess, þviad hann filger þier ecke med oss.

50. JEsus sagde til hans: fyrermuned honum þad eige, þviad hvor hann er ei mote oss, sa er med oss.

51. Enn þad skiede þa Tijmenn fullkomnadest, er hann skyllde takast burt hiedann, snere hann sinne Asiaan til ad ganga strax til Jerusalem, og hann liet Sendeboda fara fyrer sinne Augsyn.

52. Þeir foru og komu inn j Samverskt Kauptun, ad utvega honum Herberge.

53. Enn þeir toku eige vid honum, af þvi hann hafde snued sinne Asian, ad reisa upp til Jerusalem.

54. Enn er hans Læresveinar Jacobus og Johannes sau þad, sogdu þeir: Herra villtu, þa vilium vier seigia, ad Elldur falle af Himne, og fortære þeim, lijka sem ad *Elias giorde?

*2B.Kon.1, 10.

55. Enn JEsus snere sier vid, hastade a þa og sagde: vited þier eige hvors Anda Syner þier erud?

56. Mannsins Sonur er ei komenn til þess ad fyrerfara Sœlum Manna, helldur þær ad frelsa.

57. Og þeir geingu j annad Kauptun, og þad skiede er þeir voru a Veigenum, ad eirn sagde til hans: eg vil filgia þier epter, hvert hellst þu fer.

58. JEsus sagde til hans: Refar hafa Holur, og Fuglar Himens Hreidur, enn Mannsins Son hefur eige hvar hann meige sijnu Hofdi ad halla.

59. Hann sagde þa til eins annars: filg þu mier epter, enn sa sagde: HErra, lofa mier first ad ganga og grafa Fodur minn.

60. JEsus sagde til hans: lœt þa Daudu grafa sijna Daudu, enn þu gack og boda Guds Rijke.

61. Og annar sagde: HErra, eg vil þier epterfilgia, enn lofa mier first ad seigia þeim mijna Burtfor, sem eru j mijnu Hvsi.

62. JEsus sagde til hans: hvor sem leggur sijna Hond a Plogienn, og lijtur a bak sier aptur, er ei hœfelegur til Guds Rijkes.

X. Capitule.

(I) JEsus sender 70 Læresveina ut: (II) Kallar sina Læresveina sœla: (III) Hrosar Gudrœknenne.

I. Þar epter utvalde Drottenn og adra siotijgu, og sende þa ut tvo og tvo fyrer sier, j allar þœr Borger og Alfur er hann villde koma.

2. Og

2. Og sagde til þeirra: ad sonnu er Kornskieran mikel, enn Verkamennerner faaer, þvi bidied Herrann Kornskierunnar, ad hann sende Verkmenn j sijna Kornskieru.

3. Fared vot, siaed: eg sende ydur so sem Lomb a medal Varga.

4. Bered eige Pung, nie Toſku, og eige Sko, heilsed og engvum a Veige.

5. Hvar þier komed j eitt Hvs, þa seiged first: Fridur sie j þessu Hvsi.

6. Og ef þar er Barn Fridarens, þa skal ydar Fridur hvijlast yfer honum, enn ef ei er, þa mun ydar Fridur snu ast til ydar aptur.

7. Blijfed j þvi sama Hvsi, etid og dreckid hvad þeir hafa, þviad verdur er Verkmadurenn sinna Launa. Eige skulud þier raafa Hus af Hvse.

8. Og j hvoria Borg sem þier jnnganged, og þeir medtaka ydur, þa eted þad sem fyrer ydur verdur framm sett.

9. Og lækned Siuka þa sem þar eru, og seiged þeim: Guds Rijke er nalægt komed ydur.

10. Enn ef þier ganged j nockra Borg þar þeir medtaka ydur ei, gangid ute a hennar Stræte, og seiged:

11. Eirnenn þad Dupt sem loddi a oss ur ydvari Borg, hristum vær af oa ydur, þo skulud þier vita, ad Guds Rijki var nalægt ydur.

12. Eg seige ydur þad Sodoma mun bærilegra vera a þeim Deige, enn þeirre Borg.

13. Vei þier Corazin, vei þier Bethsaida, þviad ef skied hefde j Tyro og Sidon soddann Furdu Verk, sem hia ydur hafa skied, hefde þeir fordum seted j Seck og Osku, og giort so Idran.

14. Þo mun Tyro og Sidone bærelegra vera a Domenium, enn ydur.

15. Og þu Capernaum, sem upphafenn ert til Himens, munt nidurþrickiast allt til Helvijtis.

16. Hvor ydur heyrer, hann heyrer mier, og hvor ydur forsmaar, hann forsmaar mig, enn hvor mig forsmaer, hann forsmaar þann sem mig sende.

17. Enn þeir Siotijger komu aptur med Fagnade, og sogdu: HErra, þar eru eirnenn Dioflar ofs undergiefner j þijnu Nafne.

18. Hann sagde til þeirra: eg sa Satan so sem Elding hrapa af Himne, staed:

19. Eg hefe giefed ydur Vallð til ad stijga uppa Hoggorma og Scorpiona, og yfer allann Krapt Ovinarens, og ydur mun eckert granda meiga.

20. Enn þo skulud þier eige glediast af þessu, þad Andarner eru ydur undergiefner, helldur gledied ydur af þvi, þad ydar Nofn eru skrifud a Himnum.

21. Og samstundis gladdest JEsus j Anda, og sagde: eg prijsa þig Fader og Drottinn Himens

Himens og Jardar, ad þu hulder þetta fyrer Spekingum og Vitringum, og openberader þetta Smælingium, ad sonnu Fader, þviad so þocknadest þad fyrer þier.

22. Aller Hluter eru mier j Hendur giefner af minum Fodur, og eingenn veit hvor ed Sonurenn er nema Faderen, eda hvor ed Faderen sie nema Sonurenn, og hvorium ed Sonurenn vill þad openbera.

Gudspialled XIII. Sunnud epter Trinit.

II. 23. Og hann snerest til sinna Læresveina, og sagde sierdeilislega. Sæl eru þaug Augu, sem sia hvad þier siaed.

24. Þviad eg seige ydur: þad marger Spamenn og Kongar villdu hafa sied hvad þier siaed, og sau þad eige, og heyra hvad þier heyrid, og heyrdu þad eige.

25. Og sia, ad nockur Logvitringur stod upp, freistade hans og sagde: Meistare, hvad skal eg giora so ad eg erfe eylifst Lif?

26. Hann sagde til hans: hvornenn stendur skrifad j Logmaalenu? hvornenn les þu?

27. Hann svarade og sagde: * elska skalltu Drottenn Gud þinn af ollu Hiarta, og af alldre Ond, og af ollum Mætte, og af ollu Hugskote, og Naunga þinn sem sialfann þig.

*5 B. Mos. 6, 5.

28. Hann sagde þa til hans: riett svarader þu, gior þad og muntu lifa.

29. Enn hann villde riettlæta sialfann sig, og sagde til Jesu: hvor er þa minn Naunge?

30. Enn JEsus svarade og sagde: Madur nockur for fra Jerusalem ofann til Jericho, og hrasade bland Ræningia, hvorier ed flettu hann Klædum, og sloou hann, geingu burt, og lietu hann þar epter halfdaudann liggia.

31. Enn so bar til vvart, ad eirn Prestur for ofann sama Veg, og er haun leit hann, gieck hann framm hia honum.

32. Lijka og Levitenn, þa hann kom nær þeim Stad, og er hann sa hann, gieck hann og framm hia.

33. Enn einn Samverskur Madur ferdadest og kom þangad, og er hann leit hann, sa hann aumur a honum.

34. Gieck ad honum, og batt um Saar hans, hellande j þau Vidsmiore og Vijne, og lagde hann a sinn Eyk, og flutte til Herbergis, gaf og giætur ad honum.

35. Enn annars Dags ferdadest hann burt, og tok upp tvo Peninga, og fieck Hvsbuandanum, og sagde: haf gaat a honum, og hvad hellst þu leggur meira ut, þa skal eg borga þier nær eg kiem aptur.

36. Hver þeirra þriggia synest þier vera þess (a) Naunge, sem hrasadur var j bland Ræningiana? enn hann sagde: sa er Miskunsemdena gierde a honum.

(a) (Naunge) Naunge er ecke ad eins sa sem Velgiorninn-

ningenn giorer, helldur og so sa sem þørf hefur fyrer Velgiørningenn, þvi vier erum aller hvør annars Naunge.

37. Þa sagde JEsus til hans: far þu þa og gior slijkt hid sama.]

III. 38. Enn þad skiede þa þeir ferduduſt, ad hann gieck jnnj eitt Kauptun. Þar var ein Kvinna er Martha hiet, hun medtok hann j sitt Hvs.

39. Og hun atte þa Systur er Maria hiet, hvør ed sette sig fyrer Fætur JEsu, og heyrde hans Ord.

40. Enn Martha brautst miog fyrer ad þiona honum. Hun gieck ad og sagdi: Herra, hirder þu ei um þad ad Syster mijn lætur mig einsaman þiona? seig henne ad hun take Hende til med.

41. Enn JEsus svarade og sagde til hennar: Martha, Martha, þu ert so ad-hyggiusull og mædest j morgu.

42. Eitt er naudsynlegt, Maria hefur kiosrid sier þad goda Hlutskipte, hvad eige skal fra henne takast.

XI. Capitule.

JEsus (I) kenner oss ad bidia: (II) Rekur ut Maalleyses Diofsul: (III) Vill ecke gefa Gydinga Kinslod Teikn: (IV) Hropar Vey yfer audlegum Hræsnurum.

I. Og þad skiede, ad hann var j nockrum Stad, ad bidiast fyrer, og er hann

gaf upp, þa sagde eirn af hans Læresveinum til hans: HErra, kienn þu oss ad bidia, lijka sem Johannes kiende sijnum Læresveinum.

2. Og hann sagde til þeirra: nær þier bidied, seiged: Fader vor, a Himnum, helgest þitt Nafn, tilkome þitt Rijke. Verde þinn Vilie so a Jordu sem a Himne.

3. Gief oss hvorn Dag vort daglegt Braud.

4. Og fyrergief oss vorar Synder, þvi vær fyrergiefum og so ollum þeim sem oss eru skylduger. Og leid oss ecke j Freistne, helldur frelsa oss fra þvi illa.

5. Og hann sagde til þeirra: hvor er ydar sem hefur eirn Vin, og fer til hans um Midnætte, og seiger honum: goode Vinur, loana mier þriu Braud.

6. Þviad Vinur minn er komenn af leid til mijn, og eg hefe ei þad eg meige framm fyrer hann setia.

7. Og hinn sem fyrer jnnann er, svarar og seiger: gior mier ei Onœad, þvi Dyr eru nu lucktar, og Born mijn eru j Svefnhvosi hia mier, og eige giet eg uppstaded, ad fa þier þaug.

8. Eg seige ydur: ef hann stendur eige upp og fær honum þaug, fyrer þad ad hann er hans Vinur, þa mun hann þo fyrer Saker hans leidenlegrar brekunar uppstanda, og fa honum so miked sem hann þarf.

9. Og

9. Og eg seige ydur eirnenn: bidied, og mun ydur giefast, og leited ad, og munud þier finna, knyed a, og mun fyrer ydur upploked verda.

10. Þviad hver ed bidur, hann mun odlast, hver ed leitar, hann finnur, og hver ed knyr, fyrer honum lykst upp.

11. Enn hvar bidur ydar a medal eirn Sonur Fodurenn um Braud, ad hann biode honum Stein þar fyrer? eda bidie hann um Fisk, ad hann biode honum einn Hoggorm fyrer Fisk?

12. Eda ef hann bidur um Egg, ad hann bioode honum Scorpion þar fyrer?

13. Nu med þvi, ad þier sem vonder erud, kunnid godar Giafer ad giefa Bornum ydar, miklu meir þa mun Fadereun a Himnum giefa þeim Heilagann Anda er hann bidia.

Gudspialled III. Sunnudag i Fostu.

II. 14. Og hann rak ut Diofsul þann er moallaus var, og þad skiede, er Diofullenn var ut farenn, ad hinn Moallause talade, og Folked undradest þad.

15. Enn nockrer af þeim sogdu: fyrer Belzebub Diofsla Hofdingia, þa rekur hann Diofsla ut.

16. Adrer freistudu hans, og gyrntust af honum Teikne af Himne.

17. Enn hann formerkte þa þeirra Hugrenningar,

ningar, og sagde til þeirra: hvort Ríke sem í sialfu sier er sundur þyckt, það mun eydast, og hvort Hús mun yfer annað hrapa.

18. Og ef Andskotenn er í sialfum sier sundurþyckur, hvornenn má hans Ríke þá standast? first þier seigied mig fyrer Belzebub utreka Diofla.

19. Og ef eg á fyrer Belzebub Diofla ut að reka, fyrer hvorn utreka þá ydar Born þá? fyrer því skulu þeir verða og ydar Domendur.

20. Enn ef eg rek ut Diofla fyrer Guds Fingur, að sonnu kiemur þá Guds Ríke til ydar.

21. Nær ed sterkur Hervopnadur vardveiter sína Holl, þá er allt með mak hvað hann á.

22. Enn þá er annar honum yfersterkare kiemur, og yfervinnur hann, þá tekur hann hans Harneskiu, a hvoria hann treyste, og sundurskipter Herfangenu.

23. Hver hann er ei með mier sa er í móte mier, og hver hann dregur eige samann með mier, sa sundurdreifer.

24. Nær óhreinn Ande fer af Mannenum ut, reáfar hann um þurra Stade, leitar að Hvijld og finnur ecke, þá seiger hann: eg vil hverfa aptur í Hús mitt, hvaðan eg for ut.

25. Og er hann kiemur, finnur hann það með Vende sopað og prydt.

26. Þá fer hann og tekur með sier sio aðra

Anda

Anda sier verre, og er þeir eru þar jnnkomner, byggia þeir þar, og verdur so sijdann þess Manns hid sijdara verra hinu fyrra.

27. Enn þad skiede er hann so talade, hof nockur Kona a medal Folksins upp sijna Rodd og sagde til hans: Sæll er sa Kvidur er þig bar, og þaug Briost er þu mylkter!

28. Enn hann sagde: ja, Sæler eru þeir, sem heyra Gllds Ord og vardveita þad.]

III. 29. Enn er Folkid þreyngdest þar framm ad, tok hann ad seigia: Þetta er ein vond Kinslod, hun gyrnest Teikn, og henne skal eckert Teikn giefast, nema Teikn * Jonæ Spaamanns. *Jon. 2, 1.

30. Þviad lijka sem Jonas var Teikn Nineve Borgar monnum, so mun Mannsins Son verda Kinslod þessare.

31. Drottningenn af Sudre mun ganga upp fyrer Domenn, med Monnum þessarar Kinslodar, og fordæma þa; Þviad * hun kom af ytstum Endemorkum Veralldar, ad heyra Speke Salomonis. Og siaed! Hier er meir enn Salomon. *1B. Kon. 10, 1.

2 Chron. 9, 1.

32. Menn Nineve Borgar munu uppganga fyrer Domenn med þessare Kinslod, og munu hana fordæma; Þviad * þeir giordu Idran epter Predikan Jonæ, og slaid! Hier er meir enn Jonas. *Jon. 3, 5.

33. Ein-

33. Eingenn tendrar Liosid, og setur pad j Leyne, eda under Mæle-ask, helldur a Liosastiakann, so ad hvor sem jnngeingur siae Liosid.

34. Augad er Lios Lijkamans, pvi ef pitt Auga er einfalldt, so er pinn Lijkame allur skiær, enn ef Auga-pitt er strakur, pa er eirnenn pinn Lijkame mirkur.

35. Pvi sia so til, ad Lios pad sem i pier er, sie ei Mirkur.

36. Pegar Lijkame pinn er allur skiær, so hann hefur ei nockurn Part af Mirkrenu, so blijfur hann allur skiær, og mun upplysa pig so sem ein skiær Leiptran.

IV. 37. Og er hann var slijkt ad mæla, pa bad hann nockur Phariseus, ad hann æte Middagsverd hia sier; Hann gieck jnn og sette sig til Bordsins.

38. Enn er Phariseurenn sa pad, undradest hann, ad hañ pvode sier eige fyrer Mealtijdena.

39. Enn DRottenn sagde til hans: Pier Pharisei halldid hid ytra hreinum Bikurum og Fotum, enn ydvart hid jnnra er fullt med Rean og Jllsku.

40. Pier Heimsker! Sa ed giorde pad sem er hid ytra, giorde hann ecke pad hid jnnra?

41. Giefid po Almosu af pvi sem par er, og sia, pa er ydur pad allt hreint.

42. Vei ydur Phariseis sem tijunded Myntu, og Ruthu, og allt Kaalgresi, og snei-

ded

ded hia Dome og Guds Kiærleika; Petta byriar ad giora, enn hitt eige epter ad skilia.

43. Vei ydur Phariseis, sem giarnan sitied efst j Samkunduhusum, og vilied saa Kvediur a Torgum.

44. Vei sie ydur Skriftlærdum, og Phariseis, hier Hræsnarar, þvi þier erud sem huldar Grafer frammlidenna, yfer hvorium ad Menn ganga, og þeckia þær eige.

45. Þa svarade nockur Skriftlærdur, og sagde til hans: Meistare, med þessu Orde smaanar þu og so oss.

46. Enn hann sagde: og ydur Skriftlærdum sie eirnenn Vei, þvi þier þiaged Menn med Byrdum, er þeir gieta ei bored, og þier snerted þær eige med einum Fingre.

47. Vei ydur, þviad þier uppbygged Spaamanna Grafernar, enn Fedur ydar lifdu þa.

48. Ad sonnu þa vitned þier þad, og samsinned so Verkum ydvara Fedra, þviad þeir afliifudu þa, enn þier uppbygged Leide þeirra.

49. Fyrer þvi seiger Spekenn Guds: eg vil senda til þeirra Spaamenn og Postula, og suma af þeim munu þeir deyda og ofsækia.

50. So ad krefiest af þessare Kinslod Blod allra Spaamanna, þvi uthellt hefur verid fra Grundvallan Veralldar.

51. Allt

51. Allt fra Blode Abels, og til Blods Zacharie, sem deyddur var j mille Altaris og Musteresins, ja, eg seige ydur, ad pad mun kresiast af pessare Kinslod.

52. Vei sie ydur Skriftlærdum, pvi pier bered Lykel Vitskunnar, enn komed po eige sialfer par jnn, og hamled peim er par vilia jnnganga.

53. Enn pa hann hafde pvilijkt til peirra talad, toku Skriftlærder til og Phariséi punglega ad preyngia ad honum, og vielsamlega hann ad morgu adspyria.

54. Veitande honum umsatur, og leitudu vid ad jaga pad nockud af hans Munne, er peir mættu hann um kilia.

XII. Capitule.

JEsus talar (I) um Truna, og (II) Vantruna.

1. Pa puste Folked ad, og par komu margar Pusunder til samans, so ad hver trad under annann, pa hof hann upp og sagde til sinna Læresveina, vakted ydur fyrer Swordeige Phariseorum, hvad ad er Hræsne.

2. Pviad eckert er so hulid, sem eige skule verda augliost, nie nockud so leyndt, ad menn skule eige fa ad vita.

3. Fyrer pvi, hvad pier seiged j Mirkrum, pad mun j Liosi heyrast, og hvad pier j Svefnhusum hvijsled j Eyra, mun a Ræfrum uppe predikad.

4. Enn

4. Enn eg seige ydur Vinum mijnum: hræ-
dest eige þa sem Lijkamann aflijfa, og epter það
fa þeir ei meira adgiort.

5. Enn eg vil syna ydur hvorn þier skulud
hrædast; hrædest hann, sem epter það er hann
hefur lijflaated, þa hefur hann Makt til ad
kasta j Helvijte, jea, seige eg ydur: þa hrædest
Hann.

6. Seliast eige fimm Skogar-prester fyrer
tvo Peninga, og samt er eirn af þeim ecke
gleymdur fyrer Gude.

7. So eru og oll Hofudhaar ydar talenn,
fyrer þvi skulud þier eige ottast, þviad þier erud
dyrre enn marger Skogar-prester.

8. Enn eg seige ydur: hvor hellst hann vi-
durkienner mig fyrer Monnunum, þann mun
Mannsins Son vidurkienna fyrer Einglum
Guds.

9. Enn hvor hann afneitar mier fyrer
Monnunum, honum mun afneitad verda fy-
rer Guds Einglum.

10. Og hvor ed talar Ord j giegn Manns-
ins Syne, þa mun honum það fyrergiefast,
enn hvor hann hæder ad Heilogum Anda, ho-
num skal það eige fyrergiefast.

11. Enn nær þeir leida ydur jnn j Sam-
kunduhus, og fyrer Valldid og þa Megtugu,
þa vered eige hugsiuker um, hvornenn eda hvs-
riu þier skulud svara, eda hvad þier skulud
seigia.

12. Þviad

12. Þviad Heilagur Ande mun fræda ydur a sømu Stundu, hvad ydur byriar ad seigia.

II. 13. Þa sagde eirn af Folkenu til hans: Meistare, seig Brodur mijnum ad hann skipte vid mig Arfenum.

14. Enn hann sagde honum: þu Madur, hvor sette mig fyrer Domara, eda Arfskiptis mann yfer ydur?

15. Og hann sagde til þeirra: siaed til, og vared ydur vid Agyrne, þviad eingenn lifer þar af, þad hann hafe mikel Audæfe.

16. Og hann talade þa eina Epterlijking til þeirra, og sagde: Audugur Madur nockur var sa, hvors Akur ed fært hafde Avøxt.

17. Hann huxade med sier og sagde: hvad skal eg til giora? eg hefe eige þad, hvar eg meige mijnum Avøxte j safna.

18. Og sagde: þad vil eg giora, eg vil nidurrijfa mijna Hlødu, og giora upp adra meire, og safna þangad øllu þvi er mier hefur groed, og mijnum Audæfum.

19. Og þa mun eg seigia til Saalu minnar: Saala mijn, þu hefur mikenn Forda j morg Aar, hvijl þig nu, et og dreck, og vert glød.

20. Enn GUD sagde til hans: þu Daare, a þessare Nott munu þeir þijna Saal af þier krefia, hvørs verdur þad þa er þu hefur tilreidt?

21. So geingur til fyrer þeim er sier draga Siod samann, og eru ei j Gude rijker.

22 Þa

22. Þa sagde hann til sinna Læresveina: fyrer þvi seige eg ydur, stvored eige fyrer ydar Lijfe, hvad þier skulud eta, og eige fyrer Lykama ydar, hvorju hann skule klædast.

23. Lijfid er meira enn Fædann, og Lijkamenn meire enn Fotenn.

24. Hygged ad Hrafnunum, þeir sa hvorke, nie uppskiera, eige hafa þeir Hlodu nie Kiallara, og samt fæder GUd þa. Miklum mun betre erud þier þo Fuglunum.

25. Enn hvor ydar fær med sinne Hugsyke aukid Stærd sijna um eina alnar-leingd?

26. Nu ef þier orkid eige hins minsta, hvar fyrer stvored þier þa fyrer hinu odru?

27. Hugleided Liliurnar a Morkenne, hvornenn þær vaxa, þær vinna eige nie spinna, enn eg seige ydur, þad Salomon j allre sinne Dyrd var ei so skryddur, sem ein af þeim.

28. Nu first GUd skryder so þad Gras sem j Dag er a Akre, og a Morgun verdur j Ofnenn lagted, miklu meir mun hann þa klæda ydur, o þier Lijteltruader?

29. Þar fyrer og so þier, hyrded þar ecke um hvad þier eted eda drecked, og hefied ydur ei hatt.

30. Þviad epter þessu ollu sækia Heidingiar j Veroldunne, enn Fader ydar veit vel ad þier þurfid þessa vid.

31. Þvi leited fyrst ad GUds Rijke, og mun ydur þa þetta allt tilfalla.

32. Hrædst

32. Hræðst eige þu litla Hiord, þviad þad þoknast Fodur ydar ad giefa ydur Rijked.

33. (a) Selied hvad þier hafed, og giefed Ölmosu, giored ydur og þa Secke, er eige elldast, og þann Siod er eigi minkar a Himnum, ad hvorium Þiofar fa ei komest, nie Melur eted.

(a) (Selied) Ýfergiefed, afseiged, hated, eiged ecke, safned ecke Fiesiodum, hafed þad ecke, og ete. Er allt sagt j þeirre Meiningu, ad Menn skulu ecke elska, eda leita þess framar enn Gluds og hans Ords, helldur so sem Paulus seiger, eins og vier hofdum þad ecke. 1 Cor. 7.

34. Þvi hvar ydar Fiesiodur er, þar mun og ydvart Hiarta vera.

35. Lated ydar Lendar umgyrdtar vera, og ydvart Lios loga.

36. Og vered lijker þeim Monnum er bijda epter sijnum Laanardrottne, hvonær hann mune aptur koma af Brullaupum, so ad þa hann kiemur og ber, sie strax fyrer honum upploked.

37. Sæler eru þeir Þionar, hvoria ed Herrann finnur vakande, þa hann kiemur. Sannlega seige eg ydur, þad hann mune uppstytta sig, og setia þa til Bords og ganga fyrer þeim og þiona þeim.

38. Og ef hann kiemur a annare Vakt, eda a hinne þridiu Vakt, og finnur þad lijka so, sæler eru þeir Þionar.

39. Enn þad skulud þier vita, ad ef Hvos-

bon-

bondenn visse a hvorre stundu ad Þiofurenn kiæme, þa vekte hann og liete eige grafast j sitt Hvs.

40. Fyrer þvi vered þier og reidubuner, þviad Mannsins Sonur mun a þeirre stundu koma, er þier ætled eige.

41. Þa sagde Petur til hans: Herra, Seiger þu þessa Epterlijking til vor, eda til allra?

42. Enn Drottenn sagde: Hvad mikels er verdt um truann og forsialann Hvsstiornarmann, hvorn ed hans Herra setur yfer sitt Heimkynne, ad hann giefe þeim i riettann Tijma þad sem þeim ber?

43. Sæll er sa Þion, sem hans Herra finnur so giorande, þa ed hann kiemur.

44. Sannlega seige eg ydur, þad hann mun setia hann yfer allt sitt Gots.

45. Enn ef sa same Þion seiger j Hiarta sijnu: Herra minn giorer Dvol a ad koma, og tekur ad beria Vinnumenn og Ambaatter, og ad eta og drecka, og sig druckenn ad giora.

46. Þa mun Herran þess Þions koma a þeim Deige er hann þeinker eige, og a þeirre Stundu er hann veit eige, og hann mun hoggva hann j sundur, og leggia honum sijn Laun med Otruum.

47. Enn hvor sa Þion er veit sijns Herra Vilia, og bio sig eige til, giorde og eige epter hans Vilia, hann mun lijda morg Hogg.

48. Enn sa hann veit eige, og giorer þad Hegningar er verdt, hann mun minne Hirting fœa, Þviad þeim sem mikid er veitt, af honum æskist mikid, og hvorium mikid verdur j Hendur sellt, af honum heimtist mikid.

49. Eg er komenn ad kveikia upp (b) Eld a Jordu, hvad villde eg helldur enn hann brynne nu þegar?

(b) (Eld) Hann talar epter þvi Mœltæke, Eg vil kveikia Eld, þad er, Eg vil koma af stad Ofride fyrer Evangelium, og etc., og eg vilde þad være allareidu skied, Enn eg hlyt þo œdur ad kosta minnu Lijfe þar til, og mig langar þar epter.

50. Enn eg hlyt œdur med Skijrn ad skijrast, og hvorsu eg þreingiunst þangad til hun fullkomnast.

51. Meined þier ad eg kiœme ad senda Frid a Jordu? Eg seige, Nei, helldur Sundurþyckiu.

52. Þviad hiedan j fra munu fimm verda j einu Hvosi sundurþycker, þrijr j mote tveimur, og tveir j mote þremur.

53. Faderenn mun verda j mote Synenum, og Sonurenn j mote Fodurnum, og Moodurenn j moote Dotturenne, og Dotturenn j moote Modurenne, og Moder Mannsins j moote Sonarkonunne, og Sonarkonann j moote Modur Mannsins.

54. Enn hann sagde til Folksins: Hvonær þier (c) siaed Sky upganga j Vestre, þa seiged þier jafnskiott ad Regn kome, og þad skier so.

(c) Þier

(c) Þier kunned ad sia hvornenn til geingur um Skiepnurnar, þvi sianed þier ecke lijka hvad sialfa ydur vantar?

55. Og nær þier sianed Sunnannvind blasa, þa seiged þier Hita verda, og þad skier.

56. Þier Hræsnarar, Asynd Himens og Jardar kunned þier ad prosa.

57. Enn þvi prosed þier ei þennann Tijma? eda fyrer þvi dæmed þier ei a sialfum ydur, hvad riettvijst er?

58. Enn nær þu geingur med þijnum Sokudolg fyrer Hofdingiann, þa kosta kapps a Veigenum ad þu losir þig fra honum, ad eige dræge hann þig fyrer Domaranm, og Domarenn selie þig Nessaranum, og Nessarenn kaste þier so j Dyblitsu.

59. Eg seige þier, þad eige muntu komast ut þadann, þar til þu borgar, eitnenn hinn sijdarsta Skarf.

XIII. Capitule.

JEsus (I) bijdur ad giora Apturhvarf: (II) Læknar kina Konu: (III) Talar um þad þraungva Hlided: (IV) Spæer um Jerusalems Forepdslu.

1. Enn j þann sama Tijma voru þar nockrer vid er kunngiordu honum fra þeim j Galilea, hvorra Blode Pilatus hafde blandad vid þeirra Forner.

2. JESUS svarade og sagde til þeirra:

meined þier ad þesser Galilei være fyrer ollum Galileis Synduger þott þeir þyldu þetta?

3. Eg seige nei, helldur ef þier giored eige Idran, þa (a) fyrerfarest þier lijka aller eins.

(a) (Fyrerfarest) Gydingar meintu, ad þegar nockrum gieck vel j þessu stundlega Lijfe, þa være sa hinn same Gude þacknæmelegur, og þar þvert a moote, þegar nockrum geinge illa, þa være sa eirn Syndare.

4. Eda meined þier, ad þeir atian, a hveria Turnenn j Silo hrapade og drap, hafe Sakader vered framar ollum Monnum er byggia til Jerusalem?

5. Eg seige ydur nei, helldur ef þier giored eige Idran, munud þier eirnenn aller so fyrerfarast.

6. Og hann sagde þeim þessa Epterlijking: þar hafde eirn eitt Fijkiutrie plantad j sijnum Vijngarde, hann kom og leitade Avaxtar a því og fann eige.

7. Þa sagde hann til Vijngardsmannsins: sia, nu j þriu Ar hef eg arlega komid og leitad Avaxtar af þessu Fijkiutrie, og funded eige, hogg þad því af, hvar til hindrar þad Gardlended?

8. Enn hann svarade og sagde til hans: Herra, lofa því ad standa þetta Ared, þar til eg gref um þad, og læt ad myke.

9. Ef þad villde so Avoxt færa, enn ef eige, þa hogg þad eptera af.

II. 10. Og hann kiende j einu af Samkundu Hvsunum a Sabbathsdeige.

11. Og siaed, ad par var ein Kona er hafde Kraankleiks Anda j attian Aar, og hun var biug, og Alldungis ecke gat hun upplited.

12. Enn er JEsus leit hana, kallade hann hana til sijn og sagde til hennar: Pu Kona vert laus af Krankdæme pijnu.

13. Og lagde Hendur yfer hana. Og jafnskiott reiste hun sig upp og dyrkade GUd.

14. Da svarade Yfermadurenn Samkunduhussins, og pycktest vid, pad JEsus læknade a Sabbathsdeige, og sagde til Lydsins: sex Dagar eru peir a hvorium hæfer ad vinna, komed pier a peim ad lata lækna ydur, enn eige a Sabbathsdeige.

15. DRottenn svarade honum og sagde: Pu Hræsnare, leyser eige hvor ydar eirn a Sabbathsdeige Naut sitt og Asna fra Stallenum, og leider til Vatns?

16. Enn skyllde pesse eige leysast a Sabbathsdeige, sem po er Abrahams Dotter, af pvi Bande er Andskotenn hefur hana fiatrad j attian Aar?

17. Og er hann sagde petta, skommudust sijn aller haus Motmælendur, og allt Folked gladdest yfer peim ollum Dyrdaverkum er af honum giordust.

18. Og hann sagde: hvorium er Guds Rijke lijkt, og hvorju skal eg pvi samiafna?

19. Lijkt er þad Mustards Korne, hvort Madur tok og varpade j Grasgard sinn, þad spratt upp og vard miked Trie, og Fuglar Himens biuggu under þess Kvistum.

20. Og enn sagde hann: Hvoriu skal eg samlijkia Guds Rijke?

21. Lijkt er þad Svordeige þvi er Kona tok og falde þad medal þriggia Mælera Mels, þar til ad þad syrdest allt.

22. Og hann gieck j giegnum Borger og Kauptun, og kiende og gisrde sijna Reisu til Jerusalem.

III. 23. Enn þar sagde nockur til hans: Herra, meinar þu eige ad þeir sieu faaer sem hialpast? enn hann sagde til þeirra:

24. Keppest epter jnn ad ganga um hid þraungva Hlid, þviad marger (þad segge eg ydur) munu (b) sækia til þar jnn ad ganga, og fa ei gietad.

(b) (Sækia) Þad eru þeir sem ann Truarennar kappkosta med Verkunum ad komast j Himenenn.

25. Fra þvi er Husbondenn er uppstadenn, og hefur Dyrnar apturlucktar, þa munu þier taka til þar fyrer utann ad standa, og a Dyrnar ad knya, so seigiande: Herra, Herra, luktu upp fyrer oss: Hann mun svara og seigia til ydar: Eige þecke eg ydur, hvadann þier erud.

26. Þa

26. Þa munud þier hefia upp ad seigia: Vær hofum etid hia þier, og druckid, og a Strætum vorum kiender þu.

27. Enn hann mun seigia: eg seige ydur, þad ei þecke eg ydur, hvadann þier erud, fared fra mier aller, þier illgiordamenn.

28. Þar mun vera Op og Tannagnystran. Nær þier siaed Abraham, Isaac og Jacob og alla Spæmenn j Guds Rijke, ad þier erud utrekner.

29. Og þeir ur Austre og Vestre, Nordre og Sudre, munu koma, og til Bords sitia j Guds Rijke.

30. Og siaed, Þar eru þeir sijdarster sem verda munu fyrster, og þeir ed eru fyrster, munu verda sijdarster.

IV. 31. A þeim sama Deige geingu nockrer af Phariseis jnn, og sogdu honum: Vijk þu burt og gack hiedann, þviad Herodes vill aflijfa þig.

32. Hann sagde til þeirra: Fared þier og seiged þeim Ref: Siaed, ad eg rek ut Diofla, og lækna j Dag og a morgun, enn a þridia Deige mun eg taka Enda.

33. Þo (c) mun eg ganga j Dag og a morgun, og Dagenn þar epter, Þviad þad fær eige skied, ad nockur Spæmadur fareſt utann j Jerusalem.

(c) (Þo) Eg fly ecke vegna Herodis, helldur hlyt eg ad fara vt og frammfilgia mijnn Embætte.

34. Jerusalem, Jerusalem, þu sem aflij-

far Spaamennena, og gryter þa Steinum er til þijn verda sender, Hversu opt hef eg viliad samannsafna Bornum þijnum, lijka sem Hæna sijnum Ungum under Vænge sier, og þier hafed eige viliad?

35. Siaed, ydvart Hvs skal ydur þvi eyde lœtrd verda, þvi eg seige ydur, þad eige munud þier mig sia þar til þad kiemur er þier munud seigia: Lofadur sie sa sem kiemur j Nafne DRottins!

XIV. Capitule.

JEsus (I) Lœknar einn Vatns-Siukann: (II) aminner til Lijtelœtes: (III) Predikar og talar um Utskufun Gydinganna, og ad Heidingiar œttu adsœa Vidtoku i þeirra Stad: (IV) um Krossenn.

Gudsp. XVII. Sunnud. epter Trinit.

I. Og þad skiede ad hann kom a Sabbathsdeige jnn j Hvs nockurs þess fem var Yferbodare Phariseorum, Brauds ad neyta, og þeir hefdu Vord a honum.

2. Og sia ad Madur nockur, sa Vatnsott hafde, var þar framme fyrer honum.

3. Og JEsus ansade og sagde til Logspekinga, og Phariseanna, so seigande: Er þad nockud riett, ad lœkna a Sabbathsdegum? Enn þeir þegdu vid.

4. Hann tok þa a honum, og lœknade hann, og liet burtfara.

5. Svarade og sagde til þeirra: hvor er a medal

medal ydar, hvors Uxe edur Asne sem fellur j Brunn, ad hann ei jafnsnart drage hann upp a Sabbathsdeige?

6. Og þeir gætu honum engvu þar til svarad.

II. 7. Enn eina Epterlijking sagde hann til Bodsmannanna, þa hann formerkte hvernenn þeir vtvoldu efst ad sitia, og hann sagde til þeirra:

8. Nær þu verdur bodenn af nockrum til Brudkaups, þa set þig eige efst, kann skie ad einn Heidarlegre enn þu sie bodenn af honum.

9. Og kome sa sem þier baud og honum, og seige til þijn: gief þessum Rvm, og hlioter þu þa med Kinnroda ad halda hinn ytsta Sess.

10. Helldur nær þu verdur bodenn, þa far og set þig nedst, so ad nær sa kiemur er þier baud, seige hann til þijn: Vinur, þoka þier upp betur, og so mun þier veitast Heidur fyrer þijnum Sessunautum.

11. Þviad hvor sig sialfur upphefur, hann mun nidurlægiast, og hvor sig sialfur nidurlæckar, hann skal upphefiast.]

12. Hann sagde til hans, er honum hafde bodid: Nær þu helldur Middags verd eda Kvoldmaltijd, þa skalltu eige bioda Vinum þijnum nie Brædrum, eige Frændum þijnum nie Nagrannum þeim sem rijker eru, ad eige biode þeir þier heim til sijn aptur einhvorn Tijma, og sie þier þa endurgollded.

13. Helldur nær þu giorer Heimbod, þa biod Fatækum, Vonudum, Holltum og Blindum.

14. Þa ertu sæll, þviad þeir hafa ei til þier aptur ad luka, enn það mun þier endur-gollded verda j Upriſu Riettlætra.

15. Enn er þetta heyrde eirn af þeim er til Bordſins sat, sagde hann til hans: sæll er sa Madur sem etur Braud j Guds Rijke.

Gudſp II. Sunnud. epter Trinit.

III. 16. Enn hann sagde til hans: nockur Madur var sa er gierde mikla Kvolldmaaltijd, og baud morgum til hennar.

17. Og sende ut sinn Pion um Kvolldmaals-tijmann, ad hann segde Bodsmonnunum: komed, þviad allt er nu reidubued.

18. Enn þeir toku þa aller til, hver epter annann, ad afsaka sig. Hinn firste sagde til hans: Akur keypte eg, og mun eg fara ut ad sia hann, eg bid þig, afsaka mig.

19. Og annar sagde: fimm Por Akneyta keipte eg, og fer eg nu ut ad skoda þau, eg bid þig afsaka mig.

20. Hinn þridie sagde: Konu hefe eg mier festa, fyrer þvi kann eg eige koma.

21. Og Pionuſtumadurenn kom, og undervijsade þad sijnum Herra aptur. Þa vard Husbondenn reidur, og sagde til sijns Pions: far snarlega ut a Stræte og Gotur Borgarennar,

nar, og leid Volada, Vanada, Hallta og Blinda hingad jnn.

22. Og Pionenn sagde: Herra, þad er giort hvad þu skipader, og þo er enn nu Rvom.

23. Og Herrann sagde til Pionsins: far þu ut a Piodbrauter, og um Tungarda, og naugda þeim hier jnn ad koma so mitt Hvs verde fullt.

24. Enn eg seige ydur þad, ad eingenn þeirra Manna sem bodner voru, munu smacka mijna Kvolldmaaltijd.]

IV. 25. Enn margt Folk gieck med honum, og hann snere sier vid, og sagde til þeirra:

26. Ef nockur kiemur til mijn og hatar eige Fodur sinn og Modur, Konu og Børn, Brædur og Systur, og þar til sitt eiged Lijf, hann fær eige minn Læresveirn verid.

27. Og hvor hann eige ber sinn Kross og filger mier epter, sa gietur eige minn Læresveirn verid.

28. Þvi hvor er sa a medal ydar sem Turn vill uppbyggia, og situr eige adur og samanreiknar Kostnadenn? Hvort hann hefur ad fullkomna þad med.

29. So ad ef hann leggur Grundvollenn, og gietur ei fullkomnad, þa skulu ecke aller, þeir sem þad sia, taka ad dæma hann,

30. Og seigia: þesse Madur tok ad byggia, og gietur eige vidlokid.

31. Eda hvor Kongur geingur ut ad hallda Orustu giegn odrum Konunge, situr hann eige ædur og huxar um med sier, hvort hann gietur med tiju Pusunder mætt honum, er med tuttugu Pusunder kiemur mote honum?

32. Enn ef ei, þa sender hann Bodskap ut, þa þegar hinn er þo fiærlægur, og bidur Fridar.

33. So og lijka sier, hvor ydar sem eige (a) afsleiger ollu þvi hann á, fær eige minn Læresveirn verid.

(a) (Afsleiger) Fyrer Gudz Dome kann eingenn adstandast, utan hann mistreyste ollu sijnu Megne, og leite Rædar, , og bidie um Hialp j Christo.

34. Salltid er gott, enn ef Salltid dofnar, med hverju krydded þier þa?

35. Þviad þad er þa hvorke a Tun-Jord nie tadhalldz þarflegt, helldur verdur þvi urvarpad. Hver Eyru hefur ad heyra, hann heyre.

XV. Capitule.

Miskunseme JEsu vid Stor-Syndara er sett fyrer Sioner i þremur Epterlijkingum, teknum (I) af Saud eins Manns; (II) af Pening einnar Konu; (III) Af Syne Fodursins.

Gudspialled. III. Sunnud. epter Trinit.

I. Enn aller Tollheimtumenn og Versyndugier nælægdust hann, ad heyra honum.

2. Og Phariseí og Skriftlærder mogludu, og sogdu: þesse medtekur Synduga, og etur med þeim.

3. Enn

3. Enn hann sagde þessa Epterlijking til þeirra, og sagde:

4. Hvor er sa medal ydar, sem hefur hundrad Saude, og ef hann tijner einum af þeim, ad hann laate ei epter þa niju og nijutijge i Eydemorku, og fer epter þeim er tijndest, þangad til hann finnur hann?

5. Og nær hann hefur hann funded, leggur hann hann upp med Fagnade sier a Herdar.

6. Og er hann kiemur heim, kallar hann samann sijna Vine og Nagranna, og seiger til þeirra: gledjest med mier, þviad eg hefe minn Saud aptur fundid, sem tapadur var.

7. Eg seige ydur: ad lijka so mun Fognudur vera a Himnum yfer einum Syndugum, þeim er Idran giorer, meir enn yfer þeim niju og nijutijge Riettlaatum, er eige þurfa yferbotar vid.

II. 8. Eda hvor er su Kona sem hefur tiju Peninga, og ef hun tijner einum þeirra, kveiker hun eige Ljos, og sopar Hwsid og leitar vandlega, þar til hun finnur hann?

9. Og nær hun hefur funded hann, samankallar hun Vinkonur sijnar og Grannkonur, og seiger: samgledjest med mier, þviad eg hefe minn Pening aptur funded, hvorium eg hafde tijnt.

10. Lijka so seige eg ydur, ad Fognudur mun vera fyrer Einglum GUDS, yfer einum Syndugum sem Idran giorer.]

III. 11. Og hann sagde: nockur Madur hafde tvo Syne.

12. Og hinn yngre af peim sagde til Fodursins: gief mier, Fader, pa deilld af Gotsenu sem mier ber, og hann skipte med peim Gotsenu.

13. Og skommu par epter, pa dro hinn yngre Sonurenn allt til samans og reiste langt burt ur Landenu, og fortærdi par sijnu Gotse j eydslulegum Lifnade.

14. Og pa hann hafde nu ollu sooad pvi hann aatte, gisrdest mikel Dyrtijd j ollu pvi sama Lande. So hann tok ad skorta.

15. Hann for og hiellt til hia einum Borgara par j Landenu, hann sende hann ut a sinn Akur, ad hann giætte Svijna.

16. Og hann gyrntest ad sedia sinn Maga af Drase pvi er Svijneun aatu, og eingenn gaf hønum pad.

17. Pa peinkte hann med sier, og sagde: hvad marga Daglaunamenn hefur minn Fader? peir ed hafa nægd a Braude, enn eg ferst j Hungre.

18. Pvi skal eg uppstanda og fara til Fodurs mijns, og seigia til hans: Fader, eg syndgade j Hinenenn og fyrer pier.

19. Pvi er eg eige framarmeir verdugur ad kallast pinn Sonur, gior mig pvi sem eirn af pijnum Daglaunamonnum.

20. Hann reis upp, og kom til Fodur sijns. Og er hann var enn langt j burt padann, leit hann

hann Fader hans, og sa aumur a honum, hliop ad, og fiell um Hals honum, og kysste hann.

21. Enn Sonurenn sagde til hans: Fader, eg syndgade j Himenenn, og fyrer þier, og þvi em eg nu ei verdugur ad kallast þinn Sonur.

22. Enn Faderenn sagde til Þiona sinna: bered hingad hinn besta Klædnad, og færed hann j, og giefed Hring a hans Hond, og Skoo a hans Fætur.

23. Sæked alenn Kalf og slatred, og neytum og verum kater.

24. Þviad þesse minn Sonur var daudur, og er endurlifnadur, hann tijndest, og er nu fundenn. Og þeir toku ad glediast.

25. Enn hinn eldre Sonur hans var a Akre, og er hann kom og nalægdest Hwsid, heyrde hann Kvedskap, og Danslæte.

26. Og kallade eirn af Þionustumonnunum til sijn, og spurde hvad þetta være.

27. Sa sagde: Broder þinn er komenn, og slatrade Fader þinn oldum Kalfe, þad hann fieck hann heilann aptur.

28. Enn hann reiddest vid, og villde eige innganga, þa gieck Fader hans ut og baud honum.

29. Enn hann svarade og sagde til Fodur sijns: sia, so mørg Ar þiona eg þier: og hefe alldrei enn yfertroded þijn Bodord, og þu gafst

gafst mier enn alldrei Kid, so ad eg mætti med mijnum Vinum gladur vera...

30. Enn nu þesse þinn Sonur er komenn, hvor ed hafde svælt sijnu Gotse medur Hoorum, þa slœtrader þu honum alenn Kalf.

31. Enn hann sagde honum: Son minn, þu ert jafnann hia mier, og allt hvad mitt er, þa er þitt.

32. Þvi ætter þu nu ad vera kœatur, og fagna, þvi þesse þinn Broder var daudur og endurlifnade, hann tijndest og er aptur fundenn.

XVI. Capitule.

JEsus talar (I) um Reikningskapar-dag: (II) Um þa Radarfullu Reitlæting: (III) Um Helvijtes Kvaler.

Gudspialled IX. Sunnudag epter Trinitatis.

I. Enn hann sagde til sinna Lœresveina: Audugur Madur nockur var sa, sem sier hafde Rœdsmann, og sa vard rœgdur vid hann, ad hann hefde fargad hans Gotse.

2. Og þann kallade hann til sijn, og sagde til hans: þvi heyre eg þetta um þig? Gior Reikningsskap þinnar Rœdsmensku, þviad þu mœtt eige hiedanaf Rœdsmensku hafa.

3. Enn Rœdsmadurenn sagde med sialfum sier, hvad skal eg tilgiora, med þvi minn Herra soipter mig Embœttenu? eg giet ei grafed, enn eg skammast mijn ad bidia.

4. Eg

4. Eg veit vel hvad eg skal giora, nær eg verd Embættenu assettur, so ad peir medtake mig i sijn Hvs.

5. Og hann kallade til sijn alla Skulldamenn sijns Herra, og sagde til hins fyrsta: hversu mikid ertu skylldugur minum Herra?

6. Hann sagde: hundrad Tunnur Vidsmiors. Hann sagde pa til hans: tak pitt Brief, set pig og skrifa strax fimmtijger.

7. Epter pad sagde hann til hins annars: enn ertu mikid skylldugur? sa sagde: hundrad Mælera Hveites. Pa sagde hann til hans: tak pitt Brief og skrifa attatijge.

8. Og Herrann lofade pann Rangloata Raadsmann, pad hann hafde so forsialega giort, pviad Born pessarar Veralldar eru kiænare Bornum Liossins j sinne Kinslod.

9. Og eg seige ydur: giorid ydur Vine af hinum Rangloata (a) Mammon, so nær pier vid purfed, ad peir medtake ydur i eylijfar Tiallbvøder.]

(a) Mammon er Hebreska, og er so mikid sem Rijkedæme. (Rangloata) hann kallar Mammon Rangloatann, af pvi ranglega verdur med hann fared. Hann er og annarlegur, pvi hann stadnæmest ei ne hia ossi so sem pad andlega Gotsed; Pad er varanlegt, og eign vor ad eylijfu. Ad vera Trvr j Mammon, er ad fara med hann epter Gluds Vilia, vorum Naunga til Gagns og Nytsemdar. Hvor pad ecke giorer, hann er miklu sijdur trvr j pvi Andlega, ja, hann skal hvorugt hafa af peim.

10. Hvor

10. Hvor trvor er j minnstu, sa er trvor j miklu, og hvor rœngsnuenn er j þvi minnsta, hann er rœngsnuenn j miklu.

11. Þviad ef þier erud eige trvver j hinum Rœngferduga Mammon, hvor vill trua ydur þa til þess sem Sannarlegt er?

12. Og ef þier erud ei trvver j annarlegu, hvor mun giefa ydur þa hvad ydart er?

13. Eingenn Heimelis Þion gietur tveimur Herrum senn þionad, utann hann annadhvort hate þann eina, og elske hinn annann, eda þydest þann eina og forsmœe hinn annann, þier gietid eige Gude þionad og Mammoni.

II. 14. Enn þeir Pharisei heyrdu allt þetta, sem agiarner voru, og dœrudu hann.

15. Þa sagde hann til þeirra: þier erud þeir sem ydur riettlœted sialfer fyrer Monnunum, enn Gud þecker Hiortu ydar, þviad hvad hœtt er hia Monnunum, þad er svivirdelegt fyrer Gude.

16. Logmœled og Propheterner spœdu allt til Johannem, enn uppfra þeim Tijma predikast Guds Rijke fyrer Evangelium, og sier hvor Madur þreynger sier þar jnn med Magt.

17. Enn liettfelldara er ad Himen og Jord forgange, enn eirn Titill af Logmœlenu falle.

18. Hvor sijna eigenn Konu forlœtur, og gipteſt annare, sa drijger Hoor, og hvor ed gipteſt þeirre er fra Manne er skilenn, hann drijger og so Hoor.

Gud-

Gudspiallid I. Sunnud. epter Trinit.

III. 19. Nockur Mann Rijkur var þar, sa ed klæddest med Purpura, og kostulegum Lijnklædum, og lifde hvorndag kostulega og j Glede.

20. Enn þar var eirn fatækur Madur, sem Lazarus var ad Nafne, hvor ed ute loa fyrer hans Dyrum fullur Kauna.

21. Og hann gyrntist ad sedia sig af þeim Molum sem fiellu af Bordum hins Rijka. Þar komu og Hundar og sleiktu hans Soar.

22. Enn so vard, ad hinn Volade do, og var borenn af Englum j Skaut Abrahams, hinn Rijke do lijka, og vard jardadur.

23. Og sem hann var nu j Helvijte og Kvolunum, þa hof hann upp sijn Augu og leit Abraham langt burt, og Lazarum j hans Skaute.

24. Þa hropade hann og sagde: Fader Abraham, Miskuna mier og send Lazarum, ad hann drepe hinu fremsta sijns Fingurs j Vatn, og kiæle Tungu mijna, þviad eg kvelst þunglega j þessum Loga.

25. Enn Abraham sagde: Hugleid þu Sonur, ad þu medtokst þinn Goda j Lifstijd þinne, og Lazarus þar j mot medtok hid Vonda. Enn nu verdur hann huggadur, enn þu pijndur.

26. Og frammyfer allt þetta, er j mille vor og ydar miked Diup stadfest, so ad þeir sem vilia hiedann fara nidur til ydar, gieta þad ei,

ei, og þeir eige þadann fra ydur upp hingad til vor fared.

27. Þa sagde hann: þa bid eg þig Fader, ad þu sender hann j mijns Fodurs Hws.

28. Þviad eg hefe fimm Brædur, ad hann kunne ad vitna fyrer þeim, so ad eige komi þeir og so j þennann Kvalastad.

29. Abraham sagde til hans: (b) þeir hafa Moysen og Spæmennena, heyre þeir þeim.

(b) (Hafa) hier er fyrerboded ad trua þeim Frammlidnu, og odru þvilijku sem openberast.

30. Enn hann sagde: nei, Abraham Fader, helldur ef eirn Frammlidenna fære til þeirra, þa munde þeir betra sig.

31. Hann sagde honum: ef þeir heyra ei Moysi og Spæmonnunum, þa munu þeir og eige helldur trua þo nockur af Dauda upprijse.]

XVII. Capitule.

JEsus talar (I) um Hneixle og Fyrergefning: (II) um tiju Lijkbrana Menn: (III) Um Guds Rijke.

I. Og hann sagde til sinna Læresveina: omogulegt er ad þar skyllde eige koma Hneixlaner. Enn vei þeim fyrer hvorn þær koma.

2. Þarfara være honum ad Kvarnarsteirn heingdest um Hals honum, og være honum i Sio kastad, enn þad hann hneixle einn af þessum Smælingium.

3. Vakted

3. Vakted ydur, ef Brodur þinn brytur vid þig, þa ætel hann, og ef hann idrast, þa fyrergief honum þad.

4. Og þo hann briote sioſinnum a Deige vid þig, og kiæme sioſinnum aptur a Deige til þijn, og segde: þad jdrar mig, þa skalltu fyrergiefa honum þad.

5. Og Postularner sogdu til DRottins: auk þu oss Truna.

6. Enn DRottenn sagde: ef þier hefdud Tru sem annad Mustards Korn, og segdud þessu Morberia Trie: uppræt þig og rootset þig j Sionum, þa skylde þad ydur hlyda.

7. Hvor er a medal ydar sem hefur eirn Þion, er plæger, edur Fienad hirder, nær ed hann kiemur heim af Akre, ad hann seige honum þa: Far strax og set þig til Bords! er þad eige so,

8. Ad hann seige til hans: bvv til þad eg skal neyta j Kvolld, og stytt þig upp, og þiona mier, þar til ad eg hefe æted og druckid, og eptera þa skalltu eta og drecka?

9. Þackar hann nockud þeim Þion, þo (a) hann giore hvad honum var bodid? eg meina nei.

(a) (Hann giore) Christur talar hier hid allra einfalldlegasta, um þau ytre Verkenn, epter Mannlegum plagsid, þvi annars ad seigia, þa kann eingenn ad giora so miked sem hann er skylldugur fyrer Gude, hvor ad Verkenn lætur sier ecke nægia.

10. So

10. So og þier lijka, nær þier hafed allt þad giort, hvad ydur var boded, þa seiged: onyter Þionar erum vier, þvi hvad vær attum med Skylldu ad giora þad giordum vier.

Gudspiallid XIV. Sunnudag epter Trinitatis.

II. 11. Þad skiede og, þa hann for til Jerusalem, ad hann ferdadest midt j giegnum Samariam og Galileam.

12. Og er hann kom j nockurt Kauptun, mættu honum tiju Lijkþrœer Menn, hvorier ed stodu langt fra,

13. Hoofu upp sijna Raust og sogdu: JEsu, kiære Meistare, miskuna þu oss!

14. Og er hann sa þa, sagde hann til þeirra: fared þier og* synied ydur Prestunum, og þad skiede þa er þeir geingu þadann, ad þeir urdu hreiner.

*3B.Mos.14,3.

15. Enn eirn af þeim, nær hann sa þad hann var heilbrigdur ordenn, snere hann aptur, og lofade GUd med hœrre Raust,

16. Fiell framm a sijna Asionu fyrer Fœtur honum og þackade honum, og þesse var Samverskur.

17. Enn JEsus svarade og sagde: eru þier ei Tiju hreinsader? enn hvar eru þeir Niju?

18. Fundust engver adrer þeir aptur snerru, og giæfe Gude Dyrdena, nema þesse Utlendingur?

19. Og

19. Og hann sagde til hans: statt upp og far hiedann, þijn Tru giorde þig holpinn.]

III. 20. Enn er hann var ádspurdur af Phariseis, hvenær ad Guds Rijke kiæme, svarade hann þeim og sagde: Guds Rijke kiemur ei med (b) ytre Hegdan, sem menn kunna ad taka vakt uppa.

(b) (Ytre) það er, Guds Rijke er ecke komed j ytra Priale edur Prackt, so sem þesse Jardneск Rijke, helldur j Trunne og Kiærleikanum.

21. Þar mun og eige seigiast, sia, hier eda þar er það, því siaed, ad Guds Rijke er hid innra j ydur.

22. Þa sagde hann til Læresveinanna: þær Stunder koma, það þier munud gyrnast ad sia eirn Dag Mannsins Sonar, og munud hann eige sia.

23. Og þeir munu seigia til ydar: sia hier, sia þar, ganged ei þangad, og eige helldur filged.

24. Þviad so sem Elding af Himne ofan leiptrar, og lyser yfer allt það sem er under Himnenum, lijka so mun Mannsins Sonur vera a sijnum Deige.

25. Enn honum byriar first margt ad þola, og utskvafadur verda af þessare Kinslod.

26. Og so sem það skiede i Tijd Noa, lijka so mun skie a Dogum Mannsins Sonar.

27. Þeir aatu og drucku, *þeir kvongudust og lietu sig gipta, allt til þess Dags er Noe gieck j Orkena, og Flodid kom, og tortijnde þeim ollum. *1B.Mos.6,2.

28. Eir-

28. Eirnenn, lijka so sem þad skiede j Tijd Loths, *þeir ætu og drucku, þeir keyptu og selldu, þeir plontudu og uppbygdu.

*1B. Mos. 19, 14. 15. 16.

29. Enn a þeim Dogum er Loth for ut af Sodoma, rignde ofann Elde og Brennesteine af Himne, og fyrer for þeim ollum.

30. Epter slijkum hætte mun þad tilganga a þeim Dogum, er Mannsins Sonur mun openberast.

31. Hvor hann verdur a þeim sama Deige a Næfre staddur, og sie hans Bwsgagn j Hwsinu, þa stige hann eige ofann þad ad sækia. So og eirnenn, sa hann er a Akre, þa snue hann ei aptur, epter þvi sem a bake honum er.

32. Minnest þier a Konu* Loths.

*1B. Mos. 19, 26.

33. Hvor hellst sem sæker epter sijna Önd ad forvara, sa misser hana, og hvor hellst hann misser hana, sa hialpar henne til Lijfsins.

34. Eg seige ydur, a þeirre Nott munu tveir liggia a eirne Sæng, mun eirn medtekenn, og annar forlætinn.

35. Og tvær munu mala til samans, mun ein medtekenn og onnur forlætenn.

36. Þeir svorudu og sögdu til hans: hvar þa Herra?

37. Enn hann sagde til þeirra: hvar hellst ad Hræed er, þangad safnast og Ernerner.

XVIII.

XVIII. Capitule.

JEſus (I) talar um Bænena: (II) Aminner til Audmyktar: (III) Upfræder Hina Rijku: (IV) Talar um ſinn Dauda: (V) Giorer einn Blindann Sioandæ.

I. Enn hann ſagde eina Epterlijking til peirra par uppa, ad menn ſkylldu jafnann bidia og ei aflæta,

2. Og ſagde: ſa Domare var j nockre Borg, ſem eige ottadeſt GUd, og eige ſkeytte um neirn Mann.

3. Enn Eckia nockur var par j ſomu Borg, og hun kom til hans og ſagde: Hialpa mier fra mijnum Motſtodumanne.

4. Og leinge villde hann ei. Enn eptera peinkte hann med ſialfum ſier: Po eg ottaſt ei GUd, nie ſkeyte um ongvann Mann;

5. Po fyrer pad, ad peſſe Eckia giorer mier Onæad ſo mikla, pa vil eg hialpa henne, ſo ad hun kome ei ad ſijdurſtu, og (a) naude a mier.

(a) (Naude) pad er, ad hun ſkule ecke plæga og pvinga mig, ſo ſem menn plaga ad ſeigia um pann ſem er prabænenn og bidur jarganlega: Su Manneſkia plægar mig riettelega.

6. Pa ſagde DRottenn: Heyred hier hvad ſa rængloate Domare ſeiger.

7. Skylde GUd ei giora Frelſan ſinna Utvalldra, peirra ſem Nott og Dag til hans kalla? Enn po hann hafe Polinnmæde par yfer?

8. Enn eg seige ydur, ad hann mun brædlega giora peirra Frelsan. Enn po, nær Mannsins Sonur mun koma, meinar pu ad hann mune Tru finna a Jordu?

Gudspialled XI. Sunnud. epter Trinit.

11. 9. Enn hann sagde til nockra peirra sem treystu uppa sialfa sig, ad peir være riettlæter, og forsmædu adra, soddann Epterlijking:

10. Tveir Menn geingu upp j Mustered ad bidiast fyrer, eirn var Phariseus, enn annar Tollheimtumadur.

11. Phariseerenn stod og badst pannenn fyrer med sialfum sier: GUD! Eg packa pier, ad eg em eige so sem adrer Menn, Ræningiar, Orettferduger, Hordomsmenn, eda so sem pesse Tollheimtumadur.

12. Eg fasta tvisvar j Viku, og gief Tijunder af ollu pvi eg æ.

13. Og Tollheimtumadurenn stod langt j fra, og villde eige upphefia sijn Augu til Himens, helldur barde hann a sitt Briost, og sagde: GUD! vertu mier Syndugum Lijknsamur.

14. Eg seige ydur, ad pesse for riettlæatur fræmar hinum (b) odrum nidur j sitt hus. Pvi hvor sig sialfann upphefur, hann mun nidurprickiast, og hvor sialfum sier nidurpricker, hann mun upphafenn verda.]

(b) (Fra-

(b) (Framar hinum) Pad er, sa annar gieck ecke riettlæatur heim, helldur fordæmdur. Eins Maaltæke er, Psal.118. Pad er gott ad treysta uppa DRottinn, hia Þoi, ad treysta uppa Høfdingiana. Eins lijka, Matth.21. Hoorur og Skalkar munu koma j Himnarijke, fyrre enn þier, þad er, enn þier ecke.

15. Þeir færdu og til hans Ungbørn, ad hann snerte þaug, enn er þad sæu hans Læresveinar, ceavijtudu þeir þa.

16. Enn JEsus kallade þau til sijn og sagde: leyfed Børnunum til mijn ad koma, og banned þeim þad eige, þviad þvilijkra er Guds Rijke.

17. Sannlega þa seige eg ydur, hvør hann eige medtekur Guds Rijke sem Ungbarn, hann mun eige jnnganga j þad.

III. 18. Og eirn af Høfdingiunum spurde hann ad og sagde: gode Meistare, hvad skal eg giøra ad eg meige erfa eylijft Lijf?

19. Enn JEsus sagde til hans: hvad kallar þu mig godann? eingenn er godur nema Gud alleina.

20. Bodordenn veitstu? * eige skalltu Hordom drygia, eige Mann vega, eige stela, eige Liugvitne bera, heidra skalltu þinn Fodur og þijna Modur.

* 2B.Mos.20,13. ec.

21. Enn hann sagde: allt þetta hef eg halldid fra Ungdome mijnum.

22. Þa JEsus heyrde þad, sagde hann til hans: (c) ertt brestur þig enn, sel allt hvad

þu hefur, og gief Fatækum, og muntu þa hafa Fiod á Himne, og kom og filg mier epter.

(c) (Eitt) þad er, alltsaman, ut supra, Matth. 19.

23. Þa hann heyrde þad, vard hann miog hriggur, af því hann var miog audugur.

24. Enn er JEsus sa hann hriggvann ordenn, sagde hann: hversu torvelldt er þeim inn ad ganga j Guds Rijke, sem Rijkdom hafa.

25. Hægra er Ulbaldanum ad ganga j giegnum Nœlaraugad, enn rijkum Manne ad komast j Guds Rijke.

26. Þa sogdu þeir sem til heyrdu: hver fær þa hialpast?

27. Enn hann sagde: hvad omogulegt er fyrer Monnum, þad er mogulegt fyrer Gude.

28. Þa sagde Petur: siadu, vær forlietum allt og filgdum þier epter.

29. Enn hann sagde til þeirra: sannlega seige eg ydur, eingenn er sa hver sitt Hws, edur Forelldra, eda Brædur, Konu eda Born forlætur, vegna Guds Rijkis,

30. Ad hann medtake þad eige margfalldt aptur a þessum Tijma, og j odrum Heime evlijft Lijf.

IV. 31. Enn hann tok þa Tolf til sijn og sagde til þeirra: siaed, ad vier forum nu upp til Jerusalem, og þad mun allt fullkomnad verda hvad skrifad er, fyrer Spamennena, af Mannsins Syne.

32. Því-

32. Þviad hann mun framm̃selldur verda Heidingium, og hann mun hleigenn, smadur og spyttur verda.

33. Og þeir munu hann hvdstrykia og aflijsa, og a hinum þridia Deige mun hann uppaptur rijsa.

34. Enn þeir understodu eckert þar af, og su Ræda var hulenn fyrer þeim, og eige vissu þeir hvad ed sagt var.

V. 35. Enn þad skiede þa hann tok ad nalgast Jericho, ad nockur Mann blindur sat vid Veigenn og bad Ölmosu:

36. Enn þa er hann heyrde Folked sem þar framm̃hia gieck, spurde hann ad, hvad þad være.

37. Þeir sogdu honum ad JEsus af Nazareth geinge þar hia:

38. Þa kallade hann og sagde: JEsu Sonur Davids, miskuna þu mier!

39. Enn þeir sem undann geingu, hostudu a hann, ad hann þegde. Hann kallade þvi meir, Sonur Davids, miskuna þu mier!

40. Þa stod JEsus kyrr, og baud ad leida hann til sijn, og er hann var komenn hart nær honum, spurde hann hann ad,

41. Og sagde: hvad villtu eg giore þier? hann sagde: Herra, þad eg mætte sia.

42. JEsus sagde til hans: vert skygn, þijn Tru giorde þig holpenn.

43. Og jafnſnart fieck hann Synena og filgde honum og epter, vegſamande GUD, og allt þad Folk er þetta ſa lofade GUD.

XIX. Capitule.

JEſus (I) kemur til Zachæus: (II) Talar um Pund ſem Þienurum voru fenginn: (III) Rijdur jnn j Borgena Jeruſalem: (IV) Grætur yfer Jeruſalem.

1. Og hann for burt og gieck j giegnum Jericho.

2. Og ſia, ad Madur ſa er Zacheus var ad Nafne, hvor ed var Foringe Tollheimtumanna, og var audugur.

3. Hann gyrndteſt ad ſia JEſum hvor hann være, og gat eige fyrer Folkenu, þviad hann var litell vexte.

4. Hann hliop þa framm undann og klifrade upp j nockurt Morberiatrie, ſo ad hann giæte ſied hann, þvi þar atte hann framm um ad fara.

5. Og ſem JEſus kom ad þeim ſama Stad, leit hann upp, og vard hans var, og ſagde til hans: Zachee, ſtijg þu med ſkynde ofann, þviad j Dag ſkal eg koma j þitt Hus.

6. Og hann ſtie ſkyndelega ofann, og tok vid honum fagnande.

7. Og er þeir ſau þad, mogludu þeir aller, þad hann ſkylde herbergia ſig hia Berſyndugum Manne.

8. Enn Zacheus gieck framm, og ſagde til Dro-

Rottens: Sia þu Herra, Helftena minna Eigna gief eg Fatækum, og ef eg hef nockurn tældt, þa gief eg ferfalldt aptur.

9. JEsus sagde þa til hans: j Dag þa veitest þessu Hvse Sœluhialp, med því ad hann er Abrahams Sonur.

10. Þviad Mannsins Sonur er komenn epter ad leita, og sœluholped ad gisra þad sem tapad er.

II. 11. Þa þeir nu til heyrdu, sagde hann þeim frammveigs eina Epterlijking, af því ad hann var hart nærre Jerusalem, og þad, þeir ætludu ad Guds Rijke munde þa strax openbert verda.

12. Og sagde: Nockur Edalborenn Madur ferdadest j fiarlœgt Land, ad hann aflade sier Rijkis, og kiœme so aptur.

13. Þesse kallade a tiju sijna Þiona, og fieck þeim tiju Þund, og sagde til þeirra: sijsled þar med til þess eg kiem aptur.

14. Enn hans Borgarmenn hstudu hann, og sendu Bod epter honum, og lietu seigia honum: Vær vilium ei þennann rijkia loata yfer oss.

15. Þad skiede og þa hann kom aptur, sem hann hafde Rijked under sig teked, skipade hann ad kalla a þa somu Þiona, hverium hann hafde Fied feinged, so ad hann visse hvad miked hver hafde sijslad.

16. Hinn fyrste kom og sagde: Herra, þitt Pund hefur afrekad tiju Pund.

17. Hann sagde til hans: Eia þu gode Þion, af því þu varst trur j minnstu, skalltu Vald hafa yfer tiju Borgum.

18. Hinn annar kom eirnenn, og sagde: Herra, þitt Pund hefur samanndreiged fimm Pund.

19. Til hans sagde hann eirnenn: Og þu skallt vera yfer fimm Borgum.

20. Og hinn þridie kom og sagde: Herra, sia hier, þar er þitt Pund hvort eg hefe j Sveitaduke folged.

21. Eg hræddunst þig, því þu ert eirn hardur Madur, tekur þad upp, hvad þu hefur eige nidurlagt, og uppskier þad hvad þu soader eige.

22. Hann sagde til hans: af þijnum Munne þa dæme eg þig, þu Skoalkur. Visser þu þad, ad eg er hardur Madur, takande þad hvad eg lagde eige nidur, og uppskierande þad hvad eg soade eige,

23. Hvar fyrer gafstu eige minn Pening a Mangarans Bord? Ad nær eg kiæme, hefde eg þes med Okre krafid.

24. Og hann sagde til þeirra sem þar hia stodu: Taked þad Pund fra honum og soaed þeim sem tiju Pund hefur.

25. Þeir sogdu honum: Herra, tiju Pund hefur hann.

26. Enn eg seige ydur þad, ad hvor ed hefur

fur, honum mun giefed verda, enn fra þeim sem eckert hefur; mun þad burtnumed verda, hvad hann hefur.

27. Þo þa mijna Ovine sem eige villdu mig rijkia leata yfer sier, leided hingad, og deyded þa hier framme fyrer mier.

28. Og sem hann sagde nu þetta, for hann oafram̃, og ferdadest upp til Jerusalem.

III. 29. Og þad skiede, þa hann tok ad nalgast Bethphage og Bethaniam, og kom til Fiallsins Oliveti, ad hann sende tvo af sijnum Læresveinum,

30. Og sagde: farid þid j þad Kauptun hvert giegnt yckur er, og þa þier komid þar jnn, munud þid finna eirn Fola bundenn, oa hvorium alldrei hefur enn nu nockur Madur setid, leysid hann og leidid hingad.

31. Og ef nockur spyr yckur: þvi leysed þier hann? þa seged honum so: Herrann þarf hans vid.

32. Enn þeir foru burt sem sender voru, og fundu sem hann hafde sagt þeim.

33. Og er þeir leystu Folann, sogdu hans Drottnar til þeirra: fyrer hvad leysid þier Folann?

34. Þeir sogdu: Herrann þarf hans vid.

35. Og þeir hofdu hann til JEsum, og kostudu sijnum Klædum a Folann, og seitu JEsum þar upp oa.

36. Enn er hann for af Stad, breiddu þeir sijn Klæde a Veigenn.

37. Og þa hann tok ad nœlgast, og for ofann af Fiallenu, hoof upp allur Flockur hans Lœresveina af Fagnade Gud ad lofa med hœrre Roddu, yfer ollum þeim Furduverkum sem þeir hofdu sied,

38. Og segdu: Lofadur sie sa sem kiemur einn Kongur j Nafne DRottins, Fridur sie a Himne, og Dyrd a Upphœdum!

39. Og nockrer af Phariseis, þeir ed voru med Folkenu, sogdu til hans: Meistare, straffa þijna Lœresveina.

40. Hann svarade og sagde til þeirra: eg seige ydur þad, ef þesser þegdu, þa mundu Steinarner hlioda.

Gudspialled X. Sunnud. epter Trinit.

IV. 41. Og sem hann tok meir ad nalgast, sa hann a Borgena, og grœt yfer henne, og sagde:

42. Ef þu visser þad, munder þu a þessum Tijma hugleida hvad til þijns Fridar þienade, enn nu er þad dulid fyrer þijnum Augum.

43. Þviad sa Tijme mun yfer þig koma, þad þijner Oviner munu um þig Skialdborg setia, og þier umsatt veita, og alla Vegu ad þier preyngia.

44. Og þeir munu þig eydeleggia, og þijn Born med þier, og ei munu þeir lœta einn Grein

Stein yfer ødrum standa, af þvi ad þu þeckter eige þinn Vitiunartijma.

45. Og hann gieck jnn j Mustered, og tok ut ad reka þa sem selldu og keyptu þar jnne,

46. Og sagde til þeirra: skrifad stendur; *Mitt Hvs er Bæna hvs, enn þier giordud þad ad ** Spillvirkia Bæle. *Esa. 56, 7. **Jer 7, 11.

47. Og hvers daglega kiende hann j Musterenu. Enn Kiennemannahøfdingiar og Skriftlærder, og Villdarmenn Lydsins soktu epter ad fyrerkoma honum,

48. Og fundu ei hvad þeir skylldu honum giora, þviad allt folked var honum ahangande, og heyrde honum.]:

XX. Capitule.

JEsus talar (I) um einn Vingard: (II) um Skatt: (III) um Uppriſuna: (IV) um ſijna Perſonu.

I. Og þad skiede a einum þessara Daga, þa hann var ad kienna Folkenu j Musterenu, og ad predika Evangelium, þa gengu til hans Prestahøfdingiar og Skriftlærder med Øldungum,

2. Og toludu til hans og sogdu: Seig vss, af hverre Magt þu giorer þetta? Eda hver er sa sem þier gaf þa Magt?

3. Þa svarade hann og sagde til þeirra: Eg vil spyria ydur og ad einu Orde, seiged mier þad:

4. Skijrn Johannis, var hun af Himne, eda af Monnum?

5. Enn þeir hugsudu med sialfum sier, og sogdu: ef vier seigium, af Himne, so seiger hann: Fyrer hvi trudud þier henne eige?

6. Enn ef vier seigium, af Monnum, þa mun allur Lydur lemia oss Griote, þviad þeir standa a þvi, ad Johannes er Spœamadur.

7. Og þeir svorudu, ad þeir visstu ei hvadann hun være.

8. Og JEsus sagde til þeirra: þa seige eg ydur eige helldur, af hvorri Makt eg giore þetta.

9. Enn hann tok þa ad seigia til Folksins þessa Epterlijking: Nockur Mann plantade Vijngard, og bygde hann, Vijngardsmonnum, og for Utanlands laangann Tijma.

10. Og er Tijme var til, sende hann eirn Pion til Vijngardsmannanna, ad þeir giæfi honum Avoxt af Vijngardenum, enn Vijngardsmennerner slou hann, og lietu tomhendtann fra sier fara.

11. Og um þad fram sende hann ut annann Pion; Enn þeir stryktu hann og dœrudu, og lietu erindislausann j burt fra sier fara.

12. Og enn yfer þad framm sende hann ut hinn þridia, hvorn þeir lemstrudu Sœrum og reeku burt sijdann.

13. Þa sagde Herrann Vijngardsins: Hvad skal eg til giora? Eg vil senda Son minn

minn elskulegann, ma vera, ad þa þeir sia hann, þa feile þeir sier.

14. Enn þa Vijngardsmennerner sœu Sonenn, þeinktu þeir med sialfum sier og sogdu: Þesse er Erfingenn, komed, aflijfum hann, so ad vor verde Arfleifdenn.

15. Og þeir hnepptu hann ut af Vijngardenum, og lijflietu hann. Hvad mun nu Herrann Vijngardsins gisra til vid þa?

16. Hann mun koma og tortijna þessum Vijngardsmonnum, og byggia sinn Vijngard odrum. Þa þeir heyrdu þad, sogdu þeir: fiærre sie þvi.

17. Enn hann horfde a þa og sagde: hvad er þa þad, sem stendur skrifad: * þann Stein hvorn Uppbyggiendur burtkostudu, sa er ordenn ad Hyrningarsteine.

* Psal.118,22. Esa.38,16.

18. Hvor hann fellur a þemann Stein, sa mun sundurmeliast, enn a hvorn hann fellur, þann mun hann kremia.

19. Og Kiennemannahofdingiar og Skriftlærder hofdu j Asetninge, hvornenn þeir feinge Hendur a hann lagt j þad sinn, og ottudust Folkid, þviad þeir formerktu ad hann hafde sagt j moti þeim þessa Epterlijking.

II. 20. Þeir hofdu og vardhalld a honum, og sendu ut Tœlsmenn, hvorier sier œttu ad breita, sem vœre þeir Aldyggver, so ad þeir

giæte veidt hann j Ordum, hvar med þeir kynne ad afhenda hann Valldenu og Makt Landstiornarans.

21. Og þeir spurdu hann ad, og sogdu: Meistare, vær vitum þu seiger og kienner riett, og æliitur eige nockurs Manns Aalit, helldur kienner þu Guds Veg riettelega.

22. Er þad riett ad vier giefum Keisaranum Skatt eda eige?

23. En hann merkte þeirra Flattskap, og sagde til þeirra: hvad freistid þier mijn?

24. Synid mier Peningenu, hvors Mind og Yferskrift hefur hann? þeir svorudu og sogdu: Keisarans.

25. Hann sagde þa til þeirra: so giefed Keisaranum hvad Keisarans er, og Gude hvad Guds er.

26. Og þeir gætu eige straffad hans Ord fyrer Folkenu, undrande hans Audsvar, og þognudu.

III. 27. Þa geingu nockrer af Saduceis til hans (hvorier hallda ad eingenn Upprisa sie) og spurdu hann ad,

28. Og sogdu: Meistare, Moyses hefur oss so fyrerskrifad, * ef ad einhvors Broder andadest, sa er Eigennkonu ætte, og dæe Barnlaus, þa skal hans Broder taka hans Konu, og uppvekia so sijnum Brodur Sæde.

* 5B. Mos. 25, 5.

29. Nu

29. Nu voru sio Brædur, og hinn fyrste fieck sier Eigennkonu, og andadest Barnlaus.

30. Og sa annar fieck hennar og andadest Barnlaus.

31. Og hinn þridie eatte hana, lijka og eirnenn aller þeir sio, og lietu ei Born epter og onduduſt.

32. Enn seinaſt allra andadest og Konann.

33. Hvors þeirra Eigennkona verdur hun nu j Uppriſunne? þviad aller þeir sio hafa hana haft til Eignarkonu.

34. Og JEſus svarade og sagde til þeirra: Born þessarar Veralldar giptaſt og loata gipta sig.

35. Enn þeir sem verduger verda ad odlaſt hinn annann heim, og Uppriſuna af Daudum, þeir munu hvorke giptaſt nie sig gipta loata.

36. Þvi þeir gieta ei sijdann dœed, þvi þeir eru Einglum lijker, og eru Guds Born, med þvi þeir eru Uppriſunnar Born.

37. Enn þad, ad hiner framm lidnu munu upprijsa, hefur Moyſes audſyndt vid Runnenn, þa hann kallade, Drottenn, * GUd Abrahams, og GUd Jſaacs, og GUd Jacobs.

* 2B. Moſ. 3, 6.

38. Enn GUd er eige daudra, helldur lifendra Manna GUd, þviad þeir lifa honum aller.

39. Þa svorudu nockrer af hinum Skriftlœrdum og sogdu: Meiſtare, þu hefur riett sagt.

40. Og

40. Og þeir dirfdust eige framar ad spyria hann nockurs.

IV. 41. Enn hann sagde til þeirra: hvornenn segia þeir Christ vera Davids Son?

42. Og sialfur David seiger j Psalmabokenne: * Drottenn sagde til mijns Drottens, setst þu til minnar hægre Handar,

* Psalm. 110, 1.

43. Þar til eg legg þijna Ovine til Skarar þinna Fota.

44. David kallar hann Drottenn, hvornenn er hann þa hans Sonur?

45. Enn allu Folkenu aa-heyrande þa sagde hann til sinna Læresveina:

46. Vakted ydur fyrer hinum Skriftlærdu, hverier ganga vilia j sijdum Klædum, og kiærar hafa Kvediur a Torgum og hin fremstu Sæte j Samkunduhusum, og vid Bord, þeir uppsvelgia Ecknanna Hvs, med yfervarpi loangs Bænahalds, þeir munu odlast þess þyngre Fyrerdæming.

XXI. Capitule.

JEsus talar (I) um tvo Skarfa Eckiunnar: (II) Um Foreydslu Jerusalems: (III) Um Ender Heimsins.

I. Enn hann leit upp, og sa þa hinu Rijku, hvornenn þeir lietu sitt Offur j Guds Kistuna.

2. Þa sa hann og so eina Eckiu fatæka sem liet þar jnn tvo Skarfa.

3. Og

3. Og hann sagde: sannlega seige eg ydur, ad þesse fatæka Ekkia hefur meira lagt þar jnn enn hiner aller.

4. Þvi þeir hafa aller af sinne yfirfliotanlegre Eign jnnlagt til Guds Offurs, enn þesse hefur af sinne Fatækt alla sijna Næring þar jnnlagt sem hun hafde.

II. 5. Og er nockrer sogdu um Mustered, ad þad være sœgad med fagra Steina og Elenodiur, sagde hann:

6. Sa Tijme mun koma, a hvorium ad allt þetta hvad þier siaed, mun eingenn Steirn yfer odrum leatenn, ad eige mun nidur broteñ.

7. Enn þeir spurdu hann og sogdu: Meistare, nær skal þad verda, og hvad Merke er til, þa þetta mun skie?

8. Enn hann sagde: siaed til, ad þier verded ei villter, þviad marger munu koma i mijnu Nafne, og seigia, ad eg sie þad, og sa Tijme tekur ad nœalgast, filged þeim eige epter.

9. Enn nær þier heyred af Bardogum og Upphlaupum, þa hrædest eige, þviad þessu byriar œdur ad skie, enn Endenn er þo eige þa strax.

10. Þa sagde hann til þeirra: ein Þiod mun hefiast upp j mote annare, og eitt Rijke j mote odru.

11. Og mikler Jardskialftar munu þar verda allstadar, Hungur og Drepsott og Skielfingar, og stor Teikn munu þar skie af Himne.

12. Enn

12. Enn fyrer allt þetta munu þeir Hendur a ydur leggia, og offokn veita, og ydur munu þeir framm-selia, j sijn Samkunduhus og Myrkvastofur, dragande ydur fyrer Konga og Landshofdingia, fyrer mijns Nafns Saker.

13. Enn þetta mun ydur henda til eins Vitnisburdar.

14. Þvi setied ydur j Hiarta, þad þier hugsed eige fyrer, hvornenn þier skulud forsvara ydur.

15. Þviad eg mun giefa ydur Munn, og Vitsku, hvorium ad eige skulu j giegn standa, nie mote mæla, aller ydar Motstodumenn.

16. Enn þier munud og framsellder verda af Forelldrum og Brædrum, Frændum og Vinum, og nockra af ydur munu þeir Lijfe svipta.

17. Og þier munud verda hatader af hvorium Manne, fyrer mijns Nafns Saker.

18. Og eckert Hoar af ydar Hofde skal þo farast.

19. (a) Eigneſt med Þolennmæde Sœler ydar.

(a) (Eigneſt) þad er, lœted ydar Sœler ecke verda opolennmpdar.

20. Enn nær þier siaed Jerusalem umkringda af Her, þa skulud þier vita ad nœalgast tekur hennar Eydelegging.

21. So ad hver þa er j Judea, sa flye uppa Fiall, og hver þar er midt jnne, fare hann ut

ut þadann, og hvor a Londunum uppe er, hann kome eige þar jnn.

22. Þviad þad er Hefndar Dagur, so ad uppfyllt verde allt hvad skrifad er.

23. Enn vei Oliettum og Briostmylkingum a þeim Dogum, þviad mikel Harmkvæle munu verda a Jordu, og Reide yfer þetta Folk.

24. Og fyrer Sverdseggium munu þeir falla, og herleidder verda medal allra Pioda, og Jerusalem mun undertrodast af Heidingium, þar til ad uppfyllast (b) Tijmar Heidingia.

(b) (Tijmar) Jerusalem mun verda under Valde Heidingia, þar til Heidingiarner snuast til Truarennar, þad er til Veralldarennar Enda, þvi Musterid skal ecke upp aptur komast. Hagg. 1.

Gudspialled II. Sunnudag j Adventu.

III. 25. Og þar munu skie Teikn a Solu og Tungle og Stiornum, og a Jordu mun Folked kvijdande verda, og þeir munu orvinlast, Sior og Bylgiur munu þiota.

26. Og Menn munu fyrer hrædslu vanmegnast, og af Epterbijdingu þeirra Hluta, hvorier ed koma skulu a Jordena. Þviad Kraptar Himensins munu hræra sig.

27. Og þa munu þeir sia Mannsins Son komande j Skyunum, med storum Krapte og Dyrd.

28. Enn

28. Enn nær þetta tekur ad skie, þa lyted upp, og upphefied ydar Hofud, af því ad ydar Endurlausn tekur ad nœlgast.

29. Og hann sagde þeim eina Epterlijking: sioded Fijkiutried og oll Trie,

30. Nær þeirra Allden tekur ut ad springa, þa siaed þier a þeim, og merked þad Sumared er nu j nœnd.

31. So og lijka nær þier siaed allt þetta byriast, þa vited þad, ad Guds Rijke er nœlœgt.

32. Sannlega seige eg ydur, þad þesse Kinslod mun eige fyrerfarast endur allt þetta skier.

33. Himen og Jord forganga, enn mijn Ord forganga eige.]

34. Enn vared ydur, ad ydar Hiortu þyngest ecke af Ofœte og Ofdryckiu, og med Sorgum þessarar Nœringar,

35. Ad eige kome þesse Dagur hastarlega yfer ydur, þviad lijka sem Snaranm mun hann koma yfer alla þa sem a Jordu byggia.

36. So verid nu vakande alla Tijma, og bidied, so ad þier mættud verduger vera, ad umflya allt þetta, hvad epterkomande er, og ad standa so framme fyrer Mannsins Syne.

37. Og um Daga kiennde hann j Musteree nu, enn um Nætur gieck hann ut, og dvaldest um Nætur a Oliufiallenu.

38. Og allt Folk tok sig snemma upp til hans j Mustered, honum ad heyra.

XXII.

XXII. Capitule.

(I) JEſus er umſetinn af þeim Andlegu: (II) Inſetur Sacramentum Alltareſins: (III) Nædur til Lijtellætes: (IV) Talar vid Petur og hina adra Læreſveina: (V) Bidſt fyrer: (VI) Er ſvikenn af Judas: (VII) Afneitadur af Petre: (VIII) Hæddur og smæanadur af Folkenu: og (IX) er hafdur fyrer þad Andlega Raad.

I. Enn þa var nœalæg Hœatijd hins sæta Brauds, hver ed kalladeſt Þœaſkar.

2. Og þeir ædſtu Preſtar og Skriftlærder hofdu j Sinne hvernenn þeir giæte hann lijfloœted, og þeir ottuduſt Lydenn.

3. Enn Andſkotenn var hlaupenn j Judas, þann kalladur var Iſcharioth, og var eirn af Toln þeirra Tolf.

4. Og hann for burt, og talade vid þa ædſtu Preſta og Hofudsmennena, hvernenn hann villde ſelia hann þeim.

5. Þeir gloddust vid, og hietu ad gieſa honum Peninga.

6. Og hann lofade þeim þvi, og leitade lags ad hann feinge ſelldt þeim hann an Upphlaups.

II. 7. Nu kom Dagur hins sæta Brauds, a hverium offra ſkyllde Þaaſkalambenu.

8. Og hann ſende ut Petrum og Johannem og ſagde: fared þid, bued oſs til Þœaſkalambid, ſo ad vier neytum þeſs.

9. Enn

9. Enn þeir sogdu til hans: hvar villtu ad vier bvoum þad til?

10. Hann sagde til þeirra: siaed, nær þier komed jnn j Borgena, mun Madur mæta yckur berande Vatnskrvos, filged honum epter j þad Hus, sem hann geingur jnn,

11. Og seiged Hvsbondanum: Meistarenn lætur seigia þier: hvar er þad Herberge, þar eg meige Pœaskalambed j eta med mijnum Læresveinum?

12. Og hann mun vijsa ydur storann Sal, steinlagdann, bvoed þad þar til.

13. Þeir geingu burt og fundu so sem hann hafde tilsagt þeim, og reiddu til Pœaskalambed.

Gudspialled a Skirdag.

14. Og þa er Stundenn kom, sette hann sig nidur, og þeir tolf Postular med honum.

15. Og hann sagde til þeirra: mig hefur hiartanlega epterlangad ad eta þetta Pœaskalamb med ydur, adur enn eg lijd.

16. Þviad eg seige ydur, ad hier epter, mun eg ei (a) optar af þvi neyta, þar til ad þad fullkomnast j Guds Rijke.

(a) (Optar) hann lætur alltijd vita hvornenn hann umgiecksl vid Daudann.

17. Og hann tok Kaleikenn, giorde packer og sagde: medtaked hann, og skipted honum a millum ydar.

18. Þviad eg seige ydur, eg mun ege drecka af

af Vijnvidar Avexte, fyrr enn Guds Rijke kiemur.

19. Og hann tok Brauded, giordi Packer, og braut pad, og gaf peim pad, og sagde: petta er mitt Hold pad fyrer ydur giefid verdur, giored petta j mijna Minning.

20. Lijka eirnenn og Kaleikenn, epter Kvolldmaaltijdena, og sagde: pesse er Kaleikur hins Nya Testamentis j mijnu Blode, hvort fyrer ydur verdur uthellt.]

21. Enn po siaed, ad hond pess er mig svijkur er a Borde med mier.

22. Og ad Sonnu fer Mannsins Son epter pvi sem alyktad er, po vei peim Manne, fyrer hvorn hann verdur svikenn.

23. Og peir toku sijn a mille ad spyria, hvor af peim være sa er petta mundi gora?

III. 24. Enn par hosst upp præta peirra a mille, hvor peirra munde mestur halldenn verda.

25. Enn hann sagde til peirra: veralldleger Kongar drottna, og hvorier Yfermaktena hafa, pa kalla menn Naaduga Herra.

26. Enn pier eige so, heldur sa sem mestur er ydar a mille vere hann so sem hinn yngste, og hinn ædste, sem annar Pienare.

27. Pvi hvor er meire sa sem til Bordsins situr, edur sa sem pionar? er eige so, ad hann sem vid Borded situr? enn eg em a millum ydar sem eirn Pion.

28. Enn

28. Enn þier erud þeir, hvorier hia mier hafa stadnæmst j mijnum Freistingum.

29. Og eg vil skicka ydur Rijked, so sem minn Fader hefur mier skickad.

30. So ad þier skulud eta og drecka yfer mijnu Borde, j mijnu Rijke, og sitia a Stolum dæmande Tolf Kinkvijsler Israels.

IV. 31. Enn Drottenn sagde: Simon, Simon, sia þu, ad Andskotenn hefur gyrnst ydar, ad hann mætte sællda ydur sem Hveite.

32. Enn eg bad fyrer þier ad þijn Trua skyllde ei linna, og þegar þu snyst einusinne, þa stirk þu Brædur þijnar.

33. Enn hann sagde til hans: Herra, reidubuenn em eg med þier j Fiotur og Dauda ad ganga.

34. Þa sagde hann: Petur, eg seige þier, ad j Dag mun ei Hanenn gala fyrr enn þu hefur þrisvar afneitad þvi, ad þu þeckter mig.

35. Og hann sagde til þeirra: þa eg sende ydur vot aan Pungs, aan Tosku, og aan Skoo, hvort brast ydur þa nockud? enn þeir sogdu: eckert.

36. Þa sagde hann til þeirra: enn nu, hvor ed Pung hefur, sa take hann, lijka og eirnenn Toskuna, og sa er eige hefur, selie hann Kyrtel sinn, og kaupe Sverd.

37. Þviad eg seige ydur: ad þad hlijtur a mier ad fullkomnast hvad skrifad er, þad

hann

hann er med Illvirkium reiknadur. Því hvad af mier skrifad er, hefur eirn Enda.

*Esa. 53, 12.

38. En þeir sögdu: Herra, sia, tvo Sverd eru hier. Hann sagde til þeirra: það er (b) nog.

(b) (Nog) Það tiaer ecke ad strijda med lijkamlegu Sverde, helldur liggur Makt a, hier epter ad lijda vegna Evangelij, og ad bera Krossenn, því eige kunna menn ad strijda med Jarne mote Diofslenum, þar syrer, er naudsyna, ad leggia alla Kostgiæfne þar a, ad taka alleinasta til Sverds Andans, hvørt ad er Guds Ord.

V. 39. Og hann gieck epter Vana sijnum, ut til Fiallsins Oliveti, og hans Læresveinar filgdu honum epter.

40. Og þa hann kom þangad, sagde hann til þeirra: bidied so ad ei falled þier j Freistne.

41. Og hann sleit sig frꝛa þeim nær einu Steinsnare, fiell a Knie, og tok ad bidia,

42. Og sagde: Fader, ef þu villt, þa tak þennann Kaleik af mier, enn þo verde eige minn, helldur þinn Vilie.

43. Enn honum birtest Eingell af Himne, stirkiande hann.

44. Og þar kom, ad hann stridde vid Daudann, og tok oꝛkafar ad bidia. Enn hans Sveite vard so sem Bloddropar, þeir fiellu a Jordena.

45. Og hann stod upp af Bœnenne, og kom

til sinna Læresveina, og fann þa sofandi af Hrigd.

46. Og sagde til þeirra: hvad sofed þier? standed upp, og bidied, so ad þier falled eige i Freistne.

VI. 47. Þa hann var þetta ad seigia, sia! þad Flockurenn, og eirn af þeim tolf, sa Judas hiet, gieck fyrer þeim, og nælgadest JEsum, ad hann kysste hann.

48. Enn JEsus sagde til hans: Juda, svijkur þu Mannsins Son med Kosse?

49. Enn er þeir er hia honum voru, sau hvad verda villde, sogdu þeir til hans: Herra, skulum vær sla med Sverde?

50. Enn eirn af þeim sloo Pion Prestahofdingians, og hio af honum hans hid hægra Eyra.

51. JEsus svarade og sagde: Leyfed þeim ad giora allt hid (c) frekasta. Og hann snart hans Eyra og læknade hann.

(c) (Frekasta) læted þa bruka sijna Illgyrne, so leinge sem þeim leyst er. Allt hefur sinn Domara; So vier þurfum ecke sialfer þess ad hefna.

52. Enn JEsus sagde til þeirra ædstu Presta, og Hofudsmanna (d) Musteresins, og Olldunganna, hverier til hans voru komner: So sem til annars Næningia geingud þier ut med Sverdum og Stongum.

(d) (Hofudsmanna) þad eru þeir sem skickader voru af

af Gydingum j kringum Mustered, ad hallda uppe Fride fyrer Alþijdu-Folkenu.

53. Eg var daglega j Musterenu hia ydur, og logdud þier eige Hendur a mig, enn þetta er ydar Tijme og Makt Myrkranna.

VII. 54. Enn þa gripu þeir hann og leiddu hann j þess ypparsta Prests Hus, enn Petur filgde epter adleingdar.

55. Þeir kveiktu þa upp Eld j midre Hollenne, og settust tilsamans, og Petur sette sig a mille þeirra.

56. Þa sa hann Ambaatt nockur sitia vid Logann, stardi a hann og sagde til hans: þesse var og med honum.

57. Enn hann afneitade og sagde: Kona, ei þecke eg hann.

58. Og litlu einu þar epter, sa hann einn annar Madur og sagde: þu ert og einn af þeim, enn Petur svarade: Madur, ei em eg.

59. Og þar epter, nær eirne Stundu, stirkte nockur annad þad og sagde: ad sonnu var og þesse med honum, þvi hann er Galileare.

60. Enn Petur sagde: Madur, eige veit eg hvad þu seiger: og jafnsnart, ad honum nu þetta enn talande, gol Hanenn.

61. Og DRottenn snerest vid og leit til Peturs, og Petur minntest Orda DRottens sem hann hafde sagt: fyrenn Hanenn gelur, muntu afneita mier þrisvar.

62. Og Petur gieck ut og griet beisklega.

VIII. 63. Enn þeir Menn sem hielldu JEsu, dœrudu hann og slou.

64. Byrgdu hann og slou j hans Andlit, spurdu hann og sögdu: spœdu, hver sa er, er þig sle?

65. Og margt annad hœduglegt sögdu þeir vid hann.

IX. 66. Og er Dagur var, sofnudust samann Øldungar Lydsins, og hiner œdstu Prestar, og hiner Skriftlœrdu, og leiddu hann upp fyrer sitt Rœd,

67. Og sögdu: ef þu ert Christur, seig oss þad, og hann sagde til þeirra: ef eg seige ydur þad þa trued þier þvi eige.

68. Enn ef eg spyr ydur, þa svared þier mier ei, og lœted mig þo ei lausann.

69. Nu hiedann j fra mun Mannsins Son sitia til hœgre Handar Guds Kraptar.

70. Enn þeir sögdu aller: ertu þa Guds Sonur? Hann sagde til þeirra: þier seiged þad, þviad eg em.

71. Þa sögdu þeir: hvad þurfum vier nu Vitnisburdenn leingur? vier sialfer heyrdum þad af hans Munne.

XXIII. Capitule.

JEsus (I) er leiddur fyrer þad veralldlega Rœd: (II) Krossfestur: (III) Deyr: og er (IV) greftradur.

I. Og allur sa Hopur stod upp, og leidde hann fyrer Pilatum.

2. Toku

2. Toku ad æaklaga hann og sögdu: þennann finnum vier ad hann frasnyr Folkenu, og fyrerbydur Skatt ad giesa Keisaranum, og seiger sig ad vera Kongenn Christum.

3. Enn Pilatus spurde hann ad og sagde: ertu Kongur Gydinga? Hann svarade honum og sagde: þu seiger þad.

4. Pilatus sagde til þeirra yppurstu Presta og til Lydsins: ongva Sok finn eg med þessum Manne.

5. Enn þeir voru þess æakafare og sögdu: hann hefur uppæst Folkid, med því hann hefur kiennt a ollu Gydingalande, og hefur tiltekid j Galilea allt hingad.

6. Enn er Pilatus heyrde Galileam nefnda, spurde hann ad, hvort hann være eirn Galileare.

7. Og er hann fornam ad hann var under Herodis Vallde, sende hann hann burt til Herodem, sem eirnenn var a þeim somu Dogum j Jerusalem.

8. Enn er Herodes sa JEsum, vard hann nærsta gladur, þviad hann hafde fyrer laungu gyrnst ad sia hann, af því ad hann hafde margt heyrt af honum, og hann vænte ad hann munde sia eitt Teikn af honum.

9. Og adspurde hann a marga vega, enn hann svarade honum ongvu.

10. Enn Kiennemannahofdingiar og Skriftlærder stodu og æasokudu hann hardlega.

11. Enn Herodes med sijnum Strijdsmonnum forsmaade hann og spottade, færde hann j hvitt Fat, og sende hann aptur til Pilatum.

12. Og a þeim Deige urdu þeir Pilatus og Herodes Viner aptur, þviad adur voru þeir Oviner sijn a mille.

13. Enn Pilatus samannkalladi Prestahofdingia, og Hofudsmenn og Lydenn,

14. Og sagde til þeirra: þier hafed þennann Mann til mijn haft, so sem þann er frasnyr Folkenu, og siaed, eg hefe yferheyrt hann hier fyrer ydur, og a þessum Manne finn eg engva af þeim Sokum þar um þier klaged hann.

15. Og ei helldur Herodes, þviad eg sende ydur til hans, og siaed, ad eckert er af honum giort, þad Dauda sie verdugt.

16. Fyrer þvi vil eg giefa honum Raadning, og laata hann lausann.

17. Þviad hann hlaut þeim eirn epter Veniu Haatijdardagsins lausann ad giefa.

18. Þa kallade upp allur Hopurenn og sagde: burt med þennann, og gief oss Barrabam lausann.

19. Hvor ed var fyrer eitt Upphlaup, og Mannslag, er skied var j Borgenne, jnnsettur j Fangelsi.

20. Pi-

20. Pilatus kallade þa enn aptur til þeirra og vilde JEsum lausann loata.

21. Enn þeir kolludu upp og sogdu: Krossfestu, Krossfestu hann.

22. Þa sagde hann enn j þridia sinn til þeirra: Hvad illt hefur þa þesse giort? Ongva Daudasok finn eg med honum, fyrer þvi vil eg hegna honum, og loata hann lausann.

23. Enn þeir stodu þvi fastara þar a med miklum Hliodum, æskiande þad, ad hann yrde krossfestur. Og þeirra Hliod og Hofudprestanna toku yfer.

24. Og Pilatus dæmde ad skie skylde þeirra Beidne.

25. Og hann gaf þeim lausann þann er jnn var settur fyrer Upphlaup og Manndrap i Mirkvastofu, um hvorn þeir boadu, enn hann framsellde JEsum, epter þeirra vilia.

26. Og þa er þeir leiddu hann ut, hendludu þeir einn, Simon af Cyrene, hvor ed komenn var af Akre, og logdu Krossenn uppa hann, ad hann bære hann epter JEsu.

27. Enn honum filgde epter mikell fiolde Folks og Kvenna, hvoriar ed grietu hann og aumkudu.

28. Enn JEsus snereſt til þeirra og sagde: Þier Dætur af Jerusalem, grætid eige yfer mier, helldur grætid yfer ydur sialfum og yfer Bornum ydar.

29. Þvi siaed! Sa tijme mun koma a hvorium seigiast mun: Sælar eru Obyrjur, og þeir Kvider er eige hafa fædt, og þaug Briost hvor eige voru mylkt.

30. Þa munu þær taka ad seigia *Fiollunum, hrynied yfer oss, og Hœlsunum, hylied oss. *Esa. 2, 19. Hos. 10, 8.

31. Þvi ef menn giora þetta vid hid blomgada Tried, hvad mun þa skie vid hid purra?

II. 32. Enn tveir Spillvirkiar adrer leiddust og ut, ad þeir vœre aftekner med honum.

33. Og sem þeir komu j þann Stad, hvor ed kalladest Hausaskieligstadur, þa krossfestu þeir hann þar, og Spillvirkiana med honum, eirn til hœgre Sijdu, og annann til vinstre.

34. Enn JEsus sagde: Fader! fyrergef þeim, þviad þeir vita eige hvad þeir giora! Og þeir skiptu hans Klœdum, og vorpudu þar um Hlutkeste.

35. Og Folkid stod og sa til. Og Hofdingiarner spottudu hann med þeim og sogdu: Odrum hefur hann hialpad, hialpe hann nu sialfum sier, ef hann er Christur hinn vtvalde Guds.

36. Ad honum hœddu og Strijdsmennerner, geingu til hans og færdu honum Edik,

37. Og sogdu: Ef þu ert Kongur Gydinga, þa hialpa þier sialfum.

38. Enn Yfirskriftenn var ritud yfer honum

num med Griskum, Latinskum og Ebreskum Bokstofum: þesse er Kongur Gydinga.

39. Enn eirn af þeim Spillvirkium, sem heingder voru, lastade hann og sagde: ef þu ert Christur, frelsa sialfann þig og oekur.

40. Þa svarade hinn annar, straffade hann og sagde: og þu hrædest ei helldur Gud, sem ert þo j eins Fordæmingu?

41. Og ad sonnu skier ockur þetta riettelega, þviad vid medtokum hvad ockar Gierder voru verdar, enn þesse hefur eckert oskickanlegt giort.

42. Og hann sagde til JEsu: DRottenn, minstu mijn þa þu kiemur j Rijke þitt.

43. Og JEsus sagde til hans: sannlega segge eg þier: j Dag skalltu vera med mier j Paradis.

III. 44. Og þad var nær um hina siettu Stund, og Mirkur giordest yfer allt Landed, allt til nijundu Stundar.

45. Og Solenn miste sitt Skin, og Tiallded Musteresins rifnade midt j tvennt.

46. Og JEsus kallade hærre Roddu og sagde: Fader! j þijnar Hendur fel eg minn Anda! og er hann hafde þetta sagt, gaf hann upp sinn Anda.

47. Enn er Hofudsmadurenn sa þad hvad þar skiede, prijsade hann Gud, og sagde: ad vijsu hefur þetta eirn riettlætur Madur verid.

48. Og allt Folk er þar var hia og horfde a, sem þeir sau hvad þar skiede, barde þad sier a Briost, og snere j burt aptur.

49. Enn aller hans Kunningiar stodu langt fra, og þær Konur sem honum hofdu epterfilgt vor Galilea, og horfdu a allt þetta.

IV. 50. Og sia, einn Madur er hiet Joseph, einn Raadherra, godur Mann og riettvijs.

51. Hann hafde ei samþyckt þeirra Raade og Giorningum, og hann var af Borg Gyðinga Arimathia, hvor ed og beid epter Guds Rijke.

52. Þesse gieck til Pilatum, og bad um Lijkamann JEsu.

53. Og tok hann ofann og sveipade hann j Lierepte, og lagde hann j vothoggna Grof, j hvorre alldrei hafde nockur Madur lagdur vered.

54. Og þad var Adfangadagur, og Sabbathsdagurenn tok til.

55. Enn þær Konur sem komnar voru med honum af Galilea, filgdu epter, og skodudu Grofena, og hvornenn hans Lijkame var lagdur.

56. Enn þær sneru aptur, reidande til dyrmætar Jurter, og Salve, enn um Sabbathsdagenn voru þær kyrrar epter Logmaalenu.

XXIV. Capitule.

(I) JEsu Upprijsa, og (II) Uppstigning.

I. Enn

1. Enn a fyrsta Deige Vikunnar miog snemma, komu þær til Grafarennar, og bæru dyrmætt Salve er þær hofdu tilbued, og nockrar med þeim.

2. Og þær fundu ad Steinenum hafde vellt vered af Grafenne.

3. Og stigu þar inn, og fundu ecke Lijkamann HErrans JEsu.

4. Og sem þær efudu hier um, sia, þa stodu tveir Menn hia þeim, j skijnande Klædum.

5. Enn þær urdu hræddar, og sloou sinne Asionu nidur til Jardar; þa sogdu þeir til þeirra: hvad leited þier hins Lifanda hia Daudum?

6. Hann er eige hier, hann er uppriſenn, hugleided hvad hann talade fyrer ydur, þa hann var j Galilea,

7. Og sagde: þad Mannsins Syne byriade ad seliast j Syndugra Hendur, og krossfestur verda, og a þridia Deige upp ad rysa.

8. Og þær minntust a hans Ord.

9. Og þær geingu burt fra Grafenne aptur, og kunngiordu allt þetta þeim ellefu, og so ollum odrum.

10. Enn þetta var Maria Magdalena, og Johanna, og Maria Jacobi, og þær adrar med þeim sem þetta sogdu Postulunum.

11 Og þeirra Ord virdtest þeim sem være þad Skial, og trudu þeim eige.

12. Enn Petur stod upp, og hliop til Grafarennar, og laut par jnn, og sa Lijnklædenn einsomul liggia, gieck burt og undrade, hvornenn pad være skied.

Gudsp. a IE. i Paaskum.

13. Og sia, ad tveir af peim geingu hann sama Dag til nockurs Kauptuns, pad ed var fra Jerusalem sextygu Akra leingd, hvort ed (a) Emaus var ad Nafne.

(a) Ma vera pad sie Ebreska, Hemaos, Slot, Festing.

14. Og peir toludu sijn a mille um alla pa Hlute, sem vid hofdu bored.

15. Og pad skiede pa peir so toludu og spurdust a sijn j millum, kom JEsus til peirra, og gieck med peim.

16. Enn peirra Augu voru so halldenn ad peir peckte hann eige.

17. Enn hann sagde til peirra: hvad er pad syrer Rædu sem pid hondled reikande a Veigenum yckar a mille, og erud hriggver vot af?

18. Pa svarade eirn er Cleophas var ad Nafne, og sagde til hans: ertu alleina einn af peim okiendu j Jerusalem, ad pu veitst eige hvad a pessum Dogum par jnne giorst hefur?

19. Og hann sagde til peirra: hvad er pad? enn peir sogdu til hans: pad af JEsu af Nazareth, hver ed var einn Spaamadur, mektugur j Ordum og Verkum fyrer Gude og ollu Folke.

20. Hverssu ad varer Hofudprestar og Hof-

Hofdingiar felldu hann j Fordæming Daudans, og krossestu hann.

21. Enn vier vonudum ad hann munde endurleysa Israel, og yfer allt þetta er hinn þridie Dagur j Dag, er þetta skiede.

22. So hafa og skielft os nockrar Konur af oss til, þær ed snemma hofdu hia Grofenne vered,

23. Og ecke fundid hans Lijkama, komu og sogdu sig sied hafa Einglanna Sioner, þeir ed sogdu hann lifa.

24. Og nockrer vtaf oss geingu til Grafarennar, og fundu eins lijka sem Konurnar hofdu sagt, enn hann fundu þeir ecke.

25. Og hann sagde til þeirra: o þier Heimsker, og treger j Hiarta ad trua þvi ollu hvad Spaamennerner hafa talad?

26. Atti Christus ei þetta ad lijda og innganga j sijna Dyrd?

27. Og hann tok til fra Moyse og ollum Spaamonnum, og lagde vt fyrer þeim allar Ritningar, þær af honum voru.

28. Og þeir toku ad nalgaast Kauptunid þad þeir geingu til, og hann let þa sem villde hann leingra ganga.

29. Þeir neyddu hann og sogdu: vert hia oss, þviad kvolllda tekur og a Dagenn lijdur, og hann gieck jnn ad vera hia þeim.

30. Og þad skiede þa hann sat med þeim til

Bords, ad hann tok Brauded, giorde packer, og braut pad, og riette ad peim.

31. Pa opnudust peirra Augu so peir peckttu hann, og hann vard osynelegur fyrer peim.

32. Og peir sogdu sijn a mille: brann eige ockart Hiarta j ockur, pa hann talade vid ockur a Veigenum, og opnade fyrer ockur Ritningarnar?

33. Og peir stodu upp a somu Stundu, og sneru aptur til Jerusalem, og fundu pa ellefu samannsafnada, og pa sem med peim voru,

34. Hvorier ed sogdu: Drottinn er sannarlega upprisinn, og hefur birst Simone.

35. Og peir tiœadu peim hvad giorst hafde a Veigenum, og hvorneinn hann vard peckttur af peim j pvi hann braut Brauded.]

Gudspialled a III i Paskum.

36. Enn er peir voru ad tala petta, stie JEsus sialfur midt j millum peirra, og sagde til peirra: Fridur sie med ydur.

37. Enn peir skielfdust, og urdu hrædder, og meintu ad peir sæe Anda nockurn, og hann sagde til peirra:

38. Pvi erud pier so hrædder, og pvi koma slijker Pankar j ydar Hiortu?

39. Siaed minjnar Hendur og minjar Fætur, ad eg em pad sialfur, preifed pier a mier og skoded, pviad Ande hefur hverke Hold nie Bein, so sem pier siaed mig hafa.

40. Og

40. Og þa hann sagde þad, synde hann þeim Hendur og Fætur.

41. Og er þeir trudu enn eige fyrer Fagnadar Saker, og undrade þad, sagde hann til þeirra: hafed þier hier nockud ad eta?

42. Og þeir logdu fyrer hann Sticke af steiktum Fiske, og Hunangs Koku.

43. Og hann tok þad, og at fyrer þeim.

44. Og hann sagde til þeirra: þetta eru þaug Ord, hvor eg talade til ydar, þa eg var enn nu hia ydur, þviad þad hlytur allt ad fullkomnast hvad af mier var skrifad j Moysis Logmæle, Spamannabokum og Psalmum.

45. Þa opnade hann þeirra Skilning, so ad þeir skildu Ritningarnar,

46. Og sagde til þeirra: so er þad skrifad, og so byriade Christo ad lijda, og upp ad rijsa a þridia Deige af Dauda.

47. Og predika lata j sijnu Nafne Idran og Syndanna Fyrergiefning, a medal allra Þioda, og upphefia til Jerusalem.

48. Enn þier erud Vottar allra þessara Hluta.]

49. Og siaed, ad eg vil senda yfer ydur * Fyrerheit mijns Fodurs, enn þier skulud vera kyrrer j Borgenne Jerusalem, þangad til ad þier jklædest Krapte af Hædum.

* Esa. 44, 3. Joel 2, 28.

II. 50. Enn hann hafde þa vt allt til Bethaniam, og hof upp sijnar Hendur og blessade þa.

51. Og

51. Og þad giordest þa hann blessade yfer þa, ad hann skilde vid þa, og for upp j Himenenn.

52. Enn þeir tilbœdu hann, og sneru aptur til Jerusalem med miklum Fagnade.

53. Og voru alltijd j Musterenu vegsamande og lofande Gud.

Ender S. Lucæ Gudspialls.

S. Johannis Evangelium.

I. Capitule.

(I) Hver og hvilijkur ad JEsus se: (II) Vitnisburder Johannis um JEsum: (III) Nockrer af Lærisveinum JEsu verda nafngreinder.

1. I Upphafe var Ord, og þad Ord var hia Gude, og Orded var Gud.

2. Þad sama var j Upphafe hia Gude.

3. Aller Hluter eru fyrer þad giorder, og an þess er eckert giort hvad giort er.

4. J

4. J honum var Lijfed, og Lijfed var Lios Mannanna.

5. Og Liosid skein j Mirkrunum, og Mirkrenn hafa ßad eige hondlad.

6. Par var eirn Madur af Gude sendur, sa hiet Johannes.

7. Hann kom til Vitnisburdar, ad hann bære Vitnisburd af Liosinu, ad aller skylldu fyrer hann trua.

8. Eige var hann Liosed, helldur ad hann bære Vitnisburd af Liosenu.

9. Pad var ßad sanna Lios, hvort ed upplyser (a) alla Menn, sem koma j ßennann Heim.

(a) (Alla Menn) ßad er, Christur er Lios Verallda-rennar, sem fyrer Evangelium upplyser alla Menn, ßviad ßad verdur predikad fyrer allre Skieynu, og verdur frammbored fyrer alla ßa Menn sem eru og verda munu.

10. Pad var j Heimenum, og Heimurenn var fyrer ßad giordur, og Heimurenn peckte ßad eige.

11. Hann kom til sinnar Eignar, og hans Eigenn medtoku hann eige.

12. Enn so marger sem hann medtoku, ßa gaf hann ßeim Makt Gluds Bornum ad verda, ßeim er a hans Nafn trua.

13. Peim sem ecke af Blodenu, nie af Holldsins Villd, nie Mannsins Vilia, helldur ßeim sem af Gude eru borner.

14. Og

14. Og Orded vard Hollð, og bygde med oss, og vier saum hans Dyrd, Dyrd so sem Eingetins Sonar af Fodurnum, sullann Nadar og Sannleika.

II. 15. Johannes vitnade af honum, kallade og sagde: þesse var sa, um hvorn eg sagde, ad epter mig skyllde koma, sa sem fyrer mig var, þviad hann var fyr enn eg.

16. Og af hans Fyllingu hofum vær aller teked (b) Nad fyrer Nad.

(b) (Nad) Vor Nad er oss giefenn fyrer Christi Nad, sem honum er giefenn, so ad vier uppfyllum Logmaled, og þeckium Fodurenn fyrer hann, so ad Hræsne afleggest, og vier kynnum ad verda riettsinnader Menn.

17. Þviad Logmaled er fyrer Moysen utgiefed, enn Nad og Sannleikur er fyrer JEsum Christum ordenn.

18. Eingenn hefur nockurn Tijma GUd sienann, sa Eingietne Sonurenn, sem j Fodurs sins Skaute er, hann hefur oss þetta kunngiort.

Gudspialled IV. Sunnudag i Adventu.

19. Og þetta er Vitnisburdur Johannis, þa þeir Judar sendu af Jerusalem Presta og Levita, ad þeir skylldu spyria hann: hvor ert þu? og hann kiendest og neitade eige.

20. Og hann kiendest: eige em eg Christur.

21. Þeir spurdu hann ad, hvad þa? ertu Elias?

Elias? hann sagde: eige em eg; ertu Spæmadur? enn hann ansade, nei.

22. Pa sogdu peir vid hann: hvad ertu pa? so ad vier meigum Andsvar giefa peim er oss utsendu, hvad seiger pu af sialfum pier?

23. Hann sagde: eg em eins * Predikara Rodd j Eydemorku, greided pier Vegu Drottens, so sem sagde Esaias Spæmadur.

* Esa. 40, 3.

24. Og peir sem utsendust voru af Phariseis.

25. Peir adspurdu hann og sogdu honum: pvi skijrer pu pa, ef pu ert eige Christur, ei Elias, og eige Spæmadur?

26. Johannes svarade peim og sagde: eg skijre med Vatne, enn hann er geingenn midt a medal ydar, hvorn pier pecked eige.

27. Hann er sa sem epter mig mun koma, sa ed fyrer mig hefur verid, hvors eg em ei verdur ad uppleysa Skopveinge.

28. Petta skiede j Bethabara hinu megenn Jordanar, par Johannes skijrde.]

29. Enn annars Dags par epter sier Johannes JEsum komande til sijn, og mællte: siaed! par er pad Lambid Guds hvort ed ber Heimsins Synder.

30. Sa er, af hvorium eg sagde ydur: epter mig kiemur Madur, sa fyrer mig var, pviad hann var fyr enn eg.

31. Og eg peckte hann eige, helldur ad hann

yrde

yrde openber j Jsrael, fyrer þvi kom eg ad skijra med Vatne.

32. Og Johannes vitnade, og sagde: eg sa Andann ofann stijga af Himnum j Dwfu Lijke, og hann stadnæmdist yfer honum.

33. Og eg þeckte hann ei, enn sa mig sende ad skijra med Vatne, hann sagde mier: yfer hvorn þu sier Andann nidurstijga, og yfer honum vera, hann er sa sem skijrer med Heilogum Anda.

34. Og eg sa þad, og vitnade, ad sa er Guds Sonur.

35. Enn annars Dags, stod Johannes aptur enn, og tveir af hans Læresveinum.

36. Og sem hann leit JEsum ganga, seiger hann: siaed, þad er Lamb Guds!

III. 37. Og þeir tveir Læresveinar heyrdu hann tala, og filgdu JEsu epter.

38. Enn JEsus snere aptur, og leit þa sier filgiande, og sagde þeim: ad hvorium leited þier? þeir sogdu honum: Rabbi, (hvad ad þydest Meistare) hvar œttu Heima?

39. Hann sagde þeim: komed og siaed. Þeir komu og sau þad, og voru hia honum þann Dag, enn þad var nær tijundu Stundu.

40. Eirn af þessum tveimur, sem heyrde af Johanne, og JEsu epterfilgde, var Andreas Broder Simonar Petri.

41. Hann fann þa œdur sinn Broder Simon,

mon, og sagde til hans: vier hofum funded (c) Messiam (hvad utlegst, Smurdur.)

(c) Messias a Ebreskv, Christur a Griesku, Smurdur a Norrænu, allt hid sama.

42. Og filgde honum til JEsu: þa JEsus leit hann, mællte hann: þu ert Simon Sonur Jonas, þu skallt kallast Cephas, þad wtlegst Hellusteirn.

43. Annars Dags þar epter, villde JEsus ferdast til Galileam, og finnur Philippum og sagde til hans: filg þu mier epter.

44. Enn Philippus var af Bethsaida, ur þeirre Borg Andresar og Peturs.

45. Philippus fann Nathanael, og sagde honum; vier hofum þann funded, um hvorn Moyses *j Logmaalenu og Spaamennerner** hafa skrifad, JEsum Josephs Son af Nazareth. *1B.Mos.49,10. 5B.Mos.18,18.

**Esa.40,10.11. Ezech.34,23. Jer.23,5.6. Dan.9,24.

46. Nathanael sagde til hans: hvad ma af Nazareth gott koma? Philippus sagde honum: kom og sia þad.

47. JEsus sa Nathanael koma til sijn, og sagde af honum: siaed, einn sannann Israelita, i hvorium eingenn Svik eru.

48. Nathanael sagde vid hann: hvar af þecker þu mig? JEsus svarade og sagde til hans: adur enn Philippus kallade a þig, þa þu varst under Fijkiutrienu, sa eg þig.

49. Nathanael svarade og sagde til hans:

Rab-

Rabbi, þu ert Guds Sonur. Þu ert Kongur Israels.

50. JEsus svarade og sagde vid haun: þu truder, af því eg sagde þier, ad eg hefde sied þig under Fikiutrienu, sia muntu enn þessu meira.

51. Og hann sagde honum: sannlega, sannlega segge eg ydur: upp fra þessu munud þier sia Himenenn openn, og Engla Guds stijga upp og ofann yfer Mannsins Son.

II. Capitule.

JEsus (I) fer til Brudkaups: Og (II) hreinsar Mustered.

Gudspialled II. Sunnudag epter þrettanda.

I. Og a þridia Deige vard Brudkaup til Cana j Galilea, og þar var Moder JESU.

2. Enn JEsus var bodenn, og hans Læresveinar, til Brudkaupsins.

3. Og er þa þraut Vijnid, sagde Moder JEsu til hans: þeir hafa eige Vijn.

4. JEsus sagde til hennar: þu Kona, hvad hef eg med þig ad giora? Mijn Stund er ei enn komenn.

5. Moder hans sagde til Þienaranna: hvad hellst haun seiger ydur, þad giored.

6. Enn þar voru sex Vatskier af Steine, sett epter Veniu Gydinganna Hreinsunar, og hvert þeirra tok tvo eda þria (a) Mælera.

(a) Metre-

(a) Metreta j Grisku, tvær Metretæ eru hia oss nockud meira enn ein Ama Vijns.

7. JEsus talade til peirra: Fylled upp Vatskierenn af Vatne, og peir fylltu pau allt a Barma.

8. Og hann sagde peim: ausid nu upp og færed Kiæmeistaranum, og peir færdu honum.

9. Enn pa Kiæmeistarenn smackade Vijned, pad Vatn hafde verid, og visse ecke hvadaun pad kom, enn Pionustumennerner, sem Vatnid jusu, vissu pad, pa kallar Kiæmeistarenn a Brudgumann,

10. Og seiger honum: Aller Menn giefa j firstu pad goda Vijned, og nær peir giorast olvader, pa pad hid liettara; Enn pu hefur geymt hid goda Vijned allt til pessa.

11. Petta er hid firsta Jardteikn pad JEsus giorde, sem skiede j Cana j Galilea, og hann opinnberade sijna Dyrd, og hans Læresveinar trudu a hann.]

II. 12. Par epter for hann ofan til Capernaum, hann og Moder hans, Brædur hans, og Læresveinar, og voru par eige leinge.

13. Pa voru nœlæger Paskar Gydinga. Og JEsus for up til Jerusalem.

14. Og fann j Musterenu sitiande pa sem hofdu til kaups, Naut, Saude, Dufur, og pa sem Umskipte giordu a Peningum.

15. Pa giorde hann sier Svipu af Streingium, og rak pa alla ut af Musterenu, med

Nautum

Nautum og Saudum, og hratt nidur Peningum og Bordum peirra er Umskiptenn giordu,

16. Og sagde vid þa, sem Dwfurnar selldu: bered þier þetta burt hiedann, og giored eige mijns Fodurs Hws ad Soluhusi.

17. Hans Læresveinar hugsudu þa um, hvad skrifad er: *Vandlæting Hwss þijns æt mig. *Psal.69,10.

18. Þa ønsudu Judar og sogdu honum: Hvort Teikn syner þu oss, ad þu meiger þetta giora?

19. JEsus svarade og sagde þeim: Brioted þetta Mustere, enn eg vil a þridia Deige þad uppreisa.

20. Þa sogdu Gydingar: þetta Mustere er uppbygt j sex og fiorutige ær, enn þu villt uppreisa þad a þrem Dogum?

21. Enn hann talade um Mustere sijns Lijkama.

22. Og þa hann var af Dauda uppriſinn, hugleiddu hans Læresveinar, ad hann hafde þetta mællt, og trudu *Ritningunne, og þeim Ordum er JEsus hafde talad.

*Psal.16, 10. 11.

23. Enn sem hann var j Jerusalem a Paaskahætijdenne, þa trudu marger a hans Nafn, þa þeir sau þaug Tækn er hann giorde.

24. Enn JEsus trude þeim eige til sijn, af þvi hann þeckte þa alla.

25. Og þurfte ei vid ad nockur bære af Man-

Mannenum Vitne, þviad hann sialfur visse hvad med Mannenum var.

III. Capitule.

(I) Ræda JEsu vid Nicodemus um Endurfædingena: (II) Ræda Johannis vid Gydinga um JEsum.

Gudspiallid a Trinitatis Sunnudag.

1. Þar var einn Mann a medal Pharisea-na, Nicodemus ad Nafne, hann var einn af Hofdingium Gydinga.

2. Hann kom til JEsu um Nott, og sagde til hans: Meistare, vier vitum ad þu ert eirn Lærefader af Gudi komenn, þviad eingenn gietur giort þaug Tæken sem þu giorer, nema Gud sie med honum.

3. JEsus svarade og sagde til hans: Sann-lega, sannlega seige eg þier, nema so sie, ad nockur verde ad nyu fæddur, hann kann eige ad sia Guds Rijke.

4. Þa sagde Nicodemus til hans: (a) Hvor-nenn kann Madurenn ad fædast þa hann er gamall? eda fær hann stiged aptur j sinnar Modur Kvid og fædst so?

(a) Vor Skilningur, Nattura og Frivilie, etc. veit eckert af Guds Naad og Verkum, ja, hun fæleſt þau og helldur þau fyrer Andstygd, so langt er þad fra ad hun skylde gyrnaſt þau, so sem þesse Texte klærlega bevijsar.

5. JEsus svarade: Sannlega, sannlega seige

eg þier, nema so sie, ad nockur verde fæddur af Vatne og af Anda, þa gietur hann ei jnngeingid j Guds Riike.

6. Hvad af Holldenu er fædt þad er Holld, og hvad af Andanum er fædt þad er Ande.

7. Undrast þu ei, þo eg seige þier, ad ydur byriade ad nyu ad fædast.

8. Vindurenn (b) blæs hvar hann vill, og þu heyrer hans Dyt, enn ei veitstu hvadann hann kiemur, eda hvort hann fer, so er hvor sa sem af Andanum er fæddur.

b) (Blæs) Eins og Vedred heyrest, þa þad blæs og hyrur, og eingenn veit þo hvadann þad kiemur, edur hvort þad fer. So finnur og hvor einn Endurfæddur Guds Anda Krapt j sier, þo ad eige kunne hann ad finna hvornenn ad Endurfædingarennar Verk j sier framkvæmest.

9. Nicodemus svarade og sagde til hans: Hvornenn ma slikt skie?

10. JEsus svarade og sagde til hans: Ertu Meistare j Israel og veitst eige þetta?

11. Sannlega, sannlega seige eg þier, ad vier seigum þad vier vitum, og vitnum þad vier sied hofum, og vort Vitne medtaked þier eige.

12. Og ef þier trued eige þa eg seige ydur af jardneskum Hlutum, hvornenn munud þier trua meiga, ef eg seige ydur af himneskum Hlutum?

13. Og eingenn mun fara til Himna, nema sa

sa sem ofann af Himne hingad er komenn, sem er Mannsins Sonur, sa sem er a Himne.

14. Og so sem Moyses upphafde Hoggormenn j Eydemorku, lijka byriar Mannsins Syne ad upphefiast.

15. Ad aller peir er a hann trua fortapest eige, helldur ad peir hafe eylijst Lijf.]

Gudsp. a II. i Hvita Sunnu.

16. So elskade GUd Heimenn, ad hann gaf ut sinn eingetenn Son til pess, ad aller peir sem a hann trua, fyrerfarest eige, helldur ad peir hafe eylijst Lijf.

17. Pvi eige sende GUd sinn Son j Heimenn ad hann dæmde Heimenn, helldur ad Heimurenn frelsist fyrer hann.

18. Hvor a hann truer, dæmest eige, enn hvor hann truer eige, hann er nu pegar dæmdur, pviad hann trude eige a Nafn eingetins Guds Sonar.

19. Enn pesse er Domurenn: Liosid kom j Heimenn, og Mennerner elskudu meir Myrkred enn Liosed, pvi peirra Verk voru vond.

20. Hvor jlla giorer, sa hatar Liosid, hann kiemur og eige til Liossins, ad eige straffest hans Verk.

21. Enn hvor Sannleikenn giorer, hann kiemur til Liossins, so ad hans Giorder verde augliosar, pviad pær eru j GUde giordar.]

II. 22. Epter petta kom JEsus og hans Læresveinar til Gydingalands, og hafde sitt Adsetur par hia peim og skijrde.

23. Enn Johannes skijrde og so vid Enon nærre Salim, þviad þar voru Votn morg, þeir komu þangad, og lietu skijra sig.

24. Þviad Johannes var eige þa jnn lœ-tenn j Mirkvastofu.

25. Enn þa hoofst ein Spurning af Læ-resveinum Johannis vid Gydinga, um Hreins-unena.

26. Og þeir komu til Johannem, og sogdu honum: Meistare, sa sem hia þier var hinu-meigenn Jordanar, af hverium þu barst Vitne, sie, hann skijrer, og hver Madur kiemur til hans.

27. Johannes svarade og sagde: Madur fær ei medtekid nockud, nema honum verde þad af Himnum giefid.

28. Þier erud sialfer mijn Vitne, þad eg sagde, ad eg være ei Christur, helldur þad eg være fyrer honum sendur.

29. Hver ed Brudena hefur, sa er Brud-gumenn, enn Vinur Brudgumans er sa sem stendur og hlyder honum, og gledur sig yfer Brudgumans Rodd, sa same minn Fegnu-dur er nu uppfylldur.

30. Honum ber ad vaxa, enn mier ad mijnka.

31. Sa sem ad ofan kiemur, hann er yfer ollum, hver hann er af Jordu, hann er af Jordu, og um Jordena talar hann, enn sa sem kiemur af Himne, hann er yfer ollum.

32. Og

32. Og hvad hann sa og heyrde, pad vitnar hann, og eingenn tekur hans Vitnisburd.

33. Enn hvor hann medtekur, sa (c) innsiglar pad, ad GUD sie sannur.

(c) (Innsiglar) pad er, hann sinnur til pess, so sem ein Innsigle prickt j sitt Hiarta, sem er Trueur, ad GUD er sannordur, og hann vidurkienner og vottar pad eirneun utvortis, so sem hann seiger j siunda Cap. Ef nockur vill giora minns Fodurs Vilia, hann mun formerkia, hvort pesse Lærdomur er af GUde.

34. Pvi hann sem GUD sender, sa talar Guds Ord, pviad eige giefur GUD Anda af (d) Skamte.

(d) (Skamte) aller adrer Menn fa Guds Anda Gæfur, af vissum ætlettum Skamte, enn Guds Sonur hefur odlast Heilags Anda Gæfur, an Enda og Maata. Heb. 1, 9. Coloss. 2, 9.

35. Faderenn elskar Sonenn, og allt gaf hann j hans Hendur.

36. Hvor hann truer a Sonenn, sa hefur eylijst Lijf, enn hvor hann truer ecke a Sonenn, hann mun eige sia Lijfid, helldur blijfur Guds Reide yfer honum.

IV. Capitule.

JEsus (I) talar vid eina Samaritaniska Konu, og (II) læknar Son pess Konunglega Manns er var siukur.

I. Enn pa Drottenn fornam nu, ad Pharisei hofdu heyrt, pad JEsus giorde fleyre Læresveina enn Johannes, og skirde,

2. (Þott JEsus skijrde ei sialfur, helldur hans Læresveinar.)

3. Þa forliet hann Gydingaland, og for aptur til Galileam.

4. Enn hann þatte ad reisa um Samariam.

5. Þa kom hann j eina Samverska Borg, þa Sichar heiter, nærre þvi Akurlende, er * Jacob gaf Syne sijnum Joseph.

*1B.Mos.33,19. 1B.Mos.48,22. Jos.24,32.

6. Og þar var Brunnur Jacobs. Sem JEsus var nu ordenn vegmodur, þa sat hann a Brunnenum, þad var nærre um siottu Stund.

7. Þa kom ein Kona ut af Samaria Vatn ad ausa. JEsus sagde til hennar: gief þu mier ad drecka.

8. Þvi hans Læresveinar voru geingner jnn j Borgena Fædslu ad kaupa.

9. Þa seiger su Samverska Konann til hans: hvornenn beider þu mig dryckiar, þar þu ert eirn Jude, enn eg em ein Samverst Kona? þviad ecke hafa Judar neina Umgeingne med Samverskum Mønnum.

10. JEsus svarade og sagde til hennar: ef þu þeckter Guds Giof, og hver hann være, sa þier seiger: gief mier ad drecka, þa beidder þu hann, og hann giæfe þier lifande Vatn.

11. Þa sagde Konann til hans: Herra, þu hefur eige þad sem þu gietur ausid med, enn hæatt

hœtt er ofann j Brunnenn, eda hvadann hefur þu þad lifande Vatn?

12. Edur ertu meire Fodur vorum Jacob, sa ed gaf oss þennann Brunn? hann dræck af honum og Born hans, og hans Fienadur.

13. JEsus svarade og sagde henne: Hvor sem dreckur af þessu Vatne, hann þyrster aptur.

14. Enn hvor hann dreckur af þvi Vatne, sem eg mun giefa honum, hann skal ey þyrsta eylijflega, helldur þad Vatn, sem eg gief honum, mun verda j honum Vatns Brunnur, sem flytur til eylijfs Lijfs.

15. Konann sagde til hans: HErra, gief mier þetta Vatn, so mig þyrste ei, og ad eg skule ei koma hingad til Vatnsaustrar.

16. JEsus sagde til hennar: Far þu, og kalla a Mann þinn og kom hingad.

17. Konann svarade og sagde: eige hef eg Mann, JEsus sagde til hennar: Þu seiger riett, eige hef eg Mann.

18. Þviad þu hefur fimm Menn haft, og þann þu hefur nu, er eige þinn Madur, þetta sagder þu satt.

19. Konann sagde til hans: HErra, eg sie ad þu ert eirn Spœmadur.

20. Fedur vorer hafa a þessu Fialle tilbeded, enn þier seiged, til Jerusalem sie sa Stadur þar menn eige ad tilbidia.

21. JEsus sagde henne: Kona, tru mier, su stund kiemur, ad hvorke a pessu Fialle, nie til Jerusalem munu peir tilbidia Fodurenn.

22. Pier tilbidied pad pier vited ei, enn vier vitum hvad vier tilbidium, pviad Heillenn er af Judum.

23. Enn sa Tijme kiemur, og er nu pegar, ad sanner Tilbidiendur munu tilbidia Fodurenn j Anda og Sannleika, af pvi, ad Faderenn vill hafa pa, er hann so tilbidia.

24. Gud er Ande, og hvorier hann tilbidia, peir skulu tilbidia hann j Anda og Sannleika.

25. Konann sagde til hans: Eg veit ad Messias kiemur, sa sem Christur kallast, og nær hann kiemur, pa mun hann undervijsa oss allt.

26. JEsus sagde henne: Eg em hann, sa sem vid pig talar.

27. Og j pvi Bile komu hans Læresveinar ad, og undrudust pvi hann talade vid eina Kvinnu. Po sagde eingenn: ad hvoriu spyr pu, edur hvad mæler pu (a) vid hana.

(a) (Vid hana) sem er ein Samversk og Heidenn Kona.

28. Enn Konann skildest par vid sijna Krvos, og gieck inn j Stadenn, og sagde til Folksins:

29. Komed og siaed eirn Mann, er mier sagde allt pad eg hefe giort, hvort ad hann er eige Christur.

30. Pa

30. Þa geingu þeir vt af Stadnum, og komu til hans.

31. Enn þess a mille minntu hans Læresveinar hann a og sogdu: Rabbi, neyt þu.

32. Enn hann sagde til þeirra: eg hefe þa (b) Fædu til ad neyta, af hvorre þier vited eige.

(b) (Fædu) hans Fæda er ad giora Vilia Fodursins, enn Fodursins Vilie er, ad Evangelium skule epter hans Pijnu predikad verda j ollum Heimenum; þad var nu nalægt, eins og Kornskieru-Tijmenn var j þann Tijd nalægur.

33. Þa sogdu Læresveinarner sijn a mille: eda hefur nockur fært honum ad eta?

34. JEsus sagde til þeirra: minn Matur er sa, ad eg gisre hans Vilia þess er mig hefur sendt, og fullkomne hans Verk.

35. Seiged þier eige sialfer, ad þad eru enn fiorer Manuder, þa kiemur Kornskierutijmenn; sie, eg seige ydur: lijted upp Augum ydar, og siaed Akurlondenn, þad þau eru nu þegar hvijt til Kornskurdarens.

36. Og hver sem uppvinnur, sa tekur Laun, og safnar Avexte til eylijfs Lijfs. So ad þar gledie sig hver med odrum, soa sem sæer, og sa er uppvinnur.

37. Þvi sannast hier þad Ord-tak, ad annar sie sa sem sæer, enn annar sa sem uppvinnur.

38. Eg sende ydur upp, ad vinna þad þier erfidudud ecke, (c) adrer hafa erfidad, og þier erud komner jnn j þeirra Erfide.

(c) (Adrer) Spæmennerner hafa nidur sæd. 1 Pet. 1 Cap. Peir giordu þad eige fyrer sialfa sig, helldur fyrer oss.

39. Marger Samversker Menn af þeim sama Stad trudu a hann, fyrer Konunnar Ord, er so vitnade: hann sagde mier allt hvad eg giort hafde.

40. Enn þa hiner Samverskv voru til hans komner, bædu þeir hann, ad hann være hia þeim, og hann var þar tvo Daga.

41. Og miklu fleyre trudu fyrer hans Ord,

42. Og sogdu til Konunnar: ei truum vier nu framar fyrer þijn Ord, þviad vier sialfer heyrdum, og vitum, ad þesse er sannarlega Christur Lausnare Heimsins.

II. 43. Enn tveimur Dogum þar epter, for hann þadann, og reiste til Galileam.

44. Þviad JEsus vitnade þad sialfur, ad eirn Spæmadur er j engvu Gilde a sijnu eigenn Fodurlande.

45. Þa hann kom j Galileam, medtoku hann Galileiskir Menn, sem sied hofdu allt þad hann giorde til Jerusalem a Hæatijdinne, þvi þeir hofdu og komed til Hæatijdardagsins.

46. Og JEsus kom aptur til Cana j Galilea, þar hann hafde giort Vatn ad Vijne.

Gudspialled XXI. Sunnudag epter Trinitatis.

Og þar var eirn Konunglegur Madur, hvors Sonur ad lá siukur til Capernaum.

47. Þesse

47. Þesse heyrde, ad JEsus var komenn af Gydingalande j Galileam, og for til hans, og bad hann, ad hann fære ofann og hialpade Syne hans, þviad hann væredaudsiukur.

48. Og JEsus sagde til hans: þegar þier siaed ecke Teikn og Stormerke, þa trued þier ei.

49. Þa sagde sa Konunglege Madur til hans: HErra, far ofann adur enn mitt Barn andast.

50. JEsus sagde honum: far þu, Sonur þinn lifer, og Madurenn trude þvi Orde er JEsus sagde honum, og gieck þadann.

51. Enn j þvi hann for ofanepter, mættu hans Þienarar honum, og kunngiordu honum seigiande: þitt Barn lifer.

52. Þa spurde hann upp þann Tijma af þeim, a hvorium honum hefde batnad. Og þeir sogdu honum: j giær um sioundu Stund yfergaf Kaldann hann.

53. Þa formerkte Faderenn ad þad var um þann Tijma, a hvorium JEsus sagde honum: Sonur þinn lifer. Og hann trude, og allt hans Hvs.]

54. Þetta er nu þad annad Jarteikn, er JEsus giorde, þa hann kom af Gydingalande til Galileam.

V. Capitule.

JEsus (I) læknar einn, sem hafde verid siukur i 38 Aar; og (II) forsvarar þetta sitt Verk.

1. Epter þad var ein Hatijd Gydinga, og JEsus for upp til Jerusalem.

2. Enn j Jerusalem hia Fiarhusunum er eitt Vatnsdijke, sem kallast a Ebresku (a) Bethesda, hafande fimm Forbyrge.

(a) (Bethesda) merker eitt Hospital j hvorju fatæku Folke er gjort til goda, og kiemur af þvi Orde Hesed, þad er Almusa edur Miskun, og var þetta fatækra Manna Hus hia þvi Dijke sem þeir Sauder voru geymder sem offrast skylldu, og þeir enu Siuku væntu sier þessa Velgiornings j Dijkenu.

3. J þeim log mikel fiolde siukra Manna, Blindra, Halltra, Visnadra, bijdande epter Vatnsins Hræring.

4. Þviad Eingell stje ofann j tilsettann Tijma i Dijked, og hrærde upp Vatned, hvor sem nu fyrstur stje þar ofann j epter Vatnsins Hræring, sa vard heill, af hverre Sott sem hann var halldenn.

5. Þar var eirn sa Madur, sem þriatijger og atta Aar hafde siukur leiged.

6. Þa JEsus leit hennan liggiande, og fornam, ad hann hafde so leinge leiged, seiger hann til hans: vilttu heilbrigdur verda?

7. Hinn Siuke svarade honum: HErra, eg hefe ei neinn Mann, þa Vatnid hræveſt, ad later mig j Dijked, þvi nær eg kiem ad, þa stijgur annar fyrre jnn enn eg.

8. JEsus sagde til hans: Rijs upp, tak Sæng þijna, og gack burt!

9. Og

9. Og straz vard sa Madur heilbrigdur, og tok sijna Sæng og gieck padann, enn sa same Dagur var Sabbathsdagur.

10. Pa sogdu Gydingar honum sem heilbrigdur var ordenn: pad er j Dag Sabbathsdagur, eige hæfer pier ad bera Sængina.

11. Hann svarade peim: sa mig heilann giorde, hann sagde mier: tak Sæng pijna og gack burt.

12. Pa spurdu peir hann ad: hver er sa Madur, er pier sagde: tak Sæng pijna og gack?

13. Enn sa sem heilbrigdur var ordenn visse eige hver hann var, pviad JEsus hafde viked j burt fra Folkenu sem par var j peim Stad.

II. 14. Epter pad hitte JEsus hann j Musterenu, og sagde til hans: sie, nu ertu heill ordenn, syndga nu ei framarmeir, so ad pig hende eige eitthvad verra.

15. Sa Madur for og undervijsade Gydingum, ad pad være JEsus, sem hann hefde giort heilann.

16. Par fyrer offoktu Gydingar JEsum, og leitudust vid ad deyda hann, af pvi ad hann giorde petta a Sabbathsdeige.

17. JEsus svarade peim: Fader minn (b) verkar allt hingad til, eg verka og.

(b) (Verkar) pad er, minn Fader helldur ecke Sabbathsdagenn, pvi helld eg hann ecke helldur, helldur erfida eg jafnlega, eins og minn Fader.

18. Enn fyrer þetta soktu Gydingar meir til ad deyda hann, þviad hann braut eige einasta Sabbathed, helldur sagde og so, ad Gud være sinn Fader, gisrande sig sialfanu Gude jafnann.

19. JEsus svarade og sagde til þeirra: sannlega, sannlega seige eg ydur, Sonurenn fær eckert af sialfum sier giort, nema þad hann sier Fodurenn giora, þviad hvad hellst hann gisrer, þad gisrer og eins lijka Sonurenn.

20. Þvi Faderenn elskar Sonenn, og syner honum allt þad hann gisrer, og enn mun hann syna honum onnur Verk meire, so þier munud undrast.

21. Þviad, so sem Faderinn uppvekur Dauda, og lijfgar, so lijfgar og Sonurenn þa sem hann vill.

22. Þvi eige dæmer Faderenn nockurn, helldur gaf hann Synenum allann Dom.

23. Ad aller heidre Sonenn, so sem þeir heidra Fodurenn; hvor hann heidrar ei Sonenn, sa heidrar ei Fodurenn, sem hann sende.

24. Sannlega, sannlega seige eg ydur: hvor mijn Ord heyrer og truer þeim, sem mig sende, sa hefur eylijft Lijf, og ei kiemur hann j Dom, helldur hefur hann þreyngst j giegnum fra Daudanum til Lijfsins.

25. Sannlega, sannlega seige eg ydur, ad su Stund kiemur, og er nu allareidu, þad

Dau-

Dauder munu heyra Rodd Guds Sonar, og þeir sem hana heyra munu lifa.

26. Þviad lijka sem Faderenn hefur Lijfid j sialfum sier, so gaf hann Synenum ad hafa Lijf j sier sialfum.

27. Hann gaf honum og Vald til ad halda Dom, af þvi, ad hann er (c) Mannsins Sonur.

(c) (Mannsins Sonur) Domurenn skal openberlega fyrer ollum Monnum halldenn vera, þar fyrer skal Domarenn og so vera Madur, sem sien kann ad verda, og þo eirnenn saunur Gud, med þvi hann skal eignast Guds Domstol.

28. Eige skulud þier undrast þetta, þviad su Stund mun koma, oc hvorre, þad aller þeir sem j Grofunum eru, skulu heyra hans Rodd.

29. Og þeir munu þa frammganga, sem gott giordu, til Lijfsins Uppriſu, enn þeir sem illa giordu, til Doms Uppriſu.

30. Eige kann eg af mier sialfum ad giora nockud, eins og eg heyrde, so dæme eg, og minn Domur er riettur, þviad eg leita eige mijns Vilia, helldur Fodurſins Vilia, þeſs er mig sende.

31. Ef eg ber mier sialfum Vitne, þa er mitt Vitne ecke satt.

32. Þar er annar sem af mier ber Vitne, og eg veit ad hans Vitne er satt, þad hann ber af mier.

33. Þier

33. Þier sendud til Johannem, og hann bar af Sannleikanum Vitne.

34. Enn eg tek eige Vitne af Monnum, heldur seige eg þetta, uppa þad þier hialpest.

35. Hann var eitt logande og skijnande Lios, enn þier villdud skamma Stund glediast af hans Liose.

36. Eg hefe enn meira Vitne enn Johannis Vitne, þviad þau Verk sem Faderenn gaf mier, ad eg fullkomne, þau somu Verkenn sem eg giore, bera mier Vitne, þad Faderenn hafe mig sendt.

37. Og Faderenn sa sem mig sende, hann sialfur bar mier Vitne, eige hafed þier nockurn Tijma heyrt hans Rodd, nie sied hans Mind.

38. Og hans Ord hafed þier ei j ydur bwande, þviad þeim hann sende, trued þier eige.

39. Rannsaked Ritningena, þviad þier meined ydur j henne ad hafa eylifst Lijf, og hun er su, hvor af mier ber Vitne.

40. Og ei vilied þier koma til mijn, so ad þier hafed Lijfed.

41. Eg tek ongva Dyrd af Monnum.

42. Enn eg þecke ydur, ad þier hafed eige Guds Elsku j ydur.

43. Eg kom j mijns Fodurs Nafne, og þier medtaked mig eige, ef annar kiemur j sijnu eigenn Nafne, þann medtaked þier.

44. Hvernenn meiged þier trua, þar sem þier

þier taked jnnbyrdis Dyrd hver af odrum? og þa Dyrd sem af sialfum Ædre er, he mar leited þier eige.

45. Eige skulud þier þad meina, ad eg mune klaga ydur fyrer Fodurnum, þar er einn sem ydur klagar, Moyses, a hvorn þier voned.

46. Ef þier trydud Moysi, so trydud þier og mier, þviad af mier skrifade hann. *Enn ef þier trued eige hans Skrife, hvornenn meiged þier þa mijnum Ordum trua?

*1B. Mos. 3, 15. Cap. 22, 18. Cap. 49, 10. 5 B. Mos. 18, 15.

VI. Capitule.

JEsus (I) fæder 5000 Manna: (II) Gengur a Sionum: (III) Ræder vid sijna Læresveina um þa Fædu sem duger til eylifs Lifs.

Gudspialled a Sunnud. j Midfostu.

I. Epter þad for JEsus burt, yfer um Sio-enn hia Stadnum Tiberias j Galilæa.

2. Og mikell Mannfiolde filgde honum epter, af þvi þeir sau þaug Teikn er hann giorde a Siukum.

3. JEsus gieck þa uppa eitt Fiall, og setteft þar med sijnum Læresveinum.

4. Og þa var og Paska Hatijd Gydinga nalæg.

5. JEsus hoof þa upp sijn Augu, og sa ad margt Folk dreif ad honum, þa sagde hann vid Philippum: Hvar kaupum vier Braud, þad þesser neyte?

6. Enn

6. Enn þetta sagde hann af því, ad hann vilde reyna hann, þviad hann visse vel hvad hann vilde gisra.

7. Philippus svarade honum: Braud fyrer Tvshundrud Peninga, nægest þeim ei, so ad hvor eirn fæe nockud lijtid.

8. Þa sagde honum eirn af hans Læresveinum, Andreas Broder Simonar Petri:

9. Hier er eirn lijtell Pilltur, sa hefur fimm Byggbraud og tvo Fiska.

10. Enn hvad er þad a medal so margra? Þa sagde JEsus: skicked Folkenu j Sætenn. Þar var j þeim stad miked Gras, þa settust nidur nær Fimm Þusunder Manns.

11. JEsus tok Braudenn og giorde þacker, og fieck sijnum Læresveinum, enn Læresveinarner feingu þeim sem nidur hofdu sest. Lijka eirnenn af Fiskunum so mikid sem hann vilde.

12. Enn þa þeir voru metter, sagde hann til sinna Læresveina: safned samann þær Leifar sem afganga, so eckert spillest.

13. Enn þeir sofnudu samann og fylltu upp tolf Karfer med þessar Leifar af fimm Byggbraudum, sem þeir leifdu er Mat hofdu feinged.

14. Þa Menn. sogu þad, ad JEsus giorde þetta Teikn, sogdu þeir: Þesse er sannarlega sa Spaamadur sem j Heimenn skal koma.

15. Enn þa JEsus formerkte, ad þeir mundu

mundu koma ad grijpa hann, og gióra hann ad Konge, flyde hann eirn upp aptur a Fialled.]

II. 16. Ad Kvollde geingu hans Læresveinar ofan til Siafar,

17. Og stigu a Skip, og komu yferum Sioenn til Capernaum, og þa var þegar mirkt ordid. JEsus var þa eige komenn til peirra.

18. Enn Siorenn tok ad æsast upp af miklu Vedre.

19. Peir hofdu þa roed fimm og tuttugu, edur þrioatijger Akraleingder, þa sau peir JEsum ganganda a Sionum, og komenn nær Skipenu, peir ottudust þa.

20. Enn hann sagde til peirra: eg em þad, ottest þier eige.

21. Þa villdu peir hafa teked hann jnn a Skiped, og jafnsnart var Skiped komed ad þvi Lande, sem peir forn til.

III. 22. Annann Dag epter, sa Folked, sem hinumeigenn Siafarens stod, ad eige var þar annad Skip til, nema þad eina sem hans Læresveinar hofdu astijgid, og JEsus hafde ei sialfur stijgid a þad Skip med sijnum Læresveinum, helldur voru hans Læresveinar einer af stad farner.

23. Þar komu og yfer um onnur Skip fra Tiberias, hart nær peim Stad, sem peir hofdu Braudenn eted fyrer Herrans Þackargiord.

24. Og

24. Og þa Folkid sa nu, ad JEsus var eige þar, og eige helldur hans Læresveinar, stie þad a Skipenn, kom til Capernaum, og leitade ad JESU.

25. Og þa þeir hofdu funded hann hinumeigenn Siafarins, sogdu þeir til hans: Rabbi, nær komstu hingad?

26. JEsus svarade þeim og sagde: sannlega, sannlega seige eg ydur: þier leitid mijn eige af þvi, ad þier sæud Teiknenn, helldur af þvi ad þier neyttud af Braudunum, og urdud sadder.

27. (a) Verkid Fædu, ecke þeirrar sem forgeingur, helldur þeirrar sem stodug blijfur til eylijfs Lijfs, hvoria ad Mannsins Sonur mun giefa ydur, þviad GUd Fader hefur hann (b) jnnsiglad.

(a) (Verked) umgangest med soddan Fædu.

(b) (Jnsiglad) hann bigasade hann og utbio med Heilogum Anda, so ad hann alleina er giefenn, og settur ollum til Meistara, og Hialpara, epter hvorium aller eiga ad haga og hegda sier.

28. Þa sogdu þeir til hans: hvad skulum vier þa giora so vier giorum Guds Verk?

29. JEsus svarade og sagde þeim: þad eru Guds Verk, ad þier trued a hann, þann hann sende.

30. Þa sogdu þeir til hans: hvad giorer þu fyrer Teikn, so ad vier siaum, og truum þier? hvad giorer þu?

31. Fe-

31. Fedur vorer ætu Manna j Eydemork-
u, sem skrifad stendur: * hann gaf peim ad eta
Braud af Himne.

* 2B.Mos.16,15. 4 B.Mos.11,7.
Psal.78,24.25.

32. Pa sagde JEsus til peirra: sannlega,
sannlega segie eg ydur, ad ei gaf Moyses ydur
Braud af Himne, helldur giefur Fader minn
ydur pad rietta Braud af Himne.

33. Pvi pad er Guds Braud sem kiemur
af Himne, og Heimenum giefur Lijf.

34. Peir sogdu pa vid hann: HErra, gief
pu oss jafnann petta Braud.

35. Enn JEsus sagde til peirra: eg em Lijf-
sins Braud, hver hann kiemur til mijn, pann
mun ei hungra, og sa hann truer a mig, hann
mun alldrei pyrsta.

36. Enn eg hefe sagt ydur, pad pier hafed
mig sienann, og trued po eige.

37. Allt hvad minn Fader giefur mier, pad
kiemur til mijn, og hvorn pann sem til mijn
kiemur, hann mun eg eige utreka.

38. Pviad eg er komenn af Himne, ei up-
pa pad, ad eg giore minn Vilia, helldur hans
sem mig sende.

39. Petta er Fodursins Vilie, pess er mig
sende, ad eg glate engvu, af ollu pvi sem hann
gaf mier, helldur skal eg uppvekia pad a essta
Deige.

40. Enn

40. Enn þad er Vilie þess er mig sende, ad hvor sa sem Sonenn sier, og truer a hann, hafe eylijft Lijf. Og eg mun uppvekia hann a efsta Deige.

41. Þa mogludu Judar yfer þvi, þad hann sagde: eg em þad Braud, hvort ed ofann kom af Himne.

42. Og þeir sogdu: er eige JEsus þesse Sonur Josephs, hvors ad vier þeckium bæde Fodur og Modur? hvornenn seiger hann þa, þad eg em komenn af Hiinne?

43. JEsus svarade og sagde til þeirra: mogled ei jnnbyrdis.

44. Eingenn fær til mijn komed, nema so sie, ad Faderenn, sem mig sende, drage hann, og eg mun uppvekia hann a efsta Deige.

45. So er skrifad j Spaamanna Bokum, ad *þeir munu aller verda af Gude lærder. Hvor hellst nu heyrer af Fodurnum, og lærer þad, sa kiemur til mijn.

* Esa.54,13. Jer.31,33.

46. Eige þad, ad nockur hafe Fodurenn sienann, nema sa sem er af Gude, hann hefur sied Fodurenn.

47. Sannlega, sannlega seige eg ydur: hvor sem a mig truer, hann hefur eylijft Lijf.

48. Eg em Lijfsins Braud.

49. *Fedur ydar aatu Manna j Eydemorku, og eru dauder.

* 2B.Mos.16,15.

50. Pet-

50. Þetta er þad Braud sem kiemur af Himne, so ad hvor sem etur af því, hann deyr ei.

51. Eg em þad lifanda Braud, sem af Himne kom, hvor sem etur af þessu Braude, sa lifer eylijflega, og þad Braud sem eg mun giefa er mitt Hollð, hvort eg mun giefa fyrer Lijf Veralldarennar.

52. Judar þrættudu þa sijn a mille, so seigiande: hvornenn fær þesse giefid oss sitt Hollð ad eta?

53. JEsus sagde til þeirra: sannlega, sannlega seige eg ydur, nema ef þier eted Hollð Mannsins Sonar, og drecked hans Blod, þa hafed þier ey Lijfed j ydur.

54. Hvor hann etur mitt Hollð, og dreckur mitt Blod; sa hefur eylijft Lijf, og eg mun uppvekia hann a efsta Deige.

55. Því mitt Hollð er sønn Fæda, og mitt Blod er sannur Dryckur.

56. Hvor hann etur mitt Hollð og dreckur mitt Blod, sa blijfur j mier, og eg j honum.

57. Lijka sem ad mig sende sa lifande Fader, og eg life saker Fodursins, so og hvor hann etur mig, sa mun og lifa fyrer mijnar Saker.

58. Þetta er þad Braud sem af Himne komid er, eige so sem þad ydar Fedur oatu Manna, og eru dauder, hvor hann etur þetta Braud, sa lifer ad Eylijfu.

59. Þetta

59. Þetta sagde hann j Samkunduhusenu þa hann kiennde til Capernaum.

60. Enn marger af hans Læresveinum, þa þeir nu þetta heyrdu, sogdu: Hord er þesse Ræda, hvor kann henne ad heyra?

61. Enn er JEsus visse med sialfum sier, ad hans Læresveinar mogludu af þessu, þa sagde hann til þeirra: hneixlar ydur þetta?

62. (c) Hvad mun þa, þegar þier siaed Mannsins Son uppstijga þangad sem hann var fyrr?

(c) (Hvad) Hneixle þad ydur sem eg nu tala a Jordunne, hvad vill þa verda, þegar eg mun Stiorna a Himnum, og framnfilgia og fullkomna þad, so sem eg hefe talad.

63. Andenn er sa er lijfgar, Holdsed er til einskis Neytt, þau Ord er eg tala, þau eru Ande og þau eru Lijf.

64. Enn nockrer eru þeir af ydur hvorier ei trua. Þviad JEsus visse af Upphafe, hvorier eige voru Truader, og hvor sa var er hann munde svijkia.

65. Og hann sagde: fyrer þvi sagde eg ydur, þad eingenn fær til min komid, nema ad honum sie þad giefid af mijnum Fodur.

66. Epter þad geingu marger af hans Læresveinum aptur til baka, og geingu eige leingur þadann af med honum.

67. Þa sagde JEsus til þeirra Tolf: Vilied þier og fraganga?

68. Enn honum svarade Simon Petrus:

Herra

Herra, til hvors skulum vær fara? Þu hefur Ord eylifs Lifs.

69. Og viert trudum og skildum, þad þu ert Christur, Sonur GUds lifanda.

70. JEsus svarade þeim: Hef eg eige utvaled ydur Tolf? Og ekrn af ydur er Diofull.

71. Enn hann sagde af Juda Simonis Iscarioth; Því hann sveik hann sijdann, og var eirn af tolf.

VII. Capitule.

JEsus (I) fer up til Musteresins og (II) Predikar i Musterenu.

1. Epter þad ferdadest JEsus umkring j Galilea, þviad hann villde ei ferdast umkring j Judea, af því ad Gydingar villdu j hel sla hann.

2. Þa var og nœalæg Hœatijd Gydinga, sem var Laufskœalanna Tilbunadur.

3. Brœdur hans sogdu þa til hans: Tak þig upp og gack til Judalands, so ad þijner Lœreisveinar siae eirnenn þau Verk er þu giorer.

4. Þviad sannlega giorer eingenn sa nockud leynilega, sem sialfur hann epter leitar kunnur ad verda. Ef þu giorer þad, þa opinbera þu þig fyrer Heimenum.

5. Því hans Brœdur trudu ei helldur a hann.

6. JEsus sagde þa til þeirra: Minn Tijme er enn eige komenn, en ydar Tijme er jafnan.

7. Heimurenn fær ydur ei hatad, enn mig hatar hann, þviad eg ber Vitnisburd af honum, þad hans Verk eru vond.

8. Farid þier upp til þessarar Hœtijdar, eg vil enn ei fara upp til þessarar Hœtijdar, þviad minn Tijme er enn eige uppfylldur.

9. Enn þa hann hafde sagt þeim þetta, vard hann epter j Galilea.

10. Nu sem hans Brœdur voru uppfarner, þa for hann og sialfur upp til Hœtijdarennar, eige opinberlega, helldur so sem a laun.

11. Judar leitudu þa ad honum um Hœtijdena, og sogdu: Hvar er hann?

12. Og mikell Krytur var j Lydnum um hann. Sumer sogdu: Godur er hann, enn adrer sogdu: Nei, helldur leider hann Lydenn afvega.

13. Enn eingenn talade þo bert um hann, fyrer Hrœdslu saker vid Gydinga.

14. Enn ad halfnadre Hœtijdenne, stie JEsus upp j Musterid, og kiende.

15. Judar undrudust, so seigiande: Hvornenn kann þesse Ritningarnar, med því ad hann lærde þær ei?

II. 16. JEsus svarade þeim og sagde: Minn Lærdomur er ei minn, helldur hans er mig sende.

17. Ef sa er nockur sem giora vill hanns Vilia, hann reynir hvort þesse Lærdomur er af Gude, eda hvort eg tala af sialfum mier.

18. Hver

18. Hvor sem af sialfum sier talar, sa leitar sinnar eigenn Dyrdar, enn hvor hann leitar þess Dyrdar sem hann sende, hann er sannordur, og eckert Raanglæte er med honum.

19. Gaf Moyses ydur ei * Log, og eingenn ydar (a) helldur Logenn? edur þvi sæked þier epter ad lijfloata mig?

*2B.Mos.20,2. Cap.24,3.

(a) (Helldur) Fullkomnar, Rom.8. Þad sem Logmaalenn var omegulegt, og c. sup.5,18.

20. Lydurenn svarade og sagde: Diofulenn hefur þu, hvor sæker ad lijfloata þig?

21. JEsus svarade og sagde: eitt Verk gierda eg, og þad undrest þier aller.

22. Moyses gaf ydur þvi * Umskurnena, eige þad hun være af Moyse komenn, helldur af ** Forfedrunum, og þo umskiered þier Mannenn a (b) Sabbathsdeige.

*3B.Mos.12,3. **1B.Mos.17,10.

(b) (Sabbathsdeige) ad hallda Sabbathed er Mosis Logmaal, ad umskiera er Fedranna Logmaal, nu er hier hvort a mote odru, þegar nockur lætur sig umskiera a Sabbaths Deige, og þad eina hlytur so ad vijkia fyrer odru, þar fyrer er ecke Logmaalsins fullusta komenn under Bokstafnum, helldur j Andanum.

23. Nu ef Madurenn medtekur Umskurnena a Sabbathsdeige, so ad eige brioteſt Moysis Logmal, enn þier reideſt þo vid mig,

þad eg giorde allann Mannenn heilann a Sabbathsdeige.

24. Þier skulud eige dæma epter Aasynd, helldur dæmed riettann Dom.

25. Þa sogdu nockrer af Jerusalem: er þad ecke sa sem þeir soktu til ad lijflœta?

26. Siaed, nu talar hann openberlega, og þeir seigia eckert til hans: eda vita vorer Hofdingiar þad vijst, ad þesse er sannur Christur?

27. Enn vier vitum þo hvadann hann er, enn þa Christur kiemur, veit eingenn hvadann hann er.

28. Þa kallade JEsus j Musterenu kiennande, og seigiande: þier þecked mig og vited hvadann eg em, og eg kom eige af sialfum mier, helldur er hann sannordur, sa mig sende, hvorn þier þecked ei.

29. Enn eg þecke hann, þviad eg em af honum, og hann hefur utsendt mig.

30. Þa soktu þeir epter ad grijpa hann, enn eingenn lagde þo Hendur a hann, þviad eige var hans Tijme enn komenn.

31. Enn margt af Folkenu trude a hann og sogdu: þa Christur kiemur, mun hann giora nockud fleyre Teikn enn þesse giorer?

32. Og þad kom fyrer Phariseana, ad Folked krytte þetta um hann, þa sendu Prestahofdingiar og Pharisei Þienara ut, ad þeir handtæke hann.

33. JE-

33. JEsus sagde til peirra: litla Stund em eg enn hia ydur, og þa fer eg til hans sem mig sende.

34. Þier munud leita mijn, og finna mig ei, og þar sem eg er, þangad faed þier eige ad koma.

35. Þa sogdu Gydingar sijn a mille: hvert vill hann fara so vier finnum hann ecke? eda vill hann ganga medal Grickia, sem hingad og þangad sundurdreifder liggia, og kienna Grickium?

36. Hvad fyrer Ræda er þad sem hann sagde? þier leited mijn og finned ecke, og þar sem eg er, þangad faed þier eige ad koma.

37. Enn a sidarsta Deige Hœatijdarennar, sem var veglegastur, gieck JEsus upp, og kallade, so seigiande: ef nockurn þyrster, kome hann til mijn, og drecke.

38. Hvor hann truer a mig, so sem Ritningenn seiger, * af hans Kvide skulu frammfliota Straumar lifanda Vatns.

* Esa. 44, 3. - Joel 2, 28.

39. Enn þetta sagde hann um þann Anda, hvorn þeir skylldu medtaka, sem a hann trydu, þvi Heilagur Ande var þar ei enn, þviad JEsus var enn eige auglystur.

40. Og marger af Lydnum, sem heyrdu þessa haus Rædu, sogdu: þesse er sannur Spœmadur.

41. Adrer sogdu: Hann er Christur: enn sumer sogdu: skal Christur nockud koma af Galilea?

42. Seiger eige Ritninginn, ad Christur kome af Davids Sæde, og vr Stadnum * Bethlehem, par sem David var?

* Mich. 5, 2.

43. So vard ein Tvidrægne med Folkenu um hann.

44. Enn nockrer af peim villdu hafa gripid hann, enn eingenn lagde po Hendur a hann.

45. Pienararner komu aptur til peirra yppurstu Presta og Phariseanna, og peir sogdu til peirra: pvi hofdud pier hann eige hingad?

46. Pienararner svorudu: par hefur alldrei nockur Madur so talad sem pesse Madur.

47. Pa svorudu Phariſei peim: hvort erud pier og villter?

48. Truer nockur Hofdingianna edur af Phariseis a hann?

49. Helldur pad Folk sem eckert veit af Logmaalenu, er belvad.

50. Nicodemus sagde til peirra, sa sem kom til hans um Nott, hvor ed var eirn af peim:

51. Dæmer vort Logmaal nockud * Mannenn, nema hann sie fyrre ransakadur, hvad hann giorer?

* 5B. Mos. 19, 15.

52. Peir svorudu og sogdu til hans: ertu

og

og so einn af Galileis? Ransaka þu og skoda, þad af Galilea rijs ecke Spaamadur upp.

53. Og hver gieck so heim.

VIII. Capitule.

JEsus (I) vil ecke dæma Konuna, sem var gripenn i Hordome: (II) Kunngiorer sijna Burtfor: (III) Talar um sitt Sakleyse.

I. Og JEsus gieck þa til Oliufiallsins.

2. Og siemma ad Morgne kom hann aptur j Musterid, og allt Folked kom til hans, og hann sette sig og kiende þeim.

3. Enn hiner Skriftlærdu og Phariseamar leiddu framm fyrer hann þa Konu, sem j Hordome var gripenn, og settu hana þar j midid,

4. Og sogdu til hans: Meistare, þesse Kona er nu gripenn ad ferskum Giorninge j Hordome,

5. Enn Moyses bydur oss j Logmaalenu, * ad berja þess hattar menn Griote, eda hvad seiger þu til?

*3B.Mos.20, 10. 5B.Mos.22, 22.

6. Enn þetta sogdu þeir, ad þeir freistudu hans, ad þeir mættu so hafa Akiæru til hans, enn JEsus laut nidur og ritade med Fingrenum a Jordena.

7. Og sem þeir lietu ei af ad spyria hann, þa riette hann sig upp, og sagde til þeirra: hver ydar sem er enn Syndar, kaste sa fyrsta Steine a hana.

8. Þa laut hann nidur aptur, og ritade a Jordena.

9. Þa þeir heyrdu þetta, geingu þeir ut, einn epter odrum, first Olldungarner. JEsus var þa eirn epter, og Konann þar standande.

10. Enn JEsus riette sig upp, og er hann sa þar ongvann nema Konuna, sagde hann til hennar: Kona, hvar eru þeir sem þig aklaga? hefur eingenn fordæmt þig?

11. Enn hun sagde: HErra, eingenn. JEsus sagde: so fordæme eg þig og ecke helldur, gack hiedann, og syndga nu ei optar hiedanaf.

12. JEsus talade enn aptur til þeirra, og sagde: eg em Lios Heimsins, hvor hann filger mier epter, sa mun ei ganga j Mirkrunum, helldur skal hann hafa Lios Lijfsins.

13. Þa sogdu Pharisei til hans: þu ber Vitne af sialfum þier, þinn Vitnisburdur er eige sannur.

14. JEsus svarade og sagde til þeirra: ef eg ber af sialfum mier Vitne, þa er minn Vitnisburdur sannur, þvi eg veit hvadann eg kom, og hvort ad eg fer. Enn þier vitid eige hvadan eg kom, eda hvort eg fer.

15. Þier dæmed epter Holldenu, eg dæme ongvann.

16. Enn ef eg dæme, þa er minn Domur riettur,

riettur, þviad eg er ei einnsamall, helldur eg og Faderenn, er mig sende.

17. So er og skrifad j Logum ydar, * ad tveggia Manna Vitnisburdur sie sannur.

*5B.Mos.17,6. Cap.19,15.

18. Eg em sa sem af sialfum mier ber Vitne, og Faderenn sa mig sende, hann ber og af mier Vitne.

19. Þa sogdu þeir til hans: hvar er þinn Fader? JEsus svarade: eige þecked þier mig nie minn Fodur. Ef þier þecktud mig, þa þecktud þier lijka minn Fodur.

20. Þesse Ord talade JEsus vid Guds Kistuna, þa hann kiende j Musterenu, og eingenn tok hann, þvi hans Stund var enn eige komenn.

II. 21. Þa sagde JEsus aptur til þeirra: eg fer burt, og þier munud leita mijn, og j Syndum ydar deya, hvort eg fer, þangad kunned þier ei ad koma.

22. Þa sogdu Gydingar: mun hann þa vilia drepa sialfann sig, þad hann seiger: hvort ad eg fer, þangad kunned þier ei ad koma?

23. Þa sagde hann þeim: þier erud hier nedan ad, eg em ad ofann, þier erud af þessum Heime, eg em ei af þessum Heime.

24. Þvi sagde eg ydur, ad þier munud deya j ydrum Syndum, þvi ef þier trued ei ad eg sie hann, þa munud þier deya j ydrum Syndum.

25. Þa sogdu þeir til hans: hver ert þu þa?

JEsus sagde til þeirra: (a) first sa, eg sem tala vid ydur.

(a) (First sa) þad er, eg er ydar Predikare, þa þier first trued þvi, þa skulud þier vel fornema hvor eg er, enn annars ecke.

26. Margt hef eg ad tala, og dæma um ydur, enn sa mig sende, hann er sannordur, og hvad eg heyrde af honum, þad tala eg fyrer Heimenum.

27. Enn þeir skildu eige ad hann sagde þeim af Fodurnum.

28. Þa sagde JEsus til þeirra: nær þier upphefied Mannsins Son, þa skulud þier skilia ad eg sie hann, og af mier sialfum giore eg eckert, helldur eins og mier kiende minn Fader, so tala eg.

29. Og sa er mig sende, hann er med mier, Faderenn liet mig ei einsamann, þviad eg giore jafnann þad honum er þægt.

30. Þa hann talade þetta, trudu marger a hann.

31. Þa sagde JEsus til þeirra Gydinga, sem a hann trudu: ef þier blijfed vid mijna Ædu, þa erud þier mijner sanner Læresveinar.

32. Og þa þecked þier Sannleikenn, og Sannleikurenn mun frelsa ydur.

33. Þa svorudu þeir honum: vier erum Abrahams Sæde, og alldrei hofum vier nockurs Manns Prælar verid, hvornenn seiger þu þa: þier skulud Frialser verda?

34. JE-

34. JEsus svarade þeim, og sagde: sannlega, sannlega segge eg ydur, hvor hellst sem Syndena giorer, sa er Syndarennar Þræll.

35. Þrællenn blijfur ei eylijflega j Hvsinu, enn Sonurenn blijfur þar eylijflega.

36. Nu ef Sonurenn frelsar ydur, þa erud þier riettelega frelsader.

37. Eg veit vel ad þier erud Abrahams Sæde, enn þier sæked til ad deyda mig, þviad mijn Ræda hefur ecke Rvom j ydur.

38. Eg tala þad, sem eg sied hefe af mijnum Fodur, og hvad þier saud hia ydrum Fodur, þad giored þier.

39. Þeir svorudu og sogdu til hans: Abraham er vor Fader: þa sagde JEsus þeim; ef þier værud Abrahams Born, þa giordud þier Abrahams Verk.

40. Enn nu leited þier epter ad lijfloata mig, þann Mann þo, sem Sannleikann segger ydur, þann eg heyrde af Gvde, þetta giorde eige Abraham.

41. Þier giored ydar Fodurs Verk. Þa svorudu þeir: eige erum vier fyrer utann Egtaskap fædder, eirn Gvd hofum vier fyrer Fodur.

42. JEsus sagde þa til þeirra: ef Gvd være ydar Fader, þa elskudud þier mig, þvi eg em af Gvde komenn, og framgeingenn, þvi eige kom eg af sialfum mier, helldur sende hann mig.

43. Fyrer þvi þecked þier þa ecke mitt Maal, af þvi þier gieted ey heyrt mijn Ord.

44. Þier erud af Fodurnum Fianda, og epter Gyrndum ydars Fodurs þa vilied þier giora, hann var eirn Mordinge þegar ad Upphafe, og eige stod hann j Sannleikanum, þvi ad Sannleikurenn er eige j honum, þa hann talar Lyge, talar hann af sijnu eigenn, þvi hann er eirn Liugare, og hennar Fader.

45. Enn mier, af þvi eg seige Sannleikann, þa vilied þier eige trua.

Gudsp. V. Sunnud. i Fostu.

III. 46. Hvor ydar kann ad bevijsa uppa mig nockra Synd? nu ef eg seige Sannleikenn, þvi trued þier mier þa eige?

47. Hvor hann er af Gude, sa heyrer Guds Ord, af þvi heyred þier eige, ad þier erud eige af Gude.

48. Þa svorudu Judar og sogdu honum: seigium vier ecke riett, ad þu ert Samverskur, og hefur Diofulenn?

49. JEsus svarade: eg hefe engvann Diofful, helldur vegsama eg Fodur minn, og þier vanheidred mig.

50. Eg leita ei ad minne Dyrd, sa er sem ad henne leitar og dæmer.

51. Sannlega, sannlega seige eg ydur: ef nockur er sa sem helldur (b) mijn Ord, hann mun ei sia Daudann ad eylijfu.

(b) (Mijn

(b) (Mijn Ord) þad er talad um Ord Trnarennar, edur Evangelium.

52. Þa sogdu Judar vid hann: nu þeckium vier ad þu hefur Disfulenn, Abraham er daudur og Spaamennerner, og þu seiger: ef nockur er sa sem geymer mijn Ord, hann mun eige Daudann smacka ad eylifu.

53. Edur ertu meire Fodur vorum Abraham, hvor frammlidenn er, og Spaamennerner eru og frammlidner, hvorn giorer þu sialfann þig?

54. JEsus svarade: ef eg vegsama mig sialfur, þa er min Dyrd eingenn, þar er minn Fader, sa nig vegsamar, hvorn þier seiged ydvarn Gud vera.

55. Og þecked hann þo ei, enn eg þecke hann, og ef eg segde, ad eg þeckte hann eige, þa være eg eirn Liugare lijkur ydur; helldur þecke eg hann og held hans Ord.

56. (c) Abraham Fader ydar gladdest, ad hann skylde sia minn Dag, og hann sa hann, og vard gladur vid.

(c) (Abraham) Aller Heilager fra Veralldarennar Upphafe, hafa haft þa somu Tru til Christum, sem vier hofum, og eru riett-Christner.

57. Þa sogdu Judar til hans: Þu ert enn eige fimmtugur, þo saastu Abraham.

58. JEsus sagde til þeirra: Sannlega, sannlega seige eg ydur, adur enn Abraham var, em eg.

59. Þa toku þeir upp Steina, ad þeir kostudu a hann, Enn JEsus fordade sier, og gieck vor Musterinu,] og gieck midt vot j millum þeirra og komst so undann.

IX. Capitule.

JEsus giorer einn Siaande, sem var fæddur blonlans.

Og þa JEsus gieck framm hia, sa hann þann eirn Mann, sem blindur var borenn.

2. Hans Læresveinar spurdu hann þa ad og sogdu: Meistare, hvor braut? hann, edur hans Forelldrar, ad hann fæddest Blindur?

3. JEsus svarade: hvorke hann nie hans Forelldrar, helldur ad Guds Verk auglysist a honum.

4. Mier byriar ad verka hans Verk, þess mig sende, a medan Dagurenn er: Nottenn kiemur nær eingenn fær verkad.

5. So leinge sem eg er j Verolldinne, þa em eg Lios Veralldar.

6. Þa hann hafde þetta sagt, spytte hann a Jordena, og giorde af Hrækanum Saur, og smurde Saurnum a Augu hins Blinda,

7. Og sagde honum: Far þu til Dykesins Siloa (hvad ad þydest sendur) og þvo þier: Þa gieck hann og þvode sier, og kom siaande.

8. Þa

8. Þa sogdu Nagrannar hans, og þeir sem hann hofdu adur sied, ad hann var blindur: er þad eige sa sem sat og beidde? sumer sogdu: hann er þad.

9. Enn adrer sogdu: lijkur er hann honum, hann sialfur sagde: eg em sa.

10. Þeir sogdu þa vid hann: hvornenn eru þijn Augu upplokenn?

11. Hann svarade og sagde: sa Madur sem nefnest JEsus giorde sier Saur, og reid a mijn Augu, og hann sagde mier: far þu til Dykesins Siloa, og þvo þier; eg geck burt og þvode mier, og fieck Synena.

12. Þeir sogdu til hans: hvar er hann? hann sagde: eg veit eige.

13. Þa leiddu þeir hann fyrer Phariseos, sem leinge hafde blindur verid.

14. Enn þa var Sabbathsdagur, er JEsus giorde þann Saurenn, og opnade hans Augu.

15. Þa spurdu Phariseí hann enn ad, hvornenn hann hefde ordid siaande? enn hann sagde þeim: Saur lagde hann a mijn Augu, og eg þvode mier, og nu sie eg.

16. Þa sogdu sumer af Phariseis: eige er þesse Madur af Gude, þviad hann helldur eige Sabbathsdagenn, enn adrer sogdu: hvornenn maa syndugur Madur giora þvilijk Teikn? og þar vard Sundurþyckia þeirra a mille.

17. Þa sogdu þeir aptur til hins Blinda: hvad

hvad seiger þu af honum, þad hann opnade þijn Augu? enn hann sagde: Spaamadur er hann.

18. Gydingar trudu eige um hann, ad hann hefde blindur verid, og være nu skygn ordenn, þangad til þeir kolludu a hans Forelldra, sem Synena hafde feinged.

19. Og spurdu þa ad so seigiande: er hann yckar Son, hvorn þier seiged blindann borenn verda, eda hvornenn sier hann nu?

20. Hans Forelldrar svorudu þeim og sogdu: vid vitum ad þesse er ockar Sonur, og þad hann var blindur borenn.

21. Enn med hvorium hætte hann sier nu, þad vitum vid ei, eda hvor hans Augu opnade, þad vitum vid ei, hann hefur sialfur Alldur til, spyried hann ad, og lætted hann sialfann tala fyrer sig.

22. Þetta sogdu hans Fedgin, af þvi ad þau ottudust Gydinga, þviad Gydingar hofdu þa þegar sambundid med sier, þad ef nockur medkiende hann fyrer Christum, ad sa skylde utrekast af þeirra Samkundum.

23. Fyrer þvi sogdu hans Fedgin: hann er nogu gamall, spyried hann ad.

24. Þa kolludu þeir aptur j odru sinne a þann Mann sem blindur hafde verid, og sogdu honum: gief Gude Heidurenn, vier vitum ad þesse Madur er syndugur.

25. Hann svarade og sagde: er hann syndugur,

gur, þad veit eg ecke, eitt veit eg, ad eg var blindur, og nu sie eg.

26. Þeir sogdu þa til hans: hvad giorde hann þier, edur hvornenn lauk hann upp þijnum Augum?

27. Hann svarade þeim, Eg sagde ydur nu þad: hafid þier ecke heyrt þad? Til hvors vilied þier heyra þad aptur: Eda vilied þier verda hans Læresveinar?

28. Þa bolvudu þeir honum, og sogdu: Þu ert hans Læresveirn, enn vær erum Moysis Læresveinar.

29. Vier vitum ad Gud talade vid Monsen, enn vier vitum eige hvadann þesse er.

30. Sa Madur svarade og sagde þeim: þad er undarlegur hlutur, ad þier vited eige hvadann hann er, og þo lauk hann upp mijnum Augum?

31. Enn vier vitum ad Gud heyrer eige Synduga, helldur þad ef nockur er Guds Dyrdkare, og giorer epter hans Vilia, þann heyrer hann.

32. Fra Veralldar Upphafi hefur þad eige heyrt vered, ad nockur hafe upploked þess Manns Augum, sem blindur var borenn.

33. Være þesse eige af Gude, þa mætte hann eckert giora.

34. Þa svorudu þeir og sogdu til hans: Allur ertu j Synd alenn, og þu kiennir oss. Og þa ræku þeir hann ut.

35. Þa

35. Þa JEsus heyrde þad, ad þeir hofdu hann utreked, og er hann fann hann, þa sagde hann til hans: Truer þu a Guds Son?

36. Hann svarade og sagde til hans: Herra! Hvor er hann, so eg true a hann?

37. JEsus sagde til hans: þu sæst hann, og hann sem talar vid þig, sa er hann.

38. Hinn svarade: HErra, eg true, og hann tilbad hann.

39. JEsus sagde: til Doms kom eg j þennann Heim, ad þeir sem ecke sia skylldu verda siaande, og ad þeir verde blinder sem sia.

40. Og nockrer af Phariseis heyrdu þetta, sem hia honum voru, og sogdu til hans: hvort erum vier þa blinder?

41. JEsus sagde þeim: ef þier værud blinder, þa hefdud þier engva Synd, nu first þier seiged, vier siaum, þa blijfur ydar Synd.

X. Capitule.

JEsus talar (I) um retta Inganngu i Saudahused; og (II) um sig þann goda Hirder.

Gudsp. a. III. i Hvijta Sunnu.

I. Sannlega, sannlega seige eg ydur, hvor hann geingur eige jnn um Dyrnar j Saudahvsid, helldur stijgur hann jnn annarstadar, sa er Piofur og Mordingi.

2. Enn sa sem geingur jnn um Dyrnar, hann er Hyrder Saudanna.

3. Fyrer

3. Fyrer honum lykur Dyravorðurenn upp, og Sauderner heyra hans Rodd, og hann kallar sijna Saude med Nafne, og leider þa vt.

4. Og þa hann hefur sijna Saude vtlœtid, geingur hann frammi fyrer þeim, Sauderner filgia og honum epter, þviad þeir þeckia hans Rodd.

5. Enn odrum annarlegum filgia þeir ei epter, helldur flya þeir fra honum, þviad þeir þeckia eige okunnugra Rodd.

6. Þennann Ordskvid talade JEsus til þeirra, enn þeir skildu eige hvad það var er hann sagde þeim.

7. Þa sagde JEsus enn aptur til þeirra: sannlega, sannlega seige eg ydur, eg em Dyr Saudanna.

8. Aller hvorier hellst fyrer mier eru komner, þeir voru Þiofar og Mordingiar, og Sauderner hlyddu þeim eige.

9. Eg em Dyrnar, ef nockur geingur jnn fyrer mig, sa mun frelsast, hann mun og ganga vt og jnn, og finna sitt Foodur.

10. Þiofurenn kiemur ei til annars enn hann stele, drepe og fordiarfe, eg em komenn til þess ad þeir skylldu hafa Lijf og fulla Nægd.

Gudspiallid II. Sunnudag epter Paaska.

II. 11. Eg em godur Hirder, godur Hirder giefur sitt Lijf ut fyrer Saudena.

12. Enn Leigumadurenn, sa ei er Hirder, og

og hvors Sauderner eru ei eigennleger, hann sier Ulfenn koma, og yfergiefur Saudena og flyr, enn Ulfurenn grijpur þa og sundurdreifer Saudunum.

13. Enn Leigumadurenn flyr, af því ad hann er Leigumadur, og hirder eckert um Saudena.

14. Eg em godur Hirder, og eg þecke mijna Saude, og eg þeckest af mijnum.

15. So sem ad minn Fader þecker mig, og eg þecke Fodurinn, og mitt Lijf legg eg ut fyrer Saudena.

16. Eg hefe og enn adra Saude, sem ei eru af þessu Saudahvsi, þa byriar mier og hingad ad leida, og þeir munu heyra mijna Rodd, og þar mun verda eitt Saudahvs og einn Hirder.]

17. Fyrer því elskar mig minn Fader, ad eg legg vt mitt Lijf, uppa þad eg take þad og aptur.

18. Eingenn tekur þad af mier, helldur legg eg þad af mier sialfur. Eg hefe Vallð til þad af ad leggia, eg hefe og Vallð til þad aptur ad taka, þetta Bodord fieck eg af mijnum Fodur.

19. Þa vard enn Sundurþyckia j millum Gydinga fyrer Saker þessara Orda.

20. Enn marger af þeim sogdu: Diofulenn hefur hann, og er af Sinna, til hvors heyred þier honum?

21. Adrer

21. Adrer sogdu: þesse Ord eru einskis Ods Manns, fær Diofullenn nockud Blindsmanns Augum upploked?

22. Og þar giordest Musteris Vijgsla j Jerusalem, þad var um Vetur.

23. Og JEsus gieck j Musterinu j Forbyrge Salomonis.

24. Þa umkrijngdu hann Judar, og sogdu til hans: (a) Hvorsu leinge þa helldur þu vorre Scalu uppe? ef þu ert Christus, þa seig oss þad berlega.

(a) (Hvorsu leinge) þetta tala þeir af Underhyggiu, so ad þeir kynne ad aklaga hann og fyrerkoma honum, ef hann hefde nedkiennt sig ad vera Christum, mote Forbodenu.

25. JEsus svarade þeim: eg sagda ydur þad, enn þier trued eige, þaug Verk er eg giore i mijns Fodurs Nafne, bera Vitne af mier.

26. Enn þier trued eige, þviad þier erud eige mijner Sauder, so sem eg sagde ydur.

27. Mijner Sauder heyra mijna Rodd, eg decke þa, og þeir filgia mier epter.

28. Og eg gief þeim eylijft Lijf, og alldrei skulu þeir fyrerfaraſt, eingenn skal þa og slijta ur minne Hende.

29. Fader minn sem gaf mier þa, er ollum hlutum meire, og eingenn kann ad slijta þa af mijns Fodurs Hende.

30. Eg og Faderenn erum eitt.

31. Þa toku Gydingar enn Steina upp, ad gryta hann.

32. JE-

32. JEsus svarade peim: morg god Verk synde eg ydur af minum Fodur, fyrer hvors peirra Verka Saker grytid pier mig?

33. Gydingar svorudu honum og sogdu: fyrer gott Verk grytum vær pig eige, helldur fyrer Gudlastan, ad pu sem ert Madur, gierer pig sialfann ad Gude.

34. JEsus svarade peim, stendur pad eige skrifad j ydru Logmæle: *eg sagde: pad pier erud Guder? *Psalm.82,6.

35. Nu ef pier kalled pa Gude, til hvorra Guds Ord eru skied, og Ritningenn mæa eige riufast.

36. Enn vid pann sem Faderenn helgade, og j Heimenn sende, pa seiged pier: pu Gudlastar, af pvi eg sagde: eg em Sonur Guds.

37. Ef eg giore ecke mijns Fodurs Verk, pa trued mier ecke.

38. Nu first eg giore paug, pa trued Verkunum, po pier vilied mier ecke trua, so ad pier pecked og trued, pad Faderenn sie j mier, og eg j honum.

39. Peir soktu pa enn til ad grijpa hann, enn hann gieck vt fra peirra Hondum.

40. Og for aptur j pann Stad, hinumeigenn Jordanar, par sem Johannes hafde æadur skijrt, og var par.

41. Marger komu til hans, og sogdu: Johannes giorde eckert Teikn, enn allt hvad Johannes sagde af pessum, pa er satt.

42. Og marger trudu par a hann.

XI.

XI. Capitule.

(I) JEsus upvekur Lazarus af Dauda: (II) Caiphas seiger pad være gott ad einn dæde fyrer Folked.

1. Par lœa eirn siukur Madur, Lazarus ad Nafne, af Bethania, j Hybylum Mariæ, og hennar Systur Marthæ.

2. Enn Maria var su sem HErrann hafdi smurt med Salve, og purkad hans Fætur med sijnum Hœarlockum; hvorrar Broder var sa Lazarus sem siukur lœa.

3. Systur hans sendu pa til JEsu, so seigiande: HErra, sia nu, sa pu elskar, hann liggur siukur.

4. Pa JEsus heyrde pad, sagde hann: pesse Sott er eige til Dauda, helldur til Guds Dyrdar, so ad Guds Sonur verde par af prijsadur.

5. Enn JEsus elskade Martham og Systur hennar, og so Lazarum.

6. Pa hann hafde pad heyrt ad hann var siukur, bleif hann samt tvo Daga j peim Stad sem hann var.

7. Epter pad talar hann til sinna Læresveina: gaungum vier aptur j Judeam.

8. Pa sogdu hans Læresveinar til hans: Meistare, nærst, pa villdu Judar gryta pig, og po villtu fara pangad aptur?

9. JEsus svarade: eru eige tolf Stunder j Deige? hvor hann geingur um Dagenn, sa

steyter

steyter sig eige, þviad hann sier þessa Heims Lios.

10. Enn hvor hann geingur um Nætur, sa steyter sig, þvi þar er eckert Lios j honum.

11. Þetta mællte hann, og epter þad sagde hann til þeirra: Lazarus Vinur vor hann sefur, enn eg fer ad vekia hann.

12. Þa sogdu hans Læresveinar: HErra, ef hann sefur, þa batnar honum.

13. Enn JEsus talade um hans Dauda, enn þeir ætludu ad hann munde seigia um lijkamlegann Svefn.

14. Þa sagde JEsus þeim openberlega: Lazarus er loatenn.

15. Og eg fagna fyrer ydar saker, þad eg var ei þar, so ad þier trued, enn loatum oss nu ferdast til hans.

16. Þa sagde Thomas, sem kalladest Tvibure, til Læresveinanna: Gongum vær med, so ad vier deyum med honum.

17. JEsus kom þa, og fann ad hann hafde þegar fiora Daga j Grofenne leiged.

18. Enn Bethania loa hart nærre Jerusalem, so sem fimtoan Akraleingd.

19. Marger Gydingar voru þar komner til Martham og Mariu, ad þeir huggudu þær epter sinn Brodur.

20. Sem Martha heyrer ad JEsus kiemur, rennur hun j mote honum, enn Maria sat heima.

21. Þa

21. Þa sagde Martha vid JEsum: HErra, ef þu hefder verid hier, þa være Broder minn ei lœtenn.

22. Enn eg veit enn nu, ad hvørs þu beidest af Gude, þad giefur Gud þier.

23. JEsus sagde til hennar: Broder þinn skal upprijsa.

24. Martha sagde til hans: eg veit vel ad hann mun rijsa upp j Uppriſunne a efsta Deige.

25. JEsus sagde vid hana: Eg em Upprisann og Lijfid, hvor hann truer a mig, sa mun lifa þott hann deye.

26. Og hvor hann lifer og truer a mig, sa skal alldrei deya. Truer þu þessu?

27. Hun sagde til hans: Ja HErra, eg true ad þu ert sa Christur Sonur Guds, sem j Heimenn er komenn.

28. Þa hun hafde þetta sagt, for hun og kallade heimuglega a Systur sijna Mariu, so seigiande: Meistarenn er þar og kallar a þig.

29. Þa hun heyrde þad, stod hun skyndelega upp og kom til hans.

30. Þviad JEsus var enn ei komenn j Þorpid, helldur var hann enn j þeim Stad sem Martha hafde j mote honum komid.

31. Enn þeir Judar, sem j Husinu voru hia henne, og hana huggudu, þa þeir sau Mariam, þad hun stod so fliott upp, og

gieck vt, filgdu þeir henne epter, og sogdu: hun fer til Grafarennar ad graata þar.

32. Þa Maria kom nu þangad sem JEsus var, og hun leit hann, fiell hun til Fota hans, og sagde honum: HErra, ef þu hefder hier verid, þa være Broder minn eige loatinn.

33. Sem JEsus sa hana graata, og þa Gydinga lika graatande, er med henne komu, bysteſt hann vid j Andanum, og angradest þunglega,

34. Og sagde: Hvar hafid þier lagt hann? Þeir sogdu honum: HErra, kom og skoda.

35. Þa tærfellde JEsus. Þa sogdu Gydingar.

36. Sia, hvorsu kiærann hann hefur haft hann.

37. Enn adrer af þeim sogdu: Maatte hann, sem opnade blinds Manns Augu, eige giora vid þvi ad þesse hefde ecke daed?

38. JEsus bysteſt þa enn med sialfum sier, og kom til Grafarennar. Enn þad var ein Gryfia, og einn Steirn var þar og yferlagdur.

39. JEsus sagde: Taked af Steinenn. Þa sagde Martha, Syster hins Dauda, til hans: HErra, hann lyktar nu illa, þviad hann hefur leiged fiora Daga.

40. JEsus sagde til hennar: Sagde eg þier ecke, ad ef þu tryder, þa munder þu sia Guds Dyrd.

41. Þa toku þeir Steinenn af, þar sem hinn

hinn Daude lœa. Enn JEsus hof þa sijn Augu upp, og sagde: Fader, eg þacka þier ad þu bœnheyrder mig.

42. Enn eg veit þo ad þu heyrer mig jafnann, helldur fyrer Folksins Saker, sem hier stendur j kring, þa seige eg þad, so ad þad true þvi, ad þu sender mig.

43. Þa hann hafde þetta sagt, kallade hann hœrre Roddu: Lazare, kom þu ut hingad!

44. Og sa Daude kom ut, reirdur med Lijkbondum ad Hendum og Fotum, og um hans Asian var sveipad med Sveitaduke. JEsus sagde til þeirra: leysid hann og lœtid hann ganga.

45. Marger af Gydingum, sem komid hofdu til Mariam, og sœu hvad JEsus giorde, trudu a hann.

46. Enn sumer af þeim geingu burt til Phariseanna, og sogdu þeim hvad JEsus hafde giort.

II. 47. Þa sofnudu Kiennemannahofdingiar og Phariseí einu Roade, og sogdu: hvad skulum vœr tilgiora? þvi þesse Madur giorer morg Teikn.

48. Og ef vier sleppum honum so, þa trua aller a hann, og þa koma Romverjar og taka fra oss Lond og Lyde.

49. Enn eirn af þeim, Caiphas, sa sem þad sama Aar var yppasste Prestur, sagde til þeirra:

50. Þier vited eckert, og hugleided ecke, ad betra er fyrer oss, ad einn Madur deye fyrer Folkid, enn ad allur Lydur tapest.

51. Enn þetta sagde hann ei af sialfum sier, helldur af því, ad hann var þess Aars æðste Prestur, þa spaade hann, ad JEsus skylde deya fyrer Folked.

52. Ei einasta fyrer þad Folk, helldur þad, ad hann safnade j eitt þeim Guds Bornum, er sundur voru dreifd.

53. Og upp fra þeim Deige samtoku þeir med sier, hvernenn þeir giæte lijflaated hann.

54. JEsus gieck þa ei þadann af berlega hia Gydingum, helldur for hann burt j eitt Bygdarlag, nærre Eydemorku, j eina Borg, sem kallast Ephraim; og þar dvaldest hann med sijnum Læresveinum.

55. Enn þa voru Paaskar Gydinga nalæger, og marger ur þeirre Sveit geingu upp til Jerusalem fyrer Paaskana ad hreinsa sig.

56. Þeir spurdu þa epter JEsu, og toludu sijn a mille j Musterenu: hvad synest ydur, þad hann kiemur ei til Haatijdarennar?

57. Enn Hofudprestarner og Pharisei hofdu laated þad Bod vtganga, ef nockur visse hvar hann være, þa skylde undervijsa þeim, so ad þeir mættu handla hann.

XII.

XII. Capitule.

JEsus er (I) smurdur af Maria; og (II) rijdur inn j Jerusalem.

I. Sex Dogum fyrer Paska, kom JEsus j Bethaniam, par sem Lazarus hinn frammlidne var, hvorn ed JEsus uppvakte af Dauda.

2. Enn peir biuggu honum par eina Kvolldmœltijd, og Martha pionade, Lazarus var eirn af peim sem til Bordsins satu med honum.

3. Pa tok Maria eitt Pund Salve, af omeingudu og dyrmœtu Nardus, og smurde med Fœturnar JEsu, og purkade so hans Fœtur med sijnu Hœare. Hvsid fylltest og upp af Jlm Smyrslanna.

4. Pa sagde eirn af hans Lœresveinum, Judas Simonis Son Jscharioth, sa er hann sveik par epter:

5. Fyrer pvi er petta Salve ei selldt fyrer priuhundrud (a) Peninga, og giefid Fatœkum?

(a) (Peninga) einn Peningur var j pann Tijma so mikid sem fimm Skilldingar Dansker.

6. Petta sagde hann eige af pvi, ad hann hyrdte um Fœatœka, helldur var hann Piofur, og hafde Fiepyngiuna, og bar pad sem giefid var.

7. Pa sagde JEsus: leat hana j Fride, petta geymde hun til mijns Greftrunardags.

8. Pvi Volada hafed pier jafnann hia ydu, enn mig hafed pier ei ad jafnade.

9. Enn er fiolde mikell af Gydingum fornam ad hann var par, komu peir ei einasta pangad fyrer JEsu Saker, helldur ad peir sæe Lazarum, pann sem hann hafde af Dauda reist.

10. Enn Prestahofdingiar asettu sier ad sloa jhel Lazarum.

11. Pviad fyrer hans Saker geingu marger ut af Gydingum pangad, og trudu a JESUM.

II. 12. Annann Dag epter, pa ed pad mikla Folk heyrde, sem til Hatijdardagsins var komed, ad JEsus kom til Jerusalem,

13. Pa toku peir sier Kviste af Palmvide, og geingu ut j mote honum, og hropudu: Hosianna, lofadur sie sa sem kiemur j Nafne Drottens, Kongur Israels! *Ps.118,25.26.

14. Enn JEsus fieck eina Osnu, og reid par a, so sem ad skrifad er:

15. *Ottast eige pu Dotter Zions, sia, pinn Kongur kiemur rijdande a einum Osnu-Fola. *Es.62,11. Zach.9,9.

16. Enn petta skildu eige hans Læresveinar j firstu, helldur pa ed JEsus var auglystur, pa hugleiddu peir, at petta var af honum skrifad, og peir hofdu honum petta giort.

17. Enn pad Folk hrosade hans Giorninge, sem hia honum var, pa hann kallade Lazarum vor Grafenne, og af Dauda uppvakte.

18. Af pvi gieck og Folked ut j mote honum, ad pad heyrde, ad hann hafde giort soddann Teikn.

19. Enn

19. Enn Phariſei ſogdu ſijn a mille: Þier ſiaed nu, ad þier orked ongvu. Sie! Allur Heimur hleypur epter honum.

20. Þar voru og nockrer Griſker, medur þeim, ſem upp hofdu farid ad tilbidia um Hæ-tiidena.

21. Þeir geingu til Philippum, hvor ed var ur Bethſaida af Galilea, bædu hann og ſogdu: HErra, vier villdum fœa ad ſia JEſum.

22. Philippus kom og ſagde þad Andreas, enn Philippus og Andreas ſogdu þad JEſu.

23. Enn JEſus anſade þeim og ſagde: Sa Tijme er nu komenn ad Mannſins Sonur auglyſeſt.

24. Sannlega, ſannlega ſeige eg ydur: nema þad, ad Hveitekorned falle j Jordena, og deye, þa blifur þad einſamallt, enn ef þad deyr, þa færer þad mikenn Avext.

25. Hvor hann elſkar ſitt Lijf, hann glatar þvi, enn hvor hann hatar ſitt Lijf j þeſſum Heime, ſa vardveiter þad til eylijfs Lijfs.

26. Ef nockur vill mier þiona, þa filge hann mier epter, og hvar eg em, þar ſkal og minn Þienare vera. Ef nockur þionar mier, þa mun minn Fader hann heidra.

27. Mijn Sœla er nu hrigg, og hvad ſkal eg ſeigia? Fader, hialpa mier af þeſſum Tijma, enn fyrer þvi kom eg þo j þennann Tijma.

28. Fader, birtu Nafn þitt. Þa kom Rodd

af Himne: Eg hefe pad uppbirt, og eg skal pad enn aptur uppbirta.

29. Pa sagde Folkid, sem hia stod og ad heyrde: Par urdu Reydarprumur. Adrer sogdu: Eingellenn talade vid hann.

30. JEsus svarade og sagde: Eige kom pesse Rodd fyrer mijnar saker, helldur fyrer ydar saker.

31. Nu byriast Domur yfer pessum Heime. Nu mun og pessa Heims Hofdinge utrekast.

32. Og pegar eg verd upphafenn fra Jordu, pa mun eg draga alla til mijn.

33. Enn petta sagde hann, teiknande med hvorium Dauda er hann skylde deya.

34. Pa svarade Folked honum: vier hofum heyrt j Logmœalenu, *ad Christur blife ad eylijfu. Hvornenn seiger pu pa, ad Mannsins Syne biriar upp ad hefiast? Hvor er sa Mannsins Sonur? *Ps. 110, 4.

35. Pa sagde JEsus til peirra: Liosid er enn litla Stund hia ydur, Ganged pvi a medan pier hafed Liosid, so ad Mirkrenn yfirfalle ydur ecke. Sa er geingur j Mirkrunum, hann veit eige hvort hann fer.

36. A medann pier hafed Liosid, pa trued a pad, uppa pad pier sieud Liossins Born. Petta talade JEsus og gieck burt og fordade sier fyrer peim.

37. Og po hann giorde slijk Teikn fyrer peim, pa trudu peir po eige a hann.

38. So

38. So ad uppfylleſt Ordſaga Eſaiæ Spæmanns, þa hann ſagde: Herra, * hver truer vorre Predikun, og hverium er Armleggur DRottins opennberadur.

* Eſa.53,4.

39. Fyrer þvi kunnu þeir eige ad trua, þviad Eſaias ſeiger enn aptur:

40. * Hann blindade Augu þeirra, og forherdte Hiartu þeirra, ſo ad þeir ſæe eige med Augunum, nie ſkilde med Hiartanu, ad þeir umſnueſt og Eg hialpe þeim.

* Eſa.6,9.10.

41. Þetta ſagde Eſaias, þa hann leit hans Dyrd, og talade um hann.

42. Marger af Hofdingium trudu þo a hann, enn fyrer Saker Phariſeara þa medkienndu þeir þad eige, ſo ad þeir være eige forbodader.

43. Þviad þeir villdu helldur hafa Vegſemd hia Monnum, enn Vegſemd hia Gude.

44. JEſus kallade þa og ſagde: hver ſem truer a mig, hann truer ei a mig, helldur a þann ſem mig ſende.

45. Og hver hann ſier mig, hann ſier þann ſem mig ſende.

46. Eg er eitt Lios j Heimenn komenn, ſo ad hver ſem a mig truer ſie eige j Mirkrunum.

47. Hver ſem heyrer mijn Ord og truer ecke, hann mun eg ei dæma, þviad eg kom eige til ad dæma Heimenn, helldur ad frelſa Heimenn.

48. Hvor hann forerlijtur mig, og medtekur eige mijn Ord, hann hefur nu þegar þann hann dæmer, þad Ord sem eg talade, þad mun dæma hann a esstа Deige.

49. Þviad eg talade ei af sialfum mier, helldur Faderenn sem mig sende, hann gaf mier eitt Bodord, hvad eg skyllde giora og mæla.

50. Og eg veit ad hans Bodord er þad eylijfa Lijf. Þar fyrer, þad eg tala, þad tala eg so sem Faderenn sagde mier.

XIII. Capitule.

JEsus (I) þvær Fætur Læresveinanna: (II) Talar um þann er munde svikia hann: (III) Rædur ad auglysa Kiærleika: (IV) Talar um þrenna Peturs Afneitun.

1. Fyrer Paskahatijdena, þa JEsus visse ad hans Tijme var komenn, ad hann geinge vor þessum Heime til Fodursins, lijka sem hann elskade sijna, þa er hier voru j Heime, so elskade hann þa allt til Enda.

2. Og epter Kvolldmoaltijdena, þegar Diofullenn hafde allareidu sendt j Hiarta Judæ Simonis Jscharioth ad hann svike hann,

3. Þa visse JEsus, þad Faderenn hafde allt giefid sier j Hendur, og þad, ad hann var af Gude komenn, og til Guds þa fære hann.

4. Þa stod hann upp fra Kvolldmoaltijdenne,

denne, lagde af sier Klædenn, og tok eitt Lijnklæde, og gyrdte um sig.

5. Epter þad hellte hann Vatne j eina Munnlaug, og tok til ad þvo Fæturnar a Læresveinunum, og þurkade med þvi Lijnklæde er þann var medgyrdtur.

6. Þa kom hann til Simonar Petrum, og hann sagde til hans: HErra, skyllder þu þvo mijnar Fætur?

7. JEsus svarade og sagde honum: Hvad Eg giere þad veitst þu nu ei, enn seirna skalltu skilia þad.

8. Þa sagde Pétur til hans: Alldrei skallt þu mijnar Fætur þvo. JEsus svarade honum: Þvoe eg þig ecke, þa hefur þu ei Hlutdeilld medur mier.

9. Simon Petrus sagde þa til hans: HErra, ecke einasta Fæturnar, helldur eirnenn Fætur og Hofud.

10. JEsus sagde til hans: Sa þveiginn er, hann þarf eige ad þvo nema Fæturnar, þvi hann er alldungis hreinn, þier erud og preiner, enn eige aller.

11. Þvi hann visse af sijnum Svikara vel, þvi sagde hann, þier erud ecke aller hreiner.

12. Enn sem þad hann hafde þveiged Fætur þeirra, tok hann sijn Klæde, setteſt nidur aptur, og sagde þa enn til þeirra: Viteð þier hvad eg giorde ydur?

13. Þier kalled mig Meistara og HErra,

þier seiged það og rietr, þviad eg er hann og.

14. Nu ef eg ydar HErra og Meistare þvæ ydar Fætur, þa skulud þier og innbyrdis þvo hvor annars Fætur.

15. Þetta gaf eg ydur til Epterdæmis, so þier giored lijka sem eg gierde vid ydur.

16. Sannlega, sannlega seige eg ydur, ad Þionimn er eige meire sijnum Herra, nie (a) Postulenn þeim er hann utsende.

(a) (Postule) kallast einn Sendebode.

17. Ef þier vited þetta, þa erud þier sæler ef þier giored það.

18. Eige seige eg um ydur alla, eg veit hvoria eg hefe vtvalid, helldur það, ad uppfylleſt Ritningenn: *sa sem ad etur Braud mitt, hann tredur mig under Fætur.

*Psal. 41, 10.

19. Nu seige eg ydur það, adur enn það skier, so ad þier trued, þa það er skied, ad eg em hann.

20. Sannlega, sannlega seige eg ydur: Hvor hann medtekur ef eg sende nockurn, sa medtekur mig, enn hvor hann medtekur mig, hann medtekur þann er mig sende.

II. 21. Þa JEsus hafde þetta sagt, hriggdest hann j Anda, vottade og sagde: sannlega, sannlega seige eg ydur, eirn af ydur mun forrada mig.

22. Þa leit hvor Læresveinanna til annars, uggande af hvorium hann segdi.

23. Enn

23. Enn þar var eirn af hans Læreſveinum, ſem ſat til Bordſins, hia Brioſte JEſu, hvorn ad JEſus elſkade,

24. Honum bendte Simon Petrus, ad hann ſpyrde hann, hvor ſa være er hann hefde umtalad?

25. Af þvi hann læ þa a Brioſte JEſu, og ſagde til hans: HErra, hvor er ſa?

26. JEſus ſvarade: ſa er hann hinn ſame er eg dijfe þennann Bita og gief, og dijfde j Bitanum, og gaf hann Judæ Simonis Iſcharioth.

27. Og epter þann Bita for Satan i hann. Þa ſagde JEſus til hans: hvad þu gierer þa gior þad fliott.

28. Enn eingenn af þeim, ſem til Bordſins ſætu, viſſe til hvors hann ſagde honum þad.

29. Sumer ætludu þad, af þvi, ad Judas hafde Fie-þyngiuna, ad JEſus munde ſeigia honum: kaup þad oſs giereſt þorf til Hætijdardagſins, eda ad hann giæfe nockud Fatækum.

30. Og þa hann hafde Bitann teked, gieck hann ſtrax ut, og þa var Nott.

III. 31. Enn þa hann var vtgeingenn, ſagde JEſus: nu er Mannſins Sonur auglyſtur, og GUD er auglyſtur i honum.

32. Firſt GUD er auglyſtur j honum, þa mun GUD auglyſa hann j ſialfum ſier, og ſnarlega mun hann auglyſa hann.

33. Kiæru Born, eg em enn litla Stund hia ydur, þier munud leita mijn, og lijka sem eg sagde vid Gydinga: hvort eg fer þangad kunned þier ecke ad koma, og nu seige eg ydur.

34. Eitt (b) nytt Bodord þa gief eg ydur, ad þier elsked hvor annann, lijka sem eg elskade ydur, so skulud þier og elskast innbyrdis.

(b) (Nytt Bodord) eg vil ecke breyta ydur med margfolldu Logmæle, so sem Moses j Gamla Testamentenu, helldur skal þad vera allt Logmæl j Nya Testamentenu, ad þier elsked hvor annann; þar fyrer er þad Nytt og þess Nya Testamentis Bodord, fraskiled ollum gomlum.

35. Og af þvi munu aller þeckia, ad þier erud mijner Læresveinar, ef þier hafed Kærleikann ydar a mille.

IV. 36. Simon Petrus sagde til hans: HErra, hvort fer þu? JEsus svarade honum: þangad, sem eg fer, mattu nu ad sinne eige filgia mier, enn seirna meir þa muntu filgia mier.

37. Petur sagde til hans: HErra, þvi mæt eg nu ei ad sinne filgia þier? eg vil setia mitt Lijf vt fyrer þig.

38. JEsus svarade honum: skyllder þu setia þitt Lijf vt fyrer mig? sannlega, sannlega seige eg þier, ad Hanenn gelur ei, ædur enn þu hefur afneitad mier þrisvar.

XIV. Capitule.

JEsus talar (I) um sina Burtfor: (II) Um Bæna: (III) Um Heilagann Anda.

I. Og

I. Og hann sagde til sinna Lærsveina: ydar Hiortu hrædest ecke, trued þier a GUd, þa trued þier og so a mig.

2. I mijns Fodurs Hvsi eru margar Verur. Enn ef ei so være, þa villde eg seigia, ad eg fære ad tilbua ydur Stad.

3. Og þa eg fer hiedann, ad tilbua ydur Stad, þa vil eg aptur koma, og taka ydur til mijn, so þier sieud þar sem eg er.

4. Og hvert eg fer, þad vited þier, og Veigenn vited þier eirnenn.

5. Thomas sagde til hans: HErra vier vitum eige hvort þu fer, eda hvornenn meigum vier þa Veigenn vita?

6. JEsus sagde til hans: Eg em Vegurenn, og Sannleikurenn, og Lifed. Eingenn kiemur til Fodursins, nema fyrer mig.

7. Ef þier þecked mig, þa þecked þier og minn Fodur, og nu hiedann j fra þa þecked þier hann, og hafed sied hann.

8. Philippus sagde til hans: HErra, syn oss Fodurinn, þa næger oss.

9. JEsus sagde þa til hans: so leinge er eg hia ydur, og þu þecker mig eige? Philippe, hvor mig sier, sa sier Fodurenn, og hvornenn seiger þu þa: syn oss Fodurenn?

10. Truer þu eige, ad eg em j Fodurnum, og Faderenn j mier? þaug Ord eg tala til ydar, þaug

þaug tala eg ecke af sialfum mier, Faderenn, sem er j mier, hann giorer þaug Verk.

11. Trued mier, ad eg er j Fodurmun, og Faderenn j mier, vilied þier þad eige, þa trued mier þo fyrer Verkanna Saker.

12. Sannlega, sannlega seige eg ydur: hvor hann truer a mig, sa mun eirnenn giora þaug Verk sem eg giore, hann mun og giora þessum meire, þviad eg fer til Fodursins.

II. 13. Og hvors þier bidied j mijnu Nafne, þad vil eg giora, so ad Faderenn dyrdkest j Synenum.

14. Hvors þier bidied j mijnu Nafne, þad vil eg giora.

III. 15. Ef þier elsked mig, þa hallded mijn Bodord.

16. Og eg mun bidia Fodurenn, og hann mun giefa ydur annann (a) Huggara, so ad hann sie hia ydur eylijflega.

(a) (Huggara) Paracletus kallast einn Svars Madur, edur sa Maal ver annars vegna, fyrer Dome, sa sem huggar, styrker og hialpar þeim sem Sokenne verdur borenn; so giorer og Heilagur Ande, j vorre Samvitsku fyrer Guds Dome, a mote aklsgun Syndarenuar og Diefulsins.

17. Þann Sannleiks Anda, hvorn Heimurenn fær eige medteked, þvi hann sier hann eige, og þecker hann eige, enn þier þecked hann, þviad hann blijfur hia ydur, og mun vera j ydur.

18. Eige

18. Eige vil eg ydur Fodurlausa epter lœta, eg kiem til ydar.

19. Pad er enn nu lijtell Tijme, þa mun Heimurenn ei sia mig meir, enn þier skulud sia mig, þviad eg life, og þier munud lifa eirnenn.

20. Á þeim Deige munud þier skilia, ad eg er j mijnum Fodur, og þier j mier, og eg j ydur.

21. Hvor hann hefur mijn Bodord, og helldur þau, hann er sa sem mig elskar, enn sa mig elskar, sa elskast af mijnum Fodur, og eg mun elska hann, og eg openbera mig fyrer honum.

22. Þa sagde Judas, eige Jscharioth, til hans: HErra, (b) hvad er þad, ad þu villt opennbera þig oss, enn eige Heimenum?

(b) (Hvad) hvornenn geingur þad til, hvad a þad ad vera?

Gudspialled a 1. j Hvita-Sunnu.

23. JEsus svarade og sagde til hans: hvor hann elskar mig, sa helldur mijn Ord, og minn Fader mun elska hann, og vid munum koma til hans, og giora j hia honum Vistarveru.

24. Enn hvor hann elskar eige mig, sa helldur eige mijn Ord, og þad Ord er þier heyred, er eige mitt, helldur Fodursins, þess er mig sende.

25. Þetta sagde eg ydur, a medann eg var hia ydur.

26. Enn

26. Enn Huggarenn hinn Heilage Ande, þann er minn Fader mun senda j mijnu Nafne, hann sialfur mun kienna ydur þad allt, og caminna ydur a allt hvad eg sagde ydur.

27. Frid læt eg ydur epter, minn Frid gief eg ydur, ei gief eg ydur so sem Heimurenn giefur, ydvart Hiarta hrædest eige nie skielfest.

28. Þier heyrdud þad eg sagde ydur: eg fer burt, eg kiem til ydar aptur, ef þier elskudud mig, þa gleddust þier vid þad, ad eg sagde, eg fer til Fodursins, þviad Faderenn er mier meire.

29. Og nu sagde eg ydur þad, fyrr enn þad skier, so ad þier trued þa þad er skied.

30. Hier epter mun eg ei tala margt framar vid ydur, þvi Hofdinge þessa Heims kiemur og med mig hefur hann eckert.

31. Helldur þad, ad Heimurenn þecke, þad eg elska Fodurenn, og eg (c) giore so sem Faderenn hefur mier boded.] Standed upp og lœatum oss ganga burt.

(c) (Giore so) Heimurenn skal lœra, ad Christur alleina giorer Fodursins Vilia fyrer oss. Rom. 5.

XV. Capitule.

JEsus talar (I) um sig, ad hann se þad sanna Vinatre; (II) Um sina Elsku og Fodursins; (III) Um Hatur Heimsins a sier og þeim er Gud elska.

I. Eg

I. Eg em sannur Vijnvidur, og minn Fader er Vijngardsmadurenn.

2. Hvorn þann Kvist a mier, er eige færer Avoxt, mun hann aftaka, og hvorn þann sem Avoxt færer, mun hann hreinsa, so ad hann fære meira Avoxt.

3. Þier erud nu hreiner fyrer Saker þess Ords sem eg talade til ydar.

4. Blijfid j mier, og eg j ydur, lijka sem Vijnkvisturenn fær eige fært Avoxt af sialfum sier, nema hann sie a Vijn-Trenu, so og eige helldur þier, nema þier blijfid j mier.

5. Eg em Viju-Tried, enn þier erud Kvisterner, hvor hann blijfur j mier, og eg j honum, sa færer mikenn Avoxt, þviad aan mijn fæed þier eckert giort.

6. Hvor sa er ei blijfur j mier, hann mun vtkastadur verda sem annar Kvistur, og upphorna, og þeir samannlesa þa, og kasta aa Eld ad brenna.

7. Nu ef þier blijfed j mier, og mijn Ord blijfa j ydur, bidied þa hvors þier vilied, og þad skal ydur skie.

8. Þar med verdur minn Fader dyrkadur, ad þier færed mikenn Avoxt, og verded mijner Læreseinar.

II. 9. So sem minn Fader elskade mig, lijka so elska eg ydur, blijfid j minne Astsemd.

10. Ef

10. Ef þier vardveited mijn Bodord, þa blijfed þier j minne Aſtſemd, lijka ſem eg vardveitte mijns Fodurs Bodord, og eg blijf j hans Aſtſemd.

11. Þetta tala eg þvi til ydar, ad minn Fognudur blijfe hia ydur, og ydar Fognudur uppfylleſt.

12. Þad er mitt Bodord, ad hvor ydar elſke annann, ſo ſem eg elſkade ydur.

13. Eingenn hefur meire (a) Aſtſemd enn þeſſa, ad hann lætur ſitt Lijf vot fyrer ſijna Vine.

(a) (Aſtſemd) ſo ad þier kunned ad þreifa a, hvad kiæra eg hefe ydur, þad ſkiedur ef þier erud j mier, og halded mijn Ord, hvorſu illa ſem annars til geingur.

14. Þier erud mijner Viner, ef þier giored þad eg byd ydur.

15. Og hiedan af ſeige eg ei leingur, ad þier ſieud Þienarar, þviad Þionenn veit ei af hvad hans HErra giorer, enn ydur hefe eg ſagt, ad þier erud Viner, þvi allt hvad eg heyrde af mijnum Fodur, þad kunngiorde eg ydur.

16. Ei utvoldud þier mig, helldur hefe eg utvaled ydur, og eg ſkickade ydur til, ad þier geingud burt og færdud Avext, og ydar Avextur blijfe, til þeſs, ef þier bidied Fodurenn j mijnu Nafne, þad giefe hann ydur.

17. Þad byd eg ydur, ad þier elſked hvor annann.

III. 18. Ef Heimurenn hatar ydur, þa vitid, ad hann hefur hatad mig fyrr enn ydur.

19. Ef þier værud af Heimenum, þa elskade Heimurenn þad hans være, enn med því þier erud ei af þessum Heime, helldur utvalde eg ydur af Heimenum, fyrer þad hatar ydur Heimurenn.

20. Minnest a mijn Ord, er eg sagde ydur: Þienarenn er ei meire sijnum HErra. Ef þeir hafa ofsokt mig, þa munu þeir og ofsækia ydur, hafa þeir geymt mijn Ord, þa munu þeir og geyma ydar Ord.

21. Enn allt þetta munu þeir giora ydur fyrer mijns Nafns Saker, þviad þeir þeckia eige hann, þann er mig sende.

22. Ef eg være eige komenn, og hefde sagt þeim þad, þa hefde þeir (b) ongva Synd, nu hafa þeir eckert, þad þeir afsake sijna Synd med.

(b) (Ongva Synd) þess klærara sem Christur hefur openberad Gydingum Guds Vilia, og þess stærre Dasemdar Verk sem hann hafde giort hia þeim til Stirkingar Lærdomenum, þess stærre var þeirra Synd.

23. Hvor sem mig hatar, sa hatar og minn Fodur.

24. Ef eg hefde eige giort þaug Verk a medal þeirra, sem eingenn hefur annar giort, þa hefdu þeir ongva Synd, enn nu hafa þeir sied þau, og hata þo bæde mig og minn Fodur.

25. Hell-

25. Helldur þad, ad þad Ord, sem skrifad er j þeirra Logmœale, uppfylltest: * ean Sakar hofdu þeir mig ad hatre.

* Psal. 35/19. og 69/5.

Gudspialled VI. Sunnudag epter Paska.

26. Enn þa sa Huggarenn kiemur, hvorn eg mun senda ydur af Fodurnum, sem er Sannleiksins Ande, hvor af Fodurnum frammgeingur, hann mun bera Vitne af mier.

27. Þier munud og bera Vitne af mier, þviad þier hafid j fra Upphafe hia mier verid.

XVI. Capitule.

JEsus talar (I) um Ofsoknir gegn sinum Læresveinum: (II) Um Embætte Heilags Anda: (III) Um Hriggd sinna Læresveina: (IV) Um Krapt Bœnarennar: (V) Ad hans Læresveinar munu þrijstrast.

1. Enn þetta hefe eg talad til ydar, so ad þier hneixlest eige.

2. Þvi þeir munu forboda ydur, og sa Tijme kiemur, ad hver ydur lijflœtur, hann meinar sig giora þœgt Verk Gude þar med.

3. Og þetta munu þeir giora ydur, af því, ad þeir þeckia hvorke Fodurenn nie mig.

4. Enn þetta tala eg því til ydar, ad nær su Stund kiemur, þa skulud þier minnast þar a, ad eg sagda ydur þad, enn þetta sagde eg ydur ei j Upphafe, því eg var hia ydur.

Gudsp. IV. Sunnud. eptir Paaska.

II. 5. Og nu fer eg til hans sem mig sende, og eingenn ydar spyr mig ad: hvort fer þu?

6. Helldur af því eg talade þetta til ydar, þa uppfyllteſt ydvart Hiarta af Hriggd.

7. Enn eg seige ydur Sannleikenn, þad batar ydur ad eg fare hiedann, því ef eg fer eige hiedann, þa kiemur eige Huggarenn til ydar, enn ef eg fer hiedann, þa mun eg senda hann til ydar.

8. Og þa hann kiemur, straffar hann Heimenn fyrer (a) Synd, og fyrer Riettlæte, og fyrer Dom.

(a) (Synd) Verolldenn, Natturann, Skynsemeñ og ꝛc. vita ecke ad Vantruenn er Synd, og ad Truenn er Riettlæte, og ad Guds Domur fyrerdæmer allt þad sem ad þeir og Disfullenn dæma a mote þeim Christiru, under Guds Pionuſtu, og Guds Nafns ad synd, þar fyrer straffar hinn Heilage Ande j Evangelio, allt þad fyrer Synd, sem ecke er Trwenn.

9. Fyrer Syndena, því þeir trua ei a mig.

10. Enn fyrer Riettlæted, þviad eg fer til Fodursins, og þadan af siaed þier mig ei.

11. Enn fyrer Domenn, þviad þessa Heims Hofdinge er dæmdur.

12. Enn hefe eg margt ad seigia ydur, enn þier fœed ei allt bored ad sinne.

13. Enn nær ad kiemur sa Sannleiksins Ande, þa mun hann leida ydur j allann Sannleik, þviad ei talar hann af sialfum sier, helldur

dur hvad hann heyrde, þad talar hann, og hvad epterkomande er, þad kunngiorer hann ydur.

14. Hann same mun og auglysa mig, þviad af mijnu mun hann þad taka og kunngiora ydur.

15. Allt hvad minn Fader hefur, þad er mitt, fyrer þvi sagde eg, ad af mijnu mun hann þad taka og kunngiora ydur.]

Gudspialled III. Sunnud. epter Paaska.

III. 16. Um lijtenn Tijma munud þier ecke sia mig, og enn aptur um lijtenn Tijma munud þier sia mig, þviad eg fer til Fodursins.

17. Þa sogdu nockrer af hans Læresveinum sijn a mille: hvad er þad, ad hann seiger oss: um lijtenn Tijma þa munud þier ei sia mig, og enn aptur um lijtinn Tijma þa munud þier sia mig, og eg fer til Fodursins?

18. Þa sogdu þeir: hvad er þad hann seiger, um lijtenn Tijma? vier vitum eige hvad hann seiger.

19. Þa fornam JEsus ad þeir villdu spyria hann ad, og sagde til þeirra: þier spyried ad þvi ydar a mille, ad eg sagde: um lijtenn Tijma þa munud þier ei sia mig, og þa aptur um lijtenn Tijma, þa munud þier sia mig.

20. Sannlega, sannlega seige eg ydur: þier munud graata og syrgia, enn Heimurenn mun fagna. Þier verded hriggver, enn ydar Hriggd skal snuast j Fognud.

21. Ko-

21. Konann nær hun fæder, þa hefur hun Hriggd, þviad hennar Stund er komenn, Enn þa hun hefur Barned fædt, minnest hun ei framar þess Harmkvælis fyrer þess Fagnadar saker, ad Madur er j Heimenn borenn.

22. Þier hafid nu eirnenn Hriggd, enn eg skal sia ydur aptur, og ydart Hiarta skal fagna, og ydvarn Fognud skal eingenn af ydur taka.

IV. 23. Og a þeim Deige munud þier mig og einskis spyria.]

Gudsp. V. Sunnud. epter Paaska.

Sannlega, sannlega seige eg ydur: Ef þier bidied Fodurenn nockurs j mijnu Nafne, þa mun hann giefa ydur þad.

24. Hingad til hafed þier ecke beded j mijnu Nafne, bidied, þa munud þier fa, so ad ydar Fognudur fullkomnest.

25. Þetta hef eg talad j Ordskvidum til ydar: Sa Tijme kiemur, ad eg tala ei leingur Ordskvide til ydar, helldur kunngiøre eg ydur berlega af mijnum Fodur.

26. A þeim Deige munud þier og bidia i mijnu Nafne, og eige seige eg ydur, ad eg mune bidia Fodurenn fyrer ydur.

27. Þviad sialfur Faderenn elskar ydur, af þvi þier elsked mig, og trued þad eg sie af Gude utgeingenn.

28. Eg er af Fodurnum utgeingenn, og

komenn j þennann Heim, eg fyrerlæt og aptur þennann Heim, og fer til Fodursins.

V. 29. Hans Læresveinar seigia þa til hans: Sie, nu talar þu berlega, og mæler ongva Ordskvide.

30. Nu vitum vier ad þu veitst alla Hlute, og þu þarft eige ad (b) nockur spyrie þig, fyrer þad truum vier ad þu siert af Gude utgeingenn.]

(b) (Nockur) þad er, menn þurfa ecke ad spyria þig, þoi þu kiemur fyrre med Andsvared, þviad þu sier Hiartad, og allt þad sem leynt er.

31. JEsus svarade þeim: Nu trued þier.

32. Siaed, su Stund kiemur, og er nu þegar komenn, ad þier munud tvistrast hvor til sijn, og skilia mig epter einsamann, enn eg er þo ei einsamann, þviad Faderenn er med mier.

33. Þetta talade eg til ydar, so ad þier hefdud Frid j mier, i Heimenum hafid þier Preinging, enn verid þo hughrauster, þvi eg yfervann Heimenn.

XVII. Capitule.

JEsus bidur (I) sinn Himneska Fodur (II) fyrer sinum Læresveinum, og (III) fyrer ollum Trundum.

I. Þetta talade JEsus, og hof upp sijn Augu til Himins, og sagde: Fader, Stundenn er komenn, ad þu auglyser Son þinn, so ad þinn Sonur auglyse og þig.

2. So sem þu gafst honum Yfervald alls Holldz, ad hann giefi þeim ollum, er þu gafst honum, eylifst Lijf.

3. Enn

3. Enn þad er eylijfst Lijf, ad þeir þecke þig alleina einn sannann GUD, og þann þu sender JEsum Christum.

4. Eg auglysste þig a Jordu, og fullkomnade þad Verk, er þu fieckst mier ad giora.

5. Og nu auglys mig Fader, hia sialfum þier, med þeirre Dyrd, er eg hafde hia þier, adur enn Heimurenn var.

6. Eg hefe opinberad Nafn þitt fyrer Monnum, þeim er þu gafst mier af Heimenum, þeir voru þijner, og þu gafst mier þa, og þeir geymdu þijn Ord.

7. Nu vita þeir, ad allt hvad þu gafst mier, er af þier.

8. Þvi þaug Ord er þu gafst mier, þa gaf eg þeim, og þeir hafa þaug medteked, og þeckia sannlega, þad eg em af þier vorgeinginn, og trua þvi, ad þu sender mig.

II. 9. Eg bid fyrer þeim, (a) eige bid eg fyrer Heimenum, helldur fyrer þeim, hvoria þu gafst mier, þvi þeir eru þijner.

(a) (Eige fyrer Heimenum) þad er, eg bid ecke ad þu lætter Heimsins og þeirra ogudlegu æfiætt og Giorder, vera þier þocknanlegar, eins og Moyses bad Num. 16. Ad GUD vilde ecke medtaka Offur Chorah: og David, 59 Psalm. Vertu engvum þeirra miskunsamur, sem eru so þverbrotner illgiarda Menn, annars eiga menn ad bidia fyrer Heimenum, ad hann meige snwast.

10. Allt hvad mitt er, þad er þitt, og hvad þitt er, þad er mitt, og j þeim er eg auglystur.

11. Og eige em eg nu meir j Heimenum, enn þeir eru j Heimenum, og eg kiem til þijn. Heilagur Fader, geym þa j þijnu Nafne, hvoria þu gafst mier, ad þeir sieu eitt, sem vid.

12. Á medann eg var hia þeim j Heimenum, þa geymde eg þa j þijnu Nafne, hvoria þu gafst mier, þa vardveitte eg, og eingenn af af þeim er glatadur, nema þad * glotunar Barn, so ad Ritningenn uppfylleſt.

* Psalm. 41, 10. og 109, 8.

13. Enn eg kiem nu til þijn, og þetta tala eg j Heimenum, so ad þeir hafe minn fullann Fognud, med sialfum sier.

14. Eg gaf þeim þijn Ord, og Heimurenn hatar þa, þviad þeir eru eige af Heimenum, lijka sem þad, ad eg er ei af Heimenum.

15. Eg bid eige ad þu taker þa af Heimenum, helldur ad þu geymer þa fra Illu.

16. Þeir eru eige af Heimenum, so sem ad eg er eige af Heimenum.

17. Helga þu þa j þijnum Sannleik, þijn Ord eru Sannleikur.

18. Lijka sem þu sender mig j Heimenn, so sende eg þa j Heimenn.

19. Fyrer þa helga eg sialfann mig, so ad þeir sieu og helgader j Sannleikanum.

III. 20. Eg bid ei einasta fyrer þeim, helldur og jafnvel fyrer þeim sem trua munu a mig, fyrer þeirra Ord.

21. So

21. So ad þeir sieu aller eitt, so sem þu Fader ert j mier, og eg j þier, ad þeir sieu og eitt j ockur, so ad Heimurenn true, þad þu sender mig.

22. Og þa Dyrd, sem þu gafst mier, þa gaf eg þeim, ad þeir sieu og eitt, so sem ad vid erum eitt.

23. Eg j þeim, og þu j mier, so ad þeir sieu fullkomner j eitt, og þad, ad Heimurenn kunne ad þeckia, ad þu sender mig, og þad þu elskar þa, so sem þu elskar mig.

24. Fader, hvoria er þu gafst mier, vil eg, ad hvar sem eg er, þa sieu þeir med mier, so þeir sie mijna Dyrd, þa þu gafst mier, þviad þu elskader mig, fyrr enn Heimurenn var grundvalladur.

25. Riettvijse Fader, Heimurenn þecker þig eige, enn eg þecke þig, og þesser þeckia ad þu sender mig.

26. Og þitt Nafn gierde eg þeim kunnugt, og eg vil giora þeim þad kunnugt, so ad þijn Astsemd, med hvorre þu elskader mig, sie j þeim, og eg j þeim.

XVIII. Capitule.

JEsus er leiddur (I) fyrer þann andlega, og (II) fyrer þann veralldlega Rett.

I. Þa JEsus nu hafde þetta talad, gieck hann ut med sijna Læresveina, yfer-

um Lækenn Kedron, þar var einn Jurtagardur, og JEsus gieck þar jnn med sijna Læresveina.

2. Enn Judas, sa er hann sveik, visse og þennann Stad, þviad opt safnadest JEsus þangad med sijna Læresveina.

3. Þa Judas hafde nu til sijn teked flock Manna, og eirnenn af Kiennamannahofdingianna og Phariseanna Þienurum, kom hann þangad med Blysum, Lømpum, og Vopnum.

4. Nu sem JEsus visse allt hvad yfer hann catte ad koma, þa gieck hann ut, og sagde til þeirra: Ad hvorium leited þier?

5. Þeir svorudu honum: Ad JEsu af Nazareth. Þa sagde JEsus til þeirra: Eg em hann. Enn Judas, sa er hann forried, stod þar eirnenn hia þeim.

6. Og þa er JEsus sagde til þeirra: Eg em hann, horfudu þeir a bak aptur, og duttu til Jardar.

7. Hann spurde þa enn aptur ad: Ad hvorium leited þier? Enn þeir sogdu: Ad JEsu af Nazareth.

8. JEsus svarade: Eg sagde ydur þad: Eg em hann. Og ef þier leited ad mier, þa lated þessa burtu ganga,

9. So ad uppfylldest þad Ord er hann sagde:

sagde: Ongvum glatade eg af þeim sem þu gafst mier.

10. Þa hafde Simon Petur eitt Sverd, og dro þad ut, og slo til eins Kiennemanna-hofdingians Þienara, og hio af honum hans hægra Eyra, enn Þienarenn hiet Malchus.

11. Þa sagde JEsus til Peturs: Stiktu þijnu Sverdej Slijdrer, skal eg þa ei drecka þann Kaleik, sem mier gaf minn Fader?

12. Enn Flockurenn og hinn ypparste Hofudsmadur, og Gydinga Þienarar hendludu JEsum, og bundu hann.

13. Og leiddu hann fyrst burt til Hannas (sa var Magur Caiphæ) sa er þa var þess Aars ædste Præstur.

14. Enn Caiphas var sa, er Gydingum gaf þad Raad, ad betur fære, þad eirn Madur være lijfladenn fyrer Lydenn.

15. Simon Petrus filgde JEsu epter, og einn annar Læresveinn, sa same Læresveinn var kunnugur Kiennemannahofdingianum, og gieck inn med JEsu j Kiennemannahofdingia Salinn.

16. Enn Petur stod fyrer Dyrunum ute. Þa gieck ut hinn annar Læresveirn, sem Kiennemannahofdingianum var kunnugur, og talade vid hana sem Dyrnar geymde, og leidde Petrum inn.

17. Þa sagde Ambattenn sem Dyrnar

gevmde, til Peturs: Ertu eige eirn af þess Manns Læresveinum? Hann sagde: Eige er eg.

18. Enn Þienarar og Undirmenn stodu, og hofdu giort eirn Kolaeld, og vermdu sig, þviad Kulde var. Petur stod þar hia þeim, og vermde sig.

19. Enn Kiennemannahofdingenn spurde JEsum þa ad, um hans Læresveina, og um hans Kienning.

20. JEsus svarade honum: Eg hefe opinnberlega talad fyrer Heimenum, eg kiende og jafnann i Samkunduhusum og j Musterenu, þar sem aller Gydingar komu samann, og a laun hefe eg eckert talad.

21. Þvi spyr þu mig þar ad? Spyr þu þa þar ad, sem heyrt hafa hvad eg hefe talad til þeirra: Sia, þeir vita hvad eg hefe sagt.

22. Enn sem hann sagde þetta, þa gaf eirn þeirra Þienara, sem þar hia stod, JEsu Pustur, og sagde: Skalltu so svara Kiennemannahofdingianum?

23. JEsus svarade: ef eg talade illa, þa vitna þu þad vondt vera, enn ef eg talade riett, þvi slær þu mig þa?

24. Og Hannas sende hann bundenn til Caiphani, Kiennemannahofdingia.

25. Og er Simón Petrus stod þar og vermde sig, þa toludu þeir til hans: Ertu eige eirn

eirn af hans Læreſveinum? hann neitade og ſagde: eige er eg.

26. Þa ſagde eirn af Kiennemannahofdingians Þienurum, Frænde þeſs, ſem Petur hio af Eyrad: ſa eg þig eigej Grasgardenum hia honum?

27. Þa neitade Petur þvi enn aptur, og ſtrax gol Hanenn.

II. 28. Þa leiddu þeir JEſum fra Caiphas og i Þinghuſid, enn þad var ſnemma. Og þeir geingu ei ſialfer inn j Þinghuſid, ad þeir ſaurgudueſt ecke, helldur ſo þeir mættu neyta Paſkanna.

29. Pilatus gieck þa ut til þeirra og ſagde: hvoria Akiæru færed þier j giegn (a) þeſſum Manne.

(a) (Þeſſum) þad er furda ad þier ſkulud hafa miked ad klaga uppa þennann, ſo godann og nafnfrægann Mann.

30. Þeir ſvorudu og ſogdu til hans: ef þeſſe være ei Illrædismadur, þa hefdum vier eige j Hendur feinged þier hann.

31. Þa ſagde Pilatus til þeirra: taked þier hann þa, og dæmed epter ydrum Logum. Gydingar ſogdu þa til hans: ei þorum vier ad lijfloata nockurn.

32. So ad þad Ord JEſu uppfylldeſt, er hann ſagde, teiknande til med hvorium Dauda hann ætte ad deya.

33. Pilatus gieck þa jnn aptur j Pinghus id, kallade JEsum, og sagde til hans: ertu Gydinga Konungur?

34. JEsus svarade: talar þu þad af sialfum þier, eda hafa adrer sagt þier þad um mig?

35. Þa svarade Pilatus: er eg nockud Gydingur? þijn Piod og Kiennemannahofdingiar selldu þig mier, hvad hefur þu giort?

36. JEsus svarade: mitt Rijke er eige af þessum Heime, ef ad mitt Rijke være af þessum Heime, þa mundu mijner Pienarar strijda þar fyrer, so ad eg selldest ei Gydingum, enn nu er mitt Rijke eige þadan.

37. Þa sagde Pilatus til hans: þa ertu þo Konungur? JEsus svarade: þu seiger þad, eg em og Konungur, til þess er eg fæddur, og j Heimenn komenn, ad eg bere Vitne Sannleikanum. Og hvor hann er af Sannleikanum, sa heyrer mijna Rodd.

38. Pilatus sagde til hans: hvad er (b) Sannleikurenn? og þa hann hafde þetta sagt, gieck hann aptur til Gydinga, og sagde til þeirra: eg finn engva Sok med honum.

(b) (Sannleikurenn) Ironia est, vilier þu tala um Sannleika, þa er þad fared fyrer þier.

39. Enn þad er ydar Sidvenia, ad eg giefe ydur eirn lausann a Paskum, vilied þier, ad eg giefe ydur nu lausann Gydinga Kongenn?

40. Þa

40. Þa kolludu aller aptur j mote, seigiande: Eige þennann, helldur Barrabam, en Barrabas var einn Manndrapare.

XIX. Capitule.

JEsus (I) er krossfestur, og (II) grafenn.

I. Þa tok Pilatus JEsum, og hvdstrykte hann.

2. Og Strijdsmennerner flettudu eina Koronu af Þyrnum, og settu hana a hans Hofud, og logdu yfer hann Purpuraklæde,

3. Og sogdu: Heill siertu kiære Kongur Gydinga; og gæfu honum Þvstra.

4. Þa gieck Pilatus ut aptur og sagde til þeirra: Siaed, eg leide hann nu ut hingad til ydar, so ad þier vited, þad eg finn ongva Sok med honum.

5. So gieck JEsus ut, berande Þyrne Koronu, og Purpuraklæded, og hann sagde til þeirra: Siaed, hvilijk Manneskia!

6. Þa er Kiennemannahofdingiarner og Þienararner sau hann, kolludu þeir og sogdu: Krossfestu, krossfestu. Pilatus sagde til þeirra: Taked þier hann og krossfested, þviad eg finn ongva Sok med honum.

7. Þa svorudu honum Gydingar: Vier hofum *Log, og epter þeim Logum skal hann deya, þviad hann gierde sig sialfann ad Gudz Syne. *3. Mos. 24, 16.

8. Þa Pilatus heyrde þad Ord, ottadest hann enn meir.

9. Og gieck inn aptur j Þinghusid, og sagde til JEsu: Hvadann ertu? Enn JEsus gaf þeim eckert Svar.

10. Þa sagde Pilatus til hans: Talar þu eige vid mig? veitstu eige, ad eg hefe Vald til ad krossfesta þig, og eg hefe Vald til ad giefa þig lausann?

11. JEsus svarade: eige hefder þu nockud Vald yfer mier, nema þier være þad giefid hier ofann ad, fyrer þvi hefur sa meire Synd, er mig sellde þier.

12. Og epter þad leitade Pilatus vid, hvornenn hann gieete lœted hann lausann, enn Gydingar hropudu og sogdu: ef þu lætur þennan lausann, þa ertu ecke Keisarans Vinur, þviad hver sem sig giorer ad Konunge, hann er a mote Keisaranum.

13. Þa Pilatus heyrde þad Ord, leidde hann JEsum ut, og sette sig a Domstolenn j þeim Stad sem kallast hinn Steinlagde, enn a Ebresku, Gabbatha.

14. Enn þad var Adfangadagur Paska, nærre siottu Stund. Þa seiger hann og til Gydinga: siaed, þad er ydar Kongur.

15. Enn þeir kolludu, burt, burt med hann, krossfestu hann. Pilatus sagde til þeirra: skal eg krossfesta ydvarn Konung? Kienne-

Kiennemannahofdingiarner svorudu: ongvañ Konung hofum vær nema Keisarann.

16. Þa framm-sellde hann þeim hann, ad hann krossfesteſt. Og þa toku þeir JEſum og leiddu hann j burt.

17. Og hann bar sinn Kross, og gieck ut j þann Stad, sem kalladeſt Hofudſkieliaſtadur, enn a Ebreſku Golgatha.

18. Þar krossfestu þeir hann, og tvo adra med honum, a bœdar Sijdur, enn JEſum j mided.

19. Pilatus ſkrifade þa eina Yfer-ſkrift, og sette hana upp yfer Krossenn, og þar var ſkrifad: JEſus af Nazareth, Konungur Gydinga.

20. Þessa Yfer-ſkrift lœsu marger af Gydingum, þviad sa Stadur var nærre Borgenne, þar JEſus var krossfestur, enn þad var ſkrifad a Ebreſkt, Griſkt, og Latinſkt Tvngumœl.

21. Þa sogdu þeir œdstu Prestar Gydinganna vid Pilatum: ſkrifa þu eige Konungur Gydinga, helldur þad hann hafe sagt: eg em Konungur Gydinga.

22. Pilatus svarade: hvad eg ſkrifade, þad hef eg ſkrifad.

23. Þa Strijdsmennerner hofdu krossfest JEſum, toku þeir haus Klœdnad, og giordu a Fiogra hluta ſkipte, sier-hvorium Strijdsmanne einn Hlut, og þar med Kyrtelenn, enn

Kyrtellenn var eige saumadur, helldur fra ofan verdu allur prioadur.

24. Pa toludu peir sijn a mille: Skiptum vær honum ei j sundur, hlutunst helldur um, hvors hann skal vera, so ad Ritningenn uppfylldest, er seiger: *peir skiptu med sier Klædum mijnum, og a minn Kyrtel pa logdu peir Hlutkeste, og petta giordu Strijdsmennerner. *Psalm.22, 19.

25. Enn par stodu vid Krossenn JEsu, Moder hans, og Modursyster hans, Maria Hwsfrw Cleophæ, og Maria Magdalena.

26. Pa JEsus sa nu sijna Modur, og pann Læresvein par nærstandande, er hann elskade, seiger hann til sinnar Modur: Kona, sia pu, pad er pinn Sonur.

33. Hann tok pa ad sier pa somu Stund Nætur, og pvrde Beniar peirra, hann liet pa og skijra jafnsnart sialfann sig og allt sitt Hws.

34. Og pa leidde hann pa j sitt Hws, reiste upp Bord fyrer peim, og hann gladdest

med ollu sijnu Hooſi, þad hann var a Gud truadur ordinn.

35. Og er dagade, sendu Hofudsmennerner Pienara Stadarins þangad, og sögdu: loattu þessa Menn lausa.

36. Enn Mirkvastofuvordurenn kunngiorde Paale þessa Rædu: Hofudsmennerner sendu hingad, ad þier skylldud lauser loataſt, þvi ganged nu ut og fared j Fride.

37. Enn Paall sagde til þeirra: þeir hafa opinnberlega oan Laga og Doms loatid hvodſletta oss Romverska Menn, og j Mirkvastofu kaſtad, og skylldu þeir nu reka oss ut heimuglegana? ei skal so, helldur loated þa sialfa koma og leida oss ut.

38. Enn þesse Ord kunngiordu Stadarens Pienarar Hofudsmennunum, og er þeir heyrdu þad ad þeir voru Romverſker, ottuduſt þeir,

39. Komu sijdann, beiddu þa og utleiddu, og bœdu þa ad þeir villdu fara burt ur Borgenne.

40. Þeir geingu þa af Mirkvastofunne, og komu til Lydia. Og er þeir hofdu Brœdurnar ſied og huſvalad þeim, foru þeir burt.

XVII. Capitule.

Paulus kemur (I) til Theſſalonica; (II) til Berrhoeun; (III) til Athenuborgar.

I. Enn

1. Enn þa þeir foru um Amphipolin og Appolloniam, komu þeir til Thessalonicam, hvar ed var eitt Gydinga Samkunduhvs.

2. Enn Paall gieck inn epter Veniu sinne til þeirra, og sagde þeim um þria Sabbathsdaga ur Ritningunum.

3. Opnade þær fyrer þeim, og lagde þad framm fyrer þa, ad Christus hefde vatt ad lijda, og af Dauda upp ad rijsa, og ad þesse JEsus, hvorn eg boda ydur (sagde hann) er Christur.

4. Og nockrer af þeim fiellu til hans, og samlogudu sig Paale og Sila, og mikell fiolde Gudligra Grickia, þar med hinar ædstu Kvinnur, eige allfaar.

5. Enn þeir Hardsvijrudu Gydingar fylltust Vandlætingar, og feingu med sier nockra illþydis Almvgamenn, og er þeir hofdu dreiged Flock samann, giordu þeir Upphlaup i Borgenni, og geingu fyrer Hvs Jasonis, og soktu epter ad leida þa framm fyrer Allþydufolked.

6. Enn er þeir fundu þa eige, drou þeir Jason og nockra Brædur fyrer Hofdingia Borgarennar, og kolludu: Þeir ed uppreistann giora allann Heiminn allt umkring, eru hier komner.

7. Hvoria Jason hyser, og þesser aller

giora j mote Keisarans Bode, seigiande annann Kong vera, sem er JESUS.

8. So uppæstu þeir Lydenn og Hofdingia Borgarennar, þa þeir slijkt heyrdu.

9. Og er þeir hofdu fullt Andsvar feinged af Jasone, og þeim odrum, lietu þeir þa lausa.

II. 10. Enn Brædurner lietu Paal og Silam burt fara um Nott til Berrhoen, og er þeir komu þar, geingu þeir inn j Gydinga Samkunduhus.

11. Þvi þeir voru hiner Edalbornustu a medal þeirra, sem voru j Thessalonica, hvsrier Orded medtoku miog godviliuglega, rannsakande daglegana Ritningarnar, hvort þad være so.

12. Og marger af þeim gierdust Truader, og eirnenn erlegar Kvinnur Griskar, og eige allfaaer Karlmenn.

13. Enn er þad feingu ad vita þeir Gydingar sem voru af Thessalonica, ad GUds Ord voru bodud af Paale, j Berrhoen, komu þeir og æstu eirnenn þar Lydenn.

14. Enn jafnsnart sendu Brædurner Paal j burt, þad hann geinge allt til Siafarins, enn Silas og Timotheus urdu þar epter.

III. 15. Og þeir ed leiddu Paal a Veg, filgdu honum allt til Athenu, og sem þeir feingu þa Bifalning af honum til Sila og Timotheo, þad þeir kiæme sem snarast til hans, foru þeir a burt.

16. Enn a medan Paall beid þeirra j Athenu,

nu, grandest hans Ande med sialfum honum, er hann sa Borgena so miog hneigda til Skvorgodadyrdkunar.

17. Og hann talade hvorn Dag vid Gydinga og Gudrækna Menn j Samkunduhusum, a Torge, til peirra Manna sem hielldu sig, pangad.

18. Enn nockrer Epicurei, og Stoici, veralldleger Spekingar, prættudu vid hann, og sumer sogdu: hvad vill pesse (a) Ordsnapur til seigia? enn adrer sogdu: pad synest sem hann vilie nyrra Gilda Bodare vera, fyrer pvi hann hafde bodad peim Evangelium af JEsu, og af Upprisunne.

(a) Spermologus, j Grisskunne, kisptugur Husgangs Madur, Landblaupare; pess hattar Menn sem flacka hingad og pangad um Landed, og fæda sig a Kvismælum.

19. Og peir tooku hann, og leiddu a Domstotenn, seigiande: meigum vær ecke sa ad vita hvor pesse nya Kienninger, er pu kienner?

20. Pviad nockud nytt flytur pu fyrer vor Eyru, fyrer pvi villdum vier vita hvad pad være.

21. Enn aller Athenu Borgarmenn, og so Utlendingar og Giester, stundudu eckert annad, nema ad seigia, eda ad heyra nockud nytt.

22. Pa stood Paall midt a Domstotnum og sagde: Pier Menn Athenuborgar, eg sie

það þier erud j ollum Hlutum ofmiog vantruader.

23. Eg hefe geinged hier um, og sied ydra Gudsþionustu, eg fann og Alltare, a hvoriu upp var skrifad: þeim okunna Gude. Fyrer því boda eg ydur þann sama, hvorium þier ovitande Guds Þionustu giored.

24. Sa Gud sem giorde Heimenn, og allt hvad j honum er, fyrer því, ad hann er Drottenn Himens og Jardar,

25. Þa byr hann ecke j Musterum þeim sem med Hondum eru smijdud, og eige verdur honum þionad af Mannanna Hondum. So sem hann hefde nockurs Þorf, med því hann giefur allstadar ollum Lijf og Anda.

26. Og hann hefur það giort, ad allar Mannanna Ættkvijsler bua a Jordunne af einu Blode, og hann sette Tijma og Takmork, sem var aadur fyrer-sied hvad vijdt og langt þeir skylde bua.

27. So ad þeir skylldu leita Drottens, ef verda kynne, ad þeir mætte a honum þreifa, og hann finna, þo ad hann sie ad Sonnu eigi langt fra einum sier hvorium vorra.

28. Þviad vier lifum, hrærunst, og erum j honum, so sem nockur Skaalld hia ydur hafa sagt: vier erum af hans (b) Ætt.

(b) (Ætt) það er, vier erum komner af honum so sem af einum Fodur edur Skapara.

29. Nu

29. Nu med þvi vier erum Guds Ætt, skulum vier ei meina Guddomenn lijkann vera Mindum af Gulle, Silfre, edur Steinum, sem giordar eru fyrer mannlega Panka.

30. Og ad Sonnu hefur Gud lided Tijma Dvitskunnar, enn nu bydur hann ollum Monnum, j ollum Endemorkum, ad giora Yferbot.

31. Fyrer þvi hann hefur Dag tilsett, a hvorium hann vill dæma alla Jardarkringluna med Riettvijse, fyrer einn Mann, fyrer hvorn hann hefur þad ætlyckad, Tru ad veita ollum; epter þad hann uppvakti hann af Dauda.

32. Enn er þeir heyrdu af Uppriſu framm-lidinna, hæddu sumer ad þvi, enn sumer sogdu: vier skulum heyra þig framar um þetta.

33. So gieck Paall fra þeim.

34. Og nockrer Menn hielldu med honum, og urdu (c) truader, medal hvorra var Dionysius eirn af Raadenu, og Kona, Damaris ad Nafne, og adrer med þeim.

(c) (Truader) enn Løgmalsins og Verkanna, þvi þeir voru Heidingiar.

XVIII. Capitule.

Paulus (I) predikar j Corinthiborg: Og (II) kemur sijdann til Epheſiborgar.

I. Enn epter þad skilde Paall vid Athene, og kom til Corinthum,

2. Og

2. Og fann einn Gyding, Aqvilam ad Nafne, fæddann j Ponto, sa er nylega var komenn af Vallande, med sinne Hwsfru Prisçilla, af þvi ad Keisare Claudius hafde boded ollum Gydingum ad rijma burt af Rom.

3. Til þess hins sama gieck hann jnn. Og med þvi ad þeir voru eins Handverks Menn, var hann hia þeim, og erfidade, enn þeirra Handverk var Tialldvefnadur.

4. Og alla Sabbathsdaga kiennde hann j Samkunduhusinu, og talade um bæde fyrer Gydingum, og eirnenn lijka fyrer Grickium.

5. Enn er Silas og Timotheus komu af Macedonia, þreingde Andenn Þaule til at vitna fyrer Gydingum, þad JESUS være Christus.

6. Enn sem þeir stoodu a mote þvi, og toludu hædungar Ord, hriste hann sijn Fot, og sagde til þeirra: ydvart Blod sie yfer ydar Hofde, eg er hreinn, og geing hier epter til Heidingia.

7. Og hann veik þadann, og gieck jnn j Hws nockurs þess er Justus var ad Nafne. Hann var gudhræddur, hans Hws var og nærsta Samkunduhwsinu.

8. Enn Crispus, hvor ed var Foringe Samkunduhussens, trude a Drottenn med ollu sijnu Hwsi, og marger (a) Corinthu-Menn, þeir ed tilheyrdu, urdu truader, og lietu skijra sig.

(a) Þeir

(a) Þeir j Corinthu komu og so ann Logmaalsins og Verkanna.

9. DRottenn sagde fyrer Syn um Nott til Þaals: Ottast eige, helldur tala þu og þeig ecke,

10. Þvi eg em med þier, og eingenn skal voga ad giora þier Skada, þviad eg aa miked Folk j þessare Borg.

11. Enn hann sat þar Aared umkring, og sex Manude, og kiennde þeim GUds Ord.

12. Enn er Gallion var Landstiornare j Achaia, settu Gydingar sig med einu Samhelde a mote Þaale, og leiddu hann fyrer Domstolenn,

13. Og sogdu: þesse rædur Monnum ad dyrdka GUd j mote Logmalenu.

14. Enn þa Þaall bio sig til ad uppluka Munnenn, sagde Gallion til Gydinga: Judar mijner, ef þad være um nockur Raangind eda Oknytte, þa bære mier ad heyra ydur,

15. Enn med þvi þad eru Spurningar, um Lærdom, og Ord, og Logmaal, ydar a millum, meiged þier sialfer til sia, þviad eg hyggst eige Domare vera þar yfer.

16. Og rak þa fra Domstolnum.

17. Þa gripu aller Gricker Sosthenem, Samkundunnar Hofdingia, og slou hann fyrer Domstolnum, enn Gallion gaf sig þar ecke ad.

18. Þaall dvaldest þar enn nu leinge, þar epter giorde hann skilnad vid Brædurnar, og villde

villde sigla j Syriam, og Priscilla og Aqvila med honum. Pa hann hafde rakad Hofud sitt j Kenchrea, þviad hann hafde heit a Hende.

II 19. Og hann kom til Epheso, og þar skilde hann þau epter, enn hann gieck jnn j Samkunduna, og talade vid Gydinga.

20. Enn þeir bædu hann, ad hann blife þar enn leingre Tijma hia sier.

21. Enn hann samsinnte þvi ecke, helldur skildest hann vid þa og sagde: mier birtar med ollu þessa Hatijd, sem til stendur, ad hallda til Jerusalem, ef GUD vill, skal eg til ydar koma, og hann for fra Epheso,

22. Og kom til Cesarea, gieck upp og heilsade Safnadenum, og for ofann til Antiochia,

23. Og dvaldest þar nockra Stund, for burt sijdann, og gieck hvad epter annad j giegnum allt þad Galatiska Land, og Phrygiam, stirkiande alla Læresveinana.

24. Pa kom þar til Epheso Gydingur nockur, Apollo ad nafne, fæddur j Alexandria, mælskumadur, og mættugur j Ritningunum.

25. Þesse var menntur j Veige Drottins, og talade med gloande Anda, og kiennde allkappsamlega um Drottenn, vitande einasta af Skijrn Johannis.

26. Þesse tok diarflega ad predika j Samkundunne, enn er Aqvila og Priscilla heyrdu honum,

honum, toku paug hann ad sier, og logdu enn innelegar ut fyrer honum Guds Veg.

27. Og pa hann villde reisa j Achaiam (b) skrifudu Brædurner og riedu Læresveinunum, ad peir medtæke hann, og sem hann var par komenn, hialpade hann morgum, peim er truader voru ordner fyrer Nadena.

(b) (Skrifudu) so ad menn skylldu ecke trua peim sem villde koma sier jnn an Brieka.

28. Pvi hann yfervann Gydinga mektuglega, bevijsande opennberlega, fyrer Ritningarnar, pad JEsus være Christus.

XIX. Capitule.

(I) Predikun Pauli j Ephesiborg: (II) Falsker Særingamenn, sem villdu reka Diefsul ut, verda straffader: (III) Upphlaup sem Gullsmidur nockur hafde vered Orsok til, sefast.

I. Og pad skiede, er Apollo var til Corintho, ad Paall gieck pa um Upplond, og kom til Ephesum, og fann nockra Læresveina,

2. Og sagde til peirra: hafed pier nockud medteked Heilagann Anda, pa pier urdud truader? enn peir sogdu til hans: vær hofum enn alldrei heyrt hvort ad Heilagur Ande være til.

3. Hann sagde til peirra: uppa hvad erud pier pa skijrder? enn peir sogdu: uppa Skijrn Johannis.

4. Paall sagde: Johannes skijrde ad sonnu med Idranarskijrn, og sagde fyrer Folke-

Folkenu, ad þeir skylldu trua a þann, sem epter hann munde koma, þad er, a JESUM Christum.

5. Sem þeir heyrdu þad, lietu þeir skijra sig j Nafne Drottins vors JEsu.

6. Og er Paall hafde haft Hendur yfer þeim, kom Heilagur Ande yfer þa, og þeir tosludu Tungur, og spaadu.

7. Enn þeir Menn voru alls nær tolf.

8. Hann gieck jnn j Samkunduhusid, og predikade diarflega, um þria Manude, kiennde og undervijsade af Guds Rijke.

9. Enn þa þeir voru nockrer, sem forherdter voru, og ei trudu, talande jlla um þann Veg fyrer Alþijdunne, veik hann fra þeim, og adskilde Læresveinana, daglegana talande j Skola þess Manns, er Tyrannus hiet.

10. Og þad varde tvs Aar, so ad þeir aller, sem biuggu j Asia, heyrdu Ord Drottens vors JEsu, bæde Gydingar og Gricker.

11. Og Gud giorde ei lijtil Verk fyrer Hendur Paals.

12. So ad þeir toku Svitaklæde og Kraga af hans Horunde, og hielldu þeim yfer Siuka, þad Krankdæmenn hvurfu af þeim, og jllskv Andar utforu af þeim.

II. 13. Enn nockrer freistudu utaf Umhleypings Judum, Særingamenn, ad kalla a Nafn Drottins JEsu, yfer þeim sem jllskuanda hofdu

hofdu med sier, og sogdu: vier færum ydur fyrer JEsum, þann Paall predikar.

14. Enn þesser voru sio, er þetta frombu, Syner þess Gydings, og Prestahofdingia, er Skeva hiet.

15. Enn Illsku-Andenn svarade og sagde: JEsum þeckee g, og Paal veit eg, enn hvorier erud þier?

16. Og sa Madur, j hvorium Illsku-Andenn var, stock uppa þa, og vard þeim oblugre, og varpade þeim under sig, so ad þeir flydu nakter og særer ur þvi sama Hvsi.

17. Og þetta var ollum kunnugt, sem biuggu j Epheso, bæde Gydingum og Grickium. Og yfer þa alla slo Otta, og Nafn Drottins vors JEsu var hæleitlega lofad.

18. Þar komu og marger, sem truader voru ordner, vidurkiendu og kunngiordu, hvad þeir hefdu (a) oaunned.

(a) (Aunned) med Predikunenne, Lærdome, og odrum Evangelii Averte.

19. Og marger af þeim sem Forneskiu Lister hofdu framed, boaru Bækurnar adframm, og brenndu þær opinnberlega, og ad samaunreiknudu þeirra Verde, fundu þeir þess Fioar (b) simmtijge þusund Silfurpeninga.

(b) (Simmtijge) þad er meir enn half siotta þusund Gyllene, einn Peningur kostar simm Danska Skillinga.

20. So obluglega ox Ord Drottens og fieck Framgang.

21. Nu

21. Nu sem þetta var utgiort, sette Paall sier j Anda, ad ferdast um Macedoniam og Achaiam, og ad ferdast til Jerusalem, og sagde: epter þad er eg hefe verid þar, biriar mier ad sia Rom.

22. Og hann sende tvo af þeim er honum þionudu, Timotheum og Erastum, til Macedoniam, enn hann tafde sialfur um Stundar Saker j Asia.

III. 23. Enn j þann Tijma hofst eige lijtill Upplœstur utaf þessum Veige.

24. Þviad nockur Gullsmidur, sa ed Demetrius var ad Nafne, hvor ed gierde Dianæ silfur Mustere, og þad giorde þeim Embœttismonnum eige lijtenn Aabata.

25. Hann samannkallade þa, sem þesshattar Verkmenn voru, og sagde: goder Menn, þier vitid ad vier hofum nikenn Groda af þessu Verklage.

26. Og þier siaed og heyred, ei alleinasta j Epheso, helldur og nærsta um alla Asiam, þad þesse Paall umhverfer miklu Folke, teliande um fyrer þvi, og seiger, ad þar sieu engver Guder, sem med Hendum verda gierder.

27. Enn þetta vill eige einasta giora vort Handverk oduganlegt, helldur mun Mustere hinnar miklu Gydiu Dianu einskis verda virdt, þar til mun hennar Tign ad engvu verda, hvorre þo oll Asia og Heimskringlann veiter gudlega Þionustu.

28. Sem

28. Sem þeir heyrdu þad, fylltuſt þeir Reide, æptu upp, og ſogdu: Diana þeirra j Epheſo er mikel.

29. Og oll Borgenn fylltest af Hœreyſte, og þeir giordu med einu Hugarfare Aahlaup til Torgſins, gripu þa Gajum og Ariſtarchum af Macedonia, Lagsmenn Pœals.

30. Pœall villde ganga þa jnn ad Folkenu, enn Lœreſveinarner leyfde honum þad eige.

31. Og nockrer Yfermenn ur Aſia, þeir ed Pœals goder Viner voru, ſendu til hans, og bœdu hann ad hann giœfe ſig ei framm a Torged.

32. Sumer kolludu ſo, enn adrer odruvijs, þviad Alþydann var vill ordenn, og fleſter viſſu ei af hvoriu Efne þeir voru tilſamanns komner.

33. Enn ſumer af Folkenu drogu framm Alexandrum, þeim er Gydingar frammvttu, enn Alexander bendte Hendenne ſier til Hliods, viliande forſvara ſig fyrer Folkenu.

34. Og er þeir formerktu, þad hann var Gydingur, hofſt upp ein Rodd af ollum, og þeir hroopudu nær tvœr Stunder: Diana þeirra j Epheſo er mikel.

35. Og ſem Kantzelerenn fieck ſtodvad Folked, ſagde hann: þier Menn j Epheſo, hvor er ſa Manna ed ei veit, þad Borgenn Epheſius veite forſorgan hinne miklu Gydiu Dianu, og þvi himneſka Bijlœte.

36. Nu

36. Nu, med þvi ad þetta er omotmælanlegt, þa biriar ydur spokum ad vera, og eckert af Broadræde ad gisra.

37. Þier hafed nu þessa Menn hingad dreiged, sem hvorke eru Næningiar Kyrkna, nie Hoadsmenn ydar Gydiu.

38. Enn hafe Demetrius, og þeir sem j Embætte med honum eru, Kiærumoal vid nockurn, þa gisrest þar Domur um, og þar eru Landstiornarar, loated þa aklaga hvorn annann jnnbyrdis.

39. Enn ef þier leitid nockud epter um adra Hlute, þa loated þad frammkvæmast a einum sickanlegum Samsunde.

40. Þvi vier stondum j Hoaska, ad vier meigum klagader verda fyrer þessa Dags Upphlaup, med þvi þo, ad eingenn Sok er til slijks Upphlaups, med hvorre vier kunnum oss ad afsaka. Og er hann hafde þetta sagt, liet hann Almvogann burt fara.

XX. Capitule.

Paulus kemur (I) til Troas, og (II) til Miletus, hvar hann lætur (III) kalla hina Eldstu af þeim j Ephesu til sin.

I. Enn epter þad, er þessu Upphlaupe linnte, kallade Poall Læresveinana til sijn, og blessade þa, og gieck burt þadann, ad hann ferdadest j Macedoniam.

2. Enn

2. Enn þa hann hafde ferdaſt j giegnum þad ſama Land, og þeim Aminning veitt med morgum Ordum, kom hann til Grickslands,

3. Og tafde þar þria Manude. Enn þa honum voru umſat giord af Gydingum, er hann villde ferdaſt j Syriam, vard hann þeſs Sinnis, ad ſnua aptur um Macedoniam.

4. Og þeſſer foru med honum, allt til Aſiam, Sopater af Berrhoen, enn af Theſſalonica, Ariſtarchus og Secundus, og Gajus af Derben, og Timotheus, enn af Aſia, Tychicus, og Trophimus.

5. Þeſſer geingu undann, og bidu vor j Troade.

6. Enn vier ſigldum epter Paſkana fra Philippis, allt til hins fimmta Dags, og komum til þeirra j Troada, og dvoldum þar j ſio Daga.

7. Enn eirn firſta Dag Viku, þa Læreſveinarner voru til ſamans komner, Braud ad briota, predikade Paall fyrer þeim, þvi annars Dags villde hann ferdaſt, og teygde Ræduna allt til midrar Nætur.

8. Og j þeim Loptſal voru merg Lios, ſem þeir voru ſamannkomner.

9. Og hockurt Ungmenne Eutychus ad Nafne, ſat j Vindaugaunu, og fiell j diupann Svefn, þa Paall rædde ſo leinge, og vard af Svefne nidur dreigenn, og hrapade ofan ur

hinum þridia Loptsal, og var daudur upptekenn.

10. Enn er Paall gieck ofann, lagde hann sig framm yfer hann, og hiellt um hann, og sagde: Gisred ongvann Hæavada, þviad hans Önd er med honum.

11. Hann gieck þa upp, braut Braudid, og bergde, og talade margt vid þa. allt til þess Dagur rann, og so ferdadest hann.

12. Enn þeir sooktu Sveinenn lifande, og þeir hugsvoludust vid þad eige allijtid.

II. 13. Og vier foorum a Skipe undann, og foorum til Asson, þar villdum vier hafa teked jnn Paal til vor, þvi hann hafde so ætsett, þad hann villde sialfur fotgangande fara.

14. Enn sem hann kom til Asson tokum vær hann til vor, og komum til Mitylenen.

15. Þadann sigldum vier, og komum annars Dags giegnt Chion, og Deigenum epter tokum vær Hofn vid Samon, og dvoldum j Trogilion, og nærsta Dagenn epter komum vær til Mileto.

16. Þviad Paall hafde ætlyckstad ad sigla framm hia Epheso, so ad hann hefde ongva Dvol j Asia, af þvi hann flytte sier, ad hann villde vera j Jerusalem a Hvijtasunnudag, ef honum være þad mogulegt.

III. 17. J fra Mileto sende hann til Ephesum, og liet kalla a hina ellstu af Safnadenum.

18. Og

18. Og sem þeir komu til hans, sagde hann til þeirra: þier vitid ad j fra þeim fyrsta Deige er eg kom j Asiam, hvorsu eg hefe um alla Tijma hia ydur verid,

19. Og Drottne þionad, med ollu Lijtelæte, og med miklu Taarafalle og Freistingum, hvoriar mier hafa hlotnast af Gydingum er stundudu epter minne Fordiorfun.

20. Og hvornenn eg leynde þvi ongvu, sem ydur var nytsamlegt, so eg hafe þad eige kunngiort ydur og kiennt ydur opinnberlega, og einslega.

21. Og hefe vitnad bæde Gydingum og Grickium, Idran til Guds, og Truna a Drottenn vorn JEsum.

22. Og nu siaed, eg sem er bundenn j Anda, ad ferdast til Jerusalem, veit eige hvad þar mun yfer mig koma,

23. Nema þad er Heilagur Ande vitnar um allar Borger, seigiande, ad Fiotur og Harmkvæle munu mijn bijda þar.

24. Enn eg gief þvi ongvu vakt, eg helld og eige sialfur mitt Lijf dyrmætt, so ad eg fullkomne mitt Hlaup med Fagnade, og þad Embætte sem eg hefe medteked af HErranum JESU, ad vitna Evangelium um Guds Nad.

25. Og nu siaed, ad nu veit eg, ad þier munud ei sia mitt Andlit framarmeir, aller,

a medal hvorra eg hefi ferdast, og predikad Guds Rijke.

26. Fyrer thvi vitna eg fyrer ydur a thessum Deige, thad eg em hreinn af allra Blode.

27. Thviad eg hefe eckert dulid fyrer ydur, thad eg hafe eige kunngiort ydur allt Guds Raad.

28. Af thvi hafid gaat a sialfum ydur, og a allre Hiordenne, medal hvorra Heilagur Ande sette ydur til Biskupa, ad fæda Esfnud Guds, hvorn hann hefur utvegad med sijnu eigenn Blode.

29. Thviad thad veit eg, ad epter minn Afgang, munu jnnganga a medal ydar olmer Vargar, thei ed ei munu thirma Hiordenne.

30. Og af ydur sialfum munu Menn upprijsa, er tala raangar Kienningar, ad thei teyge Læreſveinana epter sier.

31. Fyrer thvi vaked thier, og minnest a thad, ad eg hefe j thriu Aar, Nott og Dag, ei afloated, ad aaminna eirn og sierhvorn, med graatande Taarum.

32. Og nu, kiærer Brædur! bifala eg ydur Gude, og Orde hans Naadar, hvor maattugur er upp ad byggia ydur, og Arftoku ad giefa a medal allra theirra sem helgader verda.

33. Eige gyrntest eg nockurs ydars Silfur, Gull edur Klædnad.

34. Thviad

34. Þviad þier vited sialfer, ad þessar Hendur hafa mier unnid til minnar Naudþurftar, og þeirra sem med mier vorn.

35. Allt synda eg ydur, ad so byriade Mönnum ad erfida, og þa veikt ad annast, og minnast Orda DRottens JEsu, þar hann sagde: Sælla er ad giefa enn ad þiggia.

36. Og er hann hafde þetta sagt, fiell hann a Knie, og bad saman þeim ollum.

37. Þa giordest Graatur mikell a medal þeirra allra, og logdu Hendur um Hals Þræle og kysstu hann,

38. Syrgiande mest af þvi Orde er hann sagde, ad þeir munde ei sia hans Andlit meir. Og þeir filgdu honum til Skips.

XXI. Capitule.

(I) Paulus kemur til Cæsarea: (II) Madur nockur spaer hvad fyrer Paulo læge: (III) Paulus er fangadur j Jerusalem.

1. Sem þad var skied, ad vier snerum oss fra þeim, og forum burt, komum vier beinleides til Co, og annars Dags til Rhodum, og þadann til Patara.

2. Og þa vier fundum eitt Skip þad fara yfir til Phenicen, stigum vier þar a og forum a burt.

3. Enn sem vier seingum ad sia Cyprum, lietum vier hana til vinstre Handar, og sigldum

j Syriam, og komum ad Tyro, þvi þar ætte Skipid ad leggia upp Farmenn.

4. Og sem vier fundum Læresveinana, vorum vær þar j sio Daga, hvorier Pæle sögdu fyrer Andagipt, þad hann skyllde ei fara upp til Jerusalem.

5. Og þad skiede, sem þeir Dagar voru lidner, foorum vær vt og ferdudunst. Og þeir aller med Hvssfreyum sijnum og Bernum, fylgdu oss a veg, ut fyrer Borgena, og vier fiellum a Knie j Fiorunne, og bædunst fyrer.

6. Og er vær hofdum kvadt hvor annann, stigum vier a Skip, enn hiner sneru aptur til sinna Heimkynna.

7. Og vier fullkomnudum Siglingina fra Tyro, og komum til Ptolemaida, og heilsudum Brædrunum, og vorum þar eirn Dag hia þeim.

8. Enn annars Dags forum vær j burt, vier sem med Pæle vorum, og komum til Cesaream, og geingum inn j Hvs Philippi Gudspiallara, hvor ed var eirn af þeim Sio, og dvoldum hia honum.

9. Hann ætte fiorar Dætur, þær Meyar voru, og spædu.

II. 10. Og sem vier dvoldustum þar fleyre Daga, ferdadest Spæmadur sa af Judea, er Agabus var ad Nafne,

11. Og kom til vor: hann tok Linda Pæls, og

og batt Hendur sijnar og Fætur, og sagde: Petta seiger Heilagur Ande: Pann Mann, hvors ed pesse Linde er, munu Gydingar so binda j Jerusalem, og selia hann j Heidinna Manna Hendur.

12. Enn sem vier heyrdum pad, bædum vier hann, og peir adrer sem j peim Stad voru, pad hann fære eige upp til Jerusalem.

13. Enn Pall svarade: Hvad giored pier, er pier graated og hrelled mitt Hiarta? Pvi eg em eige alleinasta reidubuenn ad læta mig binda, helldur ad deya j Jerusalem, fyrer Saker Nafns DRottens JEsu,

14. Og med pvi vier gætum eige taled um fyrer honum, pognudum vær, og sogdum: verde Vilie DRottins.

III. 15. Og epter pa Daga (a) logdum vær af vorn Farangur, og forum upp til Jerusalem.

(a) (Logdum af) Lietum vorn Farangur vera par epter, so vier kynnum ad vera pess liettare til ad ganga.

16. Pangad komu og nockrer Læresveinar med oss, af Cesarea, hafande pann nockurn gamlann Læresvein med sier af Cypern, sem hiet Mnason, hia hvorium vier herbergia skylldum.

17. Og pa vier nu komum til Jerusalem, toku Brædurner feigennsamlega vid oss.

18. Enn annars Dags gieck Paall inn med oss til Jacobum, og aller Öldungar komu par.

19. Og sem hann hafde heilsad peim, skijrde hann peim fra, hvad epter annad, pad Gud hafde giort a medal Heidinna Pioda fyrer hans Embætte.

20. Pa peir hofdu pad heyrt, vegsomudu peir DRotten, og sögdu til hans: Broder, pu sier hvad morg Pusund Gydinga ad pad eru sem truader hafa ordid, enn peir aller eru Vándlætingarmenn Logmaalsins.

21. Og peir hafa heyrt sagt epter pier, ad pu kiender peim Gydingum ollum, sem medal Heidinna Pioda eru, ad snua fra Moyse, seigiande: peir skylldu eige umskiera Sonu sijna, og eige epter peirre Sidvenju ganga.

22. Hvad er nu pa? Almugenn hlytur oldungis til samans ad koma, pviad peir munu fa ad heyra, pad pu ert komenn.

23. Pvi gior nu pad hvad vær seigium pier: vier hofum hier fiora Menn, hvorier Heit hafa fest yfer sier.

24. Pa somu tak ad pier, og hreinsa pig med peim, og voga Kostnad uppa pa, ad peir rake sitt Hofud, so ad aller vite, ad pad, hvad peir hafa heyrt um pig, er eckert, helldur pad pu ganger sialfur og vardveiter Logmaled.

25. Pvi peim sem truader hofdu giorst af Heidin-

Heidingium, skrifudum vier, og urskurdudum, ad peir skylldu eckert pess konar hallda, nema pad peir vorudu sig vid Skwrgoda, Offre, og Blode, og fra Kofnudu, og fra Frillulifnade.

26. Pa tok Paall ba Menn ad sier, og liet annars Dags hreinsa sig medur peim, og gieck inn j Musterid, og tiade sig ad hallda Uppfylling Hreinsunar Daganna, par til Offrenu var offrad fyrer hvorn peirra.

27. Enn sem peir sio Dagar voru lidner, sau peir Gydingar ur Asia hann j Musterenu, og æstu upp allann Lydenn, logdu Hendur a hann,

28. Og kolludu: pier Israels Menn, hialpid til! pesse er sa Madur, sem allstadar kienner ollum Monnum, j giegn pessu Folke og Logmaale, og so j mote pessum Stad. Par ofann a hefur hann jnnleidt Gricke j Musterid, og saurgad so pennann heilaga Stad.

29. Pviad peir hofdu sied Trophimum af Epheso, med honum j Borgenne, pann meintu peir ad Paall hefde jnnleidt j Musterid.

30. Og oll Borgenn okirrdest, og Adhlaup vard af Folkenu. Og peir toku Paal Hondum, og drou ut af Musterenu, og jafnsnart urdu Dyrnar aptur læstar.

31. Enn sem peir leitudu vid ad lijflaata hann, kom su fregn upp fyrer pann ædsta

Hofudsmann Skarans, ad oll Jerusalem være uppvægd.

32. Hann tok strax Strijdsmenn og Hundradshofdingia til sijn, og hliop a mille peirra. Enn sem peir sau Hofudsmannenn, og Strijdsfolkid, gæfu peir upp ad beria a Pæle.

33. Og pa Hofudsmadurinn kom par nærre, pa tok hann Paulum, og baud ad binda hann tveimur Vidium, og spurde ad, hver hann være, og hvad hann hefde giort.

34. Enn sitt Kallade hver af Folkenu. Og med pvi hann fieck eckert vijst ad vita fyrer Hæreystis Saker, baud hann ad leida hann j Leguренu.

35. Og sem hann uppkom ad Troppunum, hlutu Strijdsmennernar ad bera hann fyrer Adsug Folksins.

36. Pviad mikill Folks fiollde filgde epter og kolludu: burt med pennann.

37. Og sem Pæll var jnnleiddur j Leguренn, sagde hann til Hofudsmannsins: leyfist mier ecke ad tala vid pig? enn hann sagde: kanntu Grisku?

38. Ertu eige sa hinn Egyptske Madur, sem fyrer pessum Dogum Stiriolld uppvakter? og færder ut a Eydemork fiorar pusunder Mordingia?

39. Enn Pæll sagde: eg er Madur Gydinga Kins af Tarsen, eirn Borgare utaf nafnfrægre

frægre Borg, j Cilicia. Eg bid þig, lofa mier ad tala til Folksins.

40. Og er hann lofade honum, stie Paall uppa Troppurnar, og bandade Hendenne til Hliods a medal Folksins, og er mikel Þogn giordest, talade hann til þeirra a Ebreska Tungu, og sagde:

XXII. Capitule.

Paulus (I) talar til Folksins, er (II) Upolmast til Reide.

I. Þier Menn, goder Brædur og Fedur, heyred ad eg forsvara mig hia ydur.

2. Enn sem þeir heyrdu hann tala Ebreska Tungu til þeirra, giordust þeir enn hliodare, og hann sagde:

3. Eg em Madur Gydinga Kins, fæddur j Tarsen j Cilicia, enn uppalenn j þessare Borg, til Fota Gamalielis, og af allre kostgiæfne Lærdur j voru Fodurlegu Logmale, og var vandlætingarsamur Vegna Guds, lijka sem þier erud aller enn j Dag.

4. Eg hefe og þennann Veg ofsokt allt til dauda. Eg batt og j Vardhalld selde, bæde Menn og Konur.

5. So sem Kiennemannahofdingenn og allur Hoopur Olldunganna ber mier Vitne um, af hvorium eg medtok Brief til Brædranna, og for til Damasco, þad eg dræge

þa bundna til Jerusalem, sem þar voru, so ad þeir mætte pijnder verda.

6. Enn þad skiede, þa eg þangad for, og tok ad nœalgast Damascum, nær midium Deige, ad leiptrade um mig skyndelega Lios miked af Himne.

7. Og eg fiell til Jardar, og heyrde eina Rodd þa er til mijn sagde: Saul, Saul, hvar til ofsœker þu mig?

8. Enn eg svarade: HErra hver ertu? og hann sagde til mijn: Eg em JEsus af Nazareth, hvorn þu ofsœker.

9. Enn þeir, sem med mier voru, sœau Liosid, og urdu felmsfuller, enn Roddena þess, sem vid mig talade heyrdu þeir ei.

10. Enn eg sagde: HErra, hvad skal eg giora? Drottenn sagde til mijn: statt upp og gack j Damascum, þar mun þier sagt verda af ollu, hvad þier tilskickad er ad giora.

11. Enn sem eg gat ei sied fyrer Liossins Biartleik, vard eg handleiddur af mijnum Forunautum, og kom til Damascum

12. Enn þar var gudhrœddur Mann epter Logmalenu, Ananias, sem godann Ord stor hafde af ollum Gydingum, er þar bioggu.

13. Hann kom til mijn, stod hia mier og sagde: Saul Broder, lijt upp; og eg leit til hans a samre Stundu.

14. Hann

14. Hann sagde þa: Gud Fedra vorra hefur skickad þig til, ad þu skyllder þeckia hans Vilia, og ad sia þann Riettlata, og heyra Rodd af hans Munne.

15. Þviad þu munt hans Vottur verda til allra Manna, þeirra Hluta sem þu hefur sied og heyrt.

16. Og hvad tefur þig nu? Rijs upp og lat skijra þig, og af-þvo þijnar Synder, og œkalla þu Nafn Drottens.

17. Þad skiede og, þa eg kom aptur til Jerusalem, er eg var a Bæn j Musterenu, ad eg vard numenn fra mier, og eg sa hann.

18. Þa sagde hann til mijn: skunda þig, og far burt af Jerusalem, þviad ei munu þeir medtaka þinn Vitnesburd um mig.

19. Enn eg sogde: Drottenn þeir vita sialfer, þad eg setie j Myrkvastofu, og hvodstrykte þa allstadar j Samkundu Hvosum, sem a þig trudu.

20. Og þa er Blod Stephans Vottar þijns uthelltist, stod eg þar hia og hafde Þocknan a hans Dauda, og eg geymde þeirra Fot sem hann jhelslogu.

21. Og hann sagde til mijn: Far af Stad, þviad eg vil senda þig langt j burt a medal Heidinna Þioda.

II. 22. Enn þeir heyrdu honum allt ad þvi Orde, þa hofdu þeir upp sijnar Radder og

sögdu: burt med þennann af Jordu, þviad þad er ei riett, ad hann skule lifa.

23. Enn sem þeir kolludu og vorpudu af sier sijnum Klædum, og sleygdu Molldu j lopt upp.

24. Þa baud Hofudsmadurenn ad hann skylde leidast jnn j Legurinn, og skipade þeim ad forheyra hann, og hvodstrykia, so hann feinge ad vita, fyrer hvoria Sök ad þeir kolludu so yfer honum.

25. Og er hann reirde hann ad med Streingium, sagde Paall til Hundradhofdingians er stod nær honum: er þad riett hia ydur ad hvodstrykia Romverskann Mann an Doms og Laga?

26. Og er Hundradshofdingenn heyrde þad, gieck hann til þess ædsta Hofudsmanns, og undervijsade honum þad, og sagde: sia til hvad þu gierer! þesse Madur er Romverskur.

27. Þa kom Yferhofudsmadurenn til hans, og sagde: seig mier, ertu Romverskur? enn hann sagde: Ja.

28. Yferhfoudsmadurenn svarade: þennann Borgarriett hlaut eg ærnu Fie ad kaupa. Paall sagde: eg em Romverskur fæddur.

29. Jafnskiott geingu þeir fra honum, sem hann skylldu hafa yferheyrt, og Yferhofudsmadurinn ottadest, er hann fornam þad hann var Romverskur, ad hann hafde loatid binda hann.

30. An-

30. Annann Dagenn epter villde hann greinelegar vita fyrer hvoria Sok hann klagadest af Gydingum, og leyste hann ur Bondum, og baud Kiennemannahofdingium, og ollu peirra Rœade ad koma, og leidde sijdann Pœal framm og skickade hann framm fyrer þa.

XXIII. Capitule.

Paulus (I) forsvarar sig fyrer þvi andlega Rœde j Jerusalem.: Enn sijdann (II) lœr vid ad hann være deyddur.

I Enn Pœall horfde a Rœaded, og sagde: þier Menn, kiærer Brædur, eg hefe af allre godre Samvitsku geingid fyrer Gude, allt til þessa Dags.

2. Enn Ananias Kiennemannahofdinge skipade þeim er hia honum stodu, ad liosta a hans Munn.

3. Þa sagde Pœall til hans: Gud mun sla þig þu kalkade Veggur, situr þu og dœmer mig epter Logmœalenu, og bijdur ad sla mig j mote Logunum?

4. Enn þeir sem hia stodu, sogdu: bolvar þu œdsta Kiennemcnne Guds?

5. Pœall sagde: eg visse ei, Brædur, ad hann var Kiennemannahofdinge, þviad skrifad er, * ad Hofdingia þijns Lyds skalltu eige bolva. * 2B. Mos. 22, 28.

6. Sem Pœall visse, ad þar voru af einne Alfu Sadducei, og af annare Phariseí, kallade hann upp fyrer Rœadeny: þier Menn, go-

der

der Brædur, eg em einn Phariseus, og Sonur eins Phariseara, eg verd ackiærdur fyrer Sakei Vonar peirra Daudu og Uppriſunnar.

7. Og er hann sagde petta, giordeſt Sundurphyckia i mille Phariseos og Saduceos, og Mannfioldenn skilde sig ad.

8. Þviad Sadducei seigia, ad par sie eingenn Uppriſa Framinlidena, ei Eingell, nie Ande, enn Phariſei vidurkienna hvortveggia petta.

9. Enn pa giordeſt Hœvade mikell, og hiner Skriftlærdu af Phariseanna lide, risu upp og stodu j mote, og segdu: vier finnum eckert vondsiegt a pessum Manne, po ad Ande edur Eingell hafe vid hann talad, pa kunnum vier eige ad strijda j mote Gude.

II. 10. Enn sem par vard miked Upphlaup, uggade Yferhofudsmannenn, ad peir mundu sundurslijta Paal, og skipade Strijdsfolkenu ofann ad fara, ad slijta hann burt fra peim, og leida j Legurinn.

11. Enn annars Dags um Nottena, stod Drottenn hia honum, og sagde: Paall! vertu hughraustur, þviad lijka sem pu hefur vitnad af mier j Jerusalem, so hlytur pu og so ad vitna af mier j Rom.

12. Enn er Dagur kom, samanntoku sig nockrer Gydingar, og heitstreingdu ad peir skylldu hvorke eta nie dricka, fyrr enn peir hefde Paale jhel komed.

13. Enn

13. Enn þeir voru fleyre enn fiorutijger Manna, sem þetta Samtak hofdu giort.

14. Þeir geingu til Kiennemannahofdingianna, og Oldunganna og sogdu: vier hofum hardlega formællt oss, ad bergia einskis, þar til vier hofum Þaal af Lijfe teked.

15. Þvi undervijsa Yferhofudsmannenum, og Raadenu, þad hann laate leida hann vt a morgun til ydar, lijka sem þier villdud framm veigis yfer-heyra hann, enn vier erum reidubuner ad sla hann j hel, audur enn hann kiemur fyrer ydur.

16. Og er Systur-Sonur Þaals heyrde þad aaforum, kom hann þangad og gieck jnn j Legurinn, og undervijsade þad Þaale.

17. Enn Þaall kallade til sijn einn af Hundradshofdingiunum, og sagde: leid þu þennann unga Pilt til Yferhofudsmannsins, þviad hann hefur nockud ad seigia honum.

18. Og hann tok hann ad sier, og leidde hann til Yferhofdingians, seigiande: hinn bundne Þaall kallade mig til sijn, og bad mig ad hafa þennann unga Pilt til þijn, hann hefde ad seigia þier nockud.

19. Yferhofudsmadurinn tok hann þa j Hond, og veik honum utaf, spurde hann ad: hvad er þad þu hefur ad seigia mier?

20. Enn hann sagde: Gydingar hafa samteked ad bidia þig, þad þu hafer a Morgun Þaal fyrer Raaded, so sem þeir vilie framar meir yfer-heyra hann.

21.

21. Enn tru þu þeim eige, þvi meir enn fiorutiju Manna veita honum umsaat, þeir ed heitstreingt hafa sier, hvorke ad eta nie drecka, þar til þeir giæte honum jhel kömed, og nu eru þeir reidubuner, bijdande epter þijnu Svare.

22. Þa liet Yferhofdingenn Unganennedi burt fara fra sier, og baud honum ad hann segde þad engvum, ad hann hefde opinnberad honum þetta.

23. Og kallade tvo Underhofudsmenn til sijn og sagde: bued til tvo hundrud Strijdsmenn, ad þeir fare til Cesaream, og siotijger Riddara, og tvo hundrud Skotmanna, um þridiu Stund Nætur.

24. Og reided til þann Fararskiot, sem þeir kunne ad setia Paal uppa, og færa hann oskaddadann til Felicem Landsstiornara.

25. Og hann skrifadi Brief, þad var so hliodandi:

26. Claudius Lysias heilsar hinum volldunga Landstiornara Felix!

27. Þennann Mann hofdu Gydingar Hondum teked, og villdu hann jhel hafa slegiged, enn eg kom þa ad med Strijdsfolkenu, og sleit hann af þeim, þa er eg formerkte þad hann var Romverskur.

28. Enn þa eg villde vita, fyrer hvoria Sok þeir æaklogudu hann, liet eg leida hann framm j þeirra Raad.

29. Enn

29. Enn eg fann þa, ad hann æaklagadest um Spurningar j þeirra Logmæale, enn ongva Aakiæru hafde hann, þa dauda være verd, eda Banda.

30. Og þa eg fieck ad vita, ad nockrer Gydingar toku vørd a honum, sende eg hann strax til þijn, biodande hans Aaklogurum, ad hvad þeir hefde j mote honum, þad mættu þeir seigia fyrer þier: Far vel!

31. Enn Strijdsmennerner, epter þvi sem þeim var boded, toku Þaal ad sier, og færdu hann j burt um Noott j Antipatriden.

32. Enn annars Dags lietu þeir Riddara lided med honum fara, og sneru aptur til Herbwdanna.

33. Enn sem þeir komu til Cesaream, feingu þeir Landstiornaranum Briefid, og skickudu eirnenn Þaal fyrer hann.

34. Enn er Landstiornarenn las Briefid, spurde hann ad; utaf hvoriu Lande hann være? og er hann fornam, þad hann var ur Cilicia, sagde hann:

35. Eg skal forheyra þig, nær þijner Aakiærendur koma, og hann baud ad vardveita hann j Domhusi Herodis.

XXIV. Capitule.

(I) Aaklsgun gegn Paulo: (II) Hans Afbotun: (III) Predikun fyrer Lands-stiornaranum Felix.

I. Enn

I. Enn epter fimm Daga, for Ananias Kiennemannahofdinge med Olldungunum ofann, og medur honum Tertullus Mælskumadur, hvorier sig tiadu fyrer Landsdomaranum j giegn Paale.

2. Enn ad Paale fyrer kolludum, tok Tertullus til ad aaklaga hann og sagde:

3. Pad vier lifum j miklum Fride, under þier, og margar Sæmder veitast þessu Folke fyrer þijna Frammsyne, ædiætaste Felix, þad medtokum vier jafnann og i hvørnstad, med allre Packargiørd.

4. Enn ad eg drage þad eige langsamlega fyrer þier, bid eg þig, fyrer þijna Giædsku, ad þu heyrer oss stuttlega.

5. Þennann Mann hefum vier funded skadlegann, þann Sundurþycke uppæsen medal allra Gydinga um allann Heim, og foringia hins Nadverska Villudoms.

6. Hann hefur og eirnenn vidleitad ad saurga Musterid, hvørn vier gripum, og vilddum hafa dæmt hann epter Logum vorum.

7. Enn Lysias kom þar framm, og leidde hann med miklu ofureble ur vorum Hondum.

8. Biodande hans Aaklogurum til þijn ad koma, af hvørium þu mætt, ef sialfur villt epter grensla, fa alla þa Hlute ad skilia, um hvøria vier aaklogum hann.

9. Þa logdu Gydingar til, og sogdu þad so vera.

II. 10. Enn Paall, þa er Landstiornarenn bendte honum ad tala, svarade: med þvi ad eg veit þig nu um morg Aar Domara verid hafa þessarar Piodar, vil eg diarflega forsvara mig.

11. Þviad þu mœtt vita, ad þad eru eige meir enn tolf Dagar, þad eg kom upp til Jerusalem ad bidiast fyrer.

12. Og eige hafa þeir funded mig tala vid nockurn j Musterenu, edur gisra nockurt Upphlaup med Folkenu, ei helldur j Samkunduhusum edur Stodum.

13. Og eige gieta þeir þetta sannad, um hvad þeir œkiæra mig.

14. Enn þad jata eg þier, ad eg þiona epter þeim Veige, hvorn þeir kalla Villudom, Guda minne Fedra, so, ad eg true ollu þvi hvad j Logmœlenu skrifad er, og Spœmennunum.

15. Hafande þa Von til Guds, hvorrar þeir sialfer vœnta, sem er, ad Uppriſa Framlidinna munu a epter koma, bœde Riettlatra og Ranglatra.

16. Enn j þessu sama, jdka eg sialfann mig jafnann ad hafa ollu meigenn oskierta Samvitsku, bœde vid GUd og Menn.

17. Enn morgum Aarum þar epter, kom eg, og fœrde minu Folke Olmusu-Giafer, og Offur.

18. Þar med fundu þeir mig, ad eg liet mig hrein-

hreinsa j Musterenu, eige med Havada, nie nockru Upphlaupe.

19. Enn þar voru nockrer Gydingar ur Asia, hvorier hier ættu ad vera fyrer þier, og æklaga mig, ef þeir hefde nockud mier j mote.

20. Ellegar læt þessa sialfa segia: hvort þeir hafa nockud rængferdugt a mier funded, a medan eg stend hier fyrer Raadenu.

21. Nema alleinasta fyrer þessa eins Ords Saker, þa er eg stod þeirra a mille, og kallade: um Uppriſu Frammlidinna verd eg j Dag af ydur æklagadur.

22. Og er Felix heyrde þetta, teygde hann fyrer þeim, þviad hann visse grant af þessum Veige, og sagde: nær Lysias Hofudsmadur kiemur ofann, þa vil eg forheyra ydar Mæleſne.

23. Enn hann skipade Hundrads Hofdingianum ad forvare Pæl, og læta hann hafa Hvijld, og fyrerbioda ei neinum af hans Kunningium, ad þiona honum, eda til hans ad koma.

III. 24. Nockrum Dogum þar epter, kom Felix medur Husfreyu sinne Drusilla, hvor ed var Gydingakins, þaug kolludu a Pæl, og heyrdu af honum um Truna a Christum.

25. Enn þa Pæll talade um Riettlæte og Hreinlijfe, og af epterkomanda Dome, skielfdest Felix, og ansade: gack hiedann ad sinne, nær eg hef Tomstund til, vil eg þig kalla læta.

26. Enn

26. Enn hann vænte jafnframt, þad honum munde Peningar giefaſt af Paale, ſo ad hann liete hann lauſann. Fyrer þvi liet hann optſinnis kalla a hann, og rætte tal vid hann.

27. Enn ad lidnum tveimur Arum kom Portius Feſtus, j Felix Stad, Felix villde þa ſyna Gydingum Velſemd, og liet Paal bundinn epter ſig.

XXV. Capitule.

Paulus er (I) leiddur fyrer Lands Stiornarann Feſtus, og (II) fyrer Agrippas Konung.

I. Þa Feſtus var nu j Land komenn, for hann þrem Dogum þar epter af Ceſarea, upp til Jeruſalem.

2. Þa mætte honum ſa æðſte Preſtur, og þeir Yppærleguſtu medal Gydinga, j mot Paale, bædu hann,

3. Og beiddu um Vinſættu j mote honum, ad hann liete kalla hann til Jeruſalem, og toku vard a honum, þad þeir villdu ſlæa hann jhel a Veigenum.

4. Þa ſvarade Feſtus, ad Paall yrde ad ſonnu vardveittur j Ceſarea, enn hann munde þo jnnann Skams fara þangad aptur.

5. Þeir ſem nu ydar a mille (ſagde hann) kunna, lætad þa fara lijka ofan og æſklaga þann Mann, ef nockur Skuld finnſt med honum.

6. Enn

6. Enn er hann hafde hia þeim verid meir enn tiu Daga, for hann ofann til Cesaream, og annars Dags epter sette hann sig a Domstolenn, og skipade Paulum framm ad leida.

7. Og sem hann kom, geingu þeir Gydingar kringum hann, er komner voru ofann fra Jerusalem, berande framm margar og þungar Sakargipter j giegn Paale, hvoriar þeir gatu þo eige sannad.

8. Af því ad Paall svarade so fyrer sig: eg hefe eckert broted, hvorke j mot Gydinga Logum nie Musterenu, og eige heldur vid Keisarann.

9. Festus villde þa syna Gydingum velvilld, svarade Paale og sagde: villtu fara upp til Jerusalem, og dæmast þar af mier um þetta?

10. Enn Paall sagde: eg stend fyrer Keisarans Dome, þar skal eg laata mig dæma, því Gydingum hef eg engva Vansemd giort, so sem þu sialfur vel veitst.

11. Enn hafe eg nockrum Oriett giort, eda Dauda forþient, þa mæle eg eige j mote ad deya. Enn ef eckert finnst þeirra Hluta hvar fyrer þeir ackiæra mig, þa ma eingenn mig þeim j Hendur selia, eg skyt mier fyrer Keisarann.

12. Festus radgadest þa um vid Raaded, og svarade: fyrer Keisarann hefur þu þier skotid, fyrer Keisarann skalltu og fara.

II. 13. Enn nockrum Dogum þar epter, komu þau Agrippas Kongur, og Bernice, ofann

ofann til Cesarea, ad seigia Festum velkomenn.

14. Og er þaug hofdu þar marga Daga verid, skijrde Festus Kongenum fra Maalefnum Pals, og sagde: nockur Mann er hier j Fiotrum af Felix epterlaatenn,

15. Hvors vegna ad Prestahofdingiar og Øldungar Gydinga komu fyrer mig, þa eg var til Jerusalem, og bædu, ad eg skyllde laata dæma hann;

16. Hverium eg svarade, ad þad være eige Hættur Romverja, ad nockur Madur være til Dauda felldur, fyrr en sa sem klagadest, hefde sijna Aaklægendur nalægia, og fae þar med tom til ad forsvara sig fyrer Aaklegunenne.

17. Enn þa þeir komu hier til samans, dvalde eg ecke leinge vid, og hiellt Dom annars Dags, og skipade framm ad leida þann Mann.

18. A hvorn, þa Aaklagararner komu til, bæru þeir engva þa Sok, sem eg ætlade.

19. Helldur hofdu þeir nockrar Spurningar j mote honum, um þeirra Hiatru, og af nockrum (a) framunlidnum JEsu, hvorn Paall vottar lifa.

(a) Hvad spottlega og drambsamlega talar sa stollte Heidinge um Christum og vora Tru.

20. Enn er eg understod ei þess-hættar Spurningar, sagde eg: hvort hann villde fara upp til Jerusalem, og dæmast þar um þetta.

21. Enn þa Paall appellerade, ad hann geymdest til Keisarans Rannsaks, baud eg ad vardveita hann, þar til eg sende hann Keisaranum.

22. Þa sagde Agrippas til Festum: eg vilde og fa ad heyra þennann Mann. Hann sagde: a Morgun skalltu hann heyra.

23. Enn annars Dags, þa Agrippa og Bernice komu med miklu Skraute, og geingu inn j Raadhused, med Yferhofdingium, og Edstu Monnum Borgarennar, og er Festus skipade, var Paall soktur.

24. Festus sagde: kiære Agrippa Kongur, og þier aller Menn, sem hier erud med oss, þar siaed þier þann Mann, af hvorium allar Gydinga sveiter hafa til mijn sagt, bæde til Jerusalem, og so hier, og hropa þad hann skule ei leingur lifa.

25. Enn þa eg fornam, þad hann hafde eckert giort þad dauda være verdt, med því, ad hann sialfur skaut sier under Keisarann, þa hefe eg einsett mier ad senda hann þangad.

26. Um hvorn eg hefe eckert sannarlegt, þad eg meige Herranum til skrifa, fyrer því hefe eg loatid og leida hann hier framm fyrer ydur, og eirna mest fyrer þig, Agrippa Konungur, so ad eg epter umlidna Forheyrslu, mætte þad fa, hvad eg skrifa skyllde.

27. Því þad synest mier oskickanlegt ad senda

da nockurn Bandingia, og ecke laata vita, hvoriar Saker til hans eru kiærdar.

XXVI. Capitule.

Paulus (I) talar fyrer Agrippas Konunge, og (II) er afsakadur af honum samt odrum.

I. Enn Agrippas sagde til Paals: þier leyfest sialfum ad tala fyrer þig. Þa forsvarade Paall sig, og riette ut Hondena:

2. Þad er mier nærsta kiært, Agrippa Kongur, ad eg nae j Dag, ad forsvara mig fyrer þier, af því ollu sem eg aaklagast af Gydingum,

3. Mest af því, þad þu veitst allar Veniur og Spurningar Gydinga, fyrer því bid eg þig, ad þu villder þolinnmodlega heyra mig.

4. Ad sonnu mit Lijferne j fra Barnæsku, hvort verid hefur þegar j fra Upphafe hia þessare Þiod j Jerusalem, vita aller Gydingar, þeir mig þecktu fordum, ef þeir villdu þar Vitne umbera.

5. Þviad eg hefe vered eirn Phariseare, hvor ad er hin strangasta Secta j vors Guds Þienustu.

6. Nu stend eg og verd aaklagadur um þa Von Fyrerheitesins, þess skied er af Gude, til Fedra vorra.

7. Til hvors vorar Tolf Kinkvijsler vona sier ad koma med stodugre Guds Þionkan,

Nætt sein Dag, vegna þeirra Vonar, Agrippa Kongur, þa æklagast eg af Gydingum.

8. Fyrer hvad dæmest þad otruanlegt hia ydur, ad GUd uppvekie þa Frammlidnu?

9. Eg meinte ad sonnu, med sialfum mier, þad eg mætte miked j mote gisra Nafne JEsu af Nazareth.

10. Hvad eg og gierde til Jerusalem, þar eg luckte margann Heilagann j Myrkvastofu. Ad feingnu Vallde af Kiennemannahofdingium, og þa þeir voru aftekner, hialpade eg til ad seigia upp Domenn.

11. Og um oll Samkunduhus, kvalde eg þa optlega, og þvingade þa til Gudlastanar, og eg var, meir enn Hofe giegnde, odur a mote þeim, og veitte þeim ofsokner j framande Borger.

12. Fyrer hvorra Hluta Saker, þann Tijd eg for til Damasco, med Makt og Bodskap fyrer Prestahofdingiunum.

13. Þad a midium Deige, sa eg, kiære Kongur! a Veigenum Lios af Himne, Solarskine biartara, þad um mig leiptrade, og um þa er med mier foru.

14. Enn þa vier fiellum aller til Jardar, heyrde eg Rodd til min seigia, su er a Ebresku sagde: Saul, Saul, hvad ofsæker þu mig? hardt er þier ad spyrna j mot Broddenum.

15. Enn eg sagde: hvor ertu, HErra? Hann sagde: Eg em JEsus, hvorn þu ofsæker.

16. Enn

16. Enn rijs upp og statt a þijnar Fætur, þviad til þess birtest eg þier, þad eg skickade þig til þienara, og Vitnismanns þeirra Hluta, hvoria þu saast, og þeirra sem eg skal þier enn birta.

17. Og eg vil frelsa þig fra Folkenu, og fra Heidingium, a medal hvorra er eg mun þig utsenda,

18. Þeirra Augum upp ad liuka, so ad þeir snue sier fra Myrkrum til Liossins, og fra Andskotans Valldi til Guds, so ad þeir medtake Syndanna Fyrergiefning, og Arftoku med þeim, er helgader verda, fyrer þa Tru sem a mig er.

19. Fyrer þvi var eg ecke, Kongur Agrippa, Himneskre Opinnberan ohlijdenn, helldur bodade eg

20. First þeim j Damasco og Jerusalem, og um Landamerke alls Gydingalands, og fyrer Heidingium, ad þeir gisrde Yferbot, og snere sier til Guds, og gisrde verdug Verk Idranarennar.

21. Og fyrer þa Sok gripu Gydingar mig j Musterenu, og villdu hafa lijflated mig.

22. Enn fyrer Guds Fullting, heppnadest mier, þad eg stend allt til þessa Dags, vitnande bæde fyrer Smaam og Storum, og seigiande eckert annad, enn þad er Spaamennerner og Moyses hafa fyrersagt, ad skie skylde.

23. Pad Christus skyllde lijda, og firstur vera ut af Upprisu Framlidinna, og sa sem Lioſid skylldi Lydnum boda, og so Heidnum Piodum.

24. Enn er hann hafde so forsvarad sig, sagde Festus hærre Raust: galenn ertu ordenn, Paall, su mikla Konst gierer þig galenn.

25. Enn hann sagde: eige em eg galenn, þu mektuge Festus, helldur tala eg sonn og skinsamleg Ord.

26. Þvi Kongurenn veit þetta vel, hia hvorium eg tala diarflega, þvi eg meina, ad eckert af þessu mune fyrer honum folged vera, af þvi ad þetta er ecke j Hyrningum skied.

27. Truer þu, Agrippa Kongur, Spamonnunum? eg veit ad þu truer.

28. Enn Agrippa sagde til Paals: lijtid vantar a ad tala um fyrer mier, so eg gieresst Christenn.

29. Enn Paall sagde: þess æske eg af Gude, þad brestur j miklu edur litlu, eige alleinasta þu, helldur og eirnenn aller þeir sem mig heyra j Dag, være þvilijker, hvilijkur ad eg em, undanteknum þessum Bondum.

II. 30. Og þa hann hafde þetta talad, stod Kongurenn upp, og Landstiornarenn, og Bernice, og þeir ed hia þeim soatu.

31. Enn sem þeir viku sier afsijdis, toludu þeir sijn a mille, og sogdu: þesse Madur hefur eckert

eckert giort þad Dauda sie edur Banda verdt. Þa sagde Agrippas til Festum:

32. Þesse Madur hefde mœtt laus vera lœtenn, ef hann hefde ecke skotid sier fyrer Keisarann.

XXVII. Capitule.

Paulus ásamt ödrum (I) verdur sladdur i Sicafarhœska, og (II) lijdur Skip-brot.

I. Sem þad nu var ákyckt ad, vier skylldum sigla þadann j Valland, feingu þeir Þaal og nockra adra Bandingia, þeim Hundradshofdingia ut af Keisarans Hird, sem Julius var ad Nafne.

2. Og er vier stigum a eitt Adramitiskt Skip, og skylldum sigla fyrer Asiam, þa lietum vier fra Lande. Og Aristarchus ur Macedonia, af Thessalonicen, var med oss.

3. Og vier komum annars Dags j Sidon, og Julius birte sig blijdann vid Þaal, og lofade honum ad ganga til sinna godra Vina, ad sijsla sinna Naudpurfta.

4. Þadann forum vier, og sigldum under Cypern, fyrer þvi, ad Vindarner voru oss ondverder.

5. Og vier sigldum yfer þad Haf, framan fyrer Cilicia, og Pamphilia, og komum til Myra j Lycia.

6. Þar fann Hundradshofdingenn eitt

Skip ur Alexandria, þad sigla atte j Valland, a þad sette hann oss.

7. Enn er seint veitte ad sigla, so ad vier komustum varla um marga Daga giegnt Gnidum (þvi Vindurenn var j mote oss) sigldum vier framm med Creta, hia Borgenne Salmone.

8. Og gaatum þo varla beitt framm hia, þa komum vier j nockud þad Plaats, sem kalladest Sælu-hofn, þar lea og Borgenn Lasæa j grend vid.

9. Enn er mikler Tijmar voru umlidner, med þvi ad nu var þo hættu-meire Siglingenn, ad Fastann var þa umlidenn, fyrer þad raadlagde Paall þeim, og sagde til þeirra:

10. Goder Menn, eg sie ad vor Sigling mun verda bæde mæduſom og skada-mikel, ei alleinasta fyrer Farmenn og Skiped, helldur og eirnenn uppa vort Lijf.

11. Enn Hundradshofdingenn trude meir Skipherranum, og Stijremannenum, enn þvi er Paall sagde.

12. Og med þvi Hofnenn var ei hæfeleg til Vetrarlegu, þotte flestum raadlegt ad fara burt þadann, ef þeir mættu komast þadann til Phænica, til ad liggia Vetrarlegu, hvad ad er ein Hofn hia Creta a mote Sudvestann og Nordvestann Vinde.

13. Enn þa sunnann Vindur tok ad gusta, og þeir meintu ad þeir hiellde nu sijnum Asetninge,

ninge, þa lyptu þeir sier fra Asson og hielldu fyrer framan Cretam.

14. Enn eige langt þar epter, hofst upp, a mote þeirra Aasetninge, eirn Stormur, þann Menn kalla Nordaustann.

15. Og er Skiped laa under Aafollum, og gat eige lypt sier upp mote Vedrenu, lietum vier draga fyrer Vind, og vonkudum so.

16. Enn vier komum vid Ey nockra, þa Clauda hiet, þar gaatum vier varla einn Baatenn uppdreiged.

17. Enn vier lyptum honum upp, og hialpudunst ad, og bundum hann vid Skiped, þviad vier ottuduſtum, ad þad munde bera uppa (a) Syrtes, og lietum Kierid nidur og forum so.

(a) (Syrtes) eru Hylier, þar sem mikell Sandur var framan fyrer Africa.

18. Og er vier hofdum sterkann Storm lided, kaſtudu þeir annars Dags ut.

19. Og a þridia Deige snorudum vier ut med vorum Hondum ollum Reidskapnum þeim sem var j Skipenu.

20. Og j marga Daga skein hverke Sol nie Stiornur, enn Stormvedraatta ei lijtel var oss a mote, þa var oss oll Lijfsvon horfinn.

21. Og er Menn hofdu leinge einskis neytt, þa gieck Paall j midid til þeirra, og sagde: goder Menn, þier skylldud hafa hlijdt mier, og

leyst ei ut af Creta, so hefdum vier ei lided þessa Kvol og Skada.

22. Og nu ræd eg ydur, ad þier sieud med godu Giede, þviad einskis Manns Fior af oss mun tortijnast, ad frateknu Skipenu.

23. Þvi a þessare Nott stod hia mier Engell Guds, þess er eg em, og þeim eg þiona,

24. Og sagde: ottast þu ei Paall, þier birriar fyrer Keisarann ad koma, og sia, þad Gud hefur giefed þier þa alla er med þier sigla.

25. Fyrer þvi, goder Menn, verid hughrausster, þviad eg true Gude, ad þad mune so skie sem mier er sagt.

26. Enn til Eyar nockrar hliotum vier ad koma.

27. Enn er hin fiortanda Nottenn var yferkominn, sigldum vier um Midnætte j Adria; Skipmennena grunade þa, ad þeir mundu koma einhvers stadar til Lands.

28. Og vorpudu Grunnsocku, og fundu tuttugu Fadma diup, og skamt eitt þadann kostudu þeir Sockunne j annad sinn, og fundu fimtoan Fadma.

29. Þa hræddust þeir, ad þa munde meiga steyta a Skierium, og fleygdu ur Batskutnum fiorum Atkierum, og æsktu ad Dagur kiæme.

30. Enn er Skipverjarner leitudu vid ad umflya Skiped, og lietu Bøtana a Sioenn

sijga,

sijga, under þeirre Hilmingu, ad þeir lietust vilia ur framinskipenu færa ut Atkere.

31. Þa sagde Þaall til Hundradshofdingians, og Strijdsmannanna: nema ad þesser blijfe kirrer j Skipenu, þa kunned þier eige ad halldast vid Lijfid.

32. Þa hiuggu Strijdsmennerner Baatfestarnar og lietu ofann detta.

33. Og þa er birta tok, ried Þaall þeim ollum ad þeir tæke Fædslur til sijn, og sagde: þad er j Dag fiortoande Dagur, ad þier hafid bidleikad vid, og fastande verid, og a ongvu bergt.

34. Fyrer þvi ræd eg ydur, ad þier taked Fædslur, og næred ydur, þviad ecke eitt Haar mun af nockurs ydar Hofde falla.

35. Og er hann hafde þetta rædt, tok hann Brauded, giorde Gude þacker j allra þeirra Augsyn, braut þad, og tok ad eta.

36. Þa urdu þeir aller hughrauster, og toku sier og so Fædslur.

37. Enn vier vorum alls j Skipenu, tvshundrud sex og siotijger Salna.

38. Og er þeir voru metter, lietu þeir af Skipenu, og kostudu Kornenu j Sioenn.

II. 39. Enn er Dagur var, þecktu þeir eige Landed, enn þeir saau eina Hofn, sem Fioru hafde, þangad villdu þeir stijra Skipenu, ef þeir mættu þvi vidkoma.

40. Og er þeir drogu upp Akierenn, slou þeir sier til Sios, og leystu upp Styred, og settu Rœana epter Vedrenu, og leitudu lags ad komast til Lands.

41. Og er vier komum a eitt Plœats, er Sior gieck ad a bœdar Sijdur, steytte þar Skiped a, so ad Framnskipid stod grunn ohrœranlega, enn Skuturenn lesteſt sundur af Ofurefle Bilgnanna.

42. Enn Strijdsmennerner logdu þad Rœd til, ad Bandingiarner vœre drepner, so ad eingenn þeirra umhlype, þott ut kynne ad sveima.

43. Enn Hundradshofdingenn vilde Poale eige granda loata, og tœlmade þeirra Aasetninge, og baud ad þeir sem syndt giœtu, skylde firster fleyta sier utann, og komast undann ad Lande.

44. Enn hiner adrer, sumer a Hlemmunum, enn sumer a Skipbrotunum, og þad skiede so, ad þeir komust aller holpner til Lands.

XXVIII. Capitule.

(I) Kraptaverk Pauli œ Eyunne Melite, og (II) Koma hans til Rom.

I. Og er vier komustum af, þa komunst vier ad raun, ad Eyenn hiet Melite, enn þeir Lyder syndu oss eige litla Vinœattu.

2. Kveiktu Eld, og medtoku oss alla, vegna

vegna Hregvidris, er yfer oss hafde drifid, og fyrer Kulda Saker.

3. Og þa Paall safnade einne Hrugu af Hrijse tilsamans, og lagde a Elldenn, þa skreid Nadra ur Hitanum, og hrocktist a Hond Paale.

4. Enn er Folked sa, ad Kvikinded hieck a Hende hans, sogdu þeir sijn a mille: endelega mun þesse Madur Manndrapare vera, hvorium Hefndenn leyfer ecke ad lifa, þo hann sie ur Siafarhaskanum leystur.

5. Enn hann hriste Ormenn j Elldenn, og honum vard eckert mein ad.

6. Þa bidu þeir epter ad hann munde upprutna, edur daudur nidur detta. Og sem þeir hofdu leinge epter þvi beded, og sau eckert vondt a honum verda, feingu þeir Sinnaskipte, og sogdu hann Gud vera.

7. Enn j þeim somu Takmorkum hafde Foringe Eyarennar sinn Bwgard, sa Publius hiet, hvor oss medtok, og veitte oss Herberge, um þria Daga allvingiarnlega.

8. Enn so bar til, þad Fader Publii laa kvalenn j Koldu, og Blodsoott, til hans gieck Paall inn, og badst fyrer, og lagde Hendur yfer hann, og giorde hann heilbrigdann.

9. Þa þad var skied, komu og hiner adrer a Eyunne þangad, sem Sotter hofdu, og lietu sig lækna.

10. Og þeir veittu oss miklar Virdingar,

og er vier sigldum þadann, logdu þeir til hvad oss var þarfsamlegt.

II. 11. Og epter þria Manude sigldum vier þadann, a þvi Skipe er var ur Alexandria, hvort ad j Eyunne hafde leiged um Veturenn, það hafde fyrer Merke (a) Tvijbura Teikn.

(a) (Tvijbura Teikn) það er ein Stiarna a Himnenum, Heidingiar hielldu þa fyrer Gude, sem skolde vera Siofarande Monnum næduger, og þeir kolludu þa Castor og Pollux.

12. Og er vier komum til Syracusa, vorum vier þar j þria Daga.

13. Og þa vier sigldum umkring, komum vier til Region, og eitum Deige þar epter, sem Sunnannvindur tok ad blæsa, komum vier annars Dags til Puteolen,

14. Hvar vier fundum Brædurnar, og urdum af þeim bedner, það vier tefdum þar um sio Daga, og so komum vær j Rom.

15. Og er Brædurner heyrdu þadann af oss, geingu þeir ut j mote oss allt til Appii Torgs, og Tretabern, og þa er Paall leit þa, gierde hann Gude þacker, og fieck Traust.

16. Enn þa vier komum til Romam, afhendte Hofudsmadurenn Bandingiana þeim æðsta Hofudsmanne, enn Paale var lofad ad vera hvar honum lijkade, med þeim einum Strijdsmanne sem a honum tok vakt.

17. Það skiede þrem Dogum þar epter, ad Paall samunkallade hina æðstu Menn af Gydin-

Gydingum; þa þeir voru tilsamans komner, sagde hann til þeirra: þier Menn, goder Brædur, eg hefe eckert j giegn voru Folke giort, nie j mote Fodurlegre Sidveniu, og em þo bundenn Romverskum j Hendur feingenn fra Jerusalem,

18. Hvorier mig villdu hafa lausann laatid, þa þeir hefdu mig heyrt, med þvi þeir fundu ongva Daudasok med mier.

19. Enn þa Gydingar mælltu þvi j mote, neyddest eg til ad skiota mier fyrer Keisarann, eige þess vegna, ad eg hefde um nockud ad kliaga mitt Folk.

20. Enn fyrer þad Tilefne bad eg ydur, ad eg mætte sia ydur, og tala vid ydur, þvi fyrer Saker Vonar Israels em eg med þessum Hleckium umvafdur.

21. Þeir sogdu til hans: eingenn Brief hofum vier feinged þinna vegna af Gydingalande, og eingenn Broder er þadann komenn, sa af þier hafde nockud vondt kunngiort, edur til þijn talad.

22. Þo fyser oss ad heyra af þier, hvad þu helldur, þvi af þeim Villudom er oss þad vitannlegt, ad honum verde allstadar j mote mællt.

23. Og sem þeir einkudu honum Dag til, þa komu marger til hans j hans Herberge, hvorium hann utlagde og vitnade Guds Rijke,

Riike, og talade um fyrer þeim ut af JEsu, ur Moysis Logmæale, og Spæamonnunum, j fra Morgne allt til Kvolldz.

24. Og nockrer ut af þeim fiellu j Sid med þvi sem hann sagde, enn sumer trudu þvi eige.

25. Og er þeir voru eige sainþycker sijn a mille, geingu þeir j burt, þa Pæall talade eitt Ord, ad vel hefur Heilagur Ande talad fyrer Esaiam Spæamann, til Fedra vorra,

26. Og sagt: *far þu til þessa Folks, og seig: med Eyrum munud þier þad heyra og ei skilia, og med Augunum munud þier þad sia og ei formerkia.

*Esa.6,9.10.

27. Þvi Hiarta Folks þessa er forhardnad, og med Eyrunum heyra þeir þunglega, og sijn Augu hafa þeir samann lukt, so ad þeir siae ecke einusinne med Augunum, og heyre eige med Eyrunum, og skilie med Hiartanu, og snuest, so eg hialpade þeim.

28. Fyrer þvi sie ydur kunnugt, þad Heidingium er sendt þetta Guds Hialpræde, og þeir munu heyra þad.

29. Og er hann talade þetta, geingu Gydingar j burt, og hofdu margar Spurningar sialfer sijn a millum.

30. Enn Pæall dvalde um tvo Aar j sijnu Leiguhusi, og medtok þa alla er til hans inngeingu,

geingu, predikande Guds Riike, og kiennande ut af DRottne JEsu, med allre Diorfung, og þad fyrerbaud honum eingenn.

Ender a Postulanna Giorningum.

Formaale yfer S. Pauls Pistil til Romverja.

Þesse Pistill er hinn Heilage Paall skrifar til Romverja, er riettur Kiarne og Mergur hins Nya Testamentis, og hid Skiærasta Evangelium, sem vel verdugt væri, ad hvor Christenn Mann kynne eige alleinasta Ord fyrer Ord fyrer utan, helldur ad hann umgeinge hann hvørs daglegana, so sem annad daglegt Braud Salarennar. Þviad hann kann alldreige of opt edur ofvel lesinn, edur ihugadur ad verda, og þvi meir sem hann verdur jdkadur, þess kostulegre þyker hann, og fær æ betra Smeck. Fyrer þvi vil eg minna Þionustu þar til leggia, og tilreida fyrer þennann minn Formaala, eitn Jngang þar til, þad fremsta sem Gud hefur mier Naad a giefed, so ad hann verde þess gior understadenn af ollum, þviad hingad til hefur hann med dimmre Gloserán og margslungnu hiele uærsta illa formirkvadur verid, sem þo er i sialfum sier skiært Lios, med ollu fullfeinginn til uppbirtu allra Rituinga.

I fyrstu hliotum vier ad fa Kynning og rietta Understodu peirra Orda, hvad hinn Heilage Paall meinar med þesse Ord: Lógmaal, Synd, Naad, Tru, Riettlæte, Hollð, Ande, og annur þeilijk Ord, ellegar er þar ei neitt Gagn þennann Pistil ad lesa.

(1) Petta

(1) Petta Ord Logmæal mæattu hier ei understanda epter Mannlegum Hætte, ad pad sie sa Lærdomur sem einhvor Verk bodar ad giora, ellegar vid ad sporna, sem haattur er til verallðlegra Laga, pa vier med Verkum Logmælenn fullnægiu gierum, pott Hiartans Godfyse sie vijst fiarlæg. Enn Gud dæmer epter Hiartans Grunne, af pvi krefur hans Logmæal Grunn Hiartans, og lætur sier ei ad votvortis Verkenn fullnægia; Helldur straffar hann miklu framar pang Verk, so sem Hræsne og Lygar, sem skie ann Hiartans Grunns. Hvar af aller verda Lygemenn kallader (Psal. 116.) Fyrer pvi, ad eingenn helldur nie halldid gietur, af Hiartans Grunne Guds Logmæal, pviad hvor Madur finnur med sialfum sier Vidbiod til hins Goda, enn Lysting til hins Vonda. Hvar Madur er nu eige viliugur til hins Goda, par er og eige helldur Hiartans Grunnur til Guds Logmæals; er par pvi visslega ecket annad enn Synd, og menn hafa Reide Guds forpienad, po ad hid ytra skijne mørg Godverk, og heidarlegt Lijferne.

Hvad hinn Heilage Paall ælyktar hier j sidrum Capitula, ad aller Gydingar sien Syndabrotsmenn, og seiger, ad einasta sa sem Logmæled gierer, sie riettlætur fyrer Gude. Hvar med hann vill, ad eingenn uppfylle Logmæled med Verkunum, helldur seiger hann miklu framar so til peirra: Pu kienner, ad menn skule ei Hordom drigia, enn sialfur pa driger pu Hoor. Item; hvar uti pu fordæmer einn annann, par j dæmer pu sialfann pig, med pvi pu gierer hid sama, par pu nu dæmer. Sem villde hann seigia: Pu lifer utvortis vel, j Verkum Logmælsins, og dæmer adra er ei so lifa, og hverium Manne kanntu ad kienna, Ognena sier pu j annars Auga, enn Bialkans

pijns

þijns Auga sialfs verdur þu eige var. Þviad þott þu hallder Logmaled utvortes med Verkunum, af þvi ad þu annad hvort hrædest straffed, edur vonar þier launa, þa gierer þu þa þad þo alltsaman, enn sialfvilugrar Lystingar og Kiærleika til Logmalsins, helldur neydest þu og þvingast þar til, villder feigensamlega helldur odruvijse breyta, ef Logmaled være eige. Hvædann ad ædlyktast þad þu hater Logmaled af Grunne þijns Hiarta. Hvad hefur þad þa ad þyda, þad þu kienner odrum, ad þeir stele eige, med þvi þu ert þo sialfur j Hiartanu Þiofur, og augliosiega giarnann værer, ef þu þyrder? þo opinnber Verk verde eige leinge epter, hia þolijkum Hræsnurum. So kienner þu odrum, enn ecke sialfum þier, og þu veitst ecke sialfur hvad þu kienner, hefur enn nu og alldrei Logmaled riettelega understaded. Ja med slijku eykur nu Logmalid Syndena, so sem hann seiger hier j fimmta Capitula, þviad Madurinn verdur ecke utan þess gramare Logmalenu, ad þad krefur mikels þess sem hann eige orkar.

Fyrer þvi seiger hann j siøunda Capitula, þad Logmalid sie andlegt, hvad er þad? ef Logmaled være lijkamlegt, þa yrde þvi med Verkum fullnægt. Enn first þad er andlegt, þa fullnæger þvi eingenu med neinum Verkum, utan þad utgeingur allt af Hiartans Grunne hvad þu gott gierer, enn slijkt Hiarta fær eingenn giefed, nema alleinasta Guds Heilagur Ande. Hann gierer Mannenn Logmalenu lijkann, so ad hann fær j Hiartanu Lysting Logmalsins, og gierer þadann j fra ecke neitt fyrer Hræddslu og Þvingan, helldur alla Hlute utaf sialfvilugu Hiarta. So er Logmalid andlegt, hvort ed vill med slijku andlegu Hiarta elskad og uppfyllt verda, æskiande slijks Anda, hvar hann er j Hiartanu, þa blifur þar Synd, Olysting og Fiandskapur j mot Logmalenu, hvort þo er sialft gott, riettferdugt og heilagt j sier.

Fyrer

Fyrer þvi ven þig a þesse Maaltæke, ad þad er eige eins ad giora Løgmalsins Verk, og þad, ad uppfylla Løgmaled. Enn þad eru allt Løgmalsins Verk sem Madurinn gierer eda giort gietur, epter Løgmalsins Skipan, af sjnum frialsum Vilia og einginnleguum Kroptum. Enn med þvi, ad hia, og jafnframt slikum Verkum, er vidbiodur og Kugun j Hiartaun, til Løgmalsins, þa eru þvilijk Verk oll odugandleg og onyt, þad meinar S. Paall j hinum þridia Cap. þar hann seiger, ad fyrer Løgmalsins Verk verde eingenn Maun riettlæatur, fyrer Gude. Þar af sier þu nu, ad hiner snotru og slægvitru Sophistar draga Menn ad taalar, nær þeir kienna þad Madurenn meige med Verkum underbua sig til Naadarennar: hvernenn ma sa underbua sig med godum Verkum til Naadarennar, sem eckert gott Verk gierer aan Olystingar, og Illvilia j Hiartanu? eda hvorsu meiga þess Manns gierder Gude þocknast, sem skie af einu tregu og olostugu Hiarta?

Enn þad, ad uppfylla Løgmaled, þad er ad giora þess Verk giarnan og viliuglega, og sialfvilinglega, aan Løgmaalsins Þvingunar, vel ad lisa og gudlega, likt sem þar være eckert Løgmal, nie nockurt Straf, enn slikt fwsa Kiærleikans Lysting, giefur hinn Heilage Andi j Mannsins Hiarta, sem hann seiger j Fimmta Capitula, enn Andenn verdur ecke giefenn nema alleinasta j, med, og fyrer þa Truna sem er a JEsum Christum, sem sialfur hann utskyrer j sjnum Formaala. Af þvi veitest su Trua er nema alleinasta fyrer Guds Ord, og Evangelium, sem Christinum predikar, ad hann sie Guds Sonur og Madur, daenn, og uppristinn fyrer vorer Saker, so sem hann seiger j hinum iij. iiij. og x. Cap.

Þadan af kiemur og þad, ad Truann alleinasta riettlæter oss, og Løgmaled uppfyller, þviad hun leider

til

til vor Heilagann Anda fyrer JEsu Christi Verdskulldan, enn sa hinn Heilage Ande gierer oss eitt lostugt, og sialfviliugt Hiarta, epter thvi sem sialft Logmalid æsker, og so ganga tha Godverkenn utaf sialfre Trunne, thad meinar hann j hinum thridia Capitula. Sijdan hann hafde utskyfad Logmalsins Verkum, ad thad syndest sem villde hann Lsamaled ad engvu giora, og onyta fyrer Truna, nei (seiger hann) helldur stadfestum vier Logmalid, fyrer Truna, thad er, vier uppfyllum thad med Trunne.

(2) Synd kallast j Skristenne ei einasta thaug ytre Verkenn sem af Lijkamanum skie, helldur allt thad natturligt Edle, er hreifer sier, og uppvekur oss til utvortis Verkanna, so sem er sialfur Hiartans Grunnurinn, med ollum sijnum Krapte og Megne, so ad thetta Ord, ad giora, thyder thad, nær Madurenn hrasar og leidest olldungis j Syndena, thvi thar skie ecke utvortis Syndarennar Verk, utan Madurenn giefe sig thar olldungis til med Lijkama og Salu, med thvi ad heilog Ritning, sierdeilis lijtur jnn til Hiartans, og til theirrar Rotar og uppsprettu allra Synda, sem er Vantruann, er j Hiartans Grunne bygger, lijka sem Truenn er alleinasta su sem riettlatann gierer Mannenn, Heilagann Anda og Lysing veiter til utvortis godra Verka, med sama mote Syndgar ei einasta Vantruann, og teyger hollded til Synda og utvortis illra Verka so sem ad thau Adam og Evu hendte j Paradis, Gen. 3 Cap.

Thadan kiemur og thad, ad Christur kallar Vantruna alleina Synd, so sem hann seiger Johann. 16 Cap. Thad Heilagur Ande skule straffa Heimenn fyrer Syndarennar Skuld, af thvi their trua eige a mig; thar fyrer hlytur nu annad hvort audur j Hiartanu ad vera, Tru, eda Vantru, so sem einn godur eda illur Avextur, audur enn god edur vond Verk skie, so sem ein riett Root, vokve og vesse og mesle Kraptur allra Synda;

hvar

hvar fyrer hun kallaſt j heilagre Ritningu, Hoggorms Hofud, og hid gamla Dracons Hofud, hvort ad Kvinnunnar Sæde ſem var JEſus Chriſtus, hlaut j ſundur ad meria, epter hvi ſem Adam var heitid. Gen. 3.

(3) Nædenn og Giofinu hafa hann adſkilnad, ad Nædenn kallaſt eigennlega Guds Vinætta, og Elſka, hvoria hann hefur til vor med ſialfum ſier, af hvorre hann hneigeſt til ad giefa oſs Chriſtum, ad ut-hella j oſs Heilogum Anda, med ſinum Naſtgiofum, ſem klarlega birteſt j hinum 5. Cap. Par hann ſeiger: Nad og Giof j Chriſto ꝛc. Enn pott ad Giofenn og ſa Ande proeſt og vare daglega med oſs, og vier erum enn eige fullkomner, ſo ad Synder og vondar gyrnder eru j oſs, pær ed beriaſt j giegn Andanum, ſem hann ſeiger Rom. 7 Cap. Gal. 5. Og ſo ſem Gen. 3 Cap. bodad er, pad Ovinſkapur ſkule vera a millum Kvinnunnar Sædis, og Hoggormſins Sædis, Nædenn giorer po ſo miked ad, pad vier erum med allu og fullkomlega Riettlæter, fyrer Gude reiknader, pvi hans Nad ſkilur ſia ecke nie ſundur-partar, ſo ſem ad Gæfurnar giora, helldur medtekur hann oſs algiorlega til Nædar fyrer JEſu Chriſti Skuld, vors Medalgangara og Forſvars-Manns, og fyrer pa Skuld, ad Giafernar eru j oſs uppbyriadar.

So underſtendur pu nu pann 7 Cap. Par hinn heilage Paall æpijtar ſig enn fyrer enn ſyndugann Mann, og po ſeiger hann j hinum Nattumda, ad par ſie eckert fordæmanlegt, a peim ſem ad eru j Chriſto JEſu, peſs vegna, pott ad Gæfann ſie, og Andenn j oſs, enn ofullkomenn. Pui fyrer peſs Odeydda Holds Saker, pa erum vier enn Synduger, enn med pvi vier truum a JEſum Chriſtum, og hofum Andans Upphaf, er Gud oſs ſo vorkunlætur, og lijkſamur, pad hann vill eige reikna nie dæma ſlijkar Synder, helldur breyter hann vid oſs epter Truune a Chriſtum, pangad til ad Syndenn verdur deydd.

(4) Tru-

(4) Truenn er eige Mannleg Meining, og Draumur, so sem sumer meina ad hun sie, og þa þeir sia ad eingenn betran Lifnadarens nie god Verk epterfilgia, enn kunna þo ad heyra, og margt ad fleipra af Trunne, falla þeir j þann Villudom, og seigia, þad Truann nægest eige, þvi hlivtum vier ad gisra Verkenn, skulum vier annars fromer og hialpleger verda: Enn þessu veldur, ad nær þeir heyra Gluds Evangelium, þa falla þeir strax þar til og gisra sier upp utaf eigenulegum formætte, þann Panka j Hiartanu, sem seiger: Eg true; hallda þad jo syrer eina rietta Tru; Enn lijka so sem þad er ein Mannleg Diktan og Panke, þann er Hiartans Grunn kannar alldrei, þvi orkar hann og einskis, þar filger og eingenn Bot nie Betran epter.

Enn ein riett Trua er Gudlegt Verk j oss, su er umsnyr oss, og ad nyu Endurfæder af Gude (Johannis 1.) og deyder þann forna Adam, gisrande oss algiorlegana ad odrum Mannum ut af riettu Hiarta, Sinne og Sidferde, og ollum formætte, færande med sier Heilagann Anda. O, hvad syrer einn lifande, kroptugann, megtugann, kostgiæfenn Hlut, ad Truenn er? so ad omogulegt er, ad sa sem Truna hefur, gisre ecke oaflætanlega God-verkenn: hun frietter eige ad, hvor Godverk Madurenn ætte ad gisra, heldur hefur hun, audur enn vier tilfregnum, gisrt þau, og lætur alldrei af ad jdka sig, enn hvor hann gisrer ei þvilijk Verk, sa er ad sonnu Truarlaus, hvimar og falmar umhverfis sig, epter riettre Tru, og godum Verkum, enn veit ei hvad þo ein riett Tru edur Godverk eru, þrætter þo margt og masar um Truna og Godverkenn.

Truann er eitt lifande diarflegt Traust til Guds Nadar, so orugg og fost, ad Mann mynde eige birda þo hann ætte þusundsinnum þar syrer ad deya, og þvilijkt traust og vitund Gundlegrar Nadar, gisrer

mann-

mannenn gladværann, diarfann, og lystugann vid Gud, og allar skiepner ut j fra, hvad Heilagur Ande verkar j Trunne, hvar af Madurinn verdur ann allrar þyngunar, vilingur og æfus ollum gott ad gisra, ollum ad þiona, allshættad ad lijda, Gude til Lofs og Villdar, hvar honum hefur þvilijka Nad andsynda. So ad þad er omsgulegt ad skilia Godverk fra rietre Tru, so sem þad er omsgulegt ad skilia Hitann fra Eldenum fyrer þvi giæt ad þier vandlega, ad eige tæle þig sialfs þijns falskegnr Panke, og onytt Ordaskvalldur annara Manna, sem kloker læstast vera, dæma um Truna, og Godverkenn, enn eru þo hiner stærstu þussar j þessare Grein. Bid helldur Gud, ad hann uppvecke j þier rietta Tru, ellegar blijfur þu æfennlega ann sannrar Truar, þu diktar og gisorer hvad þu kant og vilt.

(5) Enn þvijlijk Tru er Riettlæte, og kallast Guds Riettlæte, edur þad sem fyrer Gude gillder, af þvi ad þad sialft er Guds Gæfa, og reiknast til Riettlætis fyrer Christum, vorn Medalgangara, og gisorer Mannenn so andvelldann, ad hann giefur og gisorer hvorium og einum hvad hann skyldugur er, þviad fyrer rietta Tru veitest Mannennum þad, ad hann er ann Synda, og brepper lysting til Guds Bodorda, hvar med hann giefur Gude sinn Lofstyr, og gielldur honum þad hann er honum pliktugur, enn Naunganum þivnar hann vilinglegana, j hvorju hellst hann kann, og gielldur so hvorimm Manne þar med. Enn slijku Riettlæte kann eige Natturann, nie sialfrædis Vilienn, og ei vorer Kraptar, af Stad ad koma, þvi eins sem enginn gietur sialfum sier rietta Tru giefid, so fær og ei noekur Vantruna j burt tekid, hvorninn vill hann þa eina hina minnstu Synd j burt taka? Fyrer þvi er þad allt fals, hræsne og Synd, hvad ann riettrar Truar skiedur, edur j Vantru, Rom. xiv. hvorsu gott sem þad syker eda synest.

(6) Hollð

(6) Hollð og Anda mattu eige hier so skilia, ad það sie allena Hollð, er Saurlifnad ad-hrærer, og það Ande, hvad innra vidvikur i Hiartanu, heldur kallar hinn Heilagi Páll það allt Hollð, so sem og sialfur Lausnarinn giorer, Joh. 3. Cap. Hvad af Hollde er fædt, so sem ad er Madurinn allur med Aund og Lijkama, Skinsemd, og allum Skilningarvitum, þoi allt það stundar epter Holldenu, so mattu nu vita það, ad kalla þann Holldlegann sem ann Nædar dicktar, kienner margt og talar um diupfundna andlega Hlute, sem þu mátt vel skilia af Holldsins Verkum, Galat. v. Cap. Það hann kallar Villudom og Fiandskap Holldsins Verk, og Rom. 8. Cap. seigir hann, ad fyrer Holldsins Saker verdi Logmalid veikt, hvad ei er einasta talad um Saurlifse, heldur um allar Synder, enn eirna mest um Vantruna, hvar ad er hin allra andligasta Synd. Þar j mot mattu þann andligann kalla, sem med allra audsyniligustum Verkum umgeingur, so sem ad sialfur Grædarinn JEsus þvodi Fætur sinna Læresveina, og Petur, þa er hann stiirde Skipinu og fiskadi, so ad Holldid er su Manneskia sem bid innra og ytra Lifir, og alla Holldsins þarfliga Hluti Verkar til stundligs Lijfs, enn Andinn er sa sem Lifer og Verkar bid innra og ytra til þess sem Andanum þienar til epterkomande Lijfsins, ann slijks Skilnings þessara Orda muntu hvorki þennann S. Pals Pistil nie nockra adra Bok Heilagrar Ritningar, rietteliga undirstanda, fyrer þoi, vara þig fyrer ollum þeim sem odruvijs edur med annarligri Þydingu utleggia þessi Ord, þott það sieu sialfer Hofud-Doctores og Yfer-Spekingar, og þo það være Hieronymus, Augustinus, Ambrosius, Origenes, ellegar enn ædre.

Nu vilium vier vijkia til sialfs Pistilsins.

Med þvi ad einum Gudspiallegum Predikara beriar, j fyrstu fyrer Logmalsins og Syndarennar opinberan, þad alt ad straffa, vaad Synd ad giora, sem eige er lifande af Andanum oa Trunai a Christum, so ad Menneiner kynni ad læra ad þ ckia sialfa sig og syna Eymd, og Neyd, og kynni ad audmykia sig, og gyrnast hialp.

Lijka so gierer hier hinn Hellage Paall, og byriar j hinum Fyrsta Cap. ad straffa þær Storsynder og Vantru, sem augliosar voru, so sem voru Heidnina manna Storglæper, og enn eru þeirra sem aan Guds Naadar lifa, og seiger, ad Guds Reidi verdi auglios af Himnum yfer alla Menn, fyrer Evangelium, fyrer þeirra ogudligs Lifernis og ranglætis Sacker, þvi þott þeir viti og dagligana skilie ad þar sie eirn Gud, þa er þo Natturann j sialfri sier aan Naadarinnar so vond, þad hun hvorki þackar honum, nie hann vegsamar, heldur forblindar hun sialfa sig, og fellur so oaflatanlega j verra Liferni, þar til hun ecki alleinasta drygir Afguda Dyrdkun, og hinar skammligustu Synder, med ollum Lystum bligdunarlaust, heldur og so samphyckir þær, og lætur þær verda ostraffadar hia odrum.

J Odrum Cap. þenur hann slijka Straffan vijdara ut, uppa þesskonar Menn sem fromer synast j Manna Angliti edur heimugliga syndgast, so sem þa voru Gydingar, og enn nu eru aller Hræsnarar, þeir sem aan godsyni og aastsemdar giora Godverk, enn eru þo j Hiartanu gramir Guds Logmali, hvorier fusir dæma adra Menn, so sem allra hræsnis Manna Natura er til, ad þeir hallda sig sialfa hreina og heilaga vera, Enn eru þo fullir med Agyrnd, Hatur,

Draumb,

Dramb, og allann Ohreinleika, Matth. 23. Peir eru og peir sem Guds Miskunsemi forsma, og epter sinni Hiartans Hardvød safna peir og yfer sig hlada Guds Reidi, so lætur nu hinn heilage Paall, sem eirn riettur Logmals Utskijrare, ongvann Mann ann Syndar vera, helldur bodar hann allum Guds Reidi, peim sem vel vilia lifa, af Natturuaiptinni, edur af sialfs sijns frialsligum vilia, og pa lætur hann ongvum unna betri vera, enn opinbera Storglæpamenn, ja hann seigir pa forherdta, og oyfirbotarsama.

Enn j hinum iij. varpar hann peim bædum tveimur j eina kos, og seigir pann eina eige betra enn annann, allirsaman sieu peir Syndugir fyrer Gudi, ad einasta pvi undantekinu pad Gydingar høfdu Guds Ord, pott margir hafi par ecke ætrudd, enn po er eigi med pvi Guds Tru og Sannleikur ute, og færir inn pad mællæke ur hinum fimtuadsta og fiorda Psalmi, ad Gud sie rietferduger j sijnum Ordum, enn epter pad kiennir hann aptur til hins sama, og saunar med heilagri Ritningu, ad peir sieu aller Syndabrots-menn, og pad, ad fyrer Logmalsins Verk verdi enginn Rietlatur, helldur pad, Logmalid sie til pess utgiefid, ad pad kienne Monnum ad pekkia Syndina: Epter pad tekur hann til ad kienna riettann Veg, hvorninn vier skulum frommir og Salunholpnir verda, og seigir, ad peir sieu aller synduger Menn, og ann Guds Hroosunar, og blioti aller ann eigiunliar fyrirpienunar riettlatir ad verda, fyrer pa Tru sem er a Christum, sa er fyrer oss hefur pad verdskulldad, med sinni blessadri Blods-uthellinau, og er ordinn oss einn Mædarstoll, af Gudi, hvor oss allar unnidnar Syndir forlætur, par med bijvijsar hann, ad oss hialpi alleinasta hans Riettlæte, hvort hann giefur oss j Trunni, sem j pann Tijma fyrer Gudspiallinn opinberadist, og ædur til forna

fyrer Logmalid og Spaamennina er bevijsad, so stadfestist Logmalid, fyrer Truna, þott ad Logmalsins Verk med sinni Hrosan verdi under Lok logd þar med.

Jhinum fiorda, sem hann hefur nu j þeim fyrstu þremur Capitulum, opinberad hvad Syndinn er, og kiennt Truarinnar Veg, til Riettlætis, þa hefur hann sijdann upp ad mæta nockrum Giegnyrdum, og Motmælum, og tekur j fyrstu þad fyrer sig (sem tijdt er heim allum ad jnnfæra, sem af Trunni heyra, þad hun ecki Verkanna, gisrer vss riettlata, og seigia: skulu menn þa einginn god Verk giora?) og hann leider framm Epterdæmi Abrahams, og seigir: hvoriu hefur Abraham med sijnum Verkum af Stad komid, eda koma þau all til einskis? voru hans Verk ongvu nyt? og lyktar þad so, ad Abraham vard riettlætur ecki allra Verka, alleinasta fyrer Truna, so algiorliga, ad hann fyrr enn Verk hans Umskurdar skiedi, alleinasta sinnar Truar vegna, prijsast hann j Ritningunum ad hafa verid riettlatur, 1Mos.B.15. Hafe nu Verk Umskurdarins, ongvu orkad, til hans Riettlætis, þad er stalfur Gud baud honum þo, og eitt gott Verk var hlijdinnar, sannliga mun þa eckert annad gott Verk til Riettlætisins nockud stoda; helldur so sem ad Umskurur Abrahams var eitt utvortis Teikn, hvar med hann audsyndi sitt Riettlæti j Trunne, lijka so eru all aunnur god Verk ecki utann ytre Teikn, hvor utaf riettri Tru koma, og auglysa sem godur Avextur, þad Madurinn sie nu hid jnnra Riettlætur fyrer Gudi.

Þarmed stadfestir nu hinn heilagi Paall, sem med einn oblugu Eptirdæmi ur Heilagri Skrift sijna framsetta Kienning, j hinum þridia Cap. um Truna. Og leidir David til Vitnis j hinum 32 Psal. þar hann seigir: ad Madurinn verdi ecki Verkanna riettlatur, þo hann sie ecki ecki Verkanna,

epter

epter þad hann er riettlatur ordinn. Epter þad teyger hann vt þetta Epterdæmi j giegn ollum odrum Logmalsins Verkum, og ad lyckter þad, ad Gydingar fai ei verid Abrahams Arfar, einasta fyrer þad, ad þeir eru hans Ættspreingi, enn miklu midur, þo fyrer Logmalsins Verk, helldur hliota þeir ad erfa Abrahams Tru, vilie þeir aunars riettlater verda. Med þvi ad Abraham er bæde fyrer Truna Riettlætur ordinn, fyrr enn Moysis og Umskurnarennar Logmæl var, og kalladesi Fader allra Riettruadra. Þar til uppvekur Logmalid miklu framar Reidi, enn Nad, med þvi ad enginn gierer þess Verk af sannri Godfysi, og riettri Aastsemd, fyrer þvi kiemur miklu meire Onad enn Nad af Logmalsins Verkum, þar fyrer ad Truinn alleina þa Nad ad odlast sem Abraham var fyrerheitinn. Þviad slijk Epterdæmi eru vorra vegna skrifud, þad vier skulum og trua.

I hinum fimmta Cap. kiemur hann til Avartarins og Truarennar Verka, sem ad eru, Fridur, Fognudur og Aastsemd, til Guds og hvors Manns, þar med Þruggleiki, Diarfleiki og Stodugleiki, Hughreysti og Von, j Hormungum og Motkasti. Þviad aller slikir Hlutir epterfilgia einnri riettri Tru, og fyrer þeirrar oumrædanligrar og yfergnæfanligrar glædsku Sakir, sem Gud hefur os synt j Christo JEsu, þad hann liet hann Dauda lijda fyrer vora Skuld, fyrr enn vier kynnum hann þar um ad bidia, og þo þa þegar vier vorum hans Fiandmenn. Af þessu meigum vier skilia, þad Truann riettlætir, an allra Verka, enn þo dregst þad eigi þar af, ad vier skulum fyrer þann Skuld einginn god Verk giora, helldur ad þaug hin rietteligu Verkinn munu eigi leingi j Hlie liggia, a hvoriu hinir Verkheilsgu hafa eckert Skin, hvorier fier dickta helldur upp sialfir eiginnleg Verk, þar hvorki er Fridur inni nie Fognudur, Þruggleiki nie Kiærleiki, Von e-

dur Diarfleikt, og ei nockud annad riett Christeligs Verks, nie Trnarinnar Art og Edli.

Par epter vijkur hann fra þessari Rædu, og telur framm, hvadann ad kiemur bædi Syndenn og Riettlætid, Lijfid og Daudenn. Og setur þa tvo Allsæmelega hvorn j moti ødrum, Adam og Christum, viliande so seigia: fyrer þa Skuldi ætte Christus ad koma, einn annar Adam, sa er oss skylde giefa sitt Riettlæti ad erfdum fyrer eina nya andlega Fæding j Trunne, eins sem hinn firre Adam leidde yfer oss Arftekiu Syndarinnar, fyrer hina gomlu holldligu Fæding. Enn nu med þessu verdur þad og stadfest og vitanlegt, ad einginn fær sier sialfur nr Syndinne til Riettlætis framar med Verkunum hialpad, heldur enn hann fær vid þvi spornad, þad hann verdi lijkamlega fæddur, þad verdur og þar med bevijsad, ad gudligt Logmal, sem þo hellst ætte ad hialpa, ef nockud skyldi hialpa til Riettlætis, er ei alleinasta can stirks og hialpar komid, heldur hefur þad Syndina aukid fyrer þad, ad hin vonda Nattura verdur þvi þess grammare, og vill sijna Lysting þess giarnar dryaia, sem Logmalid bannar henni þad meir. Og med slijku moti gierer nu Logmalid Christum oss enn mikin naudsynlegra, og utkrefur af honum meiri Rædar, ad hialpa Natturunni med.

Enn j hinum Sidsta tekur hann sier fyrer hendur þad sierlegasta Trnarinnar Verk, sem er Baraattn Andans vid Holldid, med fullkomlegri Deydingu yfer blifunna Synda, og vondrar Lystingar, sem epter Riettlætingena epter verda j hia oss, og kienner oss þad, ad vier siemm eige so frelsader fyrer Truna fra Syndunum, þad vier skulum jdinlauser, later og Uggalausir vera, so sem ad þar væri nu einginn Synd leingur til: ad sonnu er enn Synd epter blifenn j vorum lidum, þo hun verdi ei til Fordæmingar reiknud, fyrer þeirrar Trnar Saker, sem vid hana strijder, fyrer þvi hofum vier ærid nog ad starfa, vid sialfa oss um

vora

vora Lifsdaga, ad vier temium vorn Lifkama, deydum syndsamlega Fysn, og pvingum vora Lime, so ad peir verde Andanum hlydner, enn eige peirre vondu Gyrnd. Uppa ad vier seum lifker Christi Dauda og Uppriſu, og fullkomnum vora Skijrn, hvor ad merker Syndanna Deyding, og Nadareunar nytt Lifferne, pangad til vier verdum med ollu af Syndunum hreiner, og lifkamlega uppriſum med Christo JEſu, og ad eylifu Lifum.

Enn petta getum vier gjort (ſeiger hann) med pvi vier erum under Nadenne, enn ei under Logmalenu. Hvad hann ſialfur utleggur, pad, ad Logmals ad vera, ſie eige under pa grein talad, pad vier skulum eckert Logmal hafa, og meiga pad gjora hvad hvorn eirn lyſter, helldur heiter pad under Logum ad vera, nær vier gjorum Logmalsins Verk (adr Nadar) og pa drottnar visselega Syndenn fyrer Logmalid, fyrer pvi einginn er Logmalenu hollur af Natturu (hvad ad er ein stor Synd) enn Nadenn gjorer ofs Logmalenn pecka, so er par einginn Synd meir fyrer hondum, og Logmaled er pa ei meir j mote ofs, helldur er pad sampyckilegt vid ofs.

Enn petta sama er riettelegt frelſe af Syndum og Logmalenn, wtaf hvorju hann skrifar allt til enda, j pessum Cap. Ad pad sie eitt frelſe, alleinasta med Lyſt gott ad gjora, og ad færa gott Lifferne adr Logmalsins Pvinganar: Af pvi er petta frelſe eitt andlegt frelſe, pad sem hvorke j burt skwfar nie onyter Logmalid, helldur wtvegar pad ofs hvad er af Logmalenu krafed verdur, sem er lyſting og adſtoeme, hvar med Logmalid stillist, og hefur engva Pianing nie Krofu meir.

Lijka sem einn Herra hefde lanad pier nockud, so pu værer honum skyldugur, og kynner ei ad borga, vid pann kynner pu med tvennu mote kvittur ad verda, med einu mote, ad hann villde eckert af pier hafa, og rife sitt Regiſtur j sundur, enn med odru

mote so, ad einhvor godur Maun borgade fyrer big, og giæse þier so miked, ad þu giorder hans Registre fullnægiu þar med, med þessum Hætte hefur Christur gisrt oss frialsa fra Lsgmalenu, af þvi er þetta ecke eitt qalid holldlegt frelse, sem eckert skule gisra, helldur þad sem gisrer miked og misrgum gott, og er af Lsgmalsins Krøfu og Skylldu kvitt og ækiærulaust.

I hinum Siounda stadfester hann slijkt med eirnre Epterlijkingu Hiuskapar-lijsernis, lijka sem þa Madurinu deyr, er su Kvinna laus, og so er þa hvort lauss og vid annad skiled, þo ei so, ad Kvinnann meige eige nie skule annaun Mann eiga, helldur hitt, þad hun sie þa allra fyrsta riettelega frij einum odrum ad giptast, hvad hun mætte ei ædur gisra, fyrr enn hun vard vid hinn firra Mann laus, lijka so er vor Samvitska bundenn og forplicktud under Lsgmaled, under þeim syndsamlega gamla Manne; Nær hann deydest, fyrer Andann, þa er Samvitskann frij, og hvort vid annad lauss, eige so, þad Samvitskann skule eckert gott ad hafast, helldur nu hid allra fyrsta skule hun riettelega þydast Christum sinn annann Eignarmann, og bera so Lijssins Avext.

Þar epter utskyrer hann enn framar, Syndarennar Art, og Lsgmalsins, hvørnenn Syndenn fer ad yfa a sier, og mattug ad verda, fyrer Lsgmalid, af þvi ad hinn gamle Madur verdur Lsgmalenu þess grimmare, af þvi hann gietur eige borgad þad er Lsgmalid krefur, þviad þad er hans Nattura ad syndga, og getur eige af sialfum sier annad, af þvi er Lsgmaled hans Daude, og oll hans Plaga, eige so ad skilia, þad Lsgmalid sie vondt; helldur ad su vonda Nattura kunne eige ad lijda hid goda, so ad þad krefie nockurs Gods af henne, lijka sem eirn sottlera Madur fær eige lidid, þad hlaup eda stedian sie ad honnum heimt, og gisra annur heilbrigdra Manna Verk. Fyrer þvi

alyktar

alyktar S. Paall hier þad, ad hvar Løgmalid verdur riettelega þeckt og allra best understadid, þar giøre þad ei annad, enn minner oss a vorar Synder, og deyder oss þar med, giørande oss seka eylijfrar Guds Reide, so sem vier fauum fijnlega lært og kannad j vorre Samvitsku þa hun verdur af Løgmalenu riettelega snortenn. So ad þa hliotum vier ad hafa eitt hvad annad meira til enn Løgmalid eitt, ad giøra Mannenn med fromann og hialplegann. Enn hiner sem Løgmaled þeckia ei riettlega, eru blinder, ana framm med sinne holldlegre Ofdirfd, og meina Løgmalenu medur Verkunum sullnægiu ad giøra, þviad þeir hafa eige Vitsmune a, hvørsu mikels ad Løgmalid utkrefur, sem er, eins sialfviliugs Løstugs, og gladværs Hiarta. Fyrer þvilijta þeir eige Moysen riett under Augunn, ad Dwrurenn er þar enn fyrer heingdur, og um hans Asionu vasdur.

Epter þad utvijsar hann, hvørnenn Andenn og Holldid strijda j Mannenum hvørt mot ødru, og setur sialfann sig til eins Epterdæmis, so vier lærum þad Verk (Syndena ad deyda j sialfum oss) riettelegana ad þeckia. Enn hann kallar þo bædi Andann og Holldid eitt Løgmal, þviad so sem Gudligs Løgmals Nattura er, ad þia og krefia, lijka so þiaer og krefur, og æsist Holldid j mot Andanum, viliande sijna Lysting hafa, þar þvert j mot þiar og krefur Andinn j giegn Holdenu, og vill sijna Lysting hafa, þesse Agreiningur varir j oss so leinge sem vier lifum til, j einum meir, enn ødrum minna, epter þvi hvørt Andinn edur Holldid øblugra verdur. Enn Madurinn allur er þo sialfur þad hvørtveggia, bædi Holld og Ande, hvør vid sialfann sig strijder, þar til hann verdur med øllu andligur.

J hinum Nattunda, hughreyster hann slijka Strijdendur, ad þa fordæme eige þvilijkt Holld, og vt-

vijsar framarmeir, hvor Holldsins og Andans Art sie, og þad Andinn komi fyrer Christum, sa er oss hefur giefid sinn Heilagann Anda, hvor oss andliga giørir, og Holldid nidurþrickir. Giørandi oss alloruggva þar um, ad vier erum þo lijka vel Guds Børn, hvorsu hardt sem Syndinn geysar j oss, so leingi sem vier filgium Andanum eptir, og Syndinni j mot stoudum hana ad deyda. Enn med þvi ad einginn Hlutur er so godur til, Holldid ad temia eda ad kiefia, sem Krossburdur og Motlæti, þa hughreystir hann oss j Motgauginum, med Andans, Kiærleikans, og allra skiepna Adstod, so ad bædi Andinn andvarpar j oss, og þad allar Skiepnur hafa Eyterlangan med oss, þad vier mættum vid Holldid og Syndena kvittir verda. So siaum vier nu þad, ad þessir þrijr Capitular, siøtti, siøundi, ættundi, knya oss, alleina til þess Trwarinnar Verks, hvad ed kallast, hinn forna Adam ad deyda, og Holldid ad þia.

Sa hinn nijunde, tijunde og ellefte Capitule kienner utaf eylijfre Guds Forsia, hvadann þad upprettur eda uplijtur hvor ad trua skal edur ei trua, og hvor fra Syndinni skal leysast og eigi leysast, so þad sie med alln oss ur greipum numed, og Gudi einum j Hendur feingid, þad vier riettlæter verdum. Þad er oss og allra mesta naudsyn, þviad vier erum so veiker og ostodugir, so ad ef þad væri undir oss komid, yrde sennelega einginn Mann holpenn, þvi Diofullenn mundi þa ad sonnu olla yfirbuga, enn first Gud er nu stodugl yndur, og ad honum ma ei sijn Utvalning bregdast, og eigi fær nockur honum þad varid, af þvi hofum vær enn oruggva Von j mot Syndinne.

Enn þeim drambsomu Anndum, og Diupvitringum er hier eitt Takmark sett, þeir ed sijnum Vitsmunum Vilia sem first hingad vijkia, og hefia ofann ad ad ransaka undirdiup Guds Fyrerhyggiu, hvort þeir

þeir eru af Gudi Utvalder, angrande sig med þessu til einskis, þeir somu sleyppa sier sialfum niður j Øvinlan, edur druckna j sijnum Vijsdome. Enn þu filg þvi sem þier kiennt verdur j þessum Pistli, og lat þier vera first hugad um JEsum Christum, og hans Evangelium, so ad þu mættier fa Þecking þinna Synda og hans Naadar, þar nærst ad þa mot Syndinni strijder, epter þvi sem þier hefur kiennt verid, j first a, j odrum, þridia, fiorda, fimta, sietta, siounda Capitula, enn eptir þad þu ert kominn j hinn attunda under Kross, og Motgang, þa mun þad kienna þier riettelega j hinum nijunda, tijunda, ellefta Capitula, hvorsu huggunarsamleg Utvalninginn sie, þviad an pintingar Kross og Daudans Neydar kunnum vær ecke þa gudliga forsia ad handtiera, an Tions og heimugligrar Reide giegn Gudi, af þvi hlytur hinn forne Adam vel ad deydast, edur enn Mann kann adlijda slijkt og drecka þad sterka Vijn, fyrer þvi giæt vandliga þess, ad þu dreckir ecki Vijn, medan þu ert eirn Briostmylkingur, þviad hvar Lærdomur hefur sinn Skamt, Tijma og Alldur.

J hinum Tolfta kienner hann rietta Guds Pionustu, og giorer alla Christna Menn ad Prestum, ad þeir skule offra hverki Peningum nie Kvikfie, so sem þeir giordu j Løgmalenn, helldur þeirra eiginligum Lijkamum, med Deydingu lijkamlegra Gyrnda. Eptir þad skrifar hann um ytra Dagfar Christinna Manna j andligre Stiornan, hvorsu þeir eige ad predika, kienna, stiorna, þiona, veita, og lijda, elska, lifa og giora vidur Vine og Ovine, og hvorn Mann annann. Þetta eru þaug Verkinn, sem sierhvor Christinn a ad giora, þviad (so sem sagt er,) Trunann er alldrei kyrr.

Enn j hinum þrettanda Cap. kienner hann, þad vier skulum j heidre hafa veralldlegt Vald og þvi hly-

dugir vera, hvort þar fyrer er jnnsett af Gude, þott ei gisre þad oss Riettlata fyrer Gudi, þa gisrer þad þo so mikid, ad goder Menn hafa utvortis Frid, Vernd og Forsvar, og vonder Menn meiga ei an Hrædslu nie med Fride og Ro, sem þeir giarnann villdu, framm-kvæma sijna Vondsku, fyrer þvi ber godum Monnum þa ad virda, þott þeir þurfe eigi þeirra vid, enn vid nidurlagid lykur hann þetta allt j Kiærleikanum, og endar þad med Christs Epterdæme, þad vier skulum honum eptersilgia, og breyta lijka so sem hann hefur vid oss breytt.

I hinum Fiortanda, kienner hann, þad vier skulum þolinmodlega lijda þa sem veiker eru, j Samvitskunne og Trunne, og fyrer þeim vægia, og sia kostgiæselega til, ad Christinna Manna Frelse brukest ei til Skada, helldur þeim Veiku og Ostirkvu til Betrunar, þviad hvar þad gisrest eige, þa silger þar Sundur-þycke og Fyrerlitning Gudspiallanna epter, hvar þo oll Naudsyn æliggur, ad slijkt skule ecke skie, þar fyrer er þad betra ad vijkia veiktruudum um litinn Mun, þar til hann stirkvare verdur, helldur enn þad, ad Lærdomur Gudspiallanna skylde med ollu j Grunn ganga. Og þolijkt Verk, er fierdeilis eitt Kiærleiks Verk, þad a þessum Tijmum er vel nytsamlegt, hvar, med Kiotæte og odrum Christilegu Frelse osbelldislega, an allra Naudsynia, hin breiska Samvitska verdur skielfd og umturnud, adur enn hun skilur Frelsid og þecker Sannleikann.

I hinum Fimtanda, setur hann Christnum til Epterdæmis, þad vier skulum vid adra breyska Menn lijdunarsamer vera, so sem vid þa er hrasad hafa, j opennberar Storsynder, edur otierlega breytne, hvoria vier meigum eige strax forleggia, helldur þa umlijda þar til þeir betra sig, þviad so hefur Christur vid oss giort, og enn daglegana gisrer, þad hann umlijdur

ommtgn-

ómæltanlega margar odygder, og vonda breytne, jafn fraut ollum odrum ofullkomenleika a oss, og ósæltanlega oss hialp veiter. Epter pad til eirnrar ælyktunar, bidur hann fyrer peim, lofar pa, og Gude a hendur felur, og andspyner peim sitt Embætte, og Predikan, og bidur pa nærsta fagurlega um Hialp og Stuðning vid fatæka til Jerusalem, og allt hvad hann umtalar og pad hann fer med, er ei utan Kiærleiki.

Hinn sijdarste, er eirn Kvediu Cap: Enn par under blandar hann einne nærsta ægiætre Vidvaran, ad mann vakte sig fyrer Manna Lærdomum, peir ed fier innpreingia med Gudspiallegre Kienningu, og koma af stad Hneixlum, eins og hann hefde ad sonnu pad fyrer-sied, ad af Rom og fyrer hina Romversku skylldu koma peir Tælanleger og Hneixlunarsomu Canones, og Decretales, og pad fordiarfaulega Eytur, sem kiemur af Manna Setningum, og Boderdum, hvorier um pessa Tijma dreckia allre Verolld, hafa og pennann Pistil og alla Heilaga Ritning, lijka og eirnenn Andann, og Truna Afmæd, so ad eckert meira er epter ordid, enn sa peirra Afgud, er Mage heiter, hvors Pienara hinn Heilage Paall seiger pa hier vera; Gud frelse os fra peim, Amen.

So finnum vier j pessum Pistle hid allra Rijkuglegasta, hvad einum Christnum Manne ber at vita; sem er, hvad Logmaled sie, Evangelium, Synd, Straffan, Nad, Tru, Riettlæte, Christur, GUd, Godverk, Kiærleike, Von, og Kross, og hvorsu vier skulum hegda oss vid hvorn Mann, hvort helldur hann er godur eda Syndugur, sterkur eda breiskur, Vin eda Ovin, og hvorneun vier skulum breyta j mot sialfum oss, par til grundvallar hann allt petta allsæmelega, med Skriftenne, og med sialfs sijns og Spa-

mannanna epterdæmum utvijsar, so ad hier er einskis meir æskiande, fyrer thui ma so virdast, sem hafe hinn heilage Pœall viliad j pessum Pistle, einusinni j sinttu mœle jnne lykia allann Christelegann og Gudspialle-gann Lærdom, og tilreida so Jungang j allt hid Gamla Testamentum, thiad enn esa, hvor thennann Pistil hefur sier vel j Hiarta fest, sa hefur hins Gamla Testamentis Lios og Kraft hia sier, fyrer thui gisse hvor Christinn Mann hann sier alkunnann og lœte jafnann tijdkadann vera, hvar Gud unne oss sijna Nœd til, Amen.

S. Pœals Pistill til Romverja.

I. Capitule.

Thad Sœluhialplega Rettlœte verdur oss opinberad i Evangelio; og thad kemur ecke af Nœttrunnar Logmale, med thui ad aller Heidingiar eru Syndarar.

Pœall Pion JEsu CHristi, kalladur til Postula, utvalenn til ad predika Guds Evangelium.

2. Hvsriu hann hafde adur fyrerheitid fyrer sijna Spœamenn, j *Heilagre Ritningu.

*1B.Mos.3,15. cap.22,18. cap.49,10. 5B.Mos.18,15. 2Sam.7,12.ec. Psalm.132,11. Esa.4,1. cap.7,14. cap.9,5. cap.11,1.ec. cap.40,10.11. Jer.23,5.6. cap.33,15.16. Ezech.34,23. cap.37,24. Dan.9,24. Mich.7,20.

3.Af

3. Af sijnum Syne, hvor ad fæddur er af Davids Sæde, epter Holdenu.

4. Enn volldueglega auglystur Sonur Guds (a) epter Andanum, sa er helgar, sijdann hann er uppstadenn fra Daudum, sem er JEsus Christur vor DRottenn.

(a) (Epter Andanum) Guds Aude var utgiefenn epter Christi Uppstigning til Himna, j fra þeim Tijma helgar hann þa Christnu, og auglyser Christum j allre Verolldu, þad hann sie Guds Sonur med allre Makt, j Orde, Teiknum og Dasemdarverkum.

5. Fyrer hvorn vier hofum medteked Nad og Postulegt Embætte, a medal allra Heidingia, Truarennar hlijdne upp ad rietta, under hans Nafne.

6. Af hvorium þier erud og eirnenn, sem kallader erud af JEsu Christo.

7. Ollum þeim Guds Elskulegum, og Kolludum Heilogum sem eru j Rom, Nad og Fridur af Gude vorum Fodur, og Drottne vorum JEsu Christo, þa sie med ydur.

8. First giore eg Packer mijnum Gude, fyrer JEsum Christum, allra ydar vegna, þad, ad ydar Tru berst ut um allann Heim.

9. Þviad Gud er minn Vottur (hvorium eg þiona j mijnum Anda, j Evangelio hans Sonar) þad ad eg oaflatannlega minnest ydar.

10. Og jafnann j mijnum Bænum bid eg þess,

þess, ef það vilde einusinne skie, ad eg mætte koma til ydar fyrer Guds Vilia.

11. Því mig langar ad sia ydur, so ad eg hytte ydur nockre andlegre Giof, ydur til Stirktar.

12. (Það er) ad eg mætte taka Huggan med ydur, fyrer ydra Tru og mijna, sem vier hofum ósamt.

13. Enn eg vil ei dylia fyrer ydur, kiærer Brædur, það eg einsetta mier opt ad koma til ydar (enn eg hefe hindradur verid til þessa) so ad eg hefde kunnad ad giora so nockurn Avøxt ydar a mille, lijka sem a mille annra Heidingia.

14. Eg em Skulldunautur, bæde Grisku, og ei Grisku, Spakra, og Óspakra.

15. Af því, so miked sem eg megna, em eg reidubuenn til, eirnenn ydur sem erud j Rom, ad predika Evangelium.

16. Þviad eg skammast mijn ei, fyrer Evangelium ut af Christo. Því það er Kraptur Guds, sem hialplega giorer alla þa sem þar a trua, Gydinga sierdeilis, og Gricke eirnenn.

17. Af því, ad þar opinnberast jnne það Riettlæte, sem fyrer Gude duger, hvørt ad kiemur ut (b) af Trunne, til Truarennar, so sem skrifad er: * sa Riettlæte mun af sinne Tru lifa.

* Habac. 2, 4.

(b) (Af Trunne) aller gudhrædder Menn fra Upphafe Veralldar, til Veralldar Enda, verda riettlaxter

lœter fyrer eina og sømu Tru, því Christur er í Giær og Dag og Eylijflega (af Trunne) það er, fra uppbiriadre veikre Tru, til sterkrar Truar, því Truenn stendur ecke kyrr.

30. Þviad ljka so sem þier hafed eige fordum truad a Gud, enn nu hafed þier Miskun odlast yfer þeirra Vantru.

31. So

31. So hafa nu hiner og eige viliad trua a Miſkun þa ſem þier hafed hloted, ſo ad þeir mættu og Miſkunſeme odlaſt.

32. Þviad Gud (e) alyckte alla under Vantrunne, uppa þad ad hann miſkunade ollum.

(e) (Alyckte) Athuga þeſſa Hofudgrein, ſem fordæmer oll Verk og Mannlegt Riettlæte, og upphefur alleinaſta Guds Miſkunſeme, ſem menn ſa fyrer Truna.

Piſtill. a Heilagrar Þrenningar Hatijd.

III. 33. O hvilijk Dypt Audæfanna, bæde Spekennar og ſo Guds Vidurkienningar! Hvorſu ofinnanleger eru hans Domar, og orannſakanleger eru hans Veiger!

34. Þvi hver hefur þeckt HErrans Sinne? Eda hver hefur hans Radgiafe vered?

35. Eda hver hefur honum nockud fyrre giefed, ſo ad honum mætte þad verda endurgollded?

36. Þviad af honum, og fyrer hann, og j honum eru aller Hluter; honum ſie Dyrd ad Eylijfu, Amen.]

XII. Capitule.

Pauli Aaminning (I) til margviſlegra Chriſtelegra Dygda; og (II) Einkanlega til Kiærleikans.

Piſtillenn I. Sunnud. epter Þrettanda.

I. Eg aminne ydur, Kiærer Brædur, fyrer Miſkun Guds, ad þier giefed ydra

Lijkame til þess Offurs sem lifande er og heilagt, og Gudi þackneemt, hvort ad er ydar (a) skinsamleg Pionusta.

(a) (Skinsamlea) S. Pall kallar hier oll Offur, Verk og Gudspionustu, oskinsamleaa, þa þaug skie fyrer utan Truna og Guds Kynningu.

2. Og hegded ydur eige epter þessum Heime, helldur gisored ydur umskiptelega med Endurnyungu yddars Hugskots, so ad þier meiged reyna hvor ad sie godur, þægur og algiordur Guds Vilie.

3. Þviad eg seige fyrer þa Nad, sem mier er giefenn, hvorium sem einum ydar a mille, þad eingenn hallde meir ut af sier enn honum ber af sier ad hallda, helldur hallde hann vot af sier hooflega, epter þvi sem Gud hefur utskipt hverium og einum Mæling Truarennar.

4. Þviad lijka sem vier hofum marga Limu a einum Lijkama, enn aller Limerner hafa ei eins Hegdan,

5. Lijka so erum vier marger einn Lijkame j Christo, enn vor a millum erum vier hvor annars Limur.],

Pist. II. Sunnud. ept. Prettanda.

6. Og hofum marghattadar Giafer, epter þeirre Nad sem oss er giefenn. Hafe nockur Spadom, þa sie hann (b) Trunne lijkur.

(b) (Trunne) Aller þeir Spadomar, sem leida menn til Vei kanna og ecke til Christum, so sem þess einka

Trunad

Trunadartrausins, hvorsu merkeleger sem þeir eru, þa eru þeir ecke Trunne liker, so sem Opennberingar Frammlidenna, Messur, Pilagrims Reisur, Fostur, og H. Manna Þienustu ad leita.

7. Hefur nockur Embætte, þa giæte hann sijns Embættis, (c) kienner nockur þa vakte hann Kienningena.

(c) (Kienner) vier kiennum þeim sem ecke aadur vita edur skilia, enn menn aminna þa sem aadur vita.

8. Aminner nockur, þa hygge hann ad þeirre Aminningu, giefur nockur, þa giefe hann einfalldlega, stiornar nockur, þa stiorne hann med Aahyggiu, fremur og nockur Miskunseme, þa giore hann hana med Godsyse.

II. 9. Elskann sie slærdarlaus, hated hid Vonda, enn loded a hinu Goda.

10. Ydar brodurlegur Kiærleike sie af Hiarta ydar a mille, hvor verde fyrre til Virding ad veita odrum.

11. Vered eige later, j þvi þier eiged ad vinna, verid gloande j Andanum, hegded ydur epter Tijdenne.

12. Vered glader j Vonenne, enn polenmoder j Kvolenne, stadfaster j Bænenne.

13. Annest Naudþurfter Heilagra, kostgiæfed Giestrisne.

14. Blessed þa er ydur ossækia, blessed enn bolved eige.

15. Fag-

15. Fagned med Fagnendum, enn graatet med Graatendum.

16. Vered samhuga innbyrdis, stunded ei pad, hvad hatt er, helldur hallded ydur nidur til peirra Laagu.]

Pistillenn III. Sunnudag epter Prettanda.

Halldid ydur ei sialfer vijsa.

17. Giallded engvum Illt a mote Illu, leggid Kapp a Godmennsku vid hvorn Mann.

18. So miked sem mogulegt er, pa hafid Frid vid alla Menn.

19. Hefned ydar ecke sialfer (mijner Elskulegustu) helldur giefid Rvom Reide (Guds) pviad Skrifad er: * Mijn er Hefndenn, Eg vil endurgiallda seiger DROttinn.

* 5B. Mos. 32, 35.

20. Nu, ef Ovin pinn hungrar, pa gief honum Fædu, pyrster hann, pa gief honum ad drecka, nær pu giorer petta, pa safnar pu (d) Glodum Ellds yfer Hofud honum.

(d) (Gloodum) ad leggia Elldsgloder uppa Hofuded, er pad, ad vor Ovinur verdur sialfum ser reidur, vegna vorra Velgiorda, pad hann hefur giort so illa vid oss.

21. Laat ei yferstijga pig hid Vonda, helldur yfervinn pu hid Vonda med godu.]

XIII. Capitule.

Paulus talar um Skylldu hinna Rettlættu (I) vid Veralldlegt Yfervallde; (II) vid Næunagann; og (III) vid sig sialfa.

I. Hver

I. Hvor Madur sie Valldstiorninne undergiefinn, sem yfer honum Magt hefur, þvi þar er eige nockur Valldstiorn, utann af Gudde, enn hvar Valldstiornenn er, þa er hun af Gudde skickud.

2. Hvor nu motstendur Valldstiornenne, sa stendur j mote Guds Skickan, enn þeir sem j mote standa, munu yfer sig taka Doms oafelle.

3. Þviad Valldid er ei godum Verkum, helldur vondum til Skielfingar, enn villtu eige ottast Valldstiornena, þa gior hvad gott er, og muntu Lofstijr af henne hafa.

4. Þviad hun er Guds Pienare, þier til goda, enn ef þu giorer hvad Vondt er, þa mattu ottast, þviad hun ber eige Sverded forgiefins, þviad hun er Guds Pienare og einn Hegnare til Stroffunar þeim sem illa giorer.

5. So vered nu af Naudsyn undergiefner, eige alleinasta Hirtingarinnar vegna, helldur og lijka eirnenn fyrer (a) Samvitskunnar saker.

(a) (Samvitskunnar) Veralldlegt Vald er vegna Tijmanlegs Fridar, þar fyrer er Samvitskann skylldug vegna tilbærelegs Kiærleika, ad vera þvi undergiefenn.

6. Þar fyrer skulud þier og Skatt giallda, þviad þeir eru Guds Pienarar, sem slijkar Verndaner skulu stirkia.

7. Þvi giefed þad hvorium sem þier skylldu-

ger

ger erud, þeim (b) Skatt, sem Skattur heyrer, þeim Toll er Tollur heyrer, þeim Otta er Otte heyrer, þeim Heidur sem Heidur heyrer.

(b) (Skatt) sia hvad gott þad er ad giefa Skatt og veita Hlijdne, þvi þar med hialped þier til ad verr da þa Godu, enn straffa þa Vondu, þar fyrer uned þar rel vid.

Pistillenn IV. Sunnud. epter Prettanda.

II. 8. Verid ongvum um neitt skylduger, nema þad þier elsked hvor annann innbyrdis, þvi hvor hann elskar annann, sa hefur Logmaled uppfyllt.

9. Þviad þar seigest: *þu skallt ei Hordrygia, ei Mann vega, ei stela, eige Liugvitne mæla, þu skallt og eige gyrnast, og ef þar er nockud annad Bodord framveigis, þa felst þad j þessum Ordum: **Elska skalltu Naunga þinn sem sialfann þig. *2 B. Mos. 20, 14. 2c. 5 B. Mos. 5, 18. 2c. **3 B. Mos. 19, 18.

10. Elskann giorer ecke Naunganum mein, þvi er nu Elskann Logmaalsins Uppfylling.]

Pistillenn I. Sunnud. i Adventu.

III. 11. Og med þvi ad vier vitum slijkt, sem er Tijmann, þad Tijme er upp ad rijsa af Svefnenum (af þvi ad vor Saluhialp er nu nær, helldur enn þa vier trudum).

12. Nottinn er umlidenn, enn Dagurenn tekur ad naalgast, leggium þvi af Verkenn Mir-

Mirkranna, og j skrydunst Herklædum Liossins.

13. Latum oss ganga erliga sem a Deige, eige j Osætte eda Osdryckiu, eige j Legukosum, og Munadarlijse, eige j Prættan nie Ofundsyke.

14. Helldur jklædest þier Drottne JEsu Christo, og (c) ræked Holldid, þo so þad fremie ecke sijnar Gyrnder.]

(c) (Ræked) þad er, þijned ecke Lijkamann meir enn hann þoler, med obærelegum Heilaqleika, Vokum, Kostum, Jhugan, so sem Hræsnarar giora.

XIV. Capitule.

Paulus æminner (I) þæa Nettlætiu ad vvirda ecke sinn Brodur þott hann se veikur: (II) Ecke helldur ad fordæma hann, (III) ne ad hneixlasi æa honum.

I. Enn þann sem breiskur er j Trunne þa anniast, ecke til (a) Efasamlegra Samrædna.

(a) (Efasamlegra) þar eru tveggia handa slags Christner, sumer sterker j Trunne, sumer veiker, þeir syrre fyrerlyta þa Veiku ofdiarflega, þeir adrer hneixla sig of audvelldlega a þeim Sterku. Nu ættu baader ad haga sier eyter Kiærleikanum, so ad hvoruger briggdu nie dæmdu adra; helldur gisrde og liete vaiort, hvad hvorium um sig var naudsynlegt.

2. Annar truer, hann meige alls neyta, enn hinn sem breiskur er, ete hann Jurter.

3. Enn hvor ed etur, hann forsmae ecke þann sem ecke etur, og hann sem ecke etur,

dæme

dæme eige þann sem etur, þvi Gud hefur annast hann.

4. Hvor ertu sem annarlegann Þion dæmer? hann stendur eda fellur sijnum Lavarde, enn hann fær vel vidriett aptur, þviad Gud er mœttugur hann vid ad rietta.

5. Annar helldur meir af odrum Deige, enn af odrum, hinn annar helldur alla Daga jafna, hvor einn vere (b) viss uppa sijna Meining.

(b) (Viss) það er, sie ecke ostodugur og efasamur j sinne Samvitsku, helldur vere sruggur þar um, ad það sie enginn Synd fyrer Gude, hvad hellst sem hann etur, eda dreckur.

6. Hann sem af Deigenum helldur, giorer það fyrer DROTTne, og hinn sem þar helldur ecke af, hann giorer það og fyrer DRottne, og hvor ed etur, sa etur DROTTne, þviad hann giorer Gude Packer, og hann sem ecke etur, hann etur eige DROTTne, og giorer Gude Packer.

7. Þviad eingenn vor lifer sialfum sier, og eingenn deyr sier sialfum. Þvi ef vier lifum, þa lifum vier DROTTne, deyum vier, þa deyum vier DRottne.

8. Þar fyrer, hvort vier lifum eda deyum, þa erum vier DROTTins.

9. Þviad þar fyrer hefur Christus daid, og upp aptur risid og endurlifnad, það hann sie DROTTenn yfer Lifendum og Daudum.

II. 10. Enn þu, hvad dæmer þu þinn Brodur? eda þu hinn annar, hvar fyrer forsmaar þu þinn Brodur? þvi vier munum aller ſtickaſt fyrer Christi Domſtol.

11. Epter þvi ſem ſkrifad er: * ſo ſannarlega ſem eg lifa, ſeiger DRottinn: (c) mier ſkulu oll Knie beygiaſt, og allar Tungur ſkulu GUd vidurkienna.

* Eſa. 45, 23.

(c) (Mier) þa hlytur Chriſtur ad vera ſannur GUd, med þvi ſliſkt ſkal ſkie fyrer hans Domſtole.

12. Þa mun og hvor ſem eirn fyrer ſialfann ſig giora Gude Reiknings ſkap.

III. 13. Fyrer þvi latum oſs nu eige framar meir dæma hvor um annann, helldur dæmed þad miklu framar, ad eingenn ſetie nockra Aſteiting edur Hneixle fyrer ſinn Brodur.

14. Eg veit þad, og em þeſs fullvijs j Drottne JEſu, ad þar er eckert almennelegt j ſialfu ſier, nema þeim ſem þad reiknar fyrer almennelegt, honum er þad (d) almenneligt.

(d) (Almennelegt) þad er ſo mikid ſem saurugt, eda oklaart, ſo ſem þad er eige er vijgt nie helgad.

15. Nu ef Broder þinn ſturlaſt fyrer þinnar Fædu Saker, þa geingur þu þegar eige epter Kiærleikanum, minn kiære; fordiarfa eige þann med þijnum Mat, fyrer hvorn Chriſtur er dainn.

16. Fyrer þvi koſtid Kapps ad, ad (e) vdar Audur verde eige laſtadur.

(e) (Vdar Audur,) Evangelium er vor Audur, enn þad, ad

ad þvi verdur Lastau tilløgd, vallda þeir sem christeleg Frelse handtiera herfelega og ovisslega, hinum Breisktrundu til Hneixlunar.

17. Þviad Guds Rijke er ecke Matur og Dryckur, helldur Riettlæte og Fridur, og Fognudur j Heilogum Anda.

18. Hvor hann þionar Christo þar med, sa er Gude þeckur, og Monnum giedfelldur.

19. Fyrer þvi latum oss stunda epter þvi, sem til Fridarens þienar, og þad sem oss þienar til Betrunar, vor a medal.

20. Minn kiære, fordiarfa þu ei Guds Verk, fyrer Matarins Saker, aller Hluter eru ad sonnu hreiner, enn þad er honum eige gott sem þad etur med Aasteitingu sinnar Samvitsku.

21. Miklu betra er, ad þu eter ecke Kiot, og drecker ei Vijn, edur þad nockud sem þinn Broder steiter sig a, eda argast af, edur veikist vid.

22. Hafir þu Truna, þa haf hana hia sialfum þier, fyrer GUde. Sæll er sa sem engva Samvitsku gisrer sialfum sier, j þvi, hann medtekur.

23. Enn hvor sem efast þar um, og etur þo, sa er fordæmdur, þviad þad skier ecke af Trunne. Enn hvad ei er utaf Trunne, þad er Synd.

XV. Capitule.

Paulus kenner (1) hvar fyrer þad ege ad umlijda þa-

med

med Polennmæde sem eru Truar Veikir; og (II) hversu ad Menn fœre Lifad Christelega.

1. Enn vier, sem stirkver erum, skulum umlijda Vanmœtt þeirra sem (a) breiskver eru, og hafa eige Giedþeckne a sialfum oss.

(a) (Breiskleger) þesse Capitule talar um þa sem hafa brest j sijnu Framnferde, sem þeir ed falla j opinberar Synder, edur Leste, ad menn skule lijda og ecke uiskvosa þeim, þar til þeir stirkna. So sem hann j fyrer-farande Cap. kiennde, ad breita vid veikar Samvitskur.

2. Og hvor sem eirn vorra hegde sier so, þad hann þocknest sijnum Naunga j godu, til Betrunar.

3. Þviad Christur hafde ecke Gied-þeckne a sialfum sier, helldur epter þvi sem skrifad er: * þeirra Smœananer sem þig smœdu, fiellu yfer mig. *Psalm. 69, 10.

Pistillenn II. Sunnud. i Adventu.

4. Enn hvad sem œdur skrifad er, þa er þad skrifad oss til Lærdoms, so ad vier fyrer Polinnmæde og Huggun Ritningarinnar, hefdum Vonena.

5. Enn Gud Polennmædennar og Huggunarennar giefe ydur þad, ad þier sieud eins Sinnis ydar a mille, epter Jesu Christo.

6. So ad þier mættud med einu Samhellde, og einum Munne dyrdka Gud og Fodur vors Drottins Jesu Christi.

7. Þar

7. Par fyrer annest hvor annann, lijka sem Christur annadest ydur, Gude til Lofs.

8. (b) Enn eg seige/JEsum Christum verid hafa (c) Pionustumann Umskurnarinnar, fyrer Guds Sannleika saker, til Stadfestu Fyrerheitanna, sem til Fedranna eru skied.

(b) Summa Summarum pessa Pistils, er, ad Gud vill ad aller, bæde Gydingar og Heidingiar, verde Saluholpner.

(c) (Pionustumann) pad er Postula, Predikara, Sendemann, sem sendur var personulega til Gydinga, enn ei til Heidingia.

9. Og ad Heidenn Lydur lofade Gud fyrer Miskunseminnar saker, epter pvi sem skrifad er: *Fyrer pad vil eg vegsama pig, medal Heidinna Pioda, og pijnu Nafne syngia.

*2Sam.22, 50. Psal.18, 50.

10. Og enn aptur segir hann: *Fagned pier Heidingiar medur hans Folke.

*5B.Mos.32, 43.

11. Og enn aptur: *Lofed pier DRottenn aller Heidingiar, og mikle hann allur Lydur.

*Psalm. 117, 1.

12. Og enn aptur seiger Esajas: *Pad skal vera Root Jesse, og hann sem uppriysa mun, til ad stiorna Heidnum Piodum, a hann munu Heidner Menn vona. *Es.11, 10.

11. 13. Enn Gud Vonarinnar, fylle ydur med ollum Fagnade og Fride j Trunne, so ad pier hafid gnooglega Von fyrer Krapt Heilags Anda.]

14. Enn

14. Enn eg em (d) fullvijs um ydur, Brædur mijner, ad þier sialfer erud fuller Godgyrne, uppfyllder af ollum Skilninge, so ad þier gieted caminnt hvor annann.

(d) (Fullvijs) þad er, þo ad þier hafed ecke þorf ca mijnu skrife, þa þreynger mier þo mitt Embætte þar til, hvort eg hefi af Guds Naad, ad eg kienne og caminne ydur, og hvorn Mann.

15. Enn eg dirfdest ei ad sijdur ydur nockud til ad skrifa, Brædur mijner, og ydur ad caminna, vegna þeirrar Naadar, sem mier er af Gude giefinn,

16. Þad eg skule vera Christs Þienare, medal Heidinna Þioda, til ad offra Guds Evangelium, so ad Heidinn Lydur yrde Gude þægelegt Offur, helgad fyrer Heilagann Anda.

17. Þar fyrer giet eg hrosad mier j Christo JEsu, ad eg (e) þiona Gude.

(e) (Þiona) þad er, eg er hans Kiennemadur.

18. Þviad eg dirfdest ei nockud ad tala, þad Christur ei hefde giort fyrer mig, ad koma Heidinne Þiod til Hlijdnennar, fyrer Ord og Giorder.

19. Fyrer Krapt Taknanna og Stormerkianna, og fyrer Maatt Guds Anda, so ad eg hef j fra Jerusalem, allt um kring, jnn til Illyricum, uppfyllt allt med Christi Evangelium,

20. Og sierdeilis lagt Kapp a ad predika Evangelium þar, hvar Nafn Christs var eige

(f)kunnugt, so ad eg byggde eige uppa annarlegann Grundvoll.

(f) (Ei kunnugt) med thi hier hefdud adur lært, tha flytte eg mier hess sidur til ydar, med thvi eg hafde annarstadar plats, thar Christur var enn nu ecke predikadur.

21. Helldur epter thvi sem skrifad er: *Peim sem eckert var af honum bodad, their skulu thad sia, og their er thad hafa eige heyrt, their skulu thad skilia. *Esa. 53,3.

22. Petta er tilefned, hvort mier hefur optsinnis tœalmad til ydar ad koma.

23. Og first eg hefe nu eige Rvom meir i thessum Londum, enn eg hefe tho haft Epterlangan um morg Ar ad koma til ydar, tha vil eg koma til ydar,

24. Tha eg reise til Spania. Thviad eg vœnte ad eg mune reisa thar um og sia ydur, og; af ydur thangad leiddur verda, tho so, ad eg take adur hvijld hia ydur, um stundar saker.

25. Enn nu reisi eg til Jerusalem, theim Heilogu til Thienustu.

26. Thvi (g) their af Macedonia og Achaia hafa (h) velviliuglega samanlagt nockurn almennelegann Peningastirk, theim fatœku Heilogum, sem eru i Jerusalem.

(g) Athuga hier Postullega Art, hvad hofsamlega, og linsiega S. Paall oskar thessarar Hialpar af Romverium.

(h) (Velviliuglega) thad er gigrnaun.

27. Thad

27. Pad hafa þeir viliuglega giort, þeir eru og þeirra Skulldamenn, því first hiner Heidnu eru hluttakarar ordner þeirra andlegra Audæfa, þa er skaffellegt ad þeir synde þeim Adstod, j lijkamlegum Audæfum.

28. Enn nær eg hefe þetta frammkvæmt, og (i) innsiglad þeim þann Avøxt, mun eg ferdast framm um hia ydur j Spaniam.

(i) (Innsiglad) þad er, trulega og vel geymt, og afhendt þetta fra mier.

29. Enn eg veit nær eg kiem til ydar, þad eg mun koma med fullre Blessan Christs Evangelii.

30. Enn eg beide ydur, Brædur mijner, fyrer vorn DRottinn JEsum Christum, og fyrer Kiærleika Andans, ad þier hialped mier til ad strijda j ydrum Bænum fyrer mier til Guds.

31. So ad eg frelsist fra þeim Vantruudum sem a Gydingalande eru, og þad mijn Pionusta, sem eg giøre til Jerusalem, verde þeim Heilogu þacknæm.

32. So ad eg mætte fyrer Guds Vilia til ydar koma med Fagnade, og endurnæra mig med ydur.

33. Enn GUD Fridarins sie med ollum ydur, Amen.

XVI. Capitule.

Paulus (I) bidur Romveria ad Lidsinna Phebe: (II) Heilsar Imsum j Rom: (III) Rædur Romveri-

um ad varast þa sem kiæme osamlynde og hneixle a Stad: (IV) Romverjar fa Heilsan fra Jmsum.

I. Vora Systur Pheben fel eg ydur a Hendur, hvor ad er Pionustukvinna Safnadarins j Kenchrea.

2. Pad þier medtakid hana j Drottne, so sem Heilogum hæfer, og giored henne Hiastod j hvoriu þvi Verke, sem hun kann ydar vid ad þurfa, þviad hun hefur morgum Hiastod veitt, og mier sialfum.

II. 3. Heilsid Priscam og Aqvilam, mijnum Hialparmonnum j Christo JEsu,

4. Pau ed sijna Hæalsa hafa utsett fyrer mitt Lijf, hvorium ecke allenasta eg giore Packer, helldur allur Sofnudur Heidinna Pioda.

5. Og heilsid þeim Safnade, sem j þeirra Husi er, heilsid Epænetum mijnum Elskulegum, sa sem ad Frumvoxtur er þeirra j Achaia j Christo.

6. Heilsid Mariam, hvor mikla Mædu og Erfide hefur haft med oss.

7. Heilsid Andronico og Junian, mijnum Næfrændum og Sambandingium, hvorier Nafnfræger Postular eru, og fyrer mig voru j Christo.

8. Heilsid Amplian mijnum elskulegasta j DRottne.

9. Heilsid Urbano vorum Hialparmanne j Christo, og Stachyn mijnum Elskulegum.

10. Heilsid Apellen, sem forsoktur er j Chris-

sto,

sto, heilsid þeim sem eru af Heimele Aristobuli.

11. Heilsid og minum Frænda Herodionem. Heilsid og þeim af Heimkynne Narcissi, sem eru j DRottne.

12. Heilsid Triphena, og Tryphosa, þær ed erfidudu j DRottne. Heilsid Persida elskulegre, hvor ad miked hefur erfidad j DRottne.

13. Heilsid Ruffo hinum Utvalda sj DRottne, og hans Modur og minne.

14. Heilsid Asyncritum og Phlegontem, Herman, Patroban, Hermen, og þeim Brædrum, sem hia þeim eru.

15. Heilsid Philologum og Julian, Nereum og Systur hans, og Olympan, og ollum Heilogum, sem hia þeim eru

16. Heilsid hvor odrum ydar a mille, med heilogum Kosse, ydur heilsar Christs Sofnudur.

III. 17. Enn eg minne ydur a, goder Brædur, ad þier hafid Gaat a þeim, sem Rugl og Hindraner uppbiria j giegn þeim Lærdome, sem þier hafed lært, og snued fra þeim somu.

18 Þviad þess hattar Menn þiona eige DRottne JEsu Christo, helldur sijnum Maga, og fyrer sætleg Ord, og fagurlegt Mealtæke tæla þeir Hiortu Meinlausra.

19. Þviad ydar Hlydne er a medal hvors Manns utkomenn, fyrer þad fagna eg ydar vegna, enn eg vil, ad þier sieud Vitrer uppa hid Goda, og einfallder uppa hid Vonda.

20. Enn Gud Fridarens mun jnnann Skamms nidurtroda Satan under ydar Fætur. Nad DRottins vors JEsu Christi sie med ydur.

IV. 21. Ydur heilsar Timotheus minn Hialparmann, og Lucius, og Jason, og Sosipater, mijnir Nafrændur.

22. Eg Tertius heilsa ydur, sem þetta Brief skrifade j DRottne.

23. Ydur heilsar Gajus, minn og alls Safnadarins Husbonde, ydur heilsar Erastus, Borgarenmar Fiarrentu Vordur, og Qvartus vor Broder.

24. Nad DRottins vors JEsu Christi sie med ydur ollum, Amen.

25. Enn honum, sem mattugur er ydur ad stirkia epter Hliodan mijns Evangelii, og Predikanar utaf JEsu Christo, fyrer hvorja sa Leyndur domur er opinnberadur, sem j fra Veralldar Upphafe hefur yfer vered þagad,

26. Enn nu opinnberadur og auglystur fyrer Ritningar Spamannanna, epter Bode eylijfs Guds, Trunarinnar Hlijdne til Uppreijsingar medal allra Heidinna Pioda,

27. Þeim sama Gude, sem alleina er vitur, sie Dyrd fyrer JEsum Christum ad Eylifu, Amen.

Til Romverja sendur af Corintho, fyrer Phœben, sem Pionustukonna var Safnadarins til Kenchrea.

For=

Formaale hins firra Pistils til Corinthios.

I þessum Pistle examinner hinn heilage Paall þa i Corintho Borg, þad þeir skule samhelldner vera i Trunne, og i Lærdomenum, hafande Vakt a því, ad þeir lærdu vel þessa Hofudgrein, sem er (þad Christur sie vor Saluhialp) a hvoria Grein allar mannlegar Skinsemder og Vijsdomar hafa sig reked.

Því lijka sem nu upphefia sig a vorum Dogum, i fra því ad Evangelium kom i auglios, marger falvijser sialfbyrgingar (þa vier kollum partiska Auda, Villumenn, og Kiettara) hvorier allt ofsnemma eru kloker og lærder ordner, og eige fa fyrer miklum Meistaradome og Vijsdome halldid sig lijka nockrum, eda samlynda. Sa Eine vill hingad, hinn Annar þangad, so sem ad være þad stor Smæan, ef hvor hefde ei sijna eigenn Meining, og framm fætte ecke sinn eigenn Vijsdom, hvorinn einginn fær snued aptur til sijns Vitskuleysis, enn þo vita þeir i þele nidre, alls eckert, nie understanda, af hinum rietta Hofud-Grundvelle, þott þeir gialfre margt um þetta med Munnenum. Lijka so skiede a Dogum hins heilaga Paals, þa er hann hafde kiennt sijnum i Corintho, þa Christelegu Tru, og frelsed af Logmalenu, þa hoofu sig og upp hiner falvijsu Sialfbyrgingar, og otijduger Sialfvitringar, sem junleiddu Osamþycke i þann saunþyckelega Lærdom, giorande so sundurþyckann flockadrætt, medal truadra Manna, þann eine vilde vera Paals, hinn annar Apollos, þann eine Petri, enn annar Christi, Eirn vilde umskieraſt læta, enn annar ecke, þann eine vilde giptaſt, hinn annar ecke, þann eine vilde eta Skurgoda forner, enn annar ecke, sumer vildu

vera lijkamlega frialser, og nockrar Konur villdu med utslegnu Hœare ganga, og slijkt annad þessu lijkt. Þar til þeir komu so fiærre, þad eirn drijgde svijvirduglegann misverknad a mote Frelsenu, takande sijna Stiupmodur til eigenn ords, og sumer hielldu alls eckert utaf Uppriſunne daudra Manna, enn adrer nærsta lijtid af Sacramentenu.

Snøggt ad seigia, þad gieck miog illa og nærsta oſickanlega til, so ad hvor eirn villde Meistare vera og kienna og þad eina gisra med Gudspiollenn, Sacramentenn, Truna, hvad honum gott þotte, og lietu a medan þessa Høfudgrein fara, og under Fotum liggia, þad Christur sie vor Saluhialp, Riettlæte og Endurlausn; lijka so sem hefdu þeir fyrer laungu kunnad þetta utan ad, af þvi ad soddan sticke fær ecke vid Magt ad blijsa, hvar menn sialfer upphefia kloker og vitrer ad þykiast.

Øllu deile lijka, eins og þad geingur nu til med oss, sijdann vier opinberudum i þydverskunne (seiger Meistarenn) þetta Evangelium utaf Gudlegre Mœd, þa vill hvor og eirn hinn ædste Meistare vera, og hafa hinn Heilaga Anda alleina, lijka sem Evangelium være fyrer þann skulld predikad, ad vier skylldum leita vorrar Fordilldar, audsynande vorn Klokleika og Skinsemd þar inne, so ad þessfer Corinthi-Borgarmenn meiga vel vera eitt Epterdœme og Speigell vors Folks a þessum Tijmum, hvort ed þorf hefde eins þvilijks Pistils, enn þad hlytur so ad vera, og so a þad Evangelio ad ganga, þad hiner heimsku Sialfbyrgingar og otijduger Vitringar, eiga upp ad biria Flockadrœtt og Hindraner, so ad þeir sem reynder eru (epter þvi sem hier seiger hinn heilage Paall) opinnberer verde.

Fyrer þvi straffar og fordœmer hinn heilage Paall slijkann skadsamlegann Vijsdom, nærsta alvarlega, og giorer þvilijka heilaga nesvitringa aptur ad vitleysin-

leysingum, og seiger bert ut, ad peir vite eckert af Christo, nie af hans Anda og Asigisum, pær ofs eru j Christo JEsu veittar, og peir skulu enn nu taka til ad læra, peir hliota andleiger ad vera sem pad skulu understanda, enn ad vilia vitrer vera, og klokleik sinn j Evangelio ad syna, pad er ein riett hindran, og hamlan, GUd og Christum ad vidurkienna, enn Flockadrætt og Sundurpycke upp ad biria, par er klokleg Skinsemd, og Visdomur vel tilhæfelegur, so ad peir verde ad eins Heimsker Sialfvitringar, og Christner Villingar, enn DRottenn vorn JEsum Christum fa peir alldrei riettelega vidurkiennt, nema peir snuisi aptur j hid forna Vitskuleysi, og lærte sia so lijtellatlegana færa og læra, fyrer pad einfalldlega Guds Ord, slijkt gierer hann, og um hond hefur j hinum fiorda Capitulum.

J hinum Fimmta straffar hann pa miklu Osiekun, pess hins sama sem sijna Stiupmodur hafde til Eckta teked, og vill baunfæra hann og Disslenum giefa, giefande par med eirn riettann Forn, hvørnenn Banned ætte ad handtieraft, ad peim sem sekur er, skule leigiast hans opinnberer Lesier, med Samphycke Christelegs Safnadar, so sem ad Christur kienner og sialfur, Matth. 18.

J Siotta straffar hann Agg og Prætumal fyrer Domstolum, sierdeilis fyrer Heidnum Monnum, og Vantrunduum, og kienner ad peir skule innbyrdis Sakernar forlijka, ellegar Rangindum lijda.

J hinum Siounda undervijsar hann af Hreinlijfenu, og Huskapar bandenu, lofar Hreinlijfed, og Jungfrurdomenn, ad peir sem lifa par j giete pess betur Gudspiallanna giært, so sem ad s.lfu. Christur kienner Matth. 19, 18. af peim Hreinlijfis Monnum, sem vegna Gudspiallanna edur Hunnarijkis eru hreinlijfer, enn

Paall vill onaudugann og o-þvingadann Jungfrudom halldenn hafa, utann alls haska meire Synda, annars sie Hiuskaparbanded betra, enn hreinlijfis bindindid, þad jduglega veikest j Bruna.

J hinum Nattunda allt til hins Tolfta, handlar hann margviflega, hvornenn ad vier skulum lijda og handtiera vid breiskvar Samvitskur, j utvortis Efnum, so sem ad er, j Matarnautn, Dryckiu og Klædaburde, og j Tijdkan Sacramentanna, fyrerbiodande j allum Stodum, þad hiner Stirkvu skule forsma þa Veiku, af þvi ad hann sialfur, þott hann være einn Postule, þa hafe hann sem audut hallded sig j fra morgum þeim Hlutum, þar hann hafde þo godann Riett til, þar til, ad þeir Stirkvu meige vera ottasleguer um sig, af þvi ad fordum Daga, eru so marger af Israels Folke forgeinguer, som þo vorn audur aller samann utleidder fyrer. Dasemdarverkenn af Egyptalande, enn jafnframt þessu framm setur hann nockrar hialplegar Kienningar.

J hinum Tolfta og Prettanda handlar hann, hvorsu Marghattadar ad Astgiafer Guds eru, a medal hvorra þad Kiærleikurenn sie þo hin Besta, so ad þeir drambe sig ecke, helldur innbyrdis samþyckilega þione hver odrum, med þvi, ad þar er eirn Gud, eirn DROttenn, eirn Ande, og alltsamann eitt, hvorsu marghattad sem þad er.

J þeim Fiortanda kienner hann Predikurum, Spamonnum og Saungmonnum, þad þeir skulu skickanlega jdka sijnar Gaafur, alleinasta til Betrunar, framm setia sijnar Predikaner, Kunst og Greinesemi, enn ei til eiginnlegrar Lofgyrdar.

J Fim-

I Fimtaanda straffar hann þa sømu sem rœnglega hafa lært og trnad um Holldsins Uppriſu.

I hinum sijdarsta minner hann þa a, um brodurlega Hialp, ad þeir skulu veita Stirk þeim Purftugu tijmanlegrar Nœringar.

Hinn fyrre S. Pauls Pistill til Corinthios.

I. Capitule.

Paulus bydur Eindrœgne i Lærdomenum, oan Osamþyckes og Þrœttana, sem koma af drambe og metnade.

Paulus, sem er einn kalladur Postule JEsu CHristi, fyrer Vilia Gudz, og sa Broder Sosthenes.

2. Gudz Sofnude j Corintho, þeim helgader eru j CHristo JEsu, þeim kolludum Heilsgum, samt ollum þeim, sem oakalla Nafn DRottins vors JEsu CHristi, j ollum þeirra Stodum og vorum.

3. Nad og Fridur, af GUdi vorum Fodur, og DROttni JEsu CHristo sie med ydur.

Pistillenn XVIII. Sunnud. epter Trinit.

4. Þacker giore eg Gude minum jafnan ydar vegna, fyrer þa Gudz Nad, sem ydur er giefinn j CHristo JEsu.

5. Pad þier erud fyrer hann j ollum Portum audgader, j ollum Lærdome og j ollum Skilninge.

6. Epter þvi sem su Predikan af Christo, er kroptug ordenn j ydur.

7. So ad þier hafed ongvann Brest j nockre Giof, epterbijdande Auglijsingu vors Drottens JEsu Christi,

8. Sa er ydur mun stadfostum halldá, allt ad lokum, so ad þier sieud ostraffanleger a Deige DRottens vors JEsu Christi.

9. Þvi Gud er trur, fyrer hvorn þier kallader erud til (a) Samlags Sonar hans JEsu Christi vors DRottens.]

(a) (Samlags) þad er, Þier erud Samarfar og sameigendur allra godra Hluta med Christo.

10. Enn eg aminne ydur, kiærer Brædur, fyrer Nafn DROttins vors JEsu Christi, þad þier hafid allersamann eina Rædu, og lœated eige nockra Tvijstran vera ydar a mille; Helldur (b) halldid fastlega til samans j einu Sinne, og einne Meiningu.

(b) So ad þier lated ecke giora ydur vsamþycka.

11. Þvi mier er so sagt um ydur, kiærer Brædur, af þeim sem af Cloes Heimkynne eru, ad Prœttan sie ydar a mille.

12. Enn eg seige þar af, þad sa eine seiger ydar a medal: eg em Pœals, sa annar: eg em Apollos, hinn þridie: eg em Cephæ, hinn fiorde: eg em Christi, hvornenn?

13. Er

13. Er Christur þa j sundurskiptur? Er nockud Paall fyrer ydur krossfestur? Eda erud þier skijrder j Pauls Nafne?

14. Eg þacka Gude, þad eg hefe ongvann ydar skijrt, utann Crispum og Gaium.

15. So ad eingenn kunne þad ad seigia, ad eg hafi skijrt j mijnu Nafne.

16. Eg skijrdi og Heimamenn Stephanæ, framar veit eg ecke, hvort eg hefe adra skijrt.

17. Þviad Christur sende mig eige til ad skijra, helldur ad predika Evangelium, eige med Ordsnilld, so ad eige yrde Kross Christi ad ongvu.

18. Þviad þetta Ord af Krossenum er heimska þeim, sem fortapader verda, enn oss, sem hialpast, er þad Guds Kraptur.

19. Þviad skrifad: *Eg vil ad ongvu giora Vijsdom þeirra Vijsu, og Skilning Skinsamra vil eg burt varpa, hvar eru þeir Hyggnu?

*Esa. 29, 14. Abd. v. 8.

20. *Hvar eru þeir Skriftlærdu? Hvar eru Veralldar Vitringar? Hefur Gud ecke giort Speke Heims þessa ad Heimsku.

*Esa. 33, 18.

21. Med þvi Heimurinn fyrer Guds Vijsdom, þeckte ecke Gud j hans Vijsdome, þocknadest Gude þad vel, fyrer savijslega Predikan hialplega ad giora, þa sem þar a trua.

22. Med þvi ad Gydingar oska Teikns, og Grisker spyria ad Speke.

23. Enn vier predikum Christ hinn krossfesta, sem er Gydingum ad sonnu Hneixlan, em Grickium Heimska.

24. Enn þeim, sem kallader eru, bæde Gydingum og Grickium, predikum vier Christum, Guds Krapt og Guds Speke.

25. Þviad Guds Favitska er Monnum hyggnare, og Guds Veikleike er Monnum stirkvare.

26. Alijted, goder Brædur, ydar Kallan, þad eige eru marger Speckingar epter Holldenu, ei marger Volldugir, eige marger Edalborner kallader.

27. Helldur þad, hvad heimskegt er fyrer Heimenum, þad hefur Gud utvaled, uppa þad ad hann giore Vitringana ad Hneixlan.

28. Og þad sem Veiklegt var fyrer Heimenum, þad utvalde Gud, so ad hann giorde ad Hneixlan þad, hvad Oblugt er, og þad sem oedla var fyrer Heimenum, og forsmæad, þad hefur Gud utvaled, og þad sem eckert er, so hann giorde þad ad engvu, sem nockud er,

29. So ad eckert Hold skylde hrosa sier fyrer honum,

30. Utaf hverium þier erud og komner i Christo JEsu, hvor oss er af Gude giordur til Vijsdoms, og Riettlætis, og til Helgunar, og til Endurlausnar.

31. So

31. So *ad hvor (epter þvi sem skrifad er) sem sier hroosar, sa hroose sier j DROttne.

*Jer. 9, 23. 24.

II. Capitule.

Evangelium ca ad predikast med þeim hætte, sem hefur fasiann Grundvoll j Einfalldleika Christi til Uppbyggingar Safnadarens.

Og eg, goder Brædur, þa eg kom til ydar, kom eg ecke med Ordahæd, eda hærre Vitsku til ydar, ad boda ydur Gudliga Predikan.

2. Þvi eg hiellt mig eckert vita ydar a mille, utann alleina JEsum Christum þann hinn Krossfesta.

3. Og eg var hia ydur med Veikleika, og med Ugg og Otta miklum.

4. Mijn Ord og mijn Predikan var ei j snilldar-ordum mannlegrar Vitsku, helldur j Audsyning Andans og Kraptarens,

5. So ad ydar Tru skyllde fost (a) standa, ei a mannlegre Vitsku, helldur a Guds Krapte.

(a) (Fost standa) þar fyrer kann Mannanna Lærdomur ecke ad vera Grundvollur Samvitskunnar edur Trwarennar.

6. Enn þar vier rædum um, þad er þo Speke a medal þeirra sem algiorder eru, ecke þessa Heims Speke, og ei þessa Heims Hofdingia, hvorier ed forganga.

7. Helldur seigium vier af þeirre heimug-

legre

legre (b) Hulinne Guds Speke, hvoria GUD hefur skickad fyrer Veralldarennar Upphaf til vorrar Dyrdar.

(b) (Hulenne) þvi hun liggur hulenn under Heimsku og Krossenum, skijn ecke j Vegsemd og Rikedæme.

8. Hvoria eingenn af þessa Heims Hofdingium hefur þeckt, þvi ef þeir hefdu þeckt hana, þa hefdu þeir eige krossfest DROTTenn Dyrdarennar.

9. Helldur epter þvi sem skrifad er, * þad ei hafe Auga sied, og eige Eyra heyrt, og ecke j nockurs Manns Hiarta komid, hvad GUD hefur fyrerbuid þeim, er hann elska.

* Es. 64, 4.

10. Enn oss hefur GUD þad opinnberad fyrer sinn Anda, þvi Andenn rannsakar alla Hlute, eirnenn diupleika Guddomsins.

11. Hvor Manna er sa, ad vite, hvad j Mannenum er, utan Mannsins Ande, sem j honum er? so lijka veit og enginn hvad j Gude er, nema Guds Ande.

12. Enn vier hofum ei medteked þessa Heims Anda, helldur þann Anda, sem af Gude er, so ad vier vitum hvad oss er af Gude giefed.

13. Hvar vier og efleigium, eige med þeim Ordum, sem mannleg Vitska kann ad kienna, helldur med þeim Ordum, sem Heilagur Ande kiennir, dæmande so andleg eine andlegana.

14. Enn (c) naturlegur Madur skiniar eckert af Guds Anda, af þvi ad þad er honum heimska,

heimska, og hann fær þad ecke þeckt, þvi þad hlytur andlegana ad dæmast.

(c) (Nattúrlegur) Hinn Nattúrlege Madurenn er þess hættar, sem hann er ann Nádarennar, med allre Skinsemd, Kunnattu sinne og öllu Megne, enn þo hann sie allra best skickadur.

15. Enn sa andlegur er, hann (d) dæmer alla Hlute, og dæmest af engvum.

(d) (Dæmer) hann skilur, þreifar a, finnur, er vijs, og etc. Hvad Natturann megnar ecke, veit og ecke hvad Truenn edur Evangelium er.

16 Þviad hvor hefur þeckt Hugskot Drottins? Eda hver vill kienna hönum? Enn vier hofum Christi Hugskot.

III. Capitule.

Kennendurner eru Sam-Erfides Menn Guds i Ordenu: Tilheyrendurner eru Guds Saudland: JEsus er Lijf hverutveggia.

Og eg, goder Brædur, kunne ei tala vid ydur, so sem vid andlega, helldur so sem vid holldlega, lijka sem vid onnur Ungborn j Christo.

2. Miolk hef eg ydur til Dryckiar giefid, enn eige Mat, þviad þier formattud þad ecke þa, so formeiged þier þad enn nu eige helldur, med þvi þier erud enn holldleger.

3. Þviad a medan ad Hatur, Kijf, og Tvijdrægne er ydar a mille, erud þier þa ei holldleger, og ganged epter mannlegre vijsu?

4. Þviad ef sa eine seiger: eg em Pals, og hinn

hinn annar: eg em Apollo, eru þeir þa eige holldleger?

5. Hvor er Pœall? Hvor er Apollo? Pionustumenn eru þeir, fyrer hvoria þier erud truader ordner, og þad sama, epter þvi sem DROttinn hefur hvorium einum veitt.

6. Eg plantade, Apollo vokvade, enn GUd hefur Friofgunena giefid.

7. So er nu hvorke sa nockud, sem plantar, nie hinn, sem vokvar, helldur GUd, sa sem Friofgunena giefur.

8. Enn sa sem plantar, og hinn sa sem vokvar, þeir eru eitt. Enn hvor einn mun sitt Verdkaup odlast, epter sijnu Erfide.

9. Þvi vier eruum GUds Samerfidismenn, þier erud GUds Akurvinna, og GUds Uppbygging.

10. Eg hefe ut af þeirre GUds Nœd, sem mier er giefinn, Grundvøllenn lagt so sem eirn hygginn Hvsasmidur, enn einn annar bygger þar yfer, enn hvor einn hafe gaat a, hvornenn hann bygger þar yfer.

11. Þviad enginn fær annann Grundvøll lagt, helldur enn þann sem lagdur er, hvor ad er Christus JEsus.

12. Enn ef nockur bygger uppa þennann Grundvoll, Gull, Silfur, Gimsteina, Trie, Hey, Stroa,

13. Þa mun hvors eins Verk opinnbert verda,

verda, Dagurenn mun þad auglioſt giora, þviad þad mun med Ellde opinnberad verda, og hvilijkt ad hvors eins Verk ſie, þa mun Elldurinn reynſlu a giora.

14. Ef nockurs Verk blijfur, ſem hann hefur þar yferbyggt, þa mun hann Laun odlaſt.

15. Enn hvors Verk ſem uppbrennur, þa mun hann Skadſeme lijda, enn hann ſialfur mun holpenn verda, þo ſo lijka ſem þad ſie fyrer Elldenn.

16. Vited þier ei, þad þier erud Guds Muſtere, og þad Guds Ande bygger j ydur?

17. Enn hann, ſem fordiarfar Guds Muſtere, þann mun GUD fordiarfa, þviad Guds Muſtere er heilagt, hvort þier erud.

18. Tæle eingenn ſialfann ſig, nær nockur ydar a mille þykeſt vitur vera, verde hann ad þeſſa Heims Daara, ſo ad hann mætte vitur verda.

19. Þviad þeſſa Heims Speke, er Heimſka hia Gude, þviad ſo er ſkrifad: * hann hendlar þa Vijſu j Vijsdome þeirra.

* Job 5,13.

20. Og enn aptur: * DRottenn veit hugſaner Spekingarna, ad þær eru Hiegomlegar.

* Pſalm. 94,11.

21. Fyrer þvi mete ſig eingenn af nockrum Manne. Allt er þad ydvart.

22. Sie þad Paall, eda ſie þad Apollo, eda ſie þad Cephas, eda Heimurinn, ſie þad Lijfed

Lijfed eda Daudenn, sie pad hid Nalæga, eda Okomna, allt (a) er pad ydvart.

(a) (Er ydvart) pvi hefur eingenn Madur Magt til ad giora nockur Log yfer Christinum, ad binda par med peirra Samvitskur.

23. Enn pier erud Christs, enn Christur er Guds.

IV. Capitule.

(I) Virding trulyndra Kennefedra hia Gudhræddum; (II) vanvirding hia Ogudhræddum.

Pistillenn III. Sunnudag j Adventu.

I. Hvor Madur hallde oss fyrer Christi Pienara, og Verkstiornara yfer Guds (a) Leynda doma.

(a) (Leynda Doma) pad er Evangelium, j hvoriu guddomleger gooder Hluter eru folgner, og framm-beraft fyri er oss.

2. Nu heimta menn eige meir ad Verk-stiornurunum, enn pad peir finnest truer.

II. 3. Enn mier er pad fyrer litlum koste, ad eg skule af ydur dæmast, edur af einum mann-legum Deige, eg dæme mig og ei sialfur.

4. Eg veit mig ei j nockru sekann, enn par med ein eg po ecke riettlatur, enn DROttenn er sa, sem dæmer mig.

5. Fyrer pvi dæmid ecke fyrer Tijmann, fyrr enn DROttenn kiemur, sa er auglysa mun eirnenn pad j Mirkrunum er huled, og opinnber giora Raadenn Hiartanna, og mun pa hvorium sem einum Lofstyr skie af Gude.

6. Enn

6. Enn þetta, goder Brædur, hefe eg þydt uppa sialfann mig, og Apollo, ydar vegna, so ad þier lærdud af ockur, þad eingenn hallde meir af sier, enn so sem skrifad er, uppa þad ad eingenn hroke sier upp mot odrum, fyrer nockurs Manns Saker.

7. Þvi hvor dæmer um þig? og hvad hefur þu þad, ad þu hafer eige medteked? enn first þu hefur þad medteked, hvad hrosar þu þier þa, sem sa þad hefde ei medtekid?

8. Þier erud nu þegar sadder, þier erud nu þegar (b) auduger ordner, þier riked oan vor, giæfe þad og Gud, ad þier riktud, so ad vier mættum og rikia med ydur.

(b) (Auduger) Ironia eſt, hann kallsar þa, og meinar hier þvert a mote.

9. Enn eg hellt, ad Gud hafe giort oss Postula, ad hinum allra audvirdilegustu, so sem Daudanum yfergiefna, þviad vier erum underfurda ordner Heimenum, og so Einglum og Monnum.

10. Vier erum Daarar fyrer Christs Saker, enn þier hyggner i Christo, vier veiker, enn þier stirkver, þier dyrdleiger, enn vier forsmanarleiger.

11. Þviad allt til þessarar Stundar þolum vier Sveingd og Þorsta, og erum klædfaer, og verdum barder, og hofum ongvann vissann Samastad.

12. Er-

12. Erfidum og þionum med vorum eiginn Hondum, og nær oss er illa tiltalad, þa blessum vier, erum vier ofsokter, þa lijdum vier þad.

13. Erum vier lastader, þa graatbœnum vier, og jafnann erum vier so sem (c) Bolvan þessarar Veralldar, og hreinsunar Offur allra Manna.

(c) (Bolvan) a Grisku Katharma, a Latinu, Piaculum, so kallast sa Madur, sem hefur giort slijkann Ogiorning, ad menn meina, ad Gud mune eydeleggia og bolva Londum og Lydum þar fyrer, þar fyrer þegar, þeir riedu þa af Dogum, meintu þeir ad þeir hefdu Bolvanena j burt teked, og giort Landhreinsun, soddann Bolvan var Jonas j Siœfar fed utkastadur.

14. Petta skrifa eg eige uppa þad eg hneixle ydur, helldur œminne eg ydur so sem mijn kiœrustu Born.

15. Þvi þo þier hefdud tiju þusund Lœremeistara j Christo, þa hafed þier þo ei Fedurnar margra, þviad j Christo JEsu fyrer Evangelium þa hefe eg alid ydur.

16. Fyrer þvi œminne eg ydur, vered mijner Epterfilgiarar.

17. Þar fyrer sende eg Timotheum til ydar, hvor ad er minn kiœr og trur Sonur j DROTTne, ad hann undervijse ydur mijna vegu, þa sem ad eru j CHristo, lijka so sem eg j ollum Samkundum og allstadar kienne.

18. Þar

18. Þar hroka sier nu nockrer upp, lijka sem eg munde ei koma til ydar.

19. Enn eg niun miog snarlega koma til ydar, ef DROTTinn vill, og reyna, eige ord þeirra, sem upphrokader eru, helldur Krapt.

20. Þviad Guds Rijke er eige folged j Ordum, helldur j Krapte.

21. Hvad vilied þier? Skal eg med Vendi til ydar koma, eda med Kiærleik og hogværum Anda?

V. Capitule.

Paulus taler (I) um alvarlegt Straff fyrer Lauslæte; (II) ad ege se hafst Samneyte i Sofnudenum med augliesum þverbrotnum Syndurum.

1. Almennelegt Rickte er, ad þar sieu Horaner ydar a mille, og þo slijk Horan, sem ei er gietid a medal Heidinna Pioda, þad ad nockur skal hafa sijns Fodurs Eiginkonu.

2. Og þo erud þier upphrokader, og hafed ecke miklu framar onn um aled, so ad sa sem þad Verk hefur drygt, yrde burt tekenn:fra ydur.

3. Ad sonnu eg fraverande med Lijkama, þo nalægur j Anda, hefe allareidu so sem nærverande dæmt yfer honum, sem slijkt hefur giort,

4. Ad

4. Ad j Nafne Drottins vors JEsu Christi.
5. Ad ydur samann kommum med mijnum Anda, og med Krapte DRottins vors JEsu CHristi, hann ofur ad selia Andskotanum, til Holdsins Fordiorfunar, so ad Andinn sie hialplegur a Deige DRottins vors JEsu.
II. 6. Ydar Hroosan er ei god, vitid pier ei ad lijtid Swordeyg fyrer allt Deiged?

Pistillenn a Paskadaginn.

7. Fyrer pvi hreinsid burt hid gamla Swordeiged, so ad pier sieud (a) nytt Deig, so sem pier erud osyrder, pvi vier hofum og eirninn eitt Paskalamb, sem er CHristur fyrer os offradur.

(a) (Nytt Deig) par er enn nu eptir Synd hia heim Heilogu, sem a ut ad hreinsast, pessvegna seiger hann, pier erud osyrder, pad er, Heilager, enn komed pvi so til leidar, ad pier wthreinsed pad allt saman, og verded olldungis nytt Deig.

8. Fyrer pvi holdum Paska, eige j gomlu Swordeige, og eige j Swordeige Illskunnar og Prettvijsinnar, heldur j sætu Deige Skijrleiksins og Sannleikans.]
9. Eg skrifade ydur til j Briefenu, ad pier skylldud eckert hafa ad giora med Horunarmenn.
10. Ongvanneigenn meina eg pessa heims Horunarmenn, eda Agyrndarmenn, Ræningia nie Blotsmenn. Skurgoda, annars hlytud pier (b) Verolldena ad ryma.

(b) (Ryma)

(b) (Roma) Hvor ecke vill vera a medal illra Manna, hann hlytur ad umflya alla Verolldena, þar fyrer vill hann vier skulum fordast þa Christnu, sem vonder eru.

11. Enn nu skrifa eg ydur þad þier skulud ei hafa ad giora med þa, sem er, ef sa er nockur sem sig lætur Brodur kalla, og er Frillu-lijfismadur, eda Aagyrndarmadur, Afguda-dyrdkare, eda Brixlunarmadur, Ofdryckiumadur, eda Næninge, med þesskonar Monnum skulud þier ecke Matar neyta.

12. Þvi hvad koma þeir vid mig, sem þar fyrer utann eru, þad eg skyllde þa dæma? Er eige so, ad þier dæmed þa, sem fyrer innann eru? Enn Gud mun dæma þa, sem fyrer utann eru, taked sialfer j burtu fra ydur þann sem vondur er.

VI. Capitule.

Paulus (I) leyfer ad þeir Christnu mege dæma um Rett og Orett: En (II) bannar Christnum ad syndga a nockurn Hatt a mote Guds Bodordum.

1. Hvornenn dirfist nockur af ydur, sem hefur eitthvad Kiærumaal j mot odrum, ad þroatta þar um fyrer Ranglatum, og ei helldur fyrer Heilogum?

2. Vited þier ecke, þad Heilager munu Heiminn dæma? Og first Heimurinn skal dæmast af ydur, erud þier þa eige nogu vel fallner, til ad dama um lijtils hattar Saker?

3. Vited þier ei, þad vier munum yfer Englunum dæma? Hvorsu miklu meir þa yfer stundlegum Audæfum?

4. Enn þier, nær þier hafed nockur Mealaferle, um stundlegann Aud, þa taked þier þa, sem hia Sofnudenum (a) Forsmaader eru, og setied þa til Yferdomara.

(a) (Forsmader) Þad eru Heidingiar, hvorium ecke er leift med þeim Christnu til Andlegra Hluta, so sem til Sacramentisins, &c.

5. Eg hlyt ad segia ydur þetta til Bligdunar, er þar þa med ollu enginn so vitur ydar a mille, eda og ei einn, sem dæma kynne a millum Brodurs og Brodurs?

6. Helldur deiler einn Broder vid annann, þar ofanna fyrer Vantruudum.

7. Þar er allareidu Brestur a millum ydar, þad þier hafid Lagadeilur ydar a mille.

8. Hvar fyrer lijded þier ei miklu helldur O-riett? Eda þvi lated þier ecke æseylast ydur helldur? Enn þier giored rangt, og Oj-ofnud, og þo þad vid ydar Brædur.

II. 9. Vited þier ei þad, Ranglater munu ei eignast Guds Rijke: Lated eige villa ydur, hvorke Frillulijfismenn, nie Blotmenn Skvrgoda, eige Hordomsmenn, nie Sælgiætingar, eige helldur þeir sem Skomm drygia med Karlmonnum,

10. Eige Þiofar nie Agyrndarmenn, eige Ofdryckiumenn, eige Hneixlarar, nie Ræningiar munu Guds Rijke erfa.

11. Og

11. Og þvilijker hafa nockrer utaf ydur verid, enn þier erud nu afþvegner, þier erud helgader, þier erud riettlater, fyrer Nafnid DRottins JEsu, og fyrer Anda Guds vors.

12. Allt leyfest mier, enn ei er þad allt nytsamlegt. Allt leyfest mier, enn þad skal ei taka mig til Fanga.

13. Fædslann Maganum, og Maginn Fædslunne, enn GUd mun þetta og hitt afmoa. Lijkaminn ad sonnu eige Frillulifnadenum, helldur DROTTne, og DROttinn Lijkamanum.

14. Enn GUd hefur uppvaked Drottenn, og so mun hann oss uppvekia fyrer sinn Krapt.

15. Eda vitid þier ecke, þad ydrer Lijkamer eru Christs Limer? skyllde eg nu taka Christs Lime, og giora þar af Skiækiunnar Lime? þad sie fiærre.

16. Eda vitid þier ecke, ad hvor hann samlagar sig Skiækiunne, ad sa er einn Lijkame med henne? * þvi þaug munu (seiger hann) tvo j einu Holldi vera.

*1B.Mos.2,24.

17. Enn hvor hann samteinger sig Drottne, sa er einn (b) Ande med honum.

(b) (Ande) so sem hiner adrer tveir eru eitt Holld.

18. Flyed Frillulifnadinn, þviad allar Synder, hvorjar Madurinn dryger eru utann hans Lijkama, enn hvor ed Frillulifnadenn dryger, sa syndgar vid sinn eiginn Lijkama.

19. Eda vited þier ecke, ad ydrer Limer eru Mustere Heilags Anda, sem j ydur er, þann þier hafed af Gude? þier erud og eige ydrer sialfs.

20. Þviad þier erud dyru Verde keypter. Þar fyrer vegsamid GUd j ydrum Lijkama, og j ydrum Anda, sem Guds eru.

VII. Capitule.

Paulus talar (I) um Hionabands Stettena: (II) Um þaa Ogiptu: (III) Um Eckiustandęd.

I. Um þad þier skrifudud mier til, andsvara eg, þad Mannenum er gott ad hann snerte ei neina Konu.

2. Enn fyrer Frillulifnadar Saker, þa hafe hvor einn sijna eigenn Konu, og hvor einn hafe sinn eigenn Mann.

3. Madurinn gisre Kvinnunne sijna skylduga Godvilld, slijkt hid sama Kvinnann Mannenum.

4. Konann hefur eige Vald sijns Lijkama, helldur Madurinn, lijka og eirnenn Madurinn hefur eige Vald sijns Lijkama, helldur Konann.

5. Hallde hvorugt sig fra odru, nema þad sie af beggia Samþycke, um Stundarsaker, so ad þier sieud þess lidugre til Fostu og Bænahalds, og komid sijdann aptur til samans, so ad Andskotenn freiste ydar ecke, fyrer ydar Oskijrlijfis Saker.

6. Þetta

6. Þetta seige eg af Vorkunseme, og eige epter Skipan.

7. Enn eg villde helldur, ad aller Menn være so sem eg em, enn hvor einn hefur sijna eiginnlega Giof af Gude, einn ad sonnu so, enn annar so.

8. Enn þad seige eg þeim Ogiptu og Eckium, ad þeim er gott, ef þeir blijfa so sem eg.

9. Enn ef þeir fa sier eige hallded, gipteſt þeir þa, þviad betra er ad giptaſt enn ad brenna.

10. Enn þeim sem gipter eru byd eg eige, helldur DRottinn, þad Konann skilie sig ecke vid Mannenn.

11. Enn ef hun adskilst, þa blijfe hun utann Hiuskapar, eda (a) forlijke sig vid sinn Mann, og Madurinn forlegge ecke sijna Eiginkonu.

(a) (Forlijke) eingenn Ordsok adskilur Mann og Kvinnu, utann Hoordomur, Matth. 19. Þar fyrer skulu baug j odrum osamþyckis Efnum annadhvort sæitaſt, eda vera ogipt, ef þau skilia þar fyrer hvort vid annad.

12. Hinum odrum seige eg, enn ecke Drottinn, ad ef einhver Broder hefur vantruada Konu, og henni hagar ad bwa vid hann, þa skilie hann ei vid hana.

13. Og ef su Kona er, sem vantruadann Mann hefur, og þad hagar honum hia henni ad bwa, þa skilie hun ei vid hann.

14. Þviad vantruadur Madur er helgadur fyrer Konuna, og vantruud Kona er

(b) helgud fyrer Mannenn, annars være Børn ydar saurug, enn nu eru þau heilog.

(b) (Helgud) so sem þeim enu hreinu eru aller hlutir hreinir, Tit. 1. so er og ein Ohristenn eckta Persona hrein þeim Christna, ad hann ma syndlaust hia henni vera, og þeim Børnum ma ecke j burt skufa, so sem Ohreinum, sem ecke skyllde edur mætti lijdast, þvi Ecktaskapur og Forsorgun Barna er ei oriett, hvorke hia Heidnum nie Christnum.

15. Enn ef hinn Vantruade fraskilur sig, þa leatid hann fraskilia sig, þvi Broder eda Syster eru ei forbundinn j þann mata, þvi Gud hefur oss j Frid kallad.

16. Eda hvad veitstu þad Kona, nema þu kunner ad giora Mannenn holpenn? eda þu Madur, hvad veitstu, nema þu gieter giort Konuna hialplega? þo epter þvi sem Gud hefur hvorium einum utdeylt.

17. Hvor og einn, epter þvi sem DRottinn hefur hann kallad, þa gange hann, og so skicka eg þad til j ollum Sofnudum.

18. Er nockur Umskorinn kalladur, sa æske ei (c) Yferhvodar, er og nockur kalladur j Yferhvodenne, leate sa ei umskiera sig.

(c) (Yferhvodar) þad er, eingenn halldi fast þar a, þad Yferhvodenn edur Umskurnenn sie naudsynleg, helldur leate hvortveggia standa frij fyrer hvorium Manne, og obvingad.

19. Umskurnenn er eckert, Yferhvodinn er og eckert, helldur Vardveiting Guds Bodorda.

20. Hvor

20. Hvor eirn blijfe nu j sinne Kallan, sem hann er jnne kalladur.

21. Ef þu ert einn þræll kalladur, þa haf þar ei Aahyggiu fyrer, enn gieter þu frials verid, þa neyttu þess miklu helldur.

22. Þviad hvor hann er þræll kalladur j DRottne, sa er Frelsinge DRottins, lijka og eirnenn hvor hann er Frelsinge kalladur, sa er þræll CHristi.

23. Þier erud dyru Verde keyptir, verid ei þrælar Mannanna.

24. Hvor og einn, goder Brædur, j hvorre Stiett sem hann er kalladur, þar blijfe hann inni hia Gudi.

II. 25. Enn af Meyunum hef eg eckert Bodord DROttins, þo seige eg mijna Meining, sem sa ed hefur Miskunsemd odlast af GUde, til ad vera trur.

26. Þvi meina eg nu þad gott vera, fyrer nalægrar naudþurftar saker, þad Mannenum sie þad gott so ad vera.

27. Ertu vid Konuna bundinn, þa sæk ei epter laus ad vera, enn ertu Konulaus, þa leita ei Konfangs.

28. Enn þo þu giptest, syndgar þu ecke, og þo ad ein Mey giptest, syndgar hun ei, þo munu þess-konar Holldsins harmkvæle hafa, enn eg þirme ydur giarnann.

29. Þad seige eg ydur, goder Brædur, ad

Tijminn er naumur: Framar er pad Meininginn, ad peir sem eiginnkvænter eru, pad peir sieu so sem ad peir hefdu ei neinar.

30. Og peir er harma, so sem ad hormudu peir ei, og peir sem fagna, sem ad fognudu peir eige, og peir sem kaupa, so sem eignudust peir eige.

31. Og peir sem tijdka pennann Heim, ad peir vanbruke hann eige, pvi pessa Heims Frijdleike forgeingur.

32. Enn eg villde pad pier værud utann Aahyggiu, hvor okvæntur er, sa ber Aahyggiu um pad sem DRottins er, hvorninn hann meige DRottni pocknast.

33. Enn hvor eiginnkvæntur er, sa ber Aahyggiu um pad hvad Heimsins er, og hvorninn hann meige Hvsfreyunne pocknast.

34. Adskilianleg grein er a milium Meyar og Manns Konu, hin Ogipta ber Aahyggiu um pad hvad DROttins er, so ad hun sie heilog j Lijkama og Anda, Enn su sem gipt er, su ber Aahyggiu um pad hvad Heimsins er, og hvorninn hun meige Mannenum pocknast.

35. Enn petta tala eg til ydar gagnsemi, ei uppa pad, ad eg leggie (d) Snoru fyrer ydur, helldur pess vegna, ad pad er fijnt, so ad pier mættud jafnann oforhindrader DROttne piona.

(d) (Snoru) Paall vill ecke forerbioda nockrum Ecktaskap, so sem nu skiedur eyter Logum og Heitum hia Prestum, Mukum og Nunnum.

36. Enn

36. Enn ef nockur þykist sia, þad sier mune torvelldlega vegna med sijna Jungfru, med þvi, ad Giafordsins Tijme er kominn, og þad vill ei odruvijs vera, þa giori hann þad honum lijkar, hann syndgar ei, hann late þau giptast.

37. Enn ef nockur fastlega ræsetur sier, med þvi hann er obvingadur, hafande Vallð sijns (e) eiginnlegs Vilia, og stadfester j sijnu Hiarta, ad vardveita sijna Jungfru, hann giorer vel.

(e) (Eigennlegs Vilia) þad er, ad hun samþycke þad, hann er sialfradur, þvi Guds Bod þvingar hann þar ecke til.

38. Og hvor ed gipter, sa giorer og vel: Enn hann sem ecke gipter, sa giorer (f) betur.

(f) (Betur) ecke ad hann verde þess yppariegre fyrer Gude, fyrer hvorium ad Truenu alleina upphefur Maun, heldur sem hann ædur sagde, ad hann kann betur ad hugsa um Gud j þessu Lijferne.

III. 39. Kvinnann er Logmalenu underbundinn, so leinge sem hennar Madur lifer, enn nær hennar Madur er latinn, so er hun frials sig ad gipta hvorium hun vill, utann þad skal skie j Drottne.

40. Enn þo er hun sælli ef hun blijfur so, epter minne Meiningu, enn eg helld þad, ad eg muni og hafa Guds Anda.

VIII. Capitule.

Paulus talar um Afgude og Christelegt Frelse.

Enn um þad sem Skurgodum offrast, vitum vier, þvi vier aller hofum þa Skinseme: Skinseminn hun blæs upp, enn Kiærleikurenn bætir um.

2. Nu ef einhver lætur sier þykia þad, hann viti nockud, hann veit enn eckert, so sem honum ber ad vita.

3. Enn ef sa er einhver sem elskar Gud, hann er af honum þeckur.

4. So vitum vier nu af þeirre Fædslu sem Skurgodum offrast, þad Skurgodid sie ecke Par j Heimenum, og ad þar sie eingenn Gud, nema sa eine.

5. Og þo ad þar sieu nockrer sem Guder kallast, hvort þad er a Himne, eda a Jordu (med þvi, ad marger eru Guder, og marger Drottnar.)

6. Þa hofum vier þo ecke utann eirn Gud, Fodurenn, af hverium ad aller Hluter eru, og vier j honum; og eirn DRottinn, JEsum Christum, fyrer hvorn aller Hluter eru, og vier fyrer hann.

7. Enn þessa Skinseme hafa ei aller, þviad nockrer hafa giort sier Samvitsku enn nu um Skurgodenn, og era þad fyrer Skurgoda Forner, þar med saurgast þeirra Samvitska, med þvi hun er so veik.

8. Enn

8. Enn Fædann batar oss ecke fyrer Gude, etum vier, þa erum vier ei betre fyrer þad, etum vier og ecke, þa verdum vier ei verre fyrer þad.

9. Enn siaid so til, ad þetta ydvart Frelsi verde ei til Asteitingar hinum Veiku.

10. Því ef nockur sæi þig (þu sem Skinsemina hefur) sitia til Bords j Godahusi, verdur þa eige hans Samvitska (med því hann er breiskur) upphvott ad eta Skvrgodaforner?

11. Og so fyrer-ferst þinn breiskve Broder vegna þinnar Skinsemi, fyrer hvorn ad Christur er þo lijfloatium.

12. Og nær þier syndgest so vid ydvarn Brodur, og sleid þeirra Breiskva Samvitsku, þa syndgest þier vid CHristum.

13. Hvar fyrer, ef ad Fædann hneixlar Brodur minn, skylde eg helldur alldrei Kiot eta, so ad eg gierde eckert Hneixle mijnum Brodur.

IX. Capitule.

Paulus talar um, hversu ad hann sialfur hafe brukad sitt Christelega Frelse i Verkum sijns Embættes.

Er eg ecke Postule? Em eg eige frials? Hef eg ecke sied DRottinn vorn JEsum Christum? Erud þier ecke mitt Verk j DRottne?

2. Og þo eg sie ei annara Postule, þa em eg þo ydar Postule, því Innsigle mijns Postullegs Embættis erud þier j DRottne.

3. Enn Andsvar mitt, vid þa sem mig adspyria, er þetta:

4. Hofum vier ei Vallld til ad eta og drecka?

5. Hofum vier ei Vallld til einhvorja Systur ad Eignarkonu med oss ad flytia, lijka sem adrer Postular og Brædur DRottins, og Cephas?

6. Eda hofum alleinasta eg og Barnabas ecke Magt til ad erfida ei?

7. Hvor fer nockurn Tijma i Strijd uppa sitt eigid Kaup? Hvor plantar Vijngardenn, og etur ei af hans Aavexte? Eda hvor fodrar Hiordina, og neyter eige af Miolk Hiardarinnar?

8. Tala eg þetta epter Mannlegre Sidveniu? seiger og ecke Logmalid þetta?

9. Þviad þar stendur skrifad j Moysis Logmale: *Ei skalltu mvolbinda Naut þad sem þreskier, hvort ber Gud (a) Aahyggiu fyrer Nautunum? *5B.Mos.25,4.

(a) (Ahyggiu) Gud ber Ahyggiu fyrer ollum Hluttum, enn ecke so, ad þetta skule skrifast vegna Nautanna, þvi þau kunna ecke ad lesa.

10. Eda seiger hann ecke þetta j alla stade vorra vegna? Þviad fyrer vorar saker er þetta ritad, af þvi hann sem plæger skal plægia j Voninne, og sa sem þreskier, hann skal þreskia j Voninne, so ad hann verde hluttakare sinnar Vonar.

11. First

11. First vier sæum ydur hid andlega, er þad mikils verdt þo vier uppyrkium ydvart hid lijkamlega?

12. Og ef hiner adrer eru hluttakande þessarar magtar hia ydur, hvar fyrer skylldum vier eige miklu framar? Enn vier hofum ei (b) tijdkad þessa Magt, helldur umlidum vier allrahanda, so ad vier giordum Christs Evangelio engva Hindran.

(b) (Tijdkad) Sia, Postulenn væger og lijdur so miog annara Veikleika, so hann helldur sig fra ollu því sem hann hefde þo riett til so sem eirn Postule, og lijka fra því, sem hann hafde annara Postula Epterdæme til.

13. Vitid þier ecke þad, þeir sem fornernar færa, *eta af því sem fornfært er? og þeir sem Alltarenu þiona, hafa not af Altarenu?

*5B.Mos. 18, 1.

14. Lijka so hefur og DDrottinn tilskickad, ad þeir sem Evangelium kunngiora, skulu af Evangelio Næring hafa.

15. Enn eckert þessara hef eg tijdkad. Enn eg skrifa ei helldur þetta þar fyrer, ad so skule vid mig vera giort, því betra være mier helldur daudum ad vera, enn þad, ad nockur skylde mijna Hroosun ad engvu giora.

16. Því þad eg predika GUds Evangelium, þa ma eg ei hrosa mier um þad, þviad eg a þad ad giora, og vei sie mier þa, ef eg predika ecke Evangelium.

17. Giore eg þad viliugur, þa fæ eg laun,

enn ef eg giore þad naudugur, þa er mier þo þad Embœtte a hendur falid.

18. Hvad eru nu þa mijn (c) Laun? j þvi, ad eg predika Evangelium CHristi, og giore þad sama viliugur, ongvum til kostnadar, so ad eg misbruke ei mitt Freisi j Evangelio.

(c) (Laun) Pœall vill ei hrosa sinne Predikun, þvi hann er skyldugur þar um, enn þad hann predikar oan Borgunar, þad reiknar hann fyrer sier leg Laun og Hroosun.

19. Þvi þo eg sie frials fyrer ollum, þa hef eg þo giort sialfann mig ad hvors Manns Þion, so ad eg vinne marga af þeim.

20. Þviad Gydingum er eg ordinn so sem Gydingur, uppa þad eg vinne Gydinga, og þeim sem under Logmalenu eru, er eg ordinn so sem under Logmale, so ad eg vinne þa sem under Logmalenu eru.

21. Og þeim sem oan Logmals eru, em eg ordenn so sem oan Logmals (sem eg em þo ei oan Logmals fyrer GUde, helldur er eg j Christi Logmale) so ad eg vinne þa somu, sem oan Logmals eru.

22. Þeim sem breiskver eru er eg ordenn sem være eg breiskur, so ad eg vinne hina breisku, ollum er eg ordinn allshattar, so ad eg giore allstadar einhveria hialplega.

23. Enn þetta giore eg vegna Evangelii, so ad eg verde þess hluttakare.

Pistillenn

Pistullenn I. Sunnudag j Nijuvikna Fostu.

24. Eda vitid þier ecke, ad þeir sem a Skeid-platsenu hlaupa, þad þeir aller hlaupa, enn einn er sa sem Hnossid tekur? hlauped nu og so, ad þier hondlid þad.

25. Enn hvor sa sem slæst, hann varar sig vid ollu, þeir ad sonnu, uppa þad þeir odlest forgeingelega Koronu.

26. Enn vier oforaeingelega, enn eg hleyp, eige so sem uppa hid (d) ovissa, eg slæst, eige so sem sa er j Vindenn slær.

(d) (Ovissa) so sem sa er hleypur Vedinnar-Hlaup, hlaupe hann utaf Veigennm, þa rammar hann ecke Takmarkid, og sa er skilmast, rammie hann ecke, þa slær hann j Vedred forgiefins, so geinaur þad ollum þeim sem giora morg god Verk enn Tuarennar, þvi þeir eru ovisser um, hvornenn þeir munu GUde þoknast, þar fyrer er þad ecke utann Skæhlaup, Slags misser og forgiefins Verk.

27. Helldur tem eg minn Lijkama og þiae hann, so ad eg predike þad ei odrum, og verde sialfur rækur.

X. Capitule.

Paulus (I) bannar Holldlegt Andvaraleyse, og (II) syner hverssu langt ad Christielegt Frelse nær.

I. Enn eg vil ei dylia fyrer ydur, kiærer Brædur, þad vorer Fedur *voru aller under Skyenu og ** aller geingu þeir yferum Hafid.

*2B.Mos.13,21.22. **2B.Mos.14,22.

2. Aller

2. Aller eru þeir og skijrder under Mose med Skyenu, og med Siomum.

3. Og aller hafa þeir neytt einslags * andlegrar Fædu, og aller hafa þeir einslags andlegann Dryck druckid. *2B.Mos.16,15.

4. Þvi þeir drucku * af þeirre andlegre Hellu, sem þeim epterfylgde, enn Hellann var Christur.] *2B.Mos.17,6.

5. Enn a þeim velflestum hafde GUd engva Þocknan, þvi eru þeir nidurslegner * a Eydemorku. *4B.Mos.26,64.

Pistillenn IX. Sunnud. epter Trinit.

6. Enn þetta er skied oss til Fyrerminndar, so ad vier skulum ei Lysting hafa til þess illa, so sem ad þeir * hofdu Lysting.

*4B. Mos.11,4.

7. Gioreft og eige Blotmenn Skworgoda, lijka so sem nockrer af þeim urdu, epter þvi sem skrifad er: * Folkid setteft nidur ad eta og drecka, og stod upp ad leika.

*2B.Mos.32,6.

8. Drygium og eige Horaner, so sem nockrer af þeim drygdu Horaner, og * fiellu a einum Deige þriar Þusunder og tuttugu.

*4B.Mos.25,9.

9. Freistum og eige Christs, so sem nockrer utaf þeim * freistudu hans, og fyrerforust af Hoggormum.

*4B.Mos.21,5.6.

10. Moglid og ecke, lijka sem nockrer utaf þeim

heim *mogludu, og fyrerforust af Fordiarfaranum. *4B.Mos.14,2.

11. Petta allt skiede þa til Fyrermindar, enn það er skrifad oss til Vidvorunar, yfer hvoria ad Heimsins Ende er kominn.

12. Fyrer því, hvor hann lætur sier þykia það hann stande, giefe sa vel Gaum ad, ad hann (a) falle eige.

(a) Þar fyrer forsmae eingenn annann, hvorsu stirkur, edur veikur hvor er, hvor veit, hvorsu leinge hann stendur sialfur?

13. Fyrer ydur hefur enn nu einginn Freistne uppa falled, utan mannleg, enn Gud er trur, sa ei umlijdur það yvar sie freistad framar enn þier formeiged, helldur giorer hann þa Ending a Freistingunne, ad þier gieted það þolad.]

14. Þar fyrer, mijner Elskulegustu, flyed fra Skwrgodadyrdkan.

15. So sem vid Vitringa tala eg, dæmed þier hvad eg seige.

16. Sa blessade Kaleikur hvorn vier blessum, er hann ecke Hluttekning Christi Blods? Og Braudid hvort vier briotum, er það eige Hluttekning CHristi Lijkama?

17. Þviad það er eitt Braud, so erum vier marger eirn Lijkame, med því ad vier verdum aller eins Brauds hluttakarar.

18. Hyggid ad Israel epter Holldenu, það þeir

þeir sem fornernar eta, eru þeir ecke Alltaresins hluttakarar?

19. Hvad skal eg nu þa segia? Eda skal eg segia þad Skurgodid sie nockud? Eda þad Skurgoda forner sieu nockud?

20. Enn eg seige, ad þad, hvad hiner Heidnu offra, þad offra þeir Diøflenum, og ei Gudi, nu vil eg ei ad þier verded hluttakarar med Diøflunum.

21. Ei faed þier j senn druckid Kaleik DROttins og Diøflanna Kaleik, þier getid og ecke j senn hluttakarar orded Matbords DROTTins og Matbords Diøfulsins.

22. Eda vilium vier troassa vid DROTtinn? Hvort erum vier honum sterkare?

II. 23. Mier leyfast sannlega aller Hluter, enn þeir bata ei aller, mier leyfest allt, enn þad er ei allt til Uppbyggingar.

24. Eingenn leite þess hvad hans er, helldur hvor ad þvi, hvad annars er.

25. Allt hvad a Kiotmangara Torginu er til solu, þad etid, eptersþyriande ad ongvu, uppa þad þier væged Samvitskunne.

26. Þviad *Jordenn er (b) DROTtins, og allt þad sem þar er jnne.

*Psalm. 24, 1. Psalm. 50, 12.

(b) (DROTtins) Christur er eirn HErra og Frijmadur, eins eru og aller Christner j ollum Hlutum.

27. Enn ef einhver af Vantruudum bydur ydur til snædings, og þier vilied þangad ganga,

ganga, þa etid af ollu þvi sem fyrer ydur verdur sett, og spyried einskis, uppa þad þier vægid Samvitskunne.

28. Enn ef nockur seiger til ydar: þetta er Skvrgoda Offur, þa etid ecke, fyrer þess Saker sem þad seiger ydur, uppa þad þier vægid Samvitskunne (þviad Jordenn er DRottens, og hvad þar er jnne.)

29. Enn eg seige, ecke um þijna eiginn Samvitsku, helldur hins annars. Þviad hvar fyrer skyllde eg mitt Frelsi dæmast lata af annarlegre Samvitsku?

30. Þvi ef eg neyte þess med Packlæte, hvar fyrer skyllde eg þa lastadur verda um þad, sem eg giore DRottne Packer fyrer?

31. Hvort þier nu eted eda drecked, eda hvad þier giored, þa giored þad allt til Guds Dyrdar.

32. Giored engva Hneixlan, hvorke Gydingum nie Grickium, nie Guds Safnade.

33. Lijka so sem eg giore mig hvorium Manne giedfelldann j ollu, eige adleitande hvad mier, helldur hvad morgum er gagnlegt, so ad þeir hialpleger verde.

1. Verid mijner Epterfilgiarar, so sem eg er Christi.

XI. Capitule.

Paulus talar (I) um jmislegann Sidvana j Bænahallde; (II) um verduga og overduga Medtekning Alltares Sacramentesins.

I. 2. Eg lofa ydur, goder Brædur, ad þier minnist mijn j ollum Þortum, og halldid þann Sidvana eins og eg sette ydur.

3. Enn þad vil eg, ad þier vitid, ad Christur er hvors Manns Hofud, enn Konunnar Hofud er Madurinn, enn Hofud Christi, er GUD.

4. Og hvor sa Madur sem bidur eda spaar, og hefur nockud a Hofde, hann ovirder sitt Hofud.

5. Og hvor su Kona sem bidur eda spaar, med beru Hofde, hun ovirder sitt Hofud, þvi þad er eins, og være hennar Hofudhaar j burtu rakad.

6. Vilie hun ei hylia sig, þa rakest af hennar Hofudhaar. Enn first þad er liott fyrer Konuna ad hafa afrakad Haar eda klippt, þa hylie hun sig.

7. Enn Karlmadurinn skal ecke hylia Hofuded, med þvi hann er Guds Mynd og Some. Enn Konann er Mannsins Some.

8. Þviad Madurinn er eige af Konunne, helldur Konann af * Mannenum.

* 1B. Mos. 2, 21. ꝛc.

9. Madurinn er ei skapadur vegna Konunnar, helldur Konann vegna Mannsins.

10. Þar fyrer skal Konann hafa (a) Velde a sijnu Hofde fyrer Einglanna Saker.

(a) (Velde) þad meinar hann Hofudbunad, edur Skylu, hvar med ad merkiast skal, þad hun sie under Karlmannsins Valde, 1B. Mos. 3.

11. Og

11. Og þo er hvorki Madurinn can Konunnar, nie Konann can Mannsins j DRottne.

12. Þviad lijka so sem Konann er af Mannenum, so kiemur og Madurinn fyrer Konuna, enn aller Hlutir af Gude.

13. Dæmed þier sialfir ydar a mille, hvort þad hæfer Konunne ad bidia fyrer Gude berhofdud?

14. Kienner ydur ecke Natturann sialf, ad þad sie Lyte fyrer Karlmanninn ad laata sier vaxa langt Hoar.

15. Enn Konunni some þad hun hafe sijdt Hoar; af þvi Hoarid er henne til Skylingar giefid.

16. Enn ef sa er einhvor ydar a mille, sem þrættunarsamur vill vera, hann vite þad, ad vier hofum ei slijkann Sidvana, og eige helldur Guds Sofnudur.

II. 17. Enn þetta hlyt eg ad bioda, og kann ecke ad lofa þad, ad þier komid ei tilsamans med betre Vijsu, helldur med verre Vijsu.

18. J firstu, þa þier komid tilsamans j Samkundunum, heyre eg, ad þar er Sundurlynde ydar a mille, og eg true þvi og nockurn Part.

19. Þviad þar hliota flockadrætter ad vera ydar a mille, so ad þeir sem riettsinnader eru, opinnberer verde ydar a mille.

20. Þa

20. Þa þier komid nu tilsamans, þa verdur þar ei halldinn DROTTins Kvolldmaaltijd.

21. Því nær þar skal Kvolldmaaltijdenn halldast, þa tekur hver sijna eiginn Fædu aadur, og sa eine er hungradur; hinn annar er druckinn.

22. Hvort hafed þier eingenn Hus, þar þier kunned ad eta og drecka jnne, eda forsmaaed þier Guds Sofnud, og skammid þa sem ecke hafa? hvad skal eg seigia ydur? skal eg lofa ydur? j þessu lofa eg ydur ecke.

Pistillenn a Skijrdag.

23. Eg medtok þad af DROTTne, sem eg hefe ydur giefid, af því, ad Drottinn vor JESUS, aa þeirre Nott er hann var svikinn, tok hann Braudid,

24. Giorde Packer, braut þad og sagde: takid, etid, þad er minn Lijkame, sem fyrer ydur verdur brotinn, giorid þad j mijna Minning.

25. Lijka eirninn Kaleikenn, epter Kvolldmaaltijdina, og sagde: þesse Kaleikur er Nytt Testamentum j mijnu Blode, giorid þetta, so opt sem þier dreckid, j mijna Minning.

26. Þviad so opt sem þier berged af þessu Braude, og drecked af þessum Kaleik, skulud þier kunngiora Dauda DROttens þangad til hann kiemur.

27. Hvor hann etur nu af þessu Braude, og

og dreckur af þessum Kaleik DROttins overdugur, sa er skur vid Hollð og Blod DROttins.

28. Enn hver Madur (b) prose sig sialfur, og ete so af þessu Braude, og drecke so af þessum Kaleik.

(b) (Prose) það er, sierhver skal sia til, hvornenn hann truc j þessare Kvølldmæltijd, hvad og hvornenn hann medtake það.

29. Þviad hver hann etur og dreckur overdugur, sa etur og dreckur sialfum sier Dom, med þvi hann giorde ecke (c) Greinarmun a DROttins Lijkama.]

(c) (Greinarmun) Sa sem handtierar Christi Lijkama, og hans neyter, acktande hann eige meir enn annann Mat.

30. Fyrer það eru so marger siuker og veiker ydar a mille, og þeir marger sem sofnader eru.

31. Þvi ef vier dæmum oss sialfer, þa verdum vier eige dæmder.

32. Enn nær vier dæmunst, þa verdum vier af DROTtne typtader, uppa það vier fyrer dæmunst eige med Heimenum.

33. Fyrer þvi, Brædur mijner, nær þier komid til samans ad neyta, þa bijde hver annars.

34. Enn ef einhvorn hungrar, þa ete sa heima, so ad þier komid ei samann til Domsafellis, enn hitt annad vil eg skicka þa eg kiem.

XII.

XII. Capitule.

Paulus talar um Brukun ok Gafum Heilags Anda til Upbyggingar Safnadarens.

Pistillenn X. Sunnud. epter Trinit.

Af peim andlegu Giofum, vil eg eige dylia fyrer ydur, goder Brædur.

2. Pier vited pad pier vorud (a) Heidner, og geingud burt til mællausra Skurgoda, so sem pier urdud tilleidder.

(a) (Heidner) pa pier vorud Heidingiar, vissud pier eckert, hvorke af Christo, nie H. Anda, enn nu ættud pier ad peckia Gaafur Andans, an hvorra eingenn pecker Christum, helldur miklu framar bolvar honum.

3. Fyrer pvi kunngiore eg ydur, pad enginn sa sem fyrer Guds Anda talar, formæler Jesu. Og eingenn fær Jesum DROTTEN kallad, utan fyrer Heilagann Anda.

4. Par eru (b) margvijslegar Giafer, enn par er einn Ande.

(b) (Margvijslegar) par er j ollum Christnum einn Ande, Vijsdomur, Tru, Kraptur, og ic. Enn ad handtiera og audsyna slijkt odrum, er ei hvers Manns. Enn peir tala um Vijsdom sem kienna ad peckia Gud, um Skinsemd tala peir sem kienna um utvortis Hegdan og Christeleg Frijheit. Peir audsyna Truna sem opinberliga vidurkienna hana med Ordum og Verkum, so sem Pijslarvottarner. Adgreining Andanna gisra peir, sem Spadomana og Lærdomana rannsaka.

5. Par

5. Þar eru marghæattud Embætte, enn einn DROTtinn.

6. Þar eru marghæattader Kraptar, enn einn GUd, sem verkar alla Hlute j ollum.

7. Enn j sierhvorium einum audsyna sig Giafer Andans, til almeñeglegrar Nytsemdar.

8. Einum verdur giefid fyrer Andann ad mæla af Vijsdome, enn odrum verdur giefid ad tala af Skinseme, epter hinum sama Anda.

9. Odrum Truann j somum Anda, enn hinum Giafer Lækninganna j somum Anda.

10. Odrum Kraptaverk ad giora, odrum Spædomur, odrum ad giora at skilianlega Grein Andanna, hinum odrum marghæattud Tungumæal, enn odrum Utlegging Tungumæalanna.

11. Enn allt þetta verkar einn og same Ande, skiptande sier-hvorium sitt, epter þvi sem hann vill.]

12. Þviad lijka so sem einn Lijkame er, og hefur þo marga Lime, enn aller Limer eins Lijkama, þo þeir sieu marger, þa eru þeir þo einn Lijkame, lijka so er Christur.

13. Þviad vier erum fyrer einn Anda, aller j einn Lijkama skijrder, hvort vier erum Gydingar eda Gricker, Þrælar eda Frelsingiar, og erum so aller til eins Anda (c) dryckiader.

(c) (Dryckiader) Vier dreckum eitt Sacramente, so ad vier medtokum eirn Anda, so sem vier medtokum eina Skijrn, so ad vier verdum eirn Lijkame.

14. Þviad Lijkamenn er eige einn Limur, helldur marger.

15. Og ef Foturinn segde: Eginn Hond er eg, þar fyrer er eg eige Limur Lijkamans, skyllde hann nu þar fyrer ecke vera Lijkamans Limur?

16. Og ef Eyrad segde: Eg er eige Augad, þar fyrer er eg ecke Limur Lijkamans, skyllde þad saker þess ecke vera Liikamans Limur?

17. Þvi ef allur Lijkamenn være Augad, hvar være þa Heyrnenn? ef allur Lijkamenn være Heyrnenn, hvar være þa Ilmingenn?

18. Enn nu hefur GUd sett Limena, og hvorn einn þeirra sierdeilislega a Lijkamann, so sem hann hefur viliad.

19. Enn ef aller Limerner være einn Limur, hvar være þa Lijkamenn?

20. So eru nu Limerner marger, enn Lijkamenn einn.

21. Þviad Augad ma eige seigia Hendenne: eg þarf þijn ei vid; eda þar j mot Hofudid til Fotanna: eg þarf eige ydar vid.

22. Miklu helldur, þeir Limer Lijkamans sem oss synast breiskvaster vera, þeir eru naudsynlegaster.

23. Og þa vier reiknum otierlegasta, þeim somu leggium vier mestann Soma til, og þa ed oss eru Lyte ad, prijdum vier mest.

24. Þviad þeir sem oss prijda, þurfa þess ei vid, enn GUd hefur Lijkamanum so samann-

mannblandad, og giefid peim purftugu Limum hinu mesta Soma.

25. So ad enginn Aagreiningur sie a Lijkamanum, helldur pad hvor Limurinn bere jafnt Aahyggiu fyrer odrum.

26. Og ef einn Limur lijdur, pa lijda aller Limerner med, og ef einum Limnum verdur some veittur, pa samfagna honum aller Limerner.

27. Enn pier erud Christi Lijkame, og Limer, hvor epter sinne deilld.

28. Og Gud hefur sett j Sofnudinn, j fyrstu Postula, pa Spaamenn, j pridia maata Lærefedur, epter pad pa sem Kraptaverkenn giora, par nærst pa sem Lækninga-Giafernar hafa, Vidhialpara, Stiornarana, marghaattud Tungumaal.

29. Eru peir aller Postular? eru peir aller Spaamenn? eru peir aller Lærefedur? eru peir aller peir Menn sem Kraptaverkenn giora?

30. Hafa peir aller Lækninga-Giofena? tala peir aller marghaattud Tungumaal? kunna peir aller ut ad leggia?

31. Enn epterstundid peim hinum bestu Giofunum, og eg vil vijsa ydur enn ædra Veg.

XIII. Capitule.

Utmaalun Kiærleikans epter sinu Edle og Stadfeste.

Pistillenn Sunnudagenn i Fostu Inngang.

Þo ad eg talade Tungum Mannanna og Englanna, og hefde ecke Kiærleikann, þa være eg einn hliomande Malmur, eda hvellande Bialla.

2. Og þo ad eg hefde Spadom, og visse alla leyndа Hlute og allann Vijsdom, og hefde alla (a) Tru, so ad eg Fiollenn ur Stad hrærde, enn hefde ei Kiærleikann, þa væri eg eckert.

(a) (Alla Tru) þo ad Truenn alleina giore oss Riettlæta, so sem S. Pall allstadar auvijsar, þa være þo Truenn visselega oriett, þo ad hun giorde Furduverk, an med filgiande Kiærleika.

3. Og þo ad eg giæfe allar mijnar Eigur Fatækum, og eg liete brenna minn Lijkama, og hefda ecke Kiærleikann, þa vække mier þad einginn nytsemd.

4. Kiærleikurinn er þolinnmodur, og vingiarnlegur, Kiærleikurinn vandlæter eige, Kiærleikurinn giorer eckert illmannlega, eige blæs hann sig upp.

5. Hann er ecke ofstopasamur, eige leitar hann þess, hvad hans er, hann lætur ei giora sig reidann, hann leitar ecke epter Skada.

6. Eige fagnar hann yfer Ranglætenu, enn fagnar Sannleikanum.

7. Hann umber alla Hlute, hann truer ollu, hann vonar allt, hann umlijdur alla Hlute.

8. Kiærleikurinn hann þreytest ei, Spadomunum mun linna, og Tungumalunum mun linna, og Skinseminne mun linna.

9. Þviad

9. Þviad vorer Vitsmuner eru (b) Halfverk, og vorar Spaasagner eru halfverk.

(b) (Halfverk) enn þo vier hofum og skilium j Trunne, allt hvad Gud er, og hvad hann oss giefur, þa er þo slijk Þecking enn so sem Halfverk, og ofullkommenn ad reikna j hia þeirre epterkomande Dyrd.

10. Enn nær þad kiemur sem algiort er, þa linner þad sem halfverked er.

11. Þa eg var Barn, talade eg sem Barn, og eg var forskiall sem Barn, og eg hugsade sem Barn, enn þa eg giordest Madur, lagde eg af hvad bernskiegt var.

12. Nu skiaum vier j giegnum Speigil, j einu mirkvu Orde, enn þa Auglite til Auglitis, nu þecke eg ad nockrum Parte, enn þa mun eg þeckia so sem eg em þecktur.

13. Nu blijfa þesse þriu, Truenn, Vonenn, Kiærleikurinn, enn Kiærleikurinn er mestur af þessum.]

XIV. Capitule.

Paulus talar (I) um Predikunar-Embætted; og (II) um retta Brukun ca Imislegum Tungumalum.

I. Stunded epter Kiærleikanum, og kostgiæfid andlegar Gaafur, enn þo mest ad þier mættud spaa.

2. Þviad hann sem Tungurnar talar, hann talar eige Monnum, helldur Gude, þviad honum heyrer eingenn, enn j Andanum talar hann leynda Doma.

3. Enn hann sem spaer, sa talar Monnum

til Uppbyggingar, og til Aaminningar, og til Huggunar.

4. Sa Tungurnar talar, hann forbetrar sialfann sig, enn sa sem spaer, hann forbetrar Guds Safnud.

5. Eg vilde ad þier kynnud aller (a) Tungur ad tala, enn þo miklu helldur, ad þier kynnud ad spa, þviad sa sem spaer, hann er þeim meire sem Tungurnar talar, utann ad so sie, hann legge þad einkin ut, so ad Safnudurinn fae þar af Forbetran.

(a) (Tungur ad tala) þad er: Psalma edur Spadoma j Samkundum ad lesa eda syngia, j einn Tungumaale, sem Safnudurenn ecke skilur: enn ad spa, er ad taka Skilning af Gude og giefa odrum, enn ut ad leggia, er ad færa odrum rietta Meining: so meinar hinn heilage Paall, þad Tungur ad tala betre ecke Safnudenn, enn ad spa, og ut ad leggia, þad betrar Safnudenn.

II. 6. Enn nu, goder Brædur, þo eg kiæme til ydar, og talade Tungur, hvad være eg ydur gagnlegur? nema ad eg talade til ydar annadhvort fyrer Opinnberan, eda fyrer Skinseme, eda fyrer Spasagner, eda fyrer Lærdom.

7. Þeim Hlutum er so hattad er hlioda, enn lifa eige? hvort þad er nu Pijpa eda Harpa, first þad giefur engvann greinelegann Hliom af sier, hvornenn ma þa vitast hvad pijpad er, eda hvad uppa Horpuna er spilad?

8. Og

8. Og ef Lwdurinn giefur oskilmerkelegt Hliod, hvor mun þa vilia bwast til Bardagans?

9. Lijka eins erud þier, nær þier talid Tungur, utan þier giefid framm skilmerkelega Rædu, hvornenn ma þa vitast hvad talad er? þviad þier taled j Vind.

10. Sannlega er margt raddar kin j Heimenum, og þo er eckert þeirra sem ecke hefur sitt Hliod.

11. Og first eg veit ecke Þyding Raddarennar, þa verd eg þeim sem talar, oskilianlegur, og hann sem talar, verdur mier oskilianlegur.

12. So og lijka þier, first þier erud oastundande þær Andlegu Giafer, þa leitid epter þvi ad forbetra Safnudenn, uppa þad þier kunned ad hafa alla Hlute rijkuglega.

13. Hvar fyrer, sa sem Tungu talar, hann bidie so, ad hann utlegge þad eirninn.

14. Þvi first eg bid med Tungunne, þa bidur og minn Ande, enn mijn Meining giorer ongvum Manne Avoxt.

15. Hvorninn skal þad þa vera? Þad skal so vera, eg vil bidia med mijnum Anda, og eg vil bidia med mijnu Hugskote, Psalmana vil eg syngia j Andanum, og eg vil Psalmana syngia (b) med Hugskotenu.

(b) (Med Hugskotenu) þad er, so miked sem ut ad leggia Meiningena, enn j Andanum ad tala, þad er Ritningena ad skilia, og ecke ut ad leggia.

16. Enn þa þu blessar j Andanum, hvorr-inn skal þa sa sem j Leikmannsins stad stendur, Amen seigia til þinnar Þackargiordar, med þvi hann veit eige hvad þu seiger?

17. Sannlega giorer þu godar Þacker, enn hinn annar betrast þar ecke af.

18. Eg þacka Gude minum, þad eg tala meir Tungur, enn aller þier.

19. Enn helldur vil eg tala fimm Ord i Safnadenum med (c) minu Sinne, so ad eg kienne odrum, helldur enn annars tiu þusunder Orda med Tungunne.

(c) (Sinne) þad er, Meiningina med Predikuneune ut adleggia.

20. Goder Brædur, verid eige Born j Skilningenum, helldur verid Born j Illskunne, enn verid algiorder j Skilningenum.

21. J Logmalenu er so ritad: *eg mun med annarlegum Tungum og annarlegum Vorum tala til Lyds þessa, og ei munu þeir mig þo enn so heyra, seiger DRottenn.

*Esa.28, 11.

22. Þar fyrer eru Tungurnar (d) til Teikns, eige þeim sem trua, helldur Vantruudum, enn Spadomurinn er ei Vantruudum, helldur Truudum.

(d) (Til Teikns) Fyrer Imisleg Tungumal snuast þeir Vantruudu, til Trnarennar, so sem fyrer annad Teikn og Furduverk, enn fyrer Spadominn forbetrast og styrkiast þeir Trúndu, so sem fyrer eitt Teikn, a hverju þeir profa og reyna sijna Tru, ad hun sie riett.

23. Þott

23. Dott nu allur Sofnudurinn kiæme tilsamans j einn Stad, og toludu aller Tungur, enn þar geinge inn Leikmadur, eda Vantruadur, mundu þeir ecke seigia, ad þier værud galder?

24. Enn ef þeir aller spæadu, og þar geinge inn einhvor Vantruadur, eda Leikmadur, sa yrde þegar af ollum þeim straffadur, og af ollum dæmdur.

25. Og þad j hans Hiarta er hulid yrde þa so opinnberad, og so være haun fraunmfallande a sitt Andlit, GUD ad tilbidia, þad vidurkiennande, ad GUD sie sannarlega med ydur.

26. Hvornenn er þad þa, goder Brædur? þegar þier komid tilsamans, þa hefur hvor ydar einn Lofsalm, eda hafe hann Lærdoma, hafe hann Tungumal, eda hafe hann Opinnberaner, eda hafe hann Utlegging; þa lated þad allt skie til Betrunar.

27. Og ef einhvor talar Tungur, þa verde þad annadhvort af tveimur, eda mest af þremur, einn epter annann, enn einn leggie þad ut.

28. Enn ef hann er einginn Utleggiare, þa þeige hann j Samkundunne, og tale sier sialfum og GUDe.

29. Enn Spæmenn tale tveir eda þrijr, og hiner dæme þar um.

30. Enn ef einhver fær Opinnberan, sem þar hia situr, þa þeige hinn fyrre.

31. Þviad aller meiged þier spaa, einn epter annann, so ad aller lære, og aller verde aminnter.

32. Og Andar Spamannanna eru Spamonnunum (e) underorpner.

(e) (Underorpner) nockrer mena so, ad med þvi þeir hafa Skilnina og Gafur Andans, þa eige þeir fyrer ongrum ad vikia edur þagna, þadann koma Villur og Tvidrægne. Enn Paulus seiger hier, ad þeir skule og meige vel vijkia, þviad Gafur Andans eru j þeirra Valde, og brvka þær ecke a mote Samlyndenu, so ad þeir þurfe ecke ad seigia, ad Andenn kaye þa nie neyde þar til.

33. Þviad GUD er ei GUD Osicku-nar, helldur Fridarins, so sem j ollum Sofnudum heilagra.

34. Lated ydar Kvinnur þeigia j Sofnudenum, þviad þeim ma ei leyfast ad tala, helldur undergiefnar ad vera, epter þvi sem *Logmaalid vottar.

*1B. Mos. 3, 16.

35. Enn ef þær vilia nockud læra, þa spyrie þær Menn sijna ad þvi heima. Þviad Kvinnunne er þad Lyte, ad tala j Sofnudenum.

36. Eda er Guds Ord af ydur utkomid? eda er þad til ydar alleina komed?

37. Ef nockrum þyker þad hann sie Spamadur, eda andlegur, þa gaumgiæfe hann hvad

hvad eg skrifa ydur, þviad þad eru Bodord DROTTins.

38. Enn ef nockur er skinlaus, þa sie hann skinlaus.

39. Fyrer þvi, goder Brædur, verid kostgiæfner til Spaadomanna, og fyrerbioded ecke Tungurnar ad tala.

40. Lated allt sidsamlega og epter Skickan til ganga.

XV. Capitule.

Paulus talar (I) um Christi Upprisu, og so (II) Mannanna.

Pistillenn XI. Sunnud. epter Trinitat.

I. Enn eg minne ydur, goder Brædur, a þad Evangelium sem eg kunngiorde ydur, hvort þier og medtokud, j hveriu þier og standed.

2. Fyrer hvort þier og verded hialpleger, med þeim hætte sem eg kunngiorde þad ydur, ef þier hafed þvi hallded, utan ad so sie þier hafid þvi til onytis truad.

3. Þviad eg gaf ydur j firstu, hvad eg medtok, þad ad Christur sie *lijflatenn fyrer vorar Synder, epter (a) Ritningunum, og þad hann sie grafinn. *Esa. 53, 15.

(a) (Ritningunum) þvi fyrer vorum Skilningi, fyrer utan Skriftena, er þetta alltsamann heimskulegt ad heyra.

4. Og uppaptur risinn a þridia *Deige epter Ritningunum.

*Psal. 16, 10. Hos. 6, 8. Jon. 2, 1.

5. Og þad hann sie siedur af Cephas, og epter þad af hinum Tolf.

6. Og eptera var hann siedur meir enn af finim hundrud Brædrum j senn, af hvorium marger enn lifa til, enn nockrer eru burtsofnader.

7. Og epter þad er hann siedur af Jacobo, og sijdann af ollum Postulunum.

8. Enn sijdarst allra þeirra, so sem af odrum otijmabærum Burde, er hann siedur af mier.

9. Þviad eg em sijdstur Postulanna, og em eige verdugur þad eg skule Postule heita, fyrer þad eg ofsokn veitte Gudz Sofnude.

10. Enn af Nad Gudz em eg, þad eg er, og hans Nad j mier hefur ei forgiefins verid, helldur hef eg mikln meir erfidad enn aller þeir adrer, þo ecke eg, helldur su Gudz Nad, sem med mier er.]

11. Þad sie nu eg, edur þeir, þa predikum vier so, og so hafid þier truad.

II. 12. Enn first ad CHristur verdur predikadur, þad hann sie upprisinn af Dauda, hvornenn seigia þa nockrer af ydur, þad Upprisa Framlidinna sie eckert?

13. Og ef Upprisa Framlidinna er ecke, þa er CHristur og ecke uppprisinn.

14. Enn ef ad CHristur er ei uppaptur risinn,

risinn, so er vor Predikan onyt, þa er og ydar Tru onyt.

15. Enn vier syndumst þa eirnenn Ljugvott-tar Guds, med því vier hofum vitnad j giegn Gude, þad hann hefde Christum uppvaked, hvorn hann hefde ecke uppvaked.

16. Fyrst hiner Framnlidnu skulu ecke upprijsa, því ef Framnlidner skulu ecke uprijsa, þa er og Christur ecke upprisinn.

17. Enn ef Christur er ei uppaptur risinn, þa er ydar Tru onyt, so erud þier þa enn j ydrum Syndum.

18. Þa eru og hiner, sem sofnader eru j Christo, fortapader.

19. Ef vier vonum alleinasta j þessu Lijfe a Christum, þa erum vier hiner veslustu allra Manna.

20. Enn nu er Christur uppaptur risinn af Dauda, og frumburdur ordenn þeirra sem sofnader eru.

21. Af því, ad fyrer einn Mann kom Daudenn, og fyrer einn Mann kom Upprisa Framnlidinna.

22. Þviad lijka so sem þeir dou aller j Adam, so verda þeir og aller lijfgader j Christo.

23. Þo hvor eirn j sinne skickan, sa fyrste Avoxtur er Christus, og þar nærst þeir sem Christi eru j hans Tilkomu.

24. Þar nærst Endinginn, þa hann mun ofurgiefa Rijked Gude og Fodur, þa hann

mun afmæa allann Hofdingsskap, Herrastiet-
ter og Vald.

25. Enn honum *biriar ad vijkia þar til hann leggur alla sijna Ovine under sijnar Fætur. *Ps. 110, 1.

26. Enn sa sijdarste Ovinur, sem afmæadur verdur, er Daudenn.

27. *Þviad honum hefur hann alla Hlute under hans Fætur lagt, og þa hann seiger þad, ad allt sie underlagt, þa er þad epinnbert, ad sa er undantekenn sem honum hefur alla Hlute underlagt. *Ps. 8, 7.

28. Enn nær honum eru aller Hluter undergiefner, þa mun sialfur Sonurinn undergiefast þeim sem honum undergaf alla Hlute, so ad Gud sie allt j ollum.

29. Hvad giora þeir ellegar, sem skijrast lata upp yfer (b) Framtidinum? Ef ad hiner Framtidnu skulu ei uppaptur rijsa, hvar fyrer skijrast þeir þa uppyfer þeim Daudu?

(b) Þeir Christnu lietu skijra sig uppyfer Grofum Framtidenna, til ad stadfesta þar med Uppriſuna, og ad merkia þar med, ad þeir ætlu upp ad rijsa.

30. Og hvar fyrer erum vier þa allar Stunder j Haskafemd?

31. Daglega dey eg fyrer vora Hrosan, sem eg hefe j DROttne vorum JEſu Christo.

32. Strijdde eg epter Mannlegre Meiningu vid Villudyrenn j Epheso, hvor nytsemd er mier þad þa, ef ad hiner Framtidnu skulu ei uppaptur rijsa?

33. E-

33. Etum vær og dreckum, þviad a morgun erum vier dauder, lœtid ecke tæla ydur, þvi vondt (c) Samtal spiller godum Sidum.

(c) (Samtal) þad er: illur Stallbrædraskapur, hia hvorium opt tilfalla misg hneixlunarsamleg Ord a mote Trunne, sem fordiarfa Samvitskuna.

34. Vakned riettelega og syndgest ecke, þviad sumer vita eckert af GUde, enn þetta seige eg ydur til Bligdunar.

35. Nu mœtte einhvor seigia: hvornenn munu hiner Framnlidnu upprijsa? og med hvilijkum Lijkama munu þeir koma?

36. Þu Drusse, þad er þu sœer lifnar ecke, utann þad deye adur.

37. Og þad þu sœer, er ecke sa Lijkame sem verda skal, helldur bert Korn, annad hvort Hveitis, eda einhvers annars.

38. Enn GUD giefur þvi Lijkama, epter þvi sem hann vill, og sierhvorium einum af Fræenu eiginnlegann Lijkama.

39. Allt Hold er ei lijka hœttad Hold, helldur er annad Hold Mannanna, annad Dyranna, annad Fiskanna, enn annad Fuglanna.

40. Þar eru og himneskir Lijkamar, og jardneskir Lijkamar, enn adra Dyrd hafa hiner himnesku, enn adra hiner jardnesku.

41. Annann Biartleik hefur Solenn, enn annann Tunglid, annann Biartleik hafa og Stior-

Stiornurnar, þviad onnur Stiarnann yfervinnur adra j Biartleika.

42. So og Uppriſa Frammlidinna, þad verdur ſaad forgeingelegt, enn mun uppaptur riſa oforgeingelegt.

43. Þad verdur ſaad j Vanſemd, enn mun uppaptur riſa j Vegſemd.

44. Þad verdur ſaad j Breiſkleika, enn mun uppaptur riſa j Kraepte. Þad verdur ſaad natturlegur Lijkame, enn mun uppaptur riſa andlegur Lijkame. Þar er einn (d) natturlegur Lijkame, og þar er einn andlegur Lijkame.

(d) (Natturlegur) Lijkame er þad ſem etur og dreckur, ſefur, mædeſt, ver og minkar, aflar Barna; og ꝛc. Andlegur Lijkame er þad, ſem einſkis þarlijks þeſur þorf, og er þo ſamt ſannarlegur Lijkame, lifande af Andanum, ſo ſem ſkilia ma af 2 Cap. Gen.

45. So ſem ad ſkrifad er: *hinn firſte Madur Adam, er ordinn ad lifande Saalu, og hinn ſijdare Adam ad lijfgande Anda.

*1 B. Moſ. 2, 7.

46. Enn hinn andlege er ecke ſa firſte, helldur ſa natturlege, og epter þad er hinn andlege.

47. Hinn firſte Madur af Jordunne er jardlegur, enn hinn annar Madur er DRottinn af Himnum.

48. Hvilijkur hinn Jardneſke er, ſo eru og hiner Jardneſku, og hvilijkur hinn Himneſke er, ſo eru og hiner Himneſku.

49. Og lijka ſo ſem vier hofum borid Lijking hins Jardneſka, ſo munum vier og bera Lijking hins Himneſka.

50. Enn

50. Enn þar seige eg af, goder Brædur, ad Holld og Blod gietur eige eignast Gudz Rijke, og hid forgeingelega skal eige erfa hid oforgeingelega.

51. Siaed, ad eg seige ydur leyndann Dom, þviad vier munum eige aller sofna, enn þo munum vier aller umskipteleger verda.

52. Og þad nærsta skyndelega, a einu Augabragde, vid hinn sijdarsta Lwdur-þyt. Þviad Lwdurinn mun giella, og hiner Frammlidnu munu upprijsa oforgeingeleger, og vier munum umskipteleger verda.

53. Þviad þetta hid Forgeingelega hlytur ad klædast Oforgeingelegleikanum, og þetta hid Daudlega hlytur ad skrijdast Odaudleglei-kanum.

54. Enn þa þetta hid Forgeingelega skrydest Oforgeingelegleikanum, og þetta hid Daudlega klædest hinu Odaudlega, uppfyllest þad Ord ed skrifad stendur: *Daudenn er (e) uppsvelgdur j Sigur.

*Esa. 25, 8. Hos. 13, 14.

(e) (Uppsvelgdur) þad er, Daudenn liggur sleigenn, og hefur ongva Magt framar meir, helldur hefur Lijfed Sigurenn, og seiger: Eg hefe Sigurenn unned, hvar ertu nu Daude?

55. Daude, hvar er þinn Broddur? Helvijte, hvar er þinn Sigur?

56. Enn Daudans Broddur er Syndenn, enn Kraptur Syndarennar er Logmaled.

57. Enn Gude sieu þacker, sem oss hefur Sigurinn

Sigurinn giefed, fyrer DROTtinn vorn JEsum Christum.

58. Fyrer thvi, mijn kiær Born, verid stadfaster og ohrærannleger, og aukest ætijd j Verke DROTtins, med thvi thier vited, ad ydvart Erfide er ei onytt j DROttne.

XVI. Capitule.

Pauls bijdur (I) ad gesa Ølmusur; og (II) ad vera stodugum i theirre sonnu Tru a JEsu.

I. Enn um thann Stirk sem skie skal vid hina Heilogu, so sem ad eg hefe bodid Sofnudinum j Galatia, tha giored thier og lijka.

2. Legge hver ydar hia sialfum sier a fyrsta Dag Vikunnar, og samannsafne hvad hann kann af stad ad koma, so ad eige thurfe tha ed fyrsta, er eg kiem til, thessare Hialp samann ad safna.

3. Enn tha er eg kiem thar, hverium hellst thier tha truid til Briefanna, tha vil eg senda, so ad their flytie ydvar Godvillð til Jerusalem.

4. Og ef thes giorest thorf, ad eg eirninn ferdest thangad, tha skulu their med mier fara.

5. Enn eg vil koma til ydar, tha eg fer um Macedoniam, thviad um Macedoniam mun eg ferdast.

6. Enn ma vera, ad eg blijfe hia ydur, eda dvelie thar eirninn um Veturinn, so ad thier giored mijna utfor, hvort sem eg kann ad ferdast.

7. Nu

7. Nu vil eg ei sia ydur j þessare Umferd, þviad eg vona, þad eg muni um nockurn Tijma tesia hia ydur, ef DROttinn lofar.

8. Enn j Epheso mun eg dveliast til Hvijtasunnu.

9. Þviad mier eru þar (a) miklar og kroptugar Dyr opnadar, og þeir eru kostgiæfner, enn marger eru þar motmælendur.

(a) (Miklar Dyr) hier med meinar hann, ad þar sieu marger Tilheyrendur eins og Evangelium geinge med Magt inn um Portdyrnar, og þeir hielldi sig kostgiæfelega til Evangelium, hvort ed naumlega komst inn um Glugga edur Smugur j Jerusalem.

10. Ef Timotheus kiemur til ydar, siaed so til, ad hann sie utann Otta hia ydur, þvi hann rekur og so DROttins Erinde, so sem eg.

11. Fyrer því forsmæed hann eige, heldur leided hann ut j Fride, so ad hann kome til mijn, þviad eg bijd hans med Brædrunum.

12. Enn af Apollo Brodur (þa vitid) þad eg hefe æminnt hann nærsta miog, ad hann kiæme til ydar, med Brædrunum, enn þad var med ongvu mote hans Vilie, þad hann kiæme nu. Enn hann mun þo koma, þa hann fær Tom til.

II. 13. Vaked og standed j Trunne, bered ydur karlmannlega ad, og vered stirkver.

14. Alla ydra Hlute læted skie j Kiærleika.

15. Enn eg æminne ydur, goder Brædur, þier þecked Heimkinne Stephanæ, þad þeir

eru

eru frumburder þeirra j Achaja, og sialfer hafa þeir skickad sig til Þionustu vid Heilaga.

16. Uppa þad þier siend og þvilijkum undergiefner, og ollum þeim sem stirkia til og erfida?

17. Enn eg fagna af Stephanæ og Fortunati, og Achaici Tilkomu, þvi hvad mig vantade hia ydur, þad uppfylldu þeir.

18. Þviad þeir nærdu minn Anda, og ydvarn, fyrer þvi þeckid þa sem þess hæattar eru.

19. Ydur heilsar Sofnudurinn j Asia, ydur heilsar mikelega j DRottne Aqvila, og Priscilla, med þeim Sofnude j þeirra Husi.

20. Ydur heilsa aller Brædur, heilsid hvor odrum med heilogum Kosse.

21. Eg Paall heilsa ydur med minne Heude.

22. Og ef sa er nockur, hann elske ecke DROttinn vorn JEsum Christum, þa sie hann (b) Anathema, Maran Matha.

(b). A Norrænu Bann, Anathema uppa Grisku, Maran uppa Ebresku, er hid sama, enn Matha, þad kallast Daude, nu vill S. Paall segia: hvor hann elskar ecke Christum, sa er bolvadur til Dauda.

23. Nåad DRottens vors JEsu Christi sie med ydur.

24. Minn Kiærleike sie med ydur ollum j JEsu Christo, Amen.

Hinn fyrre Pistill til þeirra j Corintho Borg, sendur utaf Philippis, fyrer Stephanam, og Fortunatum, og Achaicum, og Timotheum.

For-

Formaale yfer añann S. Pauls Piſtil til Corinthios.

I þeim Firra Piſtle hefur hinn heilage Paall hardlega ſtraffad þa j Corintho, j morgum greinum, hellande ſnorpu Vijne j Beniarnar, og hrædde þa, enn epter þvi einum Poſtula ber ad vera huggunar Predikara, til ad vidrietta hinar hræddu og ſkielfdu Samvitſkur, framar enn hrella þær, fyrer þvi prijſar hann nu þa aptur j þeſſum Piſtle, hellande ſo Vidſmiere j Scarenn, tiaande ſig þeim nærſta Vingiarnlegann, og biodande þeim ad medtaka hinn Syndduga aptur med Kiærleika. I hinum firſta og vdrum Cap. auglyſer hann ſinn Kiærleika vid þa, hvorſu ad hann hefur alla Hlute ſagt, giort, og lidid þeim til Nytſemdar, og heilſugiafar, ſo ad þeir mættu þvi helldur alls hins beſta til hans vænta.

Epter þad, j hinum þridia, fiorda, og fimta Cap. prijſar hann þad Evangeliſka Predikunar Embætte, hvort ad ſie hid allra hærſta og huggunarſamlegaſta Verk, Samvitſkunne til nytſemdar og hialprædis, og æavijſar, ad þad ſama ſie allu ædra enn Logmalſins Embætte. Og ad þad verde ofſokt, enn avæxtest þo, og framm kvæmeſt hia þeim Chriſtnu, og afle fyrer Krofsburdenn Von eylijfrar Dyrdar, enn jafnframt þeſſu allu, kiemur hann vid þa Falspoſtula, þeir ed Logmalid hardlega knudu framm j giegn Guds Evangelio, hvorier ecke utann vtvortis Heilagleik (þad er hræſne) bodudu, og lietu hinar jnnre ſkaunmer Vantruarennar kirrar vera.

I hinum Siotta og Siaunda æminner hann þa, þad þeir epterfilge ſlijkre Predikan med Verkunum,

og

og j Lijdinaunne, og lyktar pad med peirra Lofe, uppa pad, ad hann hvette pa so til æfraunn leingra ad fara.

J Attunda og Nijunda, æminner hann pa, ad peir veitte j peirre dyrre Tijd, Hialp og Studning peim Heilsan sem til-Jerusalem hofdu j upphafe oll sijn Audæfe ofurgiefid. Act. 4 Cap. J hinum Tijunda, Ellefta og Tolfta, hefur hann ad giora vidur pa Fals-Postula.

J hinum Prettanda, heiter hann peim Hardindum, sem fyndgad hofdu og ei betrudu sig.

Annar S. Pals Pistill til Corinthios.

I. Capitule.

Huggun og Polennmæde Pauli j allskonar Preyngingum og Motgange.

Paulus, Postule JESU Christi fyrer Guds Vilia; og Broder Timotheus. Peim Guds Sofnude j Corintho, samt ollum Heilogum j allre Achaia.

2. Sie Nad og Fridur med ydur, af Gude vorum Fodur, og DROttne JESU Christo.

3. Bles-

3. Blessadur sie GUd og Fader DROTtins vors JEsu CHristi, hvor ad er Fader Miskunsemdanna, og GUd allrar Huggunar, sa oss huggar j allre vorre Hriggd.

4. So ad vier gietum og huggad þa, sem eru j alls hœattudum Hriggdum, medur þeirre Huggan, þar vier verdum med af GUde huggader.

5. Þviad lijka so sem vier hofum miked af CHristi Pijnu, so verdum vier og lijka rijkuglega huggader fyrer CHristum.

6. Enn hvort ad vier hofum Hriggd eda Huggan, þa skier þad ydur til goda, er þad Hrigging, þa skier þad ydur til Huggunar, og Heilsugiafar (hvor heilsugiof ad audsyner sig, ef þier a þennann mœta med Polinnmœde lijded, lijka sem þad vier lijdum) er þad Huggan, so skier þad ydur til Huggunar og Hialprœdis.

7. Og vor Von er stadfost fyrer ydur, af þvi ad vier vitum þad, ad lijka sem þier erud Hluttakarar vordner Hrigdanna, so munud þier og verda hluttakarar Huggunarinnar.

8. Þviad vier vilium eige dylia fyrer ydur, goder Brœdur, vora Hriggd, hvor oss skiede j Asia, þviad vier vorum odœmelega forþyngder, yfer vort Megn, so ad vier svœntum eirnenn Lijfe ad hallda, urskurdande þad med sialfum oss, ad vier œttum ad deya.

9. Enn þad skiede þar fyrer, ad vier settum

ecke

ecke vorn trunad a sialfa oss, helldur a þann Gud sem Dauda uppvekur.

10. Hvor oss hefur frelsad af þvilijkum Dauda, og nu daglega frelsar.

11. Og vier vonum þad hann mune oss frelsa hier epter, fyrer tilstirk ydar Fyrerbonar fyrer oss, so ad fyrer þa Giafu sem oss er giefenn, fyrer margar Personur yfer oss, skie mikil Þackargiord.

12. Þviad vor Hrosan er þad, sem er Vitnan vorrar Samvitsku, þad vier hofum framm farid j Verolldenne j Einfalldleik og Guds Grandvarlegleika, ei j holldlegre Vitsku, helldur j Guds Nad, enn einna mest hia ydur.

13. Þvi vier skrifum ydur eckert annad til, enn þad þier lesid og reynid, enn eg vona þad þier munud reyna oss so allt til endeloka.

14. So sem þier hafid og reynt oss af nockre Aalfu, ad vier erum ydar Hrosan, lijka so sem ad þier erud og vor Hrosan, a Deige DROttins vors JEsu.

15. Og uppa þvilijkt Traust þeinkte eg einusinne til ydar ad koma, uppa þad þier medtækiud aptur ad nyu einn Velgiorning.

16. Og eg ferdadest fyrer ydur j Macedoniam, og kiæme ur Macedonia aptur til ydar, og verde so af ydur a veg leiddur j Judeam.

17. Enn hafe eg ostoduglynde framid, þa er

er eg hugleidde slijkt, eda er minn Aasetningur holldlegur? Eige so, helldur hia mier er Ja, Ja, og Nei, Nei.

18. Enn trulyndur er GUD, ad vor Ord voru ei til ydar, Ja og Nei.

19. Þviad Sonur Guds JEsus Christur, sa ad fyrer oss er a medal ydar predikadur, fyrer mig og Silvanum, og Timotheum, hann var eige Ja og Nei, helldur var þad Ja j honum.

20. Þviad oll Guds Fyrerheit eru ja j honum, og eru (a) Amen j honum, Gude til Dyrdar fyrer oss.

(a) (Amen) þad er vissulegt og sannarlegt.

21. Enn GUD er sa sem oss stadfester samt ydur j CHristo, og oss hefur smurt,

22. Og innsiglad, og giefed Andann til Pants j vor Hiortu.

II. Capitule.

Einn sem var Bannfærdur, en giorde sidan Yferbot, er jntekinn aptur i þann almennelega Guds Sofnud.

Og eg oakalla GUD til Vitnis, uppa mijna Sal, þad eg þyrmde ydur j þvi, ad eg kom ei aptur j Corintho.

2. Ecke þad vier sieum Drottnar yfer ydvarre Tru, helldur erum vier tilhialpendur ydvars Fagnadar, þviad þier standed j Trunne.

3. Eg þeinkte og med sialfum mier þad, ad koma ei aptur til ydar med Hrigd.

4. Pvi ef so er, ad eg hrigde ydur, hvor er hann þa, sa er mig gledur, utan sa sem af mier verdur hriggur giordur?

5. Og þad hid sama skrifade eg ydur, so ad eg þyrfte eige hriggur ad vera, þa ed eg kiæme, af hvorju eg ætte med riettu þo gladur ad vera, med þvi ad eg treyste þess til ydar allra, þad ad minn fognudur sie allra ydar Fognudur.

6. Þviad eg skrifade ydur til j mikille Hriggd, og Trega mijns Hiarta, med morgum Taraſollum, ei þad þier skylldud hriggver verda, helldur þad þier skylldud þeckia þann Kiærleika, sem eg hefe yfirfliotanlega til ydar.

7. Enn ef einhver hefur Hriggd af stad komed, sa hefur ei (a) mig hriggt, utan einasta j nockurn mata, uppa þad, ad eg þyngde ydur eige ollum.

(a) (Mig) þad er, hann hefur ecke angrad mig um ydur, helldur ydur. Þvi þad eg var angradur, þad var ydar vegna, enn ecke mijn.

8. Enn þad (b) oanæger, ad sa same er af morgum so straffadur.

(b) (Na-næger) Hann talar um þann hann straffade j fyrsta Pistle 5. Cap. Og villde hafa ofur-sellt hann Diofleinum: enn nu bifalar hann, ad menn skuli taka hann aptur þad first hann hefde straffadur verid.

9. Uppa þad þier fyrergiefed honum nu hiedan af þvi framar, og Huggan veited, so ad hann sockvest ecke j ofmikla Hriggd.

10. Hvar

10. Hvar fyrer ad eg beide ydur, ßad ßier audsynid a honum Kiærleik.

11. Þvi fyrer ßad ßkrifade eg ydur til, ßad eg kiende ydar Raun, hvort ad ßier værud hlydduger j ollum Greinum.

12. Enn hvorium ßem ßier fyrergiefed nockud, ßeim fyrergief eg og. Þvi eg eirninn, ef eg fyrergief nockrum eitthvad, ßad fyrergief eg ydar vegna j Christi Stad.

13. So ad vier verdum eitkælder af Andßkotanum, ßviad oßs er eige ovitanlegt hvad hann hefur j Skape.

14. Enn ßa er eg kom til Troada ad predika Christi Evangelium, og mier voru Dyr upploknar j DRottne,

15. Hafde eg eige Hvijld j mijnum Anda, er eg fann ecke Titum minn Brodur, hellour giorde eg minn Skilnad vid ßa, og for burt j Macedoniam.

15. Enn Gude ßieu Þacker, ßa alla Tijma giefur oßs Sigurinn j Christo, og fyrer oßs opinnberar Jlming ßinnar Kynningar j ollum Stodum.

17. Þviad vier erum fyrer Gude gud Jlming j Christo, bæde a medal ßeirra ßem hialpaßt, og medal ßeirra ßem fortapader verda.

18. Þeßßum Jlmur Daudans til Dauda, enn hinum Jlmur Lijfßins til Lijfs. Og hver er hæfilegur til ßeßßa?

19. Þviad vier erum ecke so sem marger adrer, þeir ed Guds Ord (c) falsa, helldur so sem af Skiærleika, og so sem af Gude, tolum vier, fyrer Guds Auglyte j Christo.

(c) (Falsa) vegna Magans og Agyrndarennar, so sem þa einn Vijntappare falsar Vijn.

III. Capitule.

Paulus talar (I) um Vegsemd þess Evangeliska Embættes: og (II) um þess Diorfung.

I. Tokum vier enn aptur til ad hæla sialfum oss? eda þurfum vier lijka so sem ad nockrer Holsbriefanna vid til ydar, edur Holsbrefinn af ydur?

2. Þier erud vort Brief, skrifad j vorum Hiortum, sem audkiennt og lesid verdur af ollum Monnum.

3. Þier sem auglyster erud ordner, þad þier erud Brief Christi, tilreidder fyrer Prediknar Embætte, og af oss skrifader, eige med Bleke, helldur med Anda Guds lifanda, ei a Steinspiolldum, helldur a holldlegum Spiolldum Hiartans.

Pistillenn XII. Sunnud. epter Trinit.

4. Enn slijkt (a) Traust hofum vier fyrer Christum til Guds.

(a) (Traust) ad vier hofum tilbued ydur til eins Briefs.

5. Eige so, þad vier sieum af oss sialfum neyter

neyter nockud ad hugleida, so sem af sialfum oss til, helldur þad vier erum neyter, þa er þad af Gude,

6. Sa er oss giorde neyta, framm ad flytia Embætte hins Nya Testamentis, eige (b) Bokstaffins, helldur (c) Andans, þviad Bokstafurinn deyder, enn Andenn lijfgar.

(b) (Bokstaffins) ad kienna Bokstafenn, er ad kienna eintomis Logmaaled og Verkenn, aan Naadarinnar Kynningar; þar med fordæmest allt og þeckist ad vera Dauda verdugt, hvad hellst ad Manneskiann er edur gierer, þvi aan Guds Naadar kann hun eckert gott ad giora.

(c) (Andans) ad kienna Andann, er ad kienna um Naadena aan Logmaalsins og Forþiennustu; þar med verdur Mannskiepnann lifande og holpenn.

7. Enn first þad Embætte sem fyrer Bokstafena deyder, og a Steinum er grafed, hafde soddann Biartleik, so ad Israels Born geatu eige lited j Asionu Moysis, fyrer Biartleika Saker hans Andlitis, sem þo tekur Enda,

8. Þvi skyllde þa ei miklu meir þad Embætte, sem Andann giefur, Biartleik hafa?

9. Þviad ef þad Embætte sem Fyrerdæmingena predikar, hefur Birte, miklu framar hefur þa þad Embætte, sem Riettlætid bodar, yfergnæfannlegann Biartleik.]

10. Þvi hinn annar Parturenn, sem Birte hafde, er fyrer engva Birte halldande j giegn þessare yfergnæfanlegre Birte.

11. Því fyrst það hafde Birte sem Enda tekur, miklu framar mun það hafa Birte sem stodugt blijfur.

II. 12. Af því vier hofum nu slijka Von, þa hofum vier stora Diorfung,

13. Og giorum ei so, sem Moyses giorde, hvor ed * heingde (d) Huldu fyrer sijna Asian, so ad Israels Born feingu ei lited Ending þess er Enda tok.

* 2B.Mos.34,33.

(d) (Huldu) su Moysis Hulda er adskilia, ecke Bokstafenn nie hans Lærdom. Openbert Andlit Drottins er klær Skilningur Andans og Nædarennar, sem gierer os frij fra Logmælenu, Bokstafnum, og þeirra Verkum, so ad þeirra Birte og Verk skule linna.

14. Hulldur eru þeirra Hugskot forherdt.

15. Þviad allt til þessa Dags, er su sama Hulda ecke burt tekenn, yfer því gamla Testamentinu, þa þeir lesa það; hvort ad j Christo tekur Enda, enn su Hulda hanger allt til þessa Dags, fyrer þeirra Hiortum, þa Moyses verdur lesinn.

16. Enn ef (e) það snere sier til DRottins, so yrde su Hulda j burt tekenn.

(e) (Það) Hiartad.

17. Því DROttinn er Ande, enn hvar Ande DROttins er, þar er Frelsi.

18. Enn nu skodum vier aller Birte Drottins, so sem j (f) Speigle med ohuldre Asiaan, og vier verdum umbreitter til þeirrar somu

Mindar,

Mindar, fra einne Birte til annarar, so sem af DROTTINS Anda.

(f) (Speigle) So sem einn Speigell tekur vid Mindenne j sig, so tekur vort Hiarta vid Christi Kynningu.

IV. Capitule.

Paulus talar um Friofseme Evangelii j heim Strijdande Sofnude JEsu her a Jordunne.

Hvar fyrer, a medann vier hofum nu soddann Embætte, so sem ad vier hofum Miskunseme til odlast, tha preytunst vier ecke.

2. Helldur umflyum vier (a) leynelegar skammer, og forum ei med Flatskap, folsum og ecke Guds Ord, helldur med Sannleikans Opinberingu, og audsynum oss vel vid allar Samvitskur manna fyrer Gude.

(a) (Leynelegar skammer) Hann stingur tha folsku Postula, hvorier utvortis syndusi kostuleger, enn voru innra fuller Ohreinleika. Matth. 23.

3. Er nu vort Evangelium hulid, tha er tad hulid theim sem fortapader verda.

4. J hvorium ad (b) Gud tessarar Veralldar hefur forblindad Hugskot vantruadra, so their siae eige tad klara Evangelij Lios Christi Lioma, hvor ad er Guds rietta Jmind.

(b) (Gud) tessarar Veralldar Gud og Hofdinge er Diofullenn, tviad hun tionar honum, og er under honum.

5. Tviad vier predikum ecke sialfa oss, helldur JEsum Christum, tad hann sie Drottinn, enn vier ydrer Tionar JEsu vegna.

6. Þviad sa Gud, sem Ljosinu baud ur Myrkrenu ad skijna, hann gaf eitt klart Skin j vor Hiortu, so ad fyrer oss (c) framm kiæme Upplysinginn utaf þeckingu Guds Biartleika, j (d) Andlite Christi JEsu.

(c) (Framm kiæme) þad er, Vier skulum lysa og predika hvørnenn Guds Nad skal þeckiast, sem oss er tied j Christo JEsu, adrer meiga skijna og predika af Verkunum.

(d) (Andlite) þad er Christi Kynning, ei Mosis Andlit, hvort ad er Logmalsins Kyuning, þviad fyrer Christum þeckium vier Gud. Joh. 6.

7. Enn þennann Fiesiod høfum vier j Leyrkierum, so ad sa yfergnæfanlege Kraptur sie Guds, og eige af oss. Alla vega lijdum vier Harma, enn vier hriggiunst þo eige.

8. Oss veiter Torvelldt, enn vier orvilnunst eige, vier lijdum Ossokn, enn vier verdum þo eige fyrerlatner.

9. Vier verdum njdurprickter, enn vier fyrerforunst ei.

10. Og ætijd berum vier med oss Dauda DROTtins JEsu a vorum Lijkama, so ad og eirninn Lijf DROTtins JEsu opinbert verde a vorum Lijkama.

11. Þviad vier sem lifum, verdum jafnann j Daudann sellder JEsu vegna, so ad eirnenn Lijf JEsu opinnbert verde a voru daudlegu Hollde.

12. Fyrer þvi er nu Daudenn mektugur j oss, enn Lijfid j ydur.

13. Enn

13. Enn med þvi vier hofum þann sama Truarennar Anda, epter þvi sem skrifad er: * eg trude, og fyrer þad tala eg, og vier truum, fyrer þvi tolum vier og eirnenn.

* Psalm. 116, 10.

14. Og vitum þad, ad sa sem DROttinn JEsum hefur uppvakid, ad hann mun oss og uppvekia fyrer JEsum, og mun skicka oss med ydur.

15. Þviad allt þetta skier ydar vegna, so ad su yfergnæfanlega Nad, fyrer margra Þackargiord, vegsame Gud rikuglegana.

16. Fyrer þvi þreytunst vier ecke, helldur, þo þad vor ytre Madur fordiarfist, þa mun þo sa hinn jnnre Dag fra Deige endurnyast.

17. Þviad vor Hriggd, sem stundleg og litt er, giorer oss eina eylijfa og yfer allann mata mikla Dyrd.

18. Oss sem ei oalijtum hid Synelega, helldur hid Osynelega, þviad hvad synelegt er, þad er stundlegt, enn hvad osynelegt er, þad er eylijft.

V. Capitule.

Kroptug Huggun, sem hiner Truudu hafa fyrer Evangelium, og j þvi.

Þvi vier vitum þad, þo þetta jardneska Hws vorrar Tialdbudar verde nidurbrotid, þad ad vier hofum Bygging af Gude uppbyg-

da, Hvs, eige med Hendum giort, pad æfinnlegt er a Himnum.

2. Og par epter andvorpum vier eirnenn, epter vorre Jbygging sem er a Himnum, gyrnandist henne ad yferklædast,

3. Po so, ad vier sieum klædder, og ei nakter fundner.

4. Pviad medann vier erum j Tialldbvdinne, pa forleinger ofs, og erum pungder, af pvi vier villdum fegner eige afklædder, helldur yferklædder verda, uppa pad hid daudlega burt svelgest af Lifenu.

5. Enn hann sem ofs bio til pess hins sama, er sa GUD, sem ofs giefed hefur Andann j Pant.

6. Enn jafnann pa erum vier med godu giede, og vitum pad, ad med pvi vier byggium j pessum Likama, pa erum vier j Fiarlægd fra DRottne.

7. Pvi vier gongum j Trunne, og ecke j Skodunninne.

8. Enn vier erum med godre Hughreyste, og hofum miklu meire Lyst til ad vera fiarlæger af Likamanum, og heimia hia DRottne.

9. Fyrer pvi kostgiæfum vier og eirnenn, hvort vier erum heima eda fiarlæger, pad vær kynnum ad vera honum pocknanleger.

10. Pvi vier hliotum allir ad op'nberast fyrer Domstole Christi, uppa pad, ad hvor eirn odlest epter pvi hann hefur ad hafst j Likamans Lifse, sie pad Illt eda Gott.

11. Med

11. Med þvi, ad vier vitum, ad DRottinn ber ad ottaſt, þa forum vier j (a) hægd ad vid Lydenn, enn Gude erum vier opinnberer, eg vona og eirnenn, þad vier ſieum og j ydrum Samvitſkum opinnberer.

(a) (j Hægd) þad er, vier høndlum ecke vijkingslega, edur þvingum Folked med Banne, edur annare ſtrangre ſiornan, þvi vier ottunſt Gud, helldur kiennum vær þeim hogværlega, ſo vier ongvann ſyggium.

12. Þvi vier lofum oſs eige ſialfa ad nyu, helldur þad vier giefum tilefni ad hroſa af oſs, uppa þad þier hafid nockru ad hroſa j mote þeim, ſem hroſa ſier epter Aaſynd, og ecke epter Hiartanu.

13. Þvi erum vier (b) Hoſtuger, ſo erum vier þad Gude, erum vier hoglater, þa erum vier ydur hoglater.

(b) (Hoſtuger) þad er, þo vier høldum ad Folkenu, þa þiennum vær þo Gude þar med, enn høndlum vær hogværlega og lijukunarſamlega vid þa, þa gierum vier Folkenu þad til goda, ſo ad þad er a allar ſijdur riett og vel giort.

14. Þviad Chriſts Kiærleike þvingar oſs, af þvi vier høldum þad þar fyrer, firſt ad einn hefur fyrer alla daed, þa ſieu þeir aller dauder.

15. Og þvi hefur hann fyrer alla daed, ſo ad þeir ſem lifa, lifi ei ſialfum ſier hier epter, heldur honum ſem fyrer þa hefur daid og upp-aptur riſid.

16. Par fyrer þeckium vier nu hier epter, ongvann (c) epter Holldenu. Þott ad vier hofum eirnen þeckt Christum epter Holldenu, þa þeckium vier hann þo nu so eige leingur.

(c) (Epter Holldenu) Ad þeckia ecke Christum epter Holldenu, er, ad leita einskis þess hia honum sem holldlegt er, so sem hans Læresveinar giordu fyrer hans Pijnu og Dauda, heldur ad lœta sier nœgia med hans Dyd, j hvoriu þeir hafa einungis eylijst Lijf, og andlegt Gots.

17. Par fyrer sie nockur j Christo, þa er hann ny Skiepna. Hid gamla er umlidid, siaed, aller Hluter eru nyer ordner.

18. Enn allt þad af GUde, hvor oss forlijkte vid sialfann sig fyrer JEsum Christum, og gaf oss þetta Embœtte, sem predikar Sœttina.

19. Þvi GUd var j Christo og forlijkade Heimenn vid sialfann sig, tilreiknande þeim eige sijnar Synder, og hefur uppreist vor a medal Ordid af Forlijkuninne.

20. So erum vier nu Sendebodar j Christi stad, þviad GUd œminner fyrer oss, þar fyrer bidium vier ydur j CHristi stad, lœtid forlijka ydur vid GUD.

21. Þvi hann hefur þann sem af engre synd vissi, fyrer oss ad Synd giort, uppa þad, vier yrdum j honum þad Rietlœti, sem fyrer GUde gildir.

VI. Ca-

VI. Capitule.

Peir Trnudu verda æminnter til ad hlijda Christo.

Pistillenn I. Sunnudag i Fostu.

Enn vier æminnum ydur, sem Medhialpara, ad pier medtaked ecke Guds Nadd til oønytis.

2. Pvi hann seiger: *I pægann Tijma heyrde eg pig, og a Deige Hialprædesins hialpade eg pier, siaed, nu er sa pægelege Tijme, nu er Dagur Hialprædesins. *Esa.49,8.

3. Lætum oss pvi ecke nockurstadar giefa nockrum Hindran, uppa ad vort Embætte verde ecke lastad.

4. Helldur audsynum oss sialfa i ollum Hlutum, so sem Guds Pienara, i mikille Polinmæde, i Harmkvælum, i Hæskasemdum, i Pyngslum,

5. I Hvodstrokum, i Fistrum, i Upphlaupum, i Erfide, i Vokum, i Fostu,

6. I Hreinlijfe, i Vitsmunum, i Bidlundargiede, i Hogvære, i Helgum Anda, i Falslausum Kiærleika,

7. I Sannlelksins Orde, i Guds Krapte, fyrer Herklæde Riettlætesins, til hægre og vinstre Handar,

8. Fyrer Vegsemd og Vansemd, fyrer Vanrikte og gott Rikte, so sem Falsarar, og po Sannarleiger.

9. So sem okunnuger, og þo kunnuger, lijka so sem þeir ed deya, og siaed, þad vier lifum, so sem heguder, og þo ei lijfloatner.

10. So sem Syrgendur, þo jafnann glader, so sem Volader, enn þo þeir ed marga audga, lijka sem þeir ed eckert hafa, og þo hafa alla Hlute.]

11. O þier j Corintho, vor Munnur hefur sig opnad til ydar, vort Hiarta er gladt, vorra vegna þurfed þier ecke (a) twister vera.

(a) Þeir j Corintho vorn hrædder vegna þess fyrra Pistels, og angrudu sig, þad þeir hofdu stiggt Postulann; Nu huggar hann þa og seiger, ad sitt Hiarta og Munnur gledie sig og utbreide, þar fyrer skylldu þeir ecke angra sialfa sig, so sem være hann reidur uppa þa. Enn þad þeir villdu angra sig sialfa, þar til hofdu þeir ongva Ordsok af honum, helldur angrudu þeir sig so sem god Born af godu Hiarta, hvors þo ecke giordest þorf.

12. Enn þad þier erud twister, þad giored þier af Hiartans Meiningu.

13. Eg tala vid ydur, so sem vid Born mijn, ad þier hegded ydur og eirnenn vid mig, og sieud lijka hughrauster.

14. Toged ecke annarlegt Ok med Vantruudum, hviad hvoria Hluttsku hefur Riettlætid med Ranglætenu? Eda hvort Samlag hefur Liosid vid Mirkurinn?

15. Hvornenn kann CHristo ad koma samann vid Belial? eda hvort Hlutskipte hefur Truadur med Vantruudum?

16. Hvo-

16. Hvoria Samsinning þefur Guds Mustere vid Skwrgodenn? enn þier erud Mustere Guds lifanda, epter þvi sem GUD seiger: * Eg mun bwa j þeim, og ganga j þeim, Eg mun og vera þeirra GUD, og þeir skulu minn Lydur vera.

* 3B. Mos. 26, 12.

17. Þar fyrer, * ganged wt fra þeim, og fraskilied ydur, seiger DROttenn, og snerted ecke þad oklœart er, þa mun eg medtaka ydur,

* Es. 52, 11.

18. Og vera ydar * Fader, og þier skulud vera mijner Syner og Dœtur, seiger DROttenn Almœttugur. Jer. 31, 1. 9.

VII. Capitule.

Truader eru œminnter ad lifa heilaglega, og ad halda vid hreinann Lærdom.

Med þvi vier hefum þvilijkt Fyrerheit, mijner Kiærustu, þa latum oss hreinsa oss af allre Saurgan Holldsins og (a) Andans, og œframm forum med Helguninne j GUDs Otta.

(a) (Andans) þad er: Lærdomsins og Truarbragdanna Saurgun, so sem þeir Falspostular kienndu.

2. Medtaked oss, engvum giorum vier Mein, engvum giorum vier Skada, engvann drogum vier a tœlar.

3. Þetta seige eg ydur, ecke til ad fordœma ydur, þviad eg hefe œdur sagt, þad þier erud j voru Hiarta, til ad deya med, og ad lifa tilsamans.

4. J

4. I storre Diorfung tala eg vid ydur, morgu hrosa eg af ydur, uppfylltur em eg Huggunar, yfergnæfanlegur er eg j Fognudej allre vorre Hriggd.

5. Þvi þa vier komum j Macedoniam, hafde vort Hollð engva Roo, helldur j ollu lidum vier hriggd, hid ytra Barœattu, hid innra Otta.

6. Enn GUd, sa sem huggar þa Fyrerlitlegu, hann huggade oss fyrer Tilkomu Titi.

7. Enn eige alleinasta fyrer hans Tilkomu, helldur eirnenn fyrer þa Huggan, þar hann var af ydur med huggadur, kunngisrande oss ydar Forleinging, ydar Tœr, ydar Vandlœting um mig, so ad eg gled mig enn meir.

8. Þvi þar eg hriggde ydur med Briefinu, jdrar mig ecke, þo mig angrade þad, enn first eg sie, ad þad Brief hefur ad eins um Stundar-Saker hrigget ydur,

9. So gled eg mig nu þo, eige af þvi þad þier erud hriggver, helldur þad þier urdud hriggver til Jdranar, þviad þier erud gudlega hriggver ordner, so ad þier feingud engvann Skada af oss, j nockurn Stad.

10. Þviad su Hriggd sem er af Gude, verkar Jdran til Hialprœdis, hvors engvann jdrar, enn þessa Heims Hriggd verkar Dauda.

11. Siaid þad, ad þier erud gudlega hriggver ordner, hvoria Kostgiœfne þad hefur med ydur verkad, þar ad auk Forsvar, Reide,

Reide, Otta, Forleinging, Vandlæting, Hefnder, og j ollum Hlutum þa hafid þier audsynt ydur ad þier erud skijrer j Verkenu.

12. Fyrer þvi, þo ad eg skrifade ydur til, þa er þad ecke hans vegna skied, sem Ranginde framde, og ecke hans vegna, sem Oriettinn leid, helldur þess vegna, þad ydar Kostgiæfne vid oss opinnber yrde hia ydur, fyrer Gude.

13. Af þvi, þa erum vier huggader, þad þier erud huggader, enn þo hofum vier yfer allt framm gladt oss meir yfer Fognude Titi, þviad hans Ande er ad nyu endurnærdur af ollum ydur.

14. Þvi hvad eg hefe hroosad af ydur fyrer honum, þar fyrer þarf eg ecke ad skammast mijn, helldur lijka so sem allt þad er sannleike, sem eg hefe vid ydur talad, so er og eirnenn vor Hrosan hia Tito, sannleikur ordenn.

15. Og honum er af Hiarta olldungis vel til ydar, þa er hann hugleider hlijdne allra ydar, hvorunenn þier hafed med Hrædslu og Otta hann medtekid.

16. Eg gled mig og, þad eg ma (b) alls til ydar treysta.

(b) Eg kann ecke ad spilla fyrer mier hia ydur.

VIII. Capitule.

Truader eru aminnter ad gefa Fatækum Almusu epter Efnum sinum og Mætte.

Eg

Eg kunngiore ydur, kiærer Brædur, þa Guds Nad, sem giefenn er þeim Sofnude j Macedonia.

2. Þviad þeirra Fogundur var þa yfergnæfanlegur, þann Tijd þeir urdu fyrer morg Harmkvæle reynder, og þo ad þeir være nærsta fatæker, þa hafa þeir þo rijkuglega giefid j ollum Einfalldleika.

3. Þviad epter ollu megne (þad vitna eg) og yfer megn framm voru þeir sialfviliuger.

4. Og beiddu oss med morgum Aaminningum, þad vier medtækium þa Godgiord og samlag Stirkfins sem Heilsgum þar veitest.

5. Og eige sem vier vonudum, helldur gæfu þeir j firstu sialfa sig DRottne, og oss epter þad, fyrer Guds Vilia

6. Þad vier hlutum ad æaminna Titum, epter þvi hann hafde æadur upphafed, so fkyllde hann og fullenda slijka velgiord ydar a mille.

7. Enn lijka sem þier erud rijker j ollum Hlutum, j Trunne, j Ordenu, j Skilningenum, og j allre Kostgiæfne, og j ydrum Kiærleika til vor, so afreked eirnenn, þad þier sieud og eirnenn vijker j þessare Velgiord.

8. Eg seige ecke, sem biode eg nockud, helldur med þvi ad hiner adrer eru so kostgiæfner, þa reyne eg ydvarn Kiærleika, hvort hann er af riettre Art.

9. Þvi þier viteð Nad DRottins vors

JEsu

Jesu Christi, ad þo hann sie rijkur, vard hann þo fatækur ydar vegna, uppa þad, þier yrdud fyrer hans Fatækt auduger.

10. Og mitt Raad gaf eg j þessu, þviad þetta er ydur nytsamlegt, þier sem upp hafed (a) byriad fyrer tolf Manudum, eige einasta Giorningenn, helldur jafnvel Viliann.

(a) (Upbyriad) þier crud þeir fyrstu sem þad bæde villdud og giordud.

11. Þvi fullkomnid nu og eirnenn Giorningenn, uppa þad, lijka sem þad, ad þar er tilhneigiannlegt Sinne til ad vilia, so sie þar og eirnenn tilhneigianlegt Sinne til Giorningsins, af þvi sem þier hafed til.

12. Þvi first einn er godviliadur, þa er hann þacknæmur, ept r þvi sem hann hefur til, enn eige epter þvi sem hann hefur ecke.

13. Eige skier þad j þa Meining, þad adrer hafe Hvijld, enn þier hrelling, Helldur ad þad sie jafnt.

14. So þione ydar Gnægd þeirra Þurft, j þessare (hallæris) Tijd, uppa þad, ad þeirra Gnægd eptera þione ydvarre Þurft, og þad sem jofnudur er mætte skie.

15. Sem ad skrifad er: * sa er miklu safnade, hann hafde eckert Afgangs, og sa er litlu safnade, hann hafde engvann Brest.

* 2B. Mos. 16, 18.

16. Enn Gudi sieu þacker, sem slijka Fyrerhyggiu hefur giefed j Hiarta Titi til ydar.

17. Þviad

17. Þviad hann medtok ad sønnu þa Aminning; Enn med þvi hann var so miog kostgiæfenn, er hann af sijnum sialfs eigenn Vilia til ydar farenn.

18. Enn vier sendum med honum einn Brodur, þann er Lof hefur j Evangelio af allre Samkundunne.

19. Og eige alleinasta þad, helldur er hann eirnenn Skickadur utaf Samkundunne, ofs til Forunauts, til þessarar Velgiordar, sem fyrer ofs verdur samannsofnud, DRottne til Sæmdar, og ydar godum Vilia (til Afhallds.)

20. Og ad giæta þess, ad einginn mætte epter ofs seigia nockud vondt, slijkrar audugrar Hialpar vegna, sem fyrer ofs verdur samann dreigenn.

21. Og sia til, ad þad fære sæmelega, eige alleina fyrer DRottni, helldur eirninn lijka fyrer Mønnum.

22. So hofum vier og sendt med honum Brodur vorn, þann vier hofum opt reynt j morgum Greinum, þad hann sie kostgiæfenn, enn nu miklu kostgiæfnare. Og vier hofum miked Traust a ydur.

23. Sie þad Titi vegna (sem er minn Lagsmann og Hialparmann ydar a mille) eda vegna vorra Brædra (hvorier ad eru Postular Samkundanna, og Dyrdar Christi.)

24. Fy-

24. Fyrer þvi giefed bevijsadann Kiærleika og vora Hrosan fra ydur, vid þessa, eirnimn j Auglite Safnadarins.

IX. Capitule.

Þær Almusugiafer ega ad greidast af hende sem heited hefur vered.

Þviad um þessa Hialp, sem þeim Heilogu skier, er mier ecke þorf ad skrifa ydur til.

2. Þviad eg veit ydvarn godann Vilia, hvar af eg hroosa, hia þeim ur Macedonia (og seige) þad Achaia er fyrer tolf Manudum reidubuenn, og ydvart Epterdæme hefur marga tilknued.

3. Enn eg hefe af þvi þessa Brædur sendt, so þad vor Hrosan utaf ydur yrde ei ad ongvu, j þeirre Grein, og þier sieud reidubuner, lijka so sem ad eg hefe sagt utaf ydur.

4. So ad, ef þeir ur Macedonia kiæme medur mier, og fyude ydur ovidurbuna, ad vier (eg vil eige seigia, þier) verdum til Skammar, med slijkre Hrosan.

5. Enn eg hefe œalitid þad fyrer gagnlegt, ad œaminna Brædurnar, þad þeir fære first til ydar, ad reidubvva þessa œadurlofada Blessan, þad hun sie til reidu, so þad sie ein Blessan, enn einginn (a) Agyrne.

(a) (Agyrne) þad er Naumleike, og ad giefa lijted. Syr: 35, 11.

6. Þvi

6. Þvi eg meina þad, hvor hann sæer sparlega, sa mun sparlega uppskiera, og hvor hann sæer j Blessanenne, sa mun og eirnenn j Blessan uppskiera.

7. Hvor einn epter sijnum Efnum, eige med Ovilia edur Kvogan. Þviad hijrann Giafara hefur GUd sier kiærann.

8. Þviad GUd er mattugur ad gisra, þad allshœattud Nœad sie gnogleg medal ydar, so ad þier hafed alls Gnœgd j ollum Hlutum, og sieud rijker til allra godra Verka.

9. So sem ad skrifad er: * hann utdreifde og gaf Fatœkum, hans Riettlœte blijfur um Allder allda. * Psalm. 112, 9.

10. Enn sa er Sæded giefur Kornsædaranum, sa mun og giefa Branded til Fœdslunnar, hann mun og margfallda ydart Sæde, og aukast lata Friofgan ydvars Riettlœtis,

11. Þad þier sieud auduger j ollum Hlutum, med allann (b) Einfalldleik, sem ad gisrer GUde Packer fyrer oss.

(b) (Einfalldleik) ad Velgiorningar skie ecke vegna Nytseme og Gagns edur Launa, ecke helldur Virdinga vegna, helldur af frialsum Kiærleika og Lostugliga.

12. Þviad su Utgipt þessarar Hialpar, uppfyller ei einasta Fatœkt Heilagra, helldur yfergnœfer hun eirnenn j þvi, þad marger packa GUde,

13. Fyrer þessa vora trua Þionustu, og prijsa GUd, yfer ydvare hlijdugre Vidurkienningu

ningu Christi Gudspialla, og yfer ydvare einfalldre Hialparstod til peirra, og til allra,

14. Og yfer peirra Bænum fyrer ydur, hvoria ad forleinger epter ydur, fyrer saker peirrar yfergnæfanlegrar Gluds Noadar, sem j ydur er.

15. Enn Glude sieu packer fyrer sijna o-umrædelega Gioafu.

X. Capitule.

Falskennendur hrosa sier sialfer.

Enn eg Paall beide ydur fyrer Hogvære og Polinnmæde Christi, eg sem j nealægd er lijtils virdtur, ydar a mille, enn j fiarska em eg diarfur vid ydur.

2. Enn eg bid ydur, pad mier sie ecke porf nealægum diarflega ad hondla, og pa Diorfung framme hafa, sem mier verdur tillogd vid suma, peir oss akta, sem geingum vier epter Holldsins Plagsid.

3. Pvi po vier geingum j Holldenu, pa strijdum vier po eige j Holldlegum Plagsid.

4. Poiad Hervopn vor eru eige holldleg, helldur maattug fyrer Glude, til Nidurbrots Hervirkianna, hvar med vier nidurbriotum pann Alasetning,

5. Og alla Hæd, sem ad sig upphefur j giegn Gluds Vijsdome, og ad Herfange tokum alla Skinsemd, under Christi Hlijdne.

6. Og

6. Og erum reidubuner ad hefna allrar Ohlijdne, þa er ydar Hlijdne er uppfylld.

7. Dæmid þier epter Aalite. Treyste nockur þar uppa, þad hann sie CHristi, þa þeinke sa þar a mote, eirnenn þetta, hia sialfum sier, þad lijka sem hann heyre Christo til, so heyrum vier eirnenn Christo til.

8. Og þo ad eg hrosade mier nockud framar ut af vorre Magt, sem DROTTinn hefur oss giefed, ydur til Betrunar, og ecke til Fordiorfunar, þa munde eg þo ecke til skammar verda.

9. Enn þetta seige eg, uppa þad þier latid ydur ei þykia, sem hefde eg viliad skielfa ydur med Briefum.

10. Þviad þaug Briefenn (seigia þeir) eru þung og sterk, enn Nalægd Lijkamans er veik, og Maalid er forsmaanarlegt.

11. Hvor þess konar er, hann þeinke, þad lijka so sem vier erum med Ordum j Briefunum j Fraverunne, so dirfumst vier eirnenn ad vera med Giorningenum j Nalægdenne.

12. Þviad vier dirfumst ecke ad reikna oss edur telia medal þeirra, sem sig sialfa lofa. Enn med þvi þeir meta sig hia sialfum sier, og hallda so einasta vot af sier sialfum, þa understanda þeir eckert.

13. Enn vier hroosum oss ecke yfer Maal framm, helldur alleinasta epter Mælingu þeirrar Reglu, þar ed GUd hefur oss þann skamt

med

med af meted, ad gieta nœad eirnenn allt til ydar.

14. Þvi vier (a) forum ecke oflangt i fra, so sem ad hefdum vier ei nœad gietad allt til ydar, þvi vier erum komner allt til ydar med Christs Evangelium,

(a) (Forum ecke) þad er, vier vilium ecke hrosa oss of mieg. Værum vær ecke komner til ydar, so sem hiner adrer gisra, þeir er sier hroosa af annarligu Erfide, hvort ad vort er.

15. Og hrosum oss ei framm yfer Mælingena j annarlegu Erfide. Og vonum, ad nær ydar Tru vex nuj ydur, þad vier vilium vijdara komast, epter vorre Reglu.

16. Og predika eirnenn Evangelium þeim, sem hinumeigenn ydar bvva, og hroosa oss ecke af þvi, sem med annarlegre Reglu er tilbvved.

XI. Capitule.

Rett-Truader Kennendur hafa þess ea millum þad til ad bera utvortis, er þeir mege hrosa sier af gegn Fals-Kennendum.

Enn hver sier hrosar, sa hrose sier i DROTTne.

2. Þvi fyrer þad er eingenn dugannlegur, þad hann lofar sig sialfur, helldur þad DROTTinn lofar hann.

3. Giæfe Gud, þier hielldud mier lijted eina Favitsku til goda, þo þier hallded hana vel til goda.

4. Þvi eg vanda um vid ydur med Gudlegu Vandlæte. Þvi eg hefe fastnad ydur einum Manne, so ad eg j Hendur sellde Christo eina skijra Mey.

5. Enn þad ottunst eg, ad lijka sem Hoggormurenn tælde Evu med sijnu Flœræde, so lijka meige og burt slijtast ydar Hugskot, j fra þeim Einfalldleik sem er j Christo.

6. Þvi ef sa same sem til ydar kiemur, predikade eirn annann JEsum, þann vier hofum ei predikad, eda ef þier medtakid annann Anda, þann þier hofdud ecke medteked, ellegar annad Evangelium, þad þier hofdud ecke medteked, þa umlidud þier þad rietelega.

7. Þvi eg helld, þad eg sie eige minne, helldur enn þeir hiner Edre Postular eru.

8. Og þott eg sie fafrodur j Mœalenu, þa em eg þo ecke fœfrodur j Skilningenum. Þvi eg em hia ydur alldungis vel kiendur.

9. Eda hefe eg syndgad j þvi, þad eg mijnkade mig, so ad þier upphefdust? Þviad eg hefe kunngiort ydur Evangelium fyrer eckert.

10. Og eg hefe rænt adrar Samkundur og Verdlaunenn fra þeim teked, þad eg predikade ydur.

11. Og þann Tiid eg var hia ydur nalœgur og mig skorte, var eg engvum þungur, þvi mijna Naudþurft uppfylldu þeir Brœdur, sem

sem komu af Macedonia, og i ollum Hlutum giætta eg mijn, ad vera utan Pyngsla vid ydur, og vil eg enn nu hallda mig so hiedan j fra.

12. Þvi so sannarlega sem Christs Sannleikur er j mier, þa skal mier þesse Hrosan j Lande Achaiæ, ecke (a) tilstijfld verda.

(a) (Tilstijfld) sem rennande Vatn, so skal mija Hrosun Frammgang hafa, og Aaframm hallda obindrud.

13. Hvar fyrer? ad eg skylde ei elska ydur? Gud veit þad.

14. Enn hvad eg gisre og vil gisra, þad gisre eg fyrer þad, ad eg afsnijde þeim þad Tilefne, sem Tilefnis fara a leit, þad þeir mættu hrosa sier, ad þeir sieu so sem vier.

15. Þviad þes hættar Falspostular, og svikfamleger Erfidismenn, gisra sig ad Christi Postulum.

16. Og þad eru eige Undur, þvi sialfur Andskotenn umsnyr sier til Liossens Eingels.

17. Fyrer þad er þad ei miked, þott hans Þienarar umvende sier eirnenn, so sem være þeir Riettlætesins Þienarar, hvorra Endalok munu verda epter þeirra Verkum.

18. Eg seige nu enn aptur, þad eingenn meine, ad eg sie Favijs, Enn ef ei er so, þa medtaked mig sem annann Favijsann, so þad eg hrose mier eirnenn nockud lijted.

19. Hvad eg tala nu, þad tala eg, ei so sem j Rottne, helldur so sem j Favitsku, med þvi vier erum j þessa Hrosan komner.

20. Af þvi marger hrosa sier epter Holldenu, vil eg eirnenn hrosa mier.

21. Þviad þier umlijded giarnann Fasroda, med þvi þier erud sialfer vitrer.

22. Þier umlijded, þott nockur hneppe ydur j Þrælkan, þott nockur fieflette ydur, þott nockur take fra ydur, þott nockur hrokest upp yfer ydur, þott nockur slæe j ydra Asionu.

23. Þetta seige eg epter (b) Ovirdingu, so sem ad værum vier breiskver vordner. J hvorriu hellst sem þad nockur er nu diarfur (eg tala j Heimsku) þa em eg eirnenn diarfur.

(b) (Ovirding) þad er: vier vilium giora oss so sem breiskva, hvoria þier skulud umlijda, hvad oss er þo vanvirda, med þvi vier verdum ad umlijda ydur.

24. Þeir eru Ebresker, eg eirnenn. Þeir eru Israelitar, eg eirnenn. Þeir eru Abrahams Sæde, eg eirnenn.

25. Þeir eru Christs Þienarar, eg tala heimskulega, eg em framar. Eg hefe meir erfidad, eg hefe meire Hogg lided, eg em optar fangenn vered, opt j Daudans Hættu.

26. Af Gydingum hefe eg fimmsinnum feinged fiorutijgu Slog, einu færra.

27. Þrisvarsinnum em eg hvodstryktur, einu sinne gryttur, þrisvar hefe eg Skipbrot lided, Dag og Nott var eg j Siafar Divpe.

28. Opt

28. Opt þa hefe eg j Ferdum verед. Eg hefe verед j Haskasemdum til Vatns, j Haskasemdum medal Ræningia, j Haskasemdum millum Gydinga, j Haskasemdum medal Heidingia, j Haskasemdum j Borgum, j Haskasemdum a Eydemorku, j Haskasemdum a Sio, j Haskasemdum medal falskra Brædra.

29. J Mædu, og Erfide, j miklum Vokum, j Hungre og Þorsta, j miklum Fostum, j Kulda og Klædleyse.

30. Fyrer utann þad sem annars tilfellur, sem er, þad eg verd daglega onnadur, berande Ahyggiu fyrer ollum Sofnudum.

31. Hvor er veikur, so ad eg verde ecke (e) veikur? Hvor verdur so hneixladur, ad eg stikne ei?

(e) (Veikur) Hann giorde margt, og liet marat eptter þeim Truarveikn, sem hann hafde vel haft Vallд til odruvijs med ad hondla, so sem hann seiger: 1Cor. 9 og 12. (Stikna) þad er, þad angrade hann storlega, þa þeir Veikn voru hneixlader.

32. Ef eg skal þo hroosa mier, þa vil eg hroosa mier af mijnum Breiskleika.

33. GUD og Fader vors DRottins JEsu Christi, hvor blessadur sie til Eylijfdar, veit þad eg lyg ei.

34. J Damasco liet Landstiornarenn Kongsins Areta geyma Borgena Damascum, og villde grijpa mig.

35. Og eg vard undenn nidur j Korf ut um Vindaugad, j giegnum Mooreen, og flyde af hans Hondum.

XII. Capitule.

(I) Hvorsu ad Paulus hafe vered ricktur upp i þann þridia Himen: (II) um þann Flein j hans Hollde: (III) Jætun hans og Forsvar j gegn Falspostulum.

I. Hroosunenn er mier ad sonnu ecke nytsamleg, þo vil eg nu koma vid Sionernar og Opennberingar DRottins.

Pistillenn II. Sunnudag j Nijuvikna Fostu.

2. Eg þecke Mann j Christo, fyrer fiortan Aarum, var hann j Lijkamanum, þad veit eg eige, eda var hann utann Lijkama, veit eg eige, GUd veit þad, sa same vard ricktur allt upp j hinn þridia Himen.

3. Og eg þecke þann Mann, hvort hann var j Lijkama edur utann Lijkama, veit eg og ei, GUd veit þad.

4. Hann vard uppricktur j Paradijs, og heyrde oumrædeleg Ord, þaug sem eingenn Madur fær vot talad.

5. Af þessu vil eg mier hrosa, enn af sialfum mier til vil eg ecke hrosa mier, nema af mijnum Breiskleika.

6. Og þott ad eg villde mier hrosa, giorda eg ecke fyrer þad heimskulega, þviad eg vil

vil seigia Sannleikenn. Enn eg sporna vid þvi, þar fyrer, þad eingenn hallde mig ædra, enn so sem hann a mier sier, eda af mier heyrer.

II. 7. Og so ad eg stære mig ei, af þessum hæau Openberingum, er mier giefenn einn (a) Fleinn j Hollded, sem er Satans Eingell, sem mig skule med Knefum sla, uppa þad eg stære mig ecke.

(a) (Fleinn) kallast hier ei Freisting Holldsins, til Lystasemennar, helldur stor Plæga og Skielfing af Diofflenum, þviad þad er Fleinn, sem menn verda a pijnder, heingder eda steglder.

8. Um hvad eg hefe DROTtinn þrisvar beded, þad hann vike j burt fra mier,

9. Og hann sagde til mijn: Læt þier nægia mijna Nad, þviad (b) minn Kraptur er j Breiskvum mættugur. Fyrer þad vil eg sem fegnastur hrosa mier af mijnum Breiskleika, so ad Kraptur Christs bygge med mier.]

(b) (Minn Kraptur) Med þessu Orde huggar Christus alla þa sem veiker eru edur Motgang lijda, þvi hann kann ecke ad syna sinn Krapt j oss, utann vier sieum veiker og plægader.

10. Fyrer þvi em eg med godu Trauste, j Breiskleikum, j Vanvirdingum, j Naudum, j Offoknum, j Þreyngingum, CHristi vegna, þvi nær eg em breiskur, þa em eg oflugur.

III. 11. Eg em Fifl ordenn af þeirre Hrosan,

til hvorrar þier þvingudud mig, þvi eg atte ad lofast af ydur, af þvi ad eg em ongvum min minne enn hiner æðstu Postular, þo ad eg sie eckert.

12. Af þvi ad þar eru Postula Teikn giord ydar a mille, j allre Polenmmæde og Taknum, j Stormerkium, og Kraptaverkum.

13. Hvad er þad, j hverju þier erud minnehattar enn adrar Samkundur? Nema alleinasta j þvi, þad eg veitta ydur ei sialfur neirn þunga, fyrerlæted mier þann Glæp.

14. Siaed, eg em reidubvenn j þridia sinn ad koma til ydar, og eg vil ei vera ydur þungur. Af þvi eg spyr ei epter ydar, helldur ad ydur, þvi Bornenn eiga ongvann Aud Forelldrunum saman ad draga, helldur Forelldrarner Bornunum.

15. Enn eg vil sem fegnastar giefa mig vt, og utgiefenn verda fyrer ydar Saaler, hvorsu sem eg elska ydur miog, og verd þo lijtt elskadur.

16. Enn læted þad so vera, eg hafe ei giort ydur Þyngsl, helldur med þvi eg var slægur, veidda eg ydur med Slægdum.

17. Enn hefe eg nockurn a tælar dreged, fyrer einhvorn þeirra, sem eg sende til ydar?

18. Eg æminnte Titum, og sende med honum einn Brodur, hefur Titus nockud tælt ydur? hefum vier ei j einum Anda frammfarid, og j einum Fotsporum geinged?

19. Læted

19. Lœted ydur aptur þykia, þad vier forsvorum oss? vier tolum j Christo fyrer Gude. Enn allt þetta skier ydur (mijner Kiærustu) til Betrunar.

20. Þvi eg ottunst, þa ad eg kiem, ad eg finne ydur ecke, so sem eg vil, og þier finned mig ecke, eirnenn sem þier vilied, ad þar sie Hatur, Agg, Reide, Þræta, Bakmælge, Kvis, Hrokaskapur, og Droode.

21. So ad þa er eg kiem, þad minn GUD nidurlœge mig enn ad nyu hia ydur, og eg hliote ecka ad lijda yfer morgum, þeim er aadur hofdu syndgast, og ongva Yferbot giordu, fyrer þann Ohreinleik, Hooraner og Bligdunarleyse, sem þeir hafa framed.

XIII. Capitule.

Paulus œminner alvarlegg til sannrar Idranar.

Kome eg j þridia Sinn til ydar, so skal j tveggia edur þriggia þeirra Munne standa oll Mœlaferle.

2. Eg sagda ydur þad aadur fyrer, og eg seige ydur þad fyrerframm, so sem nalœgur, j annad Sinn, og skrifa ydur þad nu fiarlœgur, þeim sem aadur tilforna hofdu syndgast, og hinum odrum, ef eg kiem aptur j annad Sinn, vil eg eige spara.

3. Af þvi þier leited epter, þad þier ein-

hvorn Tijma verded varer þess, sem j mier talar, sem er Christur, sem ecke er breiskur ydar á mille, helldur maettugur er medal ydar.

4. Og þott hann sie krossfestur j Breiskleika, þa lifer hann þo j Guds Krapte. Og þott ad vier sieum eirnenn breiskver i honum, þa (a) lifum vier þo med honum j Guds Krapte, medal ydar.

(a) (Lifum) þad er, ef eg kiem, þa vil eg audsyna ad eg life j Christo, þo ad sumer af ydur hallde mig forer eckert.

5. Reyned ydur sialfer, hvort þier erud j Trunne. Reyned ydur sialfer, eda þecked þier ecke sialfa ydur, þad JESUS Christus er j ydur? nema þad sie, ad þier sieud oduganleger.

6. Enn eg vona ad þier þecked, þad vier erum ei oduganleger.

7. Enn eg bid þess Gud, ad þier hafest eckert vondt ad, eige uppa þad, ad vier synumst nytsamleger, helldur uppa þad, ad þier giored hid goda, og vier sieum so sem þeir hiner onytsamlegu.

8. Þviad vier meigum ei nockud j giegn Sannleikanum, helldur fyrer Sannleikann.

9. Enn vier gledium oss, þa vier erum breiskver

breiskver, enn þier erud mœttuger, og þad sama æskium vier eirnenn, sem er ydar algiorve.

10. Hvar fyrer eg skrifa ydur slijkt fraverande, so ad eg þurfe ecke, þa eg em nalœgur, hardinde framm ad hafa, epter þeirre Magt, sem DROttinn hefur mier til Betrunar, enn ecke til Fordiorfunar giefed.

11. Enn ad sijdurstu, goder Brœdur, gledied ydur, vered fullkomner, hugged ydur, vered samlynder, vered fridsamer, þa mun GUD Aastsemennar og Fridarens vera med ydur.

12. Heilsed hvor odrum innbyrdis med Heilogum Kosse, ydur heilsa aller Heilager.

13. Nœd vors DRottins JEsu Christi, og Guds Kiœrleike, og Samteinging Heilags Anda, sie med ydur ollum,
Amen.

Sa annar Pistell til þeirra j Corintho, sendur fra Philippen j Macedonia, fyrer Titum og Lucam.

Formaale yfer S Pauls Piſtil til Galatas.

Peir j Galatia voru af hinum Heilaga Paale ſnuner til riettrar Chriſtelegrar Truar, og til Gudſpialanna, J fra Logmaalenu. Enn epter hans Burtfor, komu Fals Poſtular, hvorier po voru Læreſveinar Riettferdugra Poſtula, og ſneru peim Galatis um aptur, ſo pad peir trudu, ad peir hlyte fyrer Logmaalſins Verk hialpleger ad verda, og peir ſyndgudu ef peir hiellu du ecke Logmaals Verkenn, ſo ſem Act. 15. til Jeruſalem eirnenn nockrer æ leger Menn meintu pad ſanna.

J mote peſſum hefur hinn Heilage Paall ſitt Embætte hatt upp, og vill ſig eige minne ſtiettar Mann halldenn hafa, enn hvern annann Poſtula, og hroſar alleinaſta ad vera af GUde, ſinn Lærdom og Embætte, ſo ad hann, peſſa hroſan hinna falſku Poſtula, ſem ſig med peirra riettu Poſtula Verkum og Nafne ſtudu, nidur kiefde, og ſeiger, pad ſie ecke riett, po ad eirnenn einn Eingell ødruvijs predikade, eda hann ſialfur; hvad miklu ſijdur, ef Poſtulanna Læreſveinar, eda peir ſialfer ødruvijs lærdu. Petta gierer hann j firſta og ødrum Cap. Og ætlyektar pad, ad hvor einn hlote alleinaſta fyrer Chriſtum, enn Verdſkuldunar, enn Verka, og enn Logmaalſins Riettlætur ad verda.

J hinum pridia og fiorda, ſannprofar hann pad allt med Skriftenne, Epterdæmum og Lijkingum, og bevijſar pad, ad Logmaaled fære med ſier, miklu meir, Synd og Bolvan, helldur enn Riettlæte, hvort alleinaſta er lofad og tilſagt, vt af Naadenne af GUde, og er fyrer Chriſtum enn Logmaals, uppfyllt og ofs giefid.

J ſimmta og ſiotta kienner hann pau Kiærleikſins Verk, ſem Trunne ſkulu filgia.

Sancte

Sancte Pauls Pistill til Galatas.

I. Capitule.

Paulus talar (I) um vidstodugiynde peirra Galatiska; (II) Um sitt Postula-Embætte.

1. Paall, eirn Postule, ei af Monnum, nie helldur fyrer Menn, helldur fyrer JEsum Christum, og Gud Fodur, sa hann uppvakte fra peim Daudu.

2. Og aller peir Brædur sem med mier eru. Sofnude Guds j Galatia.

3. Nad sie med ydur, og Fridur af Gude Fodur, og vorum DROTTne JEsu Christo,

4. Sem sialfann sig hefur utgiefed fyrer vorar Synder, pad hann frelsade oss j fra pessare nalægre vondre Verolld, epter Guds Vilia, og vors Fodurs.

5. Hverium ad sie Dyrd fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

6. Mig undrar pad, ad pier loated so snart snua ydur j fra peim, sem ydur kalladi j Naadena Christi, til eins annars Evangelium.

7. Sem par er po eckert annad. Utan pad, ad par eru nockrer, sem ydur villa, og umsnua vilia Christi Evangelio.

8. Enn po ad eirnenn vier, eda Eingell af Himne, predikade ydur Evangelium odruvijs

enn vier hofum predikad ydur, sa sie Bolvadur.

9. So sem vier sogdum nu j stad, so seigium vier aptur ad nyu, pad, ef nockur predikar fyrer ydur odruvijs Evangelium, enn pad pier hafed medteked, sie sa bolvadur.

10. Predika eg nu pad Monnum eda Gude til pionustu? Eda peinke eg Monnum peckur ad vera? Pvi ef eg hefde hingad til Monnum peckur verid, pa være eg ecke Christi Pienare.

11. Enn eg kunngiore ydur, kiærer Brædur, ad pad Evangelium, sem af mier er predikad, er ei af Monnum.

12. Pviad eg hefe pad af engvum Manne medteked nie lært, helldur fyrer Openberan JEsu CHristi.

13. Pviad pier hafed vel heyrt mitt Athæfe fordum Daga j Judadomenum, hvorsu eg ofsokte yfermæta Gudz Sofnud, og fordiarfade hann.

14. Og eg vox j Judadomenum, framm yfer marga mijna Jafningia, j mijnu Kine, og var vandlætande yfer mæta, fyrer Fedranna Logmæal.

15. Enn pa pad pocknadest Gude, sa mig hefur fraskiled j fra minnar Modur Kvide, og kallad fyrer sijna Nad,

16. Ad hann openberade j mier sinn Son, so ad eg skyllde kunngiora hann fyrer Evangelium medal Heidinna Pioda, pa gaf eg mig

par

þar strax til, og radgadest ei þar um vid Hold og Blod.

17. Og ei kom eg j Jerusalem, til þeirra sem fyrer mig voru Postular, helldur foor eg j burt j Arabiam, og kom so aptur j Damascum.

18. Epter þad, ad þremur Aarum lidnum, kom eg til Jerusalem, ad sia Petrum, og eg dvaldest hia honum um fimmtan Daga.

19. Enn annann af Postulunum sa eg ongvann, nema Jacobum Brodur DRottins.

20. Og þad eg skrifa ydur, siaed, Gud veit þad eg lyg ecke.

21. Epter þad kom eg j Landsalfur Syrie og Cilicie.

22. Enn eg var okienndur, ad yferlite, Christi Sofnudum j Judea.

23. Enn þeir hofdu alleinasta heyrt, þad sa oss eadur tilforna offokte, hann predikar nu Truna, hvoria hann eadur nidurbraut.

24. Og þeir vegsomudu Gud a mier.

II. Capitule.

Paulus seiger (I) fraa, ad hann hafe sunded nockra af Postulum JEsu; og (II) lika Petur. (III) Talar um Riettlæte fyrer Truna.

I. Sijdan epter fiortan Aar, for eg upp aptur til Jerusalem, medur Barnaba, og tok eirnenn Titum med mier.

2. Enn

2. Enn eg for upp þangad, epter opennberan, og hafde Tal vid þa, um þad Evangelium, er eg predikade medal Heidinna Pioda, enn sierlega þo vid þa, sem Aalited hefdu, so ad eg hlype ecke forgiefens, edur hlauped hefde.

3. Og Titus, sa med mier var, þreyngdest ei helldur til ad laata umskiera sig, þott hann være Grikur.

4. Þviad, þa ed nockrer falsker Brædur hofdu sier med oss innþreyngt, og þar med klokliga innlædst, til at skoda vort Frelse, hvort vier hofum j Christo JEsu, so þad þeir veiddu oss.

5. Þa vikum vier þeim ecke, (a) eina Stund, undergiefner ad vera, uppa þad, ad Sannleikurenn Evangelii stadfesteſt hia ydur.

(a) (Eina Stund) þad syndest j þann Tijma ad vera Ordsok til ad vijkia fyrer þeim Hardsvijrudu, so þeir hneixluduſt ecke.

6. Enn af þeim sem Aalited hofdu, (b) hvornenn þeir voru fyr meir, vardar mig engvu. Þviad Gud skeyter ecke Aalite Mannsins. Enn mier hafa þeir sem Aalit hofdu, eckert annad kiennt.

(b) (Hvornenn) þeir Falspostular settu framm, ad þeir tolf Postular hofdu umgeingest med Christo sialfum, þar fyrer være þeir meir acktande helldur enn Paulus, þar svarar Paull til, og seiger, ad þar sie eckert under komed, hvorsu vpparleger edur vegsamleger þeir sieu, þviad einn Predikare j Evangelio sie so godur sem annar.

7. Helldur þar j mot, þann Tijd þeir sau, þad

þad mier var tiltruad þad Evangelium til (c) Yferhyodarennar, lijka so sem Petre þad Evangelium til Umskurnarennar.

(c) (Yferhud) Hann kallar Heidingia Yferhud, þviad þeir voru ei umskornir. 1Pet.1,17.

8. (Þviad sa med Petre er ordenn kroptugur til Postula Embættis medal Umskurnarennar, sa same er med mier eirnenn kroptugur ordenn medal Heidenna Þioda)

9. Og þeir Jacobus, Cephas og Johannes vidurkiendu þa Nad, sem mier var giefenn, sem fyrer Stolpana voru ealitner, gafu mier og Barnaba sijna hægre Hond, og saman toku med oss, þad vid predikudum a medal Heidenna Þioda, enn þeir a medal Umskurdarens.

10. Utann einasta, þad vier minnust Voladra, hvad eg lagda allt kapp a ad giora.

II. 11. Enn þa Petur kom til Antiochiam, jmotstod eg hønum under Augun, þviad Klogun var yfer hann komenn,

12. Af þvi aadur tilforna, enn þad nockrer komu j fra Jacobo, þa eat hann med Heidingium. Enn þa þeir konu, fordade hann sier, og fraskilde sig þeim, af þvi hann ottadest þa af Umskurnenne.

13. Og þeir adrer Gydingar hræsnudu med honum, so þad Barnabas vard og so afvega leiddur, til ad hræsna med þeim.

14. Enn þa eg sa, þad þeir geingu ei riett, epter

epter Sannleik Evangelii, sagda eg til Peturs fyrer ollum openberlega: first þu, sa sem ert Gydingur, lifer sem Heidingiar, og eige sem Gydingar, hvar fyrer þvingar þu þa, þa enu Heidnu til ad lifa sem Gydingar?

III. 15. Þott ad vier sæum af Natturu Gydingar, og ecke Syndarar ut af Heidnum Þiodum.

16. Þo med þvi vier vitum, þad Madurenn verdur ecke riettlœatur fyrer Logmœlsins Verk, helldur fyrer Truna a JEsum Christum. So truum vier og eirnenn a Christum JEsum, uppa þad vier verdum riettlœater fyrer Truna a Christum, og ecke fyrer Verkenn Logmœlsins. Þvi fyrer Verkinn Logmœlsins verdur eckert Holld riettferdugt.

17. Enn skylldum vier, hvorier epterleitum fyrer Christum riettlœater ad verda, enn nu sialfer Synduger fundner verda, þa være Christur einn (d) Synda-Þienare. Þar sie fiærre.

(d) (Synda-Þienare) Hvor sem vill riettlœtur verda fyrer Verkenn, hann syner a sier, so sem Christur giorde oss, med sinne Þienustu, Embœtte, Predikun og Þijnu, nu ed fyrsta, ad Syndurum, sem Riettlœater skylldu verda fyrer Logmaled; þad er ad neita, krossfesta og spotta Christum, og uppbyggia Syndena aptur, sem œdur er nidurbrotenn fyrer Predikun Trwarennar.

18. Enn ef eg bygge þad upp aptur, hvad

eg

eg hefe nidurbroted, þa giore eg mig sialfann ad Yfertrodslumanne.

19. Þviad eg em fyrer Logmaaled, (e) Logmaalenu daaenn, so ad eg life GUDe, eg em med Christo krossfestur.

(e) (Logmaalenu) fyrer Truna, sem er eitt andlegt Logmaal, og lisande erum vier dauder Logmaale Bokstaffins, so vier erum þvi eckert skylduger, Rom. 7, 4.

20. Enn eg life, þo nu ecke eg, helldur lifer Christur j mier. Þvi þad eg life nu j Holdenu, þad life eg j Trunne Guds Sonar, sa mig hefur elskad, og sialfann sig votgiefed fyrer mig.

21. Eige sniara eg Guds Naad a burt. Þvi ef fyrer Logmaaled kiemur Riettlæted, þa er Christur forgiefens daaenn.

III. Capitule.

Paulus seger og stadfester framnveges, ad Rettlætingenn se ecke af Logmaalenu, helldur af Trunne, og færer Roksemder þar til, (I) af Verkun Rettlætingarinnar; (II) af Epterdæme Abrahams; (III) af Heilagleika Logmaalsins; (IV) af einne Epterlijking, um eins Manns Testament, og Guds Fyrerheite um Arf; (V) af rettre Brukun Logmaalsins.

I. Þier skinsemdarlauser Galatæ, hvor hefur tofrad ydur, þad þier hlijddud ecke Sannleikanum? hvorium þo JESUS Christur var fyrer Augum maladur, og nu a medal ydar krossfestur er?

2. Þad alleinasta vil eg nema af ydur, hvort

hvort þier hafed medteked Andann, fyrer Verkenn-Logmalsins, eda fyrer Predikunena af Trunne?

3. Ertu þier so skinlauser? þier hafed uppbiriad j Andanum, vilied þier þa nu j Holldenu fullkomna þad?

4. Hafed þier þa lided so margt fyrer eckert? ef þad er annars fyrer ecke.

5. Sa sem ydur giefur Andann, og giorer slijka Giorninga a medal ydar, giorer hann þad þa fyrer Verkenn Logmalsins, eda fyrer Predikunena af Trunne?

II. 6. Lijka so sem * Abraham trude Gude, og þad er honum reiknad til Riettlætis.

* 1B Mos. 15, 6.

7. So vited þier nu þa, þad þeir sem Truarennar eru, ad þeir eru Abrahams Born.

8. Enn Ritningenn hefur þetta adur tilforna fyrer sied, þad Gud riettlæta giorer hina Heidnu fyrer Truna. Af þvi kunngiorde hun þad Abraham: *J þier skulu aller Heidingiar blessader verda.

* 1B. Mos. 12, 3. c. 18, 18. c. 22, 18.

III. 9. Lijka so munu þeir sem Truarennar eru, blessast med hinum Truada Abraham.

10. Þviad þeir sem eru af Logmalsins Verkum, þeir eru under Bolvanenne. Þvi skrifad er: *Bolvadur sie hvor sa Madur, sem ei bliifur j ollu þvi, sem skrifad er j Logmals Bokenne, so hann giore þad.

* 5B. Mos. 27, 26.

11. Enn

11. Enn þad, ad fyrer Logmaalid verde eingenn Riettlaatur fyrer GUde, þa er opennbert, *þviad Riettlaatur mun lifa af Tru sinne.

* Hab. 2, 4.

12. Enn Logmaaled er ei af Trunne, helldur sa Madur, sem þad giorer, mun lifa þar fyrer.

13. Og Christus hefur leyst oss fra Bolvan Logmaalsins, þann Tijd hann vard Bolvan fyrer oss (þviad skrifad er: *Bolvadur sie sa, hvor sem a Trie hanger.)

*5B. Mos. 21, 23.

14. So ad Blessan Abrahams kome medal Heidenna Pioda, j Christo JEsu, og ad vier medtækium so fyrerheitenn Anda fyrer Truna.

Pistillenn XIII. Sunnudag epter Trinitatis.

IV. 15. Kiærer Brædur, eg vil tala epter mannlegum Plagsid. Enginn foraktar Mannsins Testament, (nær þad er stadfest) nie eykur þar vid.

16. Nu eru þo Fyrerheitenn Abraham og hans Sæde tilsegd. Eige seiger hann fyrer Sædinn, so sem fyrer morg, helldur so sem fyrer eitt. * Fyrer þitt Sæd, hvort ad er Christur.

*1B. Mos. 22, 18.

17. Enn eg seige þar af, ad þad Testament, sem aadur tilforna er stadfest af GUde, uppa Christum, verdur ei onytt giort, so ad Fyrer-

hei-

heited skyllde fyrer Logmaled aftakast, hvort ad giefed er fyrer fiorum Hundrudum og priatijge Aarum par epter.

18. Pvi ef Arfleifdenn yrde fyrer Logmaled afrekud, pa yrde hun ecke fyrer Fyrerheited giefenn, enn Gud hefur fyrer Fyrerheited giefed hana frij Abraham.

V. 19. Hvar (a) til skal pa Logmaled? pad er komed vegna Syndarinnar, pangad til pad Sæde kiæme, hvoriu Fyrerheited var skied, og er tilsett af Einglunum, fyrer Hond (b) Medalgongu Mannsins.

(a) (Hvar til) Gud hiet Abraham arfe, pad er Riettlætenu og eylijfu Lijfe, af Naadenne, hvad skal pa Logmaled? Andsvar, Logmaled opennberar og eykur Syndena, par pad krefur mikels, hvers vier ecke megnum, og par fyrer opennberar pad Syndena, so ad vier kunnum ad vidurkienna, ad Gud giorer oss riettlæta af Naadenne, enn ef Logmaled alleina ynnægde til ad giora oss riettlæta, hvad hefdum vier pa porf fyrer pa fyrerheitnu Naad.

(b) (Medalgongumannsins) pad er Mosis: sem var Medalgongumadur mille Guds og Folksins. Nu hefde par einskis Medalgangara verid porf, hefde Folked kunnad ad heyra Logmaled. Exod. 20. Deut. 5. Enn kunnu peir ecke Logmaled ad heyra, hvernenn kunne pad pa ad giora pa Riettlæta?

20. Nu er Medalgongumadurenn ecke eins einasta Medalgongumadur, enn (c) Gud er einn.

(c) (Gud er einn) pad er: hann hefur engvann finn Lijka,

Lijka, þar fyrer kunna menn ecke vid hann ad hondla um Medal-gongu Mannsins, so sem Job eirnen segir.

21. Hvornenn þa? Er Logmaaled j giegn Guds Fyrirheite? Pad sie fiærre, enn ef þar være nockud þad Logmaal vtgiefed sem lijfgad giæte, Sannarlega, þa kiæme Riettlæted ut af Logmaalenu.

22. Enn Ritningenn hefur allt jnneluckt under Syndenne, so ad þad Fyrirheit kiæme fyrer Truna a JEsum CHristum, og giæfest Truudum.]

Pistillenn a Nya-Aarsdege.

23. [Enn adur enn Truenn kom, vardveittumst vier under Logmaalenu, og jneluckter, uppa þa Tru, sem openber skylde verda.

24. So hefur Logmaaled verid vor Typtunar madur til CHristum, so ad vier riettlættumst fyrer Truna.

25. Enn nu, ad Truenn er komenn, þa erum vier eige leingur under þeim Typtunarmanne.

26. Þvi þier erud aller Guds Born, fyrer Truna a JEsum CHristum.

27. Þviad so marger af ydur, sem erud skijrder, þier hafed jklædst CHristo.

28. Hier er eingenn Gydingur nie Grijskur, hier er eingenn Præll nie Frelsinge, hier er eingenn

eingenn Karl nie Kvinna, þvi þier erud aller eitt j Christo Jesu.

29. Enn first þier erud Christi, þa erud þier Abrahams Sæde, og epter Fyrerheitenu Erfingiar.]

IV. Capitule.

Paulus talar um Frijun þeirra Rettlættu fra Þvingun Logmaalsins.

Pistilleun a Sunnud. epter Jol.

Enn eg seige, so leinge sem Erfingenn er Barn, þa er a mille hans og Þionsins eingenn Greinarmunur, þo ad hann sie Herra alls Gotsens.

2. Helldur er hann under Forveriurum og Fiarhaldsmonnum, allt til aasetts Tijma af Fodurnum.

3. Lijka eirnenn vier, þa vier vorum Born, vorum vier fangader under utvortis Setninga.

4. Enn þa Uppfylling Tijmans var komenn, utsende Gud sinn Son, fæddann af Kvinnu, og Logmaalenu undervorpenn.

5. Uppa þad, ad hann frelsade þa sem under Logmaalenu voru, so ad vier medtækium Barna Utvalningena.

6. Enn med þvi þier erud Bornenn, hefur Gud sendt Anda sijns Sonar, j ydar Hiortu, kallande, Abba, kiære Fader.

7. So er hier nu eingenn Præll meir, helldur

dur Born ein, enn eru þad Born, þa eru þad eirneyn Arfar Guds, fyrer Christum.]

8. Enn þa þier þecktud ecke GUD, þio-mudud þier þeim, er af Nøatturunne eru ongver Guder.

9. Enn nu þier hafed Gud þeckt (jøa miklu framar erud af Gude þeckter) hvornenn vended þier ydur þa um aptur, til þeirra breiskra og naudþurftugra Setninga, hvorium þier vilied nu aptur ad nyu þiona?

10. Þier hallded Daga og Manude, Helgehølld og Aartijder.

11. Eg em vottasleigenn um ydur, þad eg hafe, kann vera, til einskis erfidad hia ydur.

12. Verid so sem ad eg em, þviad eg em so sem þier. Kiærer Brædur (eg beide ydur) þier hafed eckert mein mier giort.

13. Þviad þier vited, þad eg predikade ydur Evangelium, i firsta sinn i veikleika epter Holldenu.

14. Og mijnar Freistaner, sem eg leid epter Holldenu, fyrerlitud þier ecke, nie forsmadud, helldur so sem annann Guds Eingel medtokud þier mig, jøa, liika sem Christum JEsum.

15. Hvornenn vorud þier so sæler i þad sinn? Eg ber ydur þad Vitne, ef mogulegt hefde verid, ad þier hefdud ydar Augu vorslitid og giefed mier.

16. Em eg þa so ordenn ydar Ovin, þad eg seige ydur Sannleikann?

17. Þeir vandlæta ecke vel um ydur, helldur vilia þeir giora ydur mier frasnuna, so ad þier skulud vandlæta um þa.

18. Umvandanenn er good, nær hun skier ætijd um hid goda, og ei alleinasta þa eg em nalægur j hia ydur.

19. Mijn kiæru Barna korn, þaug eg enn nu aptur j annad sinn med Angist fæde, þangad til ad CHristus j=mindast j ydur.

20. Enn eg villda þad eg være nu hia ydur, og giæte minne Raust umskipt, þviad eg em efasamur um ydur.

Pistillenn a Sunnud. i Midfostu.

21. Seiged mier, þier sem under Logmaalenu vilied vera, hafed þier ecke heyrt Logmaaled?

22. Þviad skrifad er, þad Abraham hafde tvo Sonu, *eirn af Ambattenne, og **eirn af þeirre Frialsu. *1B.Mos.16, 15.

**1B. Mos. 21, 2.

23. Enn sa af Ambaattenne var, er fæddur epter Holldenu. Enn hann af þeirre Frialsu, er fyrer Fyrerheited fæddur.

24. Þesse Ord merkia nockud. Þviad þetta eru þau tvo Testamenta, eitt af Fiallenu Sina, þad er til Þrælkunar fæder, hvor ad er Agar.

25. Þviad Agar heiter j Arabia Fialled Sina, og nær allt til Jerusalem sem nu er, og er j Þrælkan med sijnum Bornum.

26. Enn

26. Enn hin Jerusalem, sem þar uppe er, hun er su frialsa, hvor ad er Moder vor allra.

27. Þviad skrifad er, * vert glod hin Obiria, þu sem ecke fæder, briotst framm og kalla, sem ecke ert þungud, þviad hin einsama hefur miklu fleyre Born, enn hun er Mannenn hefur.

* Esa.54,1. Zoph.3,14.

28. Enn vier, kiærer Brædur, erum Fyrerheitesins Born epter Jsaac.

29. Enn lijka sem j þann Tijma, ad sa epter Holldenu er fæddur, ofsokte þann sem epter Andanum var fæddur, so geingur þad til nu eirnenn.

30. Enn hvad seiger Ritningenn? * rek burt Ambaattena og Son hennar, þviad Ambaattarennar Sonur skal ecke erfa med Syne peirrar frialsu Kvinnunnar.

* 1B.Mos.21,10.

31. So erum vier nu, kiærer Brædur, ecke Ambaattarennar Born, helldur Frialsrar Kvinnu.]

V. Capitule.

Paulus talar (I) um retta Brukun Christelegs Frelses: (II) Um Holldsins Verk: (III) Um Avexte Andans.

I. So vered nu stoduger j þvi Frelse, þar Christur hefur frelsad oss med, og lated ecke færa ydur aptur j þad Prældoms Oked.

2. Siaed, eg Paall seige ydur þad: ef so

er, ad þier lætid umskiera ydur, þa er Christur ydur ecke nytsamur.

3. Eg vitna enn aptur sierhvorium Manne, sem sig lætur umskiera, ad hann er enn nu allt Logmæled (a) skylldugur ad giora.

(a) (Skylldugur) því an Trwarennar er eckert Hiarta hreint. Aan Hiartans Hreinleika er eckert Verk riett nie hreint.

4. Þier hafed misst Christum, sem fyrer Logmæled vilied riettlætter vera, og erud Naadenne frafallner.

5. Enn vier vonum j Andanum, fyrer Truna, þess Riettlætis, sem menn eiga ad vona.

6. Þviad j Christo JESU gillder hvorke Umskurn nie Yferhød nockud, helldur su Trua sem fyrer Kiærleikenn verkar.

7. Þier hlupud fijnlega, hvor aptrade ydur Sannleiknum ad hlijda?

8. Þessar Umtolur eru eige af honum, sem ydur hefur kallad.

9. Lijted Sværdeig fyrer allt Deiged.

10. Eg vænte þess til ydar j DRottne, þad þier munud ecke odruvijs sinnader vera. Enn hvor ydur viller, sa mun bera sinn Dom, hvor hellst sem hann er.

11. Enn eg, kiærer Brædur, ef eg predika enn nu Umskurnena, hvar fyrer lijd eg þa Offsokner? þa hefde Krossens Hneixl an dvijnad.

12. Giæfe

12. Giæfe Gud þad þeir yrde og upprætter sem ydur eydeleggia.

13. Enn þier, kiærer Brædur, erud til Frelsesins kallader, einasta siaed so til, þad þier giefed fyrer Frelsed Holldenu ecke (b) Rwm, helldur þa þione hvor odrum j Kiærleika.

(b) (Rwm) þad giora þeir sem so seigia: first Truenn verkar alla Hlute, þa vilium vier eingenn Godverk giora, vier vilium treysta uppa Truna.

14. Þviad øll Log verda j einu Orde uppfyllð, j þvi: *Elska þinn Naunga sem sialfann þig. *3B.Mos.19,18.

15. Enn ef so er, þad þier tonnled og uppeted hvor annan jnnbyrdis, þa siaed til, þad þier verdid ecke jnnbyrdis uppsvelgder.

Pistillenn XIV. Sunnudag epter Trinitatis.

II. 16. Þvi seige eg, ganged j Andanum, þa munud þier ecke fullkomna Holldsins Gyrnder.

17. Þvi Hollded gyrnest j mote Andanum, og Andenn j mote Holldenu. Og þesser eru hvorier j mote odrum, so þier gieted ecke giort hvad þier vilied.

18. Enn ef Andenn stiornar ydur, þa erud þier ecke under Logmaalenu.

19. Enn Holldsins Verk eru opennber, so sem ad er, Hordomur, Frillulifnadur, Saurlijfe, Lausung,

20. Skwrgodadyrdkan, Fiolkinge, Fiandskapur,

skapur, Prattan, Kijf, Reide, Agreiningur, Tvijdrægne, Flockadrattur,

21. Hatur, Mord, Ofdryckia, Ofat, og þessu lijkt, utaf hvorju eg hefe adur fyrre sagt, og seige enn nu fyrer, þad þeir somu sem slijkt giora, erfa ei Guds Rijke.

22. Enn Avextur Andans er: Kiærleike, Fognudur, Fridur,

23. Polemmæde, Blijdleike, Godgyrne, Tru, Hogværd, Hreinlijfe, j giegn slijku er ecke Logmæled.

24. Enn þeir sem CHristo tilheyra, þeir krossfesta sitt Hold med Gyrndum og Tilhneigingum.]

VI. Capitule.

Paulus bydur þeim Rettlættu (I) ad stunda Hogværd: (II) Ørlæte; (III) Guds-Otta.

Pistillenn XV. Sunnudag epter Trinitatis.

I. Ef vier lifum j Andanum, þa gongum og eirnenn j Andanum. Verum eige Agiarner Hiegoma Dyrdar, hvor annann jnnbyrdis ad reita og ofunda.

1. Kiærer Brædur, ef Madur verdur a nockurn hatt af nockrum Breste yfirfallenn, þa leidrietted hann med hogværum Anda, þier sem erud andleger, og haf gat a sialfum þier, ad þu verder ei eirnenn freistadur.

2. Einn bere annars Byrde, og so munud þier uppfylla Christi Logmal.

3. Enn

3. Enn ef einhver lætur sier þykia, þad hann sie nockud, sem hann er þo eckert, sa tæler sialfann sig.

4. Enn hver einn reyne sijn eigenn Verk, og þa mun hann a sialfum sier Hrosun hafa, og eige a einum (a) odrum.

(a) (Odrum) Falsker Læremeistarar leita ecke þar epter, ad þeir kunne ad vera goder, helldur alleinasta, ad þeir meige hafa miked Afhalld hia odrum, og þeir stunda alleinasta þad, ad hafa sier sem flesta samsinnande, þvi þeir eru ærugyrger, enn ei so sinnader sem skyllde.

5. Þviad hver eirn mun sijna Byrde bera.

II. 6. Enn sa er fræddur verdur med Ordenu, hann bijte honum allshœattudum Giædum, sem hann uppfræder.

7. Fared eige villervega, Gud lætur ei ad sier hæda.

8. Þvi hvad Madurenn sæer nidur, þad mun hann uppskiera. Hver j Holldenu sæer nidur, sa mun af Holldenu Skadseme uppskiera. Enn hver j Andanum nidursæer, sa mun af Andanum uppskiera eylijft Lijf.

9. Lœatum oss giora gott, og ecke þreytast, þviad a sijnum Tijma munum vier eirnenn vaflat anlega uppskiera.

10. First vier hofum nu Tijdena, þa giorum gott hverium Manne, eirna mest þeim sem eru Trvarenuar Heimkinne.]

III. 11. Siæd, hvad morg Ord eg skrifade ydur til med eiginn Hende.

12. Peir ed sig vilia packnæma giora epter Holldenu, peir pvinga ydur til ad umskerast, einasta uppa pad, peir verde ei med Krosse Christi ossokter.

13. Pviad peir sialfer sem sig loata umskiera, halldа ei Logmaled, helldur vilia peir pad, ad pier loated umskera ydur, so ad peir meige hrosa sier af ydru Hollde.

14. Enn fiærre sie mier ad hroosast, nema einasta j Krosse vors DROTTins JEsu Christi, fyrer hvorn mier er Heimurenn krossfestur, og eg Heimenum.

15. Pvi j Christo JEsu duger hvorke Umskurn nie Yferhvod nockud, helldur ny Skiepna.

16. Og so marger sem epter pessare (b) Reglu ganga, yfer peim sie Fridur og Miskun, og yfer Israel Guds.

(b) (Reglu) pesse Regla er ecke Manns Lærdomur, helldur Evangelium, og Truenn a Christum.

17. Hier epter giore mier eingenn meire Mædu framar, pvi eg ber (c) Markteikn DROttens vors JEsu a mijnum Lijkama.

(c) (Markteikn) eru ei Naglaforenn og Orinn a Christi Lijkama, helldur allshcattud Pijna, sem vier bernm fyrer Christs saker a vorum Lijkama.

18. Nad vors DRottins JEsu Christi sie med ydrum Anda, kiærer Brædur, Amen.

Til peirra j Galatia sendur af Rom.

For-

Formaale yfer S. Pauls Pistil til Ephesios.

I þessum Pistle kienner hinn H. Paall, j fyrstu, hvad Evangelium er, hvorsu þad sie alleinasta af Gude fyrer allar Alder fyrerhugad, og fyrer Christum forþienad, og utgeinged, so ad aller þeir sem þar a trua, verde rettferduger, fromer, lifande, hialpleaer, og af Logmaalenu, Syndenne, og Daudanum frialser, þetta gisrer hann j þremur fyrstu Capitulum.

Epter þad kienner hann ad fordaast allann annann Lærdom, og Manna Bodord, uppa þad, ad vier blijsum vid eitt Hofud, og sieum stadfaster, riettsinnader, og alleina fullkomnader j Christo, af hvorium vier hofum þad gisrvallt, so ad vier þurfum einskis nema hans, þad gisrer hann j fiorda Capitulanum.

Sijdan kienner hann framveigis ad sdka Truna og Audsyna med godum Verkum, og Synder ad fordaast. Og med Audlegum Vopnum ad beriast j giegn Diofslenum, uppa þad, vier giætum j giegnum Krossenn, stoduger staved j Vonenne.

Sancte Pals Pistill til Ephesios.

I. Capitule.

Paulus (I) hackar Gude fyrer hæa storu Nad sem oss hefur veitst fyrer Christum; (II) kenner, hvad vier hofum odlast j Christo.

I. Sæll Postule JESU Christi, fyrer Guds Vilia. Peim Heilogum sem eru til Ephesо, og truudum a Christum JESUM.

2. Nad sie med ydur og Fridur, af Gude vorum Fodur, og DRottne JEsu Christo.

3. Blessadur sie GUD og Fader vors DRottins JEsu Christi, sa oss hefur blessad med allshæattadre andlegre Blessan, j Himnesskum Giædum fyrer Christum.

4. So sem hann utvalde oss fyrer hann, adur enn Verolldenn var grundvollud, pad vier skylldum vera heilager og ostraffanleger fyrer honum j Kiærleikanum.

5. Og hefur sett oss til Barna Utvalningar fyrer sialfann sig, fyrer JEsum Christum, epter Pocknan sijns Vilia,

6. Til Lofs sinne dyrdarlegre Nad, fyrer hvoria

hvoria hann hefur oss þacknæma giort, i sijnum Elskulega,

II. 7. J hvorium vier hofum Endurlausnena, fyrer hans Blod, sem er, Syndanna Fyrergiefning, epter Rijkdome hans Naadar.

8. Sem oss er gnoglegana skied, j allshaattudum Vijsdome og Forsialeik.

9. Og hefur oss vita laated Leyndann dom sijns Vilia, epter sinne þocknan, og hefur þann sama framm flutt fyrer hann.

10. Þad hann yrde predikadur, þa Uppfylling Tijmans var komenn. Uppa þad, ad hann (a) til samans take alla Hlute j CHristo, bæde þa sem a Himne og a Jordu eru, fyrer hann sialfann.

(a) (Til samans take) GUD vill giora CHristo alla Hlute undergiefna, og ad hann skule vera halldinn fyrer DROTTinn, og eitt Hofud, Psal. 8. So ad hvor sem ecke hefur hann, skule engann GUd hafa.

11. Fyrer hvorn vier erum eirnenn til Arfskiptisins komner, vier sem erum aadur fyrer framm fyrer-hugader, epter Forsio þess, sem alla Hlute verkar, epter Raade sijns Vilia.

12. Uppa þad vier sieum hans Dyrd til Lofs, sem aadur fyrerframm vonudum uppa CHristum.

13. Fyrer hvorn þier hafed heyrt Sannleiksins Ord, sem er Evangelium af ydvarre Saaluhialp, fyrer hvort þier, þa þier trudud, erud jnnsiglader med Heilogum Anda Fyrerheitesins.

14. Sa sem ad er Pantur vorrar Arfleifdar, til vorrar Endurlausnar, so ad vier yrdum hans eigenn Eign, til Lofs hans Dyrdar.

15. Hvar fyrer eg eirnenn, epter thvi eg hefe heyrt, utaf peirre Tru hia ydur, til vors DRottins JEsum, og af ydrum Kiærleika til allra Heilagra.

16. Pa læt eg ei af packer ad giora fyrer ydur, og ad minnast ydar j mijnum Bænum,

17. Pad GUD vors DRottins JEsu Christi, Dyrdarennar Fader, gefe ydur Vijsdomsins og Opinberingarinnar Anda, til hans eigenn Vidurkiennings;

18. Og upplyse Augu ydars Skilnings, pad pier meiged vita, hvilijk ad sie su Von, sem pier erud til kallader, og hvor par sie Rijkdomur hans dyrdarfullrar Arfleifdar til hans Heilagra,

19. Og hvor par sie hin yfergnæfanlega Stærd hans Kraptar vid ofs, vier sem truum, epter Verkan hans volldugra Stirkleiks,

20. Sem hann hefur verkad j Christo, pa hann uppvakte hann af Dauda, og sette hann til sinnar hægre Handar a Himnum.

21. Yfer allann Hofdingskap, Valldsstiett, Magt og Herradom, og allt hvad nefnast ma, eige einasta j pessare Verolldu, helldur jafnvel j okomenne.

22. Og alla Hlute hefur hann honum under Fætur lagt, og sette hann Hofud Safnadarens, (b) yfer allt.

(b) (Yfer

(b) (Yfer allt) Christur er slikt Hofud Safnadarens, ad hann er þo einn HErra yfer ollum Hlutum, yfer Diosflenum, og Heimenum, og etc.

23. Hvor ad er hans Lijkame, sem er Uppfylling hans, sem alla Hlute j ollum (c) uppfyller.

(c) (Uppfyller) Christur er og verkar oll Verk j ollum skopudum Skiepnum, þar fyrer eru allar Skiepnur fullar af honum, so og er sa almennelege Christendomur hans Uppfylling, ad hann er med honum, heill Lijkame, og fullkomenn hopur.

II. Capitule.

Paulus talar (I) um þad hriggelega Asigkomulag sem Madurinn se i fyrer utan Christum; (II) um þad gledelega Sælu-asigkomulag Mannsins i Christo.

I. Og eirnenn ydur (lijfgade hann) þa þier vorud dauder, fyrer Afbrot og Synder.

2. J hvorium þier nockra stund geingud, epter Hætte þessarar Veralldar, og epter þeim Hofdingia sem j Loptenu drottnar, sem er epter þeim Anda, er a þessare Tijd hefur sijna Verkan j Bornum Vantruarennar.

3. Medal hvorra vier hofum aller fordum haft vort Athæfe j Gyrndum vors Holds, fremiande Holdsins og Skilningsins Vilia, og vorum af Natturunne Born Reidinnar, lijka so sem hiner adrer.

II. 4. Enn Gud, sa audugur er af Miskun, fyrer sijna miklu Elsku, med hvorre hann elskade oss,

5. Þa vier vorum dauder j Syndunum, hefur hann giort oss lifande j CHristo (þviad af Nadinne erud þier hialpleger ordner.)

6. Og hefur uppvaked oss med honum, og sette os med honum j Himneskt Athæfe j CHristo JEsu,

7. Uppa þad hann audsynde j epterkomande Ølld, yfergnæfanlegann Rijkdom sinnar Nadar, fyrer sijna Godgyrne yfer oss j Christo JEsu.

8. Þviad af Nadinne erud þier hialpleger ordner, fyrer Truna, og þad ecke af ydur sialfum, Guds Giafa er þad.

9. Eige af Verkunum, so ad eingenn hrose sier.

10. Þviad vier erum hans Verk, skapader j CHristo JEsu til godra Verka, til hverra ad Gud hefur oss adur fordum fyrerbued, þad vier skylldum þar jnne ganga.

11. Hvar fyrer verid þess minnuger, þad þier, sem fordum Daga vorud Heidnar Pioder epter Holldenu og Yferhud kallader, af þeim sem kallader eru Umskurn, epter Holldenu, sem med Hendinne skier,

12. Þad þier vorud j þann sama Tijma fyrer utann CHristum, framande og fyrer utan Borgar-riett Israels, og framande fra Testamente Fyrerheitesins, af þvi hofdud þier ongva Von, og vorud an Guds j Heimenum.

13. Enn þier sem nu j CHristo JEsu erud, og

og fordum vorud j Fiarska, þa erud nu nalæger ordner, fyrer Blod Christi.

14. Þviad hann er vor Fridur, sem giorde eitt af bædum, og af hefur brotid þann Vegg, sem þar var j mille, j því, þad hann burt tok fyrer sitt Hold, þann Ovinskap, sem er

15. (a) Logmæalid, þad j Bodordunum var tilsett, so ad hann skapadi af tveimur einn nyann Mann, j sialfum sier, og giorde Frid.

(a) Logmæled var Ovinatta a mille Heidingia og Gydinga, þviad fyrer þad villdu Gydingar vera betre hinum; enn nu, med því ad fyrer Christum eín Logmælsins, hafa aller Andann medteked, þa er nu þesse Ovinætta uté, og eru hvorier odrum jafner.

16. Þad hann forlijkte hvorutveggiu vid Gud, j einum Lijkama, fyrer Krossenn, og deydde so Ovinskapenn, fyrer sig sialfann.

17. Og er komenn, og kunngiorde ydur j Evangelio Fridenn, ydur sem vorud fiærre, og hinum sem nærre voru.

18. Þviad fyrer hann hofum vier hvorutveggiu Adgang, j einum Anda, til Fodursins.

19. So erud þier nu eige meir Giester og Framande, helldur Samborgarmenn Heilagra, og Guds Heimamenn,

20. Uppbiggder yfer Grundvoll Postulanna og Spæmannanna, þar JESUS Christur er sialfur sa ypparlegaste Hyrningarsteirninn.

21. A

21. A hvorium oll Uppbigginginn er j eitt Samannsett, og ver til heilags Musteris j DRottne.

22. Uppa hvorn hier verded eirnenn uppbiggder til Guds Jbvodar j Andanum.

III. Capitule.

Paulus (I) talar um Radstofun Guds Naadar fyrer sier, er se Pion Evangelii; (II) bidur Gud ad stadfesta hina Truudu j sillu Godu.

I. Hvar fyrer eg Paall er Bandinge JEsu Christi, fyrer ydur Heidingia.

2. Af thvi hier hafed heyrt utaf Embætte Guds Naadar, peirre mier er til ydar giefenn.

3. Pad mier er kunnur ordinn pesse leyndur Domur fyrer opinnberan, epter thvi eg hefe aadur hid allra styttsta skrifad.

4. Af hvorium ef hier læsud pad; kyn ud ad merkia minn Skilning j leyndum Dome Christi.

5. Hvor ecke er Mannanna Bornum kunnur giordur, j undannfarenne Tijd, so sem nu er hann opinnberadur hans Heilogum Postulum og Spaamonnum, fyrer Andann, sem er:

6. Ad hiner Heidnu eru Samarfar og einn Lijkame, og hluttakendur hans Fyrerheita j Christo, fyrer Evangelium.

7. Hvors Pienare eg er ordenn, epter Gaafu Guds Naadar, sem mier er giefenn, epter hans volldugu Krapte.

8. Mier

8. Mier hinum sijdarsta allra Heilagra er giefenn þesse Naad, þad eg kunngiorda medal Heidinna Pioda þann orannsakanlega Rijkdom Christi.

9. Og upp ad birta fyrer hverium Manne, hver þar sie Sameign Leyndardomsins, sem af Veralldar Upphafe hefur j Gude hulinn verid, sa alla Hlute hefur skapad fyrer JEsum Christum.

10. Uppa þad, ad kunnug yrde nu Hofdingium og (a) Herradomum a Himnum, fyrer Safnudenn, su margfolld Speke Guds.

(a) (Herradomum) þo ad Englarner a Himnum sieu af Gude uppfyllter, þa formerkia þeir þo jafnan hia Christindomenum nyar Gaafur og Naad, sem GUD daglega heim utdeiler, so sem Christur eirneigenn seiger, Luc. 15. ad Englarner gledie sig yfer einum Syndara, sem Idran giorer.

11. Epter Fyrerhyggiunne fra Veralldar Upphafe, sem hann hefur audsynt j Christo JEsu vorum DROTne.

12. Fyrer hvorn vier hofum Diorfung og Adgang j ollu Trauste, fyrer Truna a hann.

Pistillenn XVI. Sunnud. epter Trinit.

II. 13. Fyrer þvi bid eg, þad þier tregest ecke, vegna minnar Hormungar, sem eg þole fyrer ydur, hver ydar Dyrd er.

14. Hvar fyrer eg beige min Knie, fyrer Fodur DROTtins vors JEsu Christi.

15. Sa

15. Sa sem rietter Fader er, yfer allt hvad (b) Born kallast à Himne og a Jordu.

(b) (Born) aller Einglar og aller Christner, ja eirnen oll Mannanna Born, þvi hann hefur skapad þad allt.

16. Ad hann giefe ydur Krapt epter Rijkdome sinnar Dyrdar, ad stirkiast fyrer hans Anda, j hinum jnnra Manne.

17. Og lata Christum fyrer Truna byggia j ydrum Hiortum, og fyrer Kiærleikenn jnnrætast og grundvallast.

18. So ad þier mættud hondla med ollum Helgum, hvor þar sie (c) Vijdd og Leingd, Dypt og Hæd.

(c) Kiærleikurenn bevijsar þad, ad Truenn sie so sem hun a ad vera, su sama Tru helldur þad vijst, ad þar sie eckert so vijdt nie langt, hætt nie diupt, ad Christur hafe þar ecke Valld yfer, og kunne ad hialpa, og hsn ottast hverke fyrer Synd, Dauda nie Helvijte, hvort helldur þad er vijdt, langt, hætt edur diupt. Psal. 139. Quo ibo a facie tua?

19. Og ad vita þad, ad (d) elska Christum, þad er betra enn allt ad vita, so ad þier uppfylldust med allshættadre (e) Guds Uppfyllingu.

(d) (Elska) Þad er miklu meire hlutur ad elska Christum, enn ad kunna margt ad predika. 1 Cor. 8. Vitska upphrokar, enn Kiærleikurenn betrar, Jtem, Ef nockur elskar GUD, hann er þeckt af honum. Joh. 21. Petur, elskar þu? og etc.

(e) (Guds

(e) (Guds Uppfyllingu) ad GUd alleina kynne ad stiorna og verka j ydur, og þier kynnud ad vera fuller af honum.

20. Enn honum sem mattugur er alla Hlute yfergnæfanlegar ad gisra, helldur enn vier bidium eda skilium, epter þeim Krapte sem j oss verkar,

21. Þeim sáma sie Dyrd j Safnadenum, sa j Christo JEsu er, ætijd, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

IV. Capitule.

Paulus (I) æminner oss ad vier helldum Eindrægne j Andanum: (II) Talar um margvijslegar Gæfur j þeirre Christelegu Kyrkiu: (III) Radleggur ad læta af Illu, og læra ad gisra hid Goda.

Pistillenn XVII. Sunnudag epter Trinitatis.

I. So æminne eg ydur nu, eg Bandinge j DROTTne, ad þier ganged so sem ad heyrer ydvare Kallan, þar þier erud jnne kallader,

2. Med allu Lijtelæte og Hogværd, og med Þolinnmæde, og umlijded hvor annann j Kiærleika.

3. Og verid kostgiæfner ad hallda Eindrægne j Andanum, fyrer Band Fridarens.

4. Einn Lijkame, og einn Ande, so sem þier erud kallader uppa eina Von ydrar Kallanar.

5. Einn DROTTinn, ein Trua, einn Skijrn.

6. Einn

6. Einn GUd og Fader (vor) allra, sa sem ad er yfer ydur ollum, og fyrer ydur ollum, og j ydur ollum.]

II. 7. Og Nædenn er giefenn vor a medal, epter mæling Giafar Christi.

8. Hvar fyrer ad hann seiger: *Hann er uppfarenn j Hædena, og hefur (a) Herleidingena ad herfange teked, og Monnum Giafur giefed. *Psal. 68, 19.

(a) (Herleidingena) pad er Syndena, Daudann og Samvitskuna, so pad pau kunna ecke ad hallda oss nie ad herleida.

9. Enn pad hann er uppfarenn, hvad er pad? utann pad hann er eadur nidurstijgenn j hinar ytstu Aalfur Jardar?

10. Sa sem nidur er stijgenn, hann er sa same sem upp er farenn yfer alla Himna, uppa pad hann villde alla Hlute (b) uppfylla.

(b) (Uppfylla) ad hann giorde allt pad j ollum Hlutum, og ad par yrde eckert giort, talad, edur peinkt ann hans.

11. Og suma hefur hann sett til Postula, enn suma til Spamanna, suma til Gudspiallara, suma til Hirdara, og Lærefedra.

12. So ad hiner Heilogu, sieu (c) reidubuner j Verk Embættisins, hvar med Lijkame Christi kynne ad uppbiggiast.

(c) (Reidubuner) pad er: vel utbuner og a allar Sijdur vel forsorgader og skickader, so ad par vantar eckert til Embættis Christindomsins.

13. Par

13. Þar til vier komum aller til einnar Truar, og Kynningar Guds Sonar, og fullgiordur Madur verdum, sa hann er j Mæling fullkomins Alldurs Christi.

14. So ad vier sieum ecke leingur Born, ostodug so sem Bylgiur, veifader af allshattudum Vinde Lærdomsins, fyrer (d) Prettskap og underhyggiu Manna, þar med þeir slæda epter, oss ad pretta.

(d) (Prettvijse) þviad so sem Skalkar hondla med Teninga, so umgangast þeir og med H. Ritning sem Mannanna Lærdom frammsetia.

15. Verum helldur Sannleikanum epterfilgiande j Kiærleikanum, og voxum j ollu j hsnum, sem ad er Hofudid Christur.

16. A hvorium allur Lijkamenn samteingest og eirn Limur a odrum hanger, fyrer alla Lidu, hvar af hvor odrum Hialp veiter, epter Verke hvors og eins Lidsins j sinn Mata, og giorer þad, ad Lijkamenn vegs til sinnar eiginnar Betrunar, og þad allt j Kiærleika.

III. 17. So seige eg nu og vitna j DRottne, ad þier gangid eige leingur so sem ad hiner adrer Heidingiar ganga, j Hiegomleik sijns Hugskots.

18. Hvorra Hugskot formirkvad er, og eru annarleger fra þvi Lijferne, sem af Gude er, fyrer þa Favitsku sem j þeim er, fyrer Forherding sialfs þeirra Hiarta.

19. Hvorier Hirdulauser eru, og sig gæfu j Lausung, og fromdu allshattadann Ohreinleik, og þar til Agyrne.

20. Enn

20. Enn þier hafed ecke so numed Christum.

21. Ef þier hafed annars af honum heyrt, og erud j honum lærder, hversu þad er j JEsu eitt riettelegt Athæfe.

Pistillenn XIX. Sunnud. epter Trinit.

22. So aflegged j fra ydur epter fyrre Breitne, hinn gamla Mannsinn, sem sig fordiarfar j Gyrndum Villudomsins.

23. Enn endurnyed ydur j Anda ydvars Hugskots.

24. Og klædest þeim nya Manne, sem epter Gude er skapadur, j sannarlegu Riettlæte og Heilagleika.

25. Hvar fyrer, aflegged Lygar, og taled Sannleik hver vid sinn Naunga, þviad vier erum hver annars Limur.

26. Reidest og syndgest eige, lated ei Solena underganga yfer ydvare Reide.

27. Giefed og ecke Rvom Lastaranum.

28. Hver stoled hefur, sa stele nu eige meir, helldur erfide og afle med Hondunum nockud gott, so ad hann hafe ad giefa þeim sem þurftuger eru.]

29. Lated engva vonda Rædu framm fara af ydrum Munne, helldur hvad nytsamlegt er, til Betrunar, þar sem Þorf giorest, ad þad sie packnæmelegt ad heyra.

30. Og hrigged ecke Heilagann Anda, þar þier erud med innsiglader, uppa Dag Endurlausnarennar.

31. Al-

31. Allur Beiskleike og Grimd, Reide, Hropan og Lastan, sie langt j fra ydur, samt allre Illsku.

32. Enn verid innbyrdis hvor vid annann, vingiarnleger, og aastudleger, og fyrergiefed hvor odrum, lijka so sem ad GUD hefur fyrergiefid ydur j CHristo.

V. Capitule.

Paulus æminner oss (I) ad auglysa margshættada æverte Helgunarennar: (II) talar um Skyldu Hionanna jnbyrdes.

Pistillenn III. Sunnud. j Fostu.

I. So verid nu GUDs Epterfilgiarar, so sem kiærustu Born.

2. Og ganged j Elskunne, lijka so sem ad CHristus hefur oss elskad, og sig sialfann vtgiefed fyrer oss, til Fornfæringar og Offurs GUDe, til Sætleiks Ilms.

3. Enn Frillulijfe og allann Ohreinleik, edur Agyrne, loated ei um ydur seigiast, so sem Heilogum hæfer.

4. Nie skammarleg Ord og Fiflslegt Hial eda Kieskene, hvad ydur heyrer ecke, helldur miklu framar Packargiord.

5. Vvi pad skulud pier vita, pad eingenn Frillulijfis Madur, edur Ohreinn, eda Agiarn (hvor ad er Skvrgodadyrdkare) hefur Arftoku j Rijke CHristi og GUDs.

6. Loated

6. Latid engvann villa ydur med onytelegum Ordum, þvi fyrer þad kiemur Reide Guds yfer Born Vantruarennar.

7. Af þvi verid eige þeirra hluttakarar.

8. Þviad þier vorud fordum Mirkur, enn nu erud þier Lios j DROTTne. Ganged so sem Born Liossins.

9. (Avoxtur Andans er allskaattud Godgyrne, Riettlæte og Sannleikur)]

10. Og reyned hvad þar þacknæmt sie DROTTne.

11. Og hafed eckert samlag vid ofriosamleg Verk Mirkranna, enn straffad þau miklu helldur.

12. Þviad hvad heimuglega gieresst af þeim, er eirnenn skammarlegt ad seigia.

13. Enn allt þad verdur openbert, nær þad verdur af Liosenu straffad, þvi allt hvad openbert verdur, þad er Lios.

14. Fyrer þvi seiger hann: *Vakna þu upp sem sefur, og rijs upp af Dauda, so mun CHristur upplysa þig. *Es. 60, 1.

Pistillenn XX. Sunnud. epter Trinit.

15. So siaed nu til, þad þier ganged forsialega, eige so sem savijser, helldur so sem Vijser.

16. Og skicked ydur j Tijdenne, þvi þad er vond (a) Tijd.

(a) (Vond Tijd) Einn Christenn Madur mæter so miklum Hindrunum og Ordsokum, til ad forsoma þau

þau Nytsomu Verkenn, ad hann ad mestu leite, so sem annar Fangadur Madur, verdur ad slijta sig lausann þar af, og so sem hann skylde stela Tijmanum, og stundum hann dyrt kaupa med Ovinattu.

17. Fyrer þvi, vered eige skilningslauser, helldur skiliande hvad Vilie DROTTins er.

18. Og drecked ydur ecke Vijndruckna, þvi þar af kiemur (b) oskickanlegt Lijferne, helldur uppfyllest af Anda.

(b) (Oskickanlegt) so sem vier siaum ad Driyckiurvatarar eru galder, undarleger, ovidradanleger, Obliuger, og a allann hatt otuckteger j ordum, med Hroope, og odrum þvilijkum sijnum Laatum.

19. Og taled hvor vid annann, af Psalmum og Lofsaungvum, og andlegum Kvædum, synged og spiled DROTTne j ydrum Hiortum.

20. Og seiged þacker alla Tijma Gude og Fodur fyrer alla Hlute, j Nafne vors DRottens JEsu CHristi.

21. Og vered hvor odrum undergiefner j Guds Otta.]

II. 22. Kvinnurnar vere sijnum Bændum undergiefnar, so sem DROTTne.

23. Þviad Madurenn er Kvinnunnar Hofud, lijka so sem CHristur er Safnadarens Hofud, og hann er Frelsare sijns Lijkama.

24. Enn lijka so sem Safnudurenn er Christo undergiefenn, so skulu og eirnenn Konurnar sijnum Bændum j ollu.

25. Þier Menn, elsked ydar Hvsfrepur,

lijka so sem Christur elskade Sofnudenn, og gaf sig sialfann ut fyrer hann,

26. Uppa pad hann helgade hann, og hann hreinsade hann, fyrer Vatnsbaded j Ordenu.

27. Uppa pad hann tilbygge sier sialfum einn Sofnud, sem er dyrdlegur, og engva Flekkan nie Hrucku, edur peskonar hefde, helldur pad hann sie heilagur og ostraffanlegur.

28. So skulu og Mennerner elska sijnar Eigenn-Konur, sem sijna eigenn Lijkame. Hvor sijna Eigenkvinnu elskar, hann elskar sig sialfann.

29. Pvi alldrei hefur nockur sitt eiged Hollð hatad, helldur nærer hann pad og fostrar, so sem eirnenn DRottinn Safnadenn.

30. Pviad vier erum Limer hans Lijkama, af hans Hollde, og af hans Beinum.

31. Hvors vegna mun Madurenn forlæta Fodur og Modur, og nalægiast sijna Eigenn konu, og tvo munu eitt Hollð vera.

32. Pesse (c) leyndur Domur er stor, enn eg seige af CHristo og Sofnudenum.

(c) (Leyndur Domur) Sacramentum edur Mysterium kallast Leyndur-Domur edur hulenn Hlutur, sem po hid ytra hefur sijna Pyding, so er CHristur og hans Sofnudur einn Leyndardomur, einn stor Heilagur hulenn hlutur, hvorium mann skal trwa, enn kann ecke ad sia.

33. Po elsked pier hvor sem eirn sijna Eigenkonu sem sialfann sig, enn Konann ottest Mannenn.

VI. Ca-

VI. Capitule.

Paulus talar (I) um Christlega Huss-Stiorn; (II) um andlegann Her-Skruda til beirrar andlegu Orustu sem sierhver rett Christenn a ad heija.

I. Þier Born, vered hlydug ydrum Forelldrum, j DROTTne, þviad þad er tilbærelegt.

2. Heidra Fodur og Modur, þad er hid fyrsta Bodord sem Fyrerheited hefur:

3. So ad þier vegne vel, og þu siert langlijfur a Jordu.

4. Og þier Fedur skulud eige egna ydar Born til Reide, helldur aled þau upp j Aga, og Umvondun, til DROTTins.

5. Þier Þionustumenn, vered hlyduger ydrum lijkamlegum DROttnum, med Otta og Skielfingu, j Einfalldleik ydvars Hiarta, so sem Christo.

6. Ei alleinasta med Þionustu fyrer Augunum, Monnunum til Þocknunar, helldur so sem Þionar Christi.

7. Þad þier giored þennann GUDs Vilia af Hiarta, med godum Vilia.

8. Laated ydur þykia, so sem þier þioned DROTTne, og eige Monnunum, og vited, ad hvad sem hvor eirn giorer gott, þad mun hann af DROttne medtaka, hvort hann er Þræll eda Frelsinge.

9. Og þier DRottnar, giored eirnenn þet-

ta hid sama; vid þa, og laated af Ognunum. Og viteð eirnenn, þad ydar DROTTinn er a Himnum, og þad hia honum er eckert Manngreinar Alit.

Pistillenn XXI. Sunnudag epter Trinitatis.

II. 10. Ad sijdurstu, mijnir Brædur, vered sterker j DROTTne, og j Mætte hans Kraptar.

11. Jklæded ydur Guds Herskruda, so ad þier gieted staded j giegn Umsætrum Diofulsins.

12. Þviad vier hofum eige vid Holld og Blod ad beriast, helldur vid Hofdingia og Volldugа, sem er, vid Drottna Veralldarennar, þeir j Mirkrum þessarar Veralldar Drottna, vidur Illsku-Anda under Himnenum.

13. Hvar fyrer hondled Guds Harneskiu, so ad þier gieted j mot staded, þa su vonda Stund kiemur, og framkvæmed allt vel og hallded Sigrenum.

14. So standed nu, umgyrdter um ydar Lendar med Sannleikanum, og skrydder med Bryniu Riettlætesins.

15. Og a Footum stijgvielader, so sem reidubuner ad (a) frammfilgia Evangelio Fridarens, hvar med þier erud utbuner.

(a) (Frammfilgia) þad er ad frammfilgia, vidurkienna og giora þad sem Evangelio tilheyrer.

16. Enn umframm alla Hlute, þa hondled Truarennar Skiold, med hvorium þier kunned

ned ut ad slockva oll eldleg Skeyte þess eitruda Ovinar.

17. Og grijped Hialm Hialprædesins, og Sverd Andans, hvort ad er Guds Ord.]

18. Og bidied jduglega j allre Naudpurft, med Bæuum og Beidne, j Audanum, og þar til vaked med ollu Stadfeste og Akalle, fyrer ollum Heilogum,

19. Og fyrer mier, uppa þad mier giefest Orded med dristugre Opnan mijns Munns, so ad eg mætte kunngiora Leyndann Dom Evangelij,

20. Hvors Sendebode eg em j Fiotrunum, so ad eg meige diarflega þar jnne hondla, og so ad tala sem tilheyrer.

21. Og uppa þad, ad þier viteð eirnenn, hvorsu hagtad er um mig, og hvad eg giore, þad mun Tychicus sa kiære Broder, og trur Dienare j Drottne, kunngiora ydur allt saman.

22. Hvorn eg hefe sendt til ydar, vegna þess, ad þier vissud hvornenn mier geingur, og þad hann hugsvalade ydrum Hiortum.

23. Fridur sie med Brædrunum, og Kærleike med Trunne, af Gude Fodur og Drottne JESU CHristo.

24. Nad sie med ollum þeim sem elska vorn DRottinn JEsum Christum hreinferduglega, Amen.

Skrifadur af Rom til þeirra j Epheso medur Tychico.

Formaale yfer S. Pauls Pistill til Philippenses.

I þessum Pistle lofar og æminner hinn heilage Páll þa Philippenses, þad þeir skulu saunt a framm hallda j riettre Tru, og vaxa j Kiærleikanum. Enn med þvi hiner fölsku Postular og Verkanna Predikarar giora Trunne ærijd skadsæme, þa varar hann þa vid þeim enu Sonu. Og tiaer fyrer þeim margh ættada Predikara, suma Goda, suma Vonda, eirueun sialfann sig og sijna Læresveina, Timotheum og Epaphroditum. Þetta giorer hann nu j hinum fyrsta og ödrum Cap.

J hinum þridia, burtskufar hann þvi Truarlausa og Mauna-Riettlæte, sem fyrer hina fölsku Postula kiennt og hallded verdur, setiande sig sialfann til Epterdæmis, so sem þann er j slijku Riettlæte veasamlega hefde lifad, og hallde nu eckert þar af, fyrer Christi Riettlætis Saker. Þviad þeir hiner giora Magann ad Gude, og giora Ovine Krossens Christi.

J fiorda, æminner hann þa til Fridar, og til eins godrar utvortis Umgeingne, hvor vid annann, og þackar þeim fyrer þeirra Gaafur, er þeir höfdu sendt honum.

Sancte

S. Pauls Pistill til Philippenses.

I. Capitule.

Paulus (I) þackar Gude, ad þeir Philippenses hafe medtcked Evangelium: (II) Talar um sitt Nasiakomulag i Rom: (III) Seger frœa, hvorsu ad Christus verde predikadur i Philippis: (IV) Naminner Philippenses ad hallda fastlega vid Evangelium, hvada Ofsokn sem þeir lijde.

1. Paall og Timotheus, Pionustumenn JEsu Christi, ollum Heilogum j Christo JEsu j Philippen, samt Biskupum og Pienurum.

2. Nœd sie med ydur og Fridur, af Gude vorum Fodur og DRottne JEsu Christo.

Pistillenn XXII. Sunnud. epter Trinitatis.

3. Eg þacka Gude mijnum, so opt sem eg hugsa um ydur,

4. (Hvad eg giore alla Tijma j ollum mijnum Bœnum, fyrer ollum ydur, og Bœn mijna giore eg med Fagnade.)

5. Fyrer ydru Samlage j Evangelio, j fra hinum fyrsta Deige, allt til þessa.

6. Og eru þess hins fama j godu Trauste, ad sa sem j ydur hefur uppbyriad hid goda

Verked, hann mun þad og eirnenn fullkomna, allt til þess Dags JEsu CHristi.

7. So sem ad mier er vel heyrelegt, þad eg hallde af ydur ollum j þann mœta. Þviad eg hefe ydur j mijnu Hiarta, j þessum mijnum Fiotrum, hvar jnne eg forsvara og stirke Evangelium, so sem ad þier erud aller Nœdarennar Hluttakarar medur mier.

8. Þviad Gud er minn Vottur, hvorsu mig forleinger af Hiartans Grunne, j Christo JEsu, epter ydur ollum.

9. Og þess sama bid eg, þad ydar Kiærleike audgest æ meir og meir, j allre Vidurkienningu, og j allre Reynslu.

10. So ad þier meiged reyna hvad best er, uppa þad þier sieud skijrer og ann Hneixlunar, allt uppa þann Dag CHristi.

11. Uppfyllter Avegste Riettlœtesins, sem er fyrer JEsum Christum (j ydur) skied, til Dyrdar og Lofs Gude.]

II. 12. Enn þad lœt eg ydur vita, kiærer Brœdur, ad hvad mig er yferkomed, þad er til meire Framgangs skied Evangelio.

13. So ad mijn Fiotur j CHristo, eru openskar vordenn, j ollu Domhvosenu, og hia þeim ollum odrum.

14. Og marger Brœdur j DROTTne, sem feingu Von af mijnum Fiotrum, eru ordner þess diarfare Ordeð ad tala ann Hrœdslu.

III. 15.

III. 15. Sannlega, sumer þa predika Christum fyrer Haturs og Prætu Saker, enn sumer vot af godre Meining.

16. Þeir hiner kunngiora Christum af Prætu, og eige hreinlega, þviad þeir meina, þad þeir vilie mijnum Fiotrum Hormung tilleggia.

17. Enn þesser ut af Kiærleika, þviad þeir vita þad eg ligg hier til Forsvars Evangelii.

18. Enn hvad þa? þad Christur verde med allshoattudu uiote kunngiordur, hvort þad skier af Yfirhylmingu, edur þad skiedur j Sannleika, þa gled eg mig þo þar af, og vil mig eirnenn gledia.

19. Þviad eg veit, ad þad sama mun mier falla til Hialprædis, fyrer ydra Bæn, og fyrer Tilstirking JEsu Christi Anda.

20. So sem eg olldungis vænte og vona, þad eg verde j ongre Grein skammadur. Helldur þad Christur med allre Diorfung so sem allt hingad til, lijka og eirnenn nu, mikladur verde a mijnum Lijkama, sie þad fyrer Lijfed eda fyrer Daudann.

21. Þviad Christur er mitt Lijf, og Daudenn er minn Avinningur.

22. Enn med þvi, þad j Holldenu ad lifa, þienar meir til Avogst ad syna, þa veit eg eige hvort eg skal kiosa.

23. Þviad hvortveggia preynger ad mier, eg hefe Gyrnd a fra ad skiliast, og hia Christo ad vera, hvad eirnenn miklu betra være.

24. Enn þad er nytsamlegra j Holldenu ad blijfa, fyrer ydar Saker.

25. Og eg veit j godre Tilvæntingu, þad eg mun blijfa, og vera hia ollum ydur til Framm-kvæmdar, og til Truarennar Glede.

26. Uppa þad þier meiged miog hrosa ydur j CHristo JESU a mier, fyrer mijna Til-komu aptur til ydar.

IV. 27. Ganged ad eins sem verdugt er Evangelio CHristi, uppa þad, ef eg kiem og sie ydur, eda spyrie þad um ydur j minne Fiar-lægd, ad þier standed j einum Anda, og einre Sælu, og medur oss berieſt fyrer Tru Evangelii.

28. Og læted ecke a nockurn Veg blygda ydur af Motstendorunum, hvort ad þeim er eitt Teikn Fyrerdæmingarennar, enn ydur Salúhialparennar, og þad sama af GUde.

29. Þviad ydur er þad giefed, fyrer CHri-sti Saker þad ad giora, ad þier ecke alleinasta a hann trued, helldur eirnenn hans vegna lijded.

30. Og hafed þa somu Baraattu sem þier hafed a mier sied, og nu af mier heyrt.

II. Capitule.

Paulus (I) kennir oss margskonar Dygder eptir CHristi Dæmi; (II) talar um Komu Timothei til Phi-lippensis; og (III) um Veikleika Epaphroditi.

I. Sie

I. Sie nu hia ydur Aminning j CHriſto, ſie þar Huggun Kiærleikſins, ſie þar Sameign Andans, ſie þar hiartgroenn Aaſtſeme, og Miſkunſeme,

2. So uppfylled minn Fognud, þad þier ſieud eirnrar Lundar, hafande hinn ſama Kiærleika, verande ſamhugader og eins ſinnader,

3. Eckert giorande fyrer Ofund edur Hiegerna Dyrd, helldur fyrer Lijtelæte, hallde hvor ſem eirn annann ædra, enn ſig ſialfann.

4. Og hvor eirn lijte eige uppa þad ſem hans er, helldur uppa þad hvad annars er.

Piſtillenn a Palma Sunnudag.

5. Hvor eirn ſie ſo ſinnadur, ſem JEſus CHriſtus var.

6. Hvor þo ed hann være j Guds Mind, hiellt hann þad þo ecke fyrer Roan, Gude lijkur ad vera.

7. Helldur mijnkade hann ſig ſialfann, og tok a ſig Mind eins Pions, vard lijkur odrum Mennum, og ad Hegdan fundenn ſem Madur.

8. Lijtelæckade ſig ſialfann, og vard hlydugur allt til Dauda, ja, allt til Kroſſens Dauda.

9. Fyrer þvi hefur GUD upphafed hann, og gaf honum Nafn, þad yfer ollum Nofnum er.

10. So ad j Nafne JEſu ſkulu ſig beygia oll Knie þeirra ſem a Himnum og a Jordu, og under Jordunne eru.

11. Og allar Tungur skulu vidurkienna, ad JEsus Christus sie DROTTinn, til Dyrdar Guds Fodurs.]

12. Lijka so, mijner Kiærustu, sem pier hafed alla Tijma hlydnad vered, ei alleinasta j minne Naverru, helldur og nu miklu meir j minne Fraveru, pa verked ydar eigen Saluhialp, med Ugg og Otta.

13. Pvi Gud er hann sem j ydur verkar, bæde Viliann og Giorningenn, epter sinne Pocknan.

14. Giored alla Hlute an Moglunar, og (a) an Prætu.

(a) (An prattunar) Ad pier knurred ecke a mote Gude af Opolenndmæde, og sieud ecke ostodugir j Truune.

15. Uppa ad pier sieud olastanleger, og hrein Guds Born, ostraffanleger midt j mille peirrar vondrar og frasnuennar Kinslodar, medal hvorra pier skijned sem Lios j Heimenum.

16. Par med, ad pier blijfed vid Lijfsins Ord, mier til Hroosunar a Deige Christi, so sem sa er ecke hefur til onytis hlauped, nie forgiefens erfidad.

17. Og ef so er, pad eg verd (b) fornfærdur yfer Offre ydrar Truar og Guds Pionustugiordar, pa gled eg mig, og eg gled mig med ydur ollum.

(b) (Fornfærdur) pad er, po eg skyllde deya par uppa, ad eg hefe fyrer Evangelium og Truna giort ydur ad

Guds

Guds Þienurum og offre, þa skal þad ecke hryggia mig, heldur vil eg giora þad med Glede, og þier skulud og so unna mier þeirrar Glede.

18. Þar af skulud þier eirnenn gledia ydur, og skulud gledia ydur medur mier.

II. 19. Enn eg vona j DROTTne JEsu, þad eg mune innan skams senda Timotheum til ydar, so ad eg glediest j huga, þa eg feinge ad vita, hvornenn ydur fer ad.

20. Þvi eg hefe engvann sem so algiorlega sie epter minu Sinne, sa er so af Hiarta fyrer ydur syrger.

21. Þvi hiner aller leita þess hvad þeirra er, enn ei hvad JEsu CHristi er.

22. Enn þier vited ad honum er riettelega hagttad, þvi lijka so sem Barned med Fodurnum, so hefur hann med mier þionad j Evangelio.

23. Þann sama vona eg, þad eg mune snarlega senda, þa ad eg sie, hvad mier lijdur.

24. Enn eg treystunst j DROTTne, þad eg mune eirnenn sialfur jnnann skamms Tijma til ydar koma.

III. 25. Enn mier leytst naudsynlegt, þad eg senda til ydar þann Brodur Epaphroditum, sa minn Hialpare og Medstrijdare, og ydar Postule, og minn Naudpurftar Þienare er.

26. Epter þvi hann hafde Forlangan til allra ydar, og var miog þvingadur, af þvi þier hofdud heyrt þad hann hefde siukur vered.

27. Og hann var ad sonnu daudsiukur. Enn GUD miskunade sig yfer honum, eige einasta yfer honum, helldur og so yfer mig, so ad eg hefda ei Sorg a Sorg ofan.

28. Enn eg hefe sendt hann þess skiotara, so ad þier sæud hann, og yrdud glader aptur, og þad eg hefde þess minne Sorg.

29. So medtaked hann nu j DROTTne, med allre Glede. Og hafed þess konar (Menn) j Heidre, þviad fyrer Saker Verks CHristi, er hann Daudanum so nær komenn, þa hann sitt Lijf þege aktade, uppa þad hann þionade mier j ydvarn stad.

III. Capitule.

Paulus talar um Rettlæte Truarennar i gegn Fals-Postulum.

Framar, kiærer Brædur, þa gledied ydur j DROTTne. Þvi þad eg skrifa ydur jafnan hid sama, tregar mig ecke, og þad gierer ydur þess bruggvare.

2. Giefed Giætur ad Hundunum, giefed Giætur ad illum Erfidurum, giefed Giætur ad (a) Umskurnenne.

(a) (Umskurn) Kallar hann þa Falspredikara, fyrer þad þeir kienndu þad, ad Umskurnarskijrnenn være naudsynleg til Sælnhialpar, hvar med ad Hiørtun urdu fra Trunne frasnidenn.

3. Þviad

3. Þviad vær erum umſkurn, vier ſem GUde þionum j Andanum, og hroſum oſs af Chriſto JESU, og forlœtum oſs ecke uppa Holded.

4. Þo ad eg hafe þad og eirnenn, ad eg meige mier af Holdenu hroſa. Firſt eirn annar lœtur ſier þykia, hann meige ſier af Holdenu hrooſa, enn þa miklu framar eg.

5. Sem a hinum œtta Deige er umſkorenn, einn vot af Iſraels Ætt, af Ben Jamins Kinþœtte, Ebreſkur af Ebreſkum, og epter Løgmœalenu Phariſeus.

6. Epter Vandlœtingunne Offoknare Safnadareus, ſem var epter Riettlœtenu j Løgmœalenu oſtraffanlegur.

7. Enn hvad minn Aviuningur var, þad hefe eg Chriſti vegna fyrer Skada reiknad.

8. Þviad eg helld alla Hlute Skada vera, j hia þeirre yfergnœfanlegu Vidurkienningu Chriſti JESU mijns DROTTins, fyrer hvørs Saker eg hefe alla Hlute Skada reiknad, og helld þa fyrer Preck, uppa þad eg œvinne Chriſtum,

9. Og j honum fundenn verde, þad eg hefe ecke mitt Riettlœte, ſem kiemur af Løgmœalenu, helldur þad ſem fyrer Truna a Chriſtum kiemur, ſem er þad Riettlœte, er af GUde Trunne tilreiknad verdur.

10. Hann ad þeckia, og Krapt hans Upprijſu,

risu, og sameign haus Pijnu, þad eg verde og hans Dauda lijkur.

11. So ad eg mætte honum j mote renna, til Upprisu Framm-lidenna.

12. Enn ecke þad eg hafe þad þegar hond-lad, edur sie þegar fullkomenn, eg (b) skunda þar epter, hvort ad eg giæte eirnen hondlad, epter því ad eg em af Christo JESU hond-ladur.

(b) (Skunda) þad er: Christur hefur mig kallad, og fært mig so til sinnar Naadar, henne vilde eg giar-nan giora fullustu, j því ad hondla hana.

13. Mijner Brædur, eg held mig enn nu ecke sialfann fyrer þann, ad eg hafe þad hond-lad. Eitt vil eg seigia, þad eg gleyme því, hvad tilbaka er, og dreg mig ad því sem j fyrer er.

14. Eg skunda ad því uppsetta Takmarke, epter því Hnosse, hvort framm helldur þeirre Himneskre Kallan Guds, j Christo JESU.

15. So marger sem af oss eru nu fullkom-ner, þa verum so sinnader. Og ef þier skulud nockud annad hallda, þa læted GUD ydur þad opennbera.

16. Þo so framt, ad vier sramm-gaungum epter (c) Reglunne er vier erum jnnkonner, og verum eins sinnader.

(c) (Reglu) ad slijk Opennberan sie ei Trunne nie andlegu Samþycke motstædeleg.

Pistillenn

Piſtillenn XXIII. Sunnud. epter Trinitatis.

17. Filged mier epter, kiærer Brædur, og giæted ad peim sem so ganga, lijka sem pier hafed oss til Fyrermindar.

18. Pviad marger ganga, af hvorium eg hefe optsinnes sagt vdur, og eg seige vdur eirnenn nu grœtande, peir Oviner Krossens Christi.

19. Hvorra Æfelok er Fyrerdœminginn, hvorra Gud Magenn er, og peirra Vegsemd, sem jardlega sinnader eru, verdur til skammar.

20. Enn vor Umgeingne er a Himnum, hvadan vier vœntum Frelsarans JEsu Christi vors DROTTins.

21. Sa vorn safeingann Lijkama mun forkiœra, pad hann lijkur verde hans forklarudum Lijkama, epter peim Krapte, par hann kann sier alla Hlute med undergiefna ad giora.

IV. Capitule.

Paulus (I) bijdur peim i Philippis ad gledia sig i DROTTne: (II) Packar peim fyrer sitt Orlœte og Godgyrne vid sig.

1. Leika so, mijner kiærer og œskeleger Brædur, minn Fognudur, og mijn Korona, vered so stoduger j DRottne, pier elskuleger.

2 Evodian œminne eg, og Syntychen œminne eg, pad pær sieu samlyndar i DROTTne.

3. Eg

3. Eg bid þig eirnenn minn (a) trwr Lagsmadur, veit þeim hiastod, sem med mier strijdt hafa j Evangelio, med Clemese, og hinum odrum mijnum Hialparmonnum, hvorra Nofn ad eru j Lijfs Bokenne.]

(a) (Trwr Lagsmadur) það er, minn sierdeilis trur Stallbroder fi amar odrum, hvorinn það er Hiartans Alvara ad predika Evangelium so sem mier, og helld eg ad hann meine þann ypparsta Biskup j Philippen.

Pistillenn IV. Sunnud. j Adventu.

4. Gledied ydur j DRottne alla Tijma, og enn aptur seigie eg, gledied ydur.

5. Ydra Hogværd laated kunna vera ollum Monnum, DROttinn er nalægur.

6. Syrged ecke, helldur laated ydar Bæner j ollum Hlutum, j Bænahallde og Akalle, med Packargiord, fyrer GUde kunnar verda.

7. Og Fridur GUds, sa hærre er ollum Skilninge, vardveite ydar Hiortu og Hugskot j CHristo JEsu.]

8. Framar, kiærer Brædur, hvad Sannarlegt er, hvad Erlegt er, hvad Riettelegt er, hvad Skijrlijft er, hvad Aastsamlegt er, hvad vel somer. Er það Dygd nockur? Er það Lof nockud? Huxed þar epter.

9. Hvort þier eirnenn lært og medteked, heyrt og sied hafed a mier, það giored, þa mun DROttin Fridarens med ydur vera.

II. 10. Eg em nærsta miog gladur ordenn j DRottne, það þier erud endurvaknader, fyrer

rer mier ad syrgia, sem þier hafed þo allt iafnt fyrer mier sorgad, enn Tijdenn hefur þad ecke viliad lijda.

11. Eige seige eg þad Naudþurftarennar vegna, þviad eg hefe lært, hia þeim er eg em, mier ad nægia lœta.

12. Eg kann lœgur og hœr ad vera, eg em vidvanur j ollum Hlutum, og hia ollum, bæde saddur ad vera, og so hungradur, bæde Gnog ad hafa og Brest lijda.

13. Eg formœ alla Hlute, fyrer þann sem mig mœttugann giorer, sem er CHristur.

14. Þo hafed þier vel giort, þad þier hafed mijna Hormung annast.

15. Enn þier Philippenses viteð þad, ad af Upphafe Evangelii, þann Tijd eg burtfoor af Macedonia, þad eingenn Sofnudur hefur mier nockud veitt, j Reikningskapnum, Utlœta og Intekta, utann þier alleinasta.

16. Þviad, til Thessalonicam sendud þier til minnar Naudþurftar, eitt Sinn, og þar epter enn einu Sinne.

17. Eige þad eg leite epter Giofenne, helldur leita eg ad Avegstenum, þad hann sie gnoglegur j ydrum Reikningskap.

18. Þviad eg hefe alla Hlute, og hefe yfersliotanlega. Eg fylltunst þann Tijd eg medtok fyrer Epaphroditum, þad fra ydur kom, sœtann Jlm, þœgelegt Offur, Gude þacknœmt.

19. Enn

19. Enn minn GUD uppfylle alla ydar Naudpurft, epter sijnum Dyrdarennar Rijkdome, j Christo JESU.

20. Enn Gudi og Fodur vorum sie Dyrd, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

21. Heilsed ollum Heilogum j Christo JESU.

22. Ydur heilsa peir Brædur, sem eru hiá mier, ydur heilsa aller Heilager, sierdeilis peir af Keisarans Hwse.

23. Nad vors DROTTins JESU Christi sie med ydur ollum, Amen.

Skrifadur af Rom med Epaphrodito.

Formale yfer S. Pals Pistill til Colossenses.

Lika so sem ad sa Pistillenn til peirra j Galatia hefur Art og Eptermind epter Pistlenum til Romverja, og pad sama j sluttu Mæle jnne lykur, hvad sa til Romverja vijdar og rijkuglegar utbreider; so hefur og pesse Pistill til Colossenses, sijna Art og Hegdan epter peim til Ephesios, og jnne helldur pad sama j sluttu Mæle.

J hinum fyrsta lofar Postulenn pa, og æfker peim Colossum, pad peir blijfe j Truunne, og fare varande. og utleggur Hvad Evangelium og Truenn sie, ad hun sie

sie sa Vijsdomur, sem vidurkienner Christum eirn DROTTenn og Gud, fyrer oss krossfestann, sem af Veralldar Upphafe var hulenn, og nu fyrer sitt Embætte framnboreun; pad er hinn fyrste Cap.

I odrum Cap. bidur hann pa ad taka sig j vakt fyrer Manna Lærdome, sem ætijd er Trunne motstædlegur. Og uppmœlar pa somu Lærendur a pennann Hatt riettelega, so pad peir ern j Skriftenne hvørge so uppmœlader, straffande pa meistaralega.

I hinum pridia œminner hann pa, pad peir sieu avagstarsamer j skiærre Tru med allshattudum goodum Verkum, hvør vid annann, og skrifar allshœttadre Stiett, hennar eigennleg Verk.

I hinum fiorda bisalar hann sig under peirra Bænahalld, heilsar peim og stirker pa.

Sancte Pauls Pistill til Colossenses.

I. Capitule.

Paulus (I) kunngiorer hvad vier hofum odlast j Christo; Hver Christus se, Hvorsu ad Christus hafe sætt oss vid Gud: (II) Talar um Motgang, sem hann hafe lided j sijnu Predikunar Embætte.

1. Paull Postule JESU Christi, fyrer Guds Vilia, og Timotheus sa Broder.
2. Peim Heilogum j Colossen, og peim Tru-

Truudum Brædrum j Christo. Nad sie med ydur og Fridur, af Gude vorum Fodur, og Drottne JESU Christo.

3. Vier þackum Gude, og Fodur vors DROTTins JESU Christi, og bidium alla Tijma fyrer ydur.

4. Af þvi vier hofum heyrt af ydvarre Tru a JESUM Christum, og af ydar Kiærleik til allra Heilagra.

5. Fyrer þeirrar Vonar Saker, sem ydur er ætlud a Himnum, af hverre þier hafed tilforna heyrt, fyrer Sannleiks Orded j Evangelio.

6. Það til ydar komed er, so sem og ut um allann Heimenn, og er avaxtarsamt, so sem og lijka a medal ydar, allt j fra þeim Deige er þier hofduð það heyrt, og vidurkiennt Guds Nad j Sannleika.

7. So sem þier lært hafed af Epaphra, vorum kiæra Medþienara,

8. Hvor ad er trvor Þion Christi fyrer ydur, sa oss eirnenn kunngierde ydvarn Kiærleika j Andanum.

Pistillenn XXIV. Sunnudag epter Trinit.

9. Hvar fyrer vier eirnen allt j fra þeim Deige, þa vier hofdum það heyrt, lietum vier ei af fyrer ydur ad bidia, og vier bidium það þier uppfyllest med Vidurkienning hans Vilia, j allshærttudum andlegum Vijsdome og Skilninge.

10. So

10. So ad þier ganged Drottne verduglegana, til allrar Þocknunar.

11. Og sieud avaxtarsamer j ollum godum Verkum, og vaxed j Guds Vidurkienningu, og stirkest j ollum Krapte, epter hans dyrdarlegre Magt, j allre Þolennmæde og Langlundargiede, med Fognude.

12. Og þacker giored Fodurnum, sem oss hefur skapfellega giort, til Arfskiptis Heilagra, j Liosenu.

13. Sa ad oss hefur frelsad af Yfervallde Myrkranna, og hefur oss jnn sett j Riike sijns elskulega Sonar.

14. J hvorium vier hofum Endurlausnena, fyrer hans Blod, sem er Syndanna Fyrergiefning.]

15. Hvor ad er eigenleg Jmind osyneleg Guds, hinn Frumgietne fyrer allar Skiepnur.

16. Þviad fyrer hann eru aller Hluter skapader, þad a Himnum og a Jordu er, hid synelega og osynelega, bæde Thronarner og Herradomarner, Hofdingiadomar og Valldstietter, alltsaman er þad fyrer hann, og til hans skapad.

17. Og hann er fyrer ollum Hlutum, og þad allt stendst j honum.

18. Og hann er Hofud Lijkamans, sem er Safnadarns, hvor ad er Upphafed, og hinn Frumgietne, fra Daudum, uppa þad hann hafe j ollum Hlutum Hofdingiadæmed.

19. Þviad

19. Hvad hann hefur so Dacknæmt verid, ad j honum skyllde allur Fullkomlegleike byggia.

20. Og aller Hluter yrde fyrer hann forlijkter til hans sialfs, hvort hann er a Jordu, edur a Himnum, har med, ad hann Fridenn gierde, fyrer Bloded a sijnum Krosse, fyrer sialfann sig.

21. Og ydur, hier sem fordum Daga vorud framande, og Oviner, fyrer Skinsemdena j vondum Verkum.

22. Enn nu hefur hann forlijkt ydur medur Lijkama sijns Holds, fyrer Daudann. Uppa hann gierde ydur Heilaga, og ostraffanlega, og saklausa fyrer sier sialfum.

23. Ef hier blijfed annars j Trunne grundvallader, stadfaster og obræranleger, af Vonenne hessa Evangelij, sem hier hafed heyrt, hvort predikad er medal allra Skiepna, sem under Himnenum eru, hes Pienare eg Pall em ordenn.

II. 24. Eg gled mig j mijnum Harmkvælingum, hær eg lijd fyrer ydur, og uppfylle a mijnu Hollde, hvad ad vantar a hær Harmkvælingar j CHristo, fyrer hans Lijkama, hvor ad er Sofnudurenn.

25. Hes Pienare eg em vordenn epter Gudlegu Predikunar Embætte, sem mier er giefed a medal ydar, ad eg Guds Ord rijkuglega predika skal.

26. Sem

26. Sem er þann hans Leyndardom, hvor hulenn hefur verid fra Upphafe Veralldar, og um æfe, enn nu openberadur er hans Heilogum.

27. Hvorium Gud hefur viliad kunngiora þeinam dyrdarlega Rijkdom þessa Leyndardoms medal Heidenna Pioda (hvor ad er Christur j ydur,) sem er Vonenn Dyrdarennar, hvorn vier bodum.

28. Aminnande alla Menn og lærande alla Menn med allshœattadre Speke, uppa þad vier frammsettum hvorn Mann algiordann j Christo JEsu.

29. Hvar uppa eg erfida og strijde epter Krapte þess sem j mier kroptuglega verkar.

II. Capitule.

Paulus aminner Colossenses (I) ad þeir lœte ecke leida sig afvega med Mælgc Fals-kennenda; (II) ecke med Mannlegre Speke; (III) Ne med Vana Mannanna.

I. Eg vil ydur vita lœta, hvort Strijd eg hefe fyrer ydur, og fyrer þeim j Laodicea, og ollum þeim, sem mijna Personu hafa eige sied j Holldenu.

2. So ad þeirra Hiortu hugsvoluduſt, og sambundenn yrde j Kiærleikanum, og til allrar audgunar visselegs Skilnings, ad þeckia Leyndann dom Gllds Fodurs og Christi.

3. J hvorium Hulder liggia aller Fiesioder Vitskunnar og Vidurkienningarennar.

4. Enn eg seige þar af, þad eingenn tæle ydur med lijklegum (a) Rædum.

(a) (Rædum) þær sem koma saman vid Skinsemena, so sem sa Lærdomur um Godverkenn, etc.

5. Þvi þo eg sie ecke þar epter Holldenu, þa em eg þo j Andanum hia ydur, fagnande, þad eg sie ydra skickan og ydra stadfasta Tru a Christum.

6. Lijka so sem þier hafed nu medteked DRottinn Christum JEsum, so lijka ganged j honum.

7. Og vered jnnrætter og uppbiggder j honum, og vered stadfaster j Trunne, sem þier erud lærder til, og vered rijkuglega þacknæner j henne.

II. 8. Siaed til, þad eingenn ræne ydur fyrer Philosophiam, og hiegomlegar Tælingar, epter Manna Lærdome, og Veralldarennar Setninge, enn eige epter Christo.

9. Þviad j honum bigger allur Fullkomlegleike Gudddomsins Lijkamlega.

10. Og þier erud (b) fullkomner j honum, hann sem er Hofud alls Hofdingiadoms, og Valldstiettar.

(b) (Fullkomner) þad er, þier hafed þad alltsaman, þegar þier hafed Christum, og þurfed ecke ad meira ad leita.

11. J hvorium þier erud umskorner, med

Umskurn

Umskurn can Handa, fyrer Aflogu syndsamlegs Lijkama j Holldenu, sem er med Umskurn Christi.

12. J því, þar þier erud med honum greftrader, fyrer Skijrnena, j hvorre þier erud upprisner fyrer Truna, sem GUD verkar, hvor ed hann uppvakte af Dauda.

13. Og hann hefur ydur eirnenn med honum lifande giort, þann Tijd þier vorud dauder j Syndum, og j Yfirhød ydvars Holds, og hann hefur oss fyrergiefed allar Synder,

14. Og afskafed þa (c) Handskrift, sem mote oss var, hvor j Settningum var hulenn, og oss gagnstædleg var, og hefur hana a burteked, og a Krossenn negit,

(c) (Handskrift) það er: þar stendur eckert so hardlega a mote oss, sem vor eigenn Samvitska med hvorre það verdur uppa oss bevijsad, sem med vorre eigenn Handskrift, þegar Logmaled opennberar oss Syndena, med hvorre vier hofum slijka Handskrift skrifad, enn Christus frelsar oss fra ollu þessu fyrer sinn Kross, og burtdrijfur Disfulenn og Syndena.

15. Og hefur afflett Hofdingiadoma og Volldugа, og til Synis frammleidt opennberlega, og giorde eina Sigurvinning af þeim, fyrer sig sialfann.

III. 16. Af því leated engvann giora ydur Samvitsku neina, j Mat edur Dryck, ellegar med Aasett Helgedaga Hollд, eda Tunglkomur, edur Sabbath.

17. Hvort ad er Skugge af þvi sem tilkomande var, enn sialfur Lijkamenn er j Christo.

18. Læted ongvann svipta ydur Mælteikninu, af þeim sem epter eigenn Utvalningu ganga j Audmykt og Andlegleik Einglanna, hvoria hann sa aldrei, og er til onytis upphroskadur j sijnu holldlegu Sinne,

19. Og helldur sig ecke vid Hofuded, af hvoriu allur Lijkamenn fær Hialp, fyrer Lide og Samkomur, og helldur sier samann, og vegs so til Guddomlegrar Stærdar.

20. Sieud þier nu dauder med Christo, fra Veralldarennar Settningum, hvar fyrer læted þier þa veida ydur med Settninguni? lijka sem ad lifdud þier enn j Verolldenne (hvorier ed seigia:)

21. Eige skalltu a þvi taka, eige skalltu þvi bergia, eige skalltu þad cahræra.

22. Hvort þo allt slitnar þa þad er med hondum haft,

23. Og eru Manna Bodord og Kienningar, hvoriar ed hafa yferlit Vitskunnar, fyrer sialfvalenn Andlegleik og Audmykt, og j þvi þeir þyrma ei Lijkamanum, og giora eige Holldenu sijna Sæmd, til sinnar Naudþurftar.

III. Capitule.

Paulus talar (I) um eitt nytt Lijferne j Jdkun allra godra Dygda; (II) um Christilega Hus-Stiorn.

I. Ef ud

I. Ef ꝺ þier nu upp aptur riſner med Chriſto, þa leited þeſs hvad þar uppe er, þar ed Chriſtur er, ſitiande til Guds hægre Handar.

2. Koſtgiæfed epter þvi ſem þar uppe er, og eige epter þvi ſem a Jordu er.

3. Þviad þier erud dauder, og ydart Lijf er folged med Chriſto i Gude.

4. Enn nær Chriſtus ydvart Lijf mun ſig opennbera, þa munud þier eirnenn med honum opennberader verda j Dyrdenne.

5. So deyded nu ydra Limu ſem a Jordu eru, Hooraner, Ohreinleika, ſkammarlegann Bruna, vonda Lyſting, og Agyrne (ſem er Skvrgodadyrdkan.)

6. Fyrer hvad ad kiemur Guds Reide yfer Born Vantruarennar.

7. I hvorium þier hafed fordum Daga geinged, þa þier lifdud j þeim.

8. Enn aflegged nu allt þetta j fra ydur, Reide, Grimd, Illſku, Laſtaver, ſkiemmeleg Ord af ydrum Munne.

9. Liuged ecke hvor ad odrum, afklædeſt hinum Gamla Manne, med ſijnum Verkum.

10. Og iklædeſt hinum Nya, ſa ſem endurnyaſt a til Vidurkienningar, epter þeſs Jmind ſem hann hefur ſkapad.

11. Þar ſem er eingenn Griſkur, Gydingur, Umſkurn, Yferhvod, Utlendur, Schyta,

Prœll, Frelsinge, helldur er Christur allt og j ollum.

Pistillenn V. Sunnudag epter Prettanda.

12. So jklædest nu, so sem Guds Utvalder, Heilager og Elskanleger, hiartfolgenne Miskunseme, Godvilia, Audmykt, Hoglynde, polemmæde.

13. Og umlijded hvor annann, og ef ad nockur hefur Klogumæl mot odrum, þa fyrergiefed þad hvor odrum jnnbyrdis, lijka so sem Christur hefur fyrergiefed ydur, so skulud þier eirnenn.

14. Enn framm yfer allt þetta, þa jklædest Kiærleikanum, hver ad er Band Algiorleglleikans.

15. Og Fridur Guds rijke j ydrum Hiortum, til hvers ad þier erud kallader, j einum Lijkama. Vered og þacklæter.

16. Lætid Christi Ord rijkuglega byggia medal ydar, j allre Virsku. Læred og æminned ydur sialfa med Psalmum og Lofsongvum, og andlegum liuflegum Kvædum, og synged DROttne j ydrum Hiortum.

17. Og allt hvad þier giored med Ord edur Verk, þad giored allt j Nafne DROttins JESU, og þacked Gude og Fodur fyrer hann.]

II. 18. Þier Kvinnur, vered ydrum Bœndum undergiefnar j DROttne, so sem ad biriar.

19. Þier

19. Þier Menn, elsked ydar Eigennkonur, og vered ecke beisklundader vid þær.

20. Þier Born, vered hlydug Forelldrunum j ollum Hlutum, þviad þad er DRottne þacknæmelegt.

21. Þier Fedur, reited ecke ydar Born, so ad þau verde ecke jstodulaus.

22. Þier Þienarar, vered hlyduger j ollum Hlutum ydrum lijkamlegum Herrum, ei med Þionustu fyrer Augum, so sem Monnunum til Þocknunar, helldur med Einfalldleik Hiartans, og med Guds Otta.

23. Allt hvad þier gisred, þad gisred af Hiarta, so sem fyrer DRottne, og eige fyrer Monnum.

24. Og vited, þad þier munud odlast af DRottne Verdlaun Arfstokunnar, þvi þier þioned DRottne Christo.

25. Enn hvor Oriett giorer, sa mun þad medtaka, hvad hann hefur Oriett giort, og þar gillder eckert Manngreinar alit.

26. Þier Drottnar, hvad riett og jofnudur er þad audsyned Þienurunum, og vited, þad þier hafed eirn DRottinn a Himnum.

IV. Capitule.

Paulus bydur (I) ad Menn seu stoduger i Bænaakallenu, Packlæter, og Bidie fyrer odrum; (II) Tale vingiarnlega og skinsamlega; (III) Talar um nockra rettlynda Kennesedur.

I. Verid stoduger j Bænaakallenu, og vaked j þvi enu sama med Þackargiord.

2. Bidied og eirnenn fyrer oss, so ad Gud upplwoke oss Ordsins Dyr, til ad tala Leyndann Dom Christi, fyrer hvad eg em bundenn.

3. Uppa þad, ad eg openbere þad sama, sem mier biriar ad tala.

II. 4. Ganged vijslega j mote þeim, sem ad eru þar fyrer utan, og skicked ydur j Tijdenne.

5. Ydar Ræda sie ætijd liwsleg, og med Sallte kriddud, þad þier vited, hvornenn þier skulud sierhvorium andsvara.

III. 6. Hvornenn um mig er hoattad, þad mun ydur allt kunngiora Tychicus, kiær Broder og trur Pienare, og Medþion j DROTTne.

7. Hvorn eg hefe þar fyrer til ydar sendt, ad hann skylde vita, hvornenn ydur fære ad, og þad hann hugsvalade ydar Hiortum.

8. Samt Onesimo þeim trua og kiæra Brodur, hver fra ydur er, og allt hvornenn hier fer framm, munu þeir kunngiora ydur.

9. Ydur heilsar Aristarchus, minn Sambandinge, og Marcus Systrungur Barnabe, um hvorn þier hafed nockra Bifalning medteked. Ef so er, þad hann kiemur til ydar þa medtaked hann,

10. Og

10. Og Jesus sa kallast Just, hvorier vot af Umskurnenne eru. Þesser eru alleinasta mijner Hialpendur j Guds Rijke, þeir mier eru huggan vordner.

11. Ydur heilsar Epaphras, hvor j fra ydur er, einn Þion Christi, og jafnan fyrer ydur strijdande j sijnum Bænum, uppa þad þier standed fullkomner, og uppfyllter j ollum Guds Vilia.

12. Eg ber honum þad Vitne, ad hann hefur stoora Aastundan fyrer ydur, og fyrer þa j Laodicea og Hierapoli.

13. Ydur heilsar Lucas Lækner, minn elskulegur, og Demas.

14. Heilsed Brædrunum til Laodicea, og Nymphan, og Sofnudenum sem ad er j hans Hvse.

15. Og nær þesse Pistill er lesenn hia ydur, þa tilsicked, ad hann verde eirnenn og lesenn j Samkundunne til Laodicea. Og þad þier lesed þann sem til Laodicea er skrifadur.

16. Og seiged Archippo: tak vara a þvi Embætte, sem þu medteked hefur j Drottne, ad þu fullkomner þad.

17. Mijn Kvedia med minne Pals Hende. Vered minnuger minna Fiotra. Naadenn sie med ydur, Amen.

Skrifadur af Rom medur Tychico og Onesimo.

Formaale yfer þann fyrra S. Pals Piſtil til þeirra j Theſſalonica.

Þennan Piſtil ſkrifade S. Paall ut af ſerlegre Aaſtſeme, og Poſtullegre Umhyggiu, þvi hann lofar þa j tveimur hinum fyrſtu Cap. Þad þeir hafe Evangelium af honum med ſlijkre Alvoru medteked, ad þeir eigi nenn fyrer Harmkvæle og Oſſokn ſtande þar inne, og eru allſtadar vordner ollum Sofnudum ett ægiætt Epterdæme j Trunne, og hafa lided Oſſokn af Gydingum, ſjnum Frændum og Vinum, eins og CHriſtur og hans Poſtular, ſo ſem hann ſialfur hafde og eirnen hia þeim lided, þeim til Epterdæmes, færande hia þeim eitt heilagt Lijferne. Fyrer hvad hann packar Gude þad hans Evangelium hefur ſlijkann Avoxt hia þeim fært.

J hinum þridia, audſyner hann ſjna Koſtgiæfne og Umhyggiu, þad ſlijkt hans Erfide, og þeirra lofſamleg Uppbirian, verde ecke eydelagd fyrer Diſfulenn og hans Poſtula, med Mannanna Lærdomum, fyrer þvi hafe hann adur fyrerframm Timotheum til þeirra ſendt, ſlijkt ad kunngiora, og packar Gude, þad enn nu hafe vel tilgeinged hia þeim, og æſker þeim Vidurauknungar.

J hinum fiorda, aminner hann þa, þad þeir vakte ſig vid Syndum, og giore hvad gott er jnnbyrdis. Þar til andſvarar hann þeim uppa eina Spurning, ſem þeir hofdu fyrer Timotheum lætad til hans bera, af Uppriſu Framm lidenna, hvort þeir munu aller under eins, eda hvor epter odrum upprijſa.

J hi-

J hinum sinta, skrifar hann peim um pann Sijdarsta Dag, hversu snoggt og skyndelega hann skule koma, og giefur par med nockrar godar Skickaner, hinum odrum ad stiorna, og hvernenn peir skulu halda sig j giegn Lijferne og Lærdome hinna annara.

Hinn fyrre S. Pauls Pistill til peirra i Thessalonica.

I. Capitule.

Paulus talar um Christiendom peirra i Thessalonica.

Paall og Silvanus og Timotheus. peim Safnade j Thessalonica j Gude Fodur og DROTTne JEsu Christo. Nåad sie med ydur og Fridur, af Gude vorum Fodur og DROTTne JEsu Christo.

2. Vier pockum Gude alla Tijma, fyrer ydur alla, og peinkium til ydar oaflåatanlega j vorum Bænum.

3. Og vier peinkium åan Aflats a ydar Verk j Trunne, og ydvart Erfide j Kiærleikanum, og a ydra Polenninæde j Vonenne, hvor ad er til vors DROTTins JEsum Christum, fyrer Gud og vorn Fodur.

4. Vvi, kiærer Brædur, af Gude elskader, vier vitum, pad pier erud utvalder af Gude.

5. Þviad vort Evangelium var hia ydur, eige alleinasta j Ordenu, helldur hvortveggia j Kropte og Heilogum Anda, og j nærsta mikelle Fullvissu, so sem ad þier vited, hvilijker vier vorum medal ydar, fyrer ydar Skuld.

6. Og þier erud vorer Epterfilgiarar vordner og DROTTENS, og hafed Orded medteked, j miklum Motgange, medur Fognude j Heilogum Anda.

7. So ad þier erud Fyrermind vordner allra Truadra j Macedonia, og j Achaia.

8. Þviad af ydur er Ord DROTTins vijdfrægt orded, ei ad eins j Macedonia og Achaia, helldur er ydar Tru til GUds utdreifd, j allar Aalfur. So ad eige er þorf ydur nockud ad seigia.

9. Þviad þeir sialfer kunngiora af ydur, hvad vier hofum fyrer Inngang haft til ydar, og hvornen þier erud umsnuner til GUds, j fra Skvorgodum, til ad þiona Lifanda og Sannarlegum GUde.

10. Og ad bijda epter hans Syne af Himnum, hvorn hann uppvakte af Dauda, JEsum, sa oss hefur frelsad af tilkomande Reide.

II. Capitule.

Hlijdner og Gudhrædder Tilheyrendur ern Rettlyndum Kennefedrum til Storrar Virdingar og Glede.

Af

Af því þier vited, kiærer Brædur, vorn Jungang til ydar, það hann hefur ei onytur verid.

2. Helldur so sem vier hofdum adur tilforna lided, og Hædung þolad til Philippen (sem ad þier vited) þo vorum vier samt og adur alldiarfer, j vorum Gude, hia ydur ad tala Evangelium Guds, j storre Baraattu.

3. Því vor Aminning hefur ei verid til Villudoms, nie til Ohreinleiks, nie til Viela.

4. Helldur epter því vier erum af Gude reynder, það oss er tiltruad, ad predika Evangelium, so tolum vier, eige sem villdum vier Monnum þocknast, helldur Gude, sem vor Hiortu reyner.

5. Þviad vier hofum alldrei neitt sinn med smiadrunar Ordum umgeinged (sem ad þier vited) og logdum oss ei epter Agyrnd; Gud er þess Vottur.

6. Og ei helldur leitudum vier Vegsemdar af Monnum, hvorke af ydur, nie af odrum.

7. Vier hefdum maatt giora ydur Þyngsl, sem CHristi Postular; Helldur vorum vier modurleger hia ydur: lijka sem ønnur Fostra annast Born sijn.

8. So hofum vier Hiartans Lysting af ydur, og vorum viliuger til ad hlutskipta vid ydur, ei alleinasta Guds Evangelium, helldur jafnvel voru Lijfe, fyrer því, ad vier hofdum ydur aastfolgna.

9. Þier minnest vel, kiærer Brædur, vors Erfides, og vorrar Mædu, þviad Dag og Nott erfidudum vier, so ad vier veittum engvum nein Þyngsl a medal ydar, og predikudum hiia ydur Evangelium Guds.

10. Þess erud þier Vottar og Gud, hversu heilaglega, riettferduglega og ostraffanlega vier vorum hia ydur (þier sem truader erud.)

11. So sem ad þier vited, ad vier hofum hvorn sem einn af ydur, so sem Fader sijn Born, aminnt og huggad, og þad vottad,

12. Ad þier skyldud verduglega ganga fyrer Gude, þeim ydur hefur kallad til sijns Rijkis, og sinnar Dyrdar.

13. Fyrer þad þockum vier eirnenn Gude oaflatanlega, þad þier, þann Tijd þier medtokud af oss þad Ord Gudlegrar Predikunar, þa medtokud þier þad ei, so sem Mannanna Ord, helldur (epter þvi þad sannarlega er) sem Guds Ord, þad eirnenn verkar j ydur, þier sem trued.

14. Þviad þier erud Epterfilgiarar vordner, kiærer Brædur, Guds Safnudum j Judea, j Christo JEsu, so þad þier hafed þad sama lided af ydrum Nafrændum, sem hiner af Gydingum.

15. Hvorier eirnenn DROttenn JEsum hafa lijfslaated, og þeirra eigenn Spæmenn,

og

og hafa oss ofsokt, og þocknast ecke Gude, og eru ollum Monnum motstadleger.

16. Talma oss ad seigia Heidingium þad þeir meige af hialpast, so ad þeir uppfylle sijnar Synder allstadar, þviad Reidenn er þegar Endelega yfer þa komenn.

17. Enn vier, kiærer Brædur, med þvi ad oss hefur stijad vered j fra ydur um stundar Saker, epter Yferlite, og eige epter Hiartanu, þa hofum vier þess framar flytt oss ydart Auglit ad sia, af storre Preyan.

18. Fyrer þad hofum vier viliad til ydar koma (eg Paall) tvisvar Sinnum, enn Satan hefur hindrad oss.

19. Þviad hvor er vor Von edur Fognudur, edur Korona Hrosinarennar? erud þier þad eige fyrer vorum DRottne JESU CHristo, j hans Tilkomu?

20. Jea, þier erud vor Vegsemd og Fognudur.

III. Capitule.

Timotheus var (I) sendur fra Paulo til þeirra j Thessalonica: (II) Hans Jaatning um þa fyrer Paulo.

I. Fyrer þvi hofum vier ecke leingur þad viliad umlijda, og lietum oss þocknast ad vera einsamer til Athenas.

2. Og

2. Og hofum wtsendt Timotheum vorn Brodur og Guds Pienara, og vorn Hialparmann j Evangelio Christi, til ad stirkia og a ad minna ydur j ydvarre Tru:

3. So ad engenn ydar veikleſt j þessum Hormungum. Þviad þier vited, ad vier erum þar til (a) setter.

(a) (Setter) þad er: þad kann ecke odruvijs til ad ganga.

4. Og þa er vier vorum hia ydur, sogdum vier ydur þad fyrer, þad vier hlytum Motgang ad hafa, so sem skied er, og þier vited.

5. Þar fyrer ad eg gat þad ei leingur lided, þa wtsenda eg, so ad eg mætte reyna ydra Tru, uppa þad, ad eige mætte skie, ad Freistarenn freistade ydar, og yrde vort Erfide til onytis.

II. 6. Enn nu þad Timotheus er j fra ydur til vor komenn, og hefur kunngiort oss ydra Tru og Kiærleika. Og þad þier huxed til vor alltijd til hins Besta, og þad ydur forleinger epter ad sia oss, so sem oss eirnenn epter ydur.

7. Þa urdum vier, kiærer Brædur, huggader af ydur j allre vorre Hormung og Naud, fyrer ydra Tru.

8. Þviad nu erum vier lifande, med þvi þier standed j DRottne.

9. Þvi hvoria Þackargiord gietum vier Gude endurgollded fyrer ydur, fyrer allann þann Fognud, sem vier hofum af ydur fyrer vorum Gude?

10, Vier

10. Vier bidium Dag og Nott mikelega, þad vier mættum sia ydvart Auglit, og uppfylla, ef nockud brestur a ydra Tru.

11. Enn GUd vor Fader, og DROttinn vor JEsus CHristus, greide vorn Veg til ydar.

12. Enn ydur margfallde DROTTinn, og laate Kiærleikann verda fullkomenn jnnbyrdis hia ydur, og vid hvorn Mann (so sem ad vier erum eirnenn vid ydur.)

13. So ad ydar Hiortu sieu stirk og ostraffanleg, j Heilagleik fyrer GUde og vorum Fodur, til Tilkomu vors DROttins JEsu CHristi, med ollum hans Heilogum.

IV. Capitule.

Paulus (I) bydur ad lifa Heilogu Lijferne: (II) Talar um Upriſu hinna Daudu.

Piſtillenn II. Sunnud. i Foſtu.

1. Framar, kiærer Brædur, bidium vier ydur, og æminnum j DRottne JEsu, med þvi þier hafed af oss medteked, hvornenn þier skulud ganga, og GUde þocknast, so ad þier æ meir og meir fullkomnare verded.

2. Þviad þier vited, hvad fyrer Bodord vier hofum giefed ydur, fyrer DRottenn JEsum.

3. Þviad þad er Vilie GUds, ydar Helgun, ad þier umflyed Hooraner.

4. Og

4 Og hvor ydar sem eirn, vite ad eignast sitt Kier, j Helgan og Heidre.

5. Og ecke j Syndarbruna, sem Heidingiar, peir af Gude eckert vita.

6. Og pad eingenn oæseyleſt edur take oægoda fra sijnum Brodur j Hondlanenne, pviad DROttinn er haun, sem hefner alls pessa, sem ad vier hofum oadur fyrer sagt, og ydur vottad.

7. Pviad GUD hefur ecke kallad oss til Ohreinleiks, helldur til Helgunar.]

8. Hvor sem nu forsmaer, hann forsmaer ecke Mann, helldur GUD, sa sinn Heilaga Anda hefur i ydur giefed.

9. Enn af Brodurlegum Kiærleika er ecke porf ydur ad skrifa. Pviad pier erud sialfer af Gude lærder ydur jnnbyrdes ad elska.

10. Og pad giored pier eirnenn vid alla Brædur, sem j allre Macedonia eru, enn vier bidium ydur, goder Brædur, pad pier verded enn algiordare.

11. Og kostgiæfed spakferduger ad vera, og ydart eiged ad stunda, og erfided med ydar eigenn Hondum, so sem ad vier hofum boded ydur.

12. Uppa pad pier mættud ærlega ganga hia peim, sem par fyrer utan eru, og einskis peirra med (a) purfa.

(a) (Purfa) pad er, Næred ydur og hialped ydur sialfer, og ligged ei odrum Mønnum a Hondum, so sem

sem þeir lotu Hwsgangs Mukar, Endurskijrarar, og Landhlauparar, því slijkt er onytt Folk, og hneixlar þa Vantrunadu.

Pistillenn XXV. Sunnud. epter Trinit.

II. 13. Enn vier vilium, kiærer Brædur, eige dylia fyrer ydur, af þeim sem sofa, uppa þad þier sieud ei hriggver, sem þeir adrer, sem ongva Von hafa.

14. Því ef vier trwum því, ad JEsus er daenn, og upp aptur risenn, so mun GUD og eirnenn, þa sem sofnader eru fyrer JEsum, med honum frammleida.

15. Því þad segium vier ydur, so sem Ord DROttins, ad vier, hvorier lifum, og epter blijfum j Tilkomu DROttins, vier munum ei fyrre koma enn þeir sem sofa.

16. Þviad DROttinn sialfur mun med Hrope og Hofud-Eingelsins Raust, og Guds Lwdre ofann koma af Himnum, og hiner Daudu j Christo munu first upp aptur risa.

17. Eptera vier, vier sem lifum og epter blijfum, verdum til lijka uppnumder med þeim somu, j Skyenn til mots vid DROttinn j Lopted, og munum so med DROttne vera alla Tijma.

18. So hugged nu hvor annann jnnbyrdes med þessum Ordum.]

V. Capitule.

Paulus (I) talar um Doms-Dag, ad hann munu koma hvatskeytlega, og Monnum ovart: (II) Kenner ad ganga fram j Gudrækne; elska Rettlæte vid Naungann,

gann, og æminner, ad menn seu sialfer hreinlijfer og ostraffanleger.

I. Enn af þeim Tijma og Stundu, kiærer Brædur, er ecke þorf ydur ad skrifa.

2. Þviad þier vited sialfer vissulega, þad Dagur DRottins mun koma sem Þiofur um Nott.

3. Af því, nær þeir munu seigia: þar er Fridur, og hier er eingenn Hætta, þa mun Fordiorfunenn snogg yfer þa falla, lijka so sem Soott Jodsiukrar Kvinnu, og eige skulu þeir umflyed gieta.

II. 4. Enn þier, kiærer Brædur, erud ecke j Myrkrenu, so ad sa Dagur grijpe ydur sem Þiofur.

5. Þier erud allersaman Liossens Born, og Dagsins Born, vier erum ei af Nottenne, nie af Myrkrunum.

6. Fyrer því leatum oss ei sofa, so sem hina adra, helldur vokum og verum sparlijfer.

7. Þviad þeir sem sofa, þeir sofa a Nottunne, og þeir sem druckner eru, þeir eru druckner a Nottunne.

8. Enn vier sem erum Dagsins, skulum sparlijfer vera, j klædder Briniu Truarennar og Kiærleiksins, og med Hialme Vonarennar til Hialprædesins.

9. Þviad GUd hefur ei sett oss til Reide, helldur þad vier skylldum Hialpræded odlast, fyrer vorn DRottinn JEsum Christum.

10. Sa

10. Sa fyrer oss hefur dœed, so hvort ad vier vokum, eda sofum, skulum tilsamans med honum lifa.

11. Fyrer þvi œminne hvor ydar annann innbyrdis, og leidriette hvor annann innbyrdis, so sem ad þier eirneinn giored.

12. Enn vier bidium ydur, kiærer Brœdur, þad þier þecked þa, sem erfida a medal ydar, og eru ydar Forstodu Menn j Drottne, og œminna ydur.

13. Og hafed þa þess kiærare, fyrer þeirra Verks Saker, og vered (a) fridsamer vid þa.

(a) (Fridsamer) hrigged þa ecke, legged þa ecke j Dagdoma, mœgled ei a mote þeim, snotred þa ecke, nie vered ofvijser upp yfer þeim.

14. Enn vier bidium ydur, kiærer Brœdur, ad þier œminned Oroadvanda, hugged Jstodulitla, umlijded Breiskva, vered þolennmoder hvor vid annann.

15. Siaed til, þad eingenn giallde nockrum Illt med Illu, helldur stunded œtijd epter hinu Goda, bœde innbyrdis, og vid hvorn Mann.

16. Vered jafnann glader.

17. Bidied oaflatanlega.

18. Vered þacklœter j ollum Hlutum, þviad þad er GUds Vilie, j Christo JESU til ydar.

19. (b) Utslockved ecke Andann.

(b) (Utslockved) enn þo ad Andarner eige ad lœta sig dœma af Sofnudenum, 1 Cor. 4. Þa eiga menn

menn þo ecke ad niðurþrickia þeim edur uiſkuſa þeim, fyrr enn menn þeckia þa, heldur ad yfirheyra þa og reyna, eins lijka Spaadomana og allann Lærdom. 1 Cor 1, 9.

20. Spaadomana forſmaed ecke.

21. Enn reyned alla Hlute, og bihalded þvi hvad gott er.

22. Fordeſt allt ſem hefur illt Aalit.

23. Enn hann ſem er GUD Fridarens, helge ydur j allann Maata, og (c) allur ydar Ande, aaſamt Saalunne og Lijkamanum, meige vardveittur verda, ostraffanlegur j Tilkomu vors DROttens JESU CHriſti.

(c) (Allur ydar Ande) þad er j ollum Þortum, ſo ſem er j Trunne, Kiærleikanum, Vonenne, Ordum og Gisrdum.

24. Trvr er hann ſem ydur kallade, hann mun þad og eirnen giora.

25. Kiærer Brædur, bidied fyrer oſs.

26. Heilſed ollum Brædrum med Heilogum Koſſe.

27. Eg ſære ydur vid DROttinn, ad þier loated leſa þennan Piſtel fyrer ollum heilogum Brædrum.

28. Naad vors DROttins JESU CHriſti ſie med ydur,
AMEN.

Til þeirra j Theſſalonica fyrre Piſtill ſkrifadur fra Athene.

Formaale yfer Annann S. Pauls Piſtil til peirra i Theſſalonica.

I hinum Firra Piſtle hafde S. Paall peim j Theſſalonica uppleyſt eina Spurning af Doms Deige, pad hann munde koma ſkyndelega og ovart, ſem Piofur a Nattar-pele, enn ſo ſem pad plagar ad vera, pad ein Spurning eſur adra, helſt af raungum Skilninge, ſo underſtodu peir j Theſſalonica, pad Domadagur munde pegar fyrer Hondum vera. Fyrer pad ſkrifar hann pennann Piſtil, og forklarar ſig ſialfann.

I hinum firſta Capitula huggar hann pa med eylijfu Verdkaupe peirra Truar og Polennmæde, j allsheattadre Hormung, og med Straffe peirra Ofſoknara j eylijfum Pijnum.

I hinum odrum, kienner hann pad, ad fyrer Domadag hliote odur fyrre hid Romverſka Rijke under ad ganga, og ad Antachriſturenn upphefie ſig fyrer eirn Gud j Chriſtendomenum, og med falſkum Lærdome og Jardteiknum ville hann hina vantruudu Verøld, par til ad Chriſtur kiemur, og nidur brytur hann, fyrer ſijna dyrdarlega Tilkomu, og deyder hann fyrerframm med einne andlegre Predikan.

I hinum pridia, gisrer hann nockrar Aminningar, og ſierdeilis pad peir ſtraffe pa ſem Idiulauſer ganga og ſier vilia ecke biarga med eigennlegum Hondum, og ef peir betra ſig ecke, pa ſkule peir fordaſt pa. Hvad nærſta hardlega hliodar j giegn andlegre ſtiett a peſſum Tijmum.

Hinn

Hinn Annar S. Pals Pistill til Peirra i Thessalonica.

I. Capitule.

Paulus talar (I) um Polenmæde peirra i Thessalonica, under Krossenum: (II) Um Guds Rettlæte yfer peirra Ossoknurum: (III) Ad peir verde uppfyllter til Christi Dijrdar.

I. Paal og Silvanus og Timotheus. Peim Sofnude til Thessalonica, i Gude vorum Fodur, og DRotte ne JEsu Christo.

2. Nad sie med ydur og Fridur, af Gude vorum Fodur, og DROTne JESU Christo.

3. Vier skulum alltiafnt giora Gude packer fyrer ydur, kiærer Brædur, sem ad verdugt er, pviad ydar Trua vex ed nærsta, og innbyrdis Kiærleikurenn vex medal ydar allra.

4. So ad vier hroosum oss af ydur, i Guds

Guds Sofnude, af ydar Þolennmæde og Tru, j ollum ydar Ossoknum, og Hormungum, hvoriar þier þoled.

5. Hvad og aavijsar, þad Gud mune riettferduglega dæma, og þad þier verduger verded til Guds Rijkis, fyrer hvort þier og lijded.

II. 6. Af þvi þad er riett hia Gude, ad endurgiallda þeim Hormung, sem ydur Hormung veita.

7. Enn ydur, þier sem Hormung lijded, Hvijld med oss, þa er DROTTinn JEsus mun openberast af Himne, medur Einglum sijns Kraptar,

8. Og med Elldsins Loga, Hefnd ad giefa yfer þa, sem ecke þeckia GUD, og yfer þa, sem ecke eru hlydugir Evangelio vors DROttins JEsu CHristi.

9. Hvorier Pijsler munu lijda, þa æfenlegu Fordiorfun fra Auglite DROttins, og fra hans dyrdarlegre Magt.

10. Þa hann mun koma þad hann dyrdarlega openberest med sijnum Heilogum, og Dasamlegur med ollum Truudum. Þviad vorum Vitnisburde til ydar, af þeim sama Deige, hafed þier truad.

III. 11. Og saker þess bidium vier eirnenn alla Tijma fyrer ydur, þad vor GUD giore ydur verduga þeirrar kallanar, og uppfylle alla velþocknan Giædskunnar, og Truarennar Verk i Kraptenum.

12. So ad a ydur verde prijsad Nafn DROTTJns vors JEsu CHristi, og hier a honum, epter Nad vors Guds og Drottins JEsu CHristi.

II. Capitule.

Paulus (I) talar um Anti-christ: (II) Skipar ad vera stodugum i peirre sonnu Tru.

I Enn vegna peirrar Tilkomu DROttins JEsu CHristi, og vorrar Samansofnunar til hans, bidium vier ydur, kiærer Brædur,

2. Pad pier lætad ecke skiotlega snua ydur fra ydru Sinne, nie skelfa, hvorke fyrer Anda, eda fyrer Ord, nie Brief, so sem af oss send, pad Dagur CHristi sie pegar fyrer Hondum.

3. Lætad engvann villa ydur med neinu mote. Pviad hann kiemur ecke, nema ad so sie, pad adur fyrre kome par Frafall, og openskaar verde Madur Syndarennar, og Glotunarennar Sonur, sa sem ad er Motstandare,

4. Og sig forhefur upp yfer allt, hvad Gud edur Gudsdyrdkan heiter, so pad hann (a) setur sig j Guds Mustere, so sem Gud, og giefur sig ut par fyrer ad hann sie Gud.

(a) (Setur) Pesse seta er Rijkisstiorn Antachristi j Christnenne, med hvorre hann kiemur pvi til leidar, ad

ad hans Bodord halldast, framm yfer Guds Bodord og Pienustu, enn Frafalled er pad, ad menn giefa sig fra Trunne til Mannanna Lærdoms, so sem par stendur og eirnenn. 1Tim. 4.

5. Minnest pier ecke par a, pad eg sagde ydur petta, pann Tijd eg var enn hia ydur?

6. Og hvad pad enn nu hindrar, vited pier, ad hann skal opennberast a sijnum Tijma.

7. Pviad su Vondska hreifer sier alla reidu heimuglega, utann pad, ad sa sem pvi nu inne helldur, hlytur burt tekenn ad verda.

8. Og so mun pa hinn Vondskufulle opennskaar verda, hvorn DRottinn mun deyda med Anda sijns Munns, og ad engvu giora fyrer Uppbirting sinnar Tilkomu.

9. Hvors Tilkoma skier epter Krapte Andskotans, med allshoattudum lygelegum Krapte, Taknum og Stormerkium.

10. Og med allshoattadre Afvegaleidslu til Ranglætesins, medal peirra sem tapader verda, fyrer pad, peir hafa eige medteked Kiærleikann til Sannleiksins, so peir hialpudust.

11. Pvi mun GUD senda peim megnann Villudom, ad peir true Lygenne,

12. Uppa pad peir verde aller dæmder, sem Sannleikanum ecke trua, helldur hafa lysting a Ranglætenu.

II. 13. Enn vier skulum packa GUDe alla Tijna fyrer ydur, elskanleger Brædur af DRottne, pad GUD hefur utvaled ydur

allt fra Upphafe, til Saaluhialparennar j Helgun Andans, og j Tru Sannleiksins.

14. Par hann hefur ydur jkallad fyrer vort Evangelium, til vegsamlegs Eigenndoms vors DROttins JESU Christi.

15. So stauded nu, kiærer Brædur, og hallded þa Settninga, sem þier erud til lærder, sie þad fyrer vor Ord edur Brief.

16. Enn sialfur vor DROttinn JEsus Christus, og Gud vor Fader, sa oss hefur elskad, og giefed eylijfa Huggun, og goda Von fyrer Naadena,

17. Hann aminne ydar Hiortu, og stadfeste ydur j ollum Lærdome, og godum Verkum.

III. Capitule.

Paulus (I) rædur ad gisra Bæner, til þess, ad Evangelium fae Framgang; (II) ad flya Lete og Jdiuleyse.

1. Framar, kiærer Brædur, bidied fyrer oss, so ad Ord DROTTins hafe sitt Hlaup, og vegsamad verde, lijka so sem hia ydur,

2. Og þad vier verdum frelsader j fra oraadvondum og illgiornum Monnum. Þviad Truann er ecke hvors Manns.

3. Enn sa DROttinn er trur, sem ydur mun stirkia og vardveita fra Illu.

4. Enn

4. Enn vier væntum til ydar j DROttne, had þier giored, og gisra munud, hvad vier biodum ydur.

5. Og DROTTinn stiorne ydar Hiortum, til Guds Kiærleika, og til þolinnmæde Christi.

II. 6. Enn vier biodum ydur, kiærer Brædur, j Nafne vors DROTTins JESU Christi, þad þier burttaked ydur j fra serhvorium þeim Brodur, sem otilbærelega geingur, og eige epter þeim Settninge, sem hann hefur medteked af oss.

7. Þviad þier vited, hvornenn þier skulud oss eptersilgia, þvi vier vorum ei oskickanleger a medal ydar,

8. Hofum eirnenn ecke Brauded fyrer eckert ut af nockrum teked. Helldur med Erfide Dag og Nott þa hofum vier þionad, so ad vier veittum engvum ydar nein þyngsl.

9. Ei fyrer þad, so sem ad vier hofum þar engva Magt til, helldur þad vier giefum oss sialfa ydur til Fyrermindar, oss epter ad filgia.

10. Og þa vier vorum hia ydur, budum vier ydur þad, ad ef nockur vill eige erfida, sa skal og ecke helldur eta.

11. Þviad vier heyrum, þad nockrer a medal ydar ganga oskickanlega, og erfida eckert, drygiande helldur Slenskap.

12. Enn slijkum biodum vier og aaminnum þa, fyrer vorn DROTTinn JESUM CHristum, þad þeir erfide med Spaklæte, og ete sitt eiged Braud.

13. Enn þier, kiærer Brædur, þrepteſt ecke gott ad giora.

14. Enn ef nockur er ei hlydenn voru Orde, þann teikned upp fyrer Brief, og hafed eckert med hann ad giora, so ad hann fae Kinnroda.

15. Halded hann þo ecke sem Ovin, helldur aaminned hann sem Brodur.

16. Enn sialfur DROTTinn Fridarens giefe ydur Frid alla vegu, og med ollum Haattum. DROTTinn sie med ydur ollum. Heilsan med minne Hende Pals, hvort ad er þad Merke j ollum Briefum, so skrifa eg.

Nad vors DROttins JESU CHristi sie med ydur ollum,
AMEN.

Skrifadur fra Athene.

Formaale yfer Firra S. Pals Piſtil til Timotheum.

Pennann Piſtil ſkrifar S. Paall til Fyrermindar ollum Biſkupum, hvad peir eiga ad kienna, og hvornenn peir eige Chriſtnenne ad ſtiorna, j allshaattudum Stiettum, uppa pad, ad eingenn Mandſyn ſie, pad utaf eigennlegum Mannſins Potta ſie Chriſtnenne ſtiornad.

I firſta Cap. bydur hann pad, ad eirn Biſkup hallde vid rietta Tru, og Kiærleika, og ſtande i moteim falſkum Logmaalſins Predikurum, hvorier jafnframt CHriſto og Evangelio, eirnenn vilia framdriifa Verkenn Logmaalſins. Og innelykur ſo j ſtuttre ſummu allann Chriſtelegann Lærdom, hvar til ad Logmaaled piene og hvad Evangelium er, og ſetur ſia ſialfann til eins hnggunar ſamlegs Epterdæmis, ollum Syndurum, og harmþrungnum Samvitſkum.

I odrum bifalar hann, ad bidia fyrer allshaattudum Stiettum, og bydur pad Konurnar predike ecke, bere eirnenn ongvann dyrmætann Bunad, helldur ad pær ſien ſinnum Bændum hlydugar.

I hinum pridia ſkrifar hann hvad Biſkupar edur Preſtar og peirra Eiaennkonur, fyrer Perſonur vera ſkuln, Item, Kyrkiupienarar og peirra Kvinnur, og lofar pad, ef nockur gyrneſt a pann haatt Biſkup ad vera.

I hinum fiorda kunngiorer hann um pa Falsbiſkupa og andlega Stiett, ſem hinum fyrrſogdum er motſtadleg, og pad pær Perſonur munu par ecke

jnne vera, helldur þeir sem fyrer bioda Hiuskap og Matarnautn, og med øllu breita þvert a mote, medur Manna Lærdomum, þeirre Epternmind og Eyterdæme, sem hann fyrr um skrifad hefur.

I fimta bifalar hann hvørnenn til skule ganga um Eckiur og ungar Kvinnur, og hvørium Eckium Menn skule framnfære veita, utaf Safnadarens Hialp, og hvørnenn vier skulum froma Biskupa edur Presta j Heidre hallda, og þa straffa sem Stroffunar eru verder.

I hinum siotta eyminner hann Biskupana, ad þeir hallde sig vid þad hreina Evangelium, og þvi enn fama med Predikan og Lijferne framnfilge, og fyrre sig forvitnissemum Spurningum, þær uppbiriadar verda til veralldlegrar Hroosunar, og Rijkdoms ad leita.

Fyrre S. Pals Pistill til Timotheum.

I. Capitule.

Paulus framsetur (I) þann Lærdom um Logmæled, og (II) um Evangelium.

1. PAull, Postule JEsu Christi, epter Bodan Guds vors Frelsara, og DROttins JEsu Christi, sa vor Von er,

2. Timotheo mijnum riettelegum Syne j Trunne.

Trunne. Nåad, Miſkun, Fridur, af Gude vorum Fodur, og vorum DROttne JESU CHriſto.

3. So ſem ad eg beidda þig, þad þu bliſer til Epheſo, þa eg for i Macedoniam, og bodader þad nockrum,

4. Þad þeir eckert annad kienndu, og giæfu ongvann Gaum ad Æfentijrum, og Ættartolum, ſem ongvann Enda taka, þær meir afla Spurninga, enn Betrunar til Guds i Trunne.

5. Þviad Summa Bodordſins er Kiærleikurenn af hreinu Hiarta, og af godre Samvitſku, og af omeingadre Trv.

6. Jfra hverre ſumer hafa vikid, og eru umſnuner til onyts Þvættings.

7. Vilia vera Ritninga Meiſtarar, ſkilia þo ecke hvad þeir ſeigia, eda hvad þeir ſetia.

8. Enn vier vitum, þad Logmaled er gott, ef nockur tijdkar þad riettelega.

9. Vitande þad, ad hinum Riettlaata er eckert Logmaal ſett, helldur Rangloatum, og Ohlydnum, Ogudlegum og Syndurum, þeim Oheilogu og O-andlegu, Fodurbonum, og Modurbonum, Mannſlogurum,

10. Frillulijfisinonnum, þeim ſem Skomm dryger med Karlmanne, og þeim ſem ſtela Monnum j burt, og Lygurum, og Meinſæriſmonnum, og ſo þad fleyra, ſem heilſuſamlegum Lærdome motſtadlegt er.

11. Epter dyrdarfullu Evangelio hins Heilaga Guds, þad sem mier til truad er.

II. 12. Og eg þacka vorum DROttne JEsu Christo, sem mig stirkvann gierer, og mig trulyndann acktad hefur, og sette mig j þetta Embætte.

13. Eg sem var þo fyrrmeir Forsmaanare, Ofsoknare, og Haadungar Madur.

14. Enn mier er Miskunseme yfirkomenn, þvi þad gierda eg ovitanlega j Vantru, enn Nad vors DROttins var þess yfergnæfanlegre med Trunne, og Kiærleikanum, sem ad er j Christo JESU.

Pistillenn VI. Sunnudag epter Prettanda.

5. Þviad þad eru vissuleg Sanninde, og dyrmætt verdugt Ord, þad Christus JESUS er komenn j Heimenn, Synduga saaluhalpna ad giora, medal hvorra eg em hinn stærste.

16. Enn mier er þvi Miskunseme yfirkomenn, uppa þad Christus JESUS audsynde a mier sierdeilislega, alla Polennmæde, þeim til Epterdæmis sem a hann skylldu trua, til eylijfs Lijfs.

17. Enn Gulde eylijfum Konge, oforgeingelegum og osynelegum, og alleina vijsum, sie Lof og Dyrd ad Eylijfu, Amen.]

18 Þetta (a) Bodord bifala eg þier, Son minn Timothee, epter hinum fyrrum (b) Spaa-

Spædomum yfer þier, ad þu fremier j þeim godann Riddaraskap,

(a) (Þetta Bodord) það er, ad predika utaf Christo, so sem hann seiger hier, ad hann sie komenn j Heimenn.

(b) (Spædomum) það er, Sa Lærdomur, sem þu ædur fyrre hefur medteked, hvør ed skrifadur stendur j Spæmonnunum.

19. Hafande Truna og goda Samvitsku, hvorre sumer hafa fra sier skwfad, og a Trunne Skipbrot lided.

20. Medal hvorra er Hymenæus og Alexander, hvoria eg hefe Andskotanum giefed, so ad þeim yrde kiennt, ad Gudlasta ecke meir.

II. Capitule.

Paulus talar (I) um Bæner fyrer Yfervalldenu, hvørjar aller skule giora: (II) Um Ræd JEsu, er aller niege odlast; (III) Um Guds-Otta Hionanna.

I. So æminne eg nu, ad menn umframm alla Hlute, giøre Boner, Bæner, Fyrerbeidslur, og Þackargiørder fyrer ollum Monnum,

2. Fyrer Kongum og ollu Yfervallde, uppa það vier mættum hafa spakt og rosamlegt Lijferne, j allre Gudrækne og Sidsemd.

3. Því slijkt er gott, þar til eirnenn þacknæmt fyrer Gude vorum Frelsara,

II. 4. Sa sem vill, það aller Menn verde

Sæluholpner, og til Vidurkiennings Sannleiksins komest.

5. Þviad þar er eirn Gud, og eirn Medalgangare mille Guds og Manna, sem er sa Madur CHristus JEsus,

6. Hvor sialfann sig hefur utgiefed fyrer alla til Endurlausnar, þad þetta yrde predikad a sijnum Tijma,

7. Hvar til eg em Predikare og Postule settur (eg segge Sannleik j CHristo, og lyg ei) Lærare Heidenna, j Trunne og j Sannleikanum.

III. 8. So vil eg nu þad, ad Mennerner bidie j ollum Stodum, og upphefie heilagar Hendur, aan Reide, og (a) Orvinlunar.

(a) (Orvinlan) Ad þeir ei mogle vid Gud, nie efe hans Rad j sinne Samvitsku. Phil. 2.

9. Slijkt hid sama Konurnar, ad þær pryde sig j somasamlegum Buonade, med Blygd og Hreinferde, ei med Folldum, Haarfliettan, edur Gulle, edur Perlum, eda dyrmætum Klædnade.

10. Helldur so sem þad Konunum hæfer, þeim er audsyna Gudhrædslu fyrer Godverk.

11. Ein Kvinna lære j Hliode med allre Undergiefne.

12. Og eg leyfe ecke neirne Kvinnu ad kienna, ecke helldur þad hun sie Mannsins Herra, helldur þad hun sie þegul.

13. Þviad Adam er fyrre skapadur, epter a Eva.

14. Og

14. Og Adam vard ei svikenn, enn Konann vard svikenn, og hefur Yfertrodsluna innleidt.

15. Enn hun munhialpast fyrer Barnburdenn, ef hun (b) blijfur j Trunne og Kiærleikanum, og j Helgunenne med Hreinferde.

(b) (Blijfur) hvort helldur menn lesa, er j Trunne, edur, eru j Trunne, gillder eins, thi thad er almenneglega sagt um Kvinnurnar, eun ecke under eins um Bornenu, so sem sumer mæda sig hier um til onytis.

III. Capitule.

Paulus talar (I) um Hegdun Andlegra, hvad tha sialfa snerter; (II) i peirra Huse; (III) I Guds Sofnude.

I. Thad eru visseleg Sanninde, ef ad nockur gyrnest Biskups Embætte, sa gyrnest ogiætt Verk.

2. Enn Biskupe byriar ad vera ostraffanlegum, eirnrar Kvinnu Eigennmanne, Sparneytnum, Hogværum, Sidsomum, Giestrisnum, sem hentugur er til ad kienna.

3. Enginn Vijnsvelgiare, ei Baraattusamur, einskis liotlegs Avinnings gyrugur, helldur lijnkindarsamur, eige Praattunarsomum, eige Agiornum.

II. 4. Sa goda Fyrersion veiter sijnu Hvse, hvor hlydug Born hefur med allre Virding.

5. (Thvi ef nockur kann ei sijnu eigenn

Hvøse forstodu ad veita, hvornenn ma hann þa Guds Sofnude umsion veita?)

6. Eige nykomnum til Truarennar, so hann upphrokest ecke, og hrape so j Lastarans vorskurd.

7. Hann hlytur og eirnenn ad hafa godann Vitnisburd, af þeim sem þar fyrer utan eru, uppa þad hann hrape ecke j Forsmaan og Snoru Lastarans.

8. Lijka eirnenn skulu Pionarner vera ærleger, eige tvijtungader, ongver Vijnsvelger, einskis skiemmelegs Avinnings gyruger.

9. Þeir ed hafa Leyndann dom Trwarennar j hreinne Samvitsku.

10. Þa hina somu loate menn reyna, epter þad loate menn þa þiena, ef þeir eru ostraffanleger.

11. So og lijka skulu þeirra Eigenkvinnur vera erlegar, ei lostunarsamar, sparneytnar, trulyndar j ollum Hlutum.

12. Þienarana, hvorn sem eirn, loat vera eirnrar Ecktakvinnu Eigennmann, sa vel forstendur sijn Born, og sijn eigenn Hvs.

13. Enn þeir ed vel þiona, verdskullda sier sialfum goda Stiett, og miked Traust j Trunne, j CHristo JEsu.

III. 14. Þetta skrifa eg þier, og vona sem fyrst til þijn ad koma.

15. Enn ef mier seinkar, ad þu viter, hvornenn þu skallt umgangast j Guds Hvse, hvort

hvort ad er Sofnudur Guds lifanda, Stolpe og Grundvallan Sannleiksins.

16. Og augliosiega mikell er sa Gudlege Leyndardomur: GUD er opennberadur j Holldenu, riettlættur j (a) andanum, Auglystur Einglunum, predikadur Heidingium, truadur af Heiminum, medtekenn j Vegsemdenne.

(a) (Andanum) Heilagur Ande hrosar Christo j Evangelio og Trunne, hvorn ad þo oll Verolldenn lastar og fordæmer.

IV. Capitule.

Paulus talar (I) um Fals-Kennendur, (II) um retta Kennesedur.

I. Enn Andenn seiger skilmerkelega, þad a sijdurstu Tijmum munu nockrer ganga af Trunne, og giefa sig til svikfamlegra Anda, og Diofla Lærdoms.

2. Fyrer þa sem j utvortis Heilagleika tala Lyge, og Brennemark hafa j sijnum Samvitskum,

3. Og fyrerbioda ad giptast, og bioda ad bindast þeirrar Fædu, sem Gud hefur skapad, til Medtoku Truudum, medur Þackargiord, og þeim sem Sannleikenn vidurkienna.

4. Þviad oll Guds Skiepna er god, og eckert burtkastanlegt, þad med Þackargiord medteked verdur.

5. Þvi

5. Því það helgast fyrer Guds Ord og Bænena.

II. 6. Nær þu ert þetta Brædrunum fyrerleggiande, muntu vera godur Þienare JEsu CHristi, sem uppalenn ert j Ordenu Truarennar, og goodum Lærdomum, hia hvorium þu hefur ætijd vered.

7. Enn o-andlegar og gamallra Kierlinga Skroksogur fordast þu. Enn jdka þig sialfann til Gudhrædslu.

8. Þviad lijkamleg Jdkan er til lijtels nytsamleg, enn Gudrækne er til allra Hluta nytsom, hafande þessa Lijfs Fyrerheit, og so hins epterkomanda.

9. Þetta eru visseleg Sanninde, og dyrmætt verdugt Ord.

10. Þviad til þess hins sama erfidum vier eiruenn, og verdum forsmader, ad vier hofum vonad uppa Lifanda GUD, sa sem ad er Frelsare allra Manna, enn sierdeilis Truadra.

11. Þetta biod og kienn.

12. Eingenn forsmæe þijna Æsku, helldur vertu Fyrermind Truadra j Ordenu, j Breitnenne, j Kiærleikanum, j Andanum, j Trunne, j Hreinlijfenu.

13. Vertu jdenn med Lesningu, med Aminningum, med Kienningum, þangad til ad eg kiem.

14. Gleym

14. Gleym ecke þeirre Gaafu, sem þier er giefenn fyrer Spaadoma, med Handanna Uppalegging (a) Öldunganna.

(a) (Öldunganna) það er Presta og Predikara.

15. Iðka þetta og umgack, so að þinn Frame sie opennber j ollum Hlutum.

16. Haf gaat a sialfum þier, og a Lærdomenum, og bliif stodugur j þessum Greinum. Því ef þu giorer þetta, muntu sialfann þig hialplegann giora, og þa sem þier heyra.

V. Capitule.

Paulus talar (I) um Hegdun Timothei vid Gamla og Unga; (II) Vid Eckiur; (III) Vid gamla Kennesedur; (IV) Vid unga Kennesedur.

I. Gamlann straffa ecke, helldur aaminn hann sem Fodur, Ungann sem Brodur,

2. Alldradar Konur sem Mædur, ungar sem Systur, med ollu Hreinlifse.

II. 3. Eckiurnar heidra, þær sem riettar Eckiur eru.

4. Enn ef ein Eckia hefur Born, edur Barnaborn, þa laat hana first læra, sijnu sjeigenn Hœse Gudlega ad stiorna, og Forelldrunum lijkt aptur ad giallda, þviad það er vel giort, og þackrœmt fyrer Gude.

5. Enn það er sannarleg Eckia, sem (a) einsomu er, og sijna Von setur uppa Gud, og stadnœmest j Bœnum og Aakalle Dag og Nott.

(a) (Ein-

(a) (Einsomul) Ei hafande ad sorga fyrer neinum, og er alleina.

6. Enn hun sem j Biljsse lifer, er lifande daud.

7. Biod þetta, uppa þad þær sieu ostraffanlegar.

8. Enn ef einhver ræker ecke sitt, sierdeilis sijn Hiw, sa hefur afneitad Trunne, og er Heidnum verre.

9. Laat ongva Eckiu utveliast, sem er fyrer jnnann sextiju Aara, og vered hefur eins Manns Eigennkona,

10. Og hefur Vitnan godra Verka, ef hun hefur Born uppfædt, ef hun hefur giestrisenn vered, ef hun hefur Heilagra Fætur þvegid, ef hun hefur Hrelldum hialpad, ef hun hefur til allra godra Verka kostgiæfenn vered.

11. Enn ungar Eckiur varast þu, þvi nær þær taka (b) lausloatar ad gioraſt j giegn CHristo, þa villa þær giptaſt,

(b) (Lausloatar) þær sem verda ofsækar af godum Dogum, af þvi þær lifa j Sælld, af Almugans Olmusu, ganga framm idiulausar, og verda latar.

12. Hafande sinn Dom, þad þær hafe hina fyrstu Tru broted. Enn jafnfraint þessu eru þær latar, og læra um Hws ad hlaupa.

13. Enn þær eru ecke alleinasta latar, helldur eirnenn fullar af Mælge og Þarfleysu, og tala þad sem ecke hæfer.

14 Þvi vil eg, þad ungar Eckiur giptesst, ale Born, Heimelenu forstodu vitte, og giefe Mootstandaranum eckert Tilefne til Aamælis.

15. Þviad

15. Þviad þar eru þegar nockrar frahorfnar, epter Andskotanum.

16. Enn ef einhver truadur Madur, eda truud Kvinna hefur Eckiur, veite þau þeim samu Frammfærslu, og leate Safnudenn ecke þyngadann verda, so ad þær sem riettar Eckiur eru, mættu Gnægd hafa.

III. 17. Þeir Øldungar sem vel forstanda, halldest tvofalldlegs Heidurs verduger, sierdeiles þeir sem erfida j Ordenu, og j Lærdomenum.

18. Því Ritningenn seiger: * eige skalltu tilbinda Munnenn a erianda Naute, og ** Verkamadurenn er sijns Kaups verdugur.

* 5 B. Mos. 25, 4. ** 5 B. Mos. 24, 14.

19. Jmote Øldunge medtak eckert Klogumaal, nema Vitnisburdar tveggia edur þriggia.

20. Þa sem syndga, straffa fyrer ollum, uppa þad hiner hafe Otta af.

21. Eg votta fyrer Gude og DROttne JESU Christo, og utvoldum Englum, þad þu vardveiter þetta, utan eigennlegrar (c) Giedþeckne, eckert giorande fyrer Vinattu.

(c) (Giedþeckne) ad þu giefer ecke upp, eda hlidrer ecke hia vegna nockrar Sakar, edur nockrar Personu a mote þessum Lærdome, eda Skicknunm, eins og þegar eirn vill roada j sialfs sijns Sok, edur epter sinum eigenn Gied-þotta, edur vill hialpa nockre Personu a mote Riettindum.

IV. 22. Legg eige broadlega Hendur yfer nockurn. Og gior þig ecke hluttakara j annarlegum

legum Syndum. Geym þig sialfann hreinferdugann.

23. Hier epter dreck ecke Vatn, helldur jdka ljjted Vijn, fyrer þijns Maga Saker, og þad þu optsinnis ert siukur.

24. Sumra Manna Synder eru (d) opennberar, so ad menn kunna þær fyrerfram ad dæma, enn sumar verda hier epter ad opennberar.

(d) (Opennberar) sumra Villumanna og illra Manna Athafner eru so opennberar, ad þeir med sijnum Yferdrepskap kunna ongvann ad svijkia, sumer kunna ad svikia um Stundarsaker, enn lokssins verdur þad þo openbert. Eins þar þvert a mot kienna og lisa sumer gudlega, so þad er opennbert, og giora hvorimm Manne Forbetran, enn sumra Ord og Giorder hallda menn ei ad vera godar, þar til Tijmenn epter ad feirna opennberar þad, ad þær hafa þo godar vered.

25. Lijka eirnenn sumra Godverk eru fyrerfram opennber, og hinna annara blijfa ecke jnne byrgd.

VI. Capitule.

Paulus talar (I) um Skylldu Pionustu-Mannanna. (II) um heimsku Fals-Kennenda. (III) Hvada Svijvirding ad augyrudenn se. (IV) Um Stodugłynde Truarennar. (V) Um Orlæte þeirra Rijku.

I. Þeir Pionustumenn sem under Okenu eru, skulu hallda sijna Drottna j ollum Heidre og Virdingu, uppa þad, ad Guds Nafn, og Lærdomurenn verde ei lastadur.

2. Enn

2. Enn þeir sem truada DRottna hafa, skulu ei forsmaa þa enu sømu (med þeirre Aasynd) ad þeir eru Brædur, helldur skulu þeir þvi þienugre vera, med þvi þeir eru truader, og elskannleger, og Velgiorningsins Hluttakarar. Þetta Kienn og Aaminn.

II. 3. Ef ad nockur kienner odruvijs, og blijfur ei vid heilsusamleg Ord vors DRottins JESU CHristi, og vid þann Lærdom um Gudræknena,

4. Sa er (a) uppblaasenn, og veit eckert, helldur er (b) siukur af Spurningum og Ordadeilum, af hvorium uppsprettur Ofund, Prætur, Lastmæle, Misgrunur,

(a) (Uppblaasenn) sa sem geingur upphrokadur af sinum eigenu Þotta og skeyter engvum.

(b) (Siukur) Lygenn er jafnann siuk, og þarf mikellrar Hialpar og Utleggingar vid.

5. Onytar Prætur, slijkum Monnum sem fordiorfud Hugskot hafa, þeir ed Sannleiknum svipter eru, hvorier þad meina, ad Gudræknenn mune (c) Fiaarafle vera. Forda þier fra þeim sem eru þess Hattar.

(c) (Fiaarafle) soddann Idia og Umsvif, med hvorri menn kunna ad aabata sig af Virding og Gotse, og ecke þiena Gudi alleina.

III. 6. Enn þad er mikell Avinningur, hvor hann er Gudhræddur, og lætur sier aanægia.

7. Þviad vier hofum eckert jnnflutt j þennan Heim, af þvi er þad opennbert, ad vier munum eckert j burtu hafa.

8. Enn

8. Enn nær vier hofum Fæde og Klædnad, so lætum oss nægia.

9. Því þeir sem ryker vilia verda, falla j Freistne og Snorur, og j margar fœvijslegar og skadsamlegar Gyrnder, þær ed Mannenum dreckia j Fordiarfan og Fordæming.

10. Því Agyrnd er Root alls Jlls, þeirrar sumer gyrntust, og eru Trunne fra-fallner, og giora sier so sialfum margar (d) Pijnur.

(d) (Pijnur) so sem er Umsorg, Kvijde, Orooseme Dag og Nott fyrer Audœfum, so þeir verda alldrei þar af glader, so sem ad Christur samlijker eirnen Rijkedœme vid Pyrne, fyrer soddan Sottar og Umsorgunar Saker.

IV. 11. Enn þu Guds Madur, umfly þvilijkt, og epterfilg Riettlœtenu, Gudhrœdslu, Trunne, Kiœrleikanum, Polemmœdenne, Hogvœrdenne.

12. Berstu godre Baraattu Truarennar, hondla eylijft Lijf, þar þu eirnenn ert til kallador, og jœtad hefur goda Jœtning fyrer morgum Vottum.

13. Eg byd þier fyrer Gude, sem alla Hlute lijfgar, og fyrer Christo JESU, sa under Pontverskum Pilato vottad hefur goda Jœtning.

14. Pad þu vardveiter þetta Bodord ovanfleckunar, ostraffanlegur, allt til Auglysingar vors DROttins JESU Christi.

15. Hvoria sa hinn Sœle og alleinasta Volldu-

Volldugur mun auglysa a sijnum Tijma, Kongur Konganna, og DRottinn Drottnanna.

16. Hann sem einnsamall Odaudleikann hefur, sa sem bygger j Lioseny, par eingenn kann til ad komast, hvorn eingenn Madur hefur sied, nie sia kann, honum sie Heidur og æfennlegt Vellde, Amen.

V. 17. Rijkum pessarar Veralldar biod pu, pad peir sieu ecke Mikellæter, og legge ongva Von uppa peinnann fallvalltann Rijkdom, helldur uppa lifanda GUd, sem oss rijkuglega giefur, allsheattad til notkunar,

18. Pad peir giore gott, pad peir audgest j godum Verkum, sieu giafmilder, godviliader,

19. Safnande sier sialfum Siod, til gods Grundvallar, uppa hid Tilkomanda, so ad peir hondle eylijft Lijf.

20. O Timothee, vardveit pad pier er til truad, og varast O-andlegt Hiegoma hial, og Kappdeilur fals-frægrar listar.

21. Hvorre ad nockrer framm-hallda, og eru Trunne fravillter. Naadenn sie med pier, Amen.

Skrifadur fra Laodicea, sem ad er ein Hofudborg Landsins Phrygiæ Pacatianæ.

For-

Formaale yfer annann S. Pals Pistil til Timotheum.

Þesse Pistell er eitt Burtfararminnes-Brief, þarinne S. Paall æminner Timotheum, þad hann sannt æframm hallde, so sem hann hefur uppbiriad, Evangelio framm ad filgia, hvers og eirnenn vel þorf gioreſt, af þvi þeir eru marger sem affalla. Þar til upphefia sig eirnenn Fals-Andar, og Lærendur j ollum ættum. Fyrer þvi heyrer einum Biskupe til jduglega ad vaka, og erfida j Guds Evangelio.

Enn sierdeilis þa kunngiorer hann j hinum þridia og fiorda Cap: þa hæskafamlegu Tijd, j mote Endingu Veralldarennar, i hvorre þad ed falska andlegt Lijferne, alla Versolldena mun villa, med vtvortis Fegurd, hvar allshærttud Illska og Odygd, sijna Breitne underbyrger, so sem sia ma (þvi verr) j þennann Tijd, a vorum Andlegum, þennann S. Pals Spædom nærsta noglega uppfylldann verda.

Annar

Annar S. Pals Pistill til Timotheum.

I. Capitule.

Timotheus verdur aminntur (I) til Hugpryde i sijnu Embætte, og (II) ad hann skelfest ecke vid Pauli Fangelse; (III) Helldur treyste Gude.

1. Paall, Postule JEsu CHristi, fyrer Guds Vilia, epter Fyrerheitenu Lijfsins, j CHristo JEsu.
2. Mijnum elskulega Syne Timotheo. Naad, Miskun, og Fridur, af Gude Fodur og CHristo JEsu vorum DRottne.
3. Eg packa Gude, peim er eg piona, j fra Langfedgum mijnum, j hreinne Samvitsku, pad eg oafladtanlega minnest pijn, j mijnum Bænum, Dag og Nott.
4. Og pad mig forleinger epter, pig ad sia (nær eg hugleide pijn Taarafall) uppa pad, eg uppfyllest Fognude.
5. Jhugande pa flecklausa Tru sem j pier er, og oadur fyrre byggde med pinne Ommu Loide, og med pinne Modur Evnike, eg em pess fullvijs pad eirnen med pier.
6. Hvar fyrer eg oaminne pig, pad pu

uppveker þa Guds Giof, sem j þier er, fyrer Uppalegging minna Handa.

7. Þviad GUd hefur ecke giefed oss Hræd-slunnar Anda, helldur Kraptarins og Kiær-leikſins, og (a) Bindindes.

(a) (Bindindes) þad Ord Bindinde, sem Paulus hefur opt um Hond, þijder so miked, sem ad fara skickaulega, vel, sinnulega og skinsamlega med sitt Lœtæde.

8. Fyrer þvi skammast þijn ecke, fyrer vors DROttins Vitnisburd, nie fyrer mig hans Bandingia, helldur medþolugur vert Evan-gelio, so sem ad eg, epter Guds Krapte,

9. Þeim oss hefur hialpliga giort, og kallad med heilagre Kallan, ecke epter vorum Ver-kum, helldur epter sinne Fyrerhyggiu og Nœd, hvor oss er giefenn j CHristo JEsu, fyrer Veralldarennar Tijma,

10. Enn nu openberud er, fyrer Augly-sing vors Lausnara JEsu CHristi, sa sem Daudann hefur svipt Magtenne, enn Lijfed og Odaudlegleikann j Lios leidt, fyrer Evan-gelium.

II. 11. J hvort eg em settur Predikare, Po-stule og Lœrare Heidenna Þioda.

12. Hvors vegna, er eg lijd þetta, enn eg skommunst mijn þess ecke, þviad eg veit a hvorn eg true, og em fullvijs, þad hann kann þad ad vardveita, hvad mier er til truad, allt til þess Dags.

III. 13. Blijf þu vid heilsusamlega Fyrer-mind

mind þeirra Orda, sem þu hefur heyrt af mier, utaf Trunne og Kiærleiknum j CHristo JESU.

14. Það hid goda, sem þier er tiltruad, það vardveit fyrer Heilagann Anda, sem j oss bygger.

15. Þu veitst, það þeir hafa aller frasnuest mier, sem j Asia eru, medal hvorra er Phygellus og Hermogenes.

16. DROttinn giefe Miskun Hvse Onesiphori, þviad hann hefur optsinnis mig endurnært, og af mijnum Fiotrum hefur hann sier ecke feilad.

17. Helldur þa hann var j Rom, leitade hann mijn sem jnnelegast, og fann mig.

18. HErrann giefe honum það hann finne Miskun hia DROttne a þeim Deige. Og j hvorsu morgu hann hefur mier Pionustu veitt til Epheso, það veitstu allra best.

II. Capitule.

Paulus talar (I) um Trumennsku Timothei j hans Kollun; (II) Hnggna j Harmkvælum; (III) GUds Otta j Lijferne og Framferde.

I. So vertu nu stirkur, Son minn, fyrer Nadena j CHristo JESU.

2. Og það þu hefur af mier heyrt, fyrer marga Vitnisburde, bisala það truum Monnum, þeim sem til hæfeleger eru eirnenn ad kienna odrum.

3. Enn þu vert herkenn sem godur Strijdsmadur JESU Christi.

4. Eingenn Strijdsmanna vefur sig i neirnre Sijslan um Næring þessa Lijfs, uppa þad hann þockneſt þeim hinum sama sem medtok hann til Strijdsins.

5. Og þott nockur berieſt, verdur hann þo ecke koronadur, nema hann berieſt riettelega.

6. Enn sa Akurkallenn sem Akurenn eriar, skal firstur niota af Avextenum.

7. Merk hvad eg seige, enn DROttinn mun giefa þier Skilning j ollum Hlutum.

II. 8. Haf j minne JESUM Christum, hvor upp aptur er risenn j fra Daudum, utaf Sæde Davids, epter mijnu Evangelio.

9. Yfer hvoriu eg lijd, allt til Bandanna, so sem Illvirke, enn GUds Ord er ecke bunded.

10. Fyrer þvi þole eg allt, Saker Utvaldra, uppa þad þeir odleſt eirnenn Hialpræded j Christo, med eylijfre Dyrd.

11. Þetta er sannarlega satt, ef vier deyum med, þa munum vier med lifa.

12. Þolum vier, so munum vier med rijkia, ef vier afneitum, þa mun hann eirnenn afneita oss.

13. Truum vier ecke, þa blijfur hann truefastur, þviad hann kann ecke sier sialfnm ad afneita.

14. Hier

14. Hier um œaminn þu þa, og vitna fyrer DRottne, þad þeir hafe ecke Ordaþrætur, hvoriar ongvu nytar eru, nema til Frahverfingar þeim sem til heyra.

III. 15. Kostgiæf, ad audsyna þig Gude riettskickadann og ostraffanlegann Verkmann, sa er riett j (a) sundurkliufe Orded Sannleiksins.

(a) (Sundurkliufe) ad hann ecke blande tilsamans Logmœlenu og Evangelio, helldur framm fylge Logmœlenu mote þeim Illu', hardhnœckudu og uggalausu, og giefe þa under Veralldlegann Riett, edur bannfære þa, enn hugge þa skielfdu, jstodulausu og godu med Evangelio.

16. Vandlegt Hiegoma hial fly þu, þviad þad stirker miked til ogudlegs Athœfis.

17. Og þeirra Ord eta um sig, lijka sem annar Krabbe, medal hvorra er Hymenœus og Philetus.

18. Hvorier Sannleikanum hafa fra villst, seigiande Upprisuna skiedna vera, og hafa so sumum snued fra Trunne.

19. Enn stirk Grundvallan Guds stendur stodug, hafande þetta Jnsigle: DRottinn þecker sijna, og ad hvor sa vijke fra Ranglœtenu, sem (b) nefner Nafn CHristi.

(b) (Nefner) þad er: predikar, prijsar, œkallar.

20. J storu Hvse eru ecke alleinasta Kierenn af Gulle og Silfre, helldur eirnenn af Trie og Leire, sum til Heidurs, sum til Vanœru.

21. Og ef ad nockur hreinsar sig nu j fra þvilijkum Monnum, sa mun vera heilagt Kier til Heidurs, sem Hvsherrann kann ad handtiera, og til alls gods Verks reidubvved er.

22. Fly þu Gyrnder Æskunnar, enn eptersilg Niettlætenu, Trunne, Kiærleiknum, Fridnum, med þeim ollum sem aakalla DROttinn af hreinu Hiarta.

23. Enn fæavijslegar og onytsamlegar (c) Spurningar fly þu, þviad þu veitst, ad þær ala ecke utan Præattaner.

(c) (Spurningar) sem hvorke duga til nockra Sidgiæda, nie til Lærdoms.

24. Enn Pionustumanne DROttins tilheyrer ecke ad vera prætusomum, helldur vingiarnlegum vid alla Menn, og kienningasomum, sa er vonda umlided gietur med Hogvære,

25. Og straffa þa sem þralaater eru, ef ad Gud giæfe þeim eitthvad sinn Yfirboot, Sannleikenn ad vidurkienna,

26. Og endurvitkader verda ur Diofulsins Snoru, af þeirre þeir fangader eru til hans Vilia.

III. Capitule.

Paulus talar (I) um þad mikla Gudleysе hinna sidurstu Tijma. (II) Um Nytsemd og Brukun Heilagrar Ritningar.

I. Enn

I. Enn þad skalltu vita, þad a sijdurstu Dögum munu koma hœskasamlegar Tijder.

2. Því þar munu verda þeir Menn, sem eru Siergoder, Agiarner, Mœlskaps mikler, Dramblœater, Hœdgiarner, Forelldrunum Ohlyduger, Opackloeter, Oandleger,

3. Ohijrleger, Osœttanleger, Lastmœlsamer, Lostasamer, Otamder, Vanartarsamer,

4. Svikuler, Troessuger, Hrokafuller, þeir ed meir elska Munadarlijfi enn GUd.

5. Hverier ed hafa Yferlit Gudlegs Athœfes, enn þess Krapte afneita þeir, fordast þu og so slijka.

6. Af þessum eru og þeir, sem lœdast hier og hvar j Hvsum, og ad Herfange leida Kvennsvipternar, hladnar af Syndum, og fara med margvijslegt Underferle.

7. Lœrande jafnlega, enn gieta þo aldrei til Sannleiksins Vidurkienningar komest.

8. Eins œalijka sem þeir Jannes og Jambres motstodu Moysi, so motstanda þesser eirnenu Sannleiknum, eru Menn fordiarfads Hugskots, torvellder til Truarennar.

9. Enn þeir munu þad ei leinge fremia, þviad þeirra Fiflska mun auglios verda hverium Manne, lijka sem eirnenn þad hinna vard.

10. Enn þu hefur reynt minn Lœrdom, minn Vana, mijna Fyrerœtlan, mijna Tru,

mitt Langlundargied, minn Kiærleika, mijna Polennmæde.

11. Mijnar Ossokner, mijnar Pijsler, þær ed mier til-fiellu j Antiochia og Jconio, j Lystran, hvoria Ossokn eg leid þar, og utaf ollum hefur DROttinn mig frelsad.

12. Og aller þeir sem gudlega vilia lifa j CHristo JEsu, þeir hliota Ossokn ad lijda.

13. Enn hiner vondu Menn og Svikarar frammleidast æ til hins verra, þviad þeir villa, og verda villter.

II. 14. Enn þu vert stadfastur j þvi sem þu hefur lært, og þier er til truad, af þvi þu veitst af hvorium þu hefur lært.

15. Og med þvi þier er kunnug Heilog Ritning, allt j fra Barndome, þa kann hun ad undervijsa þier til Saluhialpar, fyrer Truna a JEsum CHristum.

16. Þviad oll Ritning af GUde jnngiefenn, er nytsamleg til Lærdoms, til Umvandanar, til Betrunar, til Leidriettingar j Riettlætenu.

17. So ad Guds Madur sie algior, til alls gods Verks hæfelegur.

IV. Capitule.

Paulus (I) aminner Timotheus ad vera kostgiæfenn i sijnu Embætte; (II) talar um sinn Dauda.

I. SO vitna eg nu fyrer GUde, og DRottne JEsu CHristo, sa sem ad koma skal,

skal, til ad dæma Lifendur og Dauda, med sinne Auglysing, og med sijnu Rijke.

2. Predika þu Orded, hallt ad, hvort þad skiedur j haglegann Tijma, eda ohaglegann, straffa, ogna, æminn, med allre Polennmæde, og Kienningu.

3. Þvi þad mun vera einn Tijme, þad þeir munu ecke lijda heilsusamlegann Lærdom, helldur munu þeir epter sijnum eigennlegum Fysnum samann hrwga sier sialfum Lærendur, epter þvi sem þeim Eyrun klæa.

4. Og munu Eyrunum j fra Sannleiknum snua, og sier snua til Lyge.

5. Enn þu vert odruckenn j ollu, lijd Orietteinn, gior Verk Gudspiallegs Predikara, framnkvæm þitt Embætte verduglega.

II. 6. Þviad eg verd nu fornfærdur, og Tijme minnar Burtfarar tilstendur.

7. Eg hefe goda Barættu bareſt, eg hefe Hlauped fullkomnad, eg hefe Trunne halded.

8. Nu hiedan j fra er mier affiides logd Korona Riettlæteſins, sem ad DRottinn hinn riettlæte Domare, mun mier, a þeim Deige giefa, enn þo ei alleinasta mier, helldur jafnvel ollum þeim, sem hans Tilkomu elska.

9. Legg Kapp a ad koma til mijn snarlega.

10. Þviad Demas hefur mig yfergiefed, elskande þennann Heim, og er burtfarenn til Thessalonicam, Crescens j Galatiam, Titus j Dalmatiam.

11. Lucas er eirnsaman hia mier, Marcum tak til þijn, og haf med þier, þviad hann er mier nytsamlegur til Þionustu.

12. Tychicum hefe eg til Ephesum sendt.

13. Þann Mottul, sem eg liet epter j Troade, hia Carpo, haf med, nær þu kiemur, og so Bækurnar, enn einkum þad Bokfell.

14. Alexander Smidur hefur audsyndt mier margt vondt, DROttinn umbune honum epter hans Verkum.

15. Fyrer hvorium þu eirnenn vakta þig, þviad hann hefur miog j motstaded vorum Ordum.

16. J mijnu fyrsta Forsvare stod eingenn hia mier, helldur yfergaafu þeir mig aller, enn ei sie þeim þad tilreiknad.

17. Enn DROttenn stod hia mier, og stirkte mig, uppa þad su Predikan fyrer mig stadfest yrde, so ad aller Heidingiar heyrdu þad, og eg em frelsadur af Gine Lionsins.

18. Enn DROttinn mun frelsa mig af ollu Illu, og hialpa til sijns Himneska Rijkis, hvorium ad sie Dyrd, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

19. Heilsa þu Priscam og Aqvilam, og Heimkinne Onesiphori.

20. Erastus bleif til Corintho, enn Trophimum liet eg epter j Mileto siukann.

21. Haf kupp a, þad þu komer til mijn fyrer

fyrer Veturenn. Þier heilsa Evbulus og Þudens, og Linus, og Claudia, og aller Brædur.

22. DRottinn JEsus Christus sie med þijnum Anda. Nædenn sie med ydur, Amen.

Hinn annar Pistill til Timotheum, skrifadur fra Rom, þa er S. Paall var j annad sinn hafdur fyrer Keisaranum Nero.

Formaale yfer S. Pauls Pistil til Titum.

Þetta er eirn sluttur Pistill, enn er þo eirn Kiarne Christelegs Lærdoms, hvar ed allshaattadar Greiner Meistaralega jnne luktar verda, og þar jnne folged er, hvad einum Rietthristnum þarflegt er ad vita, og sier epter ad hegda.

J fyrsta kiennir hann, hvad Biskup, eda Soknarprestur, skal fyrer Mann vera, sem er, hann skal vera fromur; og lærdur vel Evangelium til ad predika, og motstødu ad veita folskum Lærdome Verkanna, og Mannanna Settningum, sem alla Tijma strijda j giegn Trunne, og Samvitskurnar villa j fra Christelegu frelse, j fangelse Mannlegra Settninga, so sem skylldi þau giora oss þacknæma fyrer Gude, hvar til þaug eru þo oduganleg.

J odrum kienner hann allskonar rudum Stettum, Gomlum og Ungum, Kvinnum og Karlum, Hvsbændum og Undirsonnum, hvornenn peir skule sier hegda, so sem peir, hvoria Christur hefur fyrer sinn Dauda, aflad sier sialfum til Eigenndoms.

J hinum pridia kienner hann j heidre ad hafa Veralldlegt Vallde, og peim Hlydne ad veita. Og eyrærer enn aptur j annad sinn, pa Nœd, sem Christur hefur oss afrekad, uppa pad, ad eingenn gisre sier j Hugarlund, ad pad nœge til Sœlnhiclpar, Valldstiettenne Hlydne ad veita, af pvi, ad allt vort Riettlæte er einskis verdt fyrer Gude. Og bisalar honum sijdan, ad fordasi hina Hardsvijrudu, og Villumenn.

Sancte Pals Pistill til Titum.

I. Capitule.

Paulus talar um pad (I) Hverier hellst ege ad setiast til ad vera Kennendur i peirre andlegu Stiett: (II) Hvernen andleger ege ad vera og hegda sier.

I. Paull, Pion Guds, enn Postule JEsu Christi, epter Trunne Guds Utvaldra, og Vidurkienning Sannleiksins, til Gudrœknennar.

2. J

2. I Vonenne eylijfs Lijfs, hvoria til sagt hefur sa eckert lygur, GUd, fyrer Verallda-rennar Tijma.

3. Enn openberad hefur, j sinne Tijd, sitt Ord, fyrer þa Predikan sem mier er til truud, epter Bode GUds vors Lausnara.

4. Tito, mijnum Riettelegum Syne, epter beggia ockar Tru. Nåad, Miskun, Fridur, af GUde Fodur, og DROTTNE JEsu Christo, vorum Frelsara.

5. Vegna þess liet eg þig epter j Crit, þad þu skyllder fullkomlega skicka þvi, sem eg gafst upp vid, og Olldungana nidur ad setia um Borgernar, so sem eg bifalade þier.

II. 6. So þad, ef nockur er ostraffanlegur, eirnar Kvinnu Eigenumadur, hvor ed trulynd Born hefur, ei Ordræmd, þad þaug sieu Ofeydslu Menn, edur Ohlydenn.

7. Þvi Biskupe biriar ad vera ostraffan-legum, so sem GUds Tilsionarmanne, eige (a) einsinnadur, eige reidenn, eingenn Vijnsvelgur, eige baråttusamur, eige neins skiemmelegs Avinnings gyrugur.

(a) (Einsinnadur) Sa sem ei vill låta sier koma saman vid adra, vill undan øngvum låta, helldur vill ad adrer låte undan sier.

8. Helldur Giestrisenn, Godlyndur, Si-dugur, Riettferdugur, Heilagur, Hrein-lijfur.

9. Sa sem fasthelldenn er þess Ords sem

visselegt er, og kienna kann, so ad hann sie mœttugur til ad œmiinna fyrer heilsusamlegann Lærdom, og ad straffa þa sem a mote mæla.

10. Þviad þar eru marger diarfer Hiegoma Þvættarar, og Tœlsmenn, eirna-mest utaf Umskurnenne.

11. Ad hvorium Menn eiga Munnenn til ad byrgia, hvorier ad heilum Hwsum umsnua, og kienna þad sem ecke hæfer, fyrer skiemmelegs Avinnings saker.

12. Nockur wt af þeim, sialfra þeirra Spœmadur, sagde: Critar Menn eru jafnlega Lygegiarner, Ill-kvikende, og Leteſamer Magar.

13. Þesse Vitnisburdur er sannur. Hvors vegna þu straffa þa snarplega, uppa þad þeir sieu heilbrigder j Trunne.

14. Og giefe ongvar giætur ad þeim Gydinglegum Æfentijrum, og Manna Bodordum, sem burt snua þeim fra Sannleiknum.

15. Hreinum eru aller hluter hreiner, enn Saurugum og Vantruudum er eckert hreint, helldur eru saurug bæde þeirra Hugskot og Samvitska.

16. Þeir seigiast þeckia GUD, enn med Verkunum afneita þeir þvi, med þvi GUD hefur Andstyggd a þeim, og þeir eru til allra godra Verka oskickanleger.

II. Ca-

II. Capitule.

Guds-Otte skal jdkast (I) af Mønnum; (II) af Konum: (III) af Andlegum; (IV) af Pionusin-Folke; þvi (V) su almennelega Guds Mand typtar þessa þar til.

I. Enn þu tala, so sem þad hæfer, epter Heilsusamlegum Lærdome.

2. Olldrudum, þad þeir sieu sparlijfer, heidarleger, (a) hæfelaater, heilbrigder j Trunne, j Kiærleikanum, j Polenumædenne.

(a) (Hæfelaater) allstadar þar sem hier stendur tuckt edur tucktugur, þad skalltu merkia j þeirre Meiningu, fyrer mannlega, mannrænulega, og sacktmuduga, þvi eg þore ecke ad bruka þad Ord yfirburdalega.

II. 3. Lijka eirnenn roskum Konum, ad þær hegde sier sem Heilogum hæfer, ecke Alastanarsamar, ecke Vijnsvelgiur, godar Læremædur.

4. Ad þær kienne ungum Konum tucktugum ad vera, og þad, ad þær hafe kiæra sijna Bændur, og elske sijn Born,

5. Og sieu sidsamar, skijrlijfar, umsionarsamar, godlyndar, sijnum Bændum undergiefnar, uppa þad Guds Ord verde ecke lastad.

III. 6. Slijkt lijka ąminn Ungmenninn, þad þau sieu sidsom.

7. Enn

7. Enn j ollum Hlutum, set þig sialfann Fyrermindan godra Verka, med omeingudum Lærdome, med Eruseme,

8. Med heilsusamlegu og ostraffanlegu Orde, uppa þad, Motstandarenn ovirdest, og eckert hafe þad hann kunne vondt um oss ad seigia:

IV. 9. Þionustumonnum, þad þeir sieu sijnum Drottnum undergiefner, og þione þad sem þeim er giedpeckt j ollum Hlutum.

10. Vere eige svoruger, eige otruer, helldur syne þeim allann godann Truskap, so ad þeir pryde Lærdom Guds vor Lausnara j ollum Greinum.

V. 11. Þvi heilsusamleg Nad Guds er auglyst ollum Monnum.

12. Og typtar oss, þad vier skulum afneita ogudlegu Athæfe, og Veralldlegum Gyrndum, og lifa sæmerlega, riettferduglega og gudlega j þessum Heime,

13. Og vakta uppa þa Sælu Von, og Dyrdarennar Auglysing, hins Mikla Guds, og vors Lausnara JESU CHristi,

14. Sem sialfann sig hefur giefed ut fyrer oss, uppa þad hann endurleysti oss j fra ollu Oriettlæte, og hreinsade sier sialfum Folk til Eignar, þad kostgiæfed være til godra Verka.

15. Þetta tala þu og aminn, og straffa med allre (b) Alvoru. Lat engvann forsma þig.

(b) (Alvo-

(b) (Alvoru) þad er: ad þeir meige vita ad þad er Gudz Bod, enn ecke Gaman, og hann vill so hafa þad alvarlega.

III. Capitule.

Paulus talar (I) um Virding og Hlijdne vid Yfirvallded: (II) Um Rettlætingena og Helgunena. (III) Ad menn skule hafa Vidbiod a heim, sem hallda vid Falskenning, epter þad þeir hafe verid aminnter Eitt sinn edur Tvisvar.

I. Aminn þa, þad þeir sieu Hofdingiunum og Valldstiettunum undergiefner, og hlyduger, til allra goda Verka reidubuner,

2. Ongvann lastande, ei Deilugiarner, vere (a) miuker, audsynande alla Hoogvære, vid hvorn Mann.

(a) (Miuker) þad eru þeir, sem snua og upptaka alla Hlute j bestu Meiningu.

3. Þviad vier vorum eirnenn fordumdaga Faavijser, Ohlyduger, Afvegageingner, þionande Gyrndum og margvijslegu Bijlijfe, og geingum j Illsku og Ofundskap, og hotudum hvor annann.

Pistillenn a Sunnudageenn mille Nya-ars Dags og Prettanda.

II. 4. Enn þa birtest Godgyrne og Mannliusleike Guds vors Lausnara.

5. Ei fyrer Riettlætis Verkanna saker, sem vier hofdum giort, helldur epter sinne Miskunseme giorde hann oss Sæluholpna, fyrer

fyrer Endurgietningarlaugina, og Endurnyung Heilags Anda,

6. Hvorium hann hefur vothellt yfer oss rijkuglega, fyrer JEsum Christum vorn Lausnara.

7. So vier riettlaater yrdum fyrer hans Nad, og Erfingiar eylijfs Lijfs, epter Vonenne.

8. Petta er visselega satt.] Petta vil eg þu kienner (b) stadfastlega, so ad þeir sem trua a Gud, meige finnast kostgiæfner til godra Verka. Petta er gott og Monnum nytsamlegt.

(b) (Stadfastlega) so ad adrer meige fornema og trua því, ad þad er vijst og Alvara, þad þu kienner, og meina ecke, ad þad sie onytur Hiegome, odugandleigt, edur efasamt, so sem nyar edur voissar frietter, heldur so sem Christur kiennde kroptuglega, enn ecke so sem þeir Phariſei. Matth. 7.

II. 9. Enn favijslegar Spurningar og Ettarþulur, Þraattanner og Laganna Deilur, fordast þu, þviad þær eru oþarfar og fæfeingar.

10. Villumann, epter eina og adra Aminning fly þu.

11. Og vit, þad sa er umsnuenn, sem þesskonar er, og Syndgar, so sem sa er sig sialfann fordæmer.

12. Nær eg sende Arteman, ellegar Tychicum til þijn, þa skunda þu sem skiotast ad koma

til

til mijn til Nicopolim, þvi þar hef eg Aasett j Vetur ad vera.

13. Zenam Lögvitring og Apollon sendtu af Stad med Athygle, so ad þa breste eckert.

14. Lœt þa sem vorer eru, læra ad lœta sig finna kostgiæfna j goodum Verkum, hvar sem þeirra (c) Þorf gioreſt, so ad þeir sieu ecke avaxtarlauser.

(c) (Þorf) ad menn kunne ad hafa þa til Embættisins, sem ecke sieu onytiungar sem til einskis duga, so sem Mukar og Messu Þienarar.

15. Þier heilsa aller þeir med mier eru. Heilsa þu ollum þeim oss elska j Trunne. Nœdenn sie med ydur ollum, AMEN.

Skrifadur fra Nicopoli j Macedonia.

Formœle yfer S. Pœls Pistil til Philemonem.

Þesse Pistill audsyner oss eitt Meistaraliat liusiegt Epter dœme Christielegs Kiærleika. Þviad þad siaum vier, hvorsu S. Pœll j Forsvar tekur hinn Fœrœda Onesimum, og forbyder vid hans Herra, allt hvad hann gietur, og skickar sier ei odruvijs, enn so sem sie hann sialfur Onesimus, hvor ed brotlegur hafde orded. Þo gisrer hann þad ecke med Ofrijke, edur

dur Kugan, sem hann hefde vel Riett til haft, helldur yfergiefur hann sinn Riett, hvar med hann nandbrokar, ad Philemon hliote eirnenn ad lata sinn Riett nidur falla. Lijka aminnt sem ad Christur hefur giort vid oss hia Gude Fodur, so gierer eirnen S. Pall vegna Onesimi, hia Philemone, bviad Christur hefur sinn Riett yfergiefed, og medur Linsleik, og medur Lijtellæte Fodurenn sigrad, so ad hann hefur sinn Riett og Reidi hloted nidur ad leggia, og oss til Naadar ad taka, fyrer Christi Saker, sa oss so alvarlega forbijder, og so af allu Hiarta ad sier tekur, bviad vier erum aller hans Onesimi, ef vier truum bad.

Sancte Pals Pistill til Philemonem.

Paulus bidur Philemon, ad taka aptur vid Onesimus, og gefa honum hans Naavirding kvitta, bvi hesse var Philem: Pienare og hafde stroked fraa honum.

Pall, Bandinge JESU Christi, og Timotheus Broder. Philemoni aastsamlegum, og vorum Medhialpara.

2. Og aastvodlegre Appia, og Archippo, vorum Samstrijdara, og Sofnudenum i bijnu Hvse.

3. Naad sie med ydur, og Fridur, af Gude

Gude vorum Fodur, og DRottne JESU Christo.

4. Eg packa mijnum Gude, og minnist þijn jafnlega j mijnum Bœnum.

5. Af því eg heyre vot af þeim Kiærleika og Tru, sem þu hefur til DRottins JESU, og vid alla Heilaga.

6. Það þijn Tru, hvoria vier sameiginnlega hofum, verde kroptug j þier, fyrer Vidurkienning alls hins Goda, sem þier hafed j Christo JESU.

7. Enn vier hofum Fognud mikenn og Huggun j þijnum Kiærleika, þviad Hiortu þeirra Heilagra eru endurnærd fyrer þig, kiære Broder.

8. Fyrer því, þott eg hafe stora Diorfung til þier ad bioda j Christo, hvad þier sœmer.

9. Þa vil eg þo fyrer Kiærleiksins Saker, einasta bidia þig, eg sem þessháattar er, sem er hinn gamle Paall, og nu Bandinge JESU Christi.

10. Þa beide eg fyrer Son minn (a) Onesimum, þann eg aled hefe j mijnum Bondum.

(a) Onesimus a Grisku, er so mikid sem nytsamleaur a Islendsku, þar uppa sneider S. Paall sijn Ord, þar hann segier: hann er þier og mier nytsamlegur það er eirn Onesimus.

11. Hvor þier var fordum oþarfur, enn nu þier

þier og mier nærsta þarfsamlegur, hvorn eg sende þier nu aptur.

12. Ad þu villder hann medtaka, þad er mitt eiged Hiarta.

13. Þvi eg villde hafa halded honum hia mier, ad hann þionade mier j Stadenn þijn, j Bondum Evangelii.

14. Enn utan þijns Vilia, villda eg eckert giora, so ad þinn gode være ecke neyddur, helldur sialfradur.

15. Ma vera, þad hann sie þar fyrer um Stundarsaker fra þier farenn, þad þu hann aptur feinger eylijflega.

16. Nu ei leingur sem Þion, helldur framar enn Þion, eirn kiærann Brodur, einkanlega minn, enn hvorsu meir þa þinn? bæde epter Holldenu, og j DRottne?

17. Ef þu helldur mig nu fyrer þinn Medbrodur, þa medtaktu hann sem sialfann mig.

18. Enn hafe hann giort þier nockurt Tion, eda sie þier nockud skylldugur, þad reikna mier til.

19. Eg Paall skrifade þetta med minne Hende, eg vil bitala. Eg þeige um þad, þu siert mier sialfann þig skylldugur.

20. Minn kiære Broder, unn mier þess, þad eg endurnære mig hia þier j DRottne, endurnær þu mitt Hiarta j DRottne.

21. Eg

21. Eg hefe þier ut af Trauste þinnar Hlydne tilskrifad, þviad eg veit, þad þu muner framar giora, enn eg seige.

22. Enn jafnframt þessu, reidubu þu mier Herberge, þviad eg vona, þad eg verde ydur fyrer ydra Bon veittur.

23. Þier heilsar Epaphras minn Sambandinge, j CHristo JEsu.

24. Marcus, Aristarchus, Demas, Lucas, mijner Hiælpendur.

25. Nædd vors DROTTins JEsu CHristi sie med ydrum Anda AMEN.

Skrifadur fra Rom med Onesimo.

Formale yfer Firre S. Peturs Pistel.

Þennann Pistil hefur S. Petur skrifad til þeirra Heidenna Manna, sem snuest hofdu til Riettrar Truar, og æminner þa stoduga ad vera j Trunne, og ad vaxa fyrer allshættada Lyding, og Godverk.

J fyrsta Cap. stirker hann þeirra Tru med Gudlegu Fyrerheite, og Krapte, þeirrar tilkomande Sæluhialpar, og beviisar þad, ad hun sie ei af oss forþirnud, heldur ædur fyrerframm af Spæmonnunum bodud, og fyrer þvi skulu þeir nu j nyu Dagfare, heilaglega lifa, og þvi hinu gamla forgleyma, so sem þeir ed nyfædder eru, fyrer eylifslegt Lifande GUDS Ord.

J odrum

J odrum kienner hann ad peckia Høfuded og Hyrningarsteinenn Christum, og pad peir offre sialfa sig so sem rietteleger Prestar Gudz, lijka sem pad Christur hefur sig offrad. Og tiltekur sijdan allshattadar Stietter ad leidrietta.

J firstu kienner hann almennelega, Veralldlegre Valldstiorn undergiefnum ad vera. Enn sijdan sierdeilis pad Pionustumennerner skule sijnum eigennlegum Lanardrottnum undergiefnar vera, og pad orietta af peim lijda, fyrer Christi saker, sa ed eirnenn fyrer oss hefur oriett lided.

J hinum pridia kienner hann, ad Konurnar sieu hlydugar eirnenn lijka peim Mønnum sem Vantruader ern, og pryde sig heilaglegana. Jtem, pad Mennerner sien polennmoder, og lydingasamer vid sijnar Konur. Og sijdan par epter til allra, pad peir jnnbyrdis vere eins hvor vid annann, Lyteleater, Vingiarnleger og Polennmoder, lijka so sem pad Christur hefur fyrer vorar Synder vered.

J hinum fiorda kienner hann Hollded ad þeinga, med Sparneytne, Vokum, Bindende, Bænahalldc, og med Pijningu Christi ad huggast og stirkiast. Og undervijsan a giorer, þei audlega Valldc, hvornenn menn skule alleinasta Guds Orde og Verkum framm hialpa, og hvor eirn vere odrum hionustusamur med sinne Gaafu, ei undranarsamer, heldur gladværer, þott ad vier hliotum ad lijda nockud fyrer Christi Saker.

J hinum fimmta æminner hann Biskupana, og Prestana, hvornenn peir skulu lifa, og Folked fæda, og tekur oss vara fyrer Diofflenum, pad hann

i sijdustu leggst epter oss a

allavega.

Firre

Fimte S. Peturs Pistill.

I. Capitule.

Petrus talar (I) um Polennmæde Endurfæddra i Motlætingunum; og (II) þeirra Helgun epter JEsu.

1. Petur, Postule JEsu CHristi. Heim Utvolldum Utlendingum, allstadar, i Ponto, Galatia, Cappadocia, Asia, og Bithynia.

2. Epter GUDs Fodurs Fyrer-yggiu, fyrer Helgun Andans, til Hlydne, og til Aadreifingar Blodsins JEsu CHristi. GUD giefe ydur mikla Nad og Frid.

3. Blessadur sie GUD, Fader DRottins vors JEsu CHristi, sa oss hefur epter sinne mikelle Miskunsemd endurfædt, til lifande Vonar, fyrer Upprisu JEsu CHristi fra Daudum,

4. (a) Til oforgeingelegrar, ofleckadrar, og oumskiptelegrar Arfleisdar, sem vardveitest ydur a Himnum.

(a) (Oforgeingelegrar) það er su sem engrann Otta edur Ugg hefur, ad hun skule sa Ending. (Ofleckadrar) su sem ecke er blondud med Sorg edur Olystingum. (Oumskiptelegrar) su sem manne leidist alldrei, helldur verdur sylijf, hrein, ny og ferskt: Veralldarennar Glede er þar þvert a mote.

5. Pier sem af Guds Magt, fyrer Truna vardveitter verded til Saaluhialpar, þeirrar sem til reidd er, þad hun opennber verde a sijdurstu Tijmum.

6. Jhvorre þier munud gledjast, þier sem nu litla stund (þo ad þad ætte so ad vera) hriggver erud j margvijslegum Freistingum.

7. Uppa þad, ad ydar Tru rietteleg og miklu dyrmætare fundenn yrde, enn þad hid forgeingelega Gull (sem j Ellde reynt verdur) til Lofs, Dyrdar, og Heidurs, nær ed nu JEsus CHristus mun openberast.

8. Pann þier saud ecke, og þo elsked, ognu a hann trued, þo ad þier siaed hann ei, so munud þier og eirnenn gledjast med oumrædanlegre og dyrdarsamlegre Glede.

9. Og Endalok ydvarar Truar þar fra bera, sem er Saaluhialp Saalarennar.

10. Epter hvorre Saaluhialp hafa leitad og grenslast Spamennerner, sem uppa ydur, af þeirre tilkomande Nad, hafa fyrer spad.

11. Og rannsokudu a hvorium edur hvilijkum Tijma, Andenn Christi sa med þeim var, tilteiknade, og audur fyrerframm hefur kunngiort, þær Pijsler sem ad j CHristo eru, og epterkomande Dyrd, hvorium þad openberad er.

12. Þviad eige hafa þeir sialfum sier, helldur oss, þar jnne þionad, hvad ydur er nu kunn-

kunngiort, fyrer þa sem ydur hafa Evangelium bodad, fyrer Heilagann Anda af Himnum sendann, a hvad eirnenn Einglarner fysast ad horfa.

II. 13. Þar fyrer gyrded ydar Hugskots lendar, vered sparneytner, og setied algiorlega ydar Von uppa þa Nad, sem ydur er bodud fyrer Opennberan JESU Christi.

14. So sem hlydug Born, og haged ydur ecke, lijka sem adur fyrre, þa þier j Heimsku, epter Gyrndum lifdud.

15. Helldur epter þeim sem ydur hefur kallad, og Heilagur er, og vered þier og eirnenn Heilager j ollu ydar Dagfare.

16. Þviad skrifad er: *vera skulud þier Heilager, þviad Eg em Heilagur.

*3B. Mos. 11, 44.

17. Og med þvi þier adkalled þann Fodurenn, sem adn Manngreinar Aalits dæmer, hvorn epter sijnum Verknade, þvi haged ydru Dagfare, so leinge sem þier hier ganged, med Ottablendne.

18. Og vited, ad þier erud ecke med forgeingelegu Gulle edur Silfre endurleyster, j fra ydru hiegoma Athæfe, epter Fedranna Uppsetninge.

19. Helldur med dyrmætu Blode Christi, so sem hins Ofleckada og saklausa Lambs.

20. Hvor fyrerhugadur er, fyrer Veralldarennar Grundvallan, em opennberadur a sijdurstum Tijmum, ydar vegna.

21. Pier sem fyrer hann trued a GUD, hvor ed hann uppvakte af Daudum, og honum Dyrdena gaf, uppa pad, ad ydar Tru og Von være a GUD.

22. Og gisred ydar Sœler hreinferdugar, j Hlydne Sannleiksins fyrer Andann til brodurlegs Kiærleika, sem er oan Yferdrepskapar. Og ydur jnnbyrdes med gloande Kiærleika elsked af hreinu Hiarta.

23. So sem peir, hvorier endurborner eru, ei af forgeingelegu, helldur af oforgeingelegu Sæde, sem er af Orde GUds Lifanda, pad œfenlega blijfur.

24. Pvi allt Holld er sem Gras, og oll Dyrd Mannsins so sem Blomstur Grassens. Grased er uppornad, og Blomstred er affalled,

25. Enn Ord DROttins blijfur ad eylijfu, enn petta er pad Ord, hvort a medal ydar kunngiort er.

II. Capitule.

Petrus talar (I) um Helgun Endurfæddra fyrer GUde: (II) Um Hlydne vid Yfervalded; (III) um Audsveipne j Pionustu vid Herra og Husbœndur.

I. Pvi legged nu af alla Illsku, og allt Svikrœde, og Smiadur, og Ofund, og alla Bakmœlge.

2. Og

2. Og gyrneſt peirrar (a) ſkinſamlegrar hreinnar Miolkur, ſo ſem nyfædd Born, uppa pad, ad pier proeſt, fyrer pa ſomu.

(a) (Skinſamlegrar) pad er ſu andlega Miolk, ſem er Evangelium, hvort med Trunne medteked er, enn ei med holldlean Sinne, hvi par med verdur pad folſk og oklæar Miolk.

3. Ef pier hafed annars ſmackad, ad DRottinn er liufur.

4. Til hvors pier erud komner, ſo ſem til lifanda Steins, hvor af Mennum er burtkaſtadur, enn hia Gude er haun utvalenn, og dyrmætur.

5. Og uppbygged ydur eirnenn ſem lifande Steina, til andlegs Hwſs, og til heilags Preſtsdæmis, til ad offra andlegar Offraner, pær Gude packnæmar eru, fyrer JESUM Chriſtum.

6. Par fyrer innehelldur ſo Ritningenn: * Sia par, eg legg j Zion utvaldann dyrmætann Hyrningarſtein, og hvor a hann truer, ſa ſkal ecke til ſkammar verda.

* Eſa. 28, 16.

7. Ydur, pier ſem nu trued, er hann dyrmætur, enn hinum Vantruudum er hann * ſa Steirn, ſem uppbyggiendur j burtkaſtudu, og ad Hyrningarſteine er vordenn.

* Pſalm. 118, 22.

8. Ad * Aaſteitingar Steine, og Hneixlunar

Hellu, þeim sem reka sig a Orded, og þar ei a trua, hvar þeir eru uppa setter.

*Esa. 8, 6. cap. 28, 16.

9. Enn þier erud þad utvalda Slekte, Konunglegur Kiennemannsskapur, hin heilaga Þiod, Folk Eigenndomsins, so ad þier skulud kunngiora Dygder hans, sem ydur hefur kallad af Myrkrunum, til sijns dasamlega Ljoss.

10. Þier sem fordumdaga ecke Folk vorud, og erud nu Guds Folk, og hvorier fordum ecke j Nadenne vorud, enn nu j Nadenne erud.

Pistillenn III. Sunnud. epter Pasca.

11. Kiærer Brædur, Eg beide ydur lijka sem Framande og Utlendinga, ad þier hallded ydur fra Holldlegum Gyrndum, hvorriar j giegn Saalunne strijda,

12. Og hafed goda Umgeingne medal Heidenna Þioda, so ad þeir sem um ydur tala, so sem af Illgiordamonnum, siae ydar Godverk, og dyrdke Gud, þegar þad kiemur nu fyrer (b) Dagenn.

(b) (Fyrer Dagenn) þar verdur umsijder eingenn Dygd nie Odygd hulenn, 1 Tim. 5. Þar er eckert heimuglegt, sem ei skule verda opennbert.

II, 13. Vered undergiefner allre mannlegre Skickan, fyrer Herrans Saker, sie þad Kongenum, so sem hinum Ypparsta,

14. Edur Landstiornorunum, so sem af honum utsendum, til Hefndar yfer Illvirkiana, og Godum til Lofs.

15. Þviad

15. Þviad þad er Vilie Guds, ad þier med Velgiorninge nidur þagged Oviturleik heimskra Manna.

16. So sem Frelsingiar, og ecke so sem hefdud þier Frelsed Illskunne til Yfirhylmingar, helldur so sem Guds Þionustumenn.

17. Gisred Virding hvorium Manne. Brædurnar elsked. Ottest GUD, heidred Kongenn.

III. 18. Þier Þionustumenn, vered Herrunum undergiefner, med allre Otraseme, ei alleinasta godum og spakferdugum, helldur eirnenn þeim sierlundudu.

19. Því þad er Nœd, ef nockur fyrer Samvitskunnar saker til Guds, þoler hid illa, og lijdur hid orietta.

20. Því hvor Hroosan er þad, ef þier fyrer Misgiorda saker Slog lijded? Enn nær þier umlijded og þoled fyrer Velgiorda saker, þad er Nœd hia Gude.]

Pistillenn II. Sunnud. epter Paska.

21. Því þar til erud þier kallader, med því ad Christur hefur eirnenn lided fyrer oss, og oss eitt Epterdœmi epterlœted, ad þier skylldud epterfilgia hans Fotsporum.

22. Hvor ongva Synd giorde, eige helldur eru Svik fundenn j hans Munne.

23. Sa ecke formælte j giegn, þa honum

var formælltr, eige ognade þa hann leid, enn hann yfergaf þad honum, sem riett dæmer.

24. Sa er sialfur hefur vorum Syndum offrad a sijnum Lijkama uppa Trienu, so ad vier j fra Syndunum deydder, lifdum Riettlætenu, fyrer hvors Beniar þier erud heilbrigder vordner.

25. Þviad þier vorud so sem *villuraafande Sauder, enn nu erud þier umvendder til Hirders og Biskups ydvarra Sœlna.]

*Esa. 53, 9.

III. Capitule.

Petrus talar (I) um Athæfe og Sidferde Hionanna; og (II) allra annara Christenna Manna i Heimenum.

1. Lijka eirnenn skulu Kvinnurnar vera undergiefnar sijnum Monnum, so ad eirnenn þeir sem ei trua a Orded, verde fyrer Kvinnunnar Umgeingne, fyrer utan Ord yferunner.

2. Nær ed þeir sia ydart hreinlijst Sidferde i Ottaseme.

3. Hvor Skartseme eige skal vera hin ytre, medur Harfliettan, og Gulle Umheingianda, edur Klædaburde.

4. Helldur sa huldi Madur Hiartans (a) ospialladur, med hogvœrum og kirrlœatum Anda, þad er dyrmætt fyrer Gude.

(a) Ospial-

(a) (Ospialladur) ad þær sieu hreinar og riettelega a sig komnar j Trunne.

5. Þviad so hafa eirnenn fordum heilagar Kvinnur prijdt sig, þær sem a Gud vonudu, og undergiefnar voru sijnum eigenn Monnum.

6. Lijka sem Sara var Abraham hlydug, og kallade hann * Herra, hvorrar Dætur þier erud ordnar, ef þier vel gisred, og erud eige so (b) stadlitlar.

* 1B. Mos. 18, 12.

(b) (Stadlitlar) Kvinnurnar eru af Natturunne hræddar og jstsdulitlar, lata sig snoggt skielfa, enn þær skulu vera stadfastar og hughraustar, og ecke so epter Kvenna Sid skielfast, þegar nockur Motgangur kiemur ad Hondum.

7. Lijka eirnenn, þier Mennerner, bwed vid þær med Skinseme, og giefed þvi kvenlega so sem þvi breiskvasta (c) Verkfære sijna Heidran, so sem eirnenn Samerfingium Noadarennar Lijfsins, so ad ydart Bænahalld verde ei hindrad.

(c) (Verkfære) Aller Chrisstner Menn eru Guds Verkfære, enn Kvinnurnar eru veikare enn Madurenn, bæde uppa Lijkamann, og lijka j Sinne og Giede, þar fyrer eiga Menn ad vægia þeim med Skinseme, so ad þar verde ecke Osamlynde af, hvar af Bænenn vildungis forhindrast.

Pistillenn V. Sunnudag epter Trinit.

II. 8. Enn ad ealyckstan þa vered aller einhugader, samþoluger, brodurleger, miskunsamer, liuser.

9. Endurgiallded ecke Illt med Illu, edur Skammarord fyrer Skammaryrde, helldur þar j giegn blessed. Og vited ad þier erud þar til kallader, þad þier Blessanena erfed.

10. Því hvor hann vill lifa, og sia goda Daga, sa stille sijna Tungu, ad hun tale eckert vondt, og sijnar Varer, ad þær ecke svijke.

11. Hann snue sier fra Illu, og giore hid Goda, leite Fridarens, og honum epterfilge.

12. Því Augu DROttins lijta til þeirra Riettlætu, og hans Eyru til þeirra Bæna. Enn Auglit DROttins lijtur til þeirra sem illa giora.

13. Og hvor er sa ydur giete grandad, ef þier epterfilged hinu Goda?

14. Og þott ad þier lijded eirnenn fyrer Riettlætesins Saker, þa erud þier þo sæler, hrædest ei þeirra Ognan og skielfest ecke.

15. Enn helged Gud DROttinn j ydar Hiortum.] Vered og jafnlega reidubuuer, Ansvar ad giefa hvorium Manne þeim sem skials kresia af þeirre Von, sem j ydur er.

16. Og þad med Hogvære og Otta, hafande goda Samvitsku, so ad þeir, hvorier af ydur a bak tala, sem af Illgiordamonnum, til skammar verde, þad þeir hafa lastad ydra goda Umgeingne j Christo.

17. Því þad er betra, ef þad er Guds Vilie, ad þier fyrer Velgiordasaker lijded, enn fyrer vondra Verka Saker.

18. Af

18. Af því, ad Christur hefur eitt sinn fyrer vorar Synder lided, hinn Riettlæte fyrer Ranglæta, uppa ad hann fornfære oss Gude, og er deyddur epter Holdenu, enn lifande giordur epter Andanum.

19. Í þeim sama er hann eirnenn í burt geingenn, og hefur þeim Öndonum predikad í Fiotrunum,

20. Hvorier fordum Daga ei trudu, þann Tijd GUd eitt sinn epterbeid, og Þolennmæde hafde a Noa Tijd, nær Örkenn var tilbwenn, í hvorre fæer, þad er *atta Sæler, hialpudust fyrer Vatned. *1B.Mos.8, 16.

21. Hvort ad nu eirnenn oss hialplega giører í Skijrnenne, hvor fyrer hitt er tilmindud, ecke burttekt Holdsins Saurleika, helldur (d) Sættmæle godrar Samvitsku vid Gud, fyrer Upprisu JEsu Christi.

(d) (Sættmæle) Stipulatio, þad GUD jnnbindur sig vid oss med Naadenne, og vier medtokum þad.

22. Sa sem ad er í Himenenn uppfarenn til GUds hægre Handar, og Einglarner og hiner Volldugu, og Kraptarner eru honum undergiefner.

IV. Capitule.

Petrus bijdur Endurfæddum (I) ad deyda Holdeed; (II) Ad idka Mannkoste; (III) Ad lijda Ofsokner þolennmodlega.

I. Med því ad Christus hefur nu fyrer oss lided í Holdenu, þa brynied ydur

eirnenn med þvi sama Hugskote. Þvi hvor a Holldenu lijdur, sa lætur af ad syndga.

2. So ad hann þadan j fra, hvad epter farande æfe er j Holldenu, life eige Gyrndum Mannsins, helldur Vilia Guds.

3. Þviad þad næger, ad vier hofum þann umlidna Tima Lijfdaganna lifad, epter Heidinglegum Vilia, þa vier geingum j Lausung, Lostasemdum, Dryckiuskap, Ofæte, og Ofdryckium, og j herfelegum Skurgodadyrdkunum.

4. Hvad ed þa undrar, þad þier eige med þeim hlauped, j þvi sama oheilsusama Ohoofe, og Gudlastan.

5. Hvorier Reikningskap skulu giora honum, sem reidubvenn er ad dæma Lifendur og Dauda.

6. Þviad fyrer þad er eirnenn hinum daudum Evangelium kunngiort, uppa þad þeir dæmder verde, epter Monnonum a Holldenu, enn j Andanum life Gude.

7. Og Ender allra Hluta tekur ad nælgast.

Pistillenn VI. Sunnud. epter Paaska.

II. Fyrer þvi vered hofsamer og sparneytner til Bænanna.

8. Enn umfram alla Hlute, hafed innbyrdis gloande Kiærleik, þviad Kiærleikurenn (a) hylur eirnenn Fiolda Syndanna.

(a) (Hylur) Hvor sem elskar sinn Nauuga, hann lætur sig ecke til Reide reittann verda, helldur umlijdur

dur hann alla Hlute, hvorsu miked sem a mote honum verdur broted, pad merker hier ad hylia margfalda Syndanna. 1Cor. 13. Kiærleikurenn lijdur allt, og ꝛc.

9. Vered Giestrisner jnnbyrdis, ean Moglunar.

10. Og pione hvor odrum, hvor eirn med peirre Gisf, sem hann hefur odlast, so sem goder Forstiornarmenn margvijslegrar Guds Naadar.

11. Ef nockur talar, tale hann pad so sem Guds Ord, ef nockur hefur Embætte, hann pione epter peirre Orku, sem GUD giefur, so ad j ollum Hlutum verde Gud dyrkadur, fyrer JEsum CHristum, hvorium sie Dyrd og Vellde, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.]

III. 12. Mijner Kiærustu, ei skulud pier lata pann (b) Brunann undra ydur (hvor ydur hender, so ad pier reynder verded) so sem ad hendte ydur nockud fœaheyrt.

(b) (Bruna) pad er Offoku, su ofs reyner, sem Elldurenn reyner Gulled.

13. Helldur gledied ydur, pad pier med CHristo lijded, uppa pad pier eirnenn a Openberingar Tijma hans Dyrdar mættud glediast og fagna.

14. Sœler erud pier, pa pier vanvirdter verded fyrer Nafned CHristi, pviad Andenn, sa sem er Dyrdarenuar, og Guds Ande, hvijlest yfer ydur, hia hinum verdur hann lastadur, enn j hia ydur vegsamadur.

15. Enn eingenn ydar lijde so sem Manndrapare, Piofur eda Illvirkie, eda sa sem j (c) annarlegt Embætte fellur.

(c) (Annarlegt Embætte) Þennan Lost og Odygd fremur Diofullenn, allra hellst, j þeim Falschristnu, þeir vilia ætijd hafa nockud ad giora og stiorna, j þvi hinu sama sem þeim verdur ecke befalad, so sem nu giora Biskupar og þeir andlegu, þeir stiorna Heimennm. Item, þeir Oeyrdarsomu Predikarar, og þeir sem sletta sier jnn j annarlegt Embætte, hvad ad eru hræskasamleger og skadleger Menn.

16. Enn ef hann lijdur so sem annar Christenn, þa skammest hann sijn ei, enn dyrdke Gud j slijku Tilfelle.

17. Af þvi ad Tijme er, þad Domurenn tiltake a Guds Hvse. Enn birest hann first a oss, hvor mun þa Ender verda þeirra sem Guds Evangelio ecke trua?

18. Og ef hinn Rettlæte verdur varla forvaradur, hvar mun þa hinn Ogudlege og Synduge birtast?

19. Þar fyrer skulu þeir, sem lijda epter Guds Vilia, honum sijnar Saaler a hendur fela, so sem trulyndum Skapara j godum Verkum.

V. Capitule.

Petrus talar um Skylldu (I) Øldunganna; (II) Hinna Yngre; (III) og so allra Manna.

I. Øldúngana, sem a medal ydar eru, aminne eg, Sam-Øldungur, og Vot-

tur

tur Pijslanna, sem eru j Christo, og Hluttakare Dyrdarennar, sem opennber skal verda.

2. Aled þa Hiord Guds, sem ydur er a hendur falenn, og gæted vel ad, ei nauduger, helldur sialfvilinger, ei fyrer slæmlegs Avinnings Saker, helldur af godum Vilia.

3. Eige so sem þeir yfer (a) Mønnunum Drottna, helldur vered Fyrermind Hiardarennar.

(a) (Mønnum) Cleros kallast Hlotnan edur Deilld, þad einum sierhvørium fyrer Hlotnan tildeilest, so kallar hier Petrus Kyrkiusoknarmenn edur Pijnganauta, Clerum, þad þeirra Soknar preste a hendur faled er. Psalm. 55,23.

4. So munud þier (nær hinn Edste Hyrder mun birtast) Ovisnanlega Koronu Dyrdarennar medtaka.

II. 5. Lijka eirnenn þier, hvørier unger erud, vered Olldungunum undergiefner.

III. Allersaman vered hvør ødrum undergiefner, og hallded ydur (b) fast vid Lijtellæted, þviad Gud motstendur Dramblætum, enn Lijtellætum giefur hann Nad.

(b) (Fast) So ad Audmyktenn meige hnytast hvør vid adra, og tilsamans flietta, svo ad Disfullenn kunne hvørke med Slægdum nie Magt ad adskilia hana.

Pistillenn III. Sunnud. eptir Trinit.

6. Fyrer þvi lijtellæted ydur nu under volldugа Guds Hønd, so ad hann upphefie ydur a sijnum Tijma.

7. Allre ydar Ahyggiu varped uppa hann, þviad hann ber Umhyggiu fyrer ydur. 8.

8. Vered sparneytner og vaked, þviad ydar Motstandare Diofullenu geingur umkring, sem greniande Leon, epterleitande þeim hann svelgie.

9. Motstanded honum sterklega j Trunne, og vited, ad ydar Brædur, þeir sem j Heimenum eru, hafa þa somu Anaud lided.

10. Enn sa Gud allrar Nædar, sem oss hefur kallad til sinnar eylijfrar Dyrdar, j Christo JESU, han same mun ydur, þier sem um litla Stund lijded, fullgiora, tilreida, stirkia, efla, og stadfesta.

11. Þeim hinum sama sie Dyrd og Velde, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.]

12. Fyrer Sylvanum ydar truann Brodur (ad þvi eg meina) hefe eg fætt eina skrifad ydur til, til Aaminningar, og til Vottunar, ad þetta er hin sanna Guds Nad, þar þier jnne standed.

13. Ydur heilsa þeir, sem samt ydur Utvalder eru j Babylonia, og minn Sonur Marcus.

14. Heilsed ydur jnnbyrdis med Kiærleikssins Kosse, Fridur sie med ollum þeim, sem ad eru j Christo JEsu, Amen.

Formaale yfer hinn annann S. Peturs Pistel.

Þesse Pistill er mote þeim skrifadur, sem þad meina, ad Christeleg Trua meige can godra Verka vera. Fyrer þvi aminner hann þa, þad þeir reyne sig fyrer Godverk, og verde so visser uppa Truna, lijka so sem

þad ut af Apertenum þeckiest Tried. Og uppbyriar so þar epter a Evangelium ad prijsa, j gieau Mauna Lærdomum, og þad vier skulum alleinasta þad heyra, enn ongva Manna Lærdoma, med þvi hann seiger, ad þar sie eige nockurn Tijma enn nu neirn Spaadomur skiedur af Mannsins Vilia.

Fyrer þvi varar hann vid j odrum Cap. ad vier tokum oss vara fyrer þeim folskum epterkomande Lærendum, er med Verkenn umgangast, og þar fyrer Christo afneita, og þraffar þa hina sonnu hardlega, med þremur ognarlegum Epterdæmum, og þa so riettelega afmaalar og til mindar, medur þeirra Agyrne, Drambseme, Traasse, Frillulifnade, Hræsne, so ad þreifa ma a, ad hann meinar hina andlegu Stiett, sem nu er, sem alla Verøld hefur med sinne Agyrnd uppsvelgt, og eitt sialfradt, holldlegt, veralldlegt Lijferne trasuglega fremur.

I hinum þridia, aavijsar hann, þad hinn esste Dagur munu bradlega koma, og þo ad þad þykie fyrer Monnum þusund Aar vera, þa er þad þo fyrer Gude so sem eirn Dagur. Og skrifar, hvornenn þad munu til ganga a sijdarsta Deige, þad ad aller Hluter skulu med Elde verda fortærder, hann spaer og eirnenn fyrer, þad Folked munu a þeirre sonnu Tijd nærsta Hædgiarut vera, og utaf Trunne eckert hallda, lijka sem hiner Epicurei.

Enn alls, þa utvijsar hinn firste Cap. Hvornenn Christnenn skule standa a Tijmum hins skiæra Evangelii. Hinn annar Cap. utvijsar, hvornenn hun a til reika ad vera a Tijmum Pavanna, og Mannanna Uppsetninga. Hinn þridie Cap. aavijsar hvornenn hiedan j fra munu Folked, bæde Evangelium forsmaa og alla Lærdoma, og ecke neinu trua munu, hvad nu hefur fullann Frammgang, þangad til ad Christur kiemur.

Hinn

Hinn Annar S. Peturs Pistill.

I. Capitule.

Petrus talar (I) um Krapt-Helgnnarennar, (II) um þær Heilogu Skrift.

I. Simon Petrus, Pion og Postule JEsu CHristi. Þeim sem med oss þa somu Dyrmætu Tru hafa hloted, j Niettlætenu, þvi sem ad vor GUD giefur, og Lausnarenn JEsus CHristus.

2. GUD giefe ydur mikla Nad og Frid, fyrer Kynning GUds, og JEsu CHristi vors DROTTins.

3. Af þvi oss eru allshœattader hans Gudleger Kraptar veitter (hvorier til Lijssins og Gudlegs Athæfes hendta) fyrer Vidurkienning þess sem oss hefur kallad, fyrer sijna Dyrd og Dygd.

4. Fyrer hvoria þau Dyrmætu og hin allra stærstu Fyrerheit eru oss giefenn, sem er, ad þier fyrer þad suma hluttakarar yrdud Gudlegrar Nœatturu, ef þier flyed forgeingelegar Gyrnder Veralldarennar.

5. Þvi hafed þar alla kappsmunu, og audsyned j ydvarre Tru Dygdena, og j Dygdenne Vitsmunena,

6. Og

6. Og j Vitsmununum Hooffemena, og j Hooffemenne Polennmædena, og j Polennmædenne Gudræknena,

7. Og j Gudræknenne brodurlegann Kiærleika, og j brodurlegum Kiærleika almennelegann Kiærleika.

8. Þvi ef þetta er gnoglegt hia ydur, þa mun þad ecke loata ydur vera lata nie oavaxtarsama j Vidurkienningu vors DROttins JESU Christi.

9. Enn hann sem þetta hefur ei, sa er blindur, og falmar mæd Hendenne, og forgleymer Hreinsun sinna fyrre Synda.

10. Fyrer þvi, Kiærer Brædur, legged þess meire Kappsmune a ydra Kallan og Utvalning ad stadfesta. Þvi ef þier giored þad, munud þier eige hrasa.

11. Og mun ydur so rijkuglega giefenn Inngangur verda j æfenlegt Rijke vors Drottins, og Lausnara JESU Christi.

Pistillenn XXVII. Sunnudag epter Trinitatis.

12. Fyrer þvi vil eg eige loata hia lijda ad aminnna ydur jafnlega um þetta, þo ad þier veited þad, og erud stirkver j nalægum Sannleika.

13. Þviad eg helld þad tilheyrelegt, so leinge sem ad eg em j þessu Hreise, ad uppvekia, og a ad minna ydur.

14. Þvi

14. Þvi eg veit, þad eg mun snarlega mitt Hreise afleggia, so sem vor DROttinn JEsus Christus hefur mier opennberad.

15. Enn eg vil kapps um kosta, þad þier jafnan epter mijna Utfor hefoud slijkt til Minnis ad hallda.

II. 16. Þviad eige hofum vier þeim Dœma-Frodum Frasognum epterfilgt, þa vier gierdum ydur kunnann Krapt og Hingadkomu vors DROttins JESU Christi, helldur hofum vier sialfer sied hans Dyrd.

17. Þann Tijd, hann af GUde Fodur medtok Dyrd og Heidran, fyrer Raustena, sem til hans skiede j mikellre Dyrd, a þann Hœatt: Þesse er minn Elskulegur Sonur, a hvorium eg hefe Þocknan.

18. Og þessa Raust heyrdum vier af Himnum koma, þa er vier vorum med honum uppa Fiallenu helga.]

19. Vier hofum eitt sflugt Spœdoms Ord, og þier gisred vel, þier hafed þar gœt a, so sem ad þvi Liose er skijn j mirkvum Stad, þar til Dagurenn birter, og Morgunstiarnann upprennur j ydrum Hiortum.

20. Og þad skulud þier first vita, ad eingenn Spœdomur j Ritningunne skier af eigennlegre Utleggingu.

21. Þvi þar hefur eige enn nu neirn Spœdomur, epter Mannsins Vilia framm fluttur vered,

vered, helldur af Heilogum Anda til-knydder hafa peir Guds heilager Menn talad.

II. Capitule.

Petrus talar (I) um Lærdom Falskennenda; (II) um peirra Straff; og (III) hversu peir leide j Villu.

I. Enn par voru og so Fals-Spaamenn medal Folksins. Lijka sem par munu og eirnenn a medal ydar verda lygesamer Lærendur, sem jafnframt jnnleida munu hœaskasamlegar Tvijdrœgner, og afneita DRottne, peim sem pa hefur endurkeypt, og munu yfer sialfa sig leida snoggva Fyrerdœming.

2. Og marger munu epterfilgia peirra Forderfun, fyrer hvoria Sannleiks Veguren mun lastadur verda.

3. Og fyrer Agyrne og uppdicktud Ord, munu peir hondla vid ydur,

II. Hvorra Doms Afelle mun ei leinge dvelia, og peirra Fyrerdœming sefur eige.

4. Pvi ef GUD hefur ei pirmt Einglunum, peim sem syndguduſt, helldur hefur steypt peim med Hleckium Mirkranna til Helvitis, og ofurgiefed pa, pad peir til Domsins vardveittuſt,

5. Og hefur ei pirmt hinne fyrre Verolld, helldur vardveitte Noa, pann Riettlœtis Predikara* sialfann attunda og jnnleidde so Floded yfer Verolld hinna Ogudlegu.

* 1B Mos. 7, 1.

6. Og hefur * Borgernar Sodoma og Gomor-

Gomorra ad Osku giort, umturnad, og fordæmt, setiande þar med þeim Ogudlegu Epterdæme, sem seirna meir koma mundu.

*1 B. Mos. 19, 24. 25.

7. Og frelsade hinn Riettlæta Loth, hvorium sa skammarlegur lydur alla Meinsemd giorde, med þeirra saurlegu Lijferne.

8. Þviad, med því hann var riettlætur, og byggde a medal þeirra, so ad hann hlaut ad sia þad og heyra, þa kvoldu þeir Dag fra Deige þa riettlætu Sæalu med þeirra rangiætum Verkum.

9. DROttinn kann þa Gudhræddu ur Freistnenne ad frelsa, enn hina Rangiætu ad vardveita til Kvalanna a Dag Domsins.

10. Enn eirna mest þa, sem Holdenu epterfilgia, j saurugum Gyrndum, og Herradomenn forsma, eru dristuger, siergoder, ei skielfandest Tignarvellded ad lasta.

11. Þar þo Einglarner, þeir ed meire Mætt og Krapt hafa, ei bored gieta þann Lostunardom j giegn sier af DROttne.

12. Enn þeir eru so sem skinlaus Kvikende, hvor af Mætturunne eru þar til fædd, þad þau veidd og slætrud verde. Þeir lasta þad, hvad þeir eckert afvita, og munu fyrerfarast j sijnu fordiarfanlegu Athæfe.

13. Og Ranglætis Verdlaun þar af hliota. Þeir hallda fyrer Sælgiæte daglegar Kræsingar,

gar, þeir eru Skomm og Lester, bramla af ydar (a) Ölmusu, og brasta vot af ydru,

(a) (Ölmusu) það er, af Kyrkiunnar Rentu og Jnntekt, hvar þeir giora eckert fyrer, og spotta ydur þar a ofan, þviad Entryphontes merkia þa, sem hafa adra ad Leik og Gamne, sem spotta Menn sem adra gicke, þeim til skada, og vilia þar til hafa þessa sijna Synd ostraffad.

14. Hafa Augunn full Hordoma, og lœta ecke varna sier ad syndga, og ginna ad sier lauslyndar Sœler, hafa j giegnum smoged Hiarta af Agyrne, bolvad Folk,

15. Ofergiefande riettann Veg, og fara viller, og epterfilgia Veige Balaams Sonar Bosor, hvor ad elskade Verdlaun Ranglætesins.

16. Enn hann fieck Straffan sinnar Ofertrodningar, sem var, ad það mœllausa klifbœrelega Dyr talade mannlegre Raust, og aptrade so Spœmannsins Fœvitsku.

III. 17. Þeir eru Brunnar can Vatns, og Sky af Hvirfilvinde drifenn, hvorium ad vardveiteſt Mirkranna Dymma ad eylijfu.

18. Þvi þeir tala drambsom Ord Hiegyliunnar, og teigia fyrer (b) Munadseme til holldlegra Gyrnda, þa hina sem riettelega umflyder voru, og nu vegarviller ganga.

(b) (Munadseme) So sem Pavenn med Forbode Hionabandsins hefur uppfyllt Heimenn med allrahanda ohocknanlegu Lijserne, og brœdelegum Holldlegum Syndum.

19 Og

19. Og heita þeim Frelse, sem þeir eru þo sialfer Fortopunarennar Pionar. Því af hvorium sem nockur er yferunnenn, þess Þion er hann ordenn.

20. Því fyrst þeir eru umflyder Saurende Veralldarennar, fyrer Vidurkienning Drottins, og Lausnarans JEsu CHristi, enn verda sijdan aptur j hid sama vafder og yferunner, þa er hia þeim það sijdara orded verra hinu fyrra.

21. Því betra være þeim það, ad þeir hefdu ecke þeckt Riettlætesins Gotu, enn það þeir þecke hana, og umvendu sier j fra því heilaga Bodorde, sem þeim er giefed.

22. Sannlega hender þa það, hvad j sønnum Ordskvide plagar ad seigiast, ad Hundurenn etur upp aptur sijna Spyu, og þveiged Svin vellter sier apturj Saurnum.

III. Capitule.

Petrus talar (I) um sijdstu Efe Heimsins; (II) um Komu CHristi til Domsins; (III) Hvørsu ad hiner Trunudu skule bua sig mote Komu CHristi.

I. Þesse er sa annar Pistill, sem eg skrifa ydur, hiner Kiærustu, j hvorium eg uppvek og aminne ydvart skiært Hugskot.

2. So ad þier hugleided þau Ord, sem ydur adur fyrerframm eru sogd af Heilogum Spamønnum, og vorn Bodskap, vier sem erum Postular DRottins og Lausnarans.

Pistillenn

Pistillenn XXVI. Sunnud. epter Trinit.

3. Og j firstu þa vited, þad a sidurstu Dogum munu koma (a) Spottarar, hvorier epter þeirra eigennlegum Gyrndum munu ganga,

(a) (Spottarar) eru Gudleysingiar, Epicurei, Sadducæi, sem hvorke trua eitt nie annad, og lifa sa œframm, epter sijnum eiginnlegum Vilia, edur, so sem Petrus seiger, epter sijnum eigenn Gyrndum, gisra hvad þeir vilia, og þad sem þeir hafa mesta Lysting til, so sem vier siaum fyrer Augunum.

4. Og seigia: hvar er Fyrerheit hans Tilkomu? Þvi þadan j fra Fedurner sofnudu, blifa aller Hluter, so sem af Upphafe Skiepnanna vered hefur.

5. Þvi af þvervod vilia þeir eige vita þad, ad Himenenn eirnenn var fordum Tijd, þar med þad Jordenn af Vatnenu, og j Vatnenu stood, fyrer Gudz Ord.

6. Þo vard sem oadur Verolldenn j þann Tijd fyrer þau somu med Vatnsflodenu fordiorfud.

7. So og eirnenn sa Himen og Jord, sem nu er, verda fyrer hans Ord sporud, so þad þau Eldenum vardveitt verde, a Dag Domsins og Fyrerdœmingarennar ogudlegra Manna.

8. Enn eitt sie ohuled fyrer ydur, hiner kiærustu, þad eirn Dagur fyrer DRottne, er sem Þusund Aar, og Þusund Aar so sem eirn Dagur.

9. DROttinn seinkar ei sijnu Fyrerheite, so sem sumer hallda pad fyrer Seinkun, helldur hefur hann Polennmæde vid oss, og vill ei pad nockur fortapest, helldur pad hvor Madur snue sier til Yferbotar.

II. 10. Enn Dagur DROTTins mun koma sem Piofur um Nott, a hvorium Himnarner munu forganga med stor Brestum, enn Hofudskiepnurnar braadna, og Jordenn, og pau Verk, sem par eru jnne, munu uppbrenna.

11. Med pvi, ad allt petta skal nu forganga, hvilijkum biriar ydur pa ad vera, med Heilogu Athæfe, og gudrækelegum Verkum?

12. So ad pier epterbijded og skunded ad peirre Tilkomu pess DRottins Dagsins, a hvorium Himnarner munu af Ellde forganga, og Hofudskiepnurnar af Hita braadna.

13. Enn vier væntum epter nyum Himne, og nyrre Jordu, epter hans Fyrerheite, i hvorium ad Riettlæted bygger.

III. 14. Fyrer pvi, mijner Kiærustu, med pvi pier skulud pessa vænta, pa kostgiæfed, pad pier fyrer honum ofleckader og ostraffanleger i Fridnum fundner verded.

15. Og Polennmæde vors DROTTins halded fyrer ydra Saaluhialp.] Sem ydur eirnenn vor elskulegur Broder Paall, epter peirre Speke ed honum er giefenn, skrifad hefur.

16. So

16. So sem ad hann j ollum Briefum þar um ræder, j hvorium ad eru sumer Hluter þunger ad skilia, hvorju hiner ofrodu og ostodugu rangsnua, so sem eirnenn odrum Ritningum, til þeirra eigennlegrar Fyrerdæmingar.

17. Enn þier, mijner Elskuleger, med því þier þad fyrerframm vited, þa vakted ydur, þad þier ecke fyrer Villu Hirdulausra Manna, fraleidder verded, og affalled j fra ydrum eigennlegum Stadleik.

18. Helldur vaxed j Nædenne og Vidurkienningu vors DROttins og Lausnarans JEsu Christi. Þeim sama sie Dyrd, nu og ad Eylijfu,

Amen.

Formæle yfer þa þria S. Johannis Pistla.

Þesse hinn fyrste Pistell S. Johannis er rietteleg eirn Postulligur Pistell, og skylde, med Riettu, strags hans Gudspisllum epterfilgia. Þviad lijka so sem hann j Gudspisllunum Trunne framm filger, lijka so mæter hann hier j þessum Pistle, þeim sem sier brosa af Trunne, æn Verkanna, og kienner margfalldlega, þad Verkenn eige epterblijfe, hvar ed Truenn er. Enn ef Verkenn verda eige, þa er su Trua ecke rietteleg,

helldur Lyge og Mirkur. Enn þetta sama gierer hann eige med Ognan Logmaalsins, so sem S. Jacobs Pistill gierer, helldur lockar hann oss til, þad vier eirnenn skulum elska, lijka sem GUD hefur oss elskad.

Hann skrifar hier og eirnenn inne hardt j giegn þeim Cherintiansku, og j giegn Anda Antachristsins, sem þa þegar j þad Sinne upphoof Christo ad afneita, þad hann hefde Holldgan a sig teked, hvad nu allra first hefur sinn fullann Frammgang, þvi þott vær nu umstunder ecke opennskaarlega afneitum med Munnenum, þad Christur hafe Holldgan a sig teked, þa afneita þeir þo þvi med Hiartanu, med Lærdomenum, og med Lifnadenum. Þviad hvor ed fyrer sijn Verk og Gierder vill fromur og hialplegur verda, hann gierer jafnt lijka so miked, sem sa er Christo afneitar. Af þvi, ad Christur hefur þar fyrer Holldgan a sig teked, þad hann oss aan vorra Verka, alleinasta fyrer sitt Blod, riettlæta og hialplega gierde.

So strijder nu þesse Pistell j giegn badum Pørtum, sem er j giegn þeim ed alvarlega aan Verkanna vilia j Trunne vera, og giegn þeim sem med sijnum Verkum vilia fromer verda. Og helldur oss so uppa þeirre riettu Midgotu, þad vier fyrer Truna verdum fromer og syndalausser. Og þar epter, nær vier erum fromer, þa jdkum sialfkrafa Kiærleikann og Godverk, fyrer Guds Saker, aan allrar Epterleitingar vors Abata.

Hiner adrer tveir Pistlarner eru engver Lærdoms Pistlar, helldur Epterdæme Kiærleiksins, og Truarennar, og hafa eirnenn eirn riettann Postyllegann Anda.

Hinn

Hinn fyrste S. Johannis Pistill.

I. Capitule.

Johannes talar (I) um Personu og Embætte JEsu; (II) um Helgun Truadra JEsu; og (III) um peirra Veikleika.

I. Pad er var af Upphafe, hvad vier heyrdum, hvad vier saum med vorum Augum, og hvad vier skodudum, og vorar Hendur a toku, um Ord Lijfsins.

2. Og Lijfed er opennberad, og vier saum, og vottum, og bodum ydur Lijfed pad æfenlegt er, hvort ad var hia Fodurnum, og birtest oss.

3. Hvad vier saum og heyrdum, pad bodum vier ydur, so ad pier hefdud Samfielag med oss, og vort Samfielag sie med Fodurnum, og med hans Syne JESU Christo.

4. Og petta skrifum vier ydur, uppa pad ydar Fognudur sie fullkomlegur.

II. 5. Og petta er Bodskapurenn, hvorn vier heyrdum af honum, og bodum ydur, pad GUD er Lios, og eingenn Mirkur eru j honum.

6. Ef ad vier segium, pad vier hofum Samfielag med honum, og gongum j Mir-

krenu, þa liugum vier, og giorum ecke Sannleik.

7. Enn ef vier gongum j Liosenu, lijka sem hann sialfur j Liosenu er, þa hofum vier Samfelag innbyrdis. Og Bloded JEsu Christi, hans Sonar, hreinsar oss af ollum Syndum.

III. 8. Ef ad vier seigium, vier hofum ongva Synd, þa villum vier sialfa oss, og Sannleikurenn er ecke j oss.

9. Enn ef vier vidurkiennum vorar Synder, þa er hann trvor og rettlætur, so ad hann fyrergiefur oss vorar Synder, og hreinsar oss af ollu Raangiæte.

10. Ef vier seigium, ad eige hofum vier syndgad, þa giorum vier hann ad Liugara, og hans Ord eru þa ecke j oss.

II. Capitule.

Johannes talar (I) um Grundvoll Christendomsins; (II) um hans Kenneteikn; (III) Hindraner; og (IV) Dvine.

I. Min Barna korn, þetta skrifa eg ydur til, so ad þier syndged eige. Og ef einhvor syndgar, þa hofum vier Arnadarmann hia Foduruum, JESUM Christum þann Rettlæta.

2. Og hann same er Forlijkun fyrer vorar Synder. Enn eige einasta fyrer vorar, heldur eirnenu fyrer allrar Veralldarennar.

II. 3. Og þar af vitum vier, þad vier þeckium hann, ef ad vier vardveitum hans Bodord.

4. Hvor

4. Hvor ed seiger, eg þecki hann, og helldur ecke hans Bodord, sa er Liugare, og j þvilijkum er eingenn Sannleikur.

5. Enn hvor hans Ord vardveiter, j þeim er sannarlega GUds Kiærleike fullkomlegur. Þar af þeckium vier, þad vier erum j honum.

6. Hvor hann seiger sig j honum vera, sa skal og ganga, lijka sem hann hefur geinged.

7. Brædur, eg skrifa ydur ecke nytt Bodord, helldur gamallt Bodord, þad þier hafed fra Upphafe haft. Þad gamla Bodord er þad Ord, hvort þier hafed heyrt fra Upphafe.

8. Og enn aptur skrifa eg ydur nytt Bodord, þad sannarlegt er hia honum, og hia ydur, þviad Mirkurenn eru framm hia geingenn, og hid sanna Liosed skijn nu.

9. Hvor hann seiger sig j Liosenu vera, og hatar sinn Brodur, saer enn nu j Mirkrunum.

10. Hvor sinn Brodur elskar, hann blijfur j Liosenu, og j hia honum er eingenn Hneixlan.

11. Enn hvor sinn Brodur hatar, sa er j Mirkrenu, og raafar j Mirkrenu, og veit ei hvort hann geingur, þviad Mirkurenn hafa hans Augu forblindad.

12. Kiæru Born, eg skrifa ydur þad, ad ydur verde Syndernar fyrergiefnar, fyrer hans Nafn.

13. Eg skrifa ydur Fedrunum, þviad þier

þecked þann sem af Upphafe er. Eg skrifa ydur Æskumonnum, þviad þier hafed þann Hreckvijsa yferunned.

14. Eg skrifa ydur Smæabornunum, þviad þier þecked Fodurenn. Eg hefe skrifad ydur Fedrunum, þvi þier þecked hann sem af Upphafe er, eg hefe skrifad ydur Æskumonnum, ad þier stirkver erud, og þad Guds Ord blijfur hia ydur, og þier hafed þann Hreckvijsa yferunned.

15. Eige skulud þier Heimenn elska, nie neitt þad j Heimenum er. Ef nockur elskar Heimenn, j honum er ecke Kiærleike Fodursins.

III. 16. Þvi allt þad j Heimenum er (sem ad er (a) Fysn Holldsins, og Fysn Augnanna, og Drambsamt Lijferne) þad er ecke af Fodurnum, helldur af Heimenum.

(a) Fysn Holldsins er Saurlijfe; Gyrnd Augnanna er Agyrne og Rijkdomur. Enn Drambsamt Lijferne er Lofgyrne, Vollð og Metord, og Hroosan, og þilia mikels metenn vera.

17. Og Heimurenn forgeingur, og hans Fysn. Enn hvor ad Guds Vilia gierer, sa blijfur ad eylijfu.

18. Born, þad er hin sijdarsta Stund, og sem þier hafed heyrt, þad Antachristur kiemur, og nu eru marger Antachristar ordner. Hvar af vier vitum, ad þad er hin sijdarsta Stund.

IV. 19.

IV. 19. Peir eru fra oss utgeingner, enn peir voru ecke af oss. Því hefdu peir vered af oss, þa hefdu peir hia oss blifed. Enn uppa það peir auglioser verde, það peir eru eige aller af oss.

20. Og þier hafed Smurningena af þeim sem heilagur er, og þecked allt.

21. Eg skrifade ydur ei, so sem það vissud þier eige Saunleikenn, helldur vited þier hann, og vited, það eingenn Lyge utaf Saunleikanum kiemur.

22. Hvor er Lugarenn, utan sa sem neitar ad JESUS er Christur? það er sa Anta-Christur, sem neitar Fodurenn og Sonenn.

23. Og hvor Synenum afneytar, hann hefur og ecke Fodurenn, hvor hann vidurkienner Sonenn, hann hefur og Fodurenn.

24. Hvad þier hafed nu heyrt af Upphafe, það blijfe hia ydur. Ef það blijfur hia ydur, hvad þier af Upphafe hafed heyrt, þa munud þier hia Synenum og hia Fodurnum blijfa.

25. Og þetta er fyrerheited, hvort hann hefur oss lofad, sem er eylijft Lijf.

26. Þetta hefe eg skrifad ydur til, af þeim, hvorier ydur afvega leida.

27. Og Smurningenn, sem þier af honum hafed medteked, blijfur hia ydur, og þier þurfed ei ad neirn kienne ydur, helldur so sem

su Smurning kienner ydur alla Hlute, þa er það Sannindi og eingenn Lygd. Og sem hun hefur ydur kiennt, þa blijfed j honum.

28. Og nu Børn, blijfed j honum, uppa það, nær hann mun opennberast, ad vier hofum Diorfung, og verdum ei fyrer honum ad Hneixlan j hans Tilkomu.

29. Fyrst þier vited hann er riettvijs, þa viteð eirnenn, það hvor Riettvijsena giorer, sa er af honum fæddur.

III. Capitule.

Johannes talar (I) um Vegsemd þeirra Sann-Christnu; (II) þeirra Eigennlegleika, og (III) Freistingar.

I. Siaed, hvilijkann Kiærleika það Fader-renn hefur oss audsynt, ad vier skulum Guds Børn kallast. Fyrer því þecker ydur Heimurenn ecke, þviad hann þecker hann eige.

2. Mijner Kiærustu, vier erum nu Guds Børn, og það er enn ei opennberad hvad vier verda munum, enn vier vitum, þa það birtast mun, það vier munum honum lijker verda, því vier munum hann sioa, so sem ad hann er.

II. 3. Og hvor einn, er þvilijka Von hefur til hans, sa hreinsar sig, lijka sem ad hann er hreinn.

4. Hvor Synd giorer, sa giorer roongt, og Syndenn er hid rooнga.

5. Og

5. Og þier vited, þad hann hefur birtst, uppa þad hann vorar Synder burttæke, og eingenn Synd er j honum.

6. Hvor j honum blijfur, sa syndgar ecke, hvor hann syndgast, sa hefur hann eige sied nie þeckt.

7. Barna korn, loated ongvann villa ydur. Hvor Riettvijsena giorer, sa er riettvijs, lijka sem hann er riettvijs.

8. Hvor Syndena giorer, sa er af Diofle-num, þviad Diofullenn syndgar af Upphafe. Þar til birtest Guds Son, ad hann nidur briote Diofulsins Verk.

9. Hvor af Gude er fæddur, sa giorer eige Synd, þviad hans Saad blijfur hia honum, og hann gietur eige syndgast, þviad hann er af Gude fæddur.

10. Þar af eru auglios Guds Born, og Diofulsins Born. Hvor hann ei giorer Riettvijsena, sa er ecke af Gude, og hvor ei elskar sinn Brodur.

11. Þviad þad er sa Bodskapur, hvorn þier hafed heyrt fra Upphafe, þad vier skulum elska oss jnnbyrdis.

12. Ecke sem * Cain, sa af hinum Vonda var, og jhel slo sinn Brodur. Og fyrer hvad jhel sloo hann hann? Þvi þans Verk voru vond, og hans Brodurs riettferdug.

*1 B. Mos. 4, 8.

Pistilleinn II. Sunnud. epter Trinit.

13. Undrest ecke Brædur mijner, þo Heimurenn hate ydur.

14. Vier vitum, þad vier ur Daudanum erum komner til Lijfsins, þviad vier elskum Brædurnar.

15. Hvor hann elskar eige sinn Brodur, sa blijfur j Daudanum. Hvor sinn Brodur hatar, sa er Manndrœpare, og þier vited, þad Manndrœparenn hefur eige eylijft Lijf hia sier blijfanda.

16. Af þvi þeckium vier Kiærleikann, ad hann hefur sett sitt Lijf ut fyrer oss, og vier skulum eirnenn setia Lijfed ut fyrer Brædurnar.

17. Enn nær nockur hefur þessarar Veralldar Audæfe, og sier sinn Brodur Naud lijda, og lykur sitt Hiarta til fyrer honum, hvornen blijfur Guds Kiærleike hia honum?

18. Mijn Barnakorn, elskum eige med Orde og Tungu, helldur med Verke og Sannleika.]

III. 19. Þar af þeckium vier, þad vier erum af Sannleiknum, og kunnum ad stilla til frids vor Hiortu fyrer honum.

20. So þo ad vort Hiarta fordæme oss, ad GUD er meire voru Hiarta, og þecker alla Hlute?

21. Þier Astsamleger, ef vort Hiarta fordæmer oss eige, þa hofum vier Diorfung til Guds.

22. Og

22. Og hvad vier bidium, pad munum vier af honum odlast, pviad vier geymum hans Bodord, og gierum hvad fyrer honum pægelegt er.

23. Og petta er hans Bodord, pad vier truum a Nafn hans Sonar JEsu Christi, og elskum hvor annann, so sem pad hann gaf oss Bodorded.

24. Og hvor hann vardveiter hans Bodord, sa blijfur j honum, og hann j honum. Og par af peckium vier, pad hann blijfur j oss, utaf peim Anda, hvorn hann hefur giefed oss.

IV. Capitule.

Johannes talar (I) um Falskennendur og (II) um Elsku til Guds og Naungans.

I. Pier æstsamleger, trued ei hvorium sem einum Anda, helldur reyned Andana, hvort peir eru af Gude. Pviad par eru marger Fals-spæmenn j Verolldena utgeingner.

2. Par af skulud pier Guds Anda peckia: Hvor Ande, sem vidurkiennir, pad JEsus Christus sie j Holded komenn, sa er af Gude.

3. Og hvor Ande, sem ei vidurkiennir, pad JEsus Christus sie j Holdenu komenn, sa er ei af Gude, og pad er sa Ande pess Antachrists, af hvorium pier hafed heyrt, pad hann munde koma, og er nu pegar j Heimenum.

4. Barna korn, þier erud af Gude, og hafed hina yferunned. Þviad sa j ydur er, hann er hinum meire, sem j Heimenum er.

5. Þeir eru af Heimenum, fyrer þvi tala þeir ut af Heimenum, og Heimurenn heyrer þeim.

6. Vier erum af Gude, og hvor hann vidurkienner Gud, sa heyrer oss, hvor hann er ei af Gude, sa heyrer oss ecke, þar af þeckium vier Andann Sannleiksins, og Andann Villudomsins.

Pistillenn I. Sunnud. epter Trinit.

II. 7. Þier ástsamleger, elskum oss innbyrdis, þviad Kiærleikurenn er af Gude, og hvor hann elskar, sa er af Gude fæddur, og þecker Gud.

8. Hvor hann elskar ecke, sa þecker ei Gud, þviad Gud er Kiærleikurenn.

9. J þvi opennberadest Kiærleike Guds vid oss, þad GUD sende sinn eingietenn Son j Heimenn, ad vier skyldum fyrer hann lifa.

10. Þar inne er Kiærleikurenn: Eige þad vier elskudum Gud, heldur þad hann elskade oss, og sende sinn Son, til Forlijkunar fyrer vorar Synder.

11. Þier ástsamleger, first þad Gud hefur oss so elskad, þa skulum vier einnenn elska oss innbyrdis.

12. Eingenn hefur Gud nockru sinne sied nann. Ef ad vier elskum oss innbyrdis, þa

blijfur

blijfur GUD j oss, og hans Kiærleike er fullkomlegur j oss.

13. Þar af þeckium vier, þad vier blijfum j honum, og hann j oss, þviad hann hefur giefed oss af sijnum Anda.

14. Og vier sæum, og vitnum, þad Faderenn hefur sendt Sonenn til Heimsins Lausnara.

15. Hvor nu vidurkienner, þad JEsus er Guds Sonur, j þeim blijfur GUD, og hann j Gude.

16. Og vier hofum þeckt, og truad þeim Kiærleika, sem GUD hefur til vor. GUD er Kiærleikenn, og hvor j Kiærleiknum blijfur, sa blijfur j Gude, og GUD j honum.

17. J þvi er Kiærleikurenn fullkomlegur hia oss, uppa þad vier hofum Dierfung a Deige Domsins, þviad lijka sem hann er, so erum vier eirnenn j þessum Heime.

18. Hrædsla er ei j Kiærleikanum, helldur utdrijfur fullkomlegur Kiærleike Hrædsluna, þviad Hrædslann hefur Kvol, enn hvor hann hrædest, sa er ecke fullkomlegur j Kiærleikanum.

19. Lœtum oss hann elska, þvi hann hefur elskad oss fyrre.

20. Ef einhver seiger: eg elska GUD; og hatar sinn Brodur, sa er Liugare. Þvi hvor hann elskar ecke sinn Brodur, hvorn hann sier,

sier, hvornenn gietur sa Gud elskad, þann er hann sier eige?

21. Og þetta Bodord hofum vier af honum, þad hvor hann elskar Gud, hann elske og eirnenn sinn Brodur.

V. Capitule.

Johannes talar (I) um Kenneteikn Truarennar, (II) hennar Grundvoll, og (III) Ender.

I. Hver hann truer þad JEsus sie Christur, sa er af Gude fæddur. Og hvor ed elskar þann, sem hann hefur fædt, sa elskar og eirnenn þann, sem af honum er fæddur.

2. Þar af þeckium vier, þad vier Guds Born elskum, nær vier elskum Gud, og holldum hans Bodord.

3. Þviad þad er Kiærleikenn til Guds, þad vier holldum hans Bodord, og hans Bodord eru eige þung.

Pistillenn I. Sunnudag epter Pœska.

4. Þviad allt hvad af Gude er fædt, þad yfervinnur Heimenn. Og vor Trua er Yfervinningenn, hvor Verolldena hefur yferunned.

5. Enn hver er hann, sem Verolldena yfervinnur, utan alleinasta sa, er truer, þad JEsus sie Guds Sonur? þesse er sa, sem kiemur med Vatne og Blode, JESUS Christus, eige med Vatne alleinasta, heldur med Vatne og Blode. Og Andenn er sa, sem vitnar, þad (a) Andenn er Sannleikenn.

(a) An-

(a) (Andenn er Sannleike) þar sem Andenn er, þar er eingenn Yfirdrepskapur, enn þar er allt rett og satt med honum, hvad hellst hann talar, gierer, eda adhefst; enn hvar Andenn er ecke, þar er Yfirdrepskapur og Lygd.

6. Þviad Þrijr eru, sem Vitnisburdenn giefa a Himne, Fadernn, Orded, og Heilagur Ande, og þeir Þrijr eru eitt.

II. 7. Og þrijr eru, sem Vitnisburdenn giefa a Jordu, Andenn, Vatned og Bloded, og þesser þrijr eru (b) eitt.

(b) (Eru eitt) hvar þad eina er, þar er og hin ønnur, Þviad Christi Blod, Skijrnenn, og Heilagur Ande, bevijsa, vidurkienna, og predika Evangelium fyrer Heimenum, og j hvors Manns Samvitsku, sem Truadur er, þvi hann formeiker, ad hann fyrer Varn og Anda, hvor ad er utvegadur med Christi Blode, verdur riettlæatur og saluholpenn.

8. Ef vier medtokum Mannanna Vitnisburd, þa er þo Guds Vitnisburdur meire, þviad Guds Vitnisburdur er sa, þad hann hefur vitnad af sijnum Syne.

9. Hvor hann truer a Guds Son, sa hefur þennann Vitnisburd hia sier.]

10. Hvor hann truer ei Gude, sa gierer hann ad Liugara, þvi hann truer ecke Vitnisburdenum, þeim GUD vitnar af sijnum Syne.

11. Og þetta er Vitnisburdurenn, þad Gud

Gud hefur giefed oss eylifst Lijf. Og þetta Lijf er j hans Syne.

12. Hvor sem Guds Son hefur, sa hefur Lijfed. Hvor hann hefur ei Guds Son, sa hefur ei Lijfed.

III. 13. Þetta skrifade eg ydur, þier sem trued a Nafn Guds Sonar, so ad þier viteð, þad þier hafed eylifst Lijf, og so ad þier trued a Nafn Guds Sonar.

14. Þvi þad er su Diorfung, sem vier hofum til hans, ad ef vier bidium nockurs, epter hans Vilia, þa heyrer hann oss.

15. Og first vier vitum þad hann heyrer oss, hvad vier um bidium, þa vitum vier, þad vier þær Bæner hofum, hvoriar vier hofum beded af honum.

16. Ef nockur sier sinn Brodur syndgast einhvorre Synd, eige til Dauda, sa ma bidia, og mun hann giefa þeim Lijfed, sem syndgade, ecke til Dauda. Þar er (c) Synd til Dauda, eg seige ecke, ad nockur fyrer henne bidie.

(c) (Synd til Dauda) þad er Synd a mote Heilsgum Anda, hvar af Matthæus skrifar. 12. Cap.

17. Allt Ranglæte er Synd, og þar er Synd ecke til Dauda.

18. Vier vitum, þad hvor af Gude er fæddur, sa syndgar ecke, helldur sa af Gude er fæddur, hann vardveiter sig, og hinn Vonde mun ei snerta hann.

19. Vier

19. Vier vitum, pad vier erum af Gude, og pad allur Heimurenn liggur j Vondu.

20. Enn vier vitum, pad Guds Sonur er komenn, og hefur giefed ofs pad Sinne, ad vier peckium pann, sem sannarleg ur er; og erum j hinum Sannarlega hans Syne JEsu Christo. Pesse er Sannur Gud, og Eylijft Lijf.

21. Barna korn, vared ydur vid Afgudum, Amen.

Hinn annar S. Johannis Pistill.

Johannes talar (I) um eina Gudhrædda Fru; (II) tekur vara fyrer Raungum Lærdome.

I. Hinn Elldre, peirre utvaldre Fru, og heunar Bornum, hvor eg elska j Sannleika, og ei alleinasta eg, helldur eirnenn aller peir, sem peckia Sannleikenn.

2. Fyrer Sannleikans Saker, sem j ofs blijfur, og j hia ofs mun vera ad Eylijfu.

3. Nad, Miskun, Fridur af Gude Fodur, og af DRottne JESU Christo, Syne Fodursins, j Sannleika og Kiærleika, sie med ofs.

II. 4. Nærsta gladur em eg, þad eg hefe funded medal þinna Barna þa j Sannleiknum ganga, so sem þad vier hofum Bodorded af Fodurnum medteked.

5. Og nu bid eg þig, Fru, eige skrifa eg þier til so sem eitt nytt Bodord, helldur þad vier hofum haft fra Upphafe, ad vier elskum oss jnnbyrdis.

6. Og þad er Kiærleikurenn, ad vier gongum epter hans Bodorde. Þetta er þad Bodord, eins og þier hafed heyrt af Upphafe, uppa þad þier ganged þar jnne.

7. Þvi marger Afvegaleidendur eru komner j Heimenn, sem ecke vidurkienna JEsum Christum j Holldenu komenn vera. Þesse er sa Afvegaleidare og Antachristur.

8. Siaed ydur fyrer, ad vier glotum ecke þvi, hvad vier hofum verkad, helldur so ad vier medtokum fullkomenn Verdlaun.

9. Hvor hann yfertredur, og blijfur ecke j Lærdome Christi, sa hefur (a) ongvann GUD, hvor ed blijfur j Christi Lærdome, sa hefur bæde Fodurenn og Sonenn.

(a) (Ongvann GUD) athuga, ad fyrer utan Truna a Christum, þa er all Guds Þionusta til forgiefens, j allre Veralldenne.

10. Ef

10. Ef einhver kiemur til ydar, og med sier flytur eige þennan Lærdom, þann medtaked ei j ydar Hvs, og heilsed honum eige.

11. Því hver honum heilsar, sá gierer sig hluttakara hans vondra Verka.

12. Eg hefe margt ad skrifa ydur, enn eg vil eige med Briefe og Bleke, helldur vona eg ad koma til ydar, og munnlega vid ydur tala, upp á þad, ver Fognudur fullkomlegur sie.

13. Pier heilsa Born Systur þinnar, hinnar Utvoldu.

Amen.

Hinn pridie S. Johannis Pistill.

Johannes talar (I) um Rædvendne Gaji; (II) um Illmennsku Diotrephis; (III). um Gudrækne Demetrii.

1. Sa Olldungurenn. Gajo hinum Elskulega, hvorn eg elska j Sannleika.

2. Minn Elskulege, eg æske j ollum Greinum, þad ad þier vel vegne, og heilbrigdur siert, so sem þad eirnenn þinne Sꝛalu vel vegnar.

3. Eg

3. Eg gladdest nærsta, þa Brædurner komu, og gæfu Vitnisburd af þijnum Sannleika, so sem þu og geingur j Sannleiknum.

4. Eg hefe eige nockurn Fognud meire enn þann, þad eg heyre, þad mijn Born ganga j Sannleikanum.

5. Minn Aastudlege, þu giorer trulega hvad þu giorer vid Brædurnar og Giestena.

6. Hvorier af þijnum Kiærleika hafa Vitnisburd giefed, fyrer Sofnudenum. Og þad hefur þu vel giort, ad þu hefur þa fyrer Gude verduglega a Veg leidt.

7. Þvi fyrer hans Nafns Saker eru þeir utfarner, og hafa af Heidingium eckert teked.

8. Þvi skulum vier þess hœattar med taka, uppa þad vier sieum Medhialparar Sannleiksins.

II. 9. Eg skrifade Safnadenum til, enn Diotrephes, sa medal þeirra vill mikels metenn vera, medtekur oss eige.

10. Fyrer þvi, nær eg kiem, vil eg œminna hann a sijn Verk, er hann giorer, og þvœttev med vondum Ordum j giegn oss, og lætur sier ecke þad nœgia, ad hann medtekur eige sialfur Brædurnar, og varnar þeim, sem þad vilia giora, og vtrekur þa af Sofnudenum.

11. Minn Kiæraste, epterfilg eige hinu Vonda, helldur þvi hinu Goda. Hvor gott giorer, hann er af Gude. Hvor Illa giorer, sa sier eige GUD.

III. 12.

III. 12. Enn Demetrius hann hefur Vitnisburd af hvorium Manne, og af Sannleiknum sialfum, og vier berum eirnenn Vitne, og þier vited, þad vor Vitnisburdur er sannur.

13. Eg hefda vel margt ad skrifa, enn eg villda eige med Bleke og Penna til þijn skrifa.

14. Enn eg vænte, þad eg mune snarlega sia þig, og vilium vier þa munnlega vid talast.

15. Fridur sie med þier, þier heilsa Vinerner. Heilsa þu Vinunum med Nafne.

Pistillenn til Ebræos.

I. Capitule.

Mannsins Sonur JEsus er og so (I) Guds Sonur; og (II) þarfyrer miklu betre og ædre enn allar adrar Skepnur.

Pistillenn a Joladaginn.

1. Eptir þad ad GUD fordum morgu sinne og marghaattadlega talade til Fedranna fyrer Spaamennena.

2. Þa

2. Pa hefur hann a pessum sijdurstu Dogum til vor talad fyrer Sonenn, pann hann sette til Erfingia yfer alla Hlute, fyrer hvorn hann hefur eirnenn Verolldena skapad,

3. Hvor, med pvi hann er Liome hans Dyrdar, og riett Jmind hans Veru, og ber alla Hlute med sijnu kroptuga Orde, pa hann hafde giort Hreinsun vorra Synda, fyrer sig sialfann, pa sette hann sig til hægre Handar Tignenne a Hædunum,

4. So miklu ædre ordinn Einglunum, sem hann hefur miklu framar peim erst eitt hærra Nafn.

II. 5. Pviad til hvors Eingels pa hefur hann nockru sinne sagt? *Pu ert minn Sonur, i Dag vol eg pig? Og enn annad sinn: **Eg mun hans Fader vera, og hann mun minn Sonur vera.

*Psalm. 2, 7. **2Sam. 7, 14.

6. Og enn aptur, sem hann jnnleider pann Frumgietna j Heimenn, seiger hann: *og Hann skulu aller GUds Einglar tilbidia.

*Psalm. 97, 7.

7. Af Einglunum seiger hann ad Sonnu, *sijna Eingla giorer hann Anda, og sijna Pienara Elldsloga. *Psalm. 104, 4.

8. Enn af Synenum: *GUd, pitt Sæte varer fra Eylijfd til Eylijfdar, Stiornarvondur pijns Rijkes er upprettur Vondur.

*Psalm. 45, 7. 8.

9. Pu

9. Þu hefur elsked Riettlæted, og hatad Ranglæted, fyrer þvi hefur GUD, þinn GUD, smurt þig med Vidsmiore Fagnadarens, framm yfer þijna Hluttakendur.

10. *Og þu DRottinn hefur af Upphafe Jordena grundvallad, og Himnarner eru þijn Handaverk. *Psalm. 102,26.

11. Þeir somu munu forganga, enn þu munt blijfa, og aller munu þeir elldast sem annad Fat.

12. Og so sem Klæde muntu þeim umhverfa, og þeir munu umhverfast, enn þu ert sialfur hinn same, og þijn Ar munu ecke þrotna.]

13. Enn til hvors Eingels hefur hann nockurn Tijma sagt: Set þig til minnar hægre Handar, þar til, þad Eg þijna Ovine legg til Skarar Fota þinna? *Psalm. 110, 1.

14. Eru þeir ecke aller þionustusamleger Andar, utsender til Þionustu, vegna þeirra, sem erfa Kulu Sælubialpena?

II. Capitule.

Rett-Grundvalladur Lærdomur og Sælubialplega Þecking ad JEsu er hid allra ipparlegasta og vegsamlegasta af ollu þvi, sem menn kenna og vita.

Þar fyrer biriar oss ad giefa þess framar Gaum ad þvi Orde, þad vier heyrum, so ad vier (a) ecke forunst.

(a) (Forunsi) Eins og eitt Skip, sem steiter a Grunne, og brotnar j Spon.

2. Þvi ef það Ord er stodugt orded, sem fyrer Englana er talad, og hvor Yfertrodsla og Ohlydne hefur medteked sijn riettferdug Laun,

3. Hvornenn vilium vier þa umflya, ef vier giætum ecke slijkrar Saaluhialpar? Hvor, med þvi ad hun var first predikud fyrer DROTTENN, þa er hun komenn til vor fyrer þa, sem hana heyrdu.

4. Og Gud gaf þeim Vitne, med Taknum og Daadsemdum, og marghattudum Kraptaverkum, og med Utskiptingu Heilags Anda, epter sinne Villd.

5. Þviad hann hefur ecke Englunum undergiefed þa epterkomande Verolld, þar vier afsegium.

6. Það vottar enn nockur j einum stad, so segiande: *Hvad er Madurenn, ad þu minnest hans? Og Mannsins Son, ad þu vitier hans?

*Psalm. 8, 5. etc.

7. Litla Stund hefur þu hann Englanna (b) þarfnast latted, med Dyrd og Heidre koronader þu hann, og setter hann yfer Verk þinna Handa.

(b) (Þarfnast) I Ebreskunne hliodar þetta Vers so, þu lietst hann þarfnast Guds um lijteun Tijma, það er, þu yfergafst hann j þria Daga j hans Pijnu, eins og eingenn Gud hefde hia honum vered, enn hvar

hvar GUD er ecke, þar er Fornidran langt fyrer nedan Einglana.

8. Alla Hlute hefur þu underlagt hans Footum. I því það hann underlagde honum alla Hlute, þa hefur hann eckert epter skiled, það honum sie ei undergiefed. Enn nu first ad sinne siaum vier ecke, það honum sieu aller Hluter undergiefner.

9. Enn þann sem um Stundarsaker hefur Einglanna þarfnast, siaum vier, ad það er JESUS, fyrer Pisl Daudans, kotonadur med Dyrd og Heidre, uppa það, ad hann af Guds Nad, fyrer alla Daudann smackade.

10. Þviad það sæmde honum, hvers vegna aller Hluter eru, og fyrer hvorn aller Hluter eru, sa morg Born hefur til Dyrdarennar leidt, það hann Hofdingiann þeirra Soaluhialpar fyrer Pijslena fullkomenn giorde.

11. Med því þeir koma aller ut af einum, bæde sa sem helgar, og þeir sem helgader verda, fyrer því blygdast hann ecke þa Brædur ad kalla.

12. Og seiger: * Kunngiora vil eg Nafn þitt minum Brædrum, og midt j Safnudenum þier Lof syngia. Og enn aptur:

* Psalm. 22, 23.

13. * Uppa hann vil eg mig reida.

* Psalm. 18, 3.

14. Og enn annad Sinn: *Sia þar, eg og þau Born, sem GUD hefur mier giefed. Nu med þvi ad Bornenn hafa Hold og Blod, þa er hann eirnenn j sama mata-þess hluttakare ordenn, uppa þad, ad hann Magtena tæke fyrer Daudann, fra þeim sem Daudans Magt hafde, þad er Dioflenum,

*Esa. 8, 10.

15. Og endurleyste þa, sem fyrer Ogn Daudans hlutu um alla Æfe j Prælkan ad vera.

16. Þviad eige neinstadar tekur hann til sijn Einglana, helldur tekur hann til sijn Sæde Abrahams.

17. Þar fyrer hlaut hann j øllum Hlutum sijnum Brædrum lijkur ad verda, uppa þad hann miskunsamur yrde, og trulyndur Biskup fyrer GUde, til ad forlijka Folksins Synder.

18. Þviad j þvi sem hann hefur lided, og freistadur er, þa kann hann þeim ad hialpa, sem freistader verda.

III. Capitule.

(I) Alls Engum kennenda en ad hlijda ne Heidur syna so sem JEsu; (II) alvarleg Aminning til ad giøra Apturhvarf hid allrafirsta.

I. Hvar fyrer þier, heilager Brædur, hvorier og so kallader erud med himneskre Kallan, giefed giætur ad þeim Sendeboda

boda og Biskupe, þann vier vidurkiennum JESUM Christum,

2. Sa trur er þeim, sem hann hefur fyrer settann (lijka sem Moysen) j * ollu sijnu Hwse.

* 4B. Mos. 12, 7.

3. Enn þesse er meire Heidrunar verdur enn Moyses, af því, ad sa hefur meire Heidran af Hwsenu, sem þad til byr, en Hwsed sialft.

4. Þviad sierhvort Hws verdur af einhverium tilbwed, enn sa alla Hlute tilbyr, þad er GUD.

5. Moyses var og ad sønnu trur j ollu hans Hwse, so sem Þionustumadur, til Vitnisburdar þess sem sagt skyllde verda.

6. Enn Christur, so sem Sonur yfer sijnu Hwse, hvors Hws ad erum vier, ef vier annars Trwnadartraustenu, og Hrosan Vonarrennar, allt til Enda, fastlega holldum.

II. 7. Hvar fyrer, so sem seiger Heilagur Ande: * j Dag, ef þier heyred hans Rodd,

* Psalm. 95, 8. etc.

8. Þa forherded ecke ydar Hiortu, so sem j Styggdinne skiede a Freistingardelge j Eydemerku.

9. Hvar ad freistudu mijn ydar Fedur, þeir reyndu mig, og sæu mijn Verk, j fioru tijge Ar.

10. Fyrer þad vard eg reidur þessare Kinslood, og sagde: jafnlega fara þeir viller med Hiartanu, enn eige vissu þeir mijna Vegu.

11. So eg eirnenn soor j minne Reide, ad eige skylldu peir koma til minnar Hvijldar.

12. Siaed til, Kiærer Brædur, pad ei nockur medal ydar hafe vondt vantruad Hiarta, pad fragangande sie Gude Lifanda.

13. Helldur aaminned ydur sialfa alla Daga, so leinge sem pad j Dag kallast, ad par eingenn a medal ydar forherdest, af Svikræde Syndarennar.

14. Pvi vier erum Christi Hluttakarar ordner, ef vier annars uppbiriudu Trunadartrauste, allt til Enda fastlega holldum.

15. So leinge sem sagt verdur: j Dag, ef pier heyred hans Rodd, pa forherded ecke ydar Hiortu, so sem j peirre Styggdenne skiede.

16. Pviad sumer, pa peir heyrdu, biriudu peir eina Styggd, po ei aller peir ed utgeingu af Egyptalande fyrer Moysen.

17. Enn hvorium reiddest hann j fiorutiju Ar? er ei so? peim sem syndgudust, hvorra Hræ ad * nidur hrundu j Eydemerku.

*4B.Mos.14,35.

18. Enn hvorium soor hann, pad peir skylldu ei koma til hans Hvijldar, nema peim sem vantruader voru?

19. Og vier siaum, pad peir hafa ecke kunnad jnn ad koma, Vantruarennar vegna.

IV. Ca-

IV. Capitule.

Peir ed Trua ea JEsum skulu umsijder fa eina eylijfa Hvijlld.

Þvi lœatum oss nu hrœdast, þad vier forsomum ecke þad Fyrerheit, jnn ad koma til hans Hvijldar, og eingenn vorra epter verde.

2. Þvi þad er oss eirnenn kunngiort, so sem hinum. Enn Orded Predikunarennar hialpade hinum eckert, sem ecke trudu og þad heyrdu.

3. Þviad vier, hvorier truum, jnngongum j Hvijldena, so sem ad hann seiger: *Eg soor j minne Reide, þad eige skylldu peir til minnar Hvijldar koma. Og ad sonnu, þa þau Verkenn j Upphafe Veralldarennar giordust,

*Psalm. 95, 11.

4. *Sagde hann j nockrum stad af hinum siounda Deige so: Og Gud hvijldest a siounda Deige af ollum sijnum Verkum.

*1 B. Mos. 2, 2.

5. Og hier j pessum stad enn aptur: peir skulu eige koma til minnar Hvijldar.

6. Med þvi þad er enn fyrer Hendum, ad nockrer skulu til peirrar somu koma. Og peir, hvorium þad j fyrstu kunngiort var, eru þar ecke til komner, fyrer peirra Vantruar saker.

7. Þa ad setur hann enn aptur eirn Dag, epter sijkann langann Tijma, og seiger fyrer

David: *I Dag, so sem ad sagt er, I Dag, ef þier heyred hans Rødd, þa forherded ecke ydar Hiortu. *Psalm. 95, 8.

8. Þvi ef Josua hefde þa til Hvijldar leidt, hefde hann ey epter þad af nockrum odrum Deige sagt.

9. Fyrer þvi er þar enn Hvijld fyrer Hondum Folke Guds.

10. Þviad hvor til hans Hvijldar er komenn, hann hvijlest eirneun af sijnum Verkum, so sem Gud af sijnum.

11. So lœatum oss nu kapp a leggia, jun ad koma til þessarar Hvijldar, uppa þad, ad eingenn falle j þad sama Epterdœme Vantrùarennar.

12. Þviad Guds Ord er Lifande og Kroptugt, og hvorju tvij-eggiudu Sverde hvassara, og þreynger sier j giegnum allt, þar til þad j sundur skilur Sœlena og Andann, og Merg og Bein, og er Domare Hugrenninganna, og Hiartans Hugarlundar.

13. Og þar er eingenn Skiepna fyrer Honum osyneleg, enn aller Hluter eru nakter og ohulder fyrer hans Augum, af hvorium vier tolum.

V. Capitule.

Þad Kennemannlega Embœtte JEsu Christi er utmœlad.

Med þvi þa vier hofum einn Biskup þann mikell er, JEsum Son Guds, hvor til Himens

Himens er farenn, so loatum oss hallda Vidurkienningunne.

2. Þviad vier hofum ei þann Biskup, sem ei kann Sampijning hafa med vorum Breiskleika, helldur þann sem freistadur er a allann hatt, lijka so sem ad vier, þo ann Syndar.

3. Fyrer þvi loatum oss þar ad ganga med Hugarhreyste, til þess Naadarennar Stols, so ad vier odlunst Miskunseme, og Naad finnum, a þeim Tijma, nær vier þurfum Fulltingis vid.

4. Þviad hvor Biskup, sem af Mønnum tekenn er, sa verdur fyrer Mennena settur, j þeim Hlutum sem Gude tilheyra. Uppa þad, hann fornfære Gaafur, og Helgeoffur fyrer Syndernar.

5. Sa sem samaumka kann, þeim sem fauvijser eru, og viller fara, med þvi hann er sialfur umgiefenn med Breiskleika.

6. Fyrer þad hlytur hann jafnt, lijka sem fyrer Folked, eirnenn fyrer sig sialfann ad offra fyrer Syndernar.

7. Og eingenn tekur sier sialfum þann Heidur til, helldur hann sem kalladur verdur af Gude, so sem * Aaron.

* 2B. Mos. 28, 1.

8. So hefur Christur eirnenn ecke sig sialfann innsett j þann Heidur, þad hann yrde Biskup, helldur sa sem til hans hefur sagt:

* Þu ert minn Sonur, j Dag ol eg þig.
* Psalm. 2,7.

9. Sem hann eirnenn enn j odrum Stad seiger: Þu ert eylijflega Kiennemadur, epter Skickan Melchisedech.
* Psalm. 110,4.

10. Og hann hefur a Dogum sijns Holds Bæner og Beidne, med Osflugu Kalle og Taarafollum, offrad til hans sem honum fra Daudanum biarga kunne, og er eirnenn bærheyrdur, fyrer þad hann vegsamade Gud.

11. Og þott hann være Guds Son, hefur þann þo, j þvi hann leid, Hlydne lært.

12. Og þa hann fullkominnadur var, er hann ordenn ollum, hverier honum hlyduger eru, Orsok Eylijfrar Saaluhialpar.

13. Af Gude Biskup kalladur, epter Skickan Melchisedech.

14. Þar utaf hofdum vier margt ad seigia. Enn þad er þungt, a medan þier so (a) Skilningslauser erud.

(a) (Skilningslauser) Grofer og ofickanleger, sem ecke kunned adheyra nie merkia, þo ad þier hafed leinge lært.

15. Og þier sem fyrer longu skylldud Meistarar vera, þurfed nu vid aptur, þad menn kienne ydur þa firstu Bokstafe Gudlegs Ords, og þad vier giefum ydur (b) Miolk og ongvann megnann Mat.

(b) (Miolk) Miolk kallar hann Logmalssins Lærdom, hvor ad er einn Barna Age, enn Petur kallar Evangelium

gelium Miolk, af þvi ad þad er þess Nya Testamentesins Barna Fæda.

16. Þviad hvorium vier hliotum Miolk ad gefa, sa er oreyndur j Orde Rietlæteſins, þviad hann er Ungbarn.

17. Enn hinum fullkomnum heyrer megn Matur, sem af Sidvana hafa jdkad Sinne, til Fragreiningar Gods og Jlls.

VI. Capitule.

GUds Ande (I) varar oss vid Falle fra þvi Goda; og (II) eaminner oss til Stodugiyndes i þvi Goda.

I Fyrer þvi vilium vier þann Lærdom af Upphafe Christelegs Lijfernes, nu kirrann lœra, og til Algiorfeleikſins grijpa, eige aptur ad nyu Grundvoll leggiande, Jdrunarennar daudra Verka, um Truna a GUD,

2. Um Skijrnena og Lærdom Handa-uppa leggingarennar, um Uppriſu Frammlidenna, og um þann eylijfa Dom.

3. Og þetta vilium vier giora, ef GUd vill annars lofa.

4. Þviad þad er omogulegt, ad þeir sem eitt sinn upplyster eru, og smackad hafa Himneska Gœfu, og Hluttakarar eru vordner Heilags Anda,

5. Og smackad hafa hid goda GUds Ord, og Krapt eptirkomande Veralldar,

6. Ef þeir af falla (og krossfesta sialfum sier Son GUds aptur, og hann fyrer Skimp

hallda) ad þeir skylldu kunna aptur endurnyader ad verda til Yferbotar.

7. Því Jordenn sem Regned dreckur, þad uptsinnis a hana kiemur, og hagkvæmelegar Jurter ber þeim sem hana yrkia, medtekur Blessan af Gude.

8. Enn hun sem Pistla og Pirna ber, hun duger ecke, og er Bolvanenne nær, hvor ad sijdurstu uppbrend verdur.

II. 9. Enn vier treystum, elskuleger, betur til ydar, og þad Sæluhialpenn nœnare sie, þo ad vier tolum so.

10. Þviad GUD er ecke rœngkœtur, þad hann gleyme ydar Gisrninge og Kiærleikans Erfide, sem þier audsyndud j hans Nafne, þa þier þionudud Heilogum, og enn þioned.

11. Enn vier gyrnunst, ad hvor eirn ydar audsyne þa somu Kostgiæfne, Vonenne fast ad hallda allt til enda.

12. Ad þier eige ostadfaster verded, helldur sieud Epterfilgiarar þeirra, sem fyrer Truna og Polennmæde Fyrerheited erfa.

13. Því þa GUD fyrerhiet Abraham, þa hann vid engvann annann stœrra hafde vid ad sveria, soor hann * vid sialfann sig,

*1B. Mos. 22,16.17.

14. Og sagde: Sannlega vil Eg blessa og margfallda þig.

15. Og hann bar so þolennmodlega Bidlund, og odladest Fyrerheited.

16. Men-

16. Mennerner sveria vid einn ædra enn þeir eru, og sa Eidur giorer Enda allrar Prattu, so ad trwott blijfur mille þeirra.

17. Enn þa GUD villde ysergnæfanlega audsyna Erfingium Fyrerheitesins ad sitt Raad er eige ostodugt, hefur hann þar tíl Eid a lagt.

18. Uppa þad vier hefdum fyrer tvær Greiner, þær obifanlegar eru (þvi þad er omogulegt ad GUD liuge) orugt Traust, vier sem Adhvarf hofum, og fastlega holldum þeirre frammbodinne Von.

19. Hveria vier hofum sem annad fast og orugt Atkere vorrar Saalar.

20. Su eirnenn jnngeingur j hid jnnra Fortialldsins, þar ed Fyrerrennareun er fyrer oss jnngeingenn, JEsus ad eylijfu Biskup ordenn, epter Skickan (a) Melchisedechs.

(a) (Melchisedech) Er so miked a Norrænu, sem Riettlætesins Konaur, Melchisalem merker Fridarens Kong, þviad Christur giefur Riettlæte og Frid, og hans Rijke er Riettlæte og Fridur fyrer GUDe, fyrer Truna, Rom. 1. og 5.

VII. Capitule.

GUDs Ande talar (I) um Melchisedech, er var so sem Einn Skugge og Fyrermindan uppa JEsum; (II) Um þann Levitiska Kennemannskap, er þar miklu Oædre en JEsu Kennemannlega Embætte.

I. Enn þesse * Melchisedech var Kongur til Salem, Kiennemadur Guds hins Hærsta, hvor Abraham j mote gieck, þann Tijd hann kom aptur fra Slage Konganna, og blessade hann.

*1B. Mos. 14, 18. etc.

2. Hvorium og so Abraham gaf Tijund af ollu sijnu Gotse. J fyrstu utleggst hann Kongur Riettlætesins, epter þad er hann eirnenn Kongur Salem, þad er Kongur Fridarens.

3. Utan Fodur, utan Modur, can Slektis, hafande hvorke Upphaf Daganna, nie Endalok Lijfsins, enn hann er samjafnadur Syne Guds, og blijfur Kiennemadur ad eylijfu.

II. 4. Enn giæted ad, Hvorsu mikell ad hann er, hvorium Abraham sa Patriarche gaf Tijund af Herfangenu.

5. Og ad sonnu Syner Levi, þann Tijd þeir medtaka Kiennemannsskapenn, hafa þeir Bodord * Tijundena jnn ad taka af Folkenu, þad er af þeirra Brædrum, epter Logmaalenu, þo ad þeir somu sieu eirnenn af Abrahams Lendum komner.

*5B. Mos. 14, 28. 29.

6. Enn hann, hvors Kinferde eige nefnt verdur medal þeirra, sa tok Tijund af Abraham, og blessade hann sem Fyrerheitenn hafde.

7. Enn can alls Motmælis er þad so, ad þad hid Minna, verdur af hinum Ædra blessad.

8. Og

8. Og hier taka Tijund daudleger Menn, enn þar vottar hann þad hann life.

9. Og so ad seigia, Levi, sa er Tijundena medtekur, er eirnenn Tijundadur fyrer Abraham.

10. Þvi hann var enn þa j Lendum Fodursins, þann Tijd Melchisedech gieck honum j mote.

11. Þvi, ef ad Fullkomnan være vordenn fyrer Leviticskann Kiennemannsskap (þvi under þeim enum sama hefur Lydurenn Logmoaled medteked) hvad være þorf framar meir ad seigia, ad annar Kiennemadur skyllde þar koma epter Skickan Melchisedech, og eige epter Eckickan Aarons?

12. Þviad hvar Kiennemannsskapurenn umskipteſt, þar hlytur eirnenn Logmoaled um ad skiptaſt.

13. Þvi sa sem þetta er afsagt, sa er af odru Sleckte, uraf þvi sem eingenn noekurn Tijma Alltarenu þionad hefur.

14. Þvi þad er þo opennbert, ad Vor DRottinn er komenn af Juda, til hvors Slektis Moyses hefur eckert talad af Kiennemannsskapnum.

15. Og so er þad enn lioslegra, ef ad annar Kiennemadur uppkiemur, epter Skickun Melchisedechs.

16. Sa ecke er giordur epter Logmoale lijkam-

lijkamlegs Bodords, helldur epter Krapte Oendanlegs Lijfs.

17. Þvi hann vitnar: Þu ert Kiennemadur ad Eylijfu, epter Skickan Melchisedechs.

18. Þvi þar med verdur firra Logmaaled afteked, vegna þess þad var ofveikt, og ecke nytsamlegt.

19. Þvi Logmaaled kunne ecke ofs fullkomna ad giora, enn þar jnnleidest ein betre Von, fyrer hvoria vier naalægiumst GUD.

20. Og þar ofanna, hvad miked er, ei aan Eids, þviad hiner eru aan Eids Kiennemenn ordner,

21. Enn þesse med Eide, fyrer þann sem til hans seiger: *DRottinn soor, og þad mun ei idra hann, þu ert Kiennemadur ad Eylijfu, epter Skickan Melchisedechs. *Ps.110,4.

22. So nærsta miklu betra Testamentis Tilsagnare er JEsus vordenn.

23. Og hiner adrer eru marger, sem Kiennemenn urdu, fyrer þad, ad Daudenn leyfde þeim ecke ad blijfa.

24. Enn þesse, fyrer þvi hann eylijflega blijfur, þa hefur hann oforgeingelegann Kiennemannsskap.

25. Þar fyrer kann hann og eirnen þa ætijd Saluhelpna ad giora, sem fyrer hann koma til GUDs, og hann lifer æfennlega, og bidur fyrer þeim.

26. Þviad slijkann Biskup skylldum vier

hafa,

hafa, sa sem være Heilagur, Saklaus, Ofleckadur, Syndugum fra skilenn, og Hærre enn ad Himenenn er.

27. Hvorium daglega eige þorf giorest, so sem hinum odrum Biskupum, j firstu fyrer sijnar eigennlegar Synder ad fornfæra, epter þad fyrer Folksins Synder. Þvi þad giorde hann einusinne, þa hann sialfan sig fornfærde.

28. Þvi þa Menn gjörer Logmaaled til Æðstu Presta, sem hafa Breiskleik, enn þetta Eidsins Ord, þad epter Logmaaled er sagt, setur Sonenn Eylijflega og Fullkomenn.

VIII. Capitule.

Guds Rude talar (I) um Vidtoku þess Nya Testamentes, og (II) um Burttekning þess Gamla Testamentes.

I. Þad er nu Summa a þvi, sem vier um tolum, vier hofum þann Biskup sem situr til hægre Handar a Tignarstolnum a Himnum,

2. Og er Forstodumadur Heilagra Audæfa, og Sannarlegrar Tialldbvodar, hveria Gud hefur uppreist, og eingenn Madur.

3. Þviad hver Biskup verdur tilsettur ad offra Giafer og Forner. Fyrer þvi hlytur þesse eirnenn nockud ad hafa, þad hann offre.

4. Og være hann nu a Jordu, þa være hann ei Prestur, med þvi þar eru Prestar sem epter Logmaalenu Giafer offra.

5. Hvorier

5. Hvorier ad þiona þeirre Fyrermind og Skugga Himneskra Audæfa, so sem þad Gudlega Andsvar til Moysen sagde, þa hann Tiallbvodena fullkomna skylde: *Sioa til (sagde hann) ad þu alla Hlute giorer epter þeirre Lijkingu, sem þier er a Fiallenu synd.

*2 B. Mos. 25, 40.

II. 6. Enn nu hefur hann ædra Embætte odlast, so sem sa ed betra Testamentis Medalgongu madur er, hvort eirnen a Ædra Fyrerheite stendur.

7. Þvi ef hitt firra hefde ostraffanlegt vered, þa hefde Rooms ecke leitad vered hinu odru.

8. Þvi hann straffar þa, so seigiande: * Siaed, þeir Dagar munu koma, seiger DROTTinn, þad eg vil yfer Hvos Israels, og yfer Hvos Juda, giora eitt Nytt Testament. *Jerem. 31, 31. ꝛc.

9. Ei epter þvi Testamente sem eg giorde vid Fedur þeirra, a þeim Deige, þa eg took i þeirra Hond, til ad votleida þa af Egypta Lande. Þvi þeir blifu ecke i mijnu Testamente, þa villde eg og ecke akta þa, seiger DROTTINN.

10. Þviad þetta er þad Testament, þad eg vil giora Hvose Israels, epter þessa Daga, seiger DROTTinn, mitt Logmoal vil eg giefa i þeirra Hugskot, og i þeirra Hiortu vil eg þad skrifa, og eg vil þeirra GUD vera, og þeir skulu mitt Folk vera.

11. Og

11. Og eige skal nockur kienna sijnum Naaunga nie sijnum Brodur, og seigia: þecktu DROttinn, þviad þeir skulu mig aller þeckia, j fra hinum Minnsta, til hins Stærsta.

12. Þviad eg vil lijknsamur vera þeirra Vondsku og Syndum, og þeirra Roanglæte vil eg ecke framar j Minne leggia.

13. J þvi sem hann seiger: eitt nytt, giorde hann þad fyrra gamallt. Enn hvad gamallt og alldrad er, þad er nærre sinne Endingu.

IX. Capitule.

Gluds Ande syner, ad Nya Testamented er miklu heilagra og vegsamlegra en Gamla Testamented.

Hid fyrra hafde og ad sonnu sijnar Riettlætingar, Gluds Þionustu, og utvortis Heilagleik.

2. Þviad hinn fremre Hlutur Tialldbvodarennar var uppgiordur, j hvorium voru * Liosastikurnar, Borded, og Skodunarbraudenn, og þetta kallast þad Heilaga.

* 2B.Mos.25,23.31.

3. Enn a bak odru Fortialldenu var Tialldbvodenn, su sem kalladest hid Allraheilagasta, hvor ed hafde þad gullega Reikelsiskier, og Testamentis Orkena.

4. Alla vega Gull-lagda, j hvorre var Gullsatann, sem * Himnabrauded hafde, og ** Von-

Vondur Aarons, sem blomgast hafde, og Testamentis spiolldenn.

*2B.Mos.16,33. **4B.Mos.17,10.

5. Enn þar uppyfer voru Cherubim Dyrdarennar, yferskyggiande Naadarstolinn, af hvoriu nu er ecke neitt sierlegt ad seigia.

6. Þa þetta var nu so til bvved, geingu Kiennemennerner jduglegana j þa fremre Tialldbvvdena, og afluku Guds Þionustugiordenne.

7. Enn j * hitt annad jnngieck einusinne a Aarenu, alleinasta Biskupenn, ei can Bloods, þad hann offrade fyrer sijna eigennlega, og Folksins Fauvitsku, *3B.Mos.16,2.rc.

8. Þar hiun Heilage Ande med merkte, ad Vegurenn til Heilagleiksins, være þa enn ei opennberadur, a medan hid firra Tialldbvvdarhvvsed stæde.

9. Hvort ed Hlaut j þann sama Tijma Fyrerlijking ad vera, j hvoriu Giafer og Fornfæringar Offradar voru, og þo ei kunne fullkommenn ad giora epter Samvitskunne, þann sem Guds-þionustuna framde.

10. Alleinasta med Mat og Dryck, og margvijslegar Skijringar, og utvortis Helgedoma, sem allt til Tijma Betranarennar voru uppa lagdar.

Pistillenn V. Sunnudag j Fostu.

11. Enn Christur er komenn, þad hann sie Biskup epterkomande Audæfa, fyrer

rer stærre og algiordare Tialldbood, þa sem ecke er med Hondum giord, þad er, þad sem ecke er so byggd.

12. Ecke helldur fyrer Hafra Blood nie Kalfa, helldur er hann fyrer sitt eiged Blood eitt sinn jnngeingenn j hid Heilaga, og fann eylijfa Endurlausn.

13. *Þvi ef Uxanna og Hafranna Blood, **og Askann Kvijgunnar audreifd, helgar hina Saurugu, til Holldsins Hreinsunar.

*3B.Mos.16,14.15. **2B.Mos.19,9.12.17.18.

14. Hversu miklu framar mun þa Blooded Christi, sem sialfann sig hefur aan Flecku-nar, fyrer Heilagann Anda, GUde offrad, hreinsa vorar Samvitskur af daudum Verkum, til ad þiona GUde Lifanda?

15. Og þar fyrer er hann eirnenn Medal-gongumadur hins Nya Testamentis, so ad fyrer þann Dauda sem skiedur er til Frelsunar, ut af þeim Yfertrodningum (þær sem under hinu firra Testamentenu voru) þeir sem kallader voru, medtake þann fyrerheitna eylijfa Arf.]

16. Þvi hvar Testamented er, þa hlytur þar þess Daude ad skie sem Testamented gierer.

17. Þviad eitt Testament verdur stadfest fyrer Daudann, ellegar duger þad ecke, medan hann nu lifer sem þad hefur giort.

18. Hvar fyrer hid fyrra var eige aan Bloods tilskickad.

19. Þvi

19. Þvi þann Tijd Moyses hafde vttalad ut af ollum Bodordum epter Logmaalenu, fyrer ollu Folkenu, tok hann Kalfa og Hafra Blod, med Vatne og Purpura, Ullu og Isopo, og stockte a Bokena, og allt Folked.

20. Seigiande: * Þetta Blod er þess Testamentis, hvort Gud hefur boded ydur.

* 2B.Mos.24,8.

21. Og lijka eirnenn Tialdbvodena, og oll Verkfære Guds Pionustugiordarennar, Mstockte hann med Blodenu.

22. Og nærsta þvi allar Hluter verda med Blode hreinsader, epter Logmaalenu, og ann Blods Uthellingar skiz eingenn Fyrergiefning.

23. So hlutu nu Fyrerlijkingar himneskra Hluta, med slijku hreinsader ad verda. Enn hiner Himnesker sialfer hliota betre Forner ad hafa, enn hinar voru.

24. Þvi Christur er eige jnngeingenn j þad hid Heilaga, sem med Hondum er giort (hvort ad er riett Jmind þess hins sannarlega) helldur j Himenenn sialfann, so ad hann auglysteſt nu fyrer Guds Anglite fyrer oss.

25. Ecke helldur, þad hann offre sig opt, lijka so sem hiner adrer Biskupar, þeir a hverju Aare jnngeingu j hid Heilaga, med annarlegu Blode.

26. Annars hefde hann optar hloted ad lijda, j fra Veralldar Upphafe, enn nu j Endalok Veralldarennar, birteſt hann eitt Sinn, fyrer sijna

sijna eigenn Fornfæring, til Burttoku Syndarennar.

27. Og lijka so sem þad Mønnunum er tilskickad, einusinne ad deya, og epter þad er Domurenn, so er CHristur einusinne offradur, til j burt ad taka margra Synder, enn j annad sinn mun hann birtast utan Syndar, øllum þeim sem hans vænta til Saaluhialpar.

X. Capitule.

Guds Ande talar (I) um Ofullkomleeleika þeirra morgu Forna i Gamla Testamentenu, (II) um Fullkomlegleika eins Offurs i þvi Nya Testamentenu, til kreptugs Stirkleika (III) i Lifernenu; (IV) I gegn Syndenne; og (V) i Motgange.

I. Þviad Logmaled hefur Skugga eptirkomande Audæfa, ecke Lijkneskiuna sialfra Audæfanna. Hvort Aar hliota jafnan ad offrast sama slags Offraner, og þad kann þo ei þa sem offra, fullkomna ad gisra.

2. Annars hefde Offred aflagst, hefdu þeir sem j Guds þionustugiord voru, engva Samvitsku framar meir haft af Syndenne, þa þeir voru eitt sinn hreinsader.

3. Helldur skier ad eins fyrer þad, Minniing Syndanna hvort Aar.

4. Þviad þad er omogulegt, fyrer Ura og Hafra Blod, Synder j burt ad taka.

II. 5. Fyrer þvi, sem hann kiemur j Veroldena, seiger hann: *Offran og Forner vilder þu eige, enn Lijkamann tilreidder þu mier.

*Psalm. 40, 7. etc.

6. Bren-

6. Brenneforner og Synda-Offur pocknast þier ecke.

7. Þa sagde eg: Sia, ad eg kiem, first i Bokenne er skrifad af mier, þad eg skule giora GUD þinn Vilia.

8. Enn þar fyrer ofann sem hann sagde: Offraner og Gaafur, Brenneforner og Synda Offur villder þu ei, þær pocknudust þier og ecke (hvoriar epter Logmaalenu offradar verda).

9. Þa sagde hann: Sia, eg kiem, ad giora, GUd, þinn Vilia. Þar burt tekur hann hid fyrra, so ad hann innsetie hid annad.

III. 10. Í hverium Villa þad vier erum helgader, einusinne skiednum, fyrer Offran Lijkama JEsu CHristi.

11. Og hver eirn Kiennemadur er til settur, þad hann GUds þionustugiord daglega ræke, og optlega sama slags Offraner giore, hveriar alldrei kunna Syndernar af ad taka.

12. Enn þesse, þa hann hafde offrad eirne Forn fyrer Syndernar, hver ed æfenlega gillder, *situr hann nu til hægre Handar GUds.

*Psalm. 110, 1.

13. Og epterbijdur frammveigis, þar til hans Oviner verda lagder til Skarar hans Foota.

14. Þviad med eirnre Offran hefur hann ad eylijfu fullkomna giort, þa sem helgader verda.

15. Enn

15. Enn þad vitnar oss eirnen Heilagur Ande, þvi epter þvi hann aadur fyrre hafde sagt:

16. *Þetta er þad Testament, sem Eg vil þeim giora, epter þessa Daga, seiger Drottinn, Mijn Log vil eg giefa j þeirra Hiortu, og j þeirra Hugskotum vil eg þau skrifa.

*Jer. 31, 33. 34.

17. Og þeirra Synder og Rangleete vil eg ecke meir j Minne leggia.

18. Og hvar þesse hin sama Fyrergiefning er, þar er eingenn Offran meir fyrer Syndernar.

19. First vier hofum nu þa, kiærer Brædur, Diorfungena til Inngangs j hid Heilaga, fyrer Bloded JEsu,

20. Hvorn hann vijgde oss nyann og lifande Veg fyrer Fortialded, þad er fyrer sitt Hold.

21. Og vier hofum eirn Ædsta Prest yfer Guds Hvse.

22. Þa lœatum oss þar framm ad ganga med sannarlegu Hiarta, j algiordre Tru, yferdreifder j vorum Hiortum, og vidskila vid vonda Samvitsku, og þvegner a Lijkamanum med hreinu Vatne.

23. Og lœatum oss hallda Vidurkienningu Vonarennar, og vera ecke ostadfasta (þviad hann er tryggur sa þvi hefur fyrerheited.)

IV. 24. Og lœatum oss athuga oss sialfa jn-

byrdes, med aafyfingu til Kiærleikfins og godra Verka.

25. Og eige forlaata vorn Sofnud, so sem sumra er Sidur helldur ad aaminna hvor annann, og pad pvi miklu framar, so miklu, sem pier siaed ad Dagurenn er nær.

26. Pvi ef vier motproanlega Synder drygium, epter pad vier hofum medteked Vidurkienning Sannleikfins, pa hofum vier engva adra Offran framarmeir fyrer Syndernar.

27. Helldur hrædelegt epterbid Domfins og pess Vandlætingarfama Elds, sem Motstandarana svelgia mun.

28. Pegar nockur brytur Moyses Logmaal, sa hlytur ad deya utan Miskunsemdar, * fyrer tveggia edur priggia Vitnan.

*5B. Mos. 17, 6. c. 19, 15.

29. Hversu miklu verra Straff meined pier sa mune verdskullda, sem Son Guds med Fotum tredur, og Testamentis Bloded saurugt reiknar, fyrer hvort ad hann er helgadur, og svivirder Naadarennar Anda?

30. Pviad vier vitum pann sem seiger: *Mijn er Hefndenn, eg vil aptur giallda, seiger DRottinn. Og enn annad sinn: DRottinn mun dæma Folk sitt. *5B. Mos. 32, 35. Syr. 28, 1.

31. Hrædelegt er ad falla j Hendur Lifanda Guds.

V. 32.

V 32. Legged j minne þa enu fyrre Daga, a hvorium þier upplystust, og lidud stort Kvalanna Strijd.

33. Nockurn Part, þad þier sialfer fyrer Forsmaan og Hormungar erud ordner ad Bysnum, og nockurn Part, ad þier hafed Lagsmenn vered þeirra, sem so hefur geinged.

34. Þvi þier hofdud Sampijning med mijnum Bondum, og Rœnu ydvarra Audœfa med Fagnade umlidud, vitande ydur ad hafa hia sialfum ydur adrar betre og blijfanlegre Eigur a Himnum.

35. (a) Kasted ecke j burt ydar Trauste, hvort ad miked Verdkaup hefur.

(a) (Kasted ecke) sl. þvi ecke un Vind.

36. Enn Polemmœde er ydur naudsynleg, so ad þier giored Guds Vilia, og medtaked Fyrerheited.

37. Þviad enn nu jnnan skams Tijma mun koma Sa ed koma skal, og mun eige seinka.

38. Enn * sa Riettlœte mun af Trunne lifa. Enn hvor sem (b) fra vijkur, a þeim mun Sœla mijn hafa ongva Þocknan.

* Hab. 2, 4.

(b) (Fravijkur) sa sem ecke vill stadnœmast, og bijda Strijdsins, helldur snyr aptur a Bak, og leynest j burt.

39. Enn vier erum ecke af þeim, sem vikia og fyrerdœmder verda, helldur af þeim, sem trua, og Sœlenne biarga.

XI. Capitule.

Guds Ande talar um Krapt og Verkun Truarennar (I) fra Skopun Heimsins til Abraham; (II) fra Abraham til Moses; (III) fra Moses til Utfararennar af Egyptalande; (IV) fra Utforenne af Egyptalande til ad Dogum Domaranna, Konungauna, og Spamannanna.

1. Enn Truenn er vrugt Traust þeirra Hluta sem Madur vonar, og efar ei um þad, sem hann sier ecke.

2. Fyrer hana feingu hiner gomlu Vitnisburdenn.

3. Fyrer Truna understondum vier Heimenn (a) giordann vera, fyrer Guds Ord, og allt þad hvad synelegt er, * er orded af ongvu.

(a) (Giordann) þad er: hann er komenn j sitt Lag, so ad hann geingur og stendur epter Guds Orde Daflaatanlega, an Hindrunar, og giefur ecke upp.

* 1B.Mos.1,1.

4. Fyrer Truna hefur * Abel Gude meire Offran giort enn Cain, fyrer hvoria hann hefur Vitnisburdenn feinged, þad hann riettlaatur sie, þa Gud gaf Vitnan af hans Giofum, og fyrer hann talar hann enn, þo hann sie laatenn.

* 1B.Mos.4,4.

5. Fyrer Truna vard * Enoch burtnumenn, ad hann sæe ei Daudann, og vard eigi fundenn, af þvi þad GUD tok hann a burt. Þvi madur fyrre, enn hann var j burtnumenn,

hefur

hefur hann Vitnisburdenn haft, ᵬad hann ᵬocknadeſt GUde. *1B.Moſ.5,24.

6. Enn aan Truarennar er omogulegt GUde ad ᵬocknaſt. ᵬvi hvor hann vill koma til Guds, ſa hlytur ad trua ᵬad, ad hann ſie, og ᵬad hann mune Endurgialldare verda, ᵬeirra ſem hans leita.

7. Fyrer Truna hefur * Noe vegſamad GUd, og Orkena tilbwed, til Hiaalprædis ſijnu Hwſe, ᵬa hann medtok gudlega Bifalning, um ᵬad hvad menn enn ᵬa ecke ſaau, fyrer hvoria (Ork) hann Verolldena fordæmde, og er Erfinge ordenn ᵬeſs Riettlætis, ſem fyrer Truna kiemur. *1B.Moſ.6,8.

II. 8. Fyrer Truna vard Abraham * hlydenn, ᵬa hann kalladur var ut ad ganga, j ᵬad Land, ſem hann erfa ſkyllde, og hann gieck ut, og viſſe ei hvort hann munde koma.

*1B.Moſ.12,4.

9. Fyrer Truna var hann framande a ᵬvi Fyrerheitna Landenu, ſo ſem a annarlegu, og bio j Tialldbwd, med Iſaac og Jacob, ſem voru Mederfingiar ſama Fyrerheitis.

10. ᵬvi hann vonade uppa ᵬa Borgena, ſem Grundvollenn hefur, hvorrar Uppbyggingar Meiſtare og Skapare er GUD.

11. Fyrer Truna medtok og ſo Sara Krapt, ᵬad hun vard * frioſſom, og fædde, framm yfer Tijma hennar Alldurs, ᵬviad hun hiellt Hann trufaſtann, ſem hafde ᵬvi lofad.

*1B.Moſ.21,2.

12. Fyrer hvad ad marger eru upprunner af einum, þo ad dœens Lijkama være, lijka sem * Stiornur Himens, og so sem Sandur vid Siœfarstrondu, sem otelianlegur er.

*1B. Mos. 15, 5.

13. Þesser aller eru j Trunne under Lok lidner, og hafa ei Fyrerheited medteked, helldur af Fiarska til þess sied, og hafa sia þar vid huggad, og sier nægia lœted, og vidurkiennt þad þeir være a Jordu Giester og Utlender.

14. Þviad þeir sem þetta seigia, þeir giefa til ad skilia, þad þeir epter einu Fodurlande leite.

15. Og ad sonnu, ef þeir hefdu meint þad, fra hvoriu þeir voru utfarner, hefdu þeir nogann Tijma haft aptur ad snua.

16. Enn nu gyrntust þeir annad betra, þad er þad Himneska. Fyrer þvi ovirdtest ecke GUD, ad nefnast * þeirra GUD. Þvi hann hefur þeim eina Borg fyrerbwed.

*2B. Mos. 3, 6.

17. Fyrer Truna * fornfœrde Abraham Isaac, þa hann vard freistadur, og framngaf hinn Eingietna, þa hann nu hafde Fyrerheited medteked,

*1B. Mos. 22, 1. ꝛc.

18. Utaf hvorium sagt var: j Isaac skal þier þitt Sœde kallad verda.

19. Og

19. Og hann peinkte, ad Gud kynne og so vel af Dauda upp ad vekia, hvar fyrer hann eirnenn tok hann til Fyrermindunar aptur.

20. Fyrer Truna *blessade Isaac, af thvi hvad epterkomande var, Jacob og Esau.

*1B.Mos.27,27.39.

21. Fyrer Truna *blessade Jacob, tha hann deyde, bæda Sonu Josephs, og giorde lotning fyrer Toppnum a hans Velldisprota.

*1B.Mos.48, 15.16.

22. Fyrer Truna talade Joseph um utgaungu *Israels Barna, tha hann deyde, og Bifalning giorde um sijn Bein.

*1B. Mos. 50,2.

III. 23. Fyrer Truna vard Moyses, tha hann var fæddur, j thria Manude *falenn af sijnum Forelldrum, fyrer thad thau sæu, ad hann var oagiætlegt Barn, og hræddust ei Kongsins Bifalning. *2B.Mos.2,2.

24. Fyrer Truna villde *Moyses ecke leingur, tha hann giordest stor, kallast Dotturson Pharaonis,

*2B.Mos.2,11.12.

25. Og kiose miklu helldur, med Folke Guds, Omak ad thola, enn ad hafa stundlegt Epterlæte Syndarennar,

26 Og hiellt Vanvirding CHristi fyrer stærra Rijkdom, enn Egypti Fiesiodu, thviad hann leit a Launenn.

27. Fyrer Truna * fortier hann Egyptaland, og ottadest ecke Kongsins Grimmd, þviad hann hiellt sig ad þeim, hvørn hann sæa ecke, lijka so sem ad hann sæe hann.

*2B.Mos.2,15.

28. Fyrer Truna * hiellt hann Pœskana og Blods Uthellingena, uppa þad, ad eige snerte þa sa sem Frumburdena drap.

*2B.Mos.12,18. etc.

IV. 29. Fyrer Truna * geingu þeir j giegnum Hafed Rauda, so sem um Þurrlende, hvørs eirnenn hiner Egyptsku freistudu, og drecktust.

*2B.Mos.14,22. etc.

30. Fyrer Truna *nidurhrundu Mvrveggger Jericho, þa er þeir hofdu j sio Daga umkring hana geinged. *Jos.6,20.

31. Fyrer Truna vard *Rahab su Hoorkona ei fortopud med Vantruudum, þa hun medtook þa Niosnarmenn vinsamlega.

*Jos.2,19. c.6,17.22.

32. Og hvad skal eg meir seigia? Tijmenn verdur mier ofstuttur, nær eg skylde framm þylia, af *Gedeon, og **Barach, og † Samson, og †† Jephthe, og *David, og **Samuel, og Spœmonnunum. *Dom.7,19. **Dom. B.4,6. †Dom. B.15,20. ††Dom. B.11,6.9. *2Sam.2,4. **1Sam.7,10.

33. Hvorier ed hafa fyrer Truna, Kongarijkenn yferunned, Riettlæted verkad, Fyrerheitenn odlast, Leona Munnana til-byrgt.

34. Eld-

34. Elldsins Megn utslockt, Sverdsins Eggiar umflyd, kroptuger orded af (b) Breiskleikanum, osluger giorst j Strijdenu, annarlegra Herbwdum umvellt.

(b) (Breiskleikanum) peir eru ordner kroptuger j peirra Kvslum, 2Cor.12 Cap. Minn Kraptur er sterkur j peim Veiku.

35. Kvinnurnar hafa sijna Frammlidna af Upprisunne aptur teked. Enn hiner adrer eru Lemstrader, og hafa engva Frelsan medteked, so ad peir odludust hina betre Upprisuna.

36. Sumer hafa Hædung og Hwdstrokur lided, par ofann a Bond og Fiotraner.

37. Peir eru Steinum grytter, Skammhoggner, j giegnum stungner, fyrer Sverde vegner. Peir ed um hafa fared j Saudafelldum og Geitskinnum, med Eymdum, med Harmkvælum, med Omake.

38. Hvorra Heimurenn var ecke verdugur, hafa j Eymd geinged a Eydemorkum, a Fiollum, j Giam og Hellrum Jardarennar.

39. Pesser aller feingu Vitnisburdenn fyrer Truna, og hafa ecke medteked Fyrerheited.

40. Fyrer pvi, pad GUd hefur eitthvad betra ædur tilforna um oss fyrerhugad, so ad peir fyrer utan oss yrde ecke fullkomner giorder.

XII. Capitule.

Gudz Ande bijdur oss ad elska og stunda (I) Polennmæde, og (II) Guds-Otta.

1. Fyrer þvi eirnenn vier, med þvi vier hofum slijkann Hoop Vottanna umkring oss, þa lœtum oss afleggia Syndena, þa oss jafnan vid loder og letur, og lœtum oss hlaupa fyrer Polennmæde, j þa Orustu, sem oss er tilskickud.

2. Og lyta til JESUM þess Uppbiriara, og Fullkomnara Truarennar, hver ed þann Tijd hann hefde vel mœtt hafa Fognud, þolde hann Krossenn, og aktade Forsmœnena ecke, og sette sig til hœgre Handar, uppa Guds Stole.

3. Minnest a þann sem þvilijk Motmœle j giegn sier af Syndurunum þolde, so ad þier preytest ecke, og uppgiefest j ydar Hugskotum.

4. Þvi þier hafed enn ei allt til Bloodsins motstaded j Strijdenu, mote Syndenne.

5. Og hafed nu þegar gleymt þvi Trunadartrauste, sem til ydar seiger, so sem til Barnanna: * Son minn, vird ei lijtils Typtan DROttins, og orvinlast ei þa þu verdur af honum straffadur.

* Ordskv. B. 3, 11. 12.

6. Þviad hvorn ed DROttinn elskar, þann agar hann; enn hvorn þann Son sem hann ad sier tekur, þann stryker hann.

7. Ef

7. Ef þier þyptumena þoled, þa framm-
bydur GUD sig ydur sem Bornum, þvi
hvar Sonur er sa, þann er Faderenn typtar
eige?

8. Enn ef ad þier erud aan Typtunar,
hvorrar hiner aller eru hluttakarar vordner,
þa erud þier Hiaaborn, enn ecke Born.

9. Og ef vier hofum haft vora lijkamlega
Fedur, til Typtunarmanna, og þa hrædst,
skylldum vier þa ecke miklu meir undergief-
ner vera hinum andlega Fodur, so ad vier
lifum?

10. Og hiner hafa sennelega faaeina Da-
ga ofs agad, epter sijnum Giedþotta, enn
þesse til Nytsemdar, so ad vier odlunst hans
Helgun.

11. Enn oll Typtan, nær hun aaliggur,
þa þyker ofs hun eingenn Glede, helldur Hriggd
vera. Enn eptera mun hun giefa fridsam-
legann Avext Riettlæteſins, þeim sem þar uti
jdkader eru.

12. Fyrer þvi upphefied aptur tregar Hen-
dur, og hin þreyttu Knie.

13. Og gisred riettann Gaang med ydrum
Footum, so ad eingenn hrase, lijka sem sa er
halltrar, helldur miklu framar verde heil-
brigdur.

II. 14. Epterfilged Fridnum vid hvorn
Mann, og Helgunenne, aan hvorrar þad
eingen kann DRottinn ad sia.

15. Siaed og so til, þad eingenn forsome Guds Nad, so ad þad eingenn Beiske-Root nockurstadar upp sprette, og Ofrid giore, og þad marger fyrer þa sonu saurgader verde.

16. Ad þar sie eingenn frillulijfis Madur, edur ogudlegur sem Esau, *sa sem ad fyrer Matar saker, sellde sijna Frumgietning.

*1B Mos. 25. 33. 34.

17. Og vited, ad hann þar eptera, þa hann Blessunena erfa villde, er hann*vorskyfadur, þviad hann fann eckert Room Idrunarennar, þott hann hennar med grœtande Tarum leitade. *1 B. Mos. 27, 34. etc.

18. Þviad þier erud ecke geingner til þess *Fialls, sem þreifanlegt er, og med Elde brennur, nie til Poku eda Mirkurs, og Ovedurs. *2B. Mos. 19, 12.

19. Og ei til Lvodrarhyts, og til Raddar Ordanna, *vid hvorre þeir ottudust sem hana heyrdu, þad eige yrde til þeirra Orded talad.

*2 B. Mos. 20, 19.

20. (Þviad þeir kunnu eige þad ad standast, hvad þar var sagt. Og ef og so Dyr snart Fialled, þa skyllde þad Steinum grytast, eda med Skeyte j helskoted verda.

21. Og so ogurleg var su Syn, þad Moyses sagde: Eg em ottasleigenn og skielfdur.)

22. Helldur erud þier komner til Fiallsins Zion, og til Borgar Guds lifanda, til Himneskrar Jerusalem, og til margfiolda margra þusunda Engla,

23. Og

23. Og til Samkundu þeirra Frumgietnu, hvorier a Himnum uppskrifader eru, og til Guds allra Domara, og til Andanna algiorfelegra Riettlœtra,

24. Og til Medalgœngara hins Nya Testamentis JEsu, og til Blodsins Yferdreyfingar, þad betur talar enn * Abels.

* 1 B. Mos. 4, 10.

25. Siaed til, ad þier ameest ecke vid þeim sem vid ydur talar. Þvi ef hiner eru ei umflyder, sem mootstoodu, þa hann a Jordu talade, miklu midur þa vier, ef vier mootstondum þeim sem af Himnum talar.

26. Hvors Rodd þann Tijma Jordena bifade, enn nu heiter hann fyrer og seiger: * Enn eitt sinn mun eg hræra ei alleinasta Jordena, helldur eirnenn Himenenn.

* Hagg. 2, 7.

27. Enn soddan, enn eitt sinn, merker, ad þad hid hræranlega, skal umskiptelegt verda, lijka sem annad (a) Smijde, so ad þad, hvad ohræranlegt er, stodugt blijfe.

(a) (Smijde) Hann meinar Mosis Tiallbbud, sem gisrd var med Hondum.

28. Hvar fyrer, med þvi vier medtokum þa ohræranlegt Rijke, þa hofum vier Naadena, fyrer hvoria vier skulum Gude þiona, honum til Pocknunar, med Sidseme og Hræddslu, þviad * Vor Gud er Eydande Elldur.

* 5 B. Mos. 4, 24.

XIII. Capitule.

Guds Ande skipar oss (I) ad lifa Gudrækelega; og (II) ad hallda vid þa Sæluhiælplegu Kenning um JEsum.

I Verid stoduger j Brodurlegum Kiærleika.

2. Gestrisnenne forgleymed ecke, þviad fyrer hana hafa nockrer, þeim ovitande, *Englunum Herberge veitt.

*1B.Mos.18, 3.1. c. 19, 2.3.

3. Minnest Bandingianna, lijka sem adrer Sambandingiar, og þeirra sem Motgongu lijda, so sem þier ed enn nu lifed j Lijkamanum.

4. Hiuskapurenn skal heidarlegur halldenn vera hia ollum, og Hionabandsængenn oflecktud. Enn Frillulijfis Menn og Hoorunar Menn mun GUD dæma.

5. Ydart Framnferde sie ecki Agyrne, og lætid ydur þad nægia sem j nœnd er, þviad hann hefur sagt: *Eg vil ecke yfergiefa þig nie forsoma. *Jos. 1, 5.

6. So ad vier dyrfunst ad seigia: *Drottinn er minn Hiælpare, eg vil eige ottast, hvad skyllde eirn Madur mier gisra?

*Psalm.56,12. og 118,6.

II. 7. Peinked a ydra Lærefedur, þeir ed Guds Ord hafa sagt ydur, hvorra Æfelokum þa adhygged, og eptersilged þeirra Tru.

8. JEsus Christus, j Giær og j Dag, og

og eirnenn hinn Same ad Eyliifu. Laated eige umhvirfla ydur med margvijslegum og framande Lærdomum.

9. Þviad þad er ægiætlegur Hlutur ad Hiartad er stadfast, hvad ad skiedur fyrer Nædena, eige fyrer (a) Fædsluna, hvar utaf engva Nytsemd hafa þeir, sem þar med (b) umgangast.

(a) (Fædsluna) þad er: fyrer Mannanna Legmæl, sem kienna um Mat og Klæde, og ecke um Truna.

(b) (Umgangast) þad er: vilia þiona Gude þar med.

10. Vier hofum eitt Alltare, hvar af þeir sem Tiallduvvodenne þiena, hafa eckert Vallt til af ad eta.

11. Þvi hvorra Dyra * Blood, sem jnnbored verdur af Æðsta Kennemannenum, j hid Heilaga fyrer Syndernar, þeirra somu Hræ verda uppbrennd utann Herbvædanna.

*3B. Mos. 4,5. cap. 6,30. cap. 16, 27.

12. Fyrer þvi hefur eirnenn JESUS, uppa þad hann helgade Folked fyrer sitt eiged Blod, utann Borgarhlids lided.

13. Þvi laatum oss utganga til hans ut yfer Herbvædernar, og bera hans Vanvirding.

14. Þviad vier hofum hier engvann blijfanlegann Samastad, helldur leitum vier hins Tilkomanda.

15. Þvi laatum oss nu offra fyrer hann * Lofgiordar-Offre, Gude alla Tijma, þad er Avext Varanna, sem vidurkienna hans Nafn.

*Hos. 14,2.

16. Gott

16. Gott ad gisra, og med ad skipta þa forgleymed ecke, þviad slijk Offur þocknast Gude vel.

17. Hlijded ydrum Kiennefedrum og filged þeim, þviad þeir vaka yfer ydrum Saalum, lijka sem þeir ed Reikningskap þar fyrer gisra skulu, so ad þeir gisre þad med Glede, enn ecke med Andvarpan, þviad þad er ydur ecke gott.

18. Bidied fyrer oss. Vert Traust er þad, ad vier hofum goda Samvitsku, og kostgiæfum goda Umgeingne ad hafa hia ollum.

19. Enn eg meir enn beide ydur þar til, þvilijkt ad giora, uppa þad eg kiæmest hid allra fyrsta aptur til ydar.

20. Enn GUD Fridarens, sa sem ut hefur leidt j fra Daudum hinn mikla Hyrder Saudanna, fyrer Bloded þess eylijfa Testamentis, vorn DROTTinn JESUM Christum,

21. Hann gisre ydur tilbuna j ollu goodu Verke, til ad gisra hans Vilia, og efle þad med ydur, hvad fyrer honum þacknæmt er fyrer JEsum Christum, hvorium ad sie Dyrd, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

22. Eg aaminne ydur, kiærer Brædur, hallded mier þad aaminningar Ord til goda, þad eg hefe stuttlega skrifad ydur.

23. Vited þad, ad sa Broder Timotheus er laus aptur, med hvorium, ef hann skiotlega kiemur, eg vil sia ydur.

24. Heil-

24. Heilsed ollum ydar Lærurum, med ollum Heilogum. Ydur heilsa Brædurner af Vallande.

25. Naadenn sie med ydur ollum, Amen.

Skrifadur ur Vallande med Timotheo.

S. Jacobs Pistill.

I. Capitule.

Jacob talar (I) um Polennmæde i Freistingunum; (II) um Retta Þecking ca heim.

I. Jacob, Þion Guds og DROttins JEsu Christi. Þeim Tolf Kinkvijslum, sem sundur dreisdar eru hier og þar, seigest kiærleg Heilsun.

2. Brædur mijner elskanleger, reikned þad fyrer allanu Fognud, nær þier j margvijslegar Freistingar falled.

3. Og vited, þad ydar Tru verkar Polennmæde.

4. Enn

4. Enn Polenmædenn mun stadfost blijfa, allt til enda, so ad þier sieud fullkoinner, og algiorder, og j engvu brest hafed.

5. Og ef einhvorn ydar vantar Vijsdom, hann bidie af Gudde, sa er einfalldlega giefur hvorium Manne, og bregdur þar engvum um, so mun honum hann giefast.

6. Enn hann bidie j Trunne, og-efe ecke, þviad sa sem efablandenn er, hann er lijka sem Sioafarbylgia, su er af Vinde verdur drifenn og uppæst.

7. Þvilijkur Madur þeinke ecke, þad hann mune af DROTTne nockud odlast.

8. (a) Efablandenn Madur er ostodugur j ollum sijnum Vegum.

(a) (Efablandenn) Sa ecke er stadfastur j Trunne uppbiriar miked og a margann hatt, og stendur þo ecke fast þar a, 2Tim.3. Þeir læra ætijd, og koma þo alldrei til Sannleiksins Kynningar.

9. Enn sa Broder sem lijtelæckadur er, hann hroose sier j sinne Upphafningu.

10. Og hann sem rijkur er, hann hroose sier j sinne Lijtelægingu, þvi lijka sem Blomstur Grassens mun hann forganga.

11. Solenn uppgeingur med Hita, þa skræleft Grased, og Blomstred fellur, og þess fagra Alit fordiarfast, lijka so mun sa Rijke a sinum Vegum upphorna.

12. Sæll er sa Madur, sem Freistingena lijdur, þvi epter þad hann er reyndur, mun hann

hann odlast Lifsins Koronu, hvorre GUd hefur fyrerheited þeim, sem hann elska.

II. 13. Eingenn seige, nær hann freistast, þad hann af GUde freistadur verde, þviad GUd er eingenn Freistare til hins Vonda, og einskis freistar hann.

14. Helldur freistast hver eirn, nær hann tilteygest af sinne eigenn Gyrnd, og lockadur verdur.

15. Og sijdan þad Gyrndenn hefur gieted, fæder hun Syndena, enn nær Syndenn er fullkominud, fæder hun Daudann.

Pistillenn IV. Sunnud. epter Pœska.

16. Villest eige, kiærer Brædur.

17. Oll god Giof, og oll fullkomenn Giof, kiemur ad ofann fra Fodurnum Liossens, i hia hvorium er eingenn Umskipting, nie Byting Liossens og Mirkursins.

18. Hann hefur oss fædt epter sinne Villd, fyrer Sannleiksins Ord, uppa þad vier værum Frumburder hans Skiepnu.

19. Fyrer þvi, kiærer Brædur, sie hver Madur fliotur ad heyra, enn tregur ad tala, og til Reide tregur.

20. Þviad Mannsins Reide giorer þad eige, hvad fyrer GUde riettferdugt er.

21. Þar fyrer aflegged allann Ohreinleik og Illsku, og medtaked Orded med Hogvære, þad i ydur er grodursett, hvad er kann ydar Sœler hiælplegar ad giora.]

Pistil-

Pistillenn V. Sunnudag epter Paaska.

22. Verid og eirnenn Giorendur Ordsins, enn eige alleinasta Tilheyrendur, hvar þier sialfa ydur med a tœlar draged.

23. Þvi ef einhvor er Ordsins Tilheyrare og ecke Giorare, sa er lijkur þeim Manne sem sijna lijkamlega Asionu j Speigle skodar.

24. Þvi epter þad hann hefur skodad sig, jafnskiott geingur hann burt þadann, og gleymer hvornenn hans Yferlitur var.

25. Enn hvor j giegnum skodar hid algiorda Logmœal Frelsesins, og stadnœmest þar jnne, og er ecke forgleymannlegur Heyrare, helldur giorer þar epter, sa same mun hiœlplegur vera j sijnu Verke.

26. Enn ef einhvor a medal ydar lœtur sier þykia, þad hann þione Gudi, og temur eige sijna Tungu, helldur forviller sitt Hiarta, þess Guds Þionusta er hiegomleg.

27. Ein skiær og ofleckud Guds Þionusta fyrer Gudi Fodur, er ad vitia Fodurlausra og Eckna, j þeirra Hormungum, og sig oflecka dann fra Heimenum ad vardveita.]

II. Capitule.

Jacobus talar (I) um manngreinar Aalit, og (II) um Munn-Christna.

I. Kiœ-

1. Kiærer Brædur, þier skulud ei meina, þad Trueun a JESUM Christum vorn DROttinn Dyrdarfulla, lijde Manngreinar Aalit.

2. Því, ef ad j ydra Samkundu jnngeingur Madur, berande Gullbaug, og j kostulegum Klædum, enn þar kiæme og eirnenn eirn Fatækur j ohreinum Klædnadi,

3. Og þier sæud a þann, sem kostulegann Klædnad bære, og segdud til hans: sit þu hier j godum Sesse, og til hins Fatæka segdud: stattu þarna, eda set þig hier hia Fotum mijnum.

4. Giored þier þa ecke Greinarmun med sialfum ydur, og verded Domarar, j því þier giored vondann Greinarmun.

5. Heyred til Brædur mijner Elskuleger, hefur GUd ecke utvaled Fatæka þessarar Veralldar, þa j Trunne rijker eru, og Erfingiar Rijkesins, hvorju hann hefur fyrerheited þeim sem hann elska?

6. Enn þier hafed vanheidrad hina Fatæku. Eru hiner Rijku ecke þeir, sem med Yfergange nidurþrickia ydur, og þeir ed framdraga ydur fyrer Dom?

7. Hæda þeir ecke þad hid goda Nafn, sem þier erud af kallader?

8. Og ef þier fullkomned þad Konunglega Logmæl epter Ritningunum, * Þad, elska þu

Næunga

Nœunga þinn sem sialfann þig, þa giored þier vel. * 3B. Mos. 19, 18.

9. Enn ef þier hafed Manngreinar Ualit, þa drygied þier Synd, og verded œvijtader af Logmœlenu, so sem Yfertrodslumenn.

10. Því þo ad einhver hiellde allt Logmœled, og brotlegur yrde j einu, þa er hann þegar alls þess sekur.

11. Því hann sem sagt hefur: Ei skalltu Hoor drygia, sa hefur eirnenn sagt: eige skalltu jhelsloa. Þott þu dryger nu ecke Hoor, enn jhelslær, þa ertu Yfertrodslumadur Logmœlsins.

12. Lijka so taled, og so giored, sem ad þeir er fyrer Logmœl Frelsesins dœmder verda.

13. Enn þar mun Onniskunsamur Domur yfer þann ganga, sem engva Miskunseme hefur gierda, og Miskunenn hun hrosar sier j mote Domenum.

II. 14. Hvad stodar þad, kiærer Brœdur, þott einhver seige, hann hafe Truna, og hefur ei Verkenn? gietur Truann giort hann hialplegann?

15. Enn ef nockur Broder eda Syster vœre nakenn, og Lorf hefde daglegrar Nœringar:

16. Og einhver ydar seige til þeirra: fared j Fride, giored ydur heitt, og metted ydur, enn giefed þeim eckert, hvad þeirra Lijkamans Naudþurft er, hvad hiœlpar þeim þad?

17. So

17. So og lijka Truann, nær ed hun hefur eingenn Verk, þa er hun daud j sialfre sier.

18. Enn þar mætte einhvor seigia: þu hefur Truna, og eg hefe Verkenn, syn þu mier Tru þijna ut af Verkum þijnum, og mun eg syna þier mijna Tru af mijnum Verkum.

19. Þu truer ad þar sie einungis eirn Gud; þad gierer þu vel, Dioflarner trua þvi eirnenn, og eru skelfder.

20. Enn villtu vita, þu Hiegoma-madur, þad Truann oan Verkanna sie daud?

21. Er eige * Abraham Fader vor, af Verkunum riettlœatur ordenn, þa hann offrade Syne sijnum Jsaac yfer Alltared?

* 1 B. Mos. 22, 1. ꝛc.

22. Þar sier þu, ad Truann hefur samverkad hans Giordum, og fyrer Verkenn er Truenn fullkomleg ordenn.

23. Og Ritningenn er uppfylld, sem ad seiger: *Abraham trude Gude, og þad er honum taled til Riettlœtis, og er Guds Vin kalladur. *1 B. Mos. 15, 6.

24. So siaed þier nu, þad Madurenn verdur fyrer Verkenn Riettlœatur, og ei alleinasta fyrer Truna.

25. So og eirnenn Portkonann * Rahab, er hun ecke af Verkunum riettlœat ordenn, þa hun medtok Sendebodana, og liet þa um annann Veg ut fara? *Jos. 2, 1. ꝛc.

26. Þvi

26. Þvi lijka sem Lijkamenn er can Andans daudur, so er og eirnenn Trunam can Verkanna daud.

III. Capitule.

Jacob bijdur, ad vier skulum bruka Tungu vora Gilde til Dijrdar og Nœunganum til Nytsemdar.

Dyrfest ecke Brædur mijner, hvor Madur Læremeistare ad vera, og vitid, þad vier munum þess meire Dom fœa.

2. Þvi aller vier briotum margfalldlega. Enn hvor hann verdur ei brotlegur j nockru Orde, sa er algiordur Madur, og kann eirnenn ollum Lijkamanum j Taume ad hallda.

3. Siaed, þad vier holldum Hestum j Taume, so ad þeir hlijde oss, og stiornum ollum þeirra Lijkama.

4. Siaed Skipenn, þo ad þau sieu stor, og verde af megnum Vinde rekenn, þa verdur þeim þo stiornad af litlu Stijre, hvort sem sa vill er stijrer.

5. So er og eirnenn Tungann lijtell Limur, og af stad kiemur þo storum Hlutum. Siaed eirn lijtenn Elld, hvorsu mikenn Skog kann hann upp ad brenna?

6. Tungann er eirnenn Elldur, Verolld full Rœnglœtis, so er Tungann a medal vorra Lima, og fleckar allann Lijkamann, og uppkveiker alla vora Umgeingne, nær hun af Helvijte upptendrud er.

7. Þviad

7. Þviad allar Nøatturur Dyra og Fugla og Hoggorma, og Sio-skrimslanna verda tamdar og eru tamdar af mannlegre Nøatturu.

8. Enn Tunguna gietur eingen Maña tamed, hid Ospaklaata Illt, fullt daudlegs Eiturs.

9. Med henne dyrdkum vier GUD Fodur, og med henne formælum vier Monnunum epter GUDS Mind giordum.

10. Af hinum sama Munne framgeingur Blessan og Bolvan. Þad skal eige so vera, kiærer Brædur.

11. Utveller nockud Brunnurenn af samre uppraas, sætu og beisku?

12. Gietur nockud, kiærer Brædur, eitt Fikiu Trie bored Vidsmiors Avoxt, eda Vijnvidur Fikiur? Lijka so kann ecke hinn same Brunnur sallt Vatn og sætt ad giefa.

13. Hvor er vitur og forsoktur a medal ydar? Hann audsyne med godre Umgeingne sijn Verk, j Hogværd og Hyggendum.

14. Enn ef þier hafed beiskt Hatur og Þraattan j ydrum Hiortum, so hrosed ydur ecke, og liuged ecke j giegn Sannleikanum.

15. Þvi þad er ecke su Vitska, sem ad Ofan kiemur, helldur jardleg, kijkamleg og Diofulleg.

16. Þvi hvar Hatur og Þraattan er, þar er Vanskickan, og aller Hluter iller.

17. Enn su Vitska sem ad Ofan kiemur, er first Hreinlijf, þar næst Fridsom, Hoglaat, lætur sier seigiast, full Miskunsemda, og

gods Avaxtar, og O-aagreiningarsom, aan Smiadurs.

18. Enn Riettlætisins Avoxtur verdur þeim j Fride saadur, sem Fridenn hallda.

IV. Capitule.

Jacob talar (I) um Svijvirding holdlegra Gyrnda; (II) Þeirra Deyding; og (III) Stutta Vellysting.

I. Hvadan koma Strijd (a) og Baraattur medal ydar? Koma þær ecke af ydar Vellystingum, sem strijda j ydrum Limum?

(a) Það er ecke rjettur Maate edur adferd til ad afla Gots og Rikedæmis, þegar eirn þesur Hatur og Ofund a odrum, plaagar og ofsæker annann, helldur Strijd, fremur Agyrne og Underferle. og ꝛc.

2. Þier erud Agiarner, og odlest þar med eckert, þier hated og ofunded, og vinned þar med eckert, þier slaaest og berest, og hafed eckert, þvi þier bidied ecke.

3. Þier bidied og odlest ecke, af þvi þier bidied vondslega, sem er þar til, ad þier sooed þvi j ydru Bilijfe.

4. Þier Hoorunarmenn og Hoordoms-Konur, vited þier ecke, þad Veralldarennar Vinfeinge er GUds Ovinskapur? Hvor Veralldar Vinur vill vera, sa mun GUds Ovin verda.

5. Eda meined þier þad Ritningenn seige til Onytis: Andann þann sem j ydur bygger, hann lyster j giegn Ofundenne.

6. Og

6. Og giefur Nadena (b) rijkuglega? Þar fyrer seiger hann: Gud motstendur Dramblatum, enn Lijtellatum giefur hann Nad.

(b) (Rijkuglega) med Ofund, Agyrne, Strijde og Svikum ydar a millum, odlest þier þad ecke sem þier gyrnest, helldur epterfilged Andanum, so munud þier fa alla Nad, og yfersliotande Nægd.

7. Þvi vered Gude undergiefner, standed a mote Diofslenum, so flyr hann fra ydur.

II. 8. Nalæged ydur ad Gude, so nalæger hann sig ad ydur. Hreinsed ydar Hendur, þier Synduger, og hreinferdug giored ydar Hiortu, þier Efunarsamer.

9. Vered vesalleger, syted og harmed, ydar Hlatur skal umsnuast j Grat, og ydar Glede j Hriggd.

10. Læcked ydur fyrer Gude, þa mun hann upphefia ydur.

11. Bakmæled ei hvor odrum, kiærer Brædur, þvi hvor hann bakmæler Brodur sijnum, og dæmer um sinn Brodur, sa bakmæler Logmalenu, og dæmer um Logmaled. Enn dæmer þu um Logmaled, þa ertu ei Giorningsmadur Logmalsins, helldur Domare.

12. Þvi einungis Einn er sa Logmalsins Giafare, sem ad frelsa kann og fordæma, enn hvor ert þu sem annann dæmer?

III. 13. Nu vel, þier sem nu seiged: j Dag

ellegar a Morgun vilium vier ganga j þessa eður þa Borg, og vilium þar eitt Aar dveliast, og Kaupskap fremia, og Avinning giora.

14. Þier sem þo eige vited, hvad a Morgun skie mun. Því hvad er ydart Lijf? Ryk er það, sem litla Stund varer, enn sijdan hiadnar það.

15. J stadenn hvors þier skylldud seigia: vilie DROttinn, og ef vier lifum, þa vilium vier þetta edur það giora.

16. Enn nu hroosed þier ydur j ydvare Drambseme. Öll soddann Hrosan er vond.

17. Þviad hann sem kann nockud Gott ad giora og giorer það ecke, þeim er það Synd.

V. Capitule.

Jacob talar (I) um Hegoma og Skamvinnu Audsins: (II) um Þolinnmæde j Motgangenum: (III) um Krapt og Vækun Bænarennar.

I. Nu vel, þier Auduger, yled og æped, yfer ydar Vesold, sem yfer ydur skal koma.

2. Ydvart Rijkedæme er völdnad, og Klæde ydar eru Moljetenn.

3. Gull ydvart og Silfur er forrydgad, og þeirra Ryd mun ydur til Vitnisburdar vera, og mun tæra ydru Hollde sem Elldur. Þier hafed ydur Siodum safnad a sijdurstu Dogum.

4. Siaed, ad Launenn Verkamannanna, þeirra

þeirra sem ydar Akurlond hafa uppyrkt, og vered hafa af ydur jnne halldenn, þau hroopa, og Haustyrkiaranna Hroop er komed til Eyrna DROttins Zebaoth.

5. Þier hafed kræselega lifad a Jordu, og ydar Vellystingar drygt, og kappaled ydar Hiortu, so sem til (a) Slætrunardags.

(a) (Slætrunardags) so sem menn slætra til Brullaups edur Hætijdar; Luc. 15. Hann slætrade feitum Kalfe. Matth. 22. Mijner Uxar og aled Fie eru slætrad.

6. Hinn Riettlæta hafed þier dæmt, og jhelsleiged, og hann hefur ei motstaded ydur.

II. 7. Fyrer þvi vered þolennmoder, kiærer Brædur, allt uppa Tilkomu DROTTins. Siaed, þad Akurkarlenn vænter ædiætlegs Avaxtar Jardarennar, þad þolennmodlega umlijdande, þar til hann fær Morgunregn og Kvolldskura.

8. Vered þier eirnenn þolennmoder, og stirked ydar Hiortu, þviad Tilkoma DROttins er j Nænd.

9. Andvarped ecke hvor j mote odrum, kiærer Brædur, so ad þier fordæmest ei. Siaed, ad Domarenn er fyrer Dyrum.

10. Taked, mijner kiærer Brædur, til Epterdæmis, Spæmannanna Kvaler, og Þolennmæde, þeir til ydar hafa talad j Nafne DROTTins.

11. Siaed, vier prijsum þa sæla ad vera, sem lided hafa. Polennmæde Jobs hafed þier heyrt, og Ending DROttins hafed þier sied, þviad DROTTinn er Miskunsamur og Liknare.

12. Enn framm um alla Hlute, Brædur mijner, þa sveried hvorke vid Himen nie vid Jord, nie nockurn annann Eid. Enn ydar Ord sie, Jaa, þad Jaa er, og Nei, þad Nei er, so ad þier falled ecke j Hræsne.

III. 13. Lijde nockur a medal ydar, sa bidie. Er nockur j godu Giede, sa synge Psalma.

14. Enn sie nockur siukur, sa kalle til sijn Olldungana Safnadarens, og leate bidia yfer sier, og sig Vidsmiore smyria, j Nafne DROTTins.

15. Og Bænenn Truarennar mun frelsa hinn Siuka, og DROTTinn mun vidrietta hann, og þo hann hafe Synder giort, munu þar honum fyrergiefast.

16. Jaate hver odrum sijnar Synder, og bidied hver fyrer odrum, þad þier heilbrigder verdid. Því þess Riettferduga Bæn ma miked, þa hun er alvarleg.

17. Elias var Madur lijka so sem vier, og hann bad Bænar, *ad þad skyllde ei rigna, og þad rigude ei yfer Jordena j þriu Aar og sex Manude.

*1B. Kong. 17, 1.

18. Jannad *Sinn bad hann aptur, og Hime-

Himenenn gaf Regn, og Jordenn bar sinn Avoxt. *1B.Kon.18,41.

19. Kiærer Brædur, ef ad nockur a medal ydar villest fra Sanleikanum, og umsnyr honum eirnhvor,

20. Sa skal vita ßad, ad hvor ed Syndaranum umsnyr j fra Villu hans Vegar, hefur frelsad eina Önd fra Dauda, og mun nidre byrgia Fiolda Syndanna.

S. Judæ Pistill.

Judas æminner oss (I) ad vera stadfestum i hreinum Lærdome, og heilogu Lifferne i gegn Falskennendum, sem (II) verda storkostlega straffader.

1. Judas, Pion JEsu Christi, enn Broder Jacobi. Peim Kolludum, sem Heilager eru j Gude Fodur, og vardveitter j JEsu Christo.

2 Gud giefe ydur mikla Miskun, Frid og Kiærleika.

3. Hiner Kiærustu, med ßvi eg hafda Setning a, ydur ad skrifa, utaf almenne-

legu voru Hiálpræde, virdteſt mier naudſynlegt, med Skrife ad áminna ydur, ad þier yfer þeirre Tru strijded, sem hinum Heilogu er eitt sinn giefenn.

4. Þviad þar eru nockrer Menn, þeir jafnframt inn hafa lædst, utaf hvorium fordum Tijd skrifad er, til soddan stroffunar, þeir eru Ogudleger, og draga Nåad Gudz vors uppa Þverlynde, og afneita þeim eina Gude, og DROTTne JEsu CHristo.

II. 5. Enn eg vil áminna ydur, ad þier eitt sinn vited, þad DRottinn þann Tijd hann frelsade Folked af Egyptalande, ad j *annad sinn glatade hann þeim sem ecke trvvdu.

*4 B. Mos. 14, 35.

6. Lijka eirnenn Einglana, hvorier ecke geymdu þeirra Hófdingiadom, helldur forlietu sitt Heimele, hefur hann vardveitt til Doms þess hins mikla Dags, med æfennlegum Bondum j Mirkrenu.

7. Eo sem eirnenn * Sodoma og Gomorra, og umliggiande Borger, er med sama hætte og þær, uthooraſt hofdu, og epter (a) odru Holde geinguar voru, eru settar til Eptirdæmis, og þola Kvol Eylijfs Eldz.

*1 B. Mos. 19, 24.

(a) (Odru Holde) þad er med unatturlegum Hætte moote Holdenu ad syndgast, so sem j Sodoma skiede.

8. Slijkt hid sama eru eirnenn þesser Dreymarar,

marar, hvorier Holldod saurga, enn Herrastiettena forsmæa, og Tignenne bolva.

9. Enn Michael sa Hofud-Eingell, þa hann vid Diofulenn þræattade, og vid hann talade um Lijkama Mosis, dyrfdest hann ecke Doms atkvæde Hædungarennar a ad fella, heldur sagde hann: DROttinn straffe þig.

10. Enn þesser lasta, þar þeir eckert af vita, enn hvad þeir af Nætturunne vita, þar inne fordiarfast þeir so sem skinlaus Dyr.

11. Vei þeim, þviad þeir ganga *Veg Cains, og falla** j Villudom Balaams, fyrer ævinnings Saker, og † fyrerfaraſt j Moglan Chore.

*1B. Mos. 4, 8. **4B. Mos. 22, 5. ꝛc.
†4 B. Mos. 16, 1. 31.

12. Þessar Øpeckter bramla blygdunarlaust af ydar Ølmusu, fædande sig sialfa aan Otta. Þeir eru Vatnslaus Sky, sem af Vinde um verda drifenn, þeir eru Ber, ofriosom Trie, tvisvar daud, og upprætt.

13. Grimmar Sioafarbylgiur, utlsdrande sijnar eigennlegar Skammer, villar Stiornur, hvorium vardveitt er Þokann Mirkranna ad eylijfu.

14. Enn Enoch hinn Siounde fra Adam, hefur eirnenn af slijkum spaad, og sagt: siaed, DROTTinn kiemur med morg Þusund Heilagra.

15. Dom ad hallda yfer ollum, og ad straffa alla þa sem Ogudleger eru af þeim, fyrer allar Giorder þeirra Ogudlegrar Umgeingne, hvar med þeir ogudleger voru, og fyrer allt þad harda, sem ogudleger Syndarar hafa a mote honum talad.

16. Þeir eru Moglendur, og jafnan (b) eatolusamer, þeir ed epter sijnum Gyrndum ganga, og þeirra Munnur talar Hroka yrde, og þeir akta Manngreinar Aalit, fyrer Gagnsemdar Saker.

(b) (Atolusamer) þad geingur alldrei so til sem þeim lynder, þeir kunna ad dæma og straffa alla Hlute, þeim þyker eckert nogu gott, allt vilia þeir betur vita.

17. Enn þier, mijner elskuleger, vered minnuger þeirra Orda, sem aadur fyrre sogd hafa vered af Postulum DRottins vors JESU Christi,

18. Þad þeir sogdu ydur, ad a sijdurstu Tijmum munu Spottarar vera, hvorier ganga epter eigenn Gyrndum sijns Ogudlegs Lijfernis.

19. Þesser eru þeir, hvorier Tvijdrægne giora, hvorier Lijkamleger eru, þeir ongvann Anda hafa.

20. Enn þier, mijner Astsamleger, uppbyggied ydur, uppa ydra Allraheilogustu Tru, fyrer Heilagann Anda, og bidied,

21. Og vardveited ydur j Guds Kiærleika, og

Og vænted Miskunar DRottins vors JEsu CHristi, til eylijfs Lijfs.

22. Og hallded þennann misjmun, ad þier aumked ydur yfer nockra.

23. Og (c) nockra med Hrædslu hiǫlplega giored, og ricked þeim vor Bǫlenu, og ad hatre hafed þann Fleckada Holldsins Kyrtil.

(c) (Nockra) þad er, hugged suma, straffed suma, þo med Hrædslu, enn ei med Siergiædis Metnade, so ad þier giætud þeim burt rickt vor hǫsku eylijfs Bruna og Fyrerdæmingar.

24. Enn þeim, sem ydur kann ad vardveita utan Vansa, og ad skicka fyrer Auglite sinnar Dyrdar, ostraffanlega medur Fognude,

25. Þeim GUde, sem alleina er vitur, vorum Lausnara, sie Dyrd og Majestat, og Stirkleike, og Magt, nu og til allrar Eylijfdar, Amen.

Openberan S. Johannis Theologi.

I. Capitule.

Þad Fyrsta sem Johannes sa og heyrde a Eyunne Pathmos vidvikiande þeim Sio Sofnudum i Asia.

Þesse er Openberan JEsu CHristi, hver ia GUd gaf honum, til ad kunngio-

ra sijnum Pionum, hvad skie skal jnnann skams, og hann uthydde hana, og sende hana fyrer sinn Eingel, til sijns Pienara Johannis,

2. Hvor vitnad hefur Guds Ord, og Vitnisburdenn af JEsu CHristo, hvad hellst hann hefur sied.

3. Sæll er sa sem les, og peir sem heyra Orded Spaadomsins, og vardveita hvad par jnne skrifad er, pvi Tijmenn er nœalægur.

4. Johannes, peim Siv Samkundum sem j Asia eru. Nad sie med ydur og Fridur, af peim sem er, og peim sem var, og peim sem kiemur, og af peim Siø Ondum, sem eru fyrer hans Stole,

5. Og af JEsu CHristo, sa sem er Trur Vottur, og Frumgietningur Frammlidenna, og Hofdinge Jardarennar Konga. Hvor oss hefur elskad, og pveiged oss af Syndunum j sijnu Blode.

6. Og hefur giort oss til Konga og Kiennemanna, fyrer Gude og sijnum Fodur. Peim hinum sama sie Dyrd og Vald, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.

7. Siaed: Hann kiemur med Skyunum, og oll Augu munu hann sia, og peir ed hann j giegnum stunged hafa, og allar Kinkvijsser Jardar munu kveina, Ja, Amen.

8. Eg

8. Eg er A og O, Upphaf og Ender, seiger DROTTinn, sa sem er, og sa sem var, og sa sem kiemur, hinn Almœttuge.

9. Eg Johannes, sem og so er ydar Broder, og hluttakare j Hormungenne, og Rijkenu, og Polennmœdenne JEsu CHristi, var j Eynne, sem kallast Pathmos, fyrer Guds Ords saker, og Vitnisburdar JEsu CHristi.

10. Eg var j Anda a DROttins Deige, og heyrde a Bak mier aptur, Naust mikla sem eirnrar Bœsunu.

11. Hun sagde: Eg em A og O, Firstur og Sijdarstur. Og hvad pu sier pad skrifa j eina Bok, og send pad til Samkundanna j Asia, til Ephesum, og til Smyrnen, til Pergamum, og til Thyatiras, til Sarden, og til Philadelphiam, og til Laodiceam.

12. Og eg snere mier vid, ad sia epter peirre Raust sem vid mig talade. Og sem eg snere mier vid, sa eg Sio Liosastikur, Gullegar.

13. Og midt j mille peirra Sis Liosastikanna, Eirn er lijkur var einum Mannsins Syne, sa var klœddur sijdum Kyrtle ofann ad Fotum, og spenntur um Bringuna Gullegu Bellte.

14. Enn hans Hofud og Hœar voru hvijt sem hvijt Ull, lijka sem Snior, og hans Augu sem Elldsins Loge.

15. Og hans Fætur sem þad Lœatun er gloar j Ofne, og hans Rodd sem mikell Vatns Nidur.

16. Og hann hafde Sio Stiornur j sinne hœgre Hende, og ut af hans Munne gieck hvasst Tvieggiad Sverd, og hans Andlit skein sem klœra Sool.

17. Og sem eg sœa hann, fiell eg nidur fyrer hans Fætur so sem daudur. Og hann lagde sijna hœgre Hond yfer mig, og sagde til mijn: Hrœdstu ei, Eg em sa Firste og Sijdarste,

18. Og sa Lifande, eg var daudur, og sia, ad eg em lifande fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen, og eg hefe Lykla Helvijtis og Daudans.

19. Skrifa hvad þu sied hefur, og hvad sem er, og hvad hier epter skie skal.

20. Leyndanndom þeirra Sio Stiarna, sem þu hefur sied j minne hœgre Hende, og þœr Sio Gullegar Liosastikur. Þessar Sio Stiornur, eru Englar Sio Samkundna, og þœr Sio Liosastikur; sem þu hefur sied eru Sio Samkundur.

II. Capitule.

Johannes skrifar til Engels Samkundunnar (I) i Epheſus; (II) i Smyrna; (III) i Pergamus; (IV.) i Thyatira.

1. Og Englenum Samkundunnar til Epheſo skrifa þu: þetta seiger Sa sem helldur þeim Sio Stiornum i Sinne hœgre Hende, sa sem geingur midt a mille þeirra sio Gullegra Liosastikna.

2. Eg

2. Eg veit þijn Verk, og þitt Erfide, og þijna Polennmæde, og þad þu kannt ecke hina Vondu ad umlijda, og freistader þeirra sem sig seigia Postula vera, og eru þo eige, og þu fannst þa Liugara,

3. Og leidst, og Polennmæde hefur, og þu erfidader fyrer mijns Nafns Saker, og þreyttest ecke.

4. Enn þad hefe Eg a mote þier, þad þu hinn firsta Kiærleik yfergafst.

5. Minnstu a hvar fra þu ert fallenn, og gior Idran, og gior hin fyrre Verkenn. Enn ef ei, mun eg til þijn snarlega koma, og þinne Liosastiku j burt hrinda ur sijnum Stad, ef þu ecke giorer Idran.

6. Enn þad hefur þu, ad þu hatar Verk þeirra Nicolaitarum, hvor eg eirnenn hata.

7. Hvor Eyru hefur, hann heyre, hvad Andenn seiger Samkundunum. Hvor hann yfervinnur, þeim mun Eg giefa ad eta af Lijfs Trienu, þad midt j Guds Paradijs er.

II 8. Og þeim Engle Samkundunnar j Smyrnen skrifa þu: þetta seiger hinn Firste og Sijdarste, Sa Daudur var, og er Lifande ordenn.

9. Eg veit þijn Verk, og þijna Hormung og Fatækt, enn þu ert Audugur, og Lastan þeirra sem seigia sig Gydinga vera, og eru þo ecke, helldur eru þeir Satans Sofnudur.

10. Hrædstu eckert, af þvi sem þu lijda munt,

munt, Sia, Diofullenn mun nockrum af ydur kasta j Dyblyssu, uppa pad pier freistader verded, og hier munud Hormung hafa j tiju Daga. Vert trur allt til Daudans, so mun eg giesa pier Koronu Lijssins.

11. Hvor Eyru hefur, sa heyre hvad Anden seiger Samkundunum. Hvor hellst yfervinnur, peim skal eckert Illt skie af peim odrum Dauda.

III. 12. Og peim Eingle Samkundunnar til Pergamo skrifa pu: petta seiger sa sem hefur hid hvassa Tvieggiada Sverded.

13. Eg veit hvad pu giorer, og hvar pu byr, hvar ad er Andskotans Sæte, og pu helldur vid mitt Nafn, og afneitader ecke mijna Tru. Eirnenn a peim Dogum er Antipas minn trur Vottur var hia ydur jhelsleigenn, hvar ed Satan bygger.

14. Enn eg hefe litlenn Hlut a mote pier, pad pu hefur pa par, sem vid * Lærdom Balaams hallda, sa sem kiennde fyrer Balac, upp ad setia Hneixle fyrer Israels Born, til ad eta af pvi sem Skurgodum offradest, og Hooraner ad drygia.

*4B.Mos.25,2.

15. Lijka so eirnenn hefur pu pa sem hallda Kienningar Nicolaitarum, hvad ed eg hata.

16. Gior Yferbot, enn ef ei, pa mun eg snarlega koma til pijn, og strijda vid pa med Sverde mijns Munns.

17. Hvor

17. Hvor Eyru hefur sa heyre hvad Andenn seiger Samkundunum. Hvor hann yfervinnur, þeim vil eg giefa ad eta af þvi folgnu Manna, og eg vil giefa honum godann Vitnisburd, og med Vitnisburdenum nytt Nafn skrifad, þad eingenn þecker, utann sa þad medtekur.

IV. 18. Og þeim Engle Samkundunnar j Thyatira skrifa þu: þetta seiger Sonur Gluds, sa Augu hefur sem Ellds-Loga, og hans Fætur sem Lœtun.

19. Eg veit þijn Verk, og þinn Kiærleika, og þijna Þionustu og Tru, og þijna Þolenmœde, og þijn hin sijdare Verkenn, hinum fyrrum meire.

20. Enn fœtt eitt hef eg a mote þier, þad þu lætur þa Kvinnu Jesabel, sem seiger sig Spœkonu vera, kienna og villa mijna Þiona, Hooraner ad drygia, og Skurgoda Forner ad eta.

21. Og eg hefe henne Tijma giefed, þad hun skylde Idran giora, fyrer hennar Hooraner, og hun giorer ecke Idran.

22. Sia, Eg kasta henne j Reckiu, og þeim, hverier med henne Hoordom drygt hafa, j storar Hormungar, nema þeir giore Yferboot fyrer sijn Verk.

23. Og þeirra Born vil eg deyda. Og allar Samkundur skulu vidurkienna, þad eg

em

em*Nyrnanna og Hiartanna Rannsakare, og eg mun giefa hverium ydar sem einum, epter ydar Verkum. *Psal.7,10. Jerem.11,20.

24. Enn ydur seige eg, og hinum odrum sem eru til Thyatira, peir pennann Lærdom ei hafa, og hverier ecke peckt hafa dypt Andskotans (sem ad peir seigia) eige vil eg odrum Punga a ydur kasta.

25. Po, hvad pier hafed, pad hallded, par til ad eg kiem.

26. Og hver sem yfervinnur og vardveiter mijn Verk, allt til enda, peim mun eg Vallld giefa yfer hina Heidnu.

27. Og hann skal stiorna peim medur Jarnvende, og so sem Leirgisrarans Kier, skal hann j sundur mola pa.

28. Lijka sem eg af mijnum Fodur medteked hefe, og Morgunstiornuna nun eg giefa honum.

29. Hver Eyru hefur, sa heyre hvad Andenn seiger Samkundunum.

III. Capitule.

Joh: skrifar til Engels Samkundunnar (I) i Sardis; (II) i Philadelphia; (III) i Laodicea.

I. Og peim Engle Samkundunnar til Sarden, skrifa pu: petta seiger sa sem hefur Sio Anda Guds, og Stiornurnar Sio. Eg veit pijn Verk, pviad pu hefur pad Nafn, ad pu lifer, og ert daudur.

2. Vert

2. Vert vakande, og stirk hid annad hvad deya vill, þvi þijn Verk hefe eg ei fullkomleg sunded fyrer Gilde.

3. Þvi legg nu j Minne, hvornenn þu hefur medteked og heyrt, og vardveit þad, og gior Jdran. Þvi ef þu ei vaker, þa mun eg yfer þig koma sem Þiofur, og eige muntu vita a hvorre Stundu er eg mun koma yfer þig.

4. Þu hefur og so fáa ein Nøfn til Sarden er ei hafa saurgad sijn Klæde, og þeir munu med mier ganga j hvijtum Klædum, þviad þeir eru þess verder.

5. Hvor yfervinnur, sa skal med hvijtum Klædum klæddur verda, og eige mun eg hans Nafn utslietta af Lijfs Bokenne, og eg mun jcata hans Nafn fyrer mijnum Fodur, og fyrer hans Einglum.

6. Hvor Eyru hefur, sa heyre hvad Andenn seiger Samkundunum.

II. 7. Og þeim Eingle Samkundunnar j Philadelphia skrifa þu: Þetta seiger hinn Heilage og Sannarlege, sa sem hefur * Lykelenn Davids, hvored upp lætur, og eingenn aptur lykur, hvored aptur lykur, og eingenn upp lætur.

*Esa. 22, 22. Job. 12, 14.

8. Eg veit þijn Verk, sia, eg liet fyrer þier opnar Dyr, og eingenn fær þær aptur løated, þviad þu hefur eirn lijtenn Krapt, og hefur vard-

vardveitt mijn Ord, og hefur ecke mijnu Nafne afneitad.

9. Sia, eg mun giefa ur af Satans Safnade, þa sem seigia sig Gydinga vera, og eru ecke, helldur liuga. Sioa, eg mun þeim giora, þad þeir skulu koma, og tilbidia fyrer þijnum Footum, og vidurkienna þad eg hefe þig elskad.

10. Med þvi þu hefur vardveitt Ord minnar Polennmæde, mun eg eirnenn vardveita þig a Freistingar Tijmanum, sem koma mun yfer allt Jardrijke, til ad freista þeirra sem a Jordu byggia.

11. Sia, Eg kiem snarlega, hallt hvad þu hefur, so þad eingenn take þijna Koronn.

12. Hvor yfervinnur, þann mun eg giora ad Stolpa j Mustere Guds mijns, og hann skal ei meir utganga, og uppa hann vil eg skrifa Nafn Guds mijns, og Nafn hinnar Nyu Jerusalem, sem er Borg mijns Guds, su af Himnum ofann kiemur fra mijnum Gude, og mitt hid Nya Nafn.

13. Hvor Eyru hefur, hann heyre hvad Andenn seiger Samkundunum.

III. 14. Og þeim Engle Samkundunnar til Laodicea skrifa þu: Petta seiger Amen, Trur og Sannarlegur Vottur, hvor ad Upphaf er Skiepnunnar Guds.

15. Eg

15. Eg veit þijn Verk þad þu ert hvorke kalldur nie heitur, eg kiose þu værer annadhvort heitur eda kalldur.

16. Enn med því þu ert Volgur, og hvorke kalldur nie heitur, mun eg utskirpa þier af mijnum Munne.

17. Þu seiger: eg em Rijkur, og hefe olldungis noog, og þarf einskis, og þu veitst ei þad þu ert Vesæll, Aumur og Voladur, Blindur og Fatlaus.

18. Eg ræd þier, ad þu kauper Gull ad mier, þad j Elde er hreinsad, so þu audugur verder, og hvijt Klæde, hvorium þu jklædest, so ad ei auglyseſt Vanvirding þijns Fatleyses, og smyr þijn Augu med Augnasmyrslum, so ad þu siaer.

19. * Hvoria eg elska, þa straffa eg og typta, því vert nu kostgiæfenn, og gior Idran.

* Ordskv. B. 3, 12.

20. Sia, Eg stend fyrer Dyrum, og klappa uppa, ef nockur heyrer mijna Rodd, og upplykur Dyrunum, til hans mun eg jnngauga, og Kvolldverd med honum snæda, og hann med mier.

21. Hvor yfervinnur, honum mun eg giefa med mier ad sitia a mijnum Stole, lijka sem eg yferunned hefe, og seted med mijnum Fodur a hans Stole.

22. Hvor Eyru hefur, sa heyre hvad Andenn seiger Samkundunum.

IV. Ca-

IV. Capitule.

Su Ønnur Sion Johannis er (I) um Gud sitianda a einum Stole; (II) og um einn Gler-Sio framme fyrer Stolnum.

I. Epter þad sa eg, og sia, ad Dyr upplukust a Himne, og hin fyrsta Roddinn, hvoria eg hafde heyrt vid mig tala, sem adra Bøsunu, hun sagde: Stijg upp hingad, eg vil syna þier, hvad hier epter skal skie.

2. Og jafnsnart var eg j Anda. Og sia, ad Stoll var settur a Himnum, og a Stolnum sat Nockur.

3. Og sa sem þar sat, hann var lijka Aalits sem Steirnenn Jaspis, og Sardis, og eirn Regnboge var kringum Stolinn, lijka Aalits sem Smaragdus.

4. Og umhverfis Stolinn voru Fiorer og tuttugu Stolar, og a þeim Stolum søtu Fiorer og tuttugu Øldungar, skrydder hvijtum Skrøda, og børu a sijnum Hofdum gullegar Koronur.

5. Og af Stolnum utgeingu Eldingar, Reidarþrumur og Radder. Og Sio Blis med Eld brunnu fyrer Stolnum, hvorier ad eru Sio Andar Guds.

II. 6. Og fyrer Stolnum var Glersior, lijka sem Crystallus. Og midt j Stolnum, og kringum Stolinn Fiogur Dyr, full Augna a bak og fyrer.

7. Og

7. Og hid fyrsta Dyred var lijkt *Leone, og hid annad Dyred lijkt Kalfe, og hid þridia hafde Asiaan sem Madur, og hid fiorda var lijkt fliuganda Erne. *Ezech. 1, 10.

8. Og hvort þeirra Fiogra Dyranna, hafde sex Vænge, allt um kring, og jnnann voru þau full Augna, og hofdu eige Hvijld, Dag og Nott segiande: *Heilagur, Heilagur, Heilagur er GUD DRottinn Almæattugur, sa sem var, og sa sem er, og sa sem kiemur. *Esa. 6, 3.

9. Og þa Dyrenn gafu honum Dyrd og Heidran, og þacker, þeim er a Stolnum sat, sa er lifer fra Eylijfd til Eylijfdar.

10. Þæa fiellu framm þeir Fiorer og tuttugu Olldungarner, fyrer þann sem a Stolnum sat, og tilbaadu þann sem lifer fra Eilijfd til Eylijfdar. Og snorudu sijnum Coronum framm fyrer Stolenn og sogdu: DROttinn!

11. Þu ert verdugur ad medtaka Dyrd og Heidran, og Krapt; þviad þu hefur alla Hlute skapad, og fyrer þinn Vilia urdu þeir, og eru skapader.

V. Capitule.

GUds Lamb JEsus (I) medtekur Bokena: (II) er Tilbeded; og (III) Dijrdkad.

I. Og eg sa j Hægre Hende þess sem a Stolnum sat, eina Bok, skrifada jnnan og utan, jnsiglada med Sio Jnnsiglum.

2. Og

2. Og eg sa sterkann Eingel predika med mikelle Raust: Hvor er verdugur pessare Book upp ad luka, og hennar Junsigle upp ad briota?

3. Og eingenn, hverke a Himnum, nie a Jordu, nie under Jordu, kunne peirre Bok upp ad lwoka, nie par j ad sia.

4. Og eg æpte ogurlega, ad eingenn fannst par verdugur peirre Bok upp ad lwoka, og ad lesa, nie par j ad sia.

5. Og eirn af Olldungunum seiger til mijn: Graat ecke, sia, pad Leoned, sem er af Ætt Juda, Root Davids, hefur yferunned, ad pad opne Bokena, og upp bræte hennar Sio Jnnsigle.

6. Og eg sea, og sia, j midid Stolsins og peirra Fiogra Dyra, og mjdt a mille Olldunganna, pa stood eitt Lamb, lijka sem være pad slaatrad, og hafde Sio Horu, og Sio Augu, hvor ad eru Sio Andar Guds, utsenderum oll Lond.

7. Og pad kom og tok Bokena ur Hægre Hende pess sem a Stolnum sat.

II. 8. Og pa er pad tok Bokena, pa fiellu framm pau Fiogur Dyrenn, og Fiorer og tuttugu Olldungar, fyrer Lambenu, og hvor eirn hafde Horpu og Gullkier, full Reykelsis, sem ad eru Bæner Heilagra.

9. Og sungu Nyann Lossaung, og sogdu: Pu ert verdugur ad medtaka Bokena, og upp

upp ad briota hennar Jnnsigle, þviad þu ert slœtradur, og endurleyster oss med þijnu Blode, ut af alls hœattudum Kinkvijslum, og Tungum, og Folke, og Heidingium.

10. Og þu hefur oss giort fyrer vorum Gude, til Konga og Kiennemanna, og vier munum rijkia a Jordu.

III. 11. Og eg sa, og heyrde Rodd margra Engla, umhverfis Stolinn, og um Dyrenn, og umkring Olldungana, og þeir voru ad Tolu *Tiju Þusund sinnum Tiju Þusunder, og Þusundsinnum Þusunder, *Dan.7,10.

12. Og sogdu med hœarre Raust: Verdugt er Lambed, þad slœtrad er, ad medtaka Krapt, og Rijkdom, og Vitsku, og Stirk, og Æru, Þrijs og Lof.

13. Og allar Skiepnur þær a Himnum eru, og a Jordu, og under Jordu, og j Sionum, og allt hvad j þeim er, heyrda eg seigia til hans sem a Stolnum sat, og til Lambsins: Lof, Heidur, Þrijs, og Vald, fra Eylijfd til Eylijfdar.

14. Og þau Fiogur Dyrenn sogdu Amen. Og þeir Fiorer og tuttugu Olldungar fiellu framm, og tilbœadu þann sem lifer fra Eylijfd til Eylijfdar.

VI. Capitule.

Lambed opnar þad (I) (II) (III) (IV) (V) og (VI) Jnsigle.

I. Og eg sa pad, ad Lambed opnade eitt af Insiglunum, og eg heyrde eitt af peim Fiorum Dyrunum seigia, lijka sem med Reidarprumu Raust: Kom og skoda.

2. Og eg sa, og sia pu, einn Hvijtur Hestur, og sa par uppa sat, hafde Boga, og honum vard giefenn Korona, og hann for ut ad yfervinna, og ad hann ynne Sigur.

II. 3. Og pa pad opnade hid annad Insigled, heyrda eg hid annad Dyred seigia: Kom og giæt ad.

4. Og par gieck ut annar Hestur, sa var Raudur, og peim sem par sat a, vard giefed Fridenn j burt ad taka af Jordu, so ad peir slœtrudu hvor odrum, og honum vard giefed stort Sverd.

III. 5. Og er pad opnade hid Pridia Innsigled, heyrda eg hid pridia Dyred seigia: Kom og skoda, og eg sa, og sia pu, ad eirn Svartur Hestur, og sa par sat a, hafde Met j sinne Hende.

6. Og eg heyrda a medal peirra Fiogra Dyra eina Rodd seigia: einn Mæler Hveitis fyrer eirn Pening, og prijr Mæler Byggs fyrer eirn Pening, og Vidsiniore og Vijne gior ongvann Skada.

IV. 7. Og pa pad opnade hid Fiorda Innsigled, heyrda eg Rodd hins Fiorda Dyrsins, seigiande: Kom og sia til.

8. Og

8. Og sia, og eg sa, eirn Bleikur Hestur, og sa þar a sat, þess Nafn hiet Daude, og Helvijste epterfilgde honum, og honum vard Magt giefenn ad deyda þann Fiorda Part a Jordunne, medur Sverde, og med Hungre, og med Dauda, og fyrer Dyrenn a Jordunne.

V. 9. Og þa þad opnade hid Fimta Innsigled, leit eg under Alktarenu Saaler þeirra sem lijflatner eru fyrer GUds Ords Saker, og fyrer Vitnisburdarens Saker, sem þeir hofdu.

10. Og þær kolludu hærre Roddu, og sogdu: DROTTinn, þu hinn Heilage, og Sannarlege, hvorsu leinge þa dæmer þu ecke, og hefner vors Blods a þeim sem a Jordu bua?

11. Og þeim sierhvorium einum vard giefenn hvijtur Kyrtill, og til þeirra vard sagt, ad þeir hvijldest, enn um nockra Stund, þar til ad þeirra Sampionar og Brædur kiæme þar til fullkomlega, hvorier eirnenn enn nu lijflatner skylldu verda, lijka sem þeir.

VI. 12. Og eg sa, ad þad opnade hid Siotta Innsigled, og sia, þa giordest mikell Jardskiælfte, og Solenn vard svort sem Hærusseckur, og Tungled vard sem Blod.

13. Og Stiornur Himens hrundu a Jordena, lijka sem annad Fijkiutrie, nær þad

hristest af Vinde miklum, af fleyger sijnum Fijkium.

14. Og Himenenn veik j burt, sem su Bok er saman verdur vafenn, og oll Fioll og Eyar hrærdust ur sijnum Stodum.

15. Og Jardarennar Kongar og Hofdingiar, og Rijkismenn, og Hofudsmenn, og Magtarmenn, og aller Prælar og Friborner, skyldu sier j Holum og Hellum Fiallanna,

16. Og sogdu til Fiallanna og Biargganna: * falled yfer oss, og hylied oss, fyrer Anglite þess sem a Stolnum situr, og fyrer Reide Lambsins.

* Esa. 2, 19. Os. 10, 8.

17. Þviad hinn mikle Dagur hans Reide er komenn, og hver fær stadest?

VII. Capitule.

Johannes ser (I) Fiora Engla standa a Fiorum Hornum Jardarennar til ad granda Jordenne; (II) Einn mikenn Skara þeirra Manna er þockudu, og sungu Lof Gude og Lambenu.

Texte sem Pistill a Allra Heilagra Messu.

I. Og epter þad sa eg Fiora Eingla standa, a Fiorum Hornum Jardarennar, og þeir hielldu jnne Fiorum Vindum Jardarennar, so ad eingenn Vindur blies a Jordena, nie a Sioenn, nie a nockurt Trie.

2. Og eg sa annann Eingel uppstijga ut af Uppgongu Solarennar, sa hafde Innsigle Lifanda Guds, og kallade hærre Roddu til

hinna

hinna Fiogra Einglanna, hvorium giefed er, ad granda Jordeme og Sionum.

3. Og sagde: granded ecke Jordunne, ei Sionum, nie Triæanum, fyrr enn vier fæum innsiglad Piona vors Guds j þeirra Ennum.

4 Og eg heyrde Tolu þeirra sem innsiglader voru, Hundrad, Fiorar og Fiorutijgu Þusunder, sem innsiglader urdu, af ollum Kinkvijslum Israels Barna.

5. Af Kine Juda, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Ruben, Tolf Þusunder innsiglader.

6. Af Kine Gad, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Asser, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Nephthali, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Manasse, Tolf Þusunder innsiglader.

7. Af Kine Simeon, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Levi, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Isaschar Tolf Þusunder innsiglader.

8. Af Kine Zebulon, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Joseph, Tolf Þusunder innsiglader; af Kine Ben Jamin, Tolf Þusunder innsiglader.

II. 9. Þar epter sa eg, og sia! ad Skare mikell, hvorn eingenn gat taled, af ollum Heidingium, og Folke, og Kinkvijslum, og Tungumælum, stood framme fyrer Stol-

num og fyrer Lambenu umskrydder hvijtum Skruda, og Palmavidur j peirra Hondum,

10. Sem kolludu med mikelle Roddu, og sogdu: Heilsa sie peim sem a Stolnum situr, vorum GUde og Lambenu.

11. Og aller Einglar stoodu umhverfis Stolinn, og kringum Olldungana, og umkring pau Fiogur Dyrenn, og fiellu fyrer Stolnum framm a peirra Asionur, og tilbeadu GUD,

12. Og sogdu Amen. Lof og Dyrd, og Speke, og Packer, og Heidur, og Kraptur, og Stirkleike, sie vorum GUde, fra Eylijfd til Eylijfdar, Amen.]

13 Og eirn af Olldungunum andsvarade og sagde til mijn: hvorier eru pesser sem umskrydder eru hvijtum Skruda? og hvadan eru peir adkomner?

14. Og eg sagde til hans: Herra, pu veitst pad. Og hann sagde til mijn: pesser eru peir sem komner eru ur miklum Harmkvælum, og sinn Skruda pveiged hafa og hvijtfœgad hann j Bloode Lambsins.

15. Af pvi eru peir framme fyrer Stole GUds, og piona honum Dag og Nott j hans Mustere. Og sa uppa Stolnum situr mun bua yfer peim.

16. Eige mun pa hier epter hungra nie pyrsta, og eige mun yfer pa falla Soolenn nie nockurskonar annar Hite.

17. Pviad

17. Þviad þad Lambed midt j Stolnum mun foodra þa, og leida til Lifande Vatnsbrunna, og GUD mun * afþurka allann Grœt af þeirra Augum. *Esa. 25, 8.

VIII. Capitule.

(I) Su Þridia Sion Johannis, er þad Siounda Insigle var opnad, og þœr bœsunade (II) Hinn Fyrste (III) Annar (IV) Þridie, og (V) Fiorde Engell.

I. Og þa þad opnade hid Siounda Innsigled, giordest Kirrleike a Himnum, nær um halfa Stund.

2. Og eg sa Sio Eingla, þeir geingu fyrer GUD, og þeim urdu Sio Basunur giefnar.

3. Og annar Eingell kom og stood vid Alltared, og hafde Gullegt Reykelsis Kier, og honum vard miked Reykelse giefed, þad hann gœfe til Bœna allra Heilagra, uppa þad Gyllene-Alltared fyrer Stolnum.

4. Og Reykur Reykelsesins, af Bœnum þeirra Heilogu, gieck upp af Hende Eingelsins, fyrer GUD.

5. Og Eingellenn tok Reykelsis Kiered, og fyllte þad med Eld af Alltœrenu, og kastade því a Jordena, og þa urdu Radder, og Reidarþrumur, og Eldingar, og Jardskiœlftar.

6. Og þeir Sio Englar, sem hofdu þœr Sio Basunur, hofdu tilbued sig ad basuna.

II. 7. Og hinn Fyrste Eingell basunade, og þa giordest Hagl, og Elldur med Blode blandadur, og fiell nidur a Jordena, og þridiungur Triánna brann, og allt græna Grased brann upp.

III. 8. Og hinn Annar Eingell basunade, og þar foor lijka sem Biarg miked af Elde brennanda j Sioenn, og þridiungur Siáfarens giordest Blod.

9. Og þridiungur Lifande Skiepna j Sionum drapst, og þridiungur Skipanna fyrerforst.

IV. 10. Og hinn Þridie Eingell basunade, og þar fiell stor Stiarna af Himne, og hun logade sem Blis, og fiell yfer þridiung rennande Vatna, og yfer Vatnsbrunnana.

11. Og Nafn Stiornunnar hiet Remma, og þridiungur snerest j Remmu, og marger Menn dou af Vatnunum, af þvi þaug voru so romm ordenn.

V. 12. Og hinn Fiorde Eingell basunade, og þridiungur Solarennar vard sleigenn, og þridiungur Tunglsins, og þridiungur Stiarnanna, so þad þridiungur þeirra vard formirkvadur, og þridiungur Dagsins lyste ecke, lijka eirnenn Nottinn.

13. Og eg sa og heyrde einn Eingel fliuga, midt j giegnum Himenenn, og segia med hárre Raust: Vei, Vei, Vei, þeim sem a Jordu bua, framm yfer adrar Radder Basunnar,

unnar, peirra priggia Eingla, sem enn skylldu basuna.

IX. Capitule.

Johannes heyrer (I) pann Fimmta, og (II) pann Siotta Engel basuna.

I. Og hinn Fimmte Eingell basunade, og eg sa Stiornu eina falla af Himne, a Jordena, og henne vard giefen Lykellenn til Brunns Underdiupsins.

2. Og hann lauk upp Brunne Underdiupsins, og par gieck upp Reykur af Brunnenum, so sem Reykur eins mikels Ofns, og Solenn formirkvadest, og Vedred af Reyknum Brunnsins.

3. Og ut af peim Reyk komu Eingespruttur a Jordena, og peim vard Magt giefenn, lijka sem pad Scorpionar Magt hafa a Jordu.

4. Og par vard til peirra sagt: pad pær skylldu eige granda Grase Jardarennar, nie nockru Græenu, edur nockurs Konar Vide, utann einasta peim Monnum, sem eige hafa Guds Innsigle j sijnum Ennum.

5. Og peim vard pad giefed, ad pær aflijsudu pa eige, helldur pad, ad pær kveldu pa j fimm Manude. Og peirra Kvol var so sem Kvol af einum Scorpion, nær hann stingur Manninn.

6. Og *a peim somu Dogum munu Mennerner Daudans leita, og eige finna, peir

munu gyrnast ad deya, og Daudenn mun fra peim flya. *Es 2,19. Hos.10,8.

7. Og þær Eingesprettur eru lijkar þeim Hestum, sem til Bardaga eru buner, og a þeirra Hofdum sem Koronur Gulle lijkar, og þeirra Andlit sem Manns Andlit.

8. Og þær hofdu Hær sem Konu Hær, og Tennur þeirra voru sem Leona Tennur.

9. Og hofdu Bryniur so sem Jærn Bryniur, og Pytur þeirra Vængia, so sem Buldran af Vognum margra Hesta sem j Bardogum hlaupa.

10. Og hofdu Hala lijka sem Scorpionar, og þar voru Broddar a þeirra Holum, og þeirra Magt var til ad plœga Menn j fimm Manude.

11. Og hofdu yfer sier Kong, eirn Eingel af Underdiupenu, hvors Nafn er a Ebresku Abaddon, enn a Grisku hefur hann þad Nafn Apollyon.

12. Eitt Vei er umlided, sia, þar koma enn nu Tvo Vei a epter.

II. 13. Og hinn Siotte Eingell basunade, og eg heyrde eina Rodd ut af Fiorum Hornum Gyllene Alltaresins fyrer Gude,

14. Sem sagde til hins Siotta Eingelsins, sem Basununa hafde: Leys þu upp þa Fiora Eingla, sem bundner eru vid hid mikla Vatnsfall Euphrates.

15. Og þeir Fiorer Englar urdu lauser, hvorier

hvorier reidubunner voru, til Stundar og Dags og Manadar, og Aars, ad þeir jhel slæe þridiung Mannanna.

16. Og Tala þess ridanda Hers var tvisvar sinnum riu Þusundsinnum tiu Þusunder, og eg heyrde þeirra Tolu.

17. Og eg sa Hestana so j Syn, og þa sem þar uppa sætu, þad þeir hofdu Gloande og Gular, og Brennesteinlegar Bryniur, og Hofudenn Hestanna voru so sem Leona Hofud, og ut af þeirra Munne gieck Elldur, Reykur og Brennesteirn.

18. Af þessu þrennu er jhel sleigenn þridiungur Manna, af Elldenum, og Reyknum, og Brennesteinenum, er ut af þeirra Munne gieck. Þviad þeirra Magt var j þeirra Munne, og j þeirra Holum.

19. Og þeirra Halar voru Hoggormum lijker, og hofdu Hofud, og med þeim somu giordu þeir Skada.

20. Og þar voru enn Menn afgangs, þeir sem eige voru jhel slegner af þessum Plægum, hvorier ecke Yferboot giordu fyrer Verk sinna Handa, so ad þeir eige tilbædu Diofiana, og Gulls, og Silfurs, og Eirs, og Steina, og Tries* Afgude, sem hvorke sia nie heyra, nie ganga kunna.

*Psalm. 115, 4. ꝛc. Psalm. 135, 15. ꝛc.

21. Hvorier eirnenn engva Yferboot gior-

du, af sijnum Mannadraapum, Fiolkinge, Frillulifnade og Stulde.

X. Capitule.

Aoh: tok vid einne lijtelle Bok af Hende Engelsens og svalg hana.

Og eg sa eirn annann sterkann Eingel af Himnum ofan koma, hann var Skye umklæddur, og Regnboge a hans Hofde, og hans Andlit var sem Sool, og hans Fætur lijka sem Elldsstolpar.

2. Og hann hafde j sinne Hende Bokarkorn opnad, og hann sette sinn hægra Foot a Sioenn, og hinn vinstra a Jordena, og hann kallade hærre Rodd, lijka sem pad Leon greniar.

3. Og pa hann kallade, toludu Sio Reidarprumur sijnar Rauster.

4. Og pa pær Sio Reidarprumur hofdu talad sijnar Rauster, villda eg hafa skrifad pær. Pa heyrda eg eina Rodd af Himne seigia til mijn: Innsigla pu hvad pær Sio Reidarprumur hafa talad, og skrifa pad ecke.

5. Og Eingellenn, hvorn eg sa standa a Sionum, og a Jordunne, hoof upp sijna Hond til Himens.

6. Og soor vid pann Lifanda fra Eylijfd til Eylijfdar, hvor Himenenn hefur skapad, og hvad par jnne er, og Jordena, og hvad par jnne er, og Sioenn, og hvad par jnne er,

pad

Pad hiedan j fra (a) eingenn Tijd meir vera skal.

(a) (Eingenn Tijd) Allt hvad Sœluholped vill verda skal allt luta under Pavann. Fyrer utan Pavadomenn er eingenn Christenn, Pavenn vill alleina vera Høfuded.

7. Helldur a Dogum Raddar þess Siounda Eingels, nær hann mun basuna, þa skal fullkomnadur verda Leyndur-domur Guds, so sem hann kunngiorde sijnum Pionum, og Spœamonnum.

8. Og Roddenn, sem eg hafde heyrt af Himne, talade aptur vid mig og sagde: Gack hiedan, tak þann opnada Bœkling af Hende Eingelsins, sem a Sionum og a Jordunne stendur.

9. Og eg gieck burt til Eingelsins, og sagde til hans: Gief mier Bœklingenn. Og hann sagde til mijn: Tak hann j burt, og svelg hann, og mun hann beiskia þinn Kvid, enn j þijnum Munne mun hann sœtur vera sem Hunang.

10. Og eg tok Bœklingenn af Hende Eingelsins, og svelgde hann. Og hann var sœtur j mijnum Munne sem Hunang, og þa eg hafde eted hann, beiskvadest Kvidur minn.

11. Og hann sagde til mijn: Þu hlytur aptur ad spœa Folkenu, Heidingium, og Tungumœalum, og morgum Kongum.

XI. Capitule.

Joh. fær (1) Einn Reirlegg til ad mæla Guds Mu-

ſtere, og Alltared med; (II) Ødlaſt Fyrerheite um Tvo Vitne ſem ſkule ſpæa.

I. Og mier vard giefenn Reirleggur, lijka ſem Stafur, og ſagde: Statt upp, og mæl Muſtere Guds og Alltared, og þa ſem þar jnne tilbidia.

2. Enn þeim hinum Jnnſta Koor Muſteresins kaſta þu ut, og mæl hann eige, þviad hann er Heidnum giefenn, og hina Heilogu Borg munu þeir undertroda, Tvo og Fiorutijge Manude.

II. 3. Og eg vil giefa mijnum tveimur Vottum, og þeir ſkulu ſpæa, Þuſund tvo hundrud og ſextiju Daga, jklædder Seckium.

4. Þeſſe eru Tvo Vidſmiors Trie, og Tveir Liosaſtiakar, ſtandande fyrer Gude Jardarennar. Og ef nockur vill þeim granda, þa geingur Eldur ut af þeirra Munne, og ſvelger Ovine þeirra.

5. Og ef nockur vill þeim granda, ſa hlytur ſo lijſlatenn ad verda.

6. Þeſſer hafa Magt Himenenn aptur ad luka, ad þad rigne ecke a Dogum þeirra Spæſagna. Og þeir hafa Magt yfer Vatnunum, til ad umſnua þeim j Blod, og ad ſlæa Jordena, med allshæattadre Plægu, ſo opt ſem þeir vilia.

7. Og nær þeir hafa ſinn Vitnisburd endad, þa mun (a) Dyred, þad utaf Underdiupenu

penu uppstijgur, halda Strijd vid þa, og mun yfervinna þa, og þa jhelsla.

(a) (Dyred) Sv Veralldlege Pave; Ink. 12.

8. Og þeirra Lijkamer munu liggia a Strætum hinnar miklu Borgar, hver ed andlega kallast Sodoma og Egyptus, þar vor DRottinn er krossfestur.

9. Og þeirra Lijkame munu nockrer af Þiodunum, og Kinsloodunum, og Tungumaalunum, og Heidingium, sia j þria Daga, og eirn halfann, og munu ecke þeirra Lijkame leggia lata j Grafer.

10. Og þeir er a Jordu bua munu gledia sig yfer þeim, og kaater vera, og Giofum sendast jnnbyrdis, þviad þesser tveir Spaamenn kvoldu þa sem a Jordu bua.

11. Og epter þria Daga, og eirn halfann, foor j þa Lijfsins Ande af Gude, og þeir stodu a sijnar Fætur, og mikell Otte fiell yfer þa sem þa sau.

12. Og þeir heyrdu Rodd mikla af Himne segia til þeirra: Stijged upp hingad, og þeir stigu upp j Himenenn j einu Skye, og þeirra Oviner sau þa.

13. Og a þeirre samre Stundu, vard mikell Jardskiaalfte, og Tijunde Partur Borgarennar hrapade nidur, og þar urdu j Jardskiaalftanum jhelsleigenn Sio Þusund Manna

Nofn

Nafn, og hiner adrer hræddust, og gæfu Dyrd Gude Himensens.

14. Pad annad Vei er umlided, sia, hid pridia Vei kiemur snarlega.

XII. Capitule.

Hin Fiorda Sion Johannis (I) sa Siounde Eingell; (II) ein Olett Kona; (III) Michael sem er Christus; (IV) Drekenn, sem er Diofullenn.

I. 15. Og hiñ Siounde Eingell basunade, og par giordust miklar Radder a Himne, sem sogdu: Rijkenn Veralldarennar eru ordenn vors DRottens, og hans Christs, og hann mun rijkia fra Eylijfd til Eylijfdar.

16. Og peir Fiorer og Tuttugu Øldungar, sem framme fyrer Gude sætu a sijnum Stolum, fiellu framm a sijnar Asionur, og tilbædu GUD,

17. Og sogdu: Vier pockum pier DRottinn, GUD Almættugur, pu sem ert, og hefur vered, og pu sem tilkomande ert, ad pu hefur medteked pinn mikla Krapt og Rijker.

18. Og Heidingiarner eru reider vordner, og pijn Reide er komenn, og Tijme Framm lidenna, ad dæma, og Laun ad giefa pijnum Pionum, Spæmonnunum og Heilogum, og peim er pitt Nafn óttast, smæum og storum, og ad glata peim sem Jordunne glatad hafa.

19. Og

19. Og Mustere Gllds vard upp loked a Himne, og hans Testamentis Ork sast i hans Mustere, og par urdu Elldingar, og Radder, og Reidarprumur, og Jardskialftar, og Hagl miked.

II. 1. Og par birtest Teikn miked a Himne, ein Kvinna, Solenne umskrydd, og Tungled under hennar Footum, og a hennar Hofde Korona af Tolf Stiornum.

2. Og hun vard pungud, og kallade, og var Jodsiuk, og hafde miklar Fædingar Hrijder.

3. Og par birtest eitt annad Teikn a Himne, og sia, ad mikell Dreke Raudur, sa hafde Sio Hofud, og Tiju Horn, og a hans Hofdum Sio Koronur,

4. Og hans Hale droo pridiung af Stiornum Himens, og fleygde peim nidur a Jordu. Og Drekenn stod framme fyrer Kvinnunne, peirre sem fæda skyllde, so ad nær hun hafde fædt, ad hann uppsvelgde hennar Barn.

5. Og hun fædde eirn Son, eitt Sveinbarn, sa er stiorna skyllde ollum Heidingium med Jærnvende, og hennar Barne vard burt kippt, til Glds og hans Stols.

6. Og Konann flyde a Eydemork, hvar hun hafde fyrerbuenn stad af Gude, ad hun fæddest par Pusund tvo hundrud og sextiju Daga.

Texte

Texte sem Pistill a Michaelis Messu.

III.7. Og par byriadest eitt Strijd a Himne, Michael og hans Einglar bordust vid Drekann, og Drekenn bardest og hans Einglar,

8. Og yferunnu ecke, peirra Stadur vard og eirnenn ei framar meir fundenn a Himne.

9. Og sa mikle dreke vard utsnaradur, hinn gamle Hoggormur, sa sem ad heiter Diofull og Andskote, hvor ed alla Veralldarkringluna viller, og hann vard utsnaradur a Jordena, og hans Einglar urdu og eirnenn utsnarader med honum.

10. Og eg heyrde Rodd mikla a Himne, seigiande: Nu er Heilsa og Kraptur, og Rijke, og Maattur vors Guds, ordenn hans Christs, med pvi hann er utsnaradur, sem pa aasakade Dag og Nott fyrer Gude.

11. Og peir hafa hann yferunned fyrer Lambsins Blod, og fyrer Orded peirra Vitnisburdar, og peir hafa ei elskad sitt Lijf allt til Daudans.

12. Par fyrer glediest pier Himnar, og pier, sem par jnne bygged.]

IV. Vei peim a Jordu bwa, og a Sionum, pviad Diofullenn kiemur ofann til ydar, hafande Reide mikla, og veit pad hann hefur stuttann Tijma.

13. Og sem Drekenn sa, pad hann var utsnaradur a Jordena, offokte hann pa Konu sem pann Sveinenn hafde fædt.

14.

14. Og Konunne urdu tveir Vænger giefner, lijka sem mikellrar Arnar, so pad hun flye a Eydemork, j sinn Stad, par hun fæddest um eirn Tijma, og um tvo Tijma, og um halfann Tijma, fyrer Augsyn Hoggormsins.

15. Og Hogormurenn gusade epter Konunne, ur sijnum Munne Vatne, lijka sem Vatnsflode, so ad hann villde dreckia henne.

16. Enn Jordenn hiælpade Konunne, og upplauk sinn Munn, og svelgde Floded, er Drekenn gusade ur sijnum Munne.

17. Og Drekenn reiddest Konunne, og gieck burt ad beriast vid pa sem epter voru af hennar Sæde, peir ed GUds Bodord vardveita, og hafa Vitnisburd JESU Christi.

XIII. Capitule.

Johannes ser (I) eitt Furdannlegt Dyr stijga upp ur Sionum; (II) og eitt annad Dyr stijgal upp af Jordunne.

I. 18. Og eg stod a Siœfarsande.

1. Og sa eitt Dyr uppstijga ur Sionum, pad hafde Sio Hofud, og Tiju Horn, og a sijnum Hornum Tiju Koronur, og a sijnum Hofdum Nafn Hœdungarennar.

2. Og pad Dyr, sem eg sœ, var lijkt Pardelo, og pess Fætur sem Biorna Fætur, og pess Kiaptur sem Leona Kiaptur. Og Drekenn gaf pvi sinn Krapt og sinn Stol, og mikla Magt.

3. Og

3. Og eg sa eitt af þessum Hofdum, so sem være þad sært til Dauda, og þess hin Banvæna Und vard læknud, og oll Veralldarkringlann undradest þad Dyred, og epterfilgdu.

4. Og þeir tilbœdu Drekann, þann sem Dyrenu gaf þa Magt, og þeir tilbœdu þad Dyr og sogdu: Hvor er þessu Dyre lijkur? og hvor kann ad strijda vid þad?

5. Og þvi vard giefenn Munnur til ad tala mikla Hlute, og Hœdungar, og þvi vard Mœttur giefenn til ad hallda Strijd j Tvo og Fiorutijge Mœnude.

6. Og þad upplauk sijnum Munne til Hœdungar j mote Gude, ad lasta hans Nafn, og hans Tialldbud, og þa a Himnum byggia.

7. Og þvi vard giefed ad strijda vid Heilaga, og yfervinna þa. Og þvi vard giefenn Magt yfer allar Kinkvijsler og Tungumœl, og Heidingia.

8. Og aller, sem a Jordu byggia, tilbidia þad, hvorra Nofn eige eru skrifud a Lifande Bok Lambsins, hvorri slœtrad er af Upphafe Veralldarennar.

9. Hefur nockur Eyru, sa heyre.

10. Ef einhvor j Fangelse leider, sa mun j Fangelse ganga; ef nockur jhelslœr med Sverde, sa skal med Sverde jhelsleigenn verda. Hier er Polennmœde og Tru Heilagra.

II. 11. Og eg sa eitt annad Dyr uppstijga af Jordunne, þad hafde Tvo Horn, lijka sem Lambed, og talade so sem Drekenn.

12. Og þad giorer alla Magt hins Firra Dyrsins, fyrer þvi, og þad giorer, ad Jordenn, og þeir sem þar a bua, tilbidia þad Firra Dyred, hvors daudlegar Under voru læknadar.

13. Og þad giorer stor Tæken, so ad þad giorer eirnenn, ad Elldur af Himne fellur nidur a Jordena fyrer Mennena.

14. Og þad viller þa sem a Jordu bua, fyrer Saker þeirra Teikna sem þvi eru giefenn, til ad giora fyrer Dyrenu, og þad sagde þeim a Jordu byggia, ad þeir giore eina Mind Dyrenu, þvi sem Undena af Sverdenu hafde, og lifande var orded.

15. Og þvi vard giefed ad þad giæfe Mindenne Dyrsins eirn (a) Anda, svo þad Mindenn Dyrsins talade, og þad giorde, ad hvorier sem hellst ei tilbædu Mind Dyrsins, þeir verda jhelslegner.

(a) (Ande og Maal) merker, ad þad er kroptugt, og ecke daudt Likneske, helldur hafande Valdstietter og Lagariett, sem hafa sinn Beinann Framgang.

16. Og þad giorde alla samann Smaa og Stora, Rijka og Faatæka, Frialsborna og Præla, ad þad gaf þeim eitt audkienningar Teikn j sijna Hægre Hond, ellegar j sijn Enne.

17. So

17. So þad eingenn fær ad kaupa edur selia, utan hann hafe þad Audkiennингarmerke, edur Nafn Dyrsins, edur þa Tolu Nafnsins.

18. Hier er Speke. Hvor Skilning hefur, sa samanreikne Tolu Dyrsins, þviad þad er Mannsins Tala, og þess Tala er (b) sex Hundrud, sex og sextijger.

(b) (Þad er) 666 Aar, so leinge stendur sa Veralldege Pavadomur.

XIV. Capitule.

Johannes ser (I) Lambed a Zions Fialle; (II) einn Eingel er hafde eitt Eylift Evangelium; (III) einn annan Eingel, er bodade Babylonar Hrøpun; (IV) þann þridia Eingel, er talade um miklar Plœgur þeirra er tilbœdu Dijred; (V) Tvo Eingla med Skørpum Siggd.

I. Og eg sa, og sia, eitt Lamb stod a Fiallenu Zion, og med þvi Hundrad og Fiorar og Fiorutijger Þusunder, sem hefdu Nafn Fodurs þess hins sama, skrifad j sijnum Ennum.

2. Og eg heyrda eina Rodd af Himne, so sem Rodd margra Vatna, og so sem Rodd mikellrar Reidarþrumu, og Roddenn sem eg heyrde, var sem Horpuslagara, þeir ed sla sijnar Horpur.

3. Og þeir sungu so sem nyann Loffaung fyrer Stolnum, og fyrer þeim Fiorum Dyrum, og fyrer Olldungunum, og eingenn gat þann Loffaung numed, utan einasta þeir Hundrad og

og Fiorer og Fiorutiju Þusunder, sem keyptir eru af Jordunne.

4. Þesser eru þeir, hvorier eige fleckader eru medur Konum, þviad þeir eru Meyar, og filgia Lambenu epter hvort þad geingur. Þesser eru keyptir ut af Monnum, GUDe til Frumgroda, og Lambenu.

5. Og j þeirra Munne er eckert Fals funded, þviad þeir eru ostraffanleger, fyrer Stole GUDs.

II. 6. Og eg sa eirn Eingel fliuga midt j giegnum Himenenn, sa hafde Æfenlegt Evangelium, til ad kunngiora þeim sem a Jordu sitia, og byggia, og ollum Heidingium, og Kinbœttum, og Tungumœlum, og Folke.

7. Og hann sagde med mikellre Rodd: Ottest GUD, og giefed honum Dyrdena. Þviad komenn er Tijme hans Doms, og tilbidied þann sem giort * hefur Himen og Jord, og Sioenn og Vatnsbrunnana.

* Psal. 146, 6.

III. 8. Og eirn Annar Eingell epterfilgde, sa sagde: * Fallenn er hun, fallenn er hun, Babylon hin mikla Borg, þviad hun hefur med Vijne sins Saurlijfis druckna giort alla Heidingia.

* Esa. 21, 9. Jer. 51, 8.

IV. 9. Og hinn Þridie Eingell filgde þeim epter, og sagde med mikellre Raust: Ef nockur tilbidur Dyred og þess Mind, og medtekur

þad

þad Audkienningarmerke j sitt Enne, edur sijna Hønd,

10. Sa mun drecka af Vijne Reidennar Guds, sem jnnbiriad og skiært er j Bikar hans Bræde.

11. Og mun kvaldur verda med Ellde og Brennesteine, j Auglite heilagra Eingla, og fyrer Auglite Lambsins, og Reykur þeirra Pijsla mun uppstijga, fra Eylijfd til Eylijfdar, og þeir hafa eige neina Hvijld Dag og Nott, sem Dyred hafa tilbeded, og þess Mind, og ef nockur hefur medteked Teikn þess Nafns.

12. Hier er Polennmæde Heilagra, hier eru þeir sem hallda Bodordenn og Truna a JEsum.

13. Og eg heyrda eina Rødd af Himne til mijn seigia: Skrifa þu: Sæler eru þeir Framlidnu, sem j DROTTne deya, j fra þessu. Ja, Andenn seiger, ad þeir hvijle af þeirra Erfide, enn þeirra Verk filgia þeim epter.

V. 14. Og eg sa, og sia, eitt hvijtt Sky, og a þvi Skye sat eirn sa ed lijkur var einum Mannsins Syne, hann hafde Gullkoronu a sijnu Hofde, og j sinne Hende hvassann Siggd.

15. Og annar Eingell gieck ut af Musterenu, sa kallade med mikellre Raust til þess sem a Skyenu sat: Slæ til med þijnum Siggd, og skier upp, þvi Kornskieru-Tijmenn er komenn,

af

af þvi ad Haustyrkiann Jardarennar er þornud.

16. Og sa er a Skyenu sat sloo til med sijnum Siggde a Jordena, og Jordenn vard Haustunnenn.

17. Og hinn annar Eingell gieck ut af Musterenu a Himne, sa hafde eirn hvassann Siggd.

18. Og annar Eingell gieck ut af Alltarenu, sa hafde Magt yfer Elldenum, og hroopade med miklu Kalle, til hins sem hvassann Siggdenn hafde, og sagde: Hogg til med þijnum hvassa Siggd, og snijd af Vijnklasana Jardarennar, þviad þeirra Ber eru fullvaxenn.

19. Og Eingellenn hio til med sijnum Siggd a Jordena, og sneid af Vijnkvistu Jardarennar, og snarade þeim j hina miklu Vijnþrwgu Guds Reide.

20. Og Vijnþrwgann vard utan Borgar fergd, og Blooded gieck ut af Þrwgunne, allt til Beisltauma Hestanna, um Þusund og Sex Hundrud Akra leingder.

XV. Capitule.

Sn Fimta Sion Johannis (I) um þær Sio sijdurstu Plaagur; (II) Um Lofsaung Truadra.

I. Og eg sa eitt annad Teikn a Himne, þad var miked og undarlegt, Sio Englar hofdu Sio enar sijdurstu Plaagur, þviad med þeim soinu utendadest Reide Guds.

2. Og eg sa so sem eirn Glersio Elde mein-

gadann, og þa sein sigrad hofdu Dyred, og þess Mind, og þess Teikn, og Tolu þess Nafns, þad þeir stodu hia Glersionum, og hofdu Horpur Guds,

3. Og sungu Lofsong Moses Gudz Þienustu Manns, og Lofsong Lambsins, seigiande: Mikel og Undarleg eru þijn Verk DROTTINN GUD Almœttugur, Riettvijser og Sannarleger eru þijner Veiger, þu Kongur Heilagra!

4. Hver skal þig ei hrœdast, DROTTinn, og prisa þitt Nafn? Þviad þu einn ert Heilagur, af þvi aller Heidingiar munu koma og tilbidia fyrer þier, þvi þijner Domar eru openberer ordner.

II. 5. Þar epter sa eg, og sia, þa vard upploked Mustere Vitnisburdarins Tialldbwdar, a Himne.

6. Og ut af Musterenu geingu þeir Sio Einglar, sem þær Sio Plœgur hofdu, klædder hreinu klœruLijne, og gyrdter um Briosted Gull-Lindum.

7. Og eitt af þeim Fiorum Dyrunum gaf þeim Sio Einglum Sio Gullskœler, fullar Guds Reide, þess er lifer fra Eylijfd til Eylijfdar.

8. Og Mustered vard fullt af Reyk, fyrer Dyrd Guds, og hans Krapt, og eingenn kunne ad ganga j Mustered, þar til þær Sio Plœgur, þeirra Sio Engla feingu Ending.

XVI. Ca-

XVI. Capitule.

Johannes ser ad Einglarner uthella Skaalum Guds Reide (I) yfer Jordena; (II) j Sioenn; (III) yfer Vatnsføllenn; (IV) yfer Solena; (V) yfer Sæte Dyrsins; (VI) yfer Euphrates; (VII) j Lopted.

I. Og eg heyrde Rodd mikla ur Musterenu, hun sagde til þeirra Sio Engla: Fared burt, og uthelled þeim Skaalum Guds Reide a Jordena.

2. Og hinn Firste gieck burt, og hellte sinne Skaal a Jordena, og þar urdu jll Kaun og skadsom, a Mønnum þeim ed Audkienningarmerke Dyrsins hofdu, og a þeim sem þess Mind tilbaadu.

II. 3. Og sa Annar Eingell hellte ut sinne Skaalu j Sioenn, og hann vard Blood, lijka sem eins þess Daudur er, og oll lifande Saal deyde j Sionum.

III. 4. Og sa hinn Pridie Eingell hellte ut sinne Skaalu j Vatnsfollenu, og j Vatnsbrunnana, og þaug urdu Blod.

5. Og eg heyrda þann Eingel seigia: Þu DRottinn, sa sem ert, og sa sem varst, þu ert Riettlaatur og Heilagur, þad þu dæmer þetta:

6. Þviad þeir uthelltu Blode Heilagra, og Spaamannanna, og Blood hefur þu giefed þeim ad drecka, þvi þess eru þeir verduger.

7. Og eg heyrda eirn annann Eingel af Alltarenu seigia: Ja, DROttinn Allmœattugur Gud, Sanner og Riettvijser eru þijner Domar.

IV. 8. Og hinn Fiorde Eingell hellte ut sinne Skœalu j Solena, og henne vard giefed ad giora Mennena heita med Ellde.

9. Og Mennerner brunnu af Ofur-Hita, og lostudu Nafn Guds, sa er Magt hefur yfer þessum Plœagum, og giordu engva Yferboot, honum Dyrdena ad giefa.

V. 10. Og hinn Fimte Eingell hellte ut sinne Skœalu yfer Stool Dyrsins, og þess Rijke vard formirkvad, og af Kvalningu j sundurbitu þeir sijnar Tungur.

11. Og þeir lostudu Gud a Himne, fyrer sijnar Kvalningar, og fyrer sijn Kaun, og þeir giordu ecke Yferboot fyrer sijn Verk.

VI. 12. Og hinn Siotte Eingell hellte ut sinne Skœalu, j þad mikla Vatnsfall Euphrates, og Vatned upphorrnade, so ad tilreiddur yrde Vegur Konganna, ut af Uppgongu Solarennar.

13. Og eg sœa ut af Munne Drekans, og ut af Munne Dyrsins, og ut af Munne þess falska Spœamanns, ganga Pria ohreina Anda, lijka (a) Poddum.

(a) (Poddur) eru þeir Mœalugu sem hia Hofdingium hræsna, og þvœtta j giegn Evangelio, enn utrietta þo eckert.

14. Og

14. Og þad eru Andar Diofulsins, þeir ed giora Teikn, og ganga ut til Konga Jardarennar, og j kringum allann Heimenn ad samansafna þeim til Strijds, uppa þann mikla Dag GUds Almœttugs.

15. Sia, Eg kiem sem eirn Piofur, Sæll er sa sem vaker, og helldur sijnum Klædum, so ad hann gange ecke nakenn so ad ei siaest hans Blygdan.

16. Og hann samansafnade þeim j þann Stad sem kallast a Ebresku (b) Harmageddon.

(b) (Harmageddon) a Norrænu fordæmdur Strijdsmadur, Bølvadar Strijdsverjur, edur Luckulauser Strijdsmenn, ab Herem & Gad; Jerem. 15, 15.

VII. 17. Og sa Siounde Eingell hellte ut sinne Skœlu j Vedred, og þar gieck vt Rodd af Himne ur Stolnum, sem sagde: Þad er skied.

18. Og þar urdu Radder og Reidarþrumur, og Eldingar, og þar vard mikell Jardskiœlfte, þvilijkur ad alldrei hefur vered, upp fra þvi ad Menn hafa a Jordu vered, þvilijkur Jardskialfte so mikell.

19. Og ut af þeirre hinne miklu Borg urdu þrijr Partar, og Borger Heidingianna hropudu nidur. Og hin mikla Babylon vard hugleidd fyrer GUde, henne ad giefa Kaleik Vijnsins hans grimdar Reide.

20. Og allar Eyar flydu, og eingenn Fiell urdu fundenn.

21. Og Hagl stort sem Pund fiell af Himne a Mennena, og Mennerner lostudu GUD

fyrer Saker Plœgu Haglsins, þviad þess Plœga er nærsta mikel.

XVII. Capitule.

Siotta Sion Johannis er um þa miklu Hoorkonn.

Og þar kom eirn af Sio Englonum, sem hofdu sio Skœlernar, talade vid mig, og sagde til mijn: Kom, eg mun syna þier Dom hinnar Miklu Hoorkonu, sem a morgum Votnum situr.

2. Med hverre Hooraner drygt hafa Kongar Jardarennar, og þeir sem a Jordu bvœa eru druckner ordner af hennar Hoorunar Vijne.

3. Og hann flutte mig burt j Anda a Eydemork. Og eg sœa þa Konu sitia a Fagurraudu Dyre, fullu af Nofnum Hœdungar-Orda, hafande Sio Hofud og Tiju Horn.

4. Og Konann var klædd Purpura, og Pelle Raudu, og forgyllt Gulle og Gimsteinum, og Perlum, og hafde j hende Gullkier, fullt Svivirdingar og Ohreinenda hennar Hoorunar,

5. Og j hennar Enne skrifad þad Nafn: (a) Leyndardomur, Hin Mikla Babylon, Moder Frillulifnadanna, og allrar Svijvirdu a Jordu.

(a) (Leyndardomur) þad er su Andleœa stora Babylon.

6. Og eg sa Kvinnu druckna af Blode Heilagra, og af Blode Vottanna JEsu. Og eg undradest miog þa eg sœa hana.

7. Og

7. Og Eingellenn sagde til mijn: Hvar fyrer undrast þu? Eg mun seigia þier Leyndann doom um Konuna, og um það Dyr sem hana ber, og hefur Sio Hofud, og Tiju Horn.

8. Það Dyr sem þu hefur sied, það (b) var, og er eige, og mun upp aptur koma af Underdiwpenu, og mun so fara j Fyrerdæmingena, og þeir sem a Jordu bwa, hvorra Nofn ei standa skrifud a Lijfs Bokenne, j fra Upphafe Veralldar, munu undrast nær þeir sia Dyred, ad það var, og er eige, þo ad það sie samt.

(b) Það Romverska Rijke er, og er ecke, þvi það er ecke það Heila Rijke, helldur er það uppkomed fyrer Pavann epter sitt Fall.

9. Og hier er það Hugskot hvoriu Spekenn tilheyrer. Þau Sio Hofudenn eru Sio Fioll, a hvorium Konann situr, og það eru Sio Kongar.

10. (c) Fiñ eru fallner og (d) Eirn er, og sa Annar er ei komenn enn nu, og nær hann kiemur, hlytur hann (e) stuttann Tijma ad blijfa.

(c) (Fimm) til Austurs j Gricklande.
(d) (Eirn er) það er Pyskaland.
(e) (Stuttann Tijma) það er nu Spanien.

11. Og það Dyred sem (f) var, og er eige, það er sa hinn attunde, og er ut af þeim Sio, og fer j Fordæmingena.

(f) (Var) er Rom edur Valland.

12. Og þau Tiju Horn þu hefur sied, það eru (g) Tiju Kongar, þeir ed Rijked enn nu ei

medteked hafa, enn þeir skulu sem Kongar a einum Tijma foa Magt med Dyrenu.

(g) (Tiju Kongar) Þeir adrer Kongar j Ungaria, Bemen, Polonia, Frankarijke.

13. Þesser hafa eina Meining, og munu giefa sinn Krapt Dyrenu.

14. Þesser munu strijda vid Lambed, og Lambed mun þa yfervinna, þviad það er DROTTinn yfer ollum Drottnum, og Kongur yfer ollum Kongum, og med honum þeir sem Kallader og Utvalder og Truader eru.

15. Og hann sagde til mijn: Vatnenn, þau þu hefur sied, þar ed Hoorkonann situr, eru Foolk og Lyder, og Heidnar Þioder og Tungumaal.

16. Og þau Tiju Hornenn sem þu hefur sied a Dyrenu, þau munu hata Hoorkonuna, og munu hana (h) eydelagda og nakta giora, og þeir munu hennar Hold eta, og hana med Ellde brenna.

(h) Þeir hallda med Pavanum og forsvara hann, enn þeir plocka hann samt, so ad hann mun verda nakenn, og missa sitt Gots.

17. Þviad GUD gaf það þeim j þeirra Hiortu, ad giora hvad hann meinar, og ad giora eins Meining, og ad giefa Dyrenu sitt Rijke, þangad til ad fullkomnad yrde Guds Ord.

18. Og Konann sem þu hefur sied, er hin mikla Borg, hvor sitt Rijke hefur yfer Kongum Jardarennar.

XVIII. Ca-

XVIII. Capitule.

Johannes ser (I) einn Eingel er bodar Hrøpun Babylonar; (II) einn annann Eingel sem rædur Guds Folke ad ganga ut frꝛa Babylon; (III) ein volldugann Eingel kastande miklum Steine nidur j Sioenn, til merkes þar um, ad Babylon skyllde eydeleggiast.

I. Og epter þad sa eg annann Eingel ofann fara af Himne, sa hafde mikla Magt, og Jordenn upplystest af hans Birte.

2. Og hann kallade af Vallde med hærre Roddu, og sagde: * Hun er fallenn, hun er fallenn, Babylon hin mikla, og er Diofflanna Heimele ordenn, og Hirdsla allra ohreinna Anda, og Hirdsla alls Ohreins og haturlegs Fugls.

* Esa. 21, 9. Jer. 51, 8.

3. Þviad af Reidennar Vijne hennar Hooranar hafa aller Heidingiar drucked, og Kongarner a Jordunne hafa med henne Hooraner drygt, og hennar Kaupmenn eru auduger vordner af hennar miklu (a) Vellysting.

(a) (Vellysting) Þverud.

II. 4. Og eg heyrde eina adra Rodd af Himne, sem sagde: utganged af henne mitt Folk, so ad þier verded eige hluttakarar hennar Synda, uppa þad þier faed eige nockud af hennar Plꝛagum.

5. Þvi hennar Synder na allt til Himens, og Gud minnest a hennar Þverwd.

6. Giallded henne so sem hun hefur gollded ydur, og giored henne pad tvofallt, epter hennar Verkum. Og med peim Bikar sem hun birlade ydur, birled henne par j tvofallt.

7. Hvad miked sem pad hun hefur sig tignad, og vidhaft sijna Dverood, so miked jnnbirled henne af Kvolum og Ecka, pviad hun seiger j sijnu Hiarta: *Eg sit og em Drottning, og eige mun eg Eckia verda, og ongvann Trega mun eg sia.

* Esa. 47,9 10.

8. Par fyrer skulu hennar Plœgur a einum Deige koma, Daude, Harmur, og Hungur, med Ellde mun hun brennd verda, pviad oflugur er DROttinn GUD, sa er hana mun dœma.

9. Og Kongar Jardarennar peir sem med henne hafa Hooraner drygt, og j Munadsemd lifad, munu grœta hana, og kveina yfer henne, nær peir sia Reyk af hennar Bruna.

10. Og munu ad-leyngdar standa fyrer Hrœdslu Saker hennar Kvala, og seigia: Vei, Vei, Babylon hin Mikla Borg, su hin-sterka Borg! a eirnre Stundu er komenn pinn Domur

11. Og Kaupmenn a Jordunne munu grœta og harma med sialfum sier, pviad peirra Kaupeyrer vill eingenn kaupa meir.

12. Kaupeyrer Gulls og Silfurs, og Gimsteina, og Perlna, og Silkes, og Purpu-

Purpura, og Skarlaks, og allshaattadann Dyrendes Vid, og allshaattud Kier af Fijlabeinum, og allra handa Kier af dyrmætum Vide, og af Eyre, og af Jarne, og af Marmara Steine.

13. Cinnamom, og Thimian, og Salve, og Reykelse, og Vijn, og Vidsmior, Similiu og Hveite, Kvikfie og Saude, Hesta og Vagna, og Lijkame og Sœler Mannanna.

14. Og pad Alldine, par pijn Sœla hafde Gyrnd a, er fra pier viked, og allt hvad feitt og kostulegt var, pad er fra pier viked, og pu munt ei pvilijkt leingur finna.

15. Kaupmenn pessarar Voru, hvorier af henne auduger ordner eru; munu œleingdar standa, af Hrædslu hennar Kvala, grœtande og harmande,

16. Og seigia: Vei, Vei, hin Mikla Borg, sem med Silke, Purpura og Skarlate var klædd, og med Gulle var yfergyllt, og med Gimsteinum og Perlum.

17. Pviad a eirne Stundu er slijkur Rijkdomur foreyddur. Og aller Skipherrar, og sa Hoopur, sem a Skipum handtierar, og Skipveriar peir a Sionum handtiera, stodu œleingdar,

18. Og kolludu, pa peir sau Reykenn af hennar Bruna, og sogdu: Hvor er lijk pessare hinn miklu Borg?

19. Og peir jusu Molldu yfer Hofud sier

og kolludu graatande og harmande, og sogdu: Vei, Vei, su hin Mikla Borg, j hvorre Auduger eru ordner aller þeir sem Skipeñ hofdu a Sionum, af Hennar Voru, þviad j eirnre Stundu er hun j eyde logd.

20. Gled þig yfer henne Himen, og þier Heilager, Postular og Spaamenn, þviad GUD hefur ydar Dom a henne dæmt.

III. 21. Og eirn Øflugur Engell tok upp Stein, storann sem Kvarnarstein, og kastade honum j Sioenn, og sagde: So skal med einum Gny utkastast hin mikla Borg Babylon, og ei framar fundenn verda.

22. Og Søngmannanna Rodd, og þeirra sem sloa uppa Streinge, og þeirra sem j Pijpur blaasa, og Basvnur, skulu ei framar meir heyrast j þier, og eingenn Embættes Madur, hvors sem hellst Embættis hann er, skal meir j þier fundenn verda, og Kvernar Hliod skal ei meir j þier heyrt verda.

23. Og Liome Liossens skal ei framar meir skijna j þier. Og Rodd Brvdgumans og Brvdarennar skal ei framar meir j þier heyrd verda. Þvi þijner Kaupmenn voru Hofdingiar a Jordu, þviad fyrer þijna Fiolkinge foru villt aller Heidingiar.

24. Og Bloded Spaamannanna og Heilagra er j henne funded, og allra þeirra sem a Jordu eru jhel slegner.

XIX. Ca-

XIX. Capitule.

Joh: heyrer (I) Rauſt eins Skara, og (II) Halleluja einnar Raddar: en ſer (III) Hvijtann Heſt i Himnenum; og (IV.) Einn Engel i Solunne.

I. Epter þetta heyrda eg Rodd mikels Skara a Himne, ſeigiande: Halleluja, Heilſa og Heidur, Dyrd og Kraptur ſie GUde vorum DROttne.

2. Þviad Sanner og Riettvijſer eru hans Domar, þad hann fordæmde hina Miklu Hoorkonu, ſem ad Jordena med ſinne Hooran fordiarfade, og Blods ſinna Piona af hennar Hende hefur hann hefnt.

3. Og þeir ſogdu enn j annad ſinn, Haleluja. Og Reykurenn geingur upp eylijflega.

4. Og þeir Fiorer og tuttugu Olldungar, og þau Fiogur Dyrenn fiellu framm og tilbaadu GUD, hvor ed a Stolnum sat, og ſogdu: Amen, Haleluja.

II. 5. Og ein Rodd gieck ut af Stolnum ſem ſagde: Lofed vorn GUd aller hans Pionar, og þeir hann ottaſt, bæde Smaaer og Stoorer.

6. Og eg heyrda eina Rodd mikels Skara, og ſo ſem eina Rodd margra Vatna, og ſo ſem Rodd megnrar Reidarþrumu, ſem ſagde: Haleluja. Þviad GUd ſa Almaattuge hefur Rijked under ſig lagt.

7. Fognum og verum glader, og giefum honum Dyrd, þviad Brwdkaup Lambſins

er komed, og hans Hwosfrw hefur sig tilbwed.

8. Og henne vard giefed þad hun skyllde umklæda sig med hreinu og Fogru Silke (enn þad Silke eru Riettlætingar Heilagra.)

9. Og hann sagde til mijn: Sæler eru þeir sem kallader eru til Kvolldmaaltijdar Lambsins; og hann sagde til mijn: Þetta eru sannarleg Guds Ord.

10. Og eg fiell nidur fyrer honum, til Foota hans, ad eg tilbæde hann. Og hann sagde til mijn: Sicc til, gior þad ei, eg em þinn Samþion og þinna Brædra, þeirra sem hafa JEsu Vitnisburd, tilbid þu GUD, þvi Vitnisburdur JEsu er Ande Spaadomsins.

III. 11. Og eg sa Himenenn opnadann, og sia, eirn Hvijtur Hestur, og sa sem þar sat a, hiet Trwr og Sannarlegur, og dæmer og strijder med Riettlæte.

12. Og hans Augu eru sem Ellds loge, og a hans Hofde margar Koronur, og hann hafde eitt Nafn skrifad, þad eingenn visse nema sialfur hann.

13. Og hann var sklæddur einu Klæde sem med Blode var adreift, og hans Nafn heiter Guds Ord.

14. Og honum epterfilgde Her sa a Himnum er, a hvjtum Hestum, klædder j hvijtu og hreinu Silke.

15. Og af hans Munne framm gieck eitt beitt Sverd, þad hann slæe þar med Heidnar,

nar Pioder, og hann mun stiorna heim medur Jærnvende. Og hann fottredur Prvoguna Vijusins Grimmlegrar Reide Guds Almœattugs.

16. Og hann hefur eitt Nafn skrifad a sijnum Klædum og a sijnum Lendum, so lœatande: Kongur allra Konga, og DROTTinn allra Droitna.

IV. 17. Og eg sa eirn Eingel standa j Solunne, og hann kallade med mikelle Rodd; og sagde til allra Fugla sem under Himne fliuga: Komed og samansafned ydur til Kvolldverdar hins Mikla Guds,

18. Ad þier eted Hodd Konganna, og Landstiornaranna, og Hodd Oflugra, og Hestanna, og þeirra sem þar uppa sitia, og Hodd allra Frijborenna, og Prælanna, bæde smœrra og storra.

19. Og eg sa þad Dyred og Konga Jardarennar, og þeirra Lid samansafnast, til ad halda Strijd vid þann sem a Hestenum sat, og vid hans Her.

20. Og Dyred vard fangad, og med þvi sa Falske Spœamadur, sem Teiknenn giorde fyrer þvi, med hvorium hann villte þa sem Audkienningar merke Dyrsins medtoku, og þa er Mind Dyrsins tilbœadu. Þesser bœader urdu lifande fleygder j Elldsins Dijke, þad med Brennesteine logar.

21. Og þeir adrer urdu jhelslegner med Sverde,

Sverde, þess sem a Hestenum sat, það ut af hans Munne gieck, og aller Fuglar urdu sadder af þeirra Holde.

XX. Capitule.

Johannes ser (I) ad Satan er bundinn, og (II) leystur: hann ser og (III) Einn er sat a einum miklum hvijtum Stole.

I. Og eg sa eirn Eingel ofann fara af Himne, sa hafde Lykel Underdiupsins, og mikla Hlecke j sinne Hende.

2. Og hann handlade Drekann, hinn gamla Hoggorm, hvor ad er Diofull og Andskote, og batt hann um þusund Aar,

3. Og fleygde honum j Underdiupped, og innelukte hann, og innsiglade þar ofann yfer, ad hann skyllde ei framarmeir villa Heidnar þioder, þangad til at utendud yrde þusund (a) Aar, og epter það skal hann laus verda um stutta Stund.

(a) Þesse þusund Aar hefiast þa þesse Book giord var, þviad Tyrkenn kom ed fyrsta þusund Aarum sydar; þess a mille voru þo þeir Christnu, og rijktu, Diofslenum ad þackarlausu. Enn nu vill Tyrkenn hialpa Pavanum ad eydeleggia þa Christnu, med þvi eckert vill annad hialpa.

4. Og eg sa Stola, og þeir settust þar a, og þeim vard Domurenn giefenn, og þeirra Saaler, sem afhofdader voru vegna Vitnisburdarens JEsu, og fyrer GUds Ords Saker, og þeirra sem ecke hofdu tilbeded Dyred, nie

þess

þess Mind, og þeir ei medteked hofdu þess Audkienningar Merke j sijn Enne, edur a sijnar Hendur, þesser lifdu og rijktu med Christo Þusund Aara.

5. Enn hiner adrer Daudu endurlifnudu ecke, þar til ad Þusund Aar fullkomnudust. Þetta er hin Fyrsta Upprisa.

6. Sæll er sa og Heilagur sem hlutdeilld hefur j hinne Fyrstu Upprisu, yfer þvilijkum hefur sa annar Daude ongva Magt, helldur verda þeir Kiennemenn Gudz og Christi, og rijkia med honum Þusund Aar.

II. 7. Og nær þau Þusund Aar eru fullkomnud, þa mun Satan laus verda af sijnu Fængelse,

8. Og mun ut ganga ad villa hina Heidnu, j fiorum œttum Jardarennar, (b) Gog og Magog, ad samansafna þeim til Barœttu, hvorra Tala er sem Sandur j Sio.

(b) Gog edur Tyrkiar, komner af Tartaria, og kallast þeir Raudu Gydingar.

9. Og þeir uppstigu yfer Vijdd Jardarennar, og umkringdu Herbwder Heilagra, og hina elskulegu Borg, og þar fiell Elldur fra Gudi af Himnum, og svelgde þa.

10. Og Diofullenn, sa þa villte, vard kastadur j Gloande Dijke, og Brennestein, þar ed Dyred og sa falske Spœmadur voru, og þeir verda kvalder Dag og Nott, fra Eylijfd til Eylijfdar.

III. 11. Og eg sa mikenn hvijtann Stool, og

þann

þann sem þar uppa sat, fyrer hvors Auglite ad flyde Himen og Jord, og þeim var eingenn Stadur fundenn.

12. Og eg sa hina Daudu, bæde stoora og smaa, standa fyrer Gudi, og Bækurnar urdu upp loatnar, og ein onnur Book vard opnud, hvor ad er Lijfsins, og hiner Daudu urdu dæmder, epter Skriptenne j þeim Bookum, epter þeirra Verkum.

13. Og Siorenn gaf fram þa Daudu sem j honum voru og Daude og Helvijte gaafu þa Daudu sem j þeim voru, og þeir urdu dæmder, hvor epter sijnum Verkum.

14. Og Daude og Helvijte urdu kostud j Eldsins Dijke, þad er sa annar Daude.

15. Og ef nockur fannst ei skrifadur a Lijfsbookenne, sa vard burtkastadur j þad Eldsins Dijke.

XXI. Capitule.

Hin Siounda Sion Johannis (I) um einn Nyann Himen, og Nya Jord og Jerusalem Nya: (II) Um Kvinnu Brude Lambsins, þa Heilogu Jerusalem.

I. Og eg sa Nyann Himen og Nya Jord, þviad hinn fyrste Himen, og Fyrsta Jord forgeingu, og Siorenn er ecke meir.

2. Og eg Johannes sa hina Heilogu Borg, þa Nyu Jerusalem, ofan hingad fara af Himne, fra Gudi, tilreidda, so sem prydda Brvodur mote sijnum Manne.

3. Og

3. Og eg heyrde Rodd mikla af Himnum seigia: Sia þar Tialldbwd Guds hia Mönnum, og hann mun hia þeim byggia! og þeir munu hans Folk vera, og hann Gud sialfur medur þeim mun þeirra GUD vera.

4. Og Gud mun þerra oll Tær af þeirra Augum, og Daudenn mun eige meir vera, eige Harmur nie Kveinan, nie helldur Pijna mun meir vera, þviad hid Fyrsta er forgeinged.

5. Og sa uppa Stolnum sat, sagde: Sia, Eg giore alla Hlute nya. Og hann seiger til mijn: Skrifa þu, þviad þesse Ord eru soñ og vissuleg.

6. Og hann sagde til mijn: Pad er giort, Eg em A og O, Upphaf og Nidurlag, Eg vil þyrstum giefa af Brunne Lifande Vatns, giefens.

7. Hvor ed yfervinnur, sa mun erfa allt þad, og eg vil hans Gud vera, og hann mun minn Sonur vera.

8. Enn þeim Ottafullum, og Vantruudum og Ognarlegum, og Manndrapurum, og Frillulifnadar-Mönnum, og Tofrurum, og Skvorgodadyrkurum, og ollum Lygurum, þeirra Hlutdeilld mun vera j Dijkenu sem med Ellde og Brennesteine logar, hvort ad er sa Annar Daude.

II. 9. Og eirn af þeim Sio Englum, sem hafde þær Sio Skaler, fullar med þær Sio sijdustu Plagur, kom ad mier, og talade vid

mig,

mig, og sagde: Kom, eg vil syna þier Kvinnuna, Brvdur Lambsins.

10. Og hann leidde mig burt j Anda, uppa stort og hatt Fiall, og synde mier hina Miklu Borg, þa Heilogu Jerusalem, ofann hingad fara af Himne fra Gude.

11. Og hafde Guds Dyrd, og hennar Lios var lijkt hinum dyrmætasta Steine, eirn skiær Jaspis.

12. Og hun hafde mikla og hæfa Mvrvegge, og hafde Tolf Port, og uppa Portunum Tolf Eingla, og Nofn skrifud, hvor ad eru Tolf Kinkvijsla Israels Barna.

13. Af Austre þriu Port, af Nordre þriu Port, af Sudre þriu Port, af Vestre þriu Port.

14. Og Mvrvegger Borgarennar hofdu Tolf Grundvelle, og j þeim somu, Nofn þeirra Tolf Postula Lambsins.

15. Og sa vid mig talade hafde eirn gullegann Reyr, þad hann skylde mæla Borgena, og hennar Port, og Mvrvegge.

16. Og Borgenn liggur ferkonntud, og Leingd hennar er so mikel sem Breiddenn. Og hann mællte Borgena med Reyrnum, uppa Tolf þusund Akraleingder, enn Leingdenn og Breiddenn, og Hædenn Borgarennar er eins.

17. Og hann mællte hennar Mvrvegge (a) Hundrad Fiorar og Fiorutiju Alner, epter eins Manns Mæling, sem Eingellenn hefur.

(a) Hun-

(a) (Hundrad fiorar og fiorutiju) þad er þyckteinn a Murnum.

18. Og Bygging hennar Mwrveggia var af Jaspis, og Borgenn af skijru Gulle, eins Skiær og Gler.

19. Og Grundvøller Mwrveggia Borgarennar voru prydder med allshœattada Gimsteina. Hinn Firste Grundvollur var Jaspis, sa Annar Saphir, þridie Chalcedonius, Fiorde Smaragdus,

20. Fiunte Sardonichus, Siotte Sardis, Siounde Chrysolithus, œattunde Berillus, Niunde Topasius, Tiunde Chrysopras, Elleste Hyacinthus, Tolfte Amethyst.

21. Og þau Tolf Portenn voru Tolf Perlur, og sier hvort Ported var af eirnre Perlu, og Strœtenn Borgarennar voru skijra Gull, so sem giegnumskijnande Gler.

22. Og eg sœa þar eckert Mustere inne, þviad DROttinn GUD Almœattugur er hennar Mustere, og Lambed.

23. Og Borgenn þarf hvorke vid Solar nie Tungls, þad þau lyse j henne, þviad GUDS Dyrd upplyser hana, og Lios hennar er Lambed.

24. Og þeir Heidingiar sem holpner verda, ganga j þvi sama Liose, og Kongarner a Jordu munu jnnflytia sijna Dyrd j þa hina somu.

25. Og hennar Hlid verda ecke um Dagenn aptur lukt, þviad þar mun eingenn Nott vera.

26. Og

26. Og þangad til hennar mun flytiast Dyrd og Prijs Heidingianna.

27. Og eckert almennelegt skal þar nockur Stadar jnnganga og þad sem gierer Andstyggd og Lyge, helldur þeir sem skrifader eru a Lifande Bokenne Lambsins.

XXII. Capitule.

Johannes (I) ser Aarstrauma þeirrar Nyu Borgar med Lijfsins Tre: (II) Honum er skipad ad tilbidia Gud Drottenn: (III) Hann lyktar syna Openberan.

I. Og hann synde mier Hreint Vatnsfall Lifande Vatns, skiært sem Chrystallus, framm fliota af Stole Guds og Lambsins, midt a hennar Stræte.

2. Og baadumeigenn Vatnsins stod Lijfsins Trie, og þad bar Tolfhanda Avoxt, og færde sinn Avoxt a ollum Manudum, og Laufblod Triesins dugdu til Heilsubootar Heidingiunum.

3. Og þar verdur eingenn Bolvan framarmeir, og Stoll Guds og Lambsins mun þar jnne vera, og hans þionar munu honum þiona.

4. Og hans Andlit sioa, og hans Nafn mun j þeirra Ennum vera.

5. Og þar mun eingenn Nott vera, og eige vid þurfa nockrar Lysingar, edur Lioss Solarennar, þviad GUD DROttinn mun sialfur upplysa þa, og þeir munu rijkia fra Eylijfd til Eylijfdar.

II. 6.

II 6. Og hann sagde til mijn: Þesse Ord eru Visseleg og Sonn. Og GUd heilagra Spaamanna Drottinn hefur utsendt sinn Eingel, til ad kunngiora sijnum Pionum, hvad snarlega skie skal.

7. Siaed, Eg kem snart. Sæll er sa sem vardveiter Orden Spaadomsins j þessare Bok.

8. Og eg em Johannes, sem þetta sied og heyrt hefur. Og þa eg hafda þad heyrt og sied, fiell eg framm ad tilbidia fyrer Fætur Eingelsins, þes mier synde þetta.

9. Og hann seiger til mijn: Giæt ad, ad þu giorer ei þetta, þviad eg em þinn Sampion, og þinna Brædra Spaamannanna, og þeirra sem vardveita Ord þessarar Bokar, tilbid þu GUd.

III. 10. Og hann seiger til mijn: Innsigla ecke Ord Spaadomsins j þessare Book, þviad Tijmenn er j Naand.

11. Hvor Illur er, sa giore meira Illt, og hvor Ohreinn er, sa sie ohreinne, enn hvor Riettvijs er, sa giore enn nu Riettlæte, og hvor Heilagur er, sa verde enn Heilagre.

12. Og siadu, Eg kiem snarlega, og mijn Verdlaun medur mier, ad eg giallde hverium sem einum, epter þvi sem hans Verk munu verda.

13. Eg em A og O, Upphaf og Ender, Firstur og Sijdarstur.

14. Sæler eru þeir sem hans Bodord vardveita, uppa þad, ad þeirra Magt sie a Lijfs Trienu,

Trieru, og um Hlidenn jnngange j Borgena.

15. Þviad þar fyrer utan eru Hundarner, og Fiolkingis Menn og Saurlifnadar, og Manndrœparar, og Skvorgoda dyrdkendur, og aller þeir sem elska og giora Lygena.

16. Eg JEsus utsende minn Eingel, ad hann vitnade ydur þetta j Samkundunum. Eg em Root Davids Ættar, Skiær Morgunstiarna.

17. Og Andenn og Brvodurenn seiger: Kom! Og hvor ed heyrer, sa seige: Kom! Og hvor hann þyrster, sa kome, Og hvor ed vill, sa medtake Vatned Lijfsins, giefens.

18. Enn eg vitna fyrer ollum þeim sem heyra Ord Spœdomsins j þessare Bok, ad ef einhvor setur þar nockud til, þa mun GUD tilsetia yfer hann þær Plœgur, sem skrifadar eru j þessare Book.

19 Og ef einhvor tekur þar nockud fra, ut af Ordum Bokarennar þessarar Spœsogu, þa mun GUD afmœa haus Deild af Lifs-Bokenne, og af hinne Heilogu Borg, og af þvi sem j þessare Bok skrifad er.

20. Þetta seiger Sa þetta vitnar, Jœa, Eg kem snarlega, Amen. Jœa, Kom þu DROTTJnn JEsu!

21. Nœd Vors DROTTINS JESU Christi sie med ydur ollum, AMEN.

Ender hins Nya Testamentesins.

Textar

af þvi Gamla Testamente, sem brukast á vissum Hátijdum so sem Pistlar, epter II. Edit: Bibl: Island:

Texte sem Pistill S. Joh. Postula Dag, edur á III. i Jolum: Syrachs Bok: 15.

Sa er ottast Drottenn, og hver sier heldur ad Guds Orde, sa mun hana (Spekena,) finna. Og hun mun mæta honum so sem Moder, og medtaka hann eins sem ung Brudur. Hun mun fæda hann med Braude Skilningsins, og gefa honum ad drecka af Vitskunnar Vatne, þar af mun hann stirkur verda, so hann kann stodugt ad standa, og hun mun sier ad honum halda, so hann verde ecke sneiptur. Hun mun hefia hann yfer sijna Nágunga, og hun mun hans Munne i Sofnudenum uppluka; hun mun krona hann med Fognude, og unadsemd, og bijgafa hann med Eylijfu Nafne.

Texte sem Pistill á Prettanda Dag Jola, Es. 60.

Gior þig Reidubuna, vertu biort, þviad þitt Lios kemur, og Dyrd Drottins

uprennur yfer þier; þvi sia þu, Myrkrenn hylia Jordena, og Þokann Folked. En yfer þier upreunur DRottinn, og hans Dyrd skijn yfer þier. Og Heidingiarner munu ganga i þijnu Liose, og Kongarner i þvi Skine sem yfer þier upprennur. Lypt up þijnum Augum og sia umhverfes; þesser aller samansafnader koma til þijn. Syner þijner munu koma ur Fiarlægd: og Dætur þijnar munu hia Hlidenne upfostraft. Þa muntu sia þijna Lysting, og utbristaft, og þitt Hiarta mun undraft og utbreida sig, nær ed sea Mugafisildenn vid Sioenn snyst til þijn, og þa ed su Magtenn Heidingianna kemur til þijn. Þviad sa Fisildenn Ulfalldanna mun hylia þig, þeir Hlauparar ur Madian og Epha, aller af Saba munu koma, færande Gull og Reykelse, og kunngiorande Lof DRottins.

Texte sem Pistill a Kindelmessu.

Malachiæ 3.c.

Siaed, Eg vil senda minn Engel sem tilreida skal Veginn fyrer Mier, og Sa DRottenn mun snart koma til sijns Musteres, hvers þier leited, og sea Sattmalans Engell, hvern þier gyrneft. Siaed, hann kemur, seger sa DRottenn Zebaoth. En hver

hver mun þola hans Tilkomudag? og hver mun standaſt, þa hann mun opinberaſt? þviad hann er ſem eins Gullſmids Elldur, og ſem Sæpa einnar Þvotta Konu. Hann mun ſitia og bræda, og Silfred hreinſa, hann mun hreinſa og Kloar giora Levi Born, ſo ſem Gull og Silfur. Þa munu þeir færa DROttne Matoffur j Rettlæte. Og þa mun Matoffur Juda og Jeruſalem vera DROttne þacknæmt, ſo ſem æadur og fyrer morgum Aarum ... ſeiger DRottinn Zebaoth.

Texte ſem Piſtill a Bodunar Dag Mariu.

Eſa. 7.

Og DROTTinn talade en aptur til Achas og ſagde: kref þu þier eins Teikns af DROttne GUde þijnum, hvert þad er nidre j Underdiupunum, edur a Hædum uppe. En Achas ſagde: ecke vil eg þeſs krefia, uppa þad eg freiſte ecke DROTTins. Þa ſagde hann: Nu vel, þar fyrer heyred þier af Huſe Davids; hvert er ydur þad forlijted ad þier giored Monnunum Angur, ad þier hlioted einnenn ad æangra minn GUD? fyrer þann Skuld mun DROTTinn ſialfur gefa ydur eitt Teikn. Sia þu, Ein Jungfru er oliett og mun Einn Son fæda, hann mun hun kalla

Jmmanuel, Smiors og Hunangs mun hann neyta, so ad hann kunne ad burtkasta þvi Vonda, og utvelia hid Goda.

Texte sem Pistill a þann Almennelega Bænadag Esa. 55.

Leited DROTTens a medan hann ma finnast. Kalled a hann a medan hann er nœalægur. Sa hinn Ogudlege lœte af sijnum Vege, og Jllvirkinn af sinne Hugsan, og snue sier til DROTTins, þa mun hann miskuna honum, og til GUds vors, þviad j hiœ honum er mikel Fyrergefning.

Texte sem Pistill œa Jons Messu Esa. 49.

Heyred mier þier Eyarnar, og þier Folked sem j Fiarska erud hygged ad; DROTTinn hefur mig kallad j fra Modur Lijfe, hann hefur minnst mijns Nafns, þa ed eg var en j Modurlijfe; og hann hefur minn Munn giort sem eitt hvasst Sverd, med Skugganum sinnar Handar hefur hann huled mig. Hann hefur giort mig ad hreinne Pijlu, og lœted mig j sitt Pijlna Koffyr. Og seiger

til

til mijn: Þu ert minn Þion Jsrael, fyrer hvern ad eg vil prijsadur verda. En eg hugsade, eg erfidade forgiefens, og fyrerkiæme mijnum Stirkleika fyrer Ecke, og til Onytis, þo ad mitt Mœlefne sie DROTTins, og nitt Embætte mijns GUDs. Og nu seger DRottinn, sa ed mig j fra Modurlijfe hefur tilbued, til sijns Þions, þad eg skule snua Jacob til hans, so þad Jsrael verde ecke j burt tekinn. Þar fyrer em eg vegsamlegur fyrer DRottne, og minn GUD er minn Stirkleike, og seger: þad er lijted ad þu ert minn Þion, til ad uppretta þær Kinkvijslernar Jacobs, og þad hid bijvarada af Jsrael aptur ad hafa, helldur hefe eg og so giort þig til Ljossins Heidingianna, so ad þu fiert mitt Hiœlpræde allt til Veralldarennar Endemarka.

Texte sem Pistill a Mariu Vitiunar-Dag, Esa. 11.

Þar mun Einn Vondur uppreenna af Kine Jesse, og Einn Kvistur af hans Root mun aavsgst fœra, yfer hverium þad hvijla mun Ande DROTTins, Ande Vitskunnar og Skilningsins, Ande Roadsins og Stirkleiksins, Ande Þeckingareunar og Otta DROttins. Og hans Jlmur mun verda j

Otta DRottins, hann mun ecke dæma epter
þvi sem hans Augu sioa, og ecke straffa epter
þvi sem hans Eyru heyra til. Helldur mun
hann med Rettviisse dæma hina Fatæku, og
medur Dome hirta þa Aumu j Landenu. Og
hann mun sloa Jordena med Vende siins
Munns, og med Anda sinna Vara jhelsloa
hina Ogudlegu. Rettlæted mun vera Bellte
hans Lenda, og Truann Lindem hans
Nijrna.

Regi=

Registur

yfer

Pa Pistla, Texta, og Gudspioll, sem Aarlega lesast og utleggiast aa Sunnudogum og odrum Helgum Dogum i Gilds Kirkiu og Sofnudum, aa Islande, epter heirre Messu-Saungs-Bok sem par hefur vered preutud Anno 1742.

I. Sunnudag i Adventu.

Pistill. Rom. 13, v. 11-14. Pag. 666
Gudspialled Matth. 21, v. 1-9. 87

II. Sunnud. i Adv.

Pistill. Rom. 15, v. 4-13. 671
Guds. Luc. 21, v. 25-33. 331

III. Sunnud. i Adv.

Pistill. 1 Cor. 4, v. 1-5. 692
Gudsp. Matth 11, v. 2-10. 42

IV. Sunnud. i Adv.

Pistill. Phil. 4, v. 4-7. 834
Gudsp. Joh. 1, v. 19-28. 354

I. Hatijdes Dag Jola.

Pistill. Hebræ: 1, v. 1-12. 959
Gudspiall. Luc. 2, v. 1-14. 225

II. Jola Dag.

Pistill. Giorn. B. Post. 6, v. 8. ꝛc. og 7. Cap. v. 54. ꝛc. 484
Gudspiall. Matth. 23, v. 34-39. 103

III. Jola Dag.

Texte sem Pistill. Syrac. 15, v. 1-6. 1081
Gudsp. Joh. 21, v. 19-24. 455

Sunnud. mille Jola Dags og Atta.

Pistill. Gal. 4, v. 1-7. 792
Gudspiall. Luc. 2, v. 33-40. 229

á Nya-ars Dag.

Pistill. Gal. 3, v. 23-29. 791
Gudspiall. Luc. 2, v. 21. 227

Sunnud. mille Atta-Dags og Prettanda.

Pistillenn Tit. 3, v. 4-8. 905
Gudspiall. Matth. 2, v. 16-18. 6

Prettanda Dag Jola.

Pistill. Es. 60, v. 1-6. 1081
Gudspiall. Matth. 2, 1-12. 4

I. Sunnud. ept. Prettanda.

Pistill. Rom. 12, v. 1-5. 661
Gudspiall. Luc. 2, v. 42-52. 230

II. Sunnud. ept. Prettanda.

Pistill. Rom. 12, v. 6-16. 662
Gudspiall. Joh. 2, v. 1-11. 350

III. Sun-

III. Sunnud. ept. Prettanda.
Pistill. Rom. 12, v. 16-21. 664
Gudspiall. Matth. 8, v. 1-13. 27

IV. Sunnud. ept. Prettanda.
Pistill. Rom. 13, v. 8-10. 666
Gudspiall. Matth. 8, v. 23-27. 30

V. Sunnud. ept. Prettanda.
Pistill. Col. 3, v. 12-17. 846
Gudspiall. Matth. 13, v. 24-30. 54

VI. Sunnud. ept. Prettanda.
Pistill. 1 Tim. 1, v. 15-17. 874
Gudspiall. Matth. 11, v. 25-30. 45

a Kyndelmessu.
Pistill. Malachiæ 3, v. 1-4. 1082
Gudspiall. Luc. 2, v. 22-32. 227

I. Sunnud. i Nyuvikna Fostu.
Pistill. 1 Cor. 9 og 10, v. 24-4. 711
Gudspiall. Matth. 20, v. 1-16. 83

II. Sunnud. i Nyuvikna Fostu.
Pistill. 2 Cor. 12, v. 2-9. 774
Gudspiall. Luc. 8, v. 4-15. 259

Sunnudagenn i Fostu Inngang.
Pistill. 1 Cor. 13, v. 1-13. 724
Gudspiall. Matth. 3, v. 13-17. 9

I. Sunnud. i Fostu.
Pistill. 2 Cor. 6, v. 1-10. 757
Gudspiall. Matth. 4, v. 1-11. 10

II. Sunnud. i Fostu.
Pistill. 1 Thessal. 4, v. 1-7. Pag. 857
Gudspiall. Matth. 15, v. 21-28. 65.

III. Sunnud. i Fostu.
Pistill. Eph. 5, v, 1-9. 815
Gudspiall. Luc. 11, v. 14-28. 279

Mid-Fostu Sunnudag.
Pistill. Gal. 4, v. 21-31. 794
Gudspiall. Joh. 6, v. 1-15. 377

Sunnud. ept. Mid-Fostu.
Pistill. Hebræ 9, v. 11-15. 980
Gudspiall. Joh. 8, v. 46-59. 396

a Bodunar-Dag Mariu.
Texte sem Pistill. Es. 7, v. 10-16. 1083
Gudspiall. Luc. 1, v. 26-38. 219

a Palma Sunnudag.
Pistill. Phil. 2, v. 5-11. 827
Gudspialled sem 1. Sunnud. i Advent. 87

a Skijrdag.
Pistill. 1 Cor. 11, v. 23-29. 718
Gudspiall. Luc. 22, v. 14-20. 334

a Langa Frida Dag;
Pijningar Historiann.

a Paaskadagenn.
Pistill. 1 Cor. 5, v. 7-8. 696
Gudspiall. Marc. 16, v. 1-7. 213

Annann Dag Paaska.
Pistill. Giorn. B. Post. 10, v. 34-43. 508
Gudspiall. Luc. 24, v. 13-35. 348

Pri-

Pridia Dag Paaska.

Pistill. Giorn. Bok Post. 13, v. 26 - 33. 521
Gudspiall. Luc. 24, v. 36 - 48. 350

I. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. 1 Joh. 5, v. 4 - 9. 952
Gudspiall. Joh. 20, v. 19 - 31. 450

II. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. 1 Peturs 2, v. 21 - 25. 919
Gudspiall. Joh. 10, v. 11 - 16. 403

III. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. 1 Pet. 2, v. 11 - 20. 919
Gudspiall. Joh. 16, v. 16 - 23. 432

aa þann Almennelega Bæna-Dag.

Texte sem Pistill. Esa. 55, v. 6. 7. 1084
Gudspialls Texte Matth. 3, v. 8 - 10. 8

IV. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. Jac. 1, v. 16 - 21. 1003
Gudspiall. Joh. 16, v. 5 - 15. 431

V. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. Jac. 1, v. 22 - 27. 1004
Gudspiall. Joh. 16, v. 23 - 30. 433

aa Uppstigningardag.

Texte sem Pistill. Giornb. Post. 1, v. 1 - 11. 460
Gudspiall. Marc. 16, v. 14 - 20. 215

VI. Sunnudag epter Paaska.

Pistill. 1 Pet. 4, v. 7 - 11. 924
Gudspiall. Joh. 15 og 16 Cap. v. 26 - 4. 430

A Hvitasunnudag.

Texte sem Pistill. Giorn. B. Post. 2, v. 1 - 11. 464
Gudspiall. Joh. 14, v. 23 - 31. 425

An-

Annann Dag Hvijta Sunnu.
Texte sem Pist. Gb. Post. 10, v. 42-48. 508
Gudspiall. Joh. 3, v. 16-21. 363

Pridia Dag Hvijta Sunnu.
Texte sem Pist. Gb. Post. 8, v. 14-17. 495
Gudspiall. Joh. 10, v. 1-10. 402

Aa Heilagrar Prenningar Haatijd.
Pistill. Rom. 11, v. 33-36. 661
Gudspiall. Joh. 3, v. 1-15. 361

I. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Joh. 4, v. 7-21. 950
Gudspiall. Luc. 16, v. 19-31. 307

II. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Joh. 3, v. 13-18. 948
Gudspiall. Luc. 14, v. 16-24. 298

III. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Pet. 5, v. 6-11. 927
Gudspiall. Luc. 15, v. 1-10. 300

IV. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Rom. 8, v. 18-23. 646
Gudspiall. Luc. 6, v. 36-42. 250

Aa Jons Messu.
Pistill. Esa. 49, v. 1-6. 1084
Gudspiall. Luc. 1, v. 57-79. 222

Aa Mariu Vitiunar Dag.
Texte sem Pistill. Esa. 11, v. 1-5. 1085
Gudspiall. Luc. 1, v. 39-56. 221

V. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill: 1 Pet. 3, v. 8-15. 921
Gudspiall. Luc. 5, v. 1-11. 241

VI. Sun-

VI. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Rom. 6, v. 1 - 12. 636
Gudspiall. Matth. 5, v. 20 - 26. 15

VII. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Rom. 6, v. 19 - 23. 639
Gudspiall. Marc. 8, v. 1 - 9. 168

VIII. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Rom. 8, v. 12 - 17. 645
Gudspiall. Matth. 7, v. 15 - 23. 25

IX. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Cor. 10, v. 6 - 13. 712
Gudspiall. Luc. 16, v. 1 - 9. 304

X. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Cor. 12, v. 1 - 11. 720
Gudspiall. Luc. 19, v. 41 - 48. 322

XI. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 1 Cor. 15, v. 1 - 10. 731
Gudspiall. Luc. 18, v. 9 - 14. 314

XII. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. 2 Cor. 3, v. 4 - 9. 748
Gudspiall. Marc. 7, v. 31 - 37. 167

XIII. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Gal. 3, v. 15 - 22. 789
Gudspiall. Luc. 10, v. 23 - 37. 275

XIV. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Gal. 5, v. 16 - 24. 797
Gudspiall. Luc. 17, v. 11 - 19. 310

XV. Sunnudag epter Trinitatis.
Pistill. Gal. 6, v. 1 - 10. 798
Gudspiall. Matth. 6, v. 24 - 34. 22

XVI. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Eph. 3, v. 13-21. 809
Gudspiall. Luc. 7, v. 11-17. 253

XVII. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Eph. 4, v. 1-6. 811
Gudspiall. Luc. 14, v. 1-11. 296

Á Michaelis Messu.

Texte sem Pistill. Opinber. B. S. Joh. 12, v. 7-12. 1050
Gudspiall. Matth. 18, v. 1-10. 75

XVIII. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. 1 Cor. 1, v. 4-9. 683
Gudspiall. Matth. 22, v. 34-46. 97

XIX. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Ephes. 4, v. 22-28. 814
Gudspiall. Matth. 9, v. 1-8. 3[illegible]

XX. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Eph. 5, v. 15-21. 816
Gudspiall. Matth. 22, v. 1-14. 94

XXI. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Eph. 6, v. 10-17. 820
Gudspiall. Joh. 4, v. 46-53. 370

XXII. Sunnudag epter Trinitatis.

Pistill. Philipp. 1, v. 3-11. 824
Gudspiall. Matth. 18, v. 23-25. 77

Á Allra Heilagra Messu.

Texte sem Pistill. Opinber. B. S. Joh. 7, v. 1-12. 1036
Gudspiall. Matth. 5, v. 1-12. 13

XXIII. Sunnud. ept. Trinit.
Pistill. Phil. 3, v. 17. cg 4, v. 3. 833
Gudspiall. Matth. 22, v. 15-22. 95
XXIV. Sunnud. ept. Trinit.
Pistill. Coloss. 1, v. 9-14. 838
Gudspiall. Matth. 9, v. 18-26. 34
XXV. Sunnud. ept. Trinit.
Pistill. 1 Thess. 4, v. 13-18. 859
Gudspiall. Matth. 24, v. 15-28. 105
XXVI. Sunnud. ept. Trinit.
Pistill. 2 Pet. 3, v. 3-15. 937
Gudspiall. Matth. 25, v. 31-45. 113
XXVII. Sunnud. ept. Trinit.
Pistill. 2 Pet. 1, v. 12-18. 931
Gudspiall. Matth. 17, v. 1-9. 71

Errata

sem leidrettest i Jsl: Bibliunne, ed: Hafn. i 4to. ir: i Nya Testamentenu, ibid: 12mo.

Esai. c. 6. v. 2. epter Ord: Vænge, insét: med tveimur huldu þeir sijn Andlit, og &c. c. 8. v. 4. les: vered ei.

Matth: c. 5. v. 21. þeirra l. hinna: 45. ept. Ord. rigna, insét: yfer Riettlæta, og &c. c. 6, 31. munu l. munum. c. 7, 6. l. Helgedomenu. ib. v. 9. þeim l. hvuum. c. 9, 13. l. hefe Eg. v. 27. l. æþu Sunur &c. c. 15. i Inne halde Cap. l. sialfer. v. 36. l. Fiskana. it. Læresveinunum. c. 18, 21. l. þeim. c. 21, 24. l. eg vil og so spyria &c. c. 26, 51. l. og slo &c.

Marc. 1, 21. l. þeir genau þa. c. 7, 15. l. það er það sem &c. c. 8, 2. það, l. þviad. c. 9, 6. l. eiu. c. 14, 54. l. þienurunum. c. 15. Innt. l. greftradur. v. 16. l. leiddu hann inni &c.

Luc:

Luc. 1, 71. l. og af Heude. c. 7, 44. l. Kvinnunnar. c. 11, 2. l. Hann sagde þa til. c. 13, 31. l. nockrer. c. 20, 39. l. Skriftlærdu. c. 22. Innt. l. af.
Johann. c. 8, 24. l. ad þier mundud deya. ib. v. 55. þad eg. l. þad eg. c. 9, 19. l. spurdu. c. 13, 25. l. og hann sagde ꝛc. c. 14, 31. l. Fadereun hefur ꝛc. c. 20, 17. nota (b) l. skrifar 28. ad ꝛc.
Giørn. B. Post. c. 2, 25. hrædest, l. hrærest ꝛc. c. 11, 11. þeir l. þrijr. c. 13, 36. utslett: so. c. 17, 17. l. og a Torge. c. 20, 6. l. Troade. ib. v. 9. l. Vindauganu. v. 32. l. og ydur arfteku ꝛc.
Rom. c. 8, v. 17. epter Ord: Erfingiar, innset: þad er Guds Erfingiar.
1 Cor. 5, 3. l. fraverande. c. 8, 4. l. þar sie. c. 9, 4. l. til. c. 11, 15. l. hafe. c. 14, 5. allar, l. aller. c. 15, 52. l. skyndelega.
2 Cor. 12, 14. l. Foreldrarner.
Ephes. 4, 25. hvors, l. hvor. c. 5, 23. l. kvinnunnar.
Philipp. c. 1. v. 1. ept. Ord: Kiærleiks: inset: sie þar Sameign Andans.
2 Thess. c. 2, 13. utvaled ydur.
1 Timoth. c. 1. v. 3. blyfer l. blifer. c. 5, 17. l. þeir sem erfida.
1 Petr. c. 4, 11. l. tale hann þad.
2 Pet. Formal. p 929. seinast; l. mune.
Ebr. c. 2, 15. l. Hluttakare. c. 12, 18. *l. 2 B. Mos.
Jacob. c. 2, 4. l. greinarmun.
Opinb. Joh. c. 8, 11. l. og marger Menn ꝛc. c. 11, 11. l. eirn. c. 14, 1. l. hundrad. c. 18, 2. les. tvisvar: Hun er fallenn. c. 22, 11. l. ohreinne. Pag. 1082. lin. 12. l. fæda. p. 1084. lin. 9. er af tvisvar.
I Formæla N. T. vrdæda l. ordræda.

Þetta, og fleyra sem vid þarf, leidrette Lesarans Christelegur Kiærleike!